Alþingi 1936.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1936, laugardaginn 15. febrúar, var fimmtugasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta og níunda aðalþing í röðinni, en sextugasta og fimmta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Garðar Þorsteinsson í Hafnarfirði steig í stólinn og lagði út af 1. Kor. 16, 13—14.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
6. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
7. Eiríkur Einarsson, 11. landsk. (vara)þm.
8. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
10. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
11. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
12. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
13. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
14. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm.
15. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
16. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
17. Hermann Jónasson, þm. Str.
18. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
19. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
20. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
21. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
22. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
23. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
24. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
25. Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm.
26. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm.
27. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
28. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
29. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
31. Magnús Torfason, 2. landsk. þm.
32. Ólafur Thors, þm. G.-K.
33. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
34. Pétur Halldórsson, 5. þm. Reykv.
35. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.
36. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
37. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf.
38. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm.
39. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
40. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
41. Stefán Jóhann Stefánsson, 1. landsk. þm.
42. Thor Thors, þm. Snæf.
43. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
44. Þorsteinn Briem, 10. landsk. þm.
45. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings:

1. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm.
2. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
3. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
4. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febr. 1936, dags. 25. jan. (Sjá Stjtíð. 1936, A. bls. 119).

Að því búnu las forsætisráðherra upp konungsboðskap sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðh. yfir því, að Alþ. væri sett, og mælti síðan: **„Minnumst ættjarðarinnar og konungsins!“**

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi þessu næst elzta þingmanninn, Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf., til að stýra fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Aldursforseti (SigfJ): Jafnframt því, sem ég býð alþingismenn velkomna til starfa á þessu nýsetta Alþingi, óska ég og vona, að þingstörfin gangi vel og greiðlega og verði til heilla og hagsbóta fyrir land og lýð.

Minning látinna manna.

Áður en tekið verður til starfa, vil ég minnast fáum orðum tveggja nýlátinna fyrrv. alþingismanna, þeirra Sigurðar Gunnarssonar præp. hon. og Sigurðar Hjörleifssonar Kvarans fyrrv. héraðslæknis.

Sigurður Gunnarsson fæddist á Desjarmýri 25. maí 1848, og voru foreldrar hans Gunnar Gunnarsson, síðar bóndi á Brekku, og Guðrún Hallgrímsdóttir, bónda á Sandfelli í Skriðdal Ásmundssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1870, lauk guðfræðiprófi í prestaskólanum 1873 og stundaði eftir það kennslustörf, fyrst í Reykjavík, en síðar á Ísafirði, til 1878, er hann fékk veitingu fyrir Ási í Fellum. Eftir 5 ára prestsþjónustu þar var honum veitt Valþjófsstaðarprestakall, er hann þjónaði til 1894, en þá var hann kjörinn prestur að Helgafelli. Þjónaði hann því prestakalli til 1916, er hann fékk lausn frá embætti sakir raddbilunar. Fluttist hann þá til Reykjavíkur og dvaldist þar til æfiloka. — Prófastur Norður-Múlaprófastsdæmis var hann 1890—1894 og Snæfellsnesprófastsdæmis 1895—1916.

Hann var 1. þm. Sunnmýlinga 1891—1899, en þingmaður Snæfellinga 1909—1911 og 1914—1915.

Hann andaðist að heimili sínu 7. janúar síðastl.

Séra Sigurður Gunnarsson var hið mesta glæsimenni ásýndum og hélt sér vel uppi, hinn prúðasti í framgöngu, iturvaxinn og hinn snarlegasti, svo að frá bar, lipurmenni mikið, lagði jafnan gott til mála, enda göfugmenni í hvívetna. Var hann manna vinsælastur á þingi, og kom vel fram sínum málum, er jafnan horfðu frelsi lands og þjóðar til vaxtar og viðgangs.

Sigurður H. Kvaran fæddist 13. júní 1862 í Blöndudalshólum, sonur séra Hjörleifs Einarssonar, síðast prests á Undirfelli í Vatnsdal, og fyrri konu hans, Guðlaugar Eyjólfsdóttur, bónda á Gíslastöðum Jónssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1883 og lauk embættisprófi við háskólann í Kaupmannahöfn 1893. Sama ár var hann settur aukalæknir í Höfðahverfishéraði og skipaður læknir þar 1900. 1904 sótti hann um og fékk lausn frá embætti g gerðist skömmu síðar ritstjóri blaðsins Norðurlands á Akureyri. Gegndi hann því starfi til 1912 og stundaði jafnframt lækningar. Meðritstjóri Ísafoldar var hann 1912—1913, en þá var hann settur héraðslæknir á Eskifirði, og skipaður þar 1914. 1928 var honum veitt lausn frá embætti, og fluttist hann þá til Reykjavíkur.

Hann var þingmaður Akureyringa 1909—1911 og 2. þm. Sunnmýlinga 1920—1923.

Í milliþinganefnd um fjármál landsins var hann kosinn á Alþingi 1911.

Hann andaðist af hjartaslagi 2. þ. m.

Sigurður H. Kvaran var fastur maður í skoðunum og vintraustur, jafnan hinn áhugasamasti um stjórnmál, þótti vel liðgengur á þingi og að mörgu nýtur þingmaður, þótt aldrei væri hann í fylkingarbrjósti. En framarlega stóð hann í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, og munu þeir enn margir, sem ljúft er þess að minnast.

Að svo mæltu bið ég hv. þingmenn að heiðra minningu þessara mætu manna með því að rísa úr sætum sínum.

(Allir þm. stóðu upp.)

Kosning forseta.

Aldursforseti kvaddi sér nú til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv., og Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm., og lét síðan ganga til kosningar á forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.,

með 25 atkv. — Magnús Guðmundsson fékk 18 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrra varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.,

með 23 atkv. — Magnús Jónsson fékk 1 atkv., en 21 seðill voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta sameinaðs þings, og hlaut kosningu

Emil Jónsson, þm. Hafnf.,

með 23 atkv. — Þorbergur Þorleifsson fékk 2 atkv., en 20 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Bárust forseta tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á öðrum listanum, er forseti merkti A, var BB, en á hinum, merktum B, var JAJ. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Forseti skýrði nú frá því, að sér hefði borizt bréf frá Gunnari Thoroddsen, 11. landsk. þm., þar sem hann tilkynnti, að hann myndi ekki koma til þings a. m. k. fyrst um sinn, og óskaði eftir, að varamaður tæki sæti sitt.

Kjörbréfanefnd.

Loks var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Voru á A-lista BJ, StJSt, EÁrna, en á B-lista PM, GSv. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:

Bergur Jónsson,
Pétur Magnússon,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Gísli Sveinsson,
Einar Árnason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 17. febr., var tekin til meðferðar

kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Við kosningu fjvn. komu fram 2 listar, A og B. — Á A-lista voru BB, JG, ÞorbÞ, SE, BSt, og á B-lista PO, JS, ÞÞ, JakM. — Þar sem ekki voru fleiri nöfn samtals á listunum en kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr:

Bjarni Bjarnason,
Pétur Ottesen,
Jónas Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,
Þorbergur Þorleifsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður Einarsson,
Bernharð Stefánsson,
Jakob Möller.

2. Utanríkismálanefnd.

Forseti (BÁ): Ég skal geta þess, að mér hafa borizt tilmæli um það frá hæstv. atvmrh., að fresta kosningu í utanríkismálanefnd, og verður það gert.

Á 3. fundi í Sþ., 19. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Hannes Jónsson: Ég vil f. h. Bændafl. óska eftir því, að fjölgað verði í n., svo að við getum fengið tækifæri til þess að koma einum manni að. Alþ. hefir einu sinni orðið við þessari ósk okkar, og ég vænti þess, að svo verði enn að þessu sinni. Ég vonast eftir því, að hæstv. forseti vilji taka þetta til athugunar.

Forseti (JBald): Það er náttúrlega á valdi þingsins að gera þá breyt. frá þingsköpum að kjósa fleiri menn í þessa n. en til er tekið. En ég geri ráð fyrir, að til þess þurfi að leita til flokkanna. Hvort þeir eru viðbúnir að svara þessu strax, skal ég ekki um segja. Það hefir dregizt lengur en rétt er að kjósa þessa n., svo ég tel rétt að láta kosningu fara nú fram, en ég mundi verða við því að gefa fundarhlé, ef þess er óskað **(HannJ:** Ég óska eftir því). Ég mun þá verða við þeirri ósk og gefa fundarhlé í 15 mín.

Eftir stundarfjórðungs hlé var fundinum fram haldið.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vildi mælast til þess, að þessi kosning verði látin fara fram, þar sem það er nauðsynlegt vegna þingskapanna. En hinsvegar vildi ég óska eftir því, að það verði látið bíða að taka ákvörðun um, hvort Bændafl. verði ætlað pláss í þessari n. eða ekki. Það má vel framkvæma þessa nefndarkosningu nú samkv. þingsköpum og taka svo ákvörðun um það síðar, hvort Bændafl. skuli taka þátt í þessari n.

Þorsteinn Briem: Ég er dálítið hissa á því, að stjórnarfl. skuli ekki geta tekið ákvörðun um þetta nú þegar. Það skyldi víst ekki stafa af því, að svo yfirfullt sé í utanríkismálanefnd nú þegar, eða að þar hafi verið svo mikil þrengsli að undanförnu, að af þeim ástæðum sé ekki hægt að bæta við manni fyrr en eitthvað um hægði.

Ólafur Thors: Sjálfstæðisflokkurinn getur aðhyllzt, að Bændafl. fái fulltrúa í þessa n. Það verður að viðurkenna, að að því leyti sem tilgangurinn er, að utanríkismálanefnd vinni eins og hún til skamms tíma hefir gert, þá sé það eðlilegt og heppilegt, að allir flokkar eigi þar fulltrúa. Ég get því f. h. Sjálfstfl. lýst því yfir, að hann er reiðubúinn til þess að samþ. nú þegar fjölgun í n. í því skyni, að Bændafl. komi þar manni að.

Hannes Jónsson: Ber að skoða það svo, sem hæstv. forsrh. sagði, að það sé talað f. h. beggja stjórnarflokkanna? **(Forsrh.:** Aðeins f. h. Framsfl.). Þá óska ég eftir að heyra, hvað sósialistar leggja til þessa máls. Mér finnst það óviðfelldið, að n. sé ekki strax þegar í byrjun fullskipuð, og þetta er ekki svo stórt mál, að ekki sé hægt að ganga frá því án mikillar umhugsunar. Ég man það, að þegar slík ákvörðun sem þessi var tekin síðast, þá tók það ekki langan tíma.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég get fallizt á það, að eftir atvikum sé rétt að kjósa hina löglegu tölu í n. og taka síðan fljótlega til athugunar tilmæli Bændafl. um fjölgun í n.

Forseti (JBald): Mér hafa borizt 2 listar, sem ég merki A og B. — Á A-lista eru þessi nöfn: BÁ, HV, JJ, StJSt, en á B-lista ÓTh, PM, MJ.

Þar sem ekki er stungið upp á fleirum en kjósa á í n., lýsi ég yfir því, að rétt eru kjörnir í utanríkismálanefnd þessir alþm.:

Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson,
Pétur Magnússon,
Jónas Jónsson,
Magnús Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi, nema 1. þm. N.-M. (PHerm), sem var ókominn til þings:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm.
4. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
5. Hermann Jónasson, þm. Str.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
8. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
9. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
10. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
11. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
12. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
13. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.
14. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
15. Þorsteinn Briem, 10. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þm. deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og nefndi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., og Jón Auðunn Jónsson þm. N.-Ísf.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 8 atkv. — Pétur Magnússon fékk 5 atkv., en tveir seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv

með 8 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn 2. varaforseti

Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.,

með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram 2 listar með einu nafni á hvorum. Á A-lista var PHerm en á B-lista JAJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Sætaskipun.

Þessu næst skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom till. um að láta sætaskipun haldast eins og hún var á síðasta þingi. Afbrigði um þá till. og till. sjálf samþ. með 11 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 17. febr., fór fram kosning í fastanefndir, samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru JBald og BSt, en á B-lista MJ. — Samkv. því voru kosnir án atkvgr.:

Jón Baldvinsson,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Tveir listar komu fram. Á A-lista voru SÁÓ og JJ, en á B-lista JAJ. Kosnir voru því án atkvgr.:

Sigurjón Á. Ólafsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Jónas Jónsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Þorsteinn Briem: Það eru fordæmi fyrir því á undanförnum þingum, að veitt hafa verið afbrigði frá þingsköpum um að fjölga mönnum í tveimur nefndum; var það fyrst gert í landbn. og síðar í allshn. Þetta var gert með það fyrir augum, að 4. flokkur þingsins gæti átt kost á að hafa fulltrúa í þessum nefndum. Ég leyfi mér því að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða frá þingsköpum, á sama hátt og áður hefir átt sér stað, um að kosnir verði 5 menn í landbn. og 5 í allshn., með þetta fyrir augum, að 4. fl. þingsins fái að koma manni í þær nefndir. Ég vil ennfremur skjóta þeim tilmælum mínum til hv. stjórnarfl. hér í þd., að þeir samþ. þetta fyrir sitt leyti, að því tilskildu, að þeir hafi, eftir sem áður, meiri hl. í þessum nefndum. Jafnframt vil ég skjóta því til Sjálfstfl., hvort hann er ekki fáanlegur til að fjölga ekki mönnum frá sér í þessum nefndum, þó að afbrigðin verði leyfð.

Jónas Jónsson: Ég sé enga eðlilega ástæðu til þess að fjölgað verði mönnum í þessum nefnd-

um. Mér vitanlega liggja ekki fyrir nein stórmál, sem gera það nauðsynlegt nú, eins og stundum áður. Mér finnst, að þessi tilmæli hv. 10. landsk. snerti aðallega vini hans í Sjálfstfl., þar sem hann ætlast til, að þeir rými sæti fyrir sér í þessum nefndum, enda er svo náin samvinna á milli þeirra, að þeir geta komið sér saman um skipun í nefndir án þess að fjölgað verði í þeim. Það er gleðilegt, ef það getur tekizt, eins og áður hefir átt sér stað, en hitt er óeðlilegt, að hv. 10. landsk. taki sæti í nefndum með öðrum hætti, samkv. undanþágu frá þingsköpum.

Þorsteinn Briem: Ég tók það greinilega fram áðan, að ég færi ekki fram á það við neinn að rýma sæti úr nefnd fyrir mér og mínum flokki. En þrátt fyrir þau andmæli, sem fram hafa komið frá öðrum stjórnarflokknum gegn till. minni, vil ég endurtaka þau tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann taki till. mína til greina og leiti afbrigða frá þingsköpunum.

Magnús Guðmundsson: Ég geri ekki ráð fyrir, að Sjálfstfl. hafi neitt við það að athuga, þó að fjölgað verði mönnum í þeim tveimur nefndum, sem talað hefir verið um, samkv. ósk hv. 10. landsk. En hitt kemur vitanlega ekki til mála, að Sjálfstfl. rými úr sínum sætum í þessum nefndum, enda hefir ekki verið farið fram á það. Hv. þm. S.-Þ. skýrði ekki rétt frá því. (**JJ:** Það hefði þó átt að vera svo).

Forseti (EÁrna): Það hefir komið fram till. um, að landbn. verði skipuð 5 mönnum, og vil ég verða við ósk hv. flm. um að bera þá till. upp. Það mun vera heimilt að fjölga í n., ef það er samþ. með einföldum meiri hl. í þd., eða svo skil ég fyrirmæli þingskapanna, þar sem tekið er fram, að í nefndum megi þó ekki vera fleiri en 5 menn.

ATKVGR.

Till. um að kjósa 5 menn í landbn. felld með 7:6 atkv.

Forseta bárust 2 listar. Voru á A-lista PHerm og JBald, en á B-lista PM. — Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum í nefndina, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Páll Hermannsson,
Pétur Magnússon,
Jón Baldvinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru IngP og SÁÓ, en á B-lista JAJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingvar Pálmason,
Jón Auðunn Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru IngP og JJ, en á B-lista GL. — Samkv. því hlutu kosningu án atkvgr.:

Ingvar Pálmason,
Guðrún Lárusdóttir,
Jónas Jónsson.

6. Menntamálanefnd.

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru JJ og PHerm, en á B-lista GL. — Samkv. því hlutu kosningu án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Páll Hermannsson.

7. Allsherjarnefnd.

Fram kom till. frá 10. landsk. þm. um, að kosnir skyldu 5 menn í nefndina í stað 3. Var sú till. samþ. með 9 shlj. atkv. Við kosningu í nefndina komu fram 3 listar. Á A-lista voru SÁÓ, IngP og PHerm, á B-lista MG og á C-lista ÞBr. — Lýsti forseti yfir, að samkv. því væru kosnir án atkvgr.:

Sigurjón Á. Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Ingvar Pálmason,
Páll Hermannsson,
Þorsteinn Briem.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Eiríkur Einarsson 11. landsk. (vara)þm.
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
7. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
8. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
9. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
10. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þing.
11. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
12. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
13. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
14. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
15. Jak. Möller, 3. þm. Reykv.
16. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
17. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
18. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
19. Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm.
20. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Magnús Torfason, 2. landsk. þm.
23. Ólafur Thors, þm. G.-K.
24. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
25. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm.
26. Pétur Halldórsson, 5. þm. Reykv.
27. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
28. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf.
29. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm.
30. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
31. Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm.
32. Thor Thors, þm. Snæf.
33. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema þm. V.-Sk. (GSv), þm. Vestm. (JJós) og 3. landsk. þm. (PÞ), er allir voru ókomnir til þings. Fjármálaráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., og Eirík Einarsson, 11. landsk. (vara)þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,
með 16 atkv. — Gísli Sveinsson fékk 1 atkv., Pétur Ottesen 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm.,
með 16 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.,
með 16 atkv. — SS fékk 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var JG, en á B-lista EE. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm. og
Eiríkur Einarsson, 11. landsk. (vara)þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Bjarni Ásgeirsson,
7. — — Sigurður Kristjánsson,
8. — — Finnur Jónsson,
9. — — Thor Thors,
10. — — Magnús Torfason,
11. — — Þorbergur Þorleifsson,
12. — — Bergur Jónsson,
13. — — Pétur Halldórsson,
14. — — Jón Ólafsson,
15. — — Garðar Þorsteinsson,
16. — — Hannes Jónsson,
17. — — Stefán Jóh. Stefánsson,
18. — — Guðbrandur Ísberg,
19. — — Emil Jónsson,
20. — — Jón Pálmason,
21. — — Ásgeir Ásgeirsson,
22. — — Sigurður Einarsson,
23. — — Jakob Möller,
24. — — Jón Sigurðsson,
25. — — Jóhann Jósefsson,
26. — — Bjarni Bjarnason,
27. — — Pétur Ottesen,
28. — — Héðinn Valdimarsson,
29. — — Gísli Guðmundsson,
30. — — Ólafur Thors,
31. — — Sigfús Jónsson,

32. sæti hlaut Gísli Sveinsson,
33. — — Páll Þorbjörnsson.
Sæti í innri skeifu hlaut Páll Zóphóníasson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 17. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar komu fram tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd:

Af A-lista: Sigfús Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
— B-lista: Ólafur Thors,
Guðbrandur Ísberg.

2. Samgöngumálanefnd:

Af A-lista: Gísli Guðmundsson,
Finnur Jónsson,
Þorbergur Þorleifsson,
— B-lista: Gísli Sveinsson,
Jón Ólafsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Af A-lista: Páll Zóphóníasson,
Emil Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Af B-lista: Jón Pálmason,
Pétur Ottesen.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Af A-lista: Finnur Jónsson,
Gísli Guðmundsson,
Páll Þorbjörnsson,
— B-lista: Jóhann Jósefsson,
Sigurður Kristjánsson.

5. Iðnaðarnefnd.

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Emil Jónsson,
Páll Zóphóníasson,
— B-lista: Guðbrandur Ísberg,
Sigurður Kristjánsson.

6. Menntamálanefnd.

Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður Einarsson,
Bjarni Bjarnason,
— B-lista: Pétur Halldórsson,
Eiríkur Einarsson.

7. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Héðinn Valdimarsson,
Bergur Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
— B-lista: Thor Thors,
Garðar Þorsteinsson.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1937.

Á 1. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1937 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og venja er til við 1. umr. fjárl., mun ég gefa yfirlit um afkomuna á árinu 1935, áður en ég vík að sjálfu frumv., er hér liggur fyrir.

Mun ég byrja með því að gefa yfirlit um rekstrarafkomu ríkissjóðs. Er það yfirlit, sem að undanförnu, háð þeim breyt., er verða kunna við endanlegt uppgjör reikninganna. Svo verulegar ættu þær breyt. þó ekki að verða, að heildarniðurstaðan raskist, svo að máli skipti. Þykir mér rétt að geta þess í því sambandi, að hin ábyggilegu bráðabirgðauppgjör síðari ára eru að þakka breyt. þeirri, er gerð var á bókhaldi og reikningsfyrirkomulagi ríkissjóðs árin 1930—1931. Hefir sú endurbót nú hlotið allra viðurkenningu — einnig þeirra, sem þá töldu hana fráleita og gerða í blekkingarskyni.

Eins og yfirlit þetta ber með sér, hefir hinn reikningslegi rekstrarafgangur á árinu 1935 orðið 505 þús. kr. rúmlega. En þess ber að gæta í því sambandi, að þá er með talið til útgjalda á rekstrarreikningi framlag til fiskimálasjóðs 235 þús. kr. En sá sjóður ber, sem kunnugt er, kostnað af ýmsum framkvæmdum í þágu sjávarútvegsins, svo sem tilraunum til nýrra fiskverkunaraðferða og öflunar nýrra fiskmarkaða.

Þótt ég hafi fært þetta tillag á rekstrarreikning, er hér um alveg óvenjulega greiðslu að ræða, sem að sumu leyti eru til eignir á móti í vörzlum fiskimálanefndar, þótt eigi liggi fyrir nú, að hve miklu leyti. Tel ég því eigi sanngjarnt, þegar rekstrarafkoman 1935 er borin saman við afkomuna önnur ár, að framlag þetta sé talið með hinum venjulegu útgjöldum. Hinn raunverulegi rekstrarafgangur ársins 1935, sambærilegur við önnur ár, er því 740 þús. kr. Til samanburðar við afkomuna á hinum kreppuárunum skal þess getið, að rekstrarhalli var:

1932	um kr.	1 541 000
1933	— —	62 300
1934	— —	1 420 000

og hefi ég þá á því ári dregið frá skuldir, er þá voru yfirteknar vegna mjólkurbúa og frystihúsa, enda voru þær sérstaks eðlis, og afkoma ársins 1934 eigi samanburðarhæf við önnur ár án þess frádráttar.

Á árinu, sem leið, hefir þannig tekizt að ná allverulegum rekstrarafgangi. Rekstrarniðurstaðan er fullum 2 millj. króna hagstæðari en árið á undan. Nú er það hinsvegar af núverandi ríkisstj. talið nauðsynlegt að keppa að því, að hægt sé að inna af hendi fastar afborganir af lánum ríkissjóðs og kostnað við þau mannvirki, sem ekki eru beint arðgæf, án þess að skuldir þurfi að myndast á móti. Til þess að slíkt geti orðið, þarf að ná fullum greiðslujöfnuði. Þess ber þó vel að gæta í þessu sambandi, að undir eins og rekstrarafgangi er náð, þá er um hagnað að ræða, sem gengur til greiðslu skulda og nýrra framkvæmda.

Eins og uppgjör það, er lesið hefir verið, ber með sér, er reikningslegur greiðsluhalli ársins 1935 talinn 391 þús. kr. Ef bera á þá niðurstöðu saman við greiðslujöfnuð undanfarinna ára, tel ég rétt að draga frá framlagið til fiskimálasjóðs, af þeim ástæðum, er þegar hafa verið greindar. Hinn raunverulegi greiðsluhalli ársins 1935 til samanburðar verður þá 155 þús. kr., en í fjárlögum var gert ráð fyrir greiðsluhalla, er næmi 99 þús. og 800 kr. Heildarniðurstaða rekstrarins 1935 er því svo að segja nákvæmlega hin sama og í fjárlögum var gert ráð fyrir, og á árinu 1935 hefir tekizt að lækka greiðsluhallann um rúmlega 2 millj. króna. eins og fyrirhugað var. Þess má og geta hér, að rúmlega 40 þús. kr. af þeim 155 þús., sem á vantar fullan greiðslujöfnuð, stafa af vega- og brúarlánum, sem unnið var fyrir á árinu 1935, en lofað var að vinna áður en núv. stj. tók við.

Við athugun, er ég hefi gert, hefi ég komizt að raun um, að þessi útkoma er hin hagstæðasta, er orðið hefir síðan árið 1929, en það ár var beinlínis afgangur af tekjum ríkissjóðs eftir að fastar afborganir lána höfðu verið inntar af höndum.

Þá kem ég að umframgreiðslum og samanburði á fjárlögunum fyrir 1935 og á niðurstöðum samkvæmt bráðabirgðauppgjöri því, er fyrir liggur.

Á sínum tíma var af hálfu stjórnarandstæðinga gert mikið veður af því, að fjárlögin fyrir árið 1935 væru hin hæstu, er fram hefðu verið borin á Alþingi. Í því sambandi benti ég á hvað eftir annað, að hin háu fjárlög stöfuðu að verulegu leyti af því, að nú væru ýmsir óbundnir liðir áætlaðir miklu hærri og sanni nær en áður hefði

tíðkazt. Hvað eftir annað benti ég háttv. stjórnarandstæðingum á að bíða og sjá, hvort landsreikningurinn fyrir árið 1935 yrði sá hæsti, er fram hefði komið. Yrði svo, þá ætti gagnrýni þeirra rétt á sér. Hitt var mér og ljóst, að þótt meir hefði verið vandað til áætlana fjárlaganna fyrir árið 1935 en áður, mætti ganga út frá því sem gefnu, að landsreikningurinn myndi fara nokkuð fram úr þeirri áætlun. Fjárlagafrv. fyrir árið 1935 var fyrsta tilraunin til þess að lækka þann óhæfilega mismun, sem orðið hefir á fjárlögum og landsreikningi og þá jafnframt að fá Alþingi til að gera sér sem vandlegast grein fyrir þeirri tekjuupphæð, sem afla þyrfti ríkissjóði. Svo sem bráðabirgðayfirlitið ber með sér, hafa greiðslur úr ríkissjóði, að frádregnum fyrningum og greiðslum til stuttbylgjustöðvarinnar, numið 16 millj. og 315 þús. kr. Þar af er tillag til fiskimálasjóðs kr. 235 þús. Heildargreiðslur, sem sambærilegar eru við greiðslur undanfarinna ára, ef uppgjöri fyrir þau er hagað á sama hátt og hér er gert, nema því um 16 millj. og 80 þús. kr. En fjárlögin gerðu ráð fyrir því, að alls yrðu greiddar 14 millj. og 47 þús. kr. Er því þessi hlið landsreikningsins um 2 millj. króna hærri en fjárlög.

Þegar þessar tölur eru bornar saman við heildargreiðslur samkv. fjárl. og landsreikningi undanfarin 10 ár, kemur í ljós, að aðeins einu sinni á þeim tíma hefir orðið minni mismunurinn á fjárlögum og landsreikningi en á árinu 1935. Það var árið 1927. Öll hin árin hefir mismunur upphæða á fjárlögum og landsreikningi verið meiri en 1935. En ef sýndur er með hlutfallstölum þessi mismunur undanfarinna 10 ára, sést, að umframgreiðslur á árinu 1935 eru hlutfallslega minni en nokkru sinni fyrr á þessu árabili. Til fróðleiks skal ég lesa hér hverju umframgreiðslurnar hafa numið hlutfallslega þessi ár:

Árið	1925	31,87%
—	1926	22,52—
—	1927	15,78—
—	1928	26,06—
—	1929	41,60—
—	1930	45 —
—	1931	32,74—
—	1932	19,28—
—	1933	24,08—
—	1934	45 —
—	1935	14,55—

Það skal tekið fram, að samanburð þennan hefi ég reynt að gera þannig á milli ára, að samræmi sé í, t. d. sleppt framlagi til arðgæfra fyrirtækja og öðrum liðum, sem ruglað gætu samanburðinn. Þessi samanburður sýnir, að þegar við þessa fyrstu tilraun mína hefir allverulega orðið ágengt.

Ég gat um það áðan, að háttv. stjórnarandstæðingar hefðu lagt mikla stund á að bera ríkisstjórninni á brýn, hve fjárlög hennar væru há. Er því fróðlegt að gera samanburð á landsreikningunum við aðra reikninga. Samkv. bráðabirgðayfirlitinu hafa greiðslur ríkissjóðs orðið rúmlega 1 millj. kr. lægri á árinu 1935 en árið 1934 Ef greiðslur samkv. yfirlitinu eru bornar saman við meðaltal greiðslna úr ríkissjóði síðustu 5 árin, og þó ekki miðað við þær greiðslur, sem óvanalegar mega teljast, t. d. ekki framlög til arðbærra fyrirtækja, til byggingar landsspítalans, Arnarhváls, landssímastöðvarinnar o. fl., kemur í ljós, að greiðslur síðustu 5 ára taldar þannig hafa orðið að meðaltali rúmlega 16 millj. kr. En greiðslur 1935 eru 16 millj. og 80 þús. kr. fyrir utan framlag til fiskimálasjóðs eða svo að segja nákvæmlega sama upphæð og meðalgreiðslur síðustu ára. Taka skal það fram, að á útkomu tveggja þessara ára, áranna 1933 og 1934, báru núv. háttv. stjórnarandstæðingar ábyrgðina ásamt Framsfl.

Með þessum samanburði ætla ég, að sé hnekkt til fulls þeirri staðhæfingu stjórnarandstæðinga, að með fjárlögunum fyrir árið 1935 væri stofnað til meiri fjárnotkunar úr ríkissjóði en dæmi væru til áður, og þá um leið sannað það, sem ég hefi haldið fram um þetta, að meginhluti fjárlagahækkunarinnar 1935 var vegna þess, að hærra voru áætlaðir óbundnir liðir fjárlaganna en áður. Ég skal þá taka það fram, að ég er ekki að þessum samanburði vegna þess, að ég álíti það einhverja goðgá, þótt greiðslur úr ríkissjóði hefðu orðið eitthvað hærri en áður, t. d. til styrktar atvinnuvegum þjóðarinnar, heldur til þess að sýna fram á, að háttv. stjórnarandstæðingar hafa haft rangt fyrir sér í fyrri umr. um fjárlögin 1935.

Ég hefi nú á það drepið, að útgjöldin og tekjurnar 1935 urðu nokkru hærri en fjárlög þess árs gerðu ráð fyrir. Mun ég nú gera grein fyrir þeim mismun, sem er á áætlun og greiðslum einstakra liða fjárlaganna fyrir árið 1935. Mun ég byrja á tekjunum.

Tekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum hafa orðið um 900 þús. kr. hærri en áætlað var. Þó hafa nokkrir liðir ekki staðizt áætlun. Má þar helzt til nefna tóbakstollinn, er varð 147 þús. kr. lægri en áætlað var, útflutningsgjald af íslenzkum afurðum, sem hefir reynzt um 100 þús. kr. lægra en áætlun, stimpilgjald af ávísunum og kvittunum, sem reyndist um 100 þús. kr. lægra en áætlað var. Loks hefir tekju- og eignarskattur og vitagjald hvort um sig reynzt um 50 þús. kr. lægra en búizt var við. Hér á móti, og ríflega það, kemur áfengistollurinn, sem reyndist um 620 þús. kr. hærri en gert var ráð fyrir. Voru tekjurnar af þessum tolli með vilja áætlaðar mjög varlega, ásamt hagnaði áfengisverzlunarinnar, og til þess ætlazt, að það, sem þessir liðir kynnu að fara fram úr áætlun, vægi upp á móti vanhöldum í tekjunum og þeim umframgreiðslum, sem vitanlegt er, að alltaf verða einhverjar. Þá hefir vörutollurinn farið fram úr áætlun um 390 þús. kr., verðtollurinn um kr. 221 þús. og kaffi- og sykurtollurinn kr. 250 þús. Hafa heildartekjurnar af tollum og sköttum því aukizt rúmlega um þá upphæð, sem þessir liðir hafa farið fram úr ætlun, því að áfengistollurinn hefir vegið á móti rýrnuninni, er orðið hefir á sumum tekjustofnunum, eins og lýst var.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana hafa farið fram úr áætlun um rúma 1 millj. króna, og er þess helzt að geta í því sambandi, að rekstrarhagnaður símans hefir orðið um 130 þús. kr. hærri en áætlað var og rekstrarhagnaður áfengisverzlunarinnar 850 þús. kr. hærri en áætlað

Yfirlit um rekstrarafkomu

	Tekjur:	Fjárlög	Innkomið	
2. gr.	Skattar og tollar:			
	Fasteignaskattur	370000.00	400000.00	
	Tekju- og eignarskattur	1950000.00	1950000.00	
	Lestagjald af skipum	50000.00	59220.00	
	Aukatekjur, alm.	620000.00	612228.00	
	Erfðafjárskattur	50000.00	79833.00	
	Vitagjald	470000.00	421836.00	
	Leyfisbréfagjöld	25000.00	23598.00	
	Stimpilgjald	500000.00	520416.00	
	Do. af ávísunum og kvitt.	150000.00	47238.00	
	Bifreiðaskattur	380000.00	390847.00	
	Útflutningsgjald	700000.00	601397.00	
	Áfengistollur	630000.00	1250886.00	
	Tóbakstollur	1380000.00	1232600.00	
	Kaffi- og sykurtollur	900000.00	1149192.00	
	Annað aðflutningsgjald	50000.00	91844.00	
	Vörutollur	1250000.00	1643937.00	
	Verðtollur	1130000.00	1351943.00	
	Gjald af innlendum tollvörum	420000.00	438571.00	
	Skemmtanaskattur	150000.00	123511.00	
	Veitingaskattur	100000.00	88967.00	
	Samtals	11275000.00	12428064.00	
	÷ Innheimtulaun og endurgr. 150000.00			
	Hækkun á eftirstöðvum 100000.00	.....	250000.00	12178064.00
3. gr. A.	Ríkisstofnanir:			
	Póstmál	60000.00	56500.00	
	Landssíminn	339000.00	475000.00	
	Áfengisverzlun	750000.00	1600000.00	
	Tóbakseinkasala	600000.00	606000.00	
	Ríkisútvarpið	60000.00	85000.00	
	Ríkisprentsmiðjan	60000.00	54000.00	
	Landssmiðjan	10000.00	36000.00	
	Raftækjaeinkasala	.....	19800.00	
	Ríkisbúin	14000.00	.....	
	Bifreiðaeinkasala	.....	4300.00	2936600.00
3. gr. B.	Tekjur af fasteignum	24650.00	.....	20000.00
4. gr.	Vextir	518940.00	.....	545000.00
5. gr.	Óvissar tekjur	50000.00	.....	90000.00
	Samtals	.....	.....	15769664.00

var. Önnur fyrirtæki hafa gefið svipaðar tekjur og gert var ráð fyrir.

Þá mun ég stuttlega gera grein fyrir helztu umframgreiðslum.

Kostnaður samkvæmt 9. gr., alþingiskostnaður, hefir farið um 76 þús. kr. fram úr áætlun. Stafar það mest af þingfrestuninni í fyrra.

11. gr., kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn, hefir farið 427 þús. kr. fram úr áætlun, og er það stærsta umframgreiðslan á árinu. Er þar aðallega um kostnað við landhelgisgæzluna að ræða; nemur sú umframgreiðsla um 220 þús. kr., og kemur af því, að varðskipin hafa verið látin starfa meira að eftirlitinu en gert var ráð fyrir, er áætlun var samin. Eins og kunnugt er, er nú verið að gera ráðstafanir til þess að draga verulega úr varðskipakostnaðinum, og koma þær ráðstafanir vonandi til framkvæmda á yfirstandandi ári. Má búast við, að unnt verði að framkvæma þennan sparnað, án tjóns fyrir landhelgisgæzluna. Þá hefir kostnaðurinn við toll- og löggæzlu farið fram úr áætlun um 70 þús. kr. Hefir tollkostnaðurinn í Reykjavík vaxið töluvert eftir að farið var að skoða allar póstsendingar. Þá hefir sakamálakostnaður, skrifstofukostnaður toll- og lögreglustjóra í Reykjavík farið fram úr áætlun.

Á 12. grein hefir kostnaðurinn við heilbrigðismál farið fram úr áætlun um kr. 149 þús. Er það rekstrarhalli sjúkrahúsanna, sem orðið hefir verulegum mun meiri en ráðgert var.

13. gr., kostnaður við vegamál, hefir farið 239 þús. kr. fram úr áætlun. Er það aðallega sökum þess, að eigi reyndist fært að halda þjóðvegun-

ríkissjóðs 1935.

	Gjöld:	Fjárveiting	Greitt
7. gr.	Vextir	1547576.00	1500685.00
8. gr.	Borðfé konungs	60000.00	60000.00
9. gr.	Alþingiskostnaður	250920.00	327595.00
10. gr. I.	Ráðuneytið og ríkisféh.	249766.00	314163.00
10. gr. II.	Hagstofan	55100.00	58950.00
10. gr. III.	Utanríkismál	103000.00	161607.00
11. gr. A.	Dómgæzla og löggæzla	1065760.00	1493391.00
11. gr. B.	Sameiginlegur kostnaður	231000.00	273638.00
12. gr.	Heilbrigðismál	721371.00	915582.00
13. gr. A.	Vegamál	1341402.00	1580537.00
13. gr. B.	Samgöngur á sjó	716000.00	658667.00
13. gr. C.	Vitamál og hafnargjöld	535700.00	592450.00
14. gr. A.	Kirkjumál	358420.00	360419.00
14. gr. B.	Kennslumál	1507477.00	1646447.00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista	209010.00	213058.00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja	2620675.00	2701360.00
17. gr.	Styrktarstarfsemi	1158200.00	1241590.00
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfé	268684.00	282188.00
19. gr.	Óviss útgjöld	100000.00	221167.00
		13109041.00	14603494.00
22. gr.	Heimildarlög	.....	4500.00
	Þingsályktanir	.....	164353.00
	Væntanleg fjáraukalög	.....	53846.60
	Sérstök lög	.....	437583.00
			15263776.00
	Tekjuafgangur	.....	505888.00
	Samtals]	.....	15769664.00

um nægilega vel við fyrir þá fjárhæð, er til þess var ætluð. Hefir vegaviðhaldið farið 127 þús. kr. fram úr áætlun. Lagningar nýrra vega hafa farið kr. 51 þús. fram úr áætlun. Þar að auki ber að telja 42500 kr., sem lagðar voru til vega- og brúargerða af lánsfé. Er þar um að ræða síðustu upphæðirnar af því lánsfé, sem fyrrv. stjórn hafði ráðstafað í því skyni. Þess má geta hér að vextir og afborganir af lánum, er tekin hafa verið til þessara framkvæmda, eru á fjárlagafrv. fyrir árið 1937 áætluð kr. 230 þús.

14. gr. B. Kostnaðurinn við kennslumál hefir farið 138 þús. kr. fram úr áætlun. Þar af eru laun barnakennara 47 þús. kr. Hefir við undirbúning fjárl. eigi verið gætt þess, hve ör er hækkun á þeim lið vegna fjölgunar kennara. Ennfremur hefir rekstrarstyrkurinn til héraðs- og gagnfræðaskóla farið 30 þús. kr. fram úr áætlun. Stafar það af meiri skólasókn en gert var ráð fyrir.

16. gr. Þar hafa greiðslur til verklegra fyrirtækja farið kr. 72 þús. fram úr áætlun. Er það aðallega jarðræktarstyrkurinn, sem farið hefir fram úr á þessari grein, eða um 115 þús. króna. Hafa jarðabætur, mældar árið 1934, reynzt meiri en búizt var við. Á þessari grein falla hinsvegar niður tvær greiðslur: framlag til ræktunarsjóðs af útflutningsgjaldi kr. 40 þús. og 50 þús. kr. af framlagi til byggingar- og landnámssjóðs, er á að mæta kjötuppbót þeirri, er greidd var á árinu 1935, samkv. sérstakri þingsályktun.

Á 19. grein hefir orðið umframgreiðsla 121 þús. kr. Þykir mér ekki ástæða til að rekja þá liði hér, þar sem þeir eru mjög margir og flestir lágir.

Kem ég þá að greiðslum samkv. þingsályktunum, er nema samtals kr. 164 þús. Þar af er kjötverðlagsuppbótin kr. 150 þús. og kostnaður við tryggingarmálanefnd kr. 10 þús. Greiðslur samkv. væntanlegum fjáraukalögum eru 53 þús. kr. Stærsti liðurinn þar er viðgerð og breyting á húsinu nr. 3 við Pósthússtræti, er lögreglan hefir nú flutt bækistöð sína í. Þótti svo knýjandi nauðsyn bera til þessarar endurbótar á húsinu, að eigi þótti fært að láta það bíða fram á þetta ár. — Greiðslur samkv. sérstökum lögum nema kr. 437 þús. Rúmlega helmingur þeirrar upphæðar er framlög til fiskimálasjóðs, kr. 235 þús. Er það fé tekið af afgangi láns þess, er tekið var á árinu 1935, til greiðslu lausaskulda ríkissjóðs. En eins og kunnugt er, er fiskimálasjóður undir stjórn fiskimálanefndar og atvinnumálaráðuneytisins. Er fé því, sem í sjóðinn er lagt, varið til ýmissa nýrra framkvæmda til eflingar sjávarútveginum, einkum með tilraunum um nýjar verkunaraðferðir á fiskiafurðum og til leitar að nýjum mörkuðum. Þá hafa ennfremur verið greiddar 85 þús. kr. samkv. sérstökum lögum um vaxtatillög til bænda og 25 þús. kr. til iðnlánasjóðs. Ennfremur 20 þús. kr. til verkamannabústaða, og er sú upphæð vangoldið tillag af tekjum tóbakseinkasölunnar frá fyrri árum.

Þá vil ég að lokum minnast á umframgreiðslur á 20. gr. Hafa afborganir af lánum ríkissjóðs orðið um 100 þús. kr. hærri en áætlað var. Stafar þetta bæði af því, að afborganir af vega- og brúarlánum hafa orðið nokkru hærri en ráð var fyrir gert, svo og af hinu, að á árinu var gerð gangskör að því að innleysa útdregin skuldabréf af láninu frá 1920, er eigi hafði verið framvísað til greiðslu. — Um aðrar verulegar umframgreiðslur á 20. grein er vart að ræða. Þó ber þess að geta, að þar er fært 112 þús. kr. framlag til stuttbylgjustöðvar landssímans, sem áður er um getið.

Í sambandi við þessa greinargerð um umframgreiðslur get ég ekki stillt mig um að minna á það, að af háttv. stjórnarandstæðingum hefir því verið haldið mjög á lofti, að ríkisstjórnin hafi eytt ógrynni fjár í allskonar nefndakostnað. Hefir þetta gengið svo langt á fundum, að andstæðingarnir hafa talið stj. mundu eyða meira en 1 millj. króna í þessu skyni á árinu 1935. Uggir mig nú, þegar uppgjör liggur fyrir, er sýnir rekstur ársins 1935, að nokkuð muni vefjast fyrir háttv. andstæðingum að finna sínum fullyrðingum stað. Væri þó óneitanlega vel til fallið fyrir þá að færa sönnur á mál sitt hér á Alþingi, þegar skjölin eru lögð á borðið fyrir þá. En hið sanna í þessu máli er það, að með öllu vantar grundvöll fyrir dylgjum þeirra í þessa átt.

Þá vil ég þessu næst gera grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á lánum ríkissjóðs á árinu 1935.

Samkv. þessu yfirliti hafa skuldir ríkissjóðs á árinu raunverulega aukizt um 379 þús. og 600 kr. Samkv. yfirlitinu hefir orðið skuldaaukning, er nemur 245 þús. og 500 kr. vegna jarðakaupa ríkissjóðs á Eyrarbakka og Stokkseyri og vegna affalla af enska láninu, er tekið var á árinu 1935 566 þús. kr. Samtals er skuldaaukningin, sem stafar af þessu tvennu, kr. 820 þús. Sýnir þetta glögglega, að ef ekkert hefði haft áhrif á skuldir ríkissjóðs annað en rekstur hans árið 1935, hefðu ríkisskuldirnar lækkað um ca. 440 þús. krónur. Kemur það þá heim við það, að rekstrarreikningurinn sýndi töluverðan afgang, sem gengið hefir í afborganir föstu lánanna.

Ennfremur kemur í ljós af þessari greinargerð, að hið nýja lán, er tekið var í Englandi á árinu, hefir eigi verið notað til þess að standa undir hinum almennu greiðslum ríkissjóðsins, heldur til þess að greiða með eldri skuldir, eins og margsinnis hefir verið tekið fram áður, þótt ekki sé örgrannt um, að sumir hafi viljað gefa annað í skyn.

Í fjárlagaræðu minni í fyrra gerði ég grein fyrir lántökunni, en skal taka það fram hér því til áréttingar, að af nettó-upphæð lánsins, sem var 10 millj. og 667 þús. kr., gengu 3 millj. 322 þús. kr. til greiðslu á skuldum útvegsbankans í Englandi og afgangurinn gekk upp í skuldir landsbankans í Englandi. Myndaðist þá um leið innieign hér í landsbankanum, sem notuð var til til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, að undanskildum þeim 614 þús. kr., er lagðar voru til hliðar og ætlaðar fiskimálasjóði.

Um afkomu ríkissjóðs sjálfs á árinu 1935 mun ég þá ekki fara fleiri orðum að sinni. En áður en ég skilst við það mál, vil ég benda á það, að ríkisstjórnin mun keppa að því að koma á greiðsluhallalausum ríkisbúskap. Á því eru auðvitað ýmsir örðugleikar. Jafnframt því að tekjustofnarnir rýrna, aukast kröfurnar á hendur ríkissjóði um allskonar fjárframlög. Þó hefir þessu marki svo að segja verið náð á þessu fyrsta ári, er núv. ríkisstjórn ber ein ábyrgð á.

Þá mun ég gera grein fyrir afkomu þjóðarinnar út á við á árinu 1935. Um það efni hefi ég nú fyrir skemmstu flutt erindi í útvarpið, sem birt hefir verið í blöðunum, og verð ég því stuttorðari um það en ella. Geri ég ráð fyrir, að efni erindisins sé kunnugt hv. þm. flestum og öðrum þeim, er á mál mitt hlýða.

Í byrjun ársins 1935 gengu í gildi ný lög um gjaldeyrisverzlun. Samkv. þeim lögum hefir nú verið unnið í eitt ár, og var ný gjaldeyrisnefnd skipuð í ársbyrjun samkv. hinum nýju lögum.

Innflutningurinn á árinu 1935 hefir samkv. bráðabirgðaskýrslu hagstofunnar um það efni numið 42 millj. og 600 þús. kr., en að frádregnum innflutningi vegna Sogsvirkjunarinnar 41 millj. og 897 þús. kr. Árið 1934 var innflutt fyrir kr. 48 millj. og 48 þús. Verður að gera ráð fyrir því, að innflutningurinn á árinu 1935 hækki um nálega 7% við endanlega skýrslugerð. Innflutningur ársins 1935 hefir því verið um 7 millj. kr. lægri en innflutningurinn á árinu 1934. Útflutningur íslenzkra afurða hefir á árinu 1935 numið um kr. 43 millj. 881 þús., en í fyrra nam hann kr. 44 millj. 761 þús. kr. Er því útflutningurinn tæplega 1 millj. kr. lægri nú en 1934. Niðurstaðan er því sú, að verzlunarjöfnuður ársins 1935 er hagstæður um 2 millj. kr., en var í fyrra óhagstæður um 4 millj. kr. Hefir því tekizt á árinu að bæta greiðslujöfnuðinn um 6 millj. kr. Fullum greiðslujöfnuði hefir þó ekki verið náð á árinu. Til þess að slíkt takist, þarf verzlunarjöfnuðurinn sennilega að vera hagstæður um nálægt

Sjóðsyfirlit

Inn:	Áætlun	Reikningur
Tekjur skv. rekstraryfirliti	13762990	15769664
1. Fyrningar	289051	300000
2. Útdr. veðbréf og bankavaxtabréf	50000	59000
3. Endurgr. fyrirframgreiðsla	10000	29000
4. Endurgr. lán og andv. s. eigna	125000	66600
Mism. v stuttbylgjustöðvarinnar		112000
Reikningsl. greiðsluhalli (þar í framl. til fiskimálasj. 235 þús.).	99845	391000
Samtals kr.	.....	16727613
Út:		
Gjöld samkvæmt rekstraryfirliti	13109041	15263776
I. Afborganir lána:		
1. Ríkissjóður:		
a. Innlend lán	217957	295358
b. Dönsk lán	323095	323876
c. Ensk lán	177753	189643
2. Ríkisstofnanir:		
a. Landssíminn	135000	131920
b. Ríkisútvarp	124040	124040
II. Eignaaukning ríkisstofnana:		
1. Landssíminn	135000	160000
Sami (stuttbylgjustöðin)		112000
2. Ríkisprentsmiðjan	20000	40000
3. Landssmiðjan	10000	23000
4. Ríkisútvarpið		34000
III. Vitabyggingar	76000	30000
Samtals kr.	.....	16727613

Breytingar á skuldum ríkissjóðs 1935

Skuldir samkvæmt landsreikningi 1934		41937920	
Tekið lán hjá Hambrosbank	11739500		
Skuldabr. lán v jarðakaupa á Eyrarbakka og Stokkseyri	254500		
Lán til vega og brúagerða	85000		
Aukin skuld í Handelsbanken	162000		
		12241000	
			54178920
÷ Greiddar skuldir:			
1. Afborganir fastra lána:			
Greitt af ríkissjóði	1064837		
— - bönkum	286871		
— - síldarverksmiðjum	99675		
		1451383	
2. Greitt lán hjá Barclaysbank frá 1931		1491120	
3. Greiddar lausaskuldir:			
Barclays Bank	2231286		
Búnaðarbanki, víxlar	1600000		
Greitt Landsbanka v skuldar v Landmandsbanken	250000		
Landsbanki	795585		
		4876871	
			7819374
			46359546
Til samanburðar við skuldir 1934 má draga frá sem eignaaukningu:			
1. Hluti Útvegsbanka af Hambrosláni		3653000	
2. Innlagt á hlr. í Lb. v fiskimálasjóðs		378995	
			4031995
Skuldir í árslok 1935			42317551
Skuldir í árslok 1934			41937920
Aukning:			379631

6 millj. kr. En segja verður, að vel hafi miðað í þá átt að ná fullum greiðslujöfnuði, eins og þær tölur, sem ég hefi lesið, bera gleggst vitni um.

Hlutverk gjaldeyris- og innflutningsnefndar hefir verið tvíþætt: Annarsvegar að vinna að lækkun heildarinnflutnings til landsins, að svo miklu leyti, sem fært þykir. Í því starfi hefir n. mætt margháttuðum örðugleikum á árinu, sem leið, m. a. verðhækkun erlends varnings síðara hluta ársins, óeðlilegum vörukaupum, sem nauðsynleg eru vegna viðskiptanna við Suðurlönd, Spán og Ítalíu, og mikinn innflutning útgerðarvara, sem ekki verða hér taldar. Fleiri erfiðleikar hafa og orðið á vegi n.

Þegar aðstæður allar eru metnar, verður eigi annað sagt en að n. hafi tekizt vel að leysa þennan þátt hlutverks síns, þótt enn lengra virðist óhjákvæmilegt að ganga í þessu máli.

Að öðrum þræði hefir það verið hlutverk n. að skipuleggja utanríkisverzlunina, færa innkaupin sem mest til þeirra landa, er kaupa meira af okkur en við af þeim. Þetta er miklum örðugleikum háð. Gömul verzlunarsambönd þarf að slíta og mynda önnur ný. Einnig fylgir þessu oft á tíðum, að innkaupin þarf að færa þaðan, sem þau eru hagkvæm, og til þeirra landa, sem selja dýrara, vegna þess að þau lönd kaupa okkar vörur. N. hefir orðið mjög mikið ágengt í þessari skipulagningu verzlunarinnar, og kemur það greinilega í ljós í skýrslum þeim, er hagstofan hefir gefið út um inn- og útflutning. Þannig hafa innkaupin í Þýzkalandi aukizt um 600 þús. kr., þrátt fyrir heildarlækkun innflutningsins, og þar með hafa skapazt möguleikar til sölu á íslenzkum afurðum í Þýzkalandi fyrir atbeina n. Kemur þetta m. a. fram í aukinni sölu landbúnaðarafurða á þýzkan markað frá því, sem verið hefir. Þá hafa innkaup okkar frá Svíþjóð aukizt um 390 þús. kr., innkaup okkar á Spáni um *nálega 1 millj. kr. og um 900 þús. á Ítalíu.* Hinsvegar hafa innkaup okkar minnkað til muna í þeim löndum, sem kaupa minna af okkur en við af þeim, einkum í Bretlandi og Danmörku. *Innflutningur frá Bretlandi hefir* minnkað um rúml. 2 millj. kr. og frá Danmörku um 2 millj. kr. tæplega þó.

Í sambandi við þessar upplýsingar þykir mér rétt að geta þess, að nokkru aðkasti hefir verið beint til n. fyrir það að leyfa innflutning á vörum, sem segja má, að séu óþarfar, á sama tíma, sem neitað er að einhverju leyti um innflutning *á vörum, sem telja mætti nauðsynlegar.* Þannig stendur á þessu, að í viðskiptasamningnum við Spán, er gerður var árið 1934, var ákveði um, að ekki mætti synja um innflutning frá Spáni, þótt um þær vörutegundir væri að ræða, er út af fyrir sig mættu teljast ónauðsynlegar. Bar þá að skoða þessi viðskipti sem endurgjald fyrir fiskmarkað okkar á Spáni. Sá samningur er nú ekki lengur í gildi. Óvinir innflutningshaftanna hafa reynt að koma inn tortryggni í garð innflutningsnefndarinnar í sambandi við innflutning á þessum ónauðsynlegu vörum. Verður hinsvegar að treysta því, að þeir, sem viðurkenna nauðsynina á því að lækka innflutninginn, geri sitt til að leiðrétta slíkar missagnir.

Eins og ég gat um áðan, mun því miður ekki verða hjá því komizt að herða enn á innflutningshöftunum. Skapar þetta að vísu nokkra röskun í landinu, en hjá því verður ekki komizt. Við því er ekki hægt að búast, að útflutningur þessa árs verði meiri en ársins næst á undan, og er það því staðreynd, sem hægt væri að skýra með tölum, ef nánar væri út í slíkt farið, að ef greiðslujöfnuður ætti að nást með ekki meiri útflutningi en nú er, verður ekki hægt að veita leyfi til kaupa á öllum þeim vörum frá útlöndum, er til þessa hafa verið taldar nauðsynlegar. Er af þessu ljóst, að ef ekki er hægt að halda útflutningsverðmætinu í þessu lágmarki og heldur auka það, þá verður þjóðin að breyta um lífnaðarhætti. Það er því mjög áríðandi, að ötullega sé að því unnið að leita nýrra markaða fyrir íslenzkar framleiðsluvörur og reyna að auka útflutninginn. Að þessu er og hefir verið unnið með stuðningi ríkisstj., og það með sýnilegum árangri. Sem dæmi um hinar nýju leiðir í framleiðslu- og söluháttum, má benda á karfaveiðarnar, sendingu á frystum fiski til Norður-Ameríku, o. fl. mætti í þessu sambandi upp telja. En búast má við miklum innflutningserfiðleikum á meðan unnið er að öflun nýrra markaða í stað þeirra, sem tapazt hafa.

Út af þeim umr., sem fram hafa farið um innflutningshöftin fyrr og síðar, vil ég hér leggja áherzlu á, að í raun og veru er um 2 leiðir að ræða til þess að ná greiðslujöfnuði við útlönd. Önnur leiðin er sú, sem háttv. stjórnarandstæðingar telja sig fylgja. Hún er sú að minnka kaupgetu almennings í landinu svo, að eftirspurn eftir erlendum varningi stöðvist af getuleysi fólksins til að kaupa. Hin leiðin, sú, sem stjórnarflokkarnir hafa valið sér, er að hefta vöruflutninginn með lagafyrirmælum, en halda uppi kaupgetunni í landinu með sem mestum verklegum framkvæmdum og stuðningi við atvinnuvegina. Menn verða því að gera sér það ljóst, að innflutningshömlurnar mynda grundvöllinn fyrir því, að hægt sé að gera ráðstafanir til tekjuauka fyrir almenning, án þess að eiga það allt of mikið á hættu, að greiðslujöfnuðurinn versni. Skilji menn þessa staðreynd, verður auðveldara fyrir menn að taka því með jafnaðargeði, þótt eigi sé hægt að fá allar þær erlendar vörur, er menn gjarnan vildu veita sér. Hið rétta viðhorf til innflutningshaftanna fyrir almenning er því ekki að beita sér gegn þeim og torvelda framkvæmd þeirra, þótt þeirra vegna vanti sumar vörur, heldur hið gagnstæða, sökum þess að þau koma í veg fyrir, að gripa þurfi til þeirra neyðarráðstafana að takmarka innflutninginn með því að minnka kaupgetuna. Menn verða að leitast við að nota í stað erlendu varanna innlendar iðnaðarvörur og landbúnaðarvörur og stuðla þannig að uppbyggingu iðnaðarins til þess að minnka atvinnuleysið og stuðla að bættri afkomu bændastéttarinnar. Að þessu hvorutveggja miða innflutningshöftin.

Á þinginu í haust deildu hv. andstæðingar mjög á mig fyrir framkvæmdir í gjaldeyrismálunum og töldu, að ekkert gagn myndi verða að starfi innflutnings- og gjaldeyrisnefndar og greiðsluhallinn mundi verða engu minni en á ár-

inu 1934; en þá var hann 10—11 millj. kr. Þetta mál var af hálfu andstæðinganna flutt af hinu mesta ofurkappi. Ég svaraði þá með því að óska eftir, að þeir biðu niðurstöðunnar frá árinu 1935, og myndi þá koma í ljós, að mjög hefði miðað í áttina til þess að ná greiðslujöfnuði við útlönd. Ætla ég nú, að sú niðurstaða, sem skýrt hefir verið frá, sýni, að úr gildi eru fallin þau stóryrði, sem hv. stjórnarandstæðingar létu falla um þetta mál á síðasta þingi. Þykir mér rétt að geta þess hér til gamans, að nokkuð hefir kveðið við annan tón hjá stjórnarandstæðingunum nú undanfarið en í haust, t. d. kom í Morgunbl. föstudaginn 7. febr. 1936 grein um verzlunarjöfnuðinn. Þar segir svo: „Árið 1934 var óhagstætt. Þá söfnuðum við milljónaskuldum erlendis. Sl. ár var einnig óhagstætt, ef miðað er við þær skuldbindingar, sem við verðum að standa straum af. Greiðslujöfnuðurinn er ennþá óhagstæður. En við erum á réttri braut. Að því verður að keppa, að við hættum að safna skuldum erlendis og förum að greiða af gömlu skuldunum."

Í þessari Mbl.grein er það hreinlega játað, að við, þ. e. a. s. við Íslendingar, séum á **„réttri braut"** í þessu stórmáli, og það undir stjórn þeirra, sem nú fara með völdin. Þessi ummæli stinga nokkuð í stúf við fyrri skrif og ummæli hv. stjórnarandstæðinga. Man ég ekki betur en að formaður Sjálfstfl. léti svo um mælt í eldhúsumr. síðustu, að í gjaldeyrismálunum væri ég kominn mjög afvega og staddur í fordyri hins versta staðar.

Ég vil þá víkja að fjárlagafrumv. fyrir árið 1937. Um það get ég verið mjög stuttorður, þar sem það er samið eftir sömu meginreglum og fjárlagafrumv. fyrir árið 1936 og í öllum höfuddráttunum eins. Greiðslur samkv. þessu frumv. og tekjur eru nær jafnháar og samkv. fjárl. fyrir 1936. Einstakir liðir hafa verið færðir til samræmis við fengna reynslu. Einn liður hefir þó verið hækkaður nokkuð frá því, sem verið hefir, en það eru afborganir lána. Hefir sá liður orðið að hækka um 200 þús. krónur. Þar af er afborgun af enska láninu nýja kr. 117 þús., en 80 þús. kr. eru afborgun af vega- og brúagerðalánunum.

Til fróðleiks er rétt að geta þess, að síðan 1934, er núv. stj. tók við völdum, hafa afborganir samningsbundinna lána hækkað um 400 þús. kr., og er það allt vegna skuldbindinga, er gerðar voru áður en núv. stjórn tók við völdum. Einnig er rétt að geta þess, að í þessu frv. er gert ráð fyrir lækkun á ríkisskuldum um 1 millj. og 200 þús. kr.

Við samningu fjárlagafrv. fyrir árið 1935 gerði ég í fyrsta sinni tilraun til að hafa fjárlög í sem beztu samræmi við reynsluna. Þessum tilraunum hefir verið haldið áfram við samningu þessa frv. og komi ekki eitthvað sérstakt fyrir, hygg ég, að minni umframgreiðslur ættu að verða á árinu 1937 en áður.

Í samræmi við stefnu stj. er gert ráð fyrir í þessu frv. mjög svipaðri greiðslu til verklegra framkvæmda og til atvinnuveganna og í fjárl. fyrir 1936, en eins og kunnugt er, verða framlögin til þessara mála aukin á árinu 1936 frá því, sem var 1935. Álítur stjórnin eigi unnt að komast hjá að sinna þeirri þörf, sem nú er á verklegum framkvæmdum og framlögum til styrktar smáframleiðslu landsmanna. Er ríkisstj. þess fullviss, að þótt þessi stefna hafi nokkur fjárútlát í för með sér til ríkissjóðs, sem þó bitna aðallega á þeim, sem betur mega, þá er hún heppilegri fyrir þjóðarheildina en sú stefna andstæðinganna að skera allt niður, er til atvinnuveganna á að fara eða verklegra framkvæmda, og sem hlyti að auka atvinnuleysið og gera afkomu smáframleiðendanna verri.

Núverandi ríkisstj. telur það sitt hlutverk að stöðva skuldasöfnun við útlönd og hallarekstur ríkissjóðs, jafnhliða því, sem hún sinnir sem mest þeim eðlilegum óskum, sem fram eru bornar um aðstoð ríkisvaldsins, þar sem erfiðleikar eru fyrir. Engum mun um það hugur blandast, að það er margháttuðum erfiðleikum bundið að ná því marki, sem að er keppt í þessu efni, þar sem viðskiptahalli við útlönd hefir verið mikill og greiðsluhalli ríkissjóðs tilfinnanlegur. Hér við bætist svo það, að úr öllum áttum berast kröfurnar á ríkissjóð og sífellt er gert ráð fyrir meiri og meiri aðstoð af hans hálfu. Nú hafa verið lagðar fyrir niðurstöður ársins 1935, sem sýna verulegar breytingar frá því, sem áður var — greiðsluhalli ríkissjóðs lækkaður um yfir 2 millj. kr. og allverulegum rekstrarafgangi náð í fyrsta sinn um nokkur ár. Ennfremur það, sem ef til vill skiptir meira máli, að verzlunarjöfnuðurinn hefir batnað um 6 millj. kr. enda þótt útflutningur hafi fremur lækkað. Það er ekki mitt að leggja dóm á það, hvort árangurinn af starf stj. á þessu fyrsta heila ári, sem hún hefir starfað, er mikill eða lítill. Ég vil aðeins benda á það, að hann verður að metast með hliðsjón af þeim utankomandi erfiðleikum, sem íslenzka þjóðin hefir mætt á árinu sem leið.

Enginn veit, hvernig árið, sem er að byrja, verður fyrir Íslendinga. Margt bendir til þess, eins og áður er á drepið, að það verði erfitt og að auka þurfi þar af leiðandi ýmsar hömlur, sem eru hvimleiðar, en alveg óhjákvæmilegar, eins og nú stendur. Hinsvegar er enginn vafi á því, að íslenzka þjóðin hefir oft átt við meiri erfiðleika að stríða en nú og sigrazt á þeim. Við Íslendingar munum vafalaust sigrast enn á erfiðleikunum. Sú margháttaða viðleitni, sem fram kemur hjá fjölda manna í því að koma upp nýjum atvinnurekstri og að notfæra sér þau gæði náttúrunnar, sem áður hafa verið ónotuð, sýnir það, að **menn** hafa ekki tapað trúnni á landið og gæði þess. Þess vegna er sigurinn vís, þótt að kunni að kreppa í bili.

Magnús Guðmundsson: Eins og nærri má geta, dettur mér ekki í hug á þeim hálftíma, sem ég hefi til umráða, að gagnrýna í öllum atriðum ræðu þá, sem hæstv. fjmrh. nú flutti.

Hún var, eins og ræður um þetta efni hljóta að vera, með fjölda talna, sem engin leið er að festa sér í minni til hlítar, þótt maður heyri þær lesnar upp einu sinni í flýti.

Það, sem ég ætla mér að gera í þetta skipti, er að leiða athygli í stórum dráttum að fjár-

málastefnu hæstv. stj., eins og hún kemur mér fyrir sjónir.

Þetta fjárlfrv. fyrir árið 1937, sem hér liggur fyrir, er 3. fjárlfrv., er núverandi hæstv. fjmrh. leggur fyrir Alþingi. Hið fyrsta þeirra var fyrir árið 1935 og þá voru áætlaðar 12,5 millj. kr. til rekstrarútgjalda ríkisins, annað þeirra frumv. var fyrir árið 1936, og þá áætlaði hæstv. ráðh. þessi gjöld um 13,8 millj. kr., hið þriðja er það frumv., sem hér er til meðferðar fyrir árið 1937. Í því gerir ráðh. ráð fyrir rekstrarútgjöldum að upphæð um 15,4 millj., að meðtöldum rekstrarafgangi, sem ég nefni síðar. Í fjárlagafrv. fyrrv. stj. fyrir árið 1934 voru þessi gjöld áætluð hér um bil 11,3 millj. kr. Hækkun rekstrarútgjaldanna eftir áætlunum í þingbyrjun hefir því síðan hæstv. núv. stj. tók við orðið sem næst 4,1 millj. kr. eða um 40 kr. á hvert mannsbarn í landinu, að meðtöldu barninu í vöggunni og öldungnum á grafarbakkanum. Þetta verða um 200 kr. á 5 manna fjölskyldu. Þar við bætast svo stórkostlega aukin gjöld almennings til bæjar- og sveitarþarfa. Útsvörin alls á landinu munu vera upp undir 7 millj. kr. Öll útgjöld til hins opinbera munu ekki vera mikið undir 25 millj. kr. á ári, eða að meðaltali yfir 700 kr. á 5 manna fjölskyldu.

Nú er það vitað og viðurkennt, að að lokum verður framleiðsla landsmanna að greiða þessa háu fjárhæð, ef ekki á að eyða af höfuðstóli eða stofna skuldir. Að sönnu er mikið af þessum gjöldum lagt á ýmsa, sem ekki framleiða neitt, en peningarnir, sem þeir borga með, hljóta beinlínis eða eftir krókaleiðum að vera komnir frá framleiðslu landsmanna, eða þeir eru teknir af eignum gjaldanda, eignum, sem hafa skapazt af óeyddum arði af framleiðslu fyrri ára.

Ef það nú er haft í huga, að framleiðsla í einhverri mynd, framleiðsla fyrri ára eða framleiðsla hvers yfirstandandi árs, verður að standa undir skattþunganum, þá blasir sú spurning við, hvort framleiðsla landsmanna þoli þennan þunga allan, eða með öðrum orðum: Eru atvinnuvegir landsmanna nú svo arðvænlegir, að þeir geti staðið undir þessum þunga bagga?

Ég býst við, að enginn treystist til að halda því fram. Ég býst við, að allir játi það, að öll aðalframleiðslustarfsemi hér á landi sé rekin með tapi og hafi verið það á undanförnum árum. Ég býst við, að flestum komi saman um, að sparaður arður undanfarinna góðæra sé uppetinn, hafi gengið til að borga framleiðsluhalla og skatta undanfarandi ára.

Til þess að fyrirbyggja misskilning skal ég hér taka það fram, að frá skattabyrði þeirri, sem framleiðsla landsmanna verður að standa undir, má og á að sjálfsögðu að draga þann hluta skattanna, sem varið er til að létta undir með atvinnuvegum landsmanna. Sú upphæð er talsverð, segjum allt að 5 millj. kr. Þá eru samt eftir um 20 millj. kr. samkv. því, sem ég áður sagði, er framleiðslan verður að standa undir: Hvar á að taka þá gífurlegu fjárhæð?

Í venjulegum árum á að taka hana af gróða á framleiðslunni, en þegar svo er sem nú, að framleiðslan gefur lítinn arð, engan arð eða jafnvel tap, hvar á þá að taka fé? Ef um sparaðan arð fyrri ára væri að ræða, mætti taka hann, en því er ekki að heilsa. Hann er horfinn, eins og ég tók fram áður. Þá var ekki nema ein leið til, og hún er sú að taka lán, stofna til nýrra skulda. Hvar fást þau lán? Ekki erlendis. Einstakir menn eða félög fá þar varla lán til lengri tíma, þegar vitað er að ríkissjóður hefir orðið að skuldbinda sig til að taka ekki lán erlendis fyrst um sinn.

Framleiðendum stendur því sú ein leið opin að fá lán innanlands hjá bönkum eða sparisjóðum. En verði framleiðslan áfram rekin með tapi eða tekjur og gjöld standast á, geta þeir ekki endurborgað þessi lán, og þá er aðeins stutt tímaspursmál þar til engin frekari lán er að fá, og sú framleiðsla, sem rekin er með lánsfé, og það er mestur hluti okkar framleiðslustarfsemi, verður að hætta. — Skuldir banka og sparisjóða tapast, en það þýðir, að sparisjóðsfé landsmanna tapast, og gengisfall í stórum stíl óhjákvæmilegt.

Ég hefi reynt að rekja þessa sorglegu keðju lið fyrir lið, og handleikið hvern hlekk. Mér skilst, að svo hljóti að fara sem ég fyrr sagði, nema ýtrustu varkárni sé gætt eða verð á framleiðsluvörum okkar erlendis hækki, svo að framleiðslan gefi arð, en fyrir því eru litlar líkur eins og nú stendur.

Hitt sýnist frekar blasa við, að mjög erfitt verði að selja aðalframleiðslu vora, fiskinn, erlendis, þar til útvegaðir hafa verið nýir markaðsstaðir, en það tekur sennilega talsverðan tíma.

Að athuguðu þessu ástandi, sem ég hefi nú lýst, virðist mér heilbrigð skynsemi hrópa hárri röddu um það að gæta hófs gagnvart atvinnuvegum landsmanna. Þessa hófs þarf að gæta bæði um álögur ríkissjóðs, bæjar- og sveitarfélaga.

Ég get hér skotið því inn í, að ég sé oft í blöðum stj. að meiri hl. bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem er skipaður sjálfstæðismönnum, er atyrtur fyrir það, að hann hækki stöðugt útgjöld bæjarins og fari þannig í bága við þá stefnu, sem Sjálfstfl. telji sig fylgja.

Það er rétt, að útsvörin hafa hækkað hér hin síðustu ár mjög mikið. En af hverju? Af því að löggjafarvaldið hleður stöðugt nýjum gjöldum á. Annaðhvort verður því að hækka gjöldin eða brjóta fyrirskipanir löggjafarvaldsins, og sjálfstæðismönnum verður ekki með réttu álasað fyrir það þótt þeir hlýði lögum meðan kostur er.

Ég gat þess í byrjun máls míns, að áætlanir stj. yfir rekstrarkostnað ríkisins árin 1934—1937 hefðu verið eins og hér segir:

1934	11,3	millj. kr.
1935	12,8	— —
1936	13,8	— —
1937	15,4	— —

Í meðförum þingsins breyttust þessar áætlanir þannig, að þær urðu fyrir

1934	11,0	millj. kr.
1935	13,8	— —
1936	15,3	— —

Þessar tölur sýna fyrst og fremst, að hæstv. fjmrh. hækkar árlega áætlanir sínar, það er að

segja heimtar alltaf meira og meira fé til ríkisrekstrarins. Hækkun hans till. frá ári til árs er aldrei undir millj. kr. og nú síðast yfir 1½ millj. kr.

Í öðru lagi sýna þessar tölur, að í meðförum þingsins hafa áætlanir stj. hækkað fyrir árið 1935 um 1 millj. kr. og fyrir 1936 um 1½ millj. kr.

Hvort þetta frv., sem hér liggur fyrir, á eftir að hækka eins mikið og verið hefir undanfarið, skal ég engu spá um, en verði svo, verða rekstrarútgjöldin fyrir 1937 upp undir 16 millj kr.

Þessi stöðuga hækkun á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs líkist mest hreinu uppboði, þar sem fjmrh. og stjórnarflokkarnir bjóða í kapp. Fyrst kemur fjmrh. á haustþinginu 1934 með yfirboð, er nemur 1,8 millj. kr., en þá hækka stjórnarflokkarnir þetta enn um 1 millj. kr. á því þingi. Svo á næsta þingi (1935) hugsar hæstv. ráðh., að nú skuli hann koma með mjög lágt yfirboð, og hann gerir það, en stjórnarflokkarnir voru þá ekki feimnari en það, að þeir gerðu 1½ millj. kr. yfirboð. Og uppboðið heldur enn áfram. síðasta boð frá hæstv. fjmrh. er enn hækkun í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Við sjálfstæðismenn hér á þingi horfum undrandi á þennan léttúðarfulla leik, stundum gerum við líka boð, stundum til hækkunar, oftast viljum við lækka, en hvorugu er anzað, öll slík boð strádrepin.

Af því, sem hér hefir verið bent á, er það augljóst, að fjármálastefna hæstv. fjmrh. og hinna ráðandi flokka er sífelld hækkun gjaldanna og sífelld hækkun skattanna. Hæstv. fjmrh. hefir beinlínis lýst því yfir, að eftir því, sem kreppan harðni, verði að hækka skatta. Það verði að flytja til kaupgetuna, eins og hann orðar það, en hann gætir þess ekki, að með þessu er hann að kippa stoðunum undan framleiðslumöguleikum landsmanna.

Þegar skattahækkanirnar voru til umr. á síðasta þingi viðurkenndi hæstv. ráðh., að aðalatvinnuvegir landsmanna væru reknir með tapi, og hann notaði það sem sönnun fyrir því, að tekjuskattshækkun gerði þessum atvinnuvegum ekkert til, því að þeir þyrftu engan tekjuskatt að greiða, en í þessu er mikill misskilningur.

Allir auknir skattar koma niður á atvinnuvegunum beint eða óbeint á einn eða annan hátt, því að framleiðslan verður að síðustu að fæða alla og klæða. Eftir því sem hærri skattkröfur eru gerðar til þeirra, er beint eða óbeint vinna að framleiðslu, eftir því verða þeir að gera hærri kröfur gagnvart framleiðendum.

Ég man eftir því, að í góðærunum 1927—1930, þegar sömu flokkar fóru með völd og nú, þá var því af þeirra hálfu haldið fram, að einmitt í góðærunum ætti að auka útgjöld og hækka skatta, því að þá þyldu gjaldþegnarnir það. Nú mun enginn halda því fram, að vel ári fyrir atvinnuvegum landsmanna, en samt er því haldið fram, að hækka eigi skatta og gjöld.

Niðurstaðan hjá hinum núv. stjórnarflokkum virðist því vera sú, að bæði í góðum árum og vondum eigi að hækka skatta og gjöld, enda hafa þeir sýnt það í verkinu.

Sjálfstfl. hefir jafnan haldið því fram, að í góðærum mætti hækka skatta, ef þeir væru hóflegir undir, en ekki til þess að eyða allri hækkuninni, heldur til þess að geyma hana eða hluta af henni til vondu áranna, til þess að geta þá haldið í horfinu og þurfa ekki að eiga á hættu, að atvinnuvegir landsins grotni niður.

Hæstv. fjmrh. hefir hvað eftir annað hér á þingi haldið því fram, að það mætti ekki einblína á það, að áætlanir fjárlaganna hækkuðu. Það stoði ekkert að áætla lágt, því svo komi landsreikningurinn og hann sýni miklu hærri gjöld í mörgum greinum.

Til þess að finna þessari staðhæfingu stað, hefir hæstv. ráðh. jafnan vitnað í það, að útgjöld ársins 1934 hafi farið stórlega fram úr áætlun, og slíkt vilji hann ekki láta henda sig. Hann hefir hvað eftir annað hér á þingi látið líta svo út, að samsteypustjórnin, sem sat að völdum frá miðju ári 1932 til miðs ársins 1934, eigi sök á þessu, en hann gleymir að geta þess, að hann sat sjálfur að völdum nærri hálft árið 1934, og útkoma þess árs er honum því ekki óviðkomandi. Þegar hæstv. ráðh. vill gera samanburð milli sín og annara, þá má hann vitaskuld ekki taka niðurstöðu árs, sem hann hefir ráðið því nær jafnt og aðrir. Hann getur ekki, er hann ber sig saman við aðra, tekið sjálfan sig til samanburðar. Þetta munu allir skilja.

En ef hæstv. ráðh. vill bera sig saman við samsteypustjórnina 1932—1934, þá verður hann að taka eina heila árið, sem hún sat að völdum, árið 1933, og ég er mjög fús til að gera þann samanburð.

Landsreikningurinn fyrir árið 1933 liggur nú fyrir prentaður, undirritaður af núv. hæstv. ráðh. og samþ. af Alþingi, svo að um ekkert getur verið að villast og engar getgátur komast þar að. Hvað segir þá þessi landsreikningur?

Hann segir, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs árið 1933 hafi verið 13,6 millj. kr. Þessi sömu útgjöld eru nú af hæstv. ráðh. í fjárlagafrv. fyrir 1937 áætluð 15,4 millj. kr. eða nærri 2 millj. kr. hærri en þau reyndust 1933. Undan þessum samanburði getur hæstv. ráðh. ekki kvartað, hann er honum þvert á móti mjög hagstæður, því að annarsvegar eru staðreyndir frá 1933, sem ekki geta breytzt hér eftir, en hinsvegar er aðeins áætlun ráðh. sjálfs, sem eftir venju er hækkuð á þinginu.

Enginn þarf heldur að ímynda sér, að ekki falli á ýms ófyrirsjáanleg útgjöld frá þessum tíma til áramóta 1937—1938, og allt slíkt kemur á landsreikninginn á sínum tíma. — Hvað þessi útgjöld verða þá há, veit hvorki hæstv. ráðh. eða ég, en hitt vitum við báðir, og það er, að það hefir aldrei enn komið fyrir, að gjöld þessi hafi ekki reynzt stórum hærri en áætlað var. Og skýrsla sú, sem hæstv. ráðh. gaf hér um árið 1935, er um það engin undantekning. Ef ég hefi skilið þá skýrslu rétt, þá ber hún með sér, að gjöldin hafi farið mikið fram úr áætlun, eða á 3. millj. kr., og þó hafði hæstv. ráðh. búið þá áætlun til sjálfur. Og hæstv. ráðh. verður sannarlega ekki hart úti í þessum samanburði, þótt ég í honum láti þær rúmar 900 þús. kr., sem eru áætlaðar rekstrarafgangur í frv., koma á móti væntanlegri hækkun þingsins og umframgreiðsl-

um á árinu 1937, því að þessar 900 þús. kr. eru ekki helmingur þess, sem eyðzt hefir umfram áætlun 1935. — Skýrsla ársins 1935, sem hæstv. ráðh. hefir nú gefið, sýnir, að á árinu 1935 hefði orðið gífurlega mikill tekjuhalli, ef honum hefði ekki viljað til það fjármálalega happ — ég segi **fjármálalega** happ af því, að ég er ekki viss um, að það hafi verið happ að öðru leyti — að bannlögin eða það, sem eftir var af þeim, var afnumið.

Þetta ætti að geta sýnt hæstv. fjmrh. það, að það er allt annað að búa til áætlun eða fá hana til að standast reynsluna.

Hann talaði borginmannlega meðan engin reynsla var komin á áætlanir hans, en nú býst ég við, að hann verði að viðurkenna breyskleika sinn.

Síðan kreppan sú hin þráláta byrjaði, sem nú stendur yfir, höfum við sjálfstæðismenn reynt hér á þingi að stöðva æði skattahækkananna, og höfum flutt ýmsar till. til lækkana, en meiri hl. hefir algerlega virt það að vettugi.

Á fyrsta þinginu, sem núverandi stj. sat, þinginu 1934, var þetta svo áberandi, að í þeirri n. þingsins, fjvn., sem er falið að undirbúa fjárl. samkv. þingsköpum, var í rauninni engin ákvörðun tekin, heldur var allt ákveðið á sameiginlegum fundum stjórnarliða.

Þegar sjálfstæðismennirnir í n. urðu þessa varir, slitu þeir þeirri málamyndasamvinnu, sem verið hafði, báru fram háar lækkunartill., sem allar voru skornar niður við trog. Eftir að þessi aðferð stjórnarliða, sem ég tel algert brot á þingræðisreglum — en út í það hefi ég ekki neinn tíma til að fara nánar — þá ákváðum við sjálfstæðismenn, að hver og einn væri sjálfráður um, hvaða till. hann bæri fram, því að við vissum, að allt, sem frá okkur kom, átti að drepa, og það var gert rækilega.

Svona var aðferðin á þinginu 1934.

Á þinginu 1935 skipti mikið um til hins betra að því, er snerti samstarf í fjvn. Ég vil minnast þess með þakklæti, þó að ekkert væri þar gert umfram það, sem skylda og sanngirni bauð, að n. vann í sameiningu að ýmsum leiðréttingum og endurbótum á fjárlagafrumv. Og það, sem meira var, n. vann saman að niðurfærslu ýmsra gjaldaliða frumv. og kom sér saman um niðurfærslu, er nam um 1 millj. kr. Buðum við sjálfstæðismennirnir í n. samvinnu um frekari niðurfærslu, en undir það var ekki tekið, enda þótti sumum stjórnarstuðningsmönnum fulllangt gengið í lækkunum í sumum atriðum.

En er mjög langt var komið störfum n., þá sprakk bomba. Þá kom það í ljós eða varð hljóðbært, að lengi þings hafði í fullkominni leynd fyrir okkur sjálfstæðismönnum starfað n. til þess að semja um ýms ágreiningsatriði milli stjórnarflokkanna, og niðurstaða þeirrar sáttarnefndar varð sú, að dembt skyldi á þjóðina á aðra millj. kr. í nýjum sköttum og gjöldum.

Með þessu var sparnaðarstarfsemi fjvn. þurrkuð út og meira til. Okkar atkvæði, 20 sjálfstæðismannanna, megnuðu ekkert til að hamla móti þessu. Allt var auðvitað samþ. svo sem meiri hl. vildi.

Ég hefi viljað segja frá þessu bæði af því, að málefni eins og þetta varðar alþjóð mjög, og einnig af því, að í fjárlagafrumv. 1935 fólust viðurkenndir lækkunarmöguleikar, svo að ekki er hægt að halda því fram, að hvergi hafi verið hægt að lækka.

Af því, sem hér hefir sagt verið, vænti ég, að komi í ljós stefnumunurinn milli sjálfstæðismanna annarsvegar og stjórnarflokkanna hinsvegar.

Stjórnarflokkarnir leggja aðaláherzluna á að ná inn sem mestu í sköttum og dreifa þeim út eftir ýmsum leiðum, sumum þörfum, sumum óþörfum.

Sjálfstfl. telur, að allt hið óþarfa eigi að falla burtu og sumt af því nauðsynlega verði að bíða og þoka til fyrir þeirri þjóðarnauðsyn að halda uppi framleiðslu landsmanna, sem allt líf í þessu landi byggist á.

Sjálfstfl. er að sjálfsögðu vinur allra framfara, en framfarir eða endurbætur eru það eitt, sem þjóðin er fær um að standa undir efnahagslega. Um það er deilt, undir hve miklu hún geti staðið. Svonefndar framfarir eða endurbætur, sem gjaldþol þjóðarinnar rís ekki undir, snýst í böl og vandræði og fjárhagslega eymd. Þá fer þjóðinni eins og bónda, sem hefir yfirbyggt svo jörðina sína, að hún verður af honum tekin og öðrum seld.

Af því að ég hygg, að ég eigi eftir örlítið af ræðutíma mínum, vil ég minnast á greiðslujöfnuðinn við útlönd. Eins og allir vita, er það mál nú eitt hið mesta áhyggjuefni. Ég sé af blöðum stjórnarsinna, að þeir eru mjög ánægðir með árangur þess máls að því, er snertir síðastliðið ár.

Eftir opinberum skýrslum hefir innflutningurinn 1935 orðið 42,6 millj. kr., og er ég undrandi yfir, hversu mikið það er, þegar ég annarsvegar athuga það, hve mikið er gumað af röggsamlegri framkvæmd innflutningshaftanna, og hinsvegar athuga það, að t. d. árið 1932 var aðeins flutt inn fyrir 34 millj. kr. eða 8,6 mill. **minna** en síðastl. ár.

Hæstv. ráðh. vék að því, sem form. Sjálfstfl. sagði um þetta mál í eldhúsumr. í fyrra, og vildi snúa því í villu. Ég man vel, hvað hann sagði, og ég fæ ekki betur séð en að það hafi sýnt sig að vera alveg rétt. Hann gekk út frá því í orðum sínum, að það væri rétt, sem hæstv. ráðh. hefði haldið fram, að hinar duldu greiðslur mundu nema allt að 8 millj kr. Hann gekk ennfremur út frá því að innflutningurinn í nóv. og des. 1935 — en um hann var ókunnugt, er ræðan var haldin — mundi verða svipaður og 1934. Með þessu komst hann að þeirri niðurstöðu, að greiðsluhallinn í utanlandsviðskiptunum mundi verða um 10 millj. kr., en mér virðist hann hafa orðið um 7 millj., þegar reiknað er með 8 millj. kr. duldum greiðslum. Þessi mismunur mun eingöngu stafa af minni innflutningi í nóvember og desember 1935 en á sama tíma 1934.

Hæstv. forseti aðvarar mig nú um, að minn tími sé á enda, og ég lýk því máli mínu, en bið þá, sem mál mitt heyra, að athuga það, að útvarpsreglur banna mér að svara andmælum, sem fram kynnu að koma.

Hannes Jónsson: Hæstv. fjmrh. hefir nú flutt sína fjármálaræðu, og var hún ekki annað en óslitin keðja af vörnum fyrir sjálfan hann og stj. Honum hefir fundizt, sem vonlegt er, að meiri þörf væri á vörn fyrir stj. en hlutlausum upplýsingum til þjóðarinnar. Hann virtist mjög ánægður yfir því, að rekstur þjóðarbúsins síðasta ár skyldi ekki fara meira en töluvert á þriðju milljón fram úr áætlun fjárl. Hann gerði nokkrar tilraunir til að skýra, í hverju þessar umframgreiðslur væru fólgnar, en að mestu leyti er það þó enn sem komið er óupplýst. Hæstv. ráðh. sagði, að nú, þegar spilin væru lögð á borðið, skyldum við andstæðingarnir koma og sýna fram á, hvað í ólagi væri. En hér eru engin spil eða skjöl á borðið lögð. Hér hefir ekkert fram komið annað en staðhæfingar hæstv. ráðh. Þær tölur, sem sýna eiga, í hvað þessar umframgreiðslur hafa farið og hann hefir ekki birt, verða ekki séðar fyrr en á landsreikningnum. Hann nefndi ekki annað, að ég held, en 10 þús. kr. upphæð, sem á að hafa gengið til tryggingarmálan. En mig grunar, að þegar öll plögg eru fram komin, þá muni það sýna sig, að margar 10 þús. kr. upphæðir, og ef til vill 100 þús. kr. upphæðir, hafi farið í ýmiskonar nefndakostnað.

Fjárl. ársins 1937 eru um 100 þús. kr. hærri en fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Nú veit hæstv. ráðh. það, að fjárlfrv. 1936 hækkaði í meðförum þingsins um 1½ millj. kr. Hæstv. ráðh. mun vafalaust staðhæfa, að frv. geti ekki hækkað eins mikið að þessu sinni, en hann ætti þó að geta sagt sér það sjálfur, að hækkunin hlýtur a. m. k. að skipta hundr. þúsunda króna.

Þá vil ég leyfa mér að víkja að nokkrum liðum fjárl., er snerta verklegar framkvæmdir á landinu. Á síðasta þingi hældi stj. sér mjög af því, hve réttlátlega hún hefði skipt vegafé milli héraða, með tilliti til þess, að atvinna yrði sköpuð fyrir menn, sem víðast um landið. Tillög til vega hafa þó verið lækkuð um 72 þús. kr. alls, og hefir þessi lækkun verið framkvæmd á mjög misjafnan hátt í ýmsum héruðum landsins. Í Dalasýslu hefir t. d. verið fellt niður framlag til Suðurdalavegar og eins Laxárdalsvegar. Aðeins 3000 kr. framlagi til Saurbæjarvegar hefir verið haldið. Í Húnavatnssýslu hefir framlagið til Hrútafjarðarvegar verið lækkað um helming, niður í 3000 kr., og eini vegurinn, sem bætt var inn í fjárl. í fyrra, Vesturhópsvegur, hefir alveg verið strikaður út. Hinsvegar hefir Strandasýsla fengið að halda óbreyttum framlögunum til Steingrímsfjarðarvegar, Kollafjarðarvegar og Bitruvegar. Ég fullyrði, að öll nauðsyn er á því, að Strandamenn fái að halda þessum smáu upphæðum, sem þarna er um að ræða, en að því er snertir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, er þessi nauðsyn engu minni.

Ég skal svo ekki rökstyðja frekar þessi missmíði á fjárlfrv., sem ég vona, að Alþingi og fjvn. lagfæri, en ég vildi þó ekki láta hjá líða að gera þessar aths., því að um leið og lækkuð eru framlög til vegagerða, er sýnt áþreifanlegt misrétti um úthlutun vegafjár.

Þá eru framlög til hafnargerða, hafnarbóta, bryggjugerða og lendingarbóta lækkuð um 55 þús. kr. Á þessum tveim liðum verður þá samtals nær 130 þús. kr. lækkun. En þrátt fyrir *þessa lækkun og frádrátt á ýmsum öðrum liðum* er ekki glæsileg aðstaða stj., því að fjárl. hafa samt orðið 100 þús. kr. hærri frá hennar hendi en þingsins í fyrra. Ríkisstj. hefir ekki séð sér fært að lækka kostnaðinn á öðrum liðum en þeim, sem ég nefndi, og öðrum slíkum. Hún hefir ekki séð sér fært að draga úr mannahaldi við áfengisverzlunina, sem hefir í þjónustu sinni 38 menn með 137820 kr. árslaunum, eða tóbakseinkasölunnar, sem hefir 18 menn með 76060 kr., eða ríkisútvarpsins, sem hefir 42 menn með 143500 kr. Svona mætti lengi telja dæmi, þar sem draga mætti mjög úr útgjöldum, án þess að valda framleiðslunni í landinu nokkrum hnekki. En það er einmitt atvinna landsmanna, sem verður fyrir barðinu á sparnaðarráðstöfunum hæstv. stj. — Eitt dæmið enn er hin mikla hækkun á alþýðutryggingum frá síðasta þingi, sem nemur 560 þús. kr.

Þá get ég bent á það, til þess að sýna, hve nákvæmnin er mikil, sem notuð hefir verið við samningu frv., að í 17. gr. er tilfærð 13 þús. kr. upphæð til slysatrygginga samkv. 2. gr. l. nr. 73 frá 1928, með öðrum orðum samkv. l., sem búið er að nema úr gildi.

Það, að ekki hefir orðið meiri greiðsluhalli á síðasta ári en raun ber vitni um, er því að þakka, að tekjur ríkissjóðs hafa hækkað fyrir hóflausar álögur á almenning. Stj. virðist ekki hafa haft fyrir augum annað en það, að jafna með einhverju móti tekjur og gjöld ríkissjóðs. Þetta er út af fyrir sig gott og blessað, en það nær ekki tilgangi sínum, ef það kemur niður á atvinnuvegunum. Ef halli atvinnuveganna eykst frá ári til árs, þá hljóta þeir innan skamms að líða undir lok, og hvaðan ætlar ríkið þá að hafa sínar tekjur? Þessu hefir stj. ekki haft nægilega glöggt auga fyrir.

Hv. 10. landsk., samflokksmaður minn, mun nú taka til máls og nota þann tíma, sem ég á eftir. En ég vil aðeins taka það fram að lokum um skýrslu þá, sem hæstv. fjmrh. flutti hér, að hana verður að athuga nánar og færa til betra vegar, ef nokkuð á að vera hægt að hafa upp úr henni. Ef eitthvað er til í því, sem hann færði stj. til málsbóta, þá er sjálfsagt að viðurkenna það, en hinsvegar er jafnsjálfsagt að benda á það, sem miður fer.

Þorsteinn Briem: Það er vitað, að opinberu gjöldin, tollar og skattar, hafa aldrei verið jafnhá og nú.

Það er vitað, að fjárl. fyrir þetta yfirstandandi ár eru upp á nær 16 milljóna útgjöld, eða hærri en nokkru sinni fyrr.

Og það er loks vitað, að fjárlagafrv. það, sem hæstv. stj. leggur nú fyrir Alþ., skríður yfir metið frá síðasta þingi, því að nú eru útgjöldin áætluð á 17. millj. kr.

Ætla mætti, að þar sem þetta er útgjaldahæsta fjárfrv., sem lagt hefir verið fyrir Alþingi, þá væru þar stórlega hækkuð öll fyrri framlög til styrktar atvinnuvegunum, sem nú eru í kalda koli, eins og allir vita.

Þessa hefði mátt vænta vegna nauðsynja at-

vinnuveganna, — vegna þess ástands, sem framleiðslan á við að búa, hvar sem litið er.

Þessa hefði og átt að mega vænta af núv. ríkisstj. vegna þeirra loforða, sem stuðningsflokkar hennar gáfu fyrir síðastl. kosningar, og vegna þeirra yfirlýsinga, sem þessir flokkar gáfu þjóðinni í málefnasamningi þeim, sem gerður var á milli þeirra um leið og hæstv. ríkisstj. settist að völdum.

Þar stendur:

„Færðar séu niður ónauðsynlegar fjárgreiðslur ríkissjóðs og **alls** sparnaðar gætt í rekstri ríkisins og opinberra stofnana, en tekjunum varið til aukinnar atvinnu og framkvæmda í landinu.“

Í þessari yfirlýsingu og stefnuskrá stj. er það að vísu ekki tekið fram, hvaða fjárgreiðslur stjórnarflokkarnir hafi þá talið ónauðsynlegar.

En almenningur mun a. m. k. hafa skilið það svo sem þar væri fyrst og fremst átt við óþarfa bitlinga og nefndir og óþarft starfsmannahald.

En stj. virðist ekki hafa skilið það svo. Hún hefir ekki sparað féð í nefndirnar, bitlingana né starfsmannahaldið.

Stj. hefir verið réttnefnd nefndastjórn. Þar sem hún hefir jafnvel orðið að hafa **nefnd yfir sjálfri sér.** Þótt hún hafi að vísu getað laumað kostnaði sumra þeirra yfir á aðra aðilja en ríkissjóð.

Og sem dæmi um starfsmannahaldið má rétt t. d. benda á, að í einni ríkisstofnuninni hér í Reykjavík, þ. e. áfengisverzluninni, eru nú skv. skýrslu, sem þessu fjárlfrv. fylgir, um 40 starfsmenn. Enda láta sumir, sem í áfengisafgreiðsluna hafa komið, svo um mælt, að það sé eins og að koma á fund, að líta þar inn fyrir búðarborðið.

Þetta eru „nauðsynleg gjöld“, sem ekki er hægt að færa niður að dómi stj.

En hæstv. ríkisstj. hefir fundið aðra gjaldaliði, sem hefir þótt fært að fella burt eða færa niður, og hún hefir því talið miður nauðsynlega.

1. Ég get þar á meðal rétt nefnt, hvernig stj. felldi niður allar greiðslur úr ríkissjóði til þátttöku í kostnaði af afurðasölunefndunum.

Þeim kostnaði dembdi stjórnin á síðasta þingi algerlega á atvinnuvegina, og taldi fjmrh. það muna um 100 þús. kr. fyrir framleiðsluna í landinu.

2. Þá felldi stj. eða stjórnarflokkarnir iður lögbundið framlag til ræktunarsjóðs af útflutningsgjaldi, um 45 þús. kr.

3. Hún lækkaði lögbundið framlag til búfjárræktarinnar í landinu um 10 þús. kr.

4. Hún lækkaði framlag til sandgræðslu um 13 þús. kr.

5. Hún lækkaði framlagið til sýsluvegasjóða um ca. 50 þús. — ef sá vegabóta og atvinnustyrkur fellur þá ekki algerlega niður, af því að sýslurnar sjái sér ekki fært að ráðast í vegabæturnar, þar sem ríkisframlagið til þeirra vega er nú aðeins ⅓ kostnaðar að hámarki, í stað helmings framlags áður.

6. Þá lækkaði hún framlag til flutninga á tilbúnum áburði um þriðjung frá því sem verið hefir áður. Og það á sama tíma, sem Norðmenn stórhækka þennan flutningastyrk, til þess m. a. að draga úr þörfinni á aðkeyptum fóðurbæti.

7. Og hún lækkaði framlagið til Búnaðarfélags Íslands um 20 þús. kr. Leiðir þar af m. a., að Ræktunarfélag Norðurlands og búnaðarsamböndin t. d. fá nú þeim mun minna starfsfé til sinna þörfu framkvæmda og verða að draga saman eða hætta við sumt af því, sem þeim liggur mest á.

Aðeins þessar sjö niðurfærslur á framlögum til atvinnuveganna nema fullri ¼ millj. kr. samtals, þó að ekki séu fleiri taldar.

Voru þetta gjafir síðasta þings til landbúnaðarins, áður en það fór heim eftir sína 124 daga setu, fyrir jólin.

Og má segja, að þar lýsi gjafir gefendum, þegar þetta er gert **samtímis** því, sem skattar og tollar eru hækkaðir um milljón ofan á milljón í því árferði, sem nú er.

Ætla mætti, að þetta væri lagfært á þessu fjárlagafrv., þar sem heildarútgjöldin hafa hækkað. En ekkert af þessu hefir verið lagfært. Landbúnaðurinn á enn aftur um næstu áramót að fá þessar niðurfærslur í nýársgjöf samkv. frv. stj.

Mega menn þá enn minnast þess, að hver er sínum gjöfum líkur.

Og svo fá þau héruð landsins, sem ekki styðja stj. tilbærilega, viðbótargjöf hér í þessu fjárlagafrv. Það er hugsað til þeirra á þann hátt, að þær litlu fjárveitingar, sem einhvern veginn tókst að fá inn á núgildandi fjárl. til vegabóta í andstæðingahéruðum, þær eru nú nálega þurrkaðar út hér í þessu fjárlfrv.

Hygg ég ekki, að nokkur landsstj. hafi þar komizt nálægt þessari um hlutdrægni og hefndarhug til heilla héraða.

Færir stj. þar, sem fyrr, sjálf á það skýrastar sönnur, að hún ætlast ekki einu sinni til þess sjálf, að á hana sé litið sem **landsstjórn,** heldur sem einhliða, hlutdræga og hefnigjarna flokksstjórn.

Þess var ekki að dyljast hjá hæstv. fjmrh., að hann var drjúgum upp með sér yfir því, að gjöld og tekjur hefðu nokkurn veginn staðizt á.

En „hverju var að þakka, að hún Gunna flaut?“ segir máltækið.

Hverju var að þakka, að ekki var stærri greiðsluhalli á því bráðabirgða-„uppgjöri“, sem væntanlega á eftir að breytast, þegar öll kurl koma til grafar, eins og eðlilegt er?

Því er fljótsvarað. Það er brennivínið, sem þar hefir bjargað. Vegna vinflóðsins, sem veitt var inn í landið á síðasta ári, hefir vínsala ríkisins aukizt a. m. k. um 1 millj. og 770 þúsundir eða upp í 3½ millj. á árinu. Kemur þessi ógurlega aukning fram á sterku vínunum, sem mest vinna tjónið og mest er grætt á. Tekjuafgangur á rekstrarreikningi er talinn um 500 þúsund í bráðabirgðayfirliti hæstv. fjmrh.

Á sama tíma hefir ríkissjóður fengið nýjar tekjur af áfengissölu, umfram áætlun, um 1½ millj. króna.

Í fyrra voru nýjar álögur lagðar á þjóðina um 2 millj. að minnsta kosti.

Þrátt fyrir þetta hefir orðið greiðsluhalli um 400 þús. kr. Sjá þá allir, hvernig fjárhagur ríkissjóðs hefði verið, ef ríkisstj. hefði eigi veitt

sliku ægilegu vínflóði yfir landið sér til fjáröflunar.

Ef hér mætti „skemmta um hinn óskemmtilegasta hlut", eins og meistarinn íslenzki segir, þá gæti mönnum komið í hug borðvísan gamla:

„Þeir lifa þar á mysu og mjólk,
en mest á brennivíni."

Það verður að vísu ekki sagt, að stjórnin lifi á mjólk né mysu, svo sem áður hefir verið sýnt fram á í útvarpsumræðum hér á Alþingi.

En á brennivíninu hefir hún lifað. Brennivínið hefir verið stj. einu bjargráð.

Og það vill svo vel til, að sjálfur yfirmaður áfengissölunnar, forsrh., hefir í nýprentaðri ræðu lýst því sjálfur, hvað það sé, sem stj. hefir gert. Þar kemst ráðh. svo að orði, að áfengisneyzlan sé **lántaka hjá sjálfu lífinu.**

Og ráðherrann bætir því við, að mönnum vilji gleymast, að „*lífið lánar aldrei neitt, nema láta endurgreiða það til fulls, og það með okurvöxtum*".

Sjálfri ríkisstj., eða a. m. k. þeim ráðh., sem fer með yfirstjórn áfengissölunnar, er það þá fullkomlega ljóst, hvað hún hefir verið að gera sl. ár, með því að veita vínflóðinu ótakmarkað inn í landið, þótt takmarka hefi orðið flestan innflutning annan.

Henni er það ljóst sjálfri, að til þess að ná *þeirri fjárhagsútkomu, sem nú er, hefir hún orðið* að taka **lán hjá sjálfu lífinu** — lífi og lífsþrótti íslenzkrar þjóðar.

Og hún **veit** það samkv. orðum hæstv. forsrh. sjálfs, að „lífið lánar aldrei neitt, nema láta endurgreiða það til fulls, og það með okurvöxtum". Og af þessu sér stj. ástæðu til að **státa.**

Lífið, sem lánar aldrei neitt, nema gegn fullri greiðslu og okurvöxtum, er nú þegar farið að innkalla vextina af þessu síðasta láni ríkissjóðs hjá sjálfu lífinu. Þessa okurvexti eru bæjarsjóðirnir þegar farnir að greiða m. a. í framfæri drykkjumannaheimilanna.

Þessa okurvexti verða bæir og ríki að greiða m. a. með því að reisa og starfrækja óhjákvæmileg drykkjumannahæli fyrir þá tugi eða jafnvel hundruð manna, sem þar verður að vista, ef slíku fer fram.

Og þessa okurvexti verður þjóðin ekki sízt að gjalda í spilltri framtíð og aumingjaskap þeirra manna, kvenna sem karla, sem annars hefðu getað orðið gagnlegir þjóðinni, ef þeir hefðu eigi orðið áfenginu að bráð.

Þá má sjá örlitla augnabliksmynd af því gjaldi, sem **heimilin** verða að gjalda í vexti af þessu ríkisláni hjá lífinu, í skýrslu lögreglunnar hér í Reykjavík um þau 20—30 heimili, þar sem lögreglan var tilkölluð á hinu eina og sama kvöldi vegna ölæðis föður eða sonar.

Nærri má geta, hvort heimilin sjálf gripa til þess úrræðis að kalla á lögregluþjónana til að skakka leikinn innan sinna eigin veggja fyrr en í ýtrustu neyð.

Nærri má geta, hve hin heimilin eru margfalt *fleiri, sem reyna heldur að bjargast við hjálp* nábúa eða á annan hátt, þó að úr hófi keyri hörmungarnar! — Þær telur enginn!

Það verður ekki heldur reiknað, hvaða okurvexti óvaxin börn mega gjalda, er alast upp á slíkum heimilum, því þær tölur telur heldur enginn. — En sannarlega eru það okurvextir, sem þjóðin verður að gjalda af þessu láni hæstv. ríkisstj. hjá sjálfu lífinu.

Þessi mikla lántaka er því óafsakanlegri, sem takmarka hefir orðið nær allan annan innflutning.

Stundum fengust ekki einu sinni innflutningsleyfi eða gjaldeyrir fyrir netin til þess að veiða í síldina og ausa upp erlendum gjaldeyri.

En brennivínið fékkst!

Sumsstaðar fékkst ekki þakjárn til nauðsynlegustu bygginga vegna gjaldeyristakmarkana.

En brennivínið fékkst!

Hænsnafóður fæst ekki, til þess að hægt verði að koma í veg fyrir eggjainnflutning.

En brennivínið fæst ótakmarkað!

Það er selt, jafnvel hundrað flöskur sama *manni í einu, svo að því auðveldara er að verzla* með það í leynisölu að næturlagi og um helgar.

Enda hefir það nýlega verið fullyrt í útvarpinu af manni úr áfengisvarnarnefndinni, að leynisölur hafi aldrei verið fleiri hér í bæ en nú.

Ríkisstjórnin getur ekki afsakað brennivínsausturinn með því að kaupa hafi þurft af Spánverjum, því að brennivínið er ekki suðræn vara.

Ríkisstjórnin hefir ekki ein sett lögin. En hún hefir ein stýrt framkvæmd þeirra svo sem nú var lýst.

Og nú liggur sjálf áfengisverzlunin undir einhuga kæru allrar áfengisverndarnefndar fyrir óleyfilega bakdyrasölu, sem leynisalarnir hafa líka notið góðs af.

Þetta er sýnishorn af fjármálapólitík stj.

Þegar hún lofar að færa niður ónauðsynleg útgjöld, *þá lækkar hún framlög til ræktunar*sjóðs, til búfjárræktarinnar, sandgræðslunnar, áburðarkaupanna, sýsluvegasjóðanna og til Búnaðarfélags Íslands, Ræktunarfélags Norðurlands og búnaðarsambandanna.

Og þegar hana vantar fé í kassann til þeirra hluta, sem hún telur nauðsynlegri, þá tæpir hún á fremstu nöf laganna til þess að geta tekið lán hjá sjálfu lífinu — lán með okurvöxtum, sem teknir eru af dýrustu eigninni, sem landið á — þ. e. lífsþrótti og hamingju þjóðarinnar.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1. n. 288).

Frsm. (Jónas Guðmundsson): Ég vil fyrir hönd fjvn. óska eftir því, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr.

Ólafur Thors: Fyrir hönd Sjálfstfl., sem er stærsti stjórnmálaflokkur Íslendinga og við síðustu alþingiskosningar hlaut fram að því jafnmikið kjörfylgi eins og báðir stjórnarflokkarnir til samans og áreiðanlega hefir nú að baki sér mikið meira fylgi en stjórnarliðið, leyfi ég mér að bera fram þá kröfu, að ríkisstj. rjúfi þing þegar í stað að afgreiddum fjárlögum og láti fram fara nýjar kosningar.

Kröfu þessa rökstyð ég eigi eingöngu með því, að vilji sjálfstæðiskjósenda í landinu hefir verið

fullkomlega að vettugi virtur frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum, heldur og með hinu, að ríkisstj. hefir brugðizt nær öllum þeim fyrirheitum, sem hún gaf sínum eigin stuðningsmönnum fyrir kosningarnar.

En einkum og sérstaklega berum við sjálfstæðismenn fram þau rök, að það er skoðun okkar, að þjóðin sé nú orðin svo aðþrengd, að engar vonir liggi til að forða henni frá fjárhagslegu hruni og frelsisskerðingu, nema að snöggleg sé horfið af þeirri braut, er á hefir verið gengið, og það er trúa okkar, að þessar staðreyndir séu orðnar nægilega mörgum ljósar til þess, að með nýjum kosningum mætti lánast að stöðva feigðargönguna og beina stjórnmálunum inn á réttar brautir.

Ég skal nú leyfa mér að færa fram ýms málsatriði kröfu þessari til stuðnings, en þess er að sjálfsögðu enginn kostur að rekja þá sögu til neinnar hlítar, heldur verður að nægja að stikla á því stærsta.

Í þeim málefnasamningi, sem stjórnarflokkarnir gerðu með sér að unnum hinum hæpna kosningasigri og byggður var á kosningaloforðum sósialista í hinni svokölluðu „4 ára áætlun", er lögð aðaláherzlan á afurðasöluna innanlands, fjármálin og skattamálin og loks að tryggja atvinnu handa öllum, og það voru loforðin um úrlausn þessara mála, sem færðu stjórnarflokkunum þingmeirihluta.

Um *kjötsölumálið* læt ég nægja að staðhæfa, að mjög mikill fjöldi þeirra manna, sem gerðu sér hagnaðarvonir af þeirri lagasetningu, hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum, og eru þeir margir sáróánægðir með framkvæmd laganna.

Mjólkurlögin ná yfir miklu minna svæði, en hafa einnig valdið hinni megnustu óánægju, eins og öllum er löngu kunnugt. Austanfjalls eru margir óánægðir, og mættu raunar allir kvarta, þegar þess er gætt, að sæmileg framkvæmd laganna myndi hafa fært *einnig þeim* miklu meiri feng í búið en raun ber vitni um. Hér vestan heiðar hafa bændur allir sem einn risið upp með einróma mótmælum, samanber hinn víðfræga Brúarlandsfund, gegn gerræði því, sem þeir telja sig beitta, og sannað með óyggjandi rökum, að hagur þeirra hefir verið fyrir borð borinn og þeir féflettir í pólitísku hagsmunaskyni fyrir stjórnarflokkana. Þeir krefjast að fá alla stjórn mjólkursölunnar í sínar hendur og munu aldrei linna látum, fyrr en landbrh., sem nú daufheyrist við þessum kröfum, lætur undan þeim.

Nú alveg nýverið hefir aðalfundur Kaupfélags Borgfirðinga tekið mjög kröftuglega undir þessar kröfur og samþ. með 16 samhljóða atkv. svohljóðandi yfirlýsingu:

„Aðalfundur Kaupfélags Borgfirðinga skorar á landbrh. og Alþingi að leggja kapp á það, að þær breytingar á mjólkurlögunum nái fram að ganga á Alþingi því, er nú situr, að mjólkurbúin á verðjöfnunarsvæði Rvíkur og Hafnarfjarðar hafi óskoraðan rétt til að kjósa stjórn, er hafi á hendi *alla* stjórn mjólkursamsölunnar og skiptingu markaðs á mjólkurvörum í Rvík og Hafnarfirði."

Þannig hefir yfirgnæfandi meiri hl. allra hlutaðeigandi framleiðenda lýst fullkomnu vantrausti á framkvæmd þessarar löggjafar, og hitt má óhikað fullyrða, að ef austanmenn athuga málið ofan í kjölinn, munu einnig þeir bætast í hópinn og ekki láta það villa sér sýn, að í bili hefir heldur meira verið níðzt á vestanmönnum heldur en þeim, því sannleikurinn er sá, að það hefir verið níðzt á báðum aðiljum.

Við þetta þarf ég ekki öðru að bæta en því að taka orðrétt upp úr málefnasamningnum þá grein, er um þetta fjallar. Hún er svohljóðandi:

„Að skipuleggja nú þegar með bráðabirgðalögum sölu landbúnaðarafurða innanlands og tryggja bændum viðunandi verð fyrir afurðir sínar. Sé lögð áherzla á að draga úr milliliða- og dreifingarkostnaði."

Það er kaldhæðni örlaganna, að í sjálfum samningnum skuli standa „sé lögð áherzla á að draga úr milliliða- og dreifingarkostnaði". Því nú orðið veit hver maður, að bölvun þessa máls er einmitt sú, að í pólitísku hagsmunaskyni fyrir Alþfl. hefir verið lögð áherzla á að auka milliliða- og dreifingarkostnaðinn, og hafa bændur verið mergsognir til hagsmuna fyrir sósialista.

Ég kem þá að skattamálunum, og síðan að fjármálunum. Í kosningabaráttunni höfðu stjórnarflokkarnir gefið fyrirheit um að létta sköttunum af þjóðinni. Í 15. gr. 4 ára áætlunar Alþfl. er loforðið þannig orðað: „Að tollum verði létt af nauðsynjum", en í 2. gr. málefnasamningsins er orðalagið þannig:

„Að afla ríkissjóði tekna þannig, að byrðin hvíli fyrst og fremst á háum tekjum og miklum eignum skattþegnanna."

Þetta fyrirheit hefir nú stjórnin efnt þannig, að strax á fyrsta þinginu, haustþinginu 1934, voru lagðir nýir skattar á þjóðina, milli 2—3 millj. kr., og á síðasta þingi var enn bætt á þessa skatta, nokkru minni upphæð að vísu, en þó þannig, að heildarhækkunin er orðin milli 4—5 millj. kr. og vex þó enn og kemst jafnvel á 7 millj. kr., þegar tekið er tillit til hækkunar á áfengistollinum og áfengiságóðanum, sem á varð við afnám bannlaganna.

Það ræður nú að líkum, að stj. hefir ekki með öllu treyst sér að neita því, að hún hefir svikið þetta loforð sitt, en til lengstra laga hefir hún þó freistað allra undanbragða, og svo langt gekk hv. fjmrh. á þinginu í fyrra við umr. um þessi mál, að hann hélt því fram, að hinir nýju skattar væru hvorki lagðir á neyzluvöru almennings eða notaþarfir fólksins í landinu, og vakti með því enn meiri hlátur en honum tókst að gera á haustþinginu 1934 út úr barnalegu hjali sínu um innilokun kaupgetunnar.

Það sannaðist auðvitað í umr. um þessi mál, að ráðh. neyddist til að játa, að mest af þessum sköttum væru einmitt lagðir á nauðsynjar, sem lofað hafði verið að létta sköttunum af, en þó var það eitt víst, sem ráðh. fékkst aldrei til að yfirgefa, nefnilega sú staðhæfing, að hinn geysihái tekju- og eignarskattsauki, myndi eingöngu lenda á hinum efnameiri stéttum og snerti á engan hátt allan þorra manna, og frá þeirri staðhæfingu varð honum með engu móti þokað.

Sjálfstæðismenn sýndu þá skýrt og greinilega

fram á, að afleiðing þess, að ríkissjóður hækkaði þannig bein gjöld á þeim, er meðal tekjur hefðu og þar umfram, hlyti að verða sú, að bæjar- og sveitarsjóðir yrðu að verulegu leyti sviptir þeim tekjum, sem þeir áður hefðu haft af útsvörum þessara sömu gjaldþegna, að af því leiddi óhjákvæmilega, að útvega yrði bæjar- og sveitarsjóðum nýja tekjustofna, en þá myndi ekki annars úrkosta en að leggja inn á þá braut að leggja vörugjald á nauðsynjar almennings og á framleiðsluvöruna, í því skyni að bæta upp tekjumissi bæjar- og sveitarsjóða af minnkandi útsvörum, eða m. ö. o. að einnig *þessi skattur til ríkisins yfirfærðist allur á* allan almenning.

Nú hafa örlögin hagað því svo, að aðili, sem ríkisstjórnin mun ekki komast undan að telja dómbæran, hefir nú staðfest öll þessi ummæli sjálfstæðismanna, því að strax að afloknu þingi skipaði ríkisstjórnin þriggja manna milliþinganefnd, til þess að gera uppástungur um nýja gjaldstofna bæjar- og sveitarfélaga. Í sjálfri þessari nefndarskipun og með hliðsjón af því verkefni, sem henni er falið, liggur nú náttúrlega óbein játning ríkisstjórnarinnar á staðhæfingum sjálfstæðismanna, en hitt er þó enn meinlegri dómur yfir fullyrðingum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, að þessi þriggja manna nefnd, sem að $^2/_3$ hlutum er skipuð stjórnarliðum, ber nú öll fram tillögur um nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarsjóðum.

Þessir tekjustofnar byggjast að langsamlega mestu leyti á nýjum sköttum á neyzluvöru almennings og notaþarfir framleiðslunnar, þ. e. a. s. á þeim úrræðum, sem sjálfstæðismenn þegar í stað bentu á, að óhjákvæmilegt yrði að grípa til sem beinnar afleiðingar af ásælni ríkisins á gjaldstofna þessara sjóða.

Með þessu frumv. er því fengin alveg óvtíræð játning stjórnarliða á því, að tekjuskatthækkunin, sem fjmrh. sagði, að ætti eingöngu að lenda á hinum efnameiri, er beint yfirfærð á almenning, og með því sönnuð öll ummæli sjálfstæðismanna og hrakið allt, sem ríkisstjórnin færði fram þeim til andmæla.

Það verður að vísu að viðurkenna, að ríkisstjórninni er nokkur vorkunn í þessum efnum. Svikin voru náttúrlega orðin nógu stórkostleg, jafnvel þótt það væri satt, að nokkur hluti þessara 4—5 millj. yrði innheimtur, án þess að seilzt væri í buddu fátæks almennings, sem býr við lélega afkomu og vaxandi örbyrgð og atvinnuleysi, svo ekki yrði skattlagður hver munnbiti þeirra, sem tæplega hafa í sig og á.

En eins og nú er komið, og eftir að stjórnin með skipun milliþinganefndarinnar og sjálfum till. n. er orðin ber að því, að þó hana að vísu skorti þrek til þess að hleypa fjárgræðgi sinni framan að févana almenningi, þá hefir hana þó ekki skort harðýðgi til þess að tína saman þessar 4—5 millj. eyri fyrir eyri úr buddu jafnt hinna fátæku sem bjargálnamannanna, — eftir að svo er komið, að allt þetta er orðið uppvíst, þá hefði ríkisstjórninni þó verið skömminni til skárra að ganga hreint til verks en bæta ekki blekkingum ofan á fjárránið.

Ég treysti mér ekki að neita því, að innan ríkisstjórnarinnar og þingflokka hennar séu fleiri eða færri, sem trúa því, að fjármálastefna ríkisstjórnarinnar sé rétt og hinar nýju skattaálögur þar af leiðandi réttmætar, en jafnvel þótt svo væri, verður ekki komizt hjá að viðurkenna, að skattaálögurnar eru svik við almenning, sem hefir fengið fyrirheit um það, að aflétt skyldi verða tollum af nauðsynjum.

Frá sjónarmiði þessara manna, sem þannig eru haldnir fullkominni fjármálablindu, getur hugsazt, að nauðsynin helgi sjálf svikin, en það helgar þó engin nauðsyn þær blekkingar, sem ríkisstj. hefir beitt almenning.

Ríkisstjórnin hefir eigi að eins svikið, heldur hefir hún svikið með kossi, og fyrir það verður hún dæmd, og eigi að eins af þeim, sem svikin bitna þyngst á, þ. e. a. s. févana almenningi, heldur og af þeim stuðningsmönnum sínum á Alþingi, sem láta eigi flokksofstækið skyggja á dómgreindina og velsæmistilfinninguna.

Um *gjaldeyrisástandið* get ég verið fáorður og vísað til þeirrar gagnrýni er ég bar fram við síðustu eldhúsdagsumræður. Allt, sem ég þá sagði, og fjmrh. reyndi að þræta fyrir, hefir nú sannazt orði til orðs. Breyting hefir þar engin á orðið önnur en sú, að útflutningur varð töluvert meiri og innflutningur minni tvo síðustu mánuði ársins 1935 heldur en sömu mánuði 1934, en afkoma þeirra mánaða var, eins og skýrt var tekið fram í ræðu minni, byggð á áætlunum, sem hagstofan hafði gefið upp.

En þrátt fyrir þennan óvænta og stórvægilega útflutning þessara mánaða, hefir afkoman orðið geigvænleg, þar eð telja má að skorti um 8—9 millj. upp á greiðslujöfnuð, og er þá upplýst orðið, að á tveim valdaárum núverandi ríkisstjórnar hefir skuldaaukningin við útlönd orðið um 20 millj. kr., og það þrátt fyrir yfirlýsta stefnuskrá ríkisstj., að það sé „fyrsta boðorðið að jafna greiðsluhallann við útlönd", og hreina og tvímælalausa heitstrenging núverandi fjmrh. að inna það skylduverk af hendi.

Allar þessar staðreyndir liggja nú fyrir tölulega sannaðar, og sannast sagna á maður erfitt með að átta sig á því stjórnmálalega siðferði, að sjálfur fjmrh. skyldi, í stað þess að taka afleiðingunum af hinum gífurlega ósigri, sem hann hefir beðið í viðureigninni við þá örðugleika, sem hann tók að sér að leysa, þ. e. a. s. að segja af sér embættinu, að hann skyldi þá bókstaflega miklast um yfir árangrinum og tala um þennan raunalega ósigur hans sjálfs með ungæðislegu yfirlæti.

Og það var talandi tímanna tákn, að sömu dagana sem fjmrh. í fjárlagaræðu sinni við fyrstu umr. þessa máls var að hælast um yfir afrekunum, þá dundu úr öllum áttum tilkynningarnar yfir Íslendinga, að vegna vanskila út af gjaldeyrisskorti væri öllu lánstrausti lokið.

Og innan um allt þetta oflof og raup hljómar svo hin alvarlega sannleikans rödd, sem segir frá því, að það er búið að halda þannig á þessum málum, að nú þykir ekki einu sinni óruggt, að bankarnir taki á sig ábyrgðina á því, að greitt verði andvirði allra nauðsynlegustu notaþarfa framleiðslunnar við sjávarsíðuna, þeirrar framleiðslu, sem þó stendur undir nær allri

gjaldeyrisöflun til greiðslu á öllum aðkeyptum vörum þjóðarinnar.

Augljós afleiðing þessa er svo auðvitað sú, að raunverulegt gildi íslenzku krónunnar liggur undir skráðu gengi.

Fjármálastefna ríkisstj. er að öðru leyti mörkuð af annari grein málefnasamnings með þessum orðum:

„Færðar séu niður ónauðsynlegar fjárgreiðslur ríkissjóðs, alls sparnaðar gætt í rekstri ríkis- og opinberra stofnana."

Um þetta fyrirheit get ég einnig verið fáorður. Á haustþinginu 1934 buðu sjálfstæðismenn fram alla samvinnu til efnda á þessu loforði. Stj. hafnaði þessari samvinnu. Sjálfstæðismenn báru þá fram upp á eindæmi tillögur um niðurfærslu á útgjöldunum, er nam milli 6—700 þús. króna. Þær voru allar felldar, og við það sat á því þingi.

Á haustþinginu í fyrra buðu sjálfstæðismenn enn fram samvinnu í þessum efnum. Hún var þá að nokkru leyti þegin, og sat fjvn. lengi yfir niðurfærslu fjárl., sem nam um 1 millj. kr., en meðan sjálfstæðismenn voru að streitast við þann niðurskurð, sátu stjórnarbroddarnir á leynifundum og voru að jafna miskliðir sín á milli með nýjum milljónasköttum, og endirinn varð sá, að í stað þess að fjárlögin lækkuðu um milljón krónur, eins og sjálfstæðismenn höfðu ætlazt til, þá hækkuðu þau um milljón krónur í meðferð Alþingis.

Og enn á ný hefir sama sagan endurtekið sig, eins og ég mun bráðlega víkja að.

Sjálfstæðismenn hafa margsannað með óyggjandi rökum, að út úr fjármálaöngþveitinu er engin leið önnur en niðurskurður á útgjöldum ríkissjóðs.

En stj. hefir látið þau rök sem vind um eyrun þjóta, og þá fyrst og fremst af því, að henni er ljóst, að með því neyðist hún einmitt til að standa við kosningafyrirheitið að færa niður „ónauðsynlegar fjárgreiðslur ríkissjóðs" og að „gæta sparnaðar í rekstri ríkis og opinberra stofnana", en í þessum opinberu stofnunum eru einmitt aðalstjórnargæðingarnir, og sparnaður á „ónauðsynlegum fjárgreiðslum" gengur þess vegna eðlilega fyrst og fremst út yfir bitlingahjörðina.

Ég kem þá að rekstrarafkomu sjálfs ríkissjóðsins á síðastliðnu ári og viðhorfinu í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni, er hann flutti við fyrri hluta þessarar umr.

Hæstv. ráðh. var ekki litið drýgindalegur á svipinn, þegar hann steig í stólinn, og það var engu líkara en hann hefði einhvern sérstakan og stórvægilegan fagnaðarboðskap að færa þjóðinni. Það verður þá líka að viðurkenna, að áður en ráðh. lauk ræðu sinni, kom að því sem hann og hans flokksbræður munu hafa glaðzt mest yfir, þ. e. a. s. því, að ráðh. telur að á árinu hafi orðið rekstrarafgangur á ríkisbúskapnum, sem nemur allt að hálfri milljón kr.

Það var þessi fagnaðarboðskapur, sem ætlaður var sem lárviðarkrans hins mikla fjármálaspekings. Það var þessi tekjuafgangur, sem þjóðinni var ætlað að stara á og væntanlega þá líka að nærast af, svo hún mætti gleyma öllum sínum þrengingum.

Já, er að furða þó að stj. og lið hennar fagni?

Á hálfu öðru ári hafa þessir menn lagt á þjóðina allt að 5 millj. kr. nýja skatta, og auk þess hefir áfengisflóðið fleytt í ríkissjóðinn hálfri annari milljón kr. meir en nokkur hafði gert ráð fyrir, og nú stendur ráðh. hreykinn frammi fyrir allri þjóðinni yfir því, að hann hafi nokkur hundruð þúsund afgangs af öllum þessum blóðpeningum, og skal þó raunar ósagt látið, hvort sá spádómur ráðh. stenzt þegar öll kurl koma til grafar.

Það er nú auðvitað óþarfi að vera að bollaleggja um horfurnar, ef stj. hefði staðið við gefin loforð, en þó má svona til fróðleiks minna á það, að þegar stj. settist að völdum, þá lofaði hún að létta sköttunum af þjóðinni. Við skulum nú hugsa okkur, að hún hefði að vísu svikið þetta loforð, þannig að hún hefði engum sköttum létt af þjóðinni, en hinsvegar ekki í svo ríkum mæli sem raun hefir á orðið, sem sé að leggja 5 milljón kr. nýja skatta á þjóðina. Hvernig hefði nú fjárhagur ríkissjóðs verið kominn, ef stjórnin hefði látið sér nægja einföld svik í stað þeirra margföldu, sem hún hefir beitt?

Þá mundi hafa skort margar milljónir upp á jöfnuð á rekstrarreikningi ríkissjóðs, en í því ljósi ber að skoða afrek ráðh., því völdin fékk hann ekki til þess að skila tekjuhallalausum ríkisbúskap með því að leggja 5 millj. kr. nýja skatta á þjóðina, heldur í því trausti, að honum tækist þetta með því að lækka skattana, eins og hann sjálfur hafði lofað.

En sleppum þessari hlið málsins og lítum á hina hliðina, lítum á viðhorfið eins og það er og drögum með fáum dráttum mynd hinnar líðandi stundar.

Bændur eru nýbúnir að fá 11 millj. kr. kreppuhjálp. Þessi lán voru veitt 24 hundruð bændum. Nú á fyrsta gjalddaga kreppulánanna hafa þúsund bændur neyðzt til að standa í vanskilum um greiðslu á vöxtum og afborgunum þessara lána, og að óbreyttri löggjöf á þessu þingi, verður að selja á nauðungaruppboði þessar þúsund jarðir, er standa í veði fyrir lánunum.

Lánsupphæðin sýnir dálítið, hvernig komið er fjárhag bænda, og vanskilin sýna betur en allar fullyrðingar, hvernig ástatt er um rekstrarafkomu bændastéttarinnar, sem sennilega er sú stétt þjóðfélagsins, sem allra mest verður að leggja á sig, allra minnst ber úr býtum og allra flest verður að neita sér um.

Þá er og nýtekinn til starfa kreppulánasjóður fyrir vélbátaútgerðina og kreppulánasjóður fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur. Öllum er kunnugt um, að hin ríkasta nauðsyn er á kreppulánasjóði fyrir línuveiðara og togara, og öllum mun veitast erfitt að benda á þær stéttir þjóðfélagsins, sem reynast munu þess megnugar að taka á sig byrðar þeirra, sem nú eru sligaðir, og í viðbót bera þungann af framlagi til þessara stétta, sem áður hafa reynzt stoðir þjóðfélagsins.

Þegar svo er komið, þegar framleiðslan til lands og sjávar almennt telst þurfa kreppu-

hjálpar og þegar nær allir kaupstaðir landsins hafa lent í vanskilum, og þegar þeir þjóðfélagsþegnar, sem eru aflögufærir, eru alger undantekning, þá virðist augljóst, að fyrr en varir skapast þörf fyrir nýja kreppulánasjóði, sem tækju að sér bankana í landinu og sjálfan ríkissjóðinn. Svona er ástandið, þegar hæstv. fjmrh. flytur ræðu sína og miklast af því, að hann hafi pínt út úr skattþegnunum 15769 þús. kr. í ríkissjóðinn og stillt sig um að eyða nema 15263 þús. kr.

Já, er að furða þó hann sé hreykinn?

En hvað halda menn, að hægt verði lengi að halda áfram á eyðslunnar braut. Hvað halda menn, að sú þjóð, *sem fyrir 10 árum síðan tók* til ríkisþarfa aðeins 9% af andvirði útfluttrar vöru, geti lengi þolað, að ríkissjóður taki 35% af öllu, sem inn kemur fyrir seldar framleiðsluvörur, og það í atvinnuárferði, sem er svo lélegt, að öll afkoma væri hæpin, enda þótt sköttum hefði verið aflétt í stað hinnar fáheyrðu og fávíslegu skattaplágu undanfarinna ára.

Og nú hefir ráðh. bætt nýju laufblaði í lárviðarkrans sinn, eins og skilst á fyrirvara sjálfstæðismanna við nál. fjvn.

Samkv. fjárlfrumv. eru tekjur ríkissjóðs á árinu 1937 áætlaðar 15,5 millj. kr., en útgjöld 200 þús. kr. hærri, eða alls 15,7 millj. Í meðferð fjvn. hækka útgjöldin um 193 þús., aðallega vegna aukinna verklegra framkvæmda, og er þá tekjuhalli um 400 þús. kr. En sé nú tekjuáætlunin leiðrétt eftir því, sem tekjur reyndust á árinu 1935, en þá var mjög lélegt atvinnuárferði og ríkistekjur þar af leiðandi hlutfallslega litlar, þá kemur í ljós, að tekjur verða 1,9 milljón hærri. Þessa 1,9 millj. vilja sjálfstæðismenn nota til að aflétta útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum, sem er áætlað 650 þús., og viðskiptagjaldinu, sem samþ. var á síðasta Alþingi og áætlað var 750 þús., og loks að jafna tekjuhallann, sem nú er á fjárlögunum. Auk þess vilja sjálfstæðismenn ná samningum við stjórnarliðið um niðurskurð á útgjöldunum, svo auðið verði að aflétta fleiri sköttum, svo sem benzinskatti o. fl.

Ekkert af þessu vill ríkisstjórnin og lið hennar. Hún vill hafa þessar 15000 þús. til frjálsra afnota, svo hún geti haldið áfram að gefa á jötuna og þannig afstýrt harðindum og hrfelli í bitlingahjörðinni.

Það má að vísu játa, að allt er í óvissu um ríkistekjur á næsta ári, en sé hugsað út frá því *sjónarmiði*, verður að taka *þeim einu rökréttu* afleiðingum, að fresta þingi og afgreiða ekki fjárlög fyrr en undir áramót.

Sé það ekki gert, þykir ástæðulaust að miða við verra atvinnuárferði heldur en var á síðastliðnu ári, m. a. af því, að ef sá varði á að verða á okkar vegi, hlyti gjaldþol skattþegnanna að verða þeim mun minna og nauðsyn skattléttis því ríkari. Batni hinsvegar afkoman, svo að gjaldþolið aukist, munu tekjur ríkissjóðs af gildandi skattstofnum stórvaxa, og það er ákaflega eftirtektarvert, að 16—17 millj. tekjur ríkissjóðs, miðast við hreint kreppuárferði, þegar um það eitt er barizt, að þjóðin hafi í sig og á með því að éta upp eigur sínar og það lánstraust, sem eftir er, en að hvenær sem árferði breytist, svo að þjóðarheildin í raun og veru vinni fyrir þörfum sínum, munu tekjur af gildandi skattstofnum verða nær 25 en 20 millj. eða jafnvel þar yfir.

Nei, stjórnin neitar enn sem fyrr allri samvinnu um sparnað og skattlétti.

Stjórnin veit þó, að ofan á allsherjar getuleysi framleiðenda til lands og sjávar, gjaldþröng kaupstaða og sveitarsjóða og þrengingar lánsstofnana í landinu, bætist nú aflaleysi um allan sjó, en hin voveiflegustu harðindi spenna hálft landið í heljargreipar. En ríkisstjórn Íslands lokar augunum, svo að sjáandi sjái hún eigi. *Hún kæfir neyðaróp skattþegnanna í sínu* eigin herópi:

Skatta — nýja skatta! Peninga — meiri peninga!

Hér skal ekkert um það fullyrt, hvort almenningur dæmir ennþá réttilega um þetta athæfi. Hitt er alveg áreiðanlega víst, að það kemur mjög fljótlega að því, að annaðhvort verður þjóðin að losa sig við slíka fjármálastjórn eða að fjármálastjórnin losar þjóðina við fjárforræði, og þá sennilega líka við stjórnmálafrelsi, því að svona athæfi, slík fjármálaafglöp, óhófseyðsla og skattaæði hlýtur að leiða út í alveg augljóst gjaldþrot einstaklinga, banka og ríkis.

Ég kem þá að sjálfri trúarjátningu „stjórnar hinna vinnandi stétta". Hollustueiðurinn er tekinn upp í fyrsta boðorði 4 ára áætlunarinnar með þessum orðum:

„... að útrýma með öllu atvinnuleysi og afleiðingum kreppunnar."

Um efndirnar spyr ég svo almenning í landinu og þó einkum og sérstaklega hinn stóra og sívaxandi hóp þeirra manna, sem „stjórn hinna vinnandi stétta" hefir kastað út á kaldan klakann.

Ég viðurkenni að sjálfsögðu, að ekki ber að gefa stj. sök á öllu því atvinnuleysi, sem á er skollið og yfir mun dynja. Það er sjaldan ein báran stök, og hér bætist óáran ofan á óstjórn.

En þó að svo sé, er hitt víst, að meinið liggur dýpra, og rætur þess má rekja til kosningasigurs stjórnarflokkanna 1927 og óslitinnar misbeitingar valdsins nær alltaf síðan. Skulu nú sönnur færðar á þá staðhæfingu.

Frá því að Sjálfstfl. lét af völdum fyrir tæpum 9 árum, hafa framsóknarmenn og sósíalistar lengst af borið ábyrgð á ríkisstj., en sósíalistar í raun og veru ráðið mestu um alla lagasetningu. *Afleiðingarnar eru þær*, að á sviði atvinnulífsins má heita, að athafnafrelsið sé afnumið. Af atvinnurekendum hefir verið tekinn allur umráðaréttur yfir sölu ýmsrar framleiðsluvöru, og andvirði útflutningsvörunnar hefir í mörg ár verið af þeim tekið með valdboði og við verðlag, sem að þeirra dómi liggur langt undir sannvirði. Þeir, sem lífsframfæri sitt hafa af verzlun og viðskiptum, eða af iðnaði, sem styðst við innflutning hráefna, eru einnig alveg ofurseldir boði og banni umboðsmanna ríkisvaldsins.

Það er rétt að viðurkenna, að margvíslegar þvingunarráðstafanir hafa þótt nauðsynlegar vegna hins nýja viðhorfs í viðskiptum við ná-

grannaþjóðirnar. En hins má heldur enginn ganga dulinn, að eins og þessu hefir verið hagað í framkvæmdinni, hlýtur það að leiða til þjóðarbölvunar.

Það kann aldrei góðri lukku að stýra, að þeir, sem langa reynslu hafa að baki sér í æfistarfi sínu, þurfi að lúta geðþótta og valdboði annara manna, sem valdir eru til forystu eftir pólitiskum skoðunum þeirra og alveg án hliðsjónar af því, sem þó er fyrir mestu, þ. e. a. s. þekkingunni á viðfangsefninu.

Það liggur hverjum manni í augum uppi, að sérhver þjóðfélagsþegn, sem þarf að verja verulegum hluta af starfsdeginum til þess að glíma við vanþekkingu og jafnvel rangsleitnishneigð þeirra, sem valdhafarnir hafa falið yfirstjórn slíkra mála, sá þjóðfélagsþegn, hann skilar ekki þjóðfélaginu nema litlum hluta þeirrar orku, sem hann ella leggur af mörkum til úrlausnar hinna ýmsu verkefna, sem þjóðfélagsheildin þó öll á afkomu sína undir, að farsællega leysist.

Þessi orkumissir verður með hverjum deginum æ augljósari afleiðing allra þessara hafta og banna, sem nú ríkja á sviði viðskiptanna og atvinnulífsins, eins og líka afleiðingin kemur æ berar fram í versnandi afkomu heildarinnar.

Í þessa átt hefir þróunin öll gengið á undanförnum árum, og í rauninni hraðari skrefum heldur en allur þorrinn gerir sér ljóst, og það er nú svo komið hér á landi, að ríkisvaldið hefir meiri, og það svo miklu meiri völd yfir atvinnulífinu, heldur en í nokkru öðru riki Evrópu, ef til vill að Rússlandi undanskildu.

Jafnframt þessari þróun, og henni alveg samhliða, hefir svo *framtakshvöt einstaklingsins* verið drepin niður með sívaxandi kröfum ríkisins á hendur einstaklingsins, enda er það kunnugra en frá þurfi að segja, að skattarnir eru nú orðnir svo þungir, að það ber að líta á þá sem eignarnám, sem getur komið að haldi, meðan einhver telst eiga eitthvað, en hitt er með öllu vonlaust, að hægt verði að standa undir þeim á venjulegan og eðlilegan hátt, þ. e. a. s. með afrakstri atvinnurekstrarins, og hefir núverandi ríkisstjórn gengið í þessum efnum svo langt fram úr öllu skynsamlegu viti, að óhætt mun að staðhæfa, að langsamlega flestum af stuðningsmönnum hennar, bæði utanþings og innan ofbjóði.

Slíkir skattar, lagðir á fátæka þjóð ofan á skattabyrði, sem þó var viðurkennt, að væri í rauninni ofvaxin gjaldgetunni, eru einstakt skattmálabrjálæði.

Með hverjum mánuðinum, sem líður, með hverjum deginum, sem líður, sligast fleiri og fleiri undan sköttunum, og samtímis vex og margfaldast hópur atvinnuleysingjanna, sem ríkisstjórnin hefir kastað á gaddinn með skattaæðinu, því það liggur í hlutarins eðli, að þegar ríkið heimtar of mikið af atvinnurekstrinum, þá verður líka of lítið eftir handa þeim, sem kaup taka af afrakstri atvinnurekstrarins.

Þannig er það skattaránsstefna ríkisstjórnarinnar, sem er stórvirkasti forgengill og brautryðjandi eymdarinnar, og þar er „ríkisstjórn hinna vinnandi stétta", stjórnin, sem gaf fyrirheit um að tryggja vinnu handa öllum, sem er sjálf sýkill hinnar banvænu pestar, sem nú er að heltaka þjóðfélagið.

Atvinnuleysisbölinu verður aldrei bægt frá dyrum þjóðarinnar eða upprætt fyrr en þeir menn fara með völdin í landinu, sem í hugsun, orði og verki breyta gegn atvinnulífinu þveröfugt við stefnu núverandi valdhafa.

Íslenzka þjóðin á að líta um öxl og átta sig á, hvernig komið er og hvað veldur. Henni mun þá skiljast, að hér ríkir hið mesta ófremdarástand, sem að miklu leyti stafar af því, að öll stórvirkasta lagasetning síðari ára brýtur í raun og veru fullkomlega í bága við það þjóðskipulag sem stjórnarskrá ríkisins ráðgerir. Það er látið heita svo, að eignarrétturinn sé viðurkenndur og að borgararnir hafi athafnafrelsi á sviði atvinnulífsins. Í rauninni er eignarrétturinn ekkert nema hillingar, sem að löggjafarnir blása burtu, hvenær sem þeim þóknast, með skattafyrirmælum og margvíslegum kvöðum á þær eigur, sem eiga að vera friðhelgar, og athafnafrelsið til atvinnureksturs er einnig að mestu úr sögunni, a. m. k. í nægilega ríkum mæli til þess, að sérhver þjóðfélagsþegn veit, að hann verður að reikna með því, að atvinnurekstur hans verði á hverri stundu eyðilagður fyrir beinan tilverknað löggjafans.

Af þessu hlýtur að leiða og hefir leitt það tvennt, að gengið hafa til þurrðar efni þjóðarinnar og einstaklingarnir hafa misst framtakshvötina til sjálfstæðrar sjálfsbjargarviðleitni. Á þessari braut þýðir því ekki að ætla sér að ganga til lengdar.

Það verður að gera annað tveggja, að stýra þjóðfélaginu á ný inn á hinar eldri brautir, þar sem megin áherzlan er lögð á að örva framtak einstaklingsins, til þess á þann hátt að skapa almenningi atvinnuskilyrði og a. m. k. einhvern vísi til þjóðarauðs, eða með ráðnum hug og vitandi vits að stíga sporið til enda og koma hér á nýju þjóðskipulagi, sem byggist á ríkiseign og ríkisrekstri.

Og það er að minnsta kosti mín persónulega skoðun, að Íslendingar fái ekki langan umhugsunarfrest til þess að átta sig á, hvora leiðina þeir vilja velja, einkarekstur eða ríkisrekstur, blátt áfram af því, að ef valdhafarnir halda áfram að búa að einkaframtakinu eins og þeir hafa gert á undanförnum árum, þá kemur fljótlega að því, að það gefst upp, og þá sennilega með þeim afleiðingum, að allur einstaklingseignarréttur í þessu landi verður afnuminn.

Sjálfstæðismönnum verður þetta val ekkert erfitt, og mér er nær að halda, að margir þeirra manna, sem til þessa hafa látið ginnast til fylgis við stjórnarliða, og þá ekki síst bændurnir, muni, þegar á hólminn kemur og baráttan stendur um sjálft þjóðskipulagið, vilja skipa sér í okkar fylkingu.

En þeir, sem það vilja, verða að gera sér ljóst, að í þeim efnum má ekki sitja við góðan vilja og ásetning, þar verða orð og athafnir að fylgja, og mætti þá svo fara, að enn gæti tekizt að bjarga þjóðskipulaginu.

Ég held fyrir mitt leyti, að fullkominn ríkisrekstur væri skárri heldur en það ófremdarástand, sem nú ríkir, en ég er þó miklu sann-

færðari um hitt, að sú tilraun stendur stutt, og endar í algerðum missi bæði fjármuna og stjórnmálalegs frelsis.

Að þessu get ég náttúrlega fært rök, sem frá mínu sjónarmiði eru sterk, en engar óyggjandi sannanir, og verður þar hver þjóðfélagsþegn að fara eftir því, sem honum þykir sennilegast, hvort meira verði dregið í þjóðarbúið, með því að einstaklingurinn berjist sinni baráttu og nokkurnveginn sjálfráður athafna sinna og eigi sjálfur afrakstur verka sinna, eða með hinu, að allur sá rekstur, sem til þessa hefir verið borinn uppi af einstaklingsframtakinu, verði nú í höndum ríkisskipaðra nefnda og ráða, völdum eftir pólitiskum lit, fjár- og valdagræðgi stjórnargæðinganna, en án hliðsjónar af þekkingu á viðfangsefninu, lífsreynslu, dugnaði og hagsýni.

Svona er þá viðhorfið í þjóðfélaginu.

Ég veit ekkert um, hvað af þessu stjórnin skilur. Víst er um það, að hún lætur ekkert af því skilja og hefst ekkert að til varnaðar voðanum. Hins vegar er stjórnarliðið nú tekið að berjast fyrir völdunum með alveg samskonar vopnum og beitt var 1927, þegar þessir flokkar náðu völdunum í landinu, og tel ég rétt að víkja nokkru nánar að því.

Það hefir nú öðlast almenna viðurkenningu, að fjármálastjórn Jóns Þorlákssonar var með afbrigðum ráðdeildarsöm og hagsýn. Hann færði niður ríkisskuldirnar um framt að helming eða ofan í 11 millj. kr.

Hann létti sköttum af þjóðinni þegar í stað og lokið var greiðslu hinna ósamningsbundnu skulda, og samtímis þessu, þá réðst ríkissjóður á stjórnarárum hans og Magnúsar Guðmundssonar í meiri verklegar framkvæmdir en nokkur dæmi voru til hér á landi fyrir þann tíma.

Í kosningabaráttunni 1927 var þessi fjármálastjórn dæmd niður fyrir allar hellur, þjóðinni talin trú um að stefnt væri í beinan voða, svo að framundan væri fullkomið hrun og ánauð, nema þegar væri kippt í taumana, og munu margir enn minnast þessara fullyrðinga, er blaðið Tíminn þá flutti:

„Hve lengi á að taka lán á lán ofan erlendis? Hvað verður um frelsi og fullveldi þeirrar þjóðar, sem erlendir lánardrottnar geta hneppt í varanlega fjárhagsfjötra?

Framsókn verst skuldum og veit, að skuldirnar við útlönd eru þrælsband á landið og þjóðina."

Þjóðin trúði þessu, og hún fékk þeim völdin í hendur, sem blekkt höfðu hana og lofuðu gulli og grænum skógum. Nú veit þjóðin, að öll þau loforð eru svikin.

Hinir nýju valdhafar áttu ársæld að fagna og meiri ríkistekjum en dæmi voru til, en í stað þess að halda áfram að greiða skuldirnar, tóku þeir lán á lán ofan, eyddu öll í fullkomnu fyrirhyggjuleysi, og tókst að koma í lóg 76 millj. kr. á 4 árum, og með því að nær tvöfalda þá eyðslu, er þeir áður höfðu fordæmt hjá Jóni Þorlákssyni.

Nú er þess vegna ekki lengur hægt að vega með þessum eiturvopnum, og nú eru því ný upp tekin.

Eins og öllum er kunnugt, steðja nú að íslenzku þjóðinni hinar mestu þrengingar vegna þess, að haftastefna sú, sem að Framsfl. hefir barizt fyrir hér á landi, hefir rutt sér til rúms erlendis með þeim afleiðingum, að markaður fyrir framleiðsluvörur Íslendinga þrengist æ meir og meir, og einkum þó í Suðurlöndum, en þar hefir aðalframleiðsluvaran, saltfiskurinn, verið seldur.

Það liggur nú í hlutarins eðli, að sérhverjum ábyrgum stjórnmálamanni ber að svara þessu nýja viðhorfi með einlægri viðleitni til nýrra úrræða, til þess á þann hátt að freista þess að afstýra voðanum.

En enn sem fyrri daginn lætur stjórnin og lið hennar niður falla baráttuna fyrir lífi og afkomu þjóðarinnar í því skyni að reyna að herja á andstæðingana, því að enn sem komið er a. m. k. virðist öll viðleitni hníga að því að sverta andstæðingana og fegra sjálfa sig með hverskonar skrumi.

Á fáum áratugum fjórfölduðu Íslendingar fiskframleiðsluna og ruddu henni jafnóðum braut á nýjum mörkuðum, og alltaf með því að setjast að þeim eldinum, sem bezt brann, þ. e. a. s. selja framleiðsluaukann á verðhæsta markaðinum.

Þegar þess nú er gætt, að um þessa markaði var barizt við margfalt ríkari og öflugri þjóðir, þá er það sannast sagna undravert, hve farsællega það vandaverk hefir tekizt.

En nú, þegar innilokunarstefna stjórnarliðsins hefir sigrað í viðskiptalöndunum, og saltfiskmarkaðurinn af þeim ástæðum hrynur, þá er ráðizt á þá, sem höfðu barizt til sigurs í þessum löndum, fyrir fyrirhyggjuleysi og úrræðaleysi, að þeir skyldu ekki hafa opnað nýja markaði fyrir nýjar tegundir af framleiðsluvörum!!

Það má nú vafalaust treysta því, að þegar þjóðin fær tíma til að átta sig á þessum málum, þá skilst henni, að fátæk þjóð eins og Íslendingar verður auðvitað á hverjum tíma að haga framleiðslu sinni þannig, að afkoman verði sem arðvænlegust, og það er þess vegna ekkert vit í að hallmæla mönnum fyrir að hafa ekki lagt út á þá braut að verka t. d. harðfisk, meðan hægt var að selja allan fiskinn sem saltfisk, blátt áfram vegna þess, að nær undantekningarlaust sannar reynslan, að meira verðmæti fæst fyrir framleiðsluvöruna með að verka fiskinn í saltfisk en harðfisk.

En látum þetta liggja milli hluta og athugum, hvernig aðstaðan að öðru leyti er til að ráðast á þá, sem stjórnað hafa fiskframleiðslunni og fisksölunni á undanförnum árum.

Í því sambandi verða menn að hafa hugfast, að ef breyta á um frá saltfiskframleiðslunni, er aðallega um tvær leiðir að ræða, aðra, sem liggur niður á við frá saltfiskinum, nefnilega harðfiskinn, og hina, sem liggur upp á við frá saltfiskinum, sem sé frysta fiskinn.

Báðar þessar aðferðir er nú byrjað að framkvæma hér á landi, og það er þessi vísir til framkvæmda, sem að raupgjarnir stjórnarliðar miklast af og nota til þess tvenns í senn, að svívirða sjálfstæðismenn, en hylla og lyfta til skýjanna þeim aðila, sem nú að lögum á að hafa forgöngu í þessum málum, þ. e. a. s. fiski-

málanefnd, og eru öll þau skrif með þeim hætti, að ætla mætti, að engum manni hefði dottið nein úrræði í hug fyrr heldur en þessi alvitra nefnd settist á rökstólana og opnaði þjóðinni hlið himnaríkis, svo að hún mætti koma í hina nýju paradís velsældar og velfarnaðar undir öruggri forystu Héðins Valdimarssonar.

Það eru nú liðin meira en 4 ár síðan ég skrifaði alllanga blaðagrein um þessi málefni, þar sem ég m. a. komst þannig að orði:

„Það er engum vafa undirorpið, að Íslendingum ber að fylgjast vel með og athuga gaumgæfilega sérhverja nýjung á sviði hraðfrystingarinnar, og það er öldungis víst, að í hinum nýju hraðfrystiaðferðum liggja nýir möguleikar fyrir nýja blómaöld á sviði fiskiveiðanna. Það er fremur vissa en spá, að þessi aðferð mun reynast þess megnug að brúa fjarlægðina á milli hinna auðugustu fiskimiða heimsins hér við strendur landsins og allra þeirra milljóna í umheiminum, sem skortir fisk, en hafa næga kaupgetu til þess að veita sér þessa ágætu fæðutegund."

Á undan mér höfðu aðrir hugsað um þetta mál og gert alvíðtækar tilraunir til framkvæmda, og síðan hafa þessi mál alltaf öðru hverju verið rædd í blöðum sjálfstæðismanna. Á landsfundi sjálfstæðismanna, sem haldinn var í aprílmánuði 1934, voru fiskimálin einnig ýtarlega rædd og um þau gerðar margvíslegar samþykktir, bæði um hraðfrystingu og herðingu, og voru þær allar birtar í blöðum flokksins.

Í október þetta sama ár lögðu svo sjálfstæðismenn fram frumv. sitt um fiskiráð, en því fylgdi ýtarleg grg. um nauðsyn þess að taka upp hraðfrystiaðferðina og harðfiskinn ásamt öruggri sókn til nýrra markaðsleita í stað hinna brestandi beztu saltfiskmarkaða, jafnvel þó á lélegri markaði yrði að sækja.

Um sama leyti gaf Sölusamband ísl. fiskframleiðenda út ýtarlega skýrslu um fulltrúafund, sem haldinn var í félaginu, og var í þeirri skýrslu gerð nákvæm grein fyrir fisksölunni, ásamt ýmsum till. til að ráða bót á vandkvæðunum, og hnigu þær mjög í sömu átt og till. sjálfstæðismanna á þingi.

Út úr þessu öllu var svo sett löggjöf um fiskimálanefnd, og voru þar með teknar upp fornar og nýjar hugmyndir sjálfstæðismanna um breyttar og bættar aðferðir í framleiðslu og sölu sjávarafurða, hugmyndir, sem sumpart höfðu verið á döfinni í hálfan áratug, eins og hraðfrystingin, en sumpart voru neyðarúrræði, eins og herðingin.

Fiskimálanefnd hefir því haft það hlutskipti að framkvæma hugmyndir sjálfstæðismanna, og sú gagnrýni, sem n. sætir, er því að sjálfsögðu ekki sprottin af neinni andúð gegn sjálfu verkefninu, sem hún er að fást við, heldur eingöngu út af því, hve frábærilega léleg forystan hefir reynzt í þessu allra mesta nauðsynjamáli þjóðarinnar.

Það er eftirtektarvert, hvernig n. hefir hegðað sér. Hver skrumauglýsingin hefir rekið aðra, og stundum varla mátt á milli sjá, hvort stjórnarblaðanna hafði betur í þeirri starfsemi.

Nú átti þjóðin ekki að þurfa að kvíða neinu, nú voru menn hins nýja tíma seztir að völdum og nú blasti við ný veröld, ný viðreisn sjávarútvegsins undir öruggri forystu hinna ötulu og ráðdeildarsömu fyrirhyggjumanna.

Sjálfur lét formaðurinn hafa eftir sér ýmsar fregnir, sem þó smátt og smátt vöktu athygli fyrir það, að þær voru sjaldnast um afrek, sem búið var að vinna, heldur afrek, sem hann hafði í hyggju að vinna.

Þannig hét hann því að láta herða á síðastliðnu ári 2000 smálestir af fiski og lét boðbera sína færa þjóðinni þær fregnir, að senda ætti 20000 smálestir af frystum fiski til Póllands.

Úr þessu varð nú ekki meir en 147 smálestir af harðfiski, og 200 í stað 20000 smálestir af frystum fiski, og fór salan á frysta fiskinum þannig úr hendi, að langfarsælast hefði verið, að fiskimálanefnd hefði borið gæfu til að láta losa skipið og henda fiskinum í sjóinn strax og það kom hér út fyrir hafnarmynnið.

Það mætti e. t. v. afsaka þessi axarsköft n., ef hún hefði margt annað sér til ágætis unnið, og þetta tvennt, harðfiskurinn og frysti fiskurinn, hefði verið aukaatriði í verkahring hennar. En því er ekki til að dreifa. Fiskimálanefnd hefir engin störf, sem heitið getur, haft með höndum.

Fiskimálanefnd hefir þess vegna misþyrmt hugmynd sjálfstæðismanna, ýmist með skorti á framtaki eða hneykslanlegum mistökum, sem auðvitað stafa af þekkingarleysi, eins og framangreind dæmi sýna.

En af öllum syndum þessarar n. er þó sú ótalin, sem er langstórvægilegust og örlagaríkust, en það er hin hneykslanlega og vítaverða framkoma n. í sambandi við nýja markaðsmöguleika fyrir frystan fisk, sem fisksölusambandið var búið að opna í Norður-Ameríku, og sölu og afhendingu þeirra 200 tonna af frystum fiski, sem vélskipið „Steady" nýlega hefir losað í New York.

Er sú saga öll svo ótrúleg og svo fullkomið hneykslunarefni, að þó fiskimálanefnd hefði allt annað vel gert, þá hefði hún samt með slíkri framkomu unnið sér til óhelgis.

Verður að svo stöddu eigi um sagt, hvað af hlýzt, en það er ekki ofmælt, þó sagt sé, að sterkar líkur benda til, að fyrir hroka og ofmetnað eins manns, Héðins Valdimarssonar, og kraftlaust dáðleysi annars manns, Haralds Guðmundssonar, hafi nú allmikið dregið úr réttmætum vonum manna um skjótan ávöxt af sölu hraðfrysts fisks í Norður-Ameríku.

Ég hefi nú sannað, að þeir menn, sem áður höfðu forystuna um framleiðsluauka við sjávarsíðuna og sölu sjávarafurðanna, hafa leyst hið vandasama hlutverk sitt mjög vel af hendi. Árásirnar á þá eru því ómaklegar.

Ég hefi sannað, að fiskimálanefndinni var ekkert hlutverk ætlað annað en að framkvæma þær till., sem þessir menn höfðu gert og sumpart byrjað sjálfir að framkvæma, og ég hafi sannað að fiskimálanefndinni hefir farizt það svo herfilega úr hendi, að hún hefir jafnvel brugðizt trausti þeirra manna, sem nær engar vonir gerðu sér um afrek hennar. —

Lofið um fiskimálanefnd er því ekkert annað en skrumgyllingar, óviðfelldið af því það er

óverðskuldað, en vítavert vegna þess, að á bak við það liggur tilgangur, sem þjóðinni stafar voði af.

Af alveg sama toga er spunnið það frumvarp, sem jafnaðarmenn flytja um nýbyggingar og ríkisútgerð margra togara í því skyni að bæta úr aðsteðjandi atvinnuleysi.

Flm. vita þó, að Íslendingar, sem til skamms tíma seldu 35 þús. smálestir fiskjar á Spáni, eru nú búnir að missa þann markað að öllu eða langsamlega mestu leyti. Ítaliumarkaðurinn hefir færzt úr 23 þús. smálestum niður í 8 þús. og Portúgalsmarkaðurinn er í yfirvofandi voða, þar sem m. a. er upplýst, að norskir fiskútflytjendur njóta nú beins styrks úr ríkisjóði til að keppa um verðlag á þeim markaði við Íslendinga.

Það er því engin von til, að hægt verði að selja meira en sem svarar rúmum helming af meðal ársframleiðslu þess skipastóls, sem nú er gerður hér út á veiðar, og þess vegna alveg augljós fásinna að ætla að bæta úr atvinnuleysinu með aukinni útgerð.

Vil ég hér með skora á þann mann, sem mest hefir um þetta talað og mestar gyllingar í trammi haft, formann Sjómannafélags Reykjavíkur, Sigurjón Á. Ólafsson alþm., að standa fyrir máli sínu við þessar umr. í allra áheyrn.

Verði hann ekki við þeim tilmælum, mun verða litið svo á, að hann telji málstaðinn hæpinn.

Ég hefi þá rakið feril ríkisstjórnarinnar og brugðið upp mynd af högum þjóðarinnar eftir nær 9 ára óslitinn valdaferil stjórnarflokkanna, og jafnframt varpað ljósi yfir vopnaburðinn.

Ég hefi sannað, að stj. hefir gersamlega brugðizt fyrirheitum sínum og með því og öðru fært vá að dyrum þjóðarinnar, og ég hefi fært rök að því, að blekkingarnar, sem nú er beitt, eru fyrir það skaðlegri en hinar fyrri, er í frammi voru hafðar 1927, að í þetta skipti eru það afkomuskilyrði þjóðarinnar, sem barizt er um á hinum mestu neyðarinnar tímum.

Ég veit, að þess verður að vísu ekki langt að bíða, að staðreyndirnar tali sínu máli og opni augu fólksins fyrir því, að árásirnar á forystu sjálfstæðismanna í atvinnulífinu eru jafn ósannar og níðið um fjármálastjórn Jóns Þorlákssonar, og að skrumið um menn hins nýja tíma, afrek þeirra og fyrirheit í þessum efnum, eru sömu blekkingarnar og sparnaðarloforðin, sem gefin voru 1927.

En ég treysti því, að þjóðin varist nú vítin og krefjist ekki að þessu sinni að fá að þreifa á naglaförunum, að öðlast vizkuna fyrir aðgerðir eymdarinnar. Ég treysti þessu og vona þetta vegna framtíðar íslenzku þjóðarinnar, og í því trausti og með því að ég tel alveg ótvírætt, að sú þjóð, sem í voða er stödd og hefir verið vonsvikin af valdhöfunum, eigi rétt á því að fá með nýjum dómi að kveða á um, hverri forystu hún vill hlíta á örlagastundinni, vil ég, hr. forseti, endurtaka þá kröfu, er ég bar fram í upphafi máls míns.

Fyrir hönd Sjálfstfl., sem er stærsti stjórnmálaflokur Íslendinga og við síðustu Alþingiskosningar hlaut framt að því jafnmikið kjörfylgi eins og báðir stjórnarflokkarnir til samans og áreiðanlega hefir nú að baki sér mikið meira fylgi en stjórnarliðið, leyfi ég mér að bera fram þá kröfu, að ríkisstjórnin rjúfi þing þegar í stað að afgreiddum fjárlögum og láti fram fara nýjar kosningar.

Kröfu þessa rökstyð ég eigi eingöngu með því, að vilji sjálfstæðiskjósenda í landinu hefir verið fullkomlega að vettugi virtur frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum, heldur og með hinu, að ríkisstjórnin hefir brugðizt nær öllum þeim fyrirheitum, sem hún gaf sínum eigin stuðningsmönnum fyrir kosningarnar. En einkum og sérstaklega berum við sjálfstæðismenn fram þau rök, að það er skoðun okkar, að þjóðin sé nú orðin svo aðþrengd, að engar vonir liggi til að forða henni frá fjárhagslegu hruni og frelsisskerðingu, nema snögglega sé horfið af þeirri braut, er á hefir verið gengið, og það er trú okkar, að þessar staðreyndir sé orðnar nægilega mörgum ljósar til þess, að með nýjum kosningum mætti lánast að stöðva feigðargönguna og snúa stjórnmálunum inn á réttar brautir.

*Þorsteinn Briem: Höfuðskylda og verkefni þings og stj. er að reyna að efla atvinnuvegina. Allir umbóta- og framfaramöguleikar byggjast á því, að atvinnuvegirnir séu sem traustastir. Þeir eru fjöreggið.

Séu þeir traustir, þá er það annaðhvort þröngsýni og kyrrstöðulöngun eða vanhyggindum að kenna, ef ekki er hægt að sjá öðrum greinum þjóðlífsins nokkurnveginn borgið.

En þetta er hinsvegar ekki unnt, ef ekki er á öðru að byggja en örþrota hrynjandi atvinnulífi. Þetta virðist einnig hafa verið núv. stjórnarflokkum ljóst *fyrir* kosningarnar. Og sést það af þeim fögru loforðum, sem þá voru gefin.

Aðalflokkur stjórnarinnar gekk til síðustu kosninga með glæsilega stefnuskrá.

Þá var kreppa hér í landi, eins og annarsstaðar og allmikið, *en þó minnkandi* atvinnuleysi.

Það lét því vel í eyrum, þegar þessi núverandi stjórnarflokkur lofaði m. a. þessu:

„Að hrundið yrði *þegar í stað* í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins *opinbera* auknum atvinnurekstri og framleiðslu — eftir nákvæmri áætlun, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar.

Það var eðlilegt, að slík loforð vektu vonir hjá þeim, sem trúnað lögðu á. Enda virtist foringjum hins gamla sveitamannaflokks þetta kosningaloforð Alþfl. svo heillandi, að þeir gleymdu fyrri sérstöðu sinni og gengu nú til kosninga sem fylgiflokkur sósialista.

Fast að helmingi þjóðarinnar treysti og á loforðin og fól þessari nýju flokkasamsteypu umboð sitt til þess að koma loforðunum í framkvæmd.

Síðan hafa nú bráðum verið háð þrjú þing, þar sem stjórnin hefir haft fullt afl til að koma

* Stjarna (*) fyrir framan nafn ræðumanns táknar, að ræðan sé prentuð eftir handriti innanþingsskrifara, óyfirlesin af ræðumanni.

fram hverju því lagafyrirmæli, sem hún hefir talið þörf á.

Það er *því tími til kominn að litast um í þjóðlífinu* og aðgæta, hve vel stjórnin hefir staðið við kosningastefnuskrá sína að útrýma með öllu atvinnuleysinu og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar.

Ég lít í hagtíðindin til þess að ganga úr skugga um, hvort þetta sé ekki allt saman barlómur, sem sagt er um atvinnuleysið, og gái að, hvort ég finni *nokkurn* atvinnuleysingja skráðan.

Skýrslur hagstofunnar sýna, að s. l. 1. febr. höfðu í Rvík verið um 700 atvinnuleysingjar á þrem mánuðunum þar á undan. Þær sýna, að um vortímann hefir tala atvinnuleysingja í Reykjavík aldrei á síðustu árum verið jafnlág eins og 1. maí 1934, *áður* en núv. stjórn tók við völdum (199 menn).

Þær sýna líka, að atvinnuleysingjatalan hefir aldrei verið jafnhá á sama tíma sem 1. maí s. l., *eftir* að núv. stjórn tók við (432 menn).

Hafði þá atvinnuleysingjum fjölgað svo mikið þegar á fyrsta stjórnarárinu, að þeir höfðu miklu meira en tvöfaldazt síðan 1. maí 1934.

Þó er vitað, að víða á landinu er atvinnubresturinn jafnvel enn tilfinnanlegri en hér í Reykjavík. Og það svo, að þar verða stöðugt fleiri og fleiri fullvinnandi fjölskyldufeður að stiga þau þungu spor að leita á náðir bæjar eða kauptúns *um framfærslu*.

Bæjar- og sveitarsjóðir eru að sligast, enda þótt útsvörin á landinu séu nú komin upp í nálægt 7 milljónir.

Þeir kikna hver af öðrum undan gjaldaþunganum, af því að útsvörin nást ekki inn, hvernig sem að er farið, þar sem gjaldgetan er þorrin.

Tímakaup hefir að vísu sumstaðar hækkað, m. a. við vinnu ríkissjóðs. En þar hefir vinnudagsverkunum fækkað að sama skapi og vinnuleysisdögunum þar með fjölgað, þegar á heildina er litið.

Þannig voru t. d. við vega- og brúargerðir unnin 35 þús. *færri* dagsverk á landinu 1935 en 1934, svo að allmiklu fleiri hafa farið á mis við þá atvinnubót en árið áður.

Og þegar litið er fram, þá mun varla verða um *það deilt, að atvinnuhorfur verkafólks hafa vart* í annan tíma verið ískyggilegri en þær, sem nú eru fram undan, ef eigi ber einhver sérstök höpp að höndum.

Þannig hefir þá tekizt um þetta fyrsta kosningaloforð, að útrýma með öllu atvinnuleysinu meðal verkafólksins við sjóinn.

Hvernig hefir þá tekizt með annað loforðið, að útrýma með öllu „afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í atvinnuvegi þjóðarinnar?"

Skal þá fyrst lita á hina yngstu atvinnugrein landsmanna, iðnaðinn.

Sú atvinnugrein var mjög ört vaxandi hin síðari ár. Og í skjóli haganlegra innflutningshafta hafði hún öll skilyrði til þess að vaxa og dafna enn meir.

En í stað þess að innflutningshöftunum hafði *yfirleitt verið beitt iðnaðinum til hagnaðar, eru* nú mjög almennar kvartanir meðal iðnaðarmanna yfir því, að innflutningstakmarkanir og nýir tollar á vinnuefni séu orðin þeim mjög tilfinnanleg. Almennastar munu kvartanir trésmiða, múrsmiða, húsgagnasmiða og ýmsra smáiðnaðarmanna í þessu efni. Og verður því ekki mótmælt, að þar hugsar margur til næstu framtíðar með litlum atvinnuvonum og þungum hug.

Við þessum innflutningstakmörkunum til iðnaðarins væri auðvitað ekkert að segja, ef gjaldeyririnn væri *svo* takmarkaður að alls ekki yrði hjá því komizt. En meðan leyfður er innflutningur á margskonar algerðum óþarfa, — og meðan ríkisstjórnin sjálf lætur flytja ótakmarkað inn hin skaðlegustu eiturefni, eins og áfengið, og takmarkar ekki heldur innflutning dýrasta tóbaksins, þá verður maður að efast um nauðsynina.

Ég var að athuga í fasteignamatinu landverð jarða í 5 sýslum á landinu. Það voru þessar sýslur: *Strandasýsla — kjördæmi yfirherra áfengissölunnar* — Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla og Vestur-Ísafjarðarsýsla. Og sést, að landverð jarðanna í öllum þessum 5 sýslum til samans hrekkur ekki samanlagt til þess að greiða það áfengi, sem ríkisstj. hefir selt síðastliðið ár. Það verður að taka nokkur vænstu höfuðbólin í öðrum héruðum og leggja þau ofan á, til þess að jafnist við áfengiskaupin. Og þá vil ég segja, að á meðan stjórnin selur áfengi fyrir 3½ millj. kr. og takmarkar þá sölu ekki agnar ögn, — á meðan okkur er ekki að neinu leyti kennt að spara þó ekki væri nema dýrasta tóbakið — **og á meðan** hér sjást á götunni dömur, sem eru skjóttar í ásjónu af innfluttum farða, sem þær maka á sitt fagra andlit, *þá* hafi stjórnin ekki **leyfi** til að takmarka innflutning á efni til bygginga og öðru **nauðsynlegu** vinnuefni til iðnaðar. Hitt er alkunnugt, hve þeir, sem raftækjaiðnaðinn stunda, kvarta mjög undan barðinu á hinni nýju raftækjasölu ríkisins — enda var þar svo óheppilega af stað farið, að jafnvel stuðningsblað stjórnarinnar, Alþýðublaðið, fekk ekki orða bundizt.

Þá dregur það eigi lítið kjark og áræði úr mönnum að auka iðnaðarframleiðsluna eða byrja á nýjum iðngreinum, að menn vita aldrei, hvar núverandi stjórnarflokkar kunna að bera niður *næst um nýjan ríkisrekstur*.

Menn geta heldur aldrei vitað, hvenær sjálfbjargarhvötin er deyfð og einkareksturinn heftur eða torveldaður með boðum eða banni af nýjum álögum.

En hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa nægan skilning á því, hve hvert þjóðfélag á dýra eign í kjarki og áræði einstaklinganna til átaka og framtaks til að brjóta sjálfir nýjar leiðir, þegar aðrar lokast.

Henni virðist alls ekki geta skilizt, að það er ein höfuðhættan, sem stafar af ríkisrekstrarstefnunni, þegar of geyst er farið, að óttinn við, að alltaf verði lengra og lengra farið, lamar þetta lífsafl þjóðfélaganna, sem engin ríkisstjórn fær bætt úr með eigin framtaki, þó hún vildi fegin.

Fyrir verkafólk við sjóinn skiptir útvegurinn að sjálfsögðu enn meira máli en iðnaðurinn. Hefir þá stj. fært nýtt fjör í þann atvinnuveg, eins

og hún lofaði um alla atvinnuvegi landsins? Nei, aldrei hefir litið verr út fyrir þeim atvinnuvegi landsmanna en nú í tíð hæstv. stj. Ég á þar ekki við það, sem engin fær að gert þegar afli bregzt. Ég á þar ekki heldur fyrst og fremst við það, að gamlir markaðir hafa stórlega minnkað, þó bagalegt sé. Ég á ekki við þær skammtanir og úthlutanir á gömlu markaðslöndin, sem óhjákvæmilega leiða af því, að innflutningur þangað er takmarkaður. Ég á við hitt fyrst og fremst, að framleiðendurnir eða umbjóðendur þeirra eru nú gerðir ófrjálsir að því að afla þessari aðalútflutningsvöru landsmanna nýrra markaða erlendis. Ég á við það, þegar ríkisvaldið eða menn í þess umboði taka fram fyrir hendur umboðsmanna framleiðendanna, þegar þeim hefir tekizt að finna nýjan markað og spilla þeim tilraunum, sem þeir eru að byrja á.

Þá má nú segja, að flestar bjargir séu bannaðar, þegar óvitrir viðvaningar koma í nafni ríkisvaldsins og grípa fram fyrir hendur þeirra, sem eru að opna nýtt land til að selja þar framleiðsluvöru sína, eins og nú er að verða þjóðkunnugt, að hér hefir verið gert.

Þar á það sannarlega við, að ofstjórn er sama og óstjórn, og hefði hæstv. ríkisstj. gott af að minnast þess framvegis. Ríkisstj. hefði þó sannarlega mátt vera í nógu fersku minni hin eftirminnilega freðfisksending fiskimálanefndar til Póllands og sá skaði og skömm, sem af henni hlauzt, til þess að hún styddi að annari en háðulegri og skaðsamlegri sendiför af hálfu þessarar nefndar.

Það er eigi sízt smábátaútvegurinn, sem hér átti mest í að vinna og mestu hefir tapað við það, að svona fór. En sá útvegur hefir nú lengi verið þjakaður af olíuokri til útgerðar sinnar.

Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum upplýsti, að verð á brennsluolíu væri í Danmörku 10—11 aur. kg., þegar það kostaði 18 aur. hér hjá okkur. Fyrr má nú vera verðmunur á nauðsynjavöru en 70—80%. Fyrr má nú vera, að örðug sé samkeppnin við aðrar fiskveiðaþjóðir en þegar búa verður við slíkan verðmismun á útgerðarvöru.

Það hefði ekki getað talizt ofstjórn af hálfu ríkisstj., þó að hún hefði látið athuga, hverju þetta sætti. Og hún stóð því betur að vígi um að láta þá athugun fram fara, þar sem hún hefir í lögum heimildina frá eldri tíma um einkasölu á olíu.

En það er svo að sjá, sem einhver hlífi olíu og benzíni hjá þessari einkasölustjórn.

En hart er það fyrir atvinnuveg, sem svo margur á undir björg sína, eins og þessum útveg, að hann skuli ofan á þetta olíuokur, ofan á alla skatta og gjöld til ríkis og sveitar verða einnig að þola það, að þeir, sem eru vel á veg komnir að skapa nýjan ágætan markað fyrir freðfiskinn, séu ofbeldi beittir á síðustu stundu og ónýtt verk þeirra, eins og hér hefir verið gert.

Ríkisstj. getur ef til vill aldei bætt útvegnum upp það frumhlaup, sem hér var gert. En hún gæti þó á tvennan hátt sýnt þar á nokkurn lit. Hún gæti látið sér þetta að kenningu verða og forðast ofstjórnina framvegis, og hún gæti gert sitt til að fá lækkað olíuverðið, svo að það nálgaðist sanngirni, eins og aðrir aðiljar munu nú á vegi með að fá benzínverðið eitthvað lækkað. Hún ætti að geta þetta, því að þar mun vera innangengt á milli, eins og milli fjóss og bæjar á góðu sveitaheimili. Hæstv. ríkisstj. ætti og ekki æ ofan í æ að flaska á þeirri ofstjórn að banna útvegsbændunum að kaupa sér netin. Það var t. d. alveg nægilegt tjón að því fyrir verkafólk og sjómenn og suma útvegsbændur hér við Faxaflóa síðastliðið sumar, þegar síldveiðin var bezt og síldin í hæsta verðinu, að láta menn bíða með mannaðan bátinn í mánuð eftir því, að þeir mættu panta sér eða taka út af skipaafgreiðslunni net til að ausa úr síldinni í gjaldeyri handa ríkinu. Það var alveg nóg, þó að nú eigi ekki hið sama að henda aftur við Vestmannaeyjar á þorskvertíðinni.

Það er hart fyrir þá, sem fyrst eru tepptir af verkfalli og síðan af tregum afla og yfirgangi botnvörpunga, að nú loks, þegar netafiskmokstrinn er kominn, þá verði sumir bátarnir bráðlega að hætta netveiði, af því að ófróðir menn um fiskimál hafa sumpart bannað, sumpart takmarkað og sumpart dregið von úr viti að leyfa þeim innflutning á netunum. Þessi ofstjórn er óstjórn. Hæstv. ríkisstj. er alveg jafnvorkunarlaust að vita það eins og öðrum, að útvegsbændur og fiskimenn eru ekki það vel stæðir, eins og nú stendur, að þeim komi til hugar að kosta meira til veiðarfærakaupa en þeim er beint nauðsynlegt. Og hæstv. ríkisstj. skjöplast algerlega, ef hún telur sig hafa til að bera landsföðurlegan vísdóm, til þess að geta með valdi sínu tekið þannig fram fyrir hendurnar á þeim, sem bera björg í hennar eigið bú í hvert sinn, sem þeir reyna að bjarga sér sjálfum. Hún má vera viss um það, að hún færir ekki í atvinnuvegina það nýja fjör, sem hún lofaði með slíkri ofstjórn.

Handjárnin geta verið henni hin þarflegustu þing á flokksfundum hennar hér innan þings, og hún mundi sjálfsagt missa allt saman úr höndum sér án þeirra þar, en handjárnin henta ekki eins á þá, sem verða að vinna, ekki á þá, sem draga línu eða þorskanet, ekki á þá, sem fara með sög og hamar, og ekki á þá, sem orfinu veifa eða fara með rekuna. Slík handjárn henta yfir höfuð ekki á atvinnuvegina meðan þeir eru bornir uppi af heilbrigðri sjálfsbjargarhvöt. Og ég veit ekki, hvað á að halda þeim uppi, þegar sú hvöt er með öllu horfin.

Glöggt dæmi um það, hve þessi ofstjórn og handjárnapólitík getur verið skaðleg atvinnuvegunum má finna í landbúnaðinum. Þar má og glöggt sjá, hversu strax breytist til batnaðar, þegar slakað er á ofstjórninni og handjárnunum. Á ég þar sérstaklega við mjólkurmálin, og skal nú vikið stuttlega að þeim.

Tímamenn vissu það þegar eftir að Ed. hafði, þrátt fyrir mótmæli núv. form. Framsfl., samþ. þáltill. Jóns í Stóradal í afurðasölumálunum haustið 1933, að þáv. stj. var að undirbúa nýja löggjöf um það efni. Og þá þurfti nú að reyna að yfirbjóða fyrir kosningarnar.

Tíminn bauðst til þess vorið 1934, ef þeir fengju völdin, að sjá um, að hagnaður af mjólkurskipulaginu yrði 22 au. á lítra, og vildu sumir

skipta þeim hagnaði milli framleiðenda og neytenda, en aðrir létu í það skína, að þennan hagnað ættu bændur einir að fá. (Tíminn 1934, 23. og 24. tbl.). Með þessu tilboði unnu Tímamenn Árnessýslu, og með þessu tilboði unnu sósialistar nokkuð á í Rvík.

Flokkasamsteypan náði völdum. Hún byggði á undirbúningi fyrri stj. í afurðasölulögunum. En hún flutti valdið frá framleiðendunum sjálfum yfir til sín og annara aðilja. Og þetta var sérstaklega óheppileg ráðstöfun að því, er tók til framkvæmdar mjólkurlaganna strax í byrjun.

Reikningar mjólkursamsölunnar yfir 3½ fyrstu mánuðina sýndu hina hörmulegustu útkomu, af því að framleiðendurnir og þeir, sem í þeim efnum höfðu mesta reynslu og þekkingu voru bornir ráðum. Allstórum kostnaðarliðum, svo sem brotum á flöskum, sliti og fyrningu á áhöldum o. fl., hafði verið sleppt, og einn eignaliðurinn var villandi,svo að nam 4000 kr., en rekstrarkostnaður nær 100 þús. (97. þús.). En þegar sýnilegt var, að ofstjórnarstefna stj. ætlaði að koma í veg fyrir væntanlegan hagnað af lögunum, þá losaði forsrh. nokkuð um handjárnin vegna kröfu bændanna og þeirrar hörðu gagnrýni, sem fram var komin. Var þá gerð svofelld sætt í maí síðastliðnum, að dregið var úr beinum afskiptum mjólkursölunefndar, en fulltrúum tveggja stærstu mjólkurbúanna falin stjórn samsölunnar. Tók þá brátt nokkuð að lagast. Skipt var um forstjóra og hann hafður aðeins einn, en þeir höfðu um tíma verið tveir á hálaunum. Gekk svo frá vori til hausts, að reynt var að fá ýmsar misfellur lagaðar eftir því, sem ráðh. neyddist til að losa á handjárnunum. Á öndverðum vetri fengu svo fulltrúar mjólkurbúanna loks nokkuð að kynna sér rekstur samsölunnar, og kom þá ýmislegt í ljós, sem þeir bentu á til lagfæringar. Þessir fulltrúar komu t. d. auga á, að hagnaður samsölunnar af brauðasölu hefir að meðaltali verið 89 kr. minni í hverri búð á mánuði eða 1068 kr. minni á ári í þeim búðum, þar sem brauðgerð sósialista hafði verið veitt forréttindi, en í hinum mjólkurbúðunum. Og þar sem þessar forréttindabúðir sósialista munu vera 19 alls, þá munar þetta 20292 kr. samtals, sem annars hefði dregizt frá mjólkursölukostnaðinum. En þessi skattur er auðvitað aðeins afleiðing af ofstjórnarstefnu stj.

Nýlega hafa öll mjólkursölubúin á verðlagssvæði Rvíkur birt reikninga sína fyrir síðastliðið ár. Nú er því unnt að gera upp heildarárangurinn af mjólkurlögunum og framkvæmd þeirra til að sjá, hvernig tekizt hefir að efna loforðin um 22 au. hagnaðinn á lítra til bændanna eða þá skiptinguna: 11 aurum hærra verð til framleiðenda og 11 aura lækkun til neytenda.

Skal nú byrjað á mjólkurbúi Flóamanna. Rekstur þess er að mörgu leyti með myndarbrag, hús, vélar og verkfæri í fullkomnasta lagi, og lærður erlendur mjólkurbússtjóri, vel að sér í danskri mjólkurvinnslu, enda hefir óneitanlega verið vel að búinu búið frá ríkisins hálfu, þar sem mestur hluti byrjunarstofnkostnaðar þess var lagður fram af ríkinu. Mjólkurmagn búsins árið, sem leið, var tæpar 3 milljónir lítra (2991175 l.). Það borgaði 4 au. á fitueiningu eða alls kr. 445943,62, og rekstrarágóði varð kr. 153078.08 eða samtals kr. 599021.70. Frá þessu verði dregst flutningskostnaður greiddur af félagsmönnum, kr. 13898.85. Félagsmenn fengu því við fjósdyr kr. 585122.85 eða að meðaltali á lítra 19.56 aur. (19½). Af þessu verði borguðu þeir svo í sjóði, sem ekki skiptir máli í þessu sambandi.

Árið áður, 1934, var mjólkurmagnið rúmar 2 millj. lítra (2072833 l.). Reiknað á sama hátt var verðið þá við fjósdyr 17.23 au. (17¼). Við þetta er það að athuga, að fitumagnið var 1935 3,73, en árið áður aðeins 3,62, eða 0.11 minna en 1935. Mjólkurlögunum er ekki fremur að þakka, að mjólkin var fitumeiri á svæði Flóabúsins 1935 en 1934, heldur en þeim er að kenna, að hún var fituminni í Eyjafirði það ár, svo að fiturýrnunin olli þar 5 aura verðlækkun. Í þessu sambandi skiptir það og engu, þó að búið hafi borgað félagsmönnum meira út 1935 en þessum mismun nemur, því að það stafar af fituaukningunni og því, að tiltölulega minna er lagt í sjóði, miðað við mjólkurmagn og geymdan arð frá árinu á undan.

Samkv. því, sem fyrr er sagt, hefir þá Flóabúið fengið 1935 1.73 au. meira á lítra en árið áður eða alls ..... kr. 51747.33
Mjólkurbú Ölfusinga hefir fengið — 10905.42
Mjólkursamlag Borgf. hefir fengið — 7578.74

Samtals kr. 70231.49

Þessi þrjú bú hafa því fengið um 70. þús. kr. meira fyrir mjólkina 1935 en 1934. Aftur hafa bændur í Kjalarnesþingi, að meðtalinni Rvík og Hafnarfirði og nokkrum hluta Borgarfjarðar, fengið um 105967 kr. minna fyrir mjólkina 1935 en fyrir tiltölulega mjólk 1934.

Heildarmjólkurmagn allra mjólkurbúanna var 16,6 millj. lítra. Af því eru tæpar 4 millj. lítra austan heiðar og tæp 1 millj. í Borgarfirði, en 5,7 millj. í Kjalarnesþingi. Af þessu er selt sem neyzlumjólk um 5,5 millj. lítrar, eða um 150 lítrar á árinu á hvern íbúa Rvíkur og Hafnarfjarðar að meðaltali.

Alls virðast bændur í Kjalarnesþingi og Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar hafa tapað á framkvæmd laganna árið 1935 kr. 105967.09, en bændur annarsstaðar grætt 70231.41 og er þá auðsætt, að hér vantar kr. 35735.60 til þess, að jafn mikið sé grætt og tapað.

Ef til vill á samsalan eignir á móti þessari upphæð, og stenzt þá allt á, en um það er ókunnugt enn sem komið er. En sjálfsagt er, að austanbúin og þeir, sem versta hafa aðstöðu, fái fyrst bættan sinn hag, eins og hér hefir verið gert. Þetta virðist þá hafa orðið heildarárangur af framkvæmd mjólkursölulaganna árið 1935. Mér finnst þessi niðurstaða sýna ljóslega, að það, að útkoman hefir ekki orðið enn lakari en þetta, kemur af því, að helztu misfellurnar hafa verið gagnrýndar, og því, að stj. hefir smám saman neyðzt til að gefa bændum meiri íhlutunarrétt og þannig losað á handjárnunum.

Mjólkurlögin voru mikið undirbúin af framleiðendum og n., sem fyrrv. ríkisstj. hafði til þess skipað, en núv. stj. lagði síðustu hönd á verkið og hylti þar ýmsu um. Allir gerðu sér vonir um mikinn árangur af þeim lögum, en því

miður brestur mikið á, að hann hafi orðið svo sem lofað var í höndum þessarar stj.

Tímamenn sögðu bændum fyrir kosningar að spara mætti 22 au. á hverjum lítra, en niðurstaðan er sú, að þeir, sem bezt fara út úr árinu vinna 1,7 au. á lítra. Og þegar allir mjólkurframleiðendur eru teknir í heild, vantar 35 þús. til þess að allt standist á, nema samsalan eigi þá eign í sjóði, sem ókunnugt er um. Það er því ljóst, að árangurinn er tilfærsla á mjólkurverðinu milli framleiðenda innbyrðis, en ekki heildarhækkun. Ekki er þetta mjólkurlögunum að kenna, þau eru réttmæt, og enginn efi er á því, að af þeim má leiða mikið gagn. Þetta er eingöngu ríkisstj. og framkvæmdinni að kenna. Það er fyrst og fremst því að kenna, að ekki var fylgt ráðum S. Í. S. um að láta framleiðendur sjálfa hafa stjórn mjólkurmálanna. Það var höfuðsynd ríkisstj. að taka völdin af framleiðendum og skipa stjórnina pólitískt, — mönnum, að meira hluta, sem voru algerlega ófróðir um meðferð og sölu mjólkur. Af því spratt svo hin hneykslanlega útsending, sem skapaði andúð þegar í byrjun; af því spruttu forréttindi Alþýðubrauðgerðarinnar um búðir, sem árið 1935 færa samsölunni aðeins 127 kr. mánaðartekjur af brauðasölu, í stað 216 kr. hjá hinum búðunum; af því stafaði allt það ólag, sem því miður hefir orðið á framkvæmdinni og hægt hefði verið að komast hjá. Mjólkursölustjórnin hefir því verið gagnrýnd réttilega. Ekki er að efa, að nokkuð hefir hún og ríkisstj. lært af þeirri gagnrýni. Framkvæmd laganna hefir batnað. Þó er niðurstaðan ekki betri en þetta. Framkvæmdin kemst ekki í lag, fyrr en framleiðendur fá einir stjórn mjólkurmálanna. Það eiga þeir að fá, og það þegar í stað.

Handjárnastefna stj. hefir ekki komið atvinnuvegunum að notum; síður en svo. Hún hefir ekki fært nýtt fjör í atvinnuvegina, eins og lofað var, því að aldrei hafa þeir verið lamaðri en einmitt nú, þó að ég vilji síður en svo gefa stj. einni þar sök á. En því miður hefir einnig gætt fullmikillar óbilgirni hjá stj. gagnvart góðum málum, sem andstæðingarnir hafa borið fram. Skal ég nefna þar til frv. Bændafl. um það, að fasteignarskatturinn gangi til sveitarfélaganna. Þetta er því kynlegra, þar sem annar stjórnarflokkurinn hafði lofað þessu fyrir kosningarnar. Þá get ég nefnt frv. Bændafl. um gengismálið, sem hefir verið flutt hvað eftir annað á þingi, en aldrei fengið svo mikið sem afgreiðslu í n., þó að þar sé að margra dómi um að ræða eitt merkasta málið hér á þingi, mál, sem ekki verður unnt að humma fram af sér til lengdar, þar sem það er vitað og sýnt, m. a. af skrifum erlends hagfræðings, að krónan er ekki rétt skráð, en rétt gengisskráning er hinsvegar eitt höfuðafkomuskilyrði atvinnuveganna, og þá um leið afkomu þjóðarinnar allrar. Auk þess má leggja áherzlu á það, að rétt gengisskráning, sem fyrst, er hið eina, sem getur komið í veg fyrir enn meira hrun peningamyntarinnar, fyrr en varir, ef svo er fram haldið, sem nú stefnir, og gæti þá þeim, sem nú standa á móti réttri gengisskráningu verið búið enn meira tjón.

Fyrir kosningarnar hafði Tímafl. lofað að láta rannsaka þetta mál. Erlendur hagfræðingur, sem hér dvaldi að opinberri tilhlutun, hefir látið uppi álit sitt. Hvað veldur því þá, að málið fæst ekki rætt eða athugað á þingi þjóðarinnar? Líklega ættu andstæðingar þess ekki að vera hræddir við að láta í ljós skoðun sína, svo að þjóðin fái að heyra málið rætt frá báðum hliðum. Hvað veldur?

Þá get ég ekki stillt mig um að minnast á frv. Bændafl. um breyt. á jarðræktarlögunum. Það frv. telur í sér hækkun á styrk til jarðræktarframkvæmda, sem mestu skiptir, að séu unnin. Þetta er frv., sem búnaðarþingið hefir mælt sterklega með og fjöldi bænda um land allt telur hina mestu nauðsyn á því. Hinar mikilsverðu umbætur, sem í frv. felast, eru þessar helztar:

1. Styrkur til framræslu er aukinn úr 1 kr. fyrir dagsverkið í 1½ kr. í opnum skurðum og í 2 kr. fyrir lokræsi.

2. Styrkur til varðveizlu dýrustu áburðarefnanna er hækkaður úr 1½ kr. í 2 kr. á dagsverkið.

3. Vermireitir og gróðurhús eiga að njóta sama styrks og matjurtagarðar, og styrkur er hækkaður úr 1 kr. í kr. 1.50.

4. Styrkur til súrheysgryfju er hækkaður úr kr. 6.50 í 2 kr.

5. Þurrheyshlöður, úr hvaða efni, sem vera skal, komast undir ákvæði laganna um styrk, í stað þess að nú eru það aðeins steinsteypuhlöður eða steinlímdar. Styrkurinn hækkaður úr 50 au. í 1 kr.

6. Þá er heimilað að styrkja búnaðarfélög úr verkfærakaupasjóði með allt að helmingi verðs, í stað ¼ áður, til kaupa á jarðræktarvélum, kornskurðar- og þreskivélar eiga að njóta sama styrks, en hafa nú engan, o. s. frv.

Höfum við m. a. síðastliðin tvö sumur fengið gagnorða áminningu um nauðsyn á hærri styrk til votheysgerðar og hlöðubygginga, þar sem 1½ landsfjórðungur a. m. k. hefir beðið hið stórkostlegasta tjón vegna votviðra, svo að hey hafa stórlega brakizt og drepið til stórskemmda í heystæðum. Eiga þessir landshlutar sannarlega erfitt nú, þegar ofan á hin erfiðustu sumur hefir bætzt vetrarríki og harðindi, svo að með fádæmum má telja.

Bændafl. fór fram á, að 2½% af þeim tekjuauka, sem stj. fekk með sérstökum tekjuaukalögum, áður en síðustu álögurnar voru á lagðar, mætti ganga þessa leið til styrktar jarðræktinni og til að lækka þannig framleiðslukostnaðinn, sem afurðirnar geta enn ekki borgað. Þetta nauðsynjamál hefir verið svæft í n. þangað til í fyrra. Þá var því vísað til stj. Þegar liðnar voru tvær vikur af þessu þingi flutti ég enn frv. til að halda málinu vakandi, með því að ekkert kom fram frá stj. Þá lofaði hæstv. landbrh. að stj. mundi eftir nokkra daga leggja frv. fram, sem fæli, að mér skildist, a. m. k. í sér eitthvað af þeim endurbótum, sem í frv. Bændafl. felast. Síðan er nú liðið að þinglokum, og enn er ekkert frv. í þessa átt komið fram. Hvað veldur?

Heyrzt hefir, að skipuð hafi verið n. til að semja frv., og ég get a. m. k. trúað einum manni í þeirri n. til að vera þar tillögugóður. Frv. mun löngu komið stj. í hendur. Hversvegna kemur það ekki fram? Er þar tekið of mikið tillit til frv. Bændafl.? Ég spyr enn, hvað veldur?

Ég hefi að þessu sinni nokkuð drepið líka á atvinnuskilyrðin við sjávarsíðuna til þess að gera mönnum sem ljósast, að ekki verður bændum, sem heyja sína þrotlausu baráttu til sveita, bent á það bjargráð að flýja til sjávarins. Það verður því að styðja þá til þess að fá betri aðstöðu fyrir sjálfa sig og börn sín, svo að þau fái alizt þar áfram. Og það verður þjóðfélaginu áreiðanlega farsælla en að svo og svo margir þeirra bætist í atvinnuleysingjahópinn á mölinni. Straumurinn þarf miklu fremur að snúast við frá möl til moldar. Sú rödd hefir að vísu nýlega heyrzt frá þeim manni, sem jafnan er háværastur í Tímafl., að framlögin til ræktunar sveitanna séu gjafir, að styrkurinn til Búnaðarfélags Íslands sé gjafir frá ríkinu, að jarðræktarstyrkur bóndans sé gjöf, sem honum sé jafnvel vanvirða að o. s. frv.

Ég vil vona, að sjálf ríkisstj. sé ekki smituð af slíkum hugsunarhætti og að því komi nú loks að fram komi frv., sem feli í sér sem mest af þeim umbótum, sem lágu í frv. Bændafl., og láti það verða að lögum þegar á þessu þingi. Þess mun margur bóndi bíða með eftirvæntingu.

Ég hefi nú stikað á stóru og drepið á fátt eitt, sem ástæða er á að minnast. Það er sýnt, hve lítið hefir orðið úr þeim loforðum, sem gefin voru fyrir kosningarnar. Stj. hefir mistekizt hrapalega í framkvæmdinni jafnvel um góð mál, og hefir ofstjórnartilhneigingin og handjárnastefnan átt þar í hvað mestan þátt.

Atvinnuhagir þjóðarinnar eru því verri en áður, og atvinnuskilyrðin hafa víðast á landinu aldrei örðugri verið, hvort sem litið er til verkafólks eða atvinnurekendanna. Sveitar- og bæjarfélög eru víða þrotin eða við þrot. Erlent fé, svo milljónum skiptir, er frosið inni í landinu, og lánstrausti ríkis og landsmanna erlendis þar með stórum hnekkt. Og nú síðast hefir hinni vænlegustu tilraun til að vinna nýjan og mikinn markað fyrir framleiðslu vora verið hnekkt með yfirgangi, svo að land vort bíður hneisu og tjón af. Þjóðin þarf því að losa af sér stjórnarhandjárnin, og það sem fyrst.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Herra forseti! Góðir tilheyrendur!

Ég mun í þessari ræðu aðallega svara því, er snertir minn verkahring. Ég vil segja það um áskoranir hv. formanns Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., að það er hætt við, að ríkisstj. fari fremur eftir vilja einhverra annara um það, hvenær hún rýfur þing og lætur fram fara kosningar, heldur en eftir áskorunum hans. Þó hann lyki ræðu sinni með því að lýsa yfir, að hann hefði sannað æði margt, þá býst ég við, að tilheyrendurnir séu á annari skoðun í því efni. Annars skal ég ekki í þessari ræðu eltast við hinn lítilmótlega sparðatíning andstæðinganna, sem daglega er rekinn ofan í þá í blöðunum, heldur snúa mér að höfuðmálunum og gefa nokkurt yfirlit yfir framkvæmd þeirra samkvæmt þeirri reynslu og þeim staðreyndum, sem nú liggja fyrir. Það mun þá koma í ljós, hvað sannur hann hefir verið málflutningur andstæðinganna.

Þau mál, sem aðallega er deilt um af þeim, sem ég hefi til meðferðar í ríkisstj., eru afurðasölumál landbúnaðarins. Það hefir ekki komið fram ádeila á nein önnur mál, sem undir mitt ráðuneyti heyra. Ég mun því snúa mér að þessum málum, og það vill nú svo til, að nú liggja fyrir um þau opinberar skýrslur, sem taka af öll tvímæli um, hvernig framkvæmd þeirra hefir tekizt.

Þó hlustendur muni hafa fengið meira en nóg af tali okkar hv. 10. landsk. um mjólkurmálin í síðustu útvarpsumr., verð ég þó að gefa stutta skýrslu um þau nú, til þess að hrekja helztu ósannindi hv. þm. Ég ætla þá fyrst að minnast á ástandið eins og það var í afurðasölumálum bænda. Íhaldið og hv. 10. landsk., Þorsteinn Briem, gerðu einskonar tilraun til að koma skipulagi á mjólkursöluna á þingi 1933, og árangurinn kemur fram í l. nr. 97 frá því ári. Lögin eru að því leyti einkennileg, að þau eru aðeins ein grein. Undir forystu íhaldsins í Ed. voru allar frumvarpsgreinarnar felldar, nema þessi eina, sem er einskonar múrveggur utan um hagsmuni Korpúlfsstaða og nágrennis Reykjavíkur. Í þessari gr. eru ákvæði um það, að öll mjólkurbú skuli gerilsneyða þá mjólk, sem þau selja til kaupstaða og bæja. En jafnframt er svo ákveðið, að undanþiggja megi frá þessu ákvæði þau bú, sem hafa aðstöðu til þess að hreinsa mjólk og selja hana þannig á markað. Þessi undanþága er beinlínis sett til þess að vernda hagsmuni Korpúlfsstaða, sem seldi þessa tegund mjólkur. Í öðru lagi er svo ákveðið í þessum l. hv. 10. landsk., að barnamjólk skuli undanþegin þessu ákvæði, einmitt sú mjólk, sem Korpúlfsstaðir höfðu jafnframt selt hér á Reykjavíkurmarkaðinum, og sérstaklega auglýst á 60 aur. líterinn. Að lokum er svo ákveðið í þessari lausn hv. 10. landsk. á afurðasölumálum bænda, að þeir, sem framleiða mjólk innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, þurfi ekki að gerilsneyða sína mjólk, og ekkert verðjöfnunargjald áttu þeir að greiða; það sá íhaldið um að fella niður úr lögunum í Ed. — Eins og sjá má af þessum ákvæðum, sem er raunverulega lausn hv. 10. landsk. á mjólkurmálinu, þar sem hann var ráðh., þá var þessi eina lagagr. múrveggur utan um sérhagsmuni Korpúlfsstaða og bænda í nágrenni Reykjavíkur. Framkvæmd þessara l. hefði því hlotið að stórauka mjólkurframleiðsluna á þessu sérhagsmunasvæði, en jafnframt gereyðilagt mjólkurframleiðsluna austanfjalls og í Borgarfirði. Það er ekki furða, þó þessi hv. þm. tali digurbarkalega um lausnina á afurðasölumáli bænda. En þessi l. voru aldrei framkvæmd. Það hefir átt að bíða að láta afleiðingar þeirra koma fram, þangað til eftir kosningarnar, en þá hefðu þær líka komið fram.

Ástandið í mjólkurmálunum þessi tvö ár, sem hv. 10. landsk. var ráðh., var þannig samkv. skýrslu Eyjólfs Jóhannssonar í Morgunblaðinu 1933, að mjólkin var seld fyrir 40 au. til neytendanna, en 16 au. fóru í kostnað. Bændur hér í nágrenninu fengu 23—24 au. fyrir líterinn, og verðið í vinnslubúunum var mjög lágt. Í slíkri eymd og niðurlægingu voru mjólkurmálin, þegar Þorsteinn Briem og íhaldið hrökkluðust frá völdum. En þó hefði ástandið orðið ennþá verra, þegar tekið hefði verið að framkvæma gömlu mjólkurlögin með sérhagsmunina fyrir Korpúlfsstaði

og nágrenni Reykjavíkur. Eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. var að afnema þessa hneisu, sem Þorsteinn Briem skyldi eftir sig, og setja önnur ný mjólkurlög. Og um þessa löggjöf og framkvæmd hennar hafa staðið stöðugar deilur í blöðunum og í tveimur eldhúsdagsumr. En nú í dag liggja fyrir staðreyndir um megnið af þeim atriðum, sem deilt hefir verið um, og nú er komið að reikningsskilunum fyrir þá, sem hafa haldið uppi látlausum ofsóknum á þetta skipulag, því nú liggja fyrir opinberir reikningar um útkomuna, og á þessa reikninga ætla ég nú að benda.

Þegar á fyrsta ári, en þ. e. 1934, hafa framleiðendur þann hagnað af lögum þessum, að hægt var að þvinga mjólkurbúðirnar, og þá aðallega bakarameistarana, til að lækka útsölukostnað mjólkurinnar úr 8 au. niður í 4 au. Þetta var m. a. ástæðan til þess, að Mjólkurfélag Reykjavíkur gat á þessu ári borgað út 25,8 au. á líter, og er þó vafasamt, að það hafi getað það, án þess að nota til þess að nokkru leyti hagnað af öðru. Þegar athuga á árangur mjólkurlaganna verður því að taka árið 1933 til samanburðar við árið 1935, sem reikningar liggja nú fyrir um frá mjólkurbúunum og samsölunni. Mjólkurverð hefir verið lækkað úr 40 au. niður í 38 au. til neytendanna. Þó er útkoman sú, að bændur í nágrenni Reykjavíkur, sem hafa ræktað land fyrir alla sína framleiðslu, fá 29 au. nettó fyrir lítra og öruggan markað fyrir alla sína framleiðslu, sem þeir höfðu ekki áður, nema með verðundirboðum. Bændur í Mosfellssveit og hér vestan fjalls fá 26 au. netto. Þar frá segist mjólkurfélagið þurfa að draga ½ eyri vegna mjólkurafgangs, sem fari í vinnslu. En mjólkurfélagið græddi það mikið á rekstri mjólkurstöðvarinnar, að nema mun 2 au. á lítra til meðlima þess. Fá því þessir bændur um 27—28 au., í stað 23—24 árið 1933. Það sýnir líka greinilega, hvernig menn líta á mjólkurframleiðsluna hér vestan fjalls, að nú á tveimur fyrstu mánuðum þessa árs hefir framleiðslan hér í nágrenni Rvíkur og Mosfellssveit aukizt um 95 þús. lítra. Eru það aðallega peningamenn, sem setja fjármagn sitt í að framleiða mjólk, a. m. k. hafa eitt eða tvö ný bú risið upp, sem peningamenn hafa lagt fé sitt í. Í vinnslubúunum hefir framleiðslan einnig stóraukizt, eða um 40%. Á árinu 1934 var útborgun fyrir mjólk úr hinum þrem vinnslubúum, Borgarnesi, Ölfusbúi og Flóabúi, kr. 597 þús., en árið 1935 kr. 934 þús. Búin borga bændum út 346 þús. kr. meira árið 1935 heldur en árið 1934. Og verðið fyrir hvern lítra af mjólk er árið 1934 17.8 au., en árið 1935 19.8 au. Þetta eru nú staðreyndirnar um útkomu mjólkursölunnar, þess skipulags, sem mest hefir verið rægt og mest hefir verið deilt á stj. fyrir af öllu, sem hún hefir gert. Áður en þetta skipulag kom, var kapphlaupið um markaðinn orðið svo gengdarlaust, að menn vissu raunar aldrei, hvað verðið mundi verða næsta dag vegna undirboða og geysilegs kostnaðar við mjólkurbúðirnar, sem voru orðnar 108. Mjólkurstríð var þannig að nokkru leyti skollið yfir. Hvernig halda menn, sem vilja líta á þessi mál með rólegri yfirvegun, að hefði farið, þegar aukningin á framleiðslu vinnslubúanna verður 40% á einu ári. Hvernig halda menn, að útkoman hefði orðið á mjólkurmarkaðinum fyrir Rvík og nágrenni, og fyrir alla, ef þessari mjólk hefði verið hellt inn á neyzlumjólkurmarkaðinn. En vegna skipulagsins, vegna verðjöfnunargjaldsins, sem vestanfjallsmenn hafa greitt með illu, og sumir ekki fyrr en með lögtökum, hefir verið mögulegt að láta setja þessa framleiðsluaukningu í vinnslu, nota verðjöfnunargjaldið til að bæta upp verð mjólkurinnar og halda henni þannig úti af neyzlumjólkurmarkaðinum. Á þennan hátt hefir mjólkurskipulagið bjargað þeim, sem búa eiga að markaðinum, frá þeirri yfirvofandi eyðileggingu, sem fyrrv. landbrh. var að koma þessum málum í.

Það er enginn efi á, að ef það skipulag hefði staðið áfram, sem réð, þegar þessi ríkisstj. tók við völdum, og 40% framleiðsluaukning komið *í ofanálag á það, sem var fyrir, þá hefði mjólk*urmarkaðurinn í Rvík lent í fullkominni óreiðu. En þetta er niðurstaða reynslunnar samkv. opinberum reikningum, sem fyrir liggja.

Þá skal ég jafnframt víkja að þeim tveimur atriðum, sem hafa verið aðaluppistaðan í rógburði andstæðinganna um samsöluna síðastliðið ár í blöðum og útvarpserindum. Annað er tilboð bakaranna og mjólkurfélagsins um að taka að sér mjólkursöluna fyrir ákveðisverð. Látlausum rógi var haldið uppi gegn samsölustjórn, og þó sérstaklega gegn mér, fyrir það, að þessum tilboðum væri ekki tekið, sem talin voru til stórhagnaðar fyrir samsöluna. Var því haldið fram, að þessum tilboðum væri ekki tekið, þó að þau væru hagstæð, vegna þess að jafnaðarmenn ættu að hafa hagnað af samsölunni.

Nú liggja ársreikningarnir fyrir, og það sýnir sig, að ef þessum tilboðum hefði verið tekið, hefði samsalan skaðazt um kr. 3181.35 yfir tvo mánuði ársins 1935, nóvember og desember, eða um allt að 20 þús. kr. á ári. Þá var það eitt rógsmálið sl. ár, að Mjólkurbú Flóamanna ætti um 16 km. af osti, sem væri að grotna niður, og að búið mundi verða gjaldþrota o. s. frv. Og þegar blaðið Framsókn sagði frá þessu, hverfði maður blakka í því. En aðalfundur þessa mjólkurbús er nýafstaðinn, og hvað segir reynslan um þennan róg? Búið stendur sig betur en nokkurn tíma áður, ánægja félagsmanna yfir stjórn búsins lýsti sér í samhuga þakklæti fundarmanna til framkvæmdarstjórnarinnar, ostarnir, sem andstæðingarnir sögðu að myndu grotna niður, seldust til útlanda og reyndust fyrsta flokks vara.

En þegar þessi rógur er hruninn fyrir óhrekjandi sönnunargögnum, er reynt að flytja nýjan róg. Það er eftirtektarvert, að blaðið Framsókn segir ekki með einu orði frá þessum fundi. En þar er sagt, að ríkisstjórnin hafi slakað til í vor og þess vegna hafi orðið sætt. Það þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þm. né hlustendum, að samkomulagið, sem varð um að fela þeim Agli Thorarensen og Eyjólfi Jóhannssyni umboð samsölustjórnar var með þeim fyrirvara, að ef þá greindi á, átti stjórn samsölunnar að skera úr. Það hefir því aldrei orðið nein breyt. á stjórn samsölunnar. En eins og ég tók fram, hefir fyrirtækinu fleygt fram dag frá degi.

Ég ætla þá næst að koma að skipulaginu á

kjötsölunni, sem einnig hefir verið látlaust árásarefni á ríkisstjórnina. Ég ætla að benda á þá reynslu, sem nú liggur fyrir endanlega af árinu 1934. Það er nýlega komin út eftir formann kjötverðlagsnefndar mjög merkileg skýrsla um verð á 1. flokks dilkakjöti á árinu 1933, í stjórnartíð Þorsteins Briem, og á árinu 1934. Skýrslan er í marzhefti Freys á bls. 47—48. Skýrslan sýnir, að meðalverð á kg. af dilkakjöti 1933 og 1934 hefir verið 10.2 au. hærra 1934 en 1933. Hjá Sláturfélagi Suðurlands hefir munurinn verið um 18 au. Þetta er staðreyndin um árangur kjötskipulagsins, þrátt fyrir allan róginn, og mér er óhætt að fullyrða, að á árinu 1935 mun kjötverðið enn hækka töluvert.

Þegar skipulag þetta hófst, voru skrifaðar í tugatali árásargreinar á það í ihaldsblöðunum, og í blaði hins svonefnda Bændafl. var þetta kallað eignarnám. Í blaði hins svokallaða Bændafl. var haldið uppi látlausum rógi út af verðjöfnunargjaldinu, sem tekið væri af Sunnlendingum, en síðan væri norðlenzka kjötið flutt inn á sunnlenzka markaðinn, og mundi það gereyðileggja allan árangur af skipulaginu. Nú eru árásirnar þagnaðar. Nú er reynt að draga sig í hlé og láta það gleymt að róginum hafi verið haldið uppi. Það er rétt að vekja athygli á því um leið, að samkv. l. nr. 90 frá 1933, um útflutning á kjöti, hafði fyrrv. ríkisstj. heimild til þess samkvæmt 8. gr. þeirra l. að skipuleggja kjötsöluna fyrir 1933 með því að gefa út reglugerð. En ríkisstj. gerði það ekki, þrátt fyrir það hörmungarástand, sem var árið 1932 í kjötsölumálunum undir stjórn Þorsteins Briems, og reyndar einnig 1933, þótt það væri litið eitt skárra. Þessi fyrrv. ráðh. hefir látið eftir sig órækt vitni um það, hvaða kröfur hann gerir um verðlag á landbúnaðarafurðum bænda. Á aukaþinginu 1933 flutti Páll Hermannsson alþm. þáltill. um verðuppbót á útflutt kjöt. Í þeim umr. segir Þorst. Briem, (Alþt. 1933, aukaþingið, D, bls. 246), að ef bændur fái 72 au. fyrir kg., dragi hann í efa, að hann telji fært að láta verðuppbót á það kjöt, enda segir hann, að hann búist ekki við því, að heimild sú til verðuppbótar, sem samþ. hefði verið á þinginu á undan, hefði fengizt samþ., ef vitað hefði verið, að bændur mundu fá 72 au. fyrir hvert kg. af útfluttu kjöti. Og Þorst. Briem er svo mikið í mun að slá þessu föstu, að þegar Páll Hermannsson svarar með því að leggja það á vald stj. að gæta þarfanna í þessum efnum, þá segir Þorsteinn Briem í svarræðu sinni, að hann skilji Pál Hermannsson svo, að hann vilji ekki mæla með því, að uppbót verði gefin á útflutt fræðkjöt, er selt verði á 72 au. pr. kg. — Ég minni á þetta til að sýna, hverjar kröfur þessi hv. þm. gerði til sjálfs sín, þegar hann var ráðh., og er fróðlegt að bera það saman við þær kröfur, sem nú eru gerðar af hans hálfu, þegar talið er, að verðlagið ætti að vera kr. 1.27 pr. kg.

Ég hefi minnzt á þessi tvö mál hér vegna þess, að um þau hefir verið haldið uppi mestum andróðri gegn núv. stjórn, og sérstaklega gegn mér. En reynslan hefir nú skorið alveg tvímælalaust úr um það, að hvorttveggja þetta skipulag hefir orðið bændum til hinna mestu hagsbóta, enda talið, að á kjötskipulaginu einu hafi bændur grætt um 600 þús. kr. á fyrsta ári þess. **Ég get** því mjög vel unað við þessa niðurstöðu, þar sem það hefir verið aðalárásarefnið á mig, að ég hafi komið þessu skipulagi á. Þá má minna á, að n. í afurðasölumálinu var af Þorsteini Briem auðsjáanlega skipuð aðeins til þess að sýnast, þar sem það var ekkert gert í þessi tvö ár, sem hann var ráðh., en hlaupið í að skipa þessa n. rétt fyrir kosningar, til þess að láta skína í gegn, að eitthvað ætti að gera. En n. þessi gerði ekkert, þar til núv. stj. var tekin við völdum.

Í framhaldi af þessu vil ég minna á það, að ég tel, að sú löggjöf, sem sett var á síðasta þingi um grænmetisverzlun ríkisins og um verðlaun fyrir aukna kartöfluræktt, sé tvímælalaust löggjöf, sem telja megi svo merka, að rétt sé að bera hana saman við kjötsölulögin og mjólkursölulögin, sem nú hafa sýnt sinn árangur. Framkvæmd grænmetisverzlunarinnar hefir verið falin S. Í. S., og mun Árni G. Eylands annast framkvæmd hennar. Hann hefir nú dvalið erlendis, aðallega í Noregi, til að kynna sér meðferð slíkra mála þar, útvega útsæði o. fl. Það er enginn efi, að ef vel tekst um framkvæmd þeirra mála, þá mun þessi löggjöf stórauka tekjur ýmsra bænda, sem aðstöðu hafa til kartöfluræktar. Ég vil í þessu sambandi og minna á það, að afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum, sem núv. ríkisstj. beitti sér fyrir, hefir aukið tekjur bænda um 85 þús. kr. á árinu 1934. Ég get jafnframt í þessu sambandi minnzt á vaxtatillagið, sem einnig er spor í áttina til þess að auka tekjur bændastéttarinnar frá því, sem áður hefir verið. Starf stj. í þessa átt hefir verið algerlega skipulagsbundið, og jafnhliða þessu hafa einnig verið stigin stór spor í þá átt að létta opinberum gjöldum af því fóiki, sem í sveitum býr. Það orkar ekki tvímælis, að hin nýju framfærslulög, sem samþ. voru á síðasta þingi, eru eitthvert stærsta sporið, sem stigið hefir verið til þess að létta af mestu sveitarþyngslunum, framfærslu þeirra manna, sem búa í kaupstöðunum, en eiga framfærslurétt í sveit. Þessi ómegð hefir verið vel á vegi með að eyðileggja gjaldþol hreppsfélaganna og hefir í raun og veru þegar gert það í sumum sveitum. Fyrir sveitirnar er þetta eitt af allra mestu réttarbótunum, því að það er vitanlega ranglátt, að sveitirnar, sem ala upp vinnukraftinn, sem síðan streymir til kaupstaðanna, þurfi svo oft og einatt, ef heilsa fólksins, sem úr sveitunum flyzt, bilar, að framfæra það í hinum dýru kaupstöðum.

En um leið og þessum réttarbótum er komið í framkvæmd, hefir verið samþ. löggjöf um kreppuhjálp sveitarfélaganna, og er það beinlínis gert til þess, að hægt sé að gera upp gömlu skuldirnar, sem safnazt hafa m. a. vegna hinnar ranglátu framfærsluskyldu, og hjálpa á þann hátt hreppsfélögunum til þess að koma fjármálum sínum í sæmilegt horf um leið og fátækralöggjöfinni er breytt. Kaupstaðirnir utan Rvíkur fá samskonar aðstöðu jafnhliða. En í framhaldi af þessu hefir síðasta þing stigið mjög merkilegt spor í sögu íslenzks landbúnaðar, spor, sem áreiðanlega stuðlar meira að því en flest annað í sambandi við það, sem ég hefi nú talið upp, að halda fólkinu í sveitunum og stöðva straum-

inn þaðan. Á ég hér við lögin um nýbýli og lögin um erfðaábúð og óðalsrétt. Með lögunum um erfðaábúð og óðalsrétt getur hver ábúandi á jarðeignum ríkisins tryggt sér þar erfðaábúð fyrir sig og sína afkomendur, og þar með tryggt niðjum sínum ávöxt þeirra umbóta, er hann gerir á jörðinni. Með lögunum um nýbýli er stigið stærsta sporið, sem enn hefir verið stigið í sögu landsins til þess að styrkja menn til þess að stofna ný heimili í sveitum landsins með beinum styrkveitingum og aðstoð um lánveitingar. Eftirspurn eftir nýbýlum samkv. þessum lögum er mjög mikil. Þetta starf, sem ég hefi talið upp, sem sumpart miðar til þess að auka tekjur bændanna, svo sem skipulag mjólkur- og kjötsölunnar, afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum og vaxtatillagið, sumpart til að létta af opinberum gjöldum, t. d. með hinni nýju fátækralöggjöf og kreppuhjálp sveitarfélaganna, sumpart til þess að halda unga fólkinu í sveitunum, svo sem nýbýlalögin og lögin um erfðaábúð og óðalsrétt, þetta starf hefir verið unnið á tveimur síðustu árum, og ég staðhæfi alveg hiklaust, að þessi löggjöf, sem ég hefi nú minnzt á, er stórt spor í rétta átt fyrir íslenzkan landbúnað.

En það er með þessi mál eins og önnur, að hv. 10. landsk. gleymdi þeim á meðan hann var ráðh., þá gleymdi hann öllum mestu nauðsynjamálum bændanna. Nú talar hv. 10. landsk. um gengislækkun sem eitt helzta bjargráð fyrir bændurna, en hann gleymdi því, meðan hann var ráðh., en mundi bara allt í einu eftir því, þegar núv. ríkisstj. var tekin við. Hv. þm. talar einnig um, að þörf sé á að auka garðræktina, en hann mundi ekki eftir því, meðan hann var ráðh. Hann gleymdi að létta af sveitarfélögunum ranglátum framfærslukostnaði; það eru stjórnarflokkarnir, sem nú hafa gert það, enda er það hið mesta réttlætismál. Og þó sveitirnar væru að sligast undir fátækraframfærslunni, þá gleymdi hann kreppuhjálpinni handa þeim. Og hann gleymdi unga fólkinu, sem vantar nýbýli, og ennfremur gleymdist að láta leiguliðana fá erfðaábúð á jörðunum. Og svo þegar þurfti að leysa mjólkurmálið, þá bara gleymdi þessi fyrrv. ráðh. bændunum á Suðurlandsundirlendinu og í Borgarfirði, en mundi hinsvegar vel eftir Korpúlfsstöðum.

Þá gleymdi hann að leysa kjötsölumálið eða a. m. k., að til væri heimild í l. til þess að setja reglugerð og gera þær ráðstafanir, sem þurfti, eða þá að hann hefir minnt, að 72 au. fyrir kg. væri nægilegt verð. En svo þegar hann er ekki lengur ráðh., þá man hann allt í einu eftir því, að bændur þurfa að fá 1.27 kr. pr. kg. Það hefir því farið þannig fyrir hv. 10 landsk., að á meðan hann var ráðh. gleymdi hann öllum mestu nauðsynjamálunum, en nú ræðst hann á stj. fyrir að framkvæma allt það, sem hann gleymdi að framkvæma, meðan hann sat í ráðherrastólnum.

Þá er eitt eftir, sem ég má til að minnast á. Hv. 10. landsk. hefir borið fram frv. um allmiklar breyt. á jarðræktarlögunum. En hvernig eru þær? Þær eru flestar þannig, að hægt er að koma þeim á með reglugerð með því að breyta ákvæðunum um, hvernig skuli lagt í dagsverk. En það bara gleymdist eins og annað meðan hann var ráðherra.

Ég vil að síðustu benda á, að ég held, að það sé ekki heppilegt fyrir þjóðina, að hafa þá menn í ríkisstjórn, sem gleyma öllum þörfum fólksins, meðan þeir eru ráðherrar, og rumska ekki við sér, fyrr en þeir eru búnir að missa traust þess og oltnir úr sætum sínum.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ræða sú, sem hv. form. Sjálfstfl. flutti hér í kvöld, var í öllum meginatriðum sú sama, sem hann hefir flutt við eldhúsumr. á tveimur síðustu þingum; þó var einn munur á ræðu hans nú og á síðasta þingi, og hann var sá, að á síðasta þingi var hv. þm. með getgátur og dylgjur í þá átt, að samvinna stjórnarflokkanna væri að gliðna og að þeir væru að búa sig undir kosningar með ýmsum málum, er fram væru komin. En nú er svo komið að form. Sjálfstfl. hv. þm. G.-K., kemur hér fram og heimtar þingrof í umboði flokksins. Þessu þarf ég ekki öðru að svara en því, að stjórnarflokkarnir munu ekki spyrja andstæðingana um það, hvenær skuli rjúfa þing, heldur mun stj. sjálf meta, hvenær hún telur afstöðu flokkanna eða málum svo komið, að ástæða sé til að leggja þau undir dóm þjóðarinnar. En stj. mun aldrei láta hv. þm. G.-K. leggja sér lífsreglur um, hvenær hún geri það.

Hv. þm. lýsti mjög dapurlega ástandi því, sem nú er, og þeim erfiðleikum, sem framundan væru. Var margt af því réttmætt, en fátt nýtt. En hv. þm. gerði meira, hann fullyrti, að erfiðleikarnir væru að mestu eða öllu leyti sök núv. ríkisstj. og þess þingmeiri hl., sem hún styðst við.

Fyrir tveimur árum eða haustið 1934 flutti þessi sami hv. þm. eldhúsræðu hér í útvarpið, sem e. t. v. einhverjir hér innan þings og utan kannast við. Ég ætla þó að rifja upp nokkur atriði til samanburðar við ástandið eins og það er nú. Þegar hv. þm. var að lýsa aðstöðunni, sem útgerðin hafi, þá byrjar hann með mikilli lofgerðarrollu og segir, að þar fari allt saman „ríkustu fiskimið, dugmesta sjómannastétt og djarfir og ráðkænir útgerðarmenn.“ Þá höfðu jafnaðarmenn ekki tekið þátt í stjórn nema rúma tvo mánuði. En hvernig var svo ástandið að dómi sama hv. þm. Um það segir hann: „Meðalaldur togaranna er orðinn yfir 14 ár, línuveiðara 30 ár, og vélbátarnir ganga unnvörpum úr sér. Minnist ég þess, að fyrir stríðið þótti varhugavert að kaupa 5 ára gamla togara, og talið var, að þeir hefðu lifað sitt fegursta, er þeir voru orðnir 12 ára. Hitt er og augljóst, að fyrir fiskiveiðaþjóð, eins og Íslendinga, hlýtur það að vera ófrávíkjanleg skylda, af því það er lífsnauðsyn, að halda vel við og endurnýja fiskiflotann eftir eðlilegum hætti.“ Svona var þá útkoman þrátt fyrir ríkustu fiskimiðin, duglegustu sjómannastéttina, og djarfa og ráðkæna útvegsmenn, og það áður en þessi stj. tók við völdum. Og svo heldur hv. þm. áfram að lýsa ástandinu og segir: „Og ef til vill sýnir ekkert eins vel eymd og volæði atvinnulífsins eins og það, að nær fullkomin þögn ríkir um þá staðreynd, að árin eru smátt og smátt að breyta fiskiflotanum í ryðkláfa og fúaduggur. Svo hörð er lífsbarátt-

an, svo hörð glíman við hið lága afurðaverð og stígandi skattpíningar ríkisvaldsins, að útvegsmenn gefa sér hvorki tíma til þess að líta um öxl eða horfa fram á veginn, en einblína á þann hjallann, sem næstur er, til þess að missa ekki fótanna. Þannig drógu þrengingar líðandi stundar athyglina frá þeim voða, sem fram undan bíður, þegar útvegsmenn, sjómenn og verkamenn þegar öll íslenzka þjóðin vaknar til fulls skilnings á þeirri hræðilegu staðreynd, að fiskiskipin eru orðin hræðilegir mannskaðabollar, ósjófærar flevtur, sem samt verða notaðar, af því okkar fátæka þjóð á ekki annars úrkosta til lífsframfæris, notaðar, þangað til þeim smáfækkar, sem líkkistur dugmestu sjómanna heimsins."

Svona var ástandið, þegar ekki voru liðnir nema tveir mánuðir frá því, að fulltrúi Sjálfstfl., Magnús Guðmundsson, var ráðh. yfir sjávarútvegsmálunum, og stóllinn, sem hann sat þar í, varla hættur að vera volgur. Þess vegna er engin leið til þess að kenna þetta ástand núverandi ríkisstj. Og þó að Sjálfstfl. hefði mikinn meiri hl., voru ekki afgreidd nokkur lög, eða aðrar framkvæmdir gerðar, til þess að bæta úr þessu ástandi. Enn heldur hv. þm. áfram að lýsa ástandinu og segir: „Á ég þar við hinn geigvænlega voða, sem Íslendingum er búinn af haftastefnum viðskiptaþjóðanna. Verður ekki enn með vissu sagt, hverjar afleiðingar verða fyrir Íslendinga, en eins og nú horfir, má telja, að þeim málum skipist sæmilega, ef Íslendingar fá að halda áfram $^2/_3$ hlutum síns sölumarkaðs í Suðurlöndum."

Síðar í ræðu sinni kemur svo hv. þm. að því, að fullar horfur séu á, að eftir muni verða af fiskaflanum allt að 30 þús. tonn, ef ekki verði eitthvað sérstakt aðgert.

Ég vil nú biðja menn að athuga það, að þessir ræðukaflar voru ekki fluttir í þessum eldhúsumr., þó þeim svipi til þess, heldur voru þeir fluttir í eldhúsinu 1934, þegar núverandi stj. var rétt aðeins nýtekin við, en fulltrúi Sjálfstfl. nývikinn úr sæti atvmrh., en þrátt fyrir þessa dapurlegu lýsingu, sem því miður var rétt, þá hefir þó svo vel tekizt, að heppnazt hefir að selja allar afurðir landsmanna fyrir árin 1934—1935, svo að fullvíst má telja, að þær verði ekki fyrir framleiðslu þessa árs. Það, sem nú er enn óselt af sjávarafurðum, sem er nokkuð af fiski, má telja fullt öryggi um, að verði selt svo snemma, að það ekki þvælist fyrir framleiðslu þessa árs.

Að því, er snertir hag ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild sinni, hverjum breyt. hann hefir tekið frá því árið 1934, þá er skemmst að minnast þess helzta í því efni, sem sumpart var gefið upp um áramótin s. l. sem skýrsla um heildarafkomu ríkissjóðs á árinu 1935 og sumpart við fyrri hl. þessarar umr. Skal ég nú drepa á höfuðatriði þess máls.

Árið 1935 tókst þó að haga svo ríkisbúskapnum, að tekjuafgangur varð sem svaraði riflega hálfri millj. kr., og mætti í raun og veru telja hann heldur meiri, ef framlag til fiskimálanefndar er talið sér. Þetta er stórfelld breyt., ég æla hálfrar þriðju millj. kr. breyt. frá því, sem var árið á undan, 1934, þegar atvinnumálunum var stjórnað af samflokksmönnum hv. þm. G.-K.

Um greiðslujöfnuðinn við útlönd varð niðurstaðan sú, að árið 1935 var þó flutt út nokkru meira heldur en inn. Sé ekki talinn með innflutningur til Sogsvirkjunarinnar, sem var um 700 þús. kr., og er alveg óvenjulegur innflutningur, má segja, að útflutningur hafi verið 2 millj. kr. meiri en innflutningurinn að verðmæti. Þetta er einnig í fyrsta skipti um margra ára skeið, sem þessi hefir orðið niðurstaðan. Hv. þm. G.-K. segir, að þetta sé ekkert til að raupa af, því að ríkisstj. hafi hvorki meira né minna en hætt ofan á dráþsklyfjar skatta og tolla 5 millj. kr. gjöldum á þjóðina. Það hefir verið sagt, að fæstir ljúgi meiru en um helming. En hv. þm. G.-K. hefir í þessu tilfelli ekki látið sér nægja slíka smámuni, heldur hefir hann hér fimmfaldað hina raunverulegu upphæð, að ég hygg. Hverjar verða nú öruggustu tölurnar í þessu sambandi? Það eru þær tölur, sem sýna, hverjar tekjurnar hafa orðið árið 1934 og hinsvegar 1935. Tekjur ársins 1934 hafa reynzt að verða 14½ millj. kr. En tekjur ársins 1935 hafa reynzt (eftir að búið er að bæta þessum 5 millj. kr.(!) hv. þm. G.-K. við) 15.5—15.7 millj. kr., eða 1—1.2 millj. kr. meiri en árið áður. Reikningar sýna ekki meira en 1.2 millj. kr. mun, til hvers sem hv. þm. G.-K. hefir svo notað afganginn af þessum 5 millj. kr.(!) Yfirleitt er hv. hlustendum óhætt að taka þær tölur, sem hv. þm. G.-K. flytur hér, með ákaflega mikilli varasemi og bera þær saman við þær heimildir, sem þeir eiga kost á að kynna sér í þessum efnum, áður en þeir leggja trúnað á þær. — Hv. þm. G.-K. kom með lítið af einstökum dæmum og enn minna af staðreyndum í ræðu sinni. En í þess stað kom hann með mjög mikið af fullyrðingum, eins og hv. hlustendur hafa tekið eftir, og lauk svo venjulega hverri fullyrðingu með því að segja: Nú hefi ég sannað þetta. Hann sagði t. d. að fjárþröng hjá bæjar- og sveitarfélögum, svo að af þeim sökum hefði orðið að athuga möguleika fyrir nýjum tekjustofnum handa þeim, væri ástæðan til þess, að tekjuskatturinn hefði verið hækkaður svo gífurlega. Sjálfsagt veit hv. þm. G.-K., að þetta er fjarri sanni. Hann veit, að hækkun tekjuskattsins nemur ekki nema litlu broti af útsvarsþörf sveitar- og bæjarfélaga, og að aðeins nokkur hluti af tekjuskattshækkuninni gengur til hlutaðeigandi bæjarsjóða.

Ástæður til þess, að þörf er á auknum tekjustofnum, eru í sjálfu sér tvær. Annarsvegar er það, að með versnandi árferði verður örðugra að afla nægilegra tekna, og hinsvegar jafnframt óhjákvæmilegt vegna versnandi árferðis að stofna til nýrra útgjalda til þess að jafna kjör manna.

Um þau fjárl., sem fyrir liggja til umr., má segja, að heildarsvipur þeirra sé hinn sami og þeirra fjárl., sem lágu fyrir síðasta þingi. Upphæðirnar, sem gert er ráð fyrir, að komi í ríkissjóð, og ákvæðin um notkun þeirra eru í öllum aðalatriðum eins í báðum tilfellum. Ástæðan til þess er sú, að stjórnarflokkarnir og stj. líta svo á, að einmitt vegna þeirra erfiðleika, sem

atvinnurekstur einstaklinga á við að búa og viðurkennt er af stjórnarandstæðingum, að stafi af ástæðum, sem við höfum ekki vald yfir, að einmitt vegna þessara erfiðleika sé knýjandi nauðsyn á, að hið opinbera noti getu sína út í yztu æsar til þess að draga úr afleiðingum kreppunnar og afleiðingum markaðsörðugleikanna, sem nú steðja að, og atvinnuleysinu, sem af þeim hlýzt. En þetta verður ekki gert á annan veg en þann að reyna að afla ríkissjóði tekna, þar sem hægt er að fá tekjur. Og tekjur er helzt hægt að fá með því að leggja gjöldin á þá menn, marga eða fáa, sem kreppan mæðir minnst á, sem þrátt fyrir erfiðleika atvinnuveganna hafa ríflegar tekjur eða eiga verulegar eignir. Og að svo miklu leyti, sem það ekki hrekkur, að leggja þau þá á sem gjöld af viðskiptum með almennar nauðsynjavörur, og þá fyrst og fremst á þær vörur, sem hægast er að vera án.

Hv. þm. G.-K. fullyrti, að tollarnir hafi stórkostlega hækkað. Þetta er að sumu leyti satt, en að mestu leyti ósatt. Tollarnir á ýmsum einstökum vörutegundum hafa hækkað, og það verður að viðurkennast, að þær hækkanir voru gerðar mjög fáslega. En það hefir orðið að viðurkenna þá nauðsyn, sem knúð hefir stj. til þessarar tollhækkunar. En heildarupphæð tolla hefir þrátt fyrir þetta lækkað. Þær heildartekjur, sem ríkissjóður hefir af tollum af neyzluvörum almennings, hafa lækkað stórlega, fyrir það að innflutningur á þeim hefir minnkað stórkostlega á undanförnum árum. Í núgildandi fjárl. er gert ráð fyrir því, að viðskiptagjald, vörutollur og verðtollur nemi samtals 300 þús. kr. minna heldur en vörutollur og verðtollur námu árið 1934. Og það segir sig sjálft, að á meðan ríkissjóður byggir tekjuvonir sínar á tollum, er óhjákvæmilegt, þegar innflutningurinn minnkar, að hækka tollana á einstökum vörutegundum, ef sama upphæð eða nokkuð svipuð á að nást með tollunum. Þessi tollahækkun hefir að vísu verið gerð, en þó ekki svo sem gera má ráð fyrir, að þurfa mundi til að vega upp á móti minnkun innflutnings á sömu vörutegundum og lækkun tolltekna af þeirri ástæðu.

Það er rétt að geta um það hér í þessu sambandi, að ein ástæðan til þess, hversu gjaldeyrisvandræðin hjá okkur eru nú sérstaklega mikil og áberandi, liggur í því, að á síðastliðnu hausti og í vetur hafa viðskiptaþjóðir okkar, Spánverjar og Ítalir, gert þær ráðstafanir hjá sér, sem valdið hafa því, að við höfum ekki getað fengið greitt á sama hátt og undanfarið fyrir fisk þann, sem við höfum flutt þangað. Svo að nú er svo komið, að við eigum þar innistandandi sem nemur fast að 3 millj. kr. fremur venju. Og ómögulegt er annað en að slíkt hafi mikil áhrif á greiðslugetu okkar á líðandi stund. Hv. þm. G.-K. sagði m. a., að sjálfstæðismenn hefðu eitt ráð, sem dygði við þessum vandræðum öllum, og þeir eru svo góðgjarnir í garð föðurlands og þjóðar og jafnvel ríkisstj. og hennar flokka, að þeir hafa boðið stjórnarflokkunum upp á samvinnu til að koma þessum ráðum í framkvæmd. Þessi bjargráð eru að spara útgjöld á fjárl. Þeir hafa haft það við orð fyrr. Ég hefi margsinnis spurt þá, á hvaða liðum fjárlaganna þeir vildu spara. Þeim hefir jafnan orðið erfitt um svar. Á síðasta þingi bentu þeir á nokkra liði, sem þeir töldu, að mætti spara á, og er þar fyrst að nefna framlag til atvinnubóta, sem þeir vildu lækka úr 500 þús. og niður í 300 þús. kr. Mér er ekki grunlaust um, að þessi liður sé sá helzti, sem þeir vilja spara á. Því get ég ekki neitað því, að mér verður hálfómurlegt, að ég ekki segi flökurt, þegar Ólafur Thors, hv. þm. G.-K., og hv. 10. landsk., Þorsteinn Briem, í sameiningu eru að gráta krókódílstárum yfir atvinnuleysinu í landinu og vilja sýna umhyggju sína fyrir fátæklingunum og þeim, sem stj. rekur nú út á gaddinn, góðgirni sína, fórnfýsi og meðaumkun. Ég minnist þess nú, án þess að þurfa að fara mjög langt aftur í tímann, að öðruvísi þaut í þeim skjám. Ég man ekki betur en að allar fjárveitingar til atvinnubóta frá því, er þær hafa fyrst komið á fjárl., hafi svo að segja undantekningarlaust mætt mjög mikilli andúð og mótblæstri af hálfu Sjálfstfl., og Bændafl., eftir að bandalag tókst á milli þeirra flokka, og jafnvel fyrr. Þetta er ekkert nýtt fyrirbrigði, heldur hefir þetta verið svona frá byrjun. Ég minnist þess, að árið 1923 var borið fram frv. um skráningu atvinnuleysingja í landinu. Form. Sjálfstfl. þáv., Jón Þorláksson, mælti mjög gegn því frv. og taldi í því öll tormerki, að nokkurt gagn gæti orðið að því að setja slík lög, taldi að það mundi verða aðeins þýðingarlaust pappírsgagn. Hann sagði við umr. um það mál:

„Hvenær eru þessir menn atvinnulausir? Hvernig er unnt að taka skýrslu um atvinnuleysi í hóp, sem stundar svo lausa og stopula vinnu sem eyrarvinnu í Reykjavík? Ég hygg, að það, sem tillagan fer fram á, verði ekki framkvæmanlegt almennt. Ég hygg, að úr því mundi verða gagnslaust pappírsflóð til einhverrar skrifstofu í Reykjavík, sem ekkert yrði unnið úr, fyrr en svo seint, að það yrði að engu liði."

Þetta talaði sá maður, sem mest mælti gegn þáltill., sem borin var fram á Alþ. um þetta mál 1923 og felld þá. Og það var ekki fyrr en árið 1928, sem till. um þetta efni var samþ., eftir harða baráttu.

Hvenær sem íhaldsmenn eru spurðir um það, á hvaða liðum þeir vilji koma fram sparnaði, þá verður þeim allra fyrst fyrir að benda á framlagið til atvinnubóta. Og svo koma þessir heiðursmenn og tala klökkir um vonzku núverandi stj., og hvað þeim renni sárt til rifja vandræði atvinnuleysingjanna.

Á síðasta þingi voru samþ. l., gegn vilja þeirra, um hækkun á fjárframl. til atvinnubóta og framlögum til verklegra framkvæmda, þau tvö mál, sem mest bæta úr atvinnuleysinu af ráðstöfunum þessi opinbera. Það er því ekkert annað en hræsni ein, þegar þessir menn látast nú harma ástandið í þessu efni hjá fátæklingunum í landinu, þ. e. atvinnuleysið. Hv. þm. G.-K. lét svo um mælt, að fyrsta loforðið, sem ríkisstj. hefði gefið þjóðinni, hefði verið, að hún skyldi útrýma atvinnuleysinu í landinu. Hv. 10. landsk. var því það nær sannleikanum, að hann sagði, að það væri markmið stj.

að útrýma atvinnuleysinu í landinu. Það er nokkurnveginn rétt frá skýrt. Ég verð að segja það, að ríkisstj. hefir eftir atvikum gert það, sem hún gat gert til þess að draga úr atvinnuleysinu og hindra aukningu þess, einmitt með því að ganga svo langt í skattaálögum sem hún hefir gengið, hvað fordæmt er af þessum hv. þm. báðum. Ef ekki hefði verið svo langt gengið í því að afla ríkissjóði tekna sem gert hefir verið, þá hefði verið ómögulegt að halda uppi þeirri atvinnuaukningu í landinu, sem þó hefir tekizt fyrir þessi framlög. Hv. þm. G.-K. sagði, að í byrjun þingsins hefði verið fullkomið samkomulag um það í fjvn. að skera niður ýmsa útgjaldaliði á fjárl., en að stjórnarflokkarnir hefðu að lokum komið sér saman um að éta upp þennan sparnað, að mér skildist sér til mungáts og fagnaðar. Það er rétt, að á móti þeirri lækkun á gjöldum ríkissjóðs, sem var tæpl. 1 millj. kr., sem samþ. var á fjárl. á síðasta þingi, þá varð samkomulag á milli stjórnarflokkanna um aðrar tilsvarandi hækkanir, eða nokkuð riflegri. En hverjar voru þær? Um hálf millj. (510 þús. kr. á fjárl.) til alþýðutrygginganna, um 250 þús. kr. í nýja vegi, fyrir utan hækkun á framlagi til annara vega, sem námu 150 þús. kr. a. m. k. Þá er framlag til skuldaskilasjóðs 180 þús. kr., til iðnlánasjóðs 25 þús. kr. og nokkrir fleiri póstar.

Haldið þið, að ástandið hefði verið betra, ef þessir liðir hefðu verið sparaðir, ef atvinnubótafé hefði verið lækkað, dregið úr vegavinnunni, ef ekkert hefði verið gert til þess að koma á alþýðutryggingum? Hvenær er þörf á tryggingum, ef ekki á þeim tímum, þegar efnahagur almennings er slíkur, að hvað lítið sem út af ber vegna veikinda eða af öðrum orsökum, þá brestur megn til að mæta áföllunum? Einmitt á vandræðatímum er mest þörf á alþýðutryggingum og óhjákvæmilegt að setja l. um þær. En það er ekki til neins að setja l., ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að framfylgja þeim. Og í því tilliti þarf viðvíkjandi þessum l. að sjá fyrir kostnaðinum, sem af framkvæmd þeirra leiðir. Að skattahækkanir þær, sem þingmeirihl. hefir samþ. og á var minnzt, dragi eða hafi dregið úr atvinnuvegunum, er fjarstæða ein af þeim ástæðum, að þær skattahækkanir, sem á hafa verið lagðar, koma ekki niður á atvinnurekstri landsmanna nema að hverfandi litlu leyti. Tekju- og eignarskattshækkunin kemur ekki niður á þeim fyrirtækjum, sem rekin eru með tapi, eins og fullyrt er nú, og það með miklum rétti, um sjávarútveginn, og eins sennilega á sér stað og hefir átt sér stað síðustu árin um landbúnaðinn að verulegu leyti. Enda bera skattskýrslurnar þess óræk vitni, að þessir skattar lenda ekki á þessum fyrirtækjum.

Lendir viðskiptagjaldið, sem áætlað var 750 þús. kr., á þessum atvinnuvegum? Nei, allar framleiðsluvörur til lands og sjávar eru undanþegnar því með öllu. Það má að vísu segja, að sá hluti viðskiptagjaldsins, sem lagður er á nauðsynjavörur almennings, lendi á framleiðslunni á þann hátt, að fyrir það þurfi verkafólk hærra kaup til þess að geta keypt sitt lífsviðurværi. Enn hafa þó engar kröfur komið fram um kauphækkun af þeim ástæðum, hvað sem verður síðar.

Mér fannst það dálítið einkennilegt, þegar hv. þm. G.-K. sagði, að haftastefna okkar væri nú að sigra suður á Spáni og Ítalíu. Ég hafði ekki haldið, að ríkisstj. Íslands, þó að hún sé nú kannske nokkuð gustmikil, að beinlínis hún setti þeim reglur þar niðri frá um það, hvernig þeir skyldu haga sínum verzlunarmálum, né að þeir sæktu fyrirmyndir hingað til okkar. Enda var farið að beita þeim höftum viðsvegar í löndum mjög ákveðið, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að þeim kafla í ræðu hv. þm. G.-K., sem hann lagði nú mestan raddstyrkinn í og hv. 10. landsk. reyndi að taka undir með honum eftir beztu getu. En það er í stuttu máli það, sem hann vildi sagt hafa, að mér skildist, að á þeim erfiðleikatímum, sem hann lýsti, að nú væru, þá bættist sú hörmung ofan á, sem þungbærust væri af öllu, að opinber stofnun, fiskimálanefnd, væri nú gersamlega að eyðileggja sölumöguleika sjávarafurða okkar, ef ekki alstaðar, þá a. m. k. í Norður-Ameríku allri, og að þetta gerðist fyrir hroka og ofmetnað eins manns, Héðins Valdimarssonar, og dáðleysi annars, Haraldar Guðmundssonar. Ég verð nú að segja það, að ef ekkert væri annað efiðara viðfangs í veginum til að tryggja ótæmandi markaði fyrir okkar afurðir í Ameríku heldur en það að lægja hrokann í Héðni og auka kjarkinn í mér eitthvað dálítið, þá væri ekki svo mjög dimmt framundan í okkar afurðasölumálum. En það var sama snið á ræðumennsku hv. þm. G.-K., er hann talaði um þetta atriði, eins og endranær í ræðu hans, að hann tilfærði engin dæmi, heldur lét sér nægja fullyrðingarnar einar. En ég vil nú nokkuð greina frá því, hvernig þessi mál eru vaxin.

Á fyrsta þinginu eftir að stjórnarskiptin urðu, sneri ríkisstj. sér og þingflokkarnir að þeim málum, sem tvímælalaust skipta langmestu máli og mest veltur á, ég á við sölu afurða okkar innanlands og utan. Á því þingi voru sett lög um kjötsöluna og mjólkursöluna. Og ef ég gizka rétt á, þá verður rætt mikið um þau l., það sem eftir er af þessum eldhúsumr. Jafnframt voru þá sett l. um sölu fisks og síldar, þar má nefna l. um fiskimálanefnd og síldarútvegsnefnd og annað fleira. Þegar l. um fiskimálanefnd voru til umr. á þinginu haustið 1934, þá barðist Sjálfstfl. allur gegn því, að þau l. næðu fram að ganga, og fullyrti, að tilgangurinn með þeim l. væri sá einn að drepa þann félagsskap, sem landsmenn höfðu stofnað með sér til að selja sínar afurðir, nefnilega Union svokallaða. Ég hélt því fram þá aftur á móti, að eina ráðið til þess að tryggja það, að saltfisksalan færi fram með skipulegum hætti væri það að samþ. l. um fiskimálanefnd og þar með það, sem ákveðið var í þeim l. um skipulag á saltfisksölunni. Það varð svo ofan á, að þessi l. voru samþ., og síðan hafa verið gerðar á þeim lítilsháttar breyt., þar sem stj. var gefinn réttur til að skipa 2 menn í stj. fiskimálan., en lækkað var nokkuð ákvæðið um fiskmagn það, sem aðili þurfti að hafa til þess að teljast aðalútflytjandi, til þess

að fiskimálan. gæti orðið aðalútflytjandi. Afleiðing þess var svo sú, að fiskeigendur viðsvegar að af landinu héldu með sér fund og sömdu ný lög fyrir sölusamband, sem þeir mynduðu. Um mánaðamótin maí—júní s. l. fékk svo þessi félagsskapur löggildingu atvmrh. til þess að vera aðalútflytjandi á saltfiski. Í l. þessa félagsskapar, sem samþ. voru á þessum fundi, var það skýrt sagt, að hann væri stofnaður til þess að selja saltfisk félagsmanna. En enginn hreyfði því þá, að tilgangurinn með félagsskap þessum væri sé að gera tilraunir með öðruvísi verkaðan fisk, hertan eða frosinn t. d. Enginn hreyfði því á fundinum, og enginn vildi gera þar breyt. á l., að þetta yrði tekið með inn á starfssvið félagsins. Enda var slíkt ekki eðlilegt, því að í l. um fiskimálanefnd var því beinlínis slegið föstu, að önnur stofnun (heldur en þessi félagsskapur) hefði þar tilraunir með höndum.

Stjórn þessa félags skipa 7 menn, 2 eru skipaðir af stj., og eru það þeir form. fiskimálanefndar, Héðinn Valdimarsson, og forstjóri S. Í. S., Jón Árnason, auk þess eru 2 bankastjórar, sinn frá hvorum banka, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, og 3 aðrir eru kjörnir á fundum, og eru það þeir Sigurður Kristjánsson, Jón Kjartansson og sá þriðji, sem ég man ekki í svipinn, hver er.

Stj. er þá svo skipuð, að 5 af þeim, sem í henni eru, eru kosnir af félögunum sjálfum, en 2 eru tilnefndir af atvmrh. Fiskimálanefnd aftur á móti er þannig skipuð, að 6 eru kosnir af stofnunum, sem hafa með sjávarútveg að gera, en einn, Héðinn Valdimarsson, sem líka á sæti í stjórn fisksölusambandsins, er skipaður af atvmrh.

Fisksölusambandið hefir haft saltfisksölu fiskframleiðslunnar á árinu 1935 með höndum fram til þessa dags. Þegar fisksölusambandið hafði fengið löggildingu, flutti Jón Árnason till. 4 júlí um að gera tilraun með sölu á saltfiski til Suður-Ameríku, en eldri Union hafði ekki reynt það, nema lítilfjörlega fyrir 1930, en þá féll algerlega niður öll sú starfsemi.

15. ágúst, eftir að málið hafði verið athugað nánar, ber svo Magnús Sigurðsson bankastjóri fram till. um að senda mann til Suður-Ameríku til þess að reyna að vinna þar markað fyrir saltfisk. Þetta hefir verið gert og gefið þann árangur, að líklegt verður að teljast, að töluvert af saltfiski megi senda þangað. Á þessu ári hafa verið seld þangað 5—6 þúsund tonn af saltfiski, og ég verð að segja það, að þegar það er athugað, að ekkert annað hefir verið gert til þess að fá þennan markað en að senda þangað mann til að ná í samband, þá verður þetta að teljast mjög góður árangur. Hefði slíkt verið gert áður, áður en svo mjög fór að þrengjast um markaðsmöguleika í Evrópulöndunum, þá hefðum við staðið miklu betur að vígi. Ef við hefðum verið búnir að vinna 5—10 þúsund tonna markað í Ameríku, hefði orðið óliku þægilegra fyrir okkur að mæta markaðsrýrnun á Spáni og Ítalíu.

9. október flutti svo Héðinn Valdimarsson till. um að senda mann til Norður-Ameríku og Kuba í sömu erindum. Fiskimálanefnd hafði áður skrifað sölusambandinu og beðið það að senda manninn. Þegar svo að sölusambandið hafði ákveðið að senda mann, þá bauðst fiskimálanefnd til að kosta manninn að nokkru leyti, ef hann gerði fleira en athuga markaðsmöguleika fyrir saltfisk. Hinn 12. okt. bar svo Magnús Sigurðsson fram till. um, að þessu tilboði fiskimálanefndar yrði tekið, samvinna væri höfð um sendimanninn og hann látinn dvelja lengur vestra heldur en sölusambandið annars hafði ætlazt til, en sölusambandið hafnaði þessu og sendi manninn upp á eigin spýtur erinda sinna, og maðurinn hafði skamma dvöl og gat lítið gert.

Nokkrir menn þar vestra höfðu áður skrifað Union, og þess vegna var hendi næst að ná í þá menn. Sendimaðurinn fór þess vegna fyrst til þeirra og réð þá sem umboðsmenn fyrir sölusambandið þar vestra.

Það, sem fiskimálanefnd hafði sérstaklega fyrirlagt manninum að athuga, voru möguleikar fyrir því að selja bæði frosinn og hertan fisk til Bandaríkjanna. Þegar hann hóf þessa athugun kom brátt í ljós, að frosinn fiskur er mikið notaður í Bandaríkjunum og að útlit var fyrir, ef fiskurinn kæmist þangað þannig, að hann væri fyllilega markaðshæfur, að mikill markaður næðist fyrir hann.

Þegar maðurinn kemur heim, hefst Union handa um að útbúa tilraunasendingu af freðfiski til Bandaríkjanna. Nú er ekki í lögunum til þess ætlazt, að fisksölusambandið hafi slíkt starf með höndum. Í lögunum er það ákveðið, að það skuli vera starf fiskimálanefndar, og hún hafði falið Kristjáni Einarssyni að athuga þessa markaðsmöguleika. Fisksölusambandið ákveður nú, eins og ég sagði áðan, að útbúa tilraunasendingu af frosnum fiski. Það lætur Sænska frystihúsið frysta nokkuð af fiski og fær Esphólínfrystan fisk í frystihúsi n. Allt var þetta gert án vitundar og samþykkis fiskimálanefndar. N. leyfði svo sölusambandinu að senda þann fisk, sem það hafði látið frysta, en þann fisk, sem frystur hafði verið með tækjum og starfsmönnum n., sendi hún sjálf vestur. Jafnframt var ákveðið, ef þessi tilraunasending líkaði vel, að leigt yrði þá skip og sendur stærri farmur.

Nú hafði Kristján Einarsson látið þá umboðsmenn, sem hann fékk vestra, skilja það, að ekkert væri því til andstöðu, að Union annaðist sölu á frosnum fiski samhliða saltfisksölunni, og hafði samið um, að þeir fengju nokkuð af frosnum fiski til sölu. En þegar K. E. kemur heim, telur fiskimálan., að án heimildar og samþykkis síns geti Union ekki flutt út annað en saltfisk, og í öðru lagi telur fiskimálan., að ekki sé næg þekking á sölumöguleikum fyrir frosinn fisk í Bandaríkjunum, og samþykkir því að senda mann vestur til þess að fylgjast með því, hvernig salan gangi, og athuga, hvert fyrirkomulag muni að öllu leyti verða heppilegast til þess að vinna þar varanlegan markað fyrir frosinn fisk. Fisksölusambandið tekur þetta óstinnt upp. Það telur sig rétt borið til þess að verzla með allan fisk og telur það glapræði af fiskimálanefnd að sletta sér út í þessi mál og þær framkvæmdir, sem þeir séu að gera í þeim.

Fiskimálanefnd vildi ekki láta ónotaða þá

möguleika, sem kynnu að hafa skapazt þar vestra, og þegar K. E. var kominn heim, átti sölusambandið tal við mig og spurði mig, hvort hægt mundi vera að fá útflutningsleyfi fyrir öllum farmi Steadies, ef hægt væri fyrir fram að tryggja sölu á honum, og taldi ég ekkert því til fyrirstöðu. Af fiskimálanefnd var svo lagt til, að af þeim 200 tonnum, sem senda átti, fengju þeir menn, sem K. E. hafði talað við, 130 tonn, þannig að tveir þeirra fengju sín 50 tonnin hvor, en sá þriðji fengi 30 tonn, en þau 70 tonn, sem þá voru eftir, átti að reyna að selja öðrum og leita eftir markaðsmöguleikum með þeim, einkum í New-York. Þessi firmu, sem K. E. hafði samið við, önnuðust svo um söluna með þeim árangri, að eitt þeirra gat selt 45 tonn, en hin gátu ekkert selt, og þessi 45 tonn voru seld þannig, að skipinu var ætlað að fara héðan frá Reykjavík í byrjun marzmánaðar og vera komið til New-York þann 16.—20. sama mánaðar.

Steady-farmurinn er svo sendur til þessa umboðsmanns, sem K. E. hafði ráðið vestra. Fiskimálanefnd var með öllu ókunnugt um þann samningsgrundvöll, sem lagður hafði verið fyrir sölunni, að salan væri bundin því skilyrði, að skipið kæmi vestur þann 16.—20. marz.

Nú gerist það eftir að skipið leggur af stað héðan, að afli eykst í Bandaríkjunum, og ísa fer að leysa þar af vötnum, og verður þetta til þess, að verð á fiski lækkar þar frá því, sem verið hafði, þegar samið var um þessa sölu. Skipið kemur svo ekki vestur fyrr en að morgni þess 21. marz eða 6—8 klt. síðar en tilskilið var, og þessa átyllu notar svo kaupandi til þess að segja sig lausan frá kaupunum. Þetta kemur flatt upp á fiskimálanefnd, sem vissi ekki annað en að skipið ætti að koma um þann 16.—20. marz, en hafði enga hugmynd um, að umboðsmaðurinn hafði gengið þannig frá kaupunum, að þau voru bundin við þann 20.

Þegar svo að þess er gætt, að fiskur hafði aukizt vestra og verð fiskjar hafði lækkað, þá er engin von til þess, að tekizt hefði að selja fiskinn, ef enginn maður hefði verið fyrir vestan til að taka á móti farminum. Það er bersýnilegt, að umboðsmenn K. E. höfðu ekki gert störf sín svo vel.

Sigurður Jónasson snýr sér svo til manna fyrir vestan og tekst að selja nokkurn hluta fiskjarins fyrir nokkru lægra verð en áður hafði verið um talað, en hærra verð en umboðsmaðurinn ætlaði að selja fyrir. Hann hefir fengið 2 eða 3 tilboð, svo miklar líkur eru til þess, að fiskurinn breiðist út og verði viðkunnur og að það sýni sig, hvernig fólki gezt að honum. Þá fást líka upplýsingar um það, hvernig þarf að búa um fiskinn, og það hefir sýnt sig, að umbúðirnar eru ekki góðar, bæði þarf aðra tegund af pappír, og einnig þarf að vera áletrun á pökkunum, o. fl. þarf að taka til athugunar.

Ég hirði ekki um að rekja þessa sögu mikið lengra, en ég hefi aldrei vitað lubbalegri aðferð en beitt er gegn fiskimálanefnd nú. Allir eru sammála um, að ein sú þýðingarmesta tilraun, sem gerð hafi verið til að vinna nýjan markað, sé sú tilraun, sem nú er verið að gera með sölu á freðfiski til Vesturheims, og á meðan verið er að gera þessa tilraun, áður en nokkuð er séð um árangurinn, og þótt engar heimildir séu komnar hingað, þá er hóað saman fundum til þess að rægja fiskimálanefnd fyrir starf hennar, lygasögur eru prentaðar stórum stöfum, fiskeigendum er stefnt saman og því logið í blöðum sjálfstæðismanna, að hægt hafi verið að selja Steadyfarminn með 20 þúsund kr. hagnaði.

Ég mætti á fundi, sem boðað var til af nokkrum sprautum Sjálfstæðisflokksins. Sumpart voru þar félagsmenn úr sölusambandinu og sumpart menn, sem höfðu fengið umboð. Ég bar fram á þessum fundi till. þess efnis, að fundurinn harmaði þann ágreining, sem risið hefði á milli þessara tveggja stofnana, fiskimálanefndar og sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda og að fundurinn treysti því, að samvinna tækist á milli þeirra. Ég hygg, að ekki sé ofmælt, að það sé eingöngu að þakka lögunum frá 1934, að fisksölusambandið er nú starfandi, og mér er kunnugt um, að það hefðu farið að heyrast kveinstafir úr þeirri átt. — Það minnsta, sem verður að krefjast, er að beðið sé með að fella dóm um söluna, þangað til reynslan sker úr með það, hvernig hún tekst með þennan farm, sem sendur var til Ameríku.

Ég hefi þá ákveðnu skoðun á þessum málum, að það sé nauðsynlegt vegna söluerfiðleika, að saltfiskverzlunin sé öll á einni hendi, svo að dreifðir útflytjendur spilli ekki hver fyrir öðrum, og ég hefi unnið að því, að þetta fyrirkomulagi kæmist á saltfisksöluna. Hinsvegar er það jafn sjálfsagt, að sérstakar tilraunir séu gerðar með nýja sölumöguleika og nýjar verkunaraðferðir, en það á ekki að vera í höndum sömu manna, vegna þess að það er óskylt mál, og auk þess hafa þeir menn, sem í Union hafa gengið, gert það til þess, að félagið ynni að sölu á saltfiski, en ekki öðru.

Ég skal svo að lokum bæta því við, að ég held, ef menn athuga lýsingu hv. þm. G.-K. á ástandinu eins og það var 1934 í útvegsmálum og atvinnumálum þjóðarinnar undir stjórn hinna ráðkænu útvegsmanna og bera svo saman við þá lýsingu, sem þessi sami hv. þm. gaf út, þá finnist þeim ekki, að munurinn sé mikill. — En þrátt fyrir allar hrakspár 1934 hafa þó allar afurðir landsmanna selzt, og ekki orðið mikil afföll. En úr því að snilli og ráðkænska útvegsmanna hafði ekki getað skapað betra ástand og glæsilegri skilyrði heldur en raun bar vitni um 1934, þá er ofur eðlilegt, að menn fari að hugleiða það, hvort það sé rétt og sjálfsagt að fá þessum mönnum allt í hendur. — Ég tel ekki, að það sé rétt.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta er í þriðja sinn, sem hv. stjórnarandstæðingar hefja eldhúsumræður á hendur núverandi ríkisstjórn, en það er í fyrsta sinn, sem ársskýrsla liggur fyrir frá hendi stj. Það verður þess vegna ekki hjá því komizt að láta hv. stjórnarandstæðinga ganga

undir þá prófraun að athuga, hvernig sú gagnrýni þeirra stenzt dóm reynslunnar.

Eins og kunnugt er, hafa hv. stjórnarandstæðingar mikið talað um það, að núv. ríkisstj. stæði að þeim alhæstu fjárlögum, sem hér hefðu sézt, og þetta er rétt. En við höfum alltaf svarað því, að þeir skyldu bíða þangað til landsreikningarnir kæmu og vita, hvort þeir yrðu þeir hæstu, sem hefðu sézt. Þessum svörum okkar hafa þeir engan gaum gefið, heldur hafa þeir óslitið haldið áfram rógi sínum um ríkisstj. fyrir það, að hún bæri fram hækkandi fjárlög. En hvernig er svo reynslan nú, þegar landsreikningur liggur fyrir? Reynslan er sú, að fjárlögin fyrir árið 1935 voru þau hæstu, sem þá höfðu sézt, en framkvæmdin er þannig, að útgjöldin samkv. landsreikningnum eru sem næst því að vera meðalútgjöld, ef miðað er við 5 ár, og 1 milljón lægri heldur en árið 1934, þegar samsteypustjórnin bar ábyrgðina að mestu leyti. Þá hefir því verið haldið fram, að eyðsla stj. væri svo úr hófi fram, að engin von væri til, að fjárlögin mundu standast, og útgjöld mundu fara langt fram úr áætlun vegna starfsmannahalds stj. og þess hitlinga- og fylgismannaliðs, sem hún þyrfti að ala. Hvað segir svo reynslan um þetta? Reynslan segir, að umframgreiðslurnar 1935 séu þær minnstu, sem verið hafa í síðastliðin 10 ár. Á þessum 10 árum hafa íhaldsmenn einir borið ábyrgðina í 3 ár, og verið meðábyrgir í 2 ár, eða með öðrum orðum meira og minna verið bendlaðir við framkvæmd fjárlaga í 5 ár af þeim 10 árum, sem ég miða við.

Þá hafa stjórnarandstæðingar alið á því, að nú sé framkvæmt af hendi ríkisstj. það mesta skattrán, sem framið hafi verið hér á landi. Hæstv. atvmrh. svaraði þessu að nokkru leyti og benti á, að viðleitni stj. hefði gengið í þá átt að afla ríkissjóði svipaðra tekna og hann hafði áður haft. En það er fjarri því, að skattar og tollar hafi hækkað um 5 milljónir.

Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að minna á það — svo hv. stjórnarandstæðingar fái þar nokkurt verkefni — hvernig þeir framkvæma þetta atriði, þar sem þeir eru einráðir. Hér í Reykjavík er skatthækkunin svo gífurleg, að ef útsvörin 1936 eru borin saman við útsvörin 1929, sem var eitt hið bezta ár, þá er útsvarahækkunin, að undanteknum öðrum tekjum bæjarsjóðs, 150%. Ef samskonar skattrán hefði verið framkvæmt af ríkisstj., þá ættu tekjur ríkissjóðs nú að vera 40 millj. en ekki 16 millj. Það væri æskilegt, ef hv. stjórnarandstæðingar vildu síðar skýra það fyrir mönnum, hvernig á því getur staðið, að þeir hafa brjóstheilindi til þess að bera stj. á brýn skattrán, þegar hún aðeins heldur við tekjum ríkissjóðs, á sama tíma, sem þeir tvö- og þrefalda tekjur Reykjavíkurbæjar.

Þá hafa þeir haldið því fram, að fjármálastefna stj. væri svo óvarleg, að beint væri stefnt að ríkisgjaldþroti. En á árinu 1935 var 750 þús. kr. tekjuafgangur, og greiðsluhalli ríkissjóðs lækkaði um nær því tvær millj.

Ef borið er saman við undanfarandi ár, þá er þetta sú bezta afkoma ríkissjóðs, sem verið hefir síðan 1929. En hver vill miða við árið 1929, og ég vil segja 1925 og 1926, þegar sá tekjuafgangur varð, sem mest er rómaður? — Þessum árangri hefir ekki verið náð með því að bæta við 5 millj. kr. nýjum sköttum, heldur var umsetning ríkissjóðs rúmlega 1 milljón lægri heldur en árið 1934.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa brugðizt einkennilega við þessum tíðindum um afkomu ársins 1935. Þeir hafa orðið nær alveg sturlaðir, og hafa ekki vitað, með hverjum hætti þeir hafa átt að rökstyðja gagnrýni sína á hendur stj., og því tekið það einkennilega ráð að átelja það, að stj. hefir haft miklar tekjur af áfengissölu og áfengistolli síðastliðið ár. Ég skal strax viðurkenna það, að tekjur af áfenginu fóru mikið fram úr áætlun, en ég skal jafnframt taka það fram, að það var ekki af því, að mér væri það ekki fyllilega ljóst, að með afnámi bannsins myndu þessar tekjur aukast allmjög frá því, sem þær höfðu verið, en ég beitti mér fyrir því, að þær voru áætlaðar varlega, til þess að þar væri hægt að fá nokkurt fé til þess að standast ýms aukaútgjöld ríkissjóðs, og jafnframt til þess að vega á móti því, sem sumir gjaldaliðirnir myndu fara fram úr áætlun, því að það var þegar ljóst, að enda þótt gerð væri ýtarleg tilraun til þess að áætla útgjöld fjárlaganna eins nærri því, sem hugsanlegt var, að þau myndu verða, þá myndu þau þó alltaf geta farið fram úr áætlun. Það var því þegar ætlun mín að fá þarna fé til þess að mæta slíkum útgjöldum.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að ég hefi aldrei heyrt það fyrr, að nokkur stjórn sé áfellisverð fyrir það, að taka tekjur í ríkissjóðinn af óþarfavörum, sem seldar eru í landinu. Það hefir þvert á móti verið talið sjálfsagt að taka drjúgar tekjur af slíkum vörum, og yfirleitt verið talin réttlátasta tekjuöflunarleiðin, sem hægt er að fara. Annars er ekki hægt að kenna stjórnarflokkunum sérstaklega um afnám bannsins og þar af leiðandi aukning á innflutningi áfengis. Ef einhver sérstakur flokkur á sök á því, þá er það helzt flokkur núverandi stjórnarandstæðinga, Sjálfstæðisflokkurinn, sem sökina á, því að flestir áhrifamenn hans beittu sér fyrir því, að bannið væri afnumið. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar þessi flokkur er að áfella stj. fyrir að taka á móti þeim tekjum í ríkissjóðinn, sem hann hefir barizt fyrir að afla, þó ekki sé með öðru en því að beita sér fyrir þjóðaratkv. um afnám bannsins. Út af þeirri gagnrýni, sem hér hefir átt sér stað um innflutning áfengisins, vil ég benda á, að það hafa aldrei komið fram neinar till. frá stjórnarandstæðingum, þar sem þeir hafa farið fram á að skera sérstaklega niður innflutning þessarar vöru, heldur þvert á móti hafa þeir beitt sér fyrir því, að stj. yrði skylduð til að leyfa ótakmarkaðan innflutning hennar. Ef þessum góðu mönnum hefði verið nokkur alvara með þessu hjali sínu um takmörkun á innflutningi áfengis, þá hefðu þeir að minnsta kosti átt að beita sér fyrir því, að sem minnst væri byggt á tekjum af þessum tekjustofni. En hafa þeir gert það? Nei, þvert á móti. Þeir hafa beitt sér fyrir því, að þessi tekjustofn væri áætlaður sem hæst í fjárlögunum og sem mest væri byggt á

honum, svo að þeir hafa í raun og veru þröngvað stj. eða reynt að þröngva henni til að hafa engar takmarkanir á áfengisinnflutningnum. Annars skal ég taka það fram í þessu sambandi, að ég tel sjálfsagt, að dregið verði úr innflutningi áfengisins eins og annara vara, sem hægt er að komast af án.

Hv. 10. landsk. hefir sérstaklega gert sér tíðrætt um þetta mál, og talaði svo óráðvandlega um það þegar við 1. umr. fjárl. í vetur, að ég býst við, að hann hafi hneykslað margan með því tali sínu. Hann réðst á stj. fyrir það, að hún skyldi afla tekna í ríkissjóðinn með innflutningi og sölu áfengis, og taldi, að með því væri hún að taka lán hjá lífinu, sem greiðast yrði með okurvöxtum, og honum fórust svo orð hv. þm.: „Þegar hún lofar að færa niður ónauðsynleg útgjöld, þá lækkar hún framlög til ræktunarsjóðs, til búfjárræktarinnar, sandgræðslunnar, áburðarkaupanna, sýsluvegasjóðanna, og til Búnaðarfélags Íslands, Ræktunarfélags Norðurlands, og búnaðarsambandanna. Og þegar hana vantar fé í kassann til þeirra hluta, sem hún telur nauðsynlegri, þá tæpir hún á fremstu nöf laganna til þess að geta tekið lán hjá sjálfu lífinu — lán með okurvöxtum, sem teknir eru af dýrstu eigninni, sem landið á — þ. e. lífsþrótti og hamingju þjóðarinnar.“ Svo mörg eru þau orð í hinni hræsnisfullu ræðu. Ég verð nú að segja það, að ég var hissa, þegar hv. þm. dirfðist að endurtaka nokkuð af þessum ummælum sínum áðan, því að það er almælt hér í þinginu, að hann hafi svipt af sér hræsnisgrímunni í þessu máli nú ekki alls fyrir löngu. Það er nefnilega alkunnugt, að þegar verið var að ræða um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga á fundi í n., sem hann á sæti í hér á þinginu, hvernig fara ætti að því að lækka vörugjald það, sem frv. gerir ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög fái fyrir tekjustofna, og verið var að bollaleggja það, hvernig hægt væri að afla tekna í staðinn fyrir þetta gjald eða lækkun þess, bar þá svo til, að einn nm. kemur með till. um það, að lagður sé viðbótartollur á vín og tóbak, sem komi að einhverju leyti í staðinn fyrir þetta vörugjald. Og hvað skeður, þá gleymir hv. þm. því, að hann þurfti að hræsna. Hann tekur vel í þetta og segir, að hann hafi jafnan álitið, að það væri mjög vel fengið fé, sem tekið væri í toll af slíkum vörum. Hv. þm. gleymdi þarna bara allra snöggvast hlutverki hræsnarans. En það varð til þess að fá það út, sem hann í raun og veru meinti í þessu máli.

Eftir þetta, að hafa rakið gagnrýni hv. stjórnarandstæðinga á fjárhagsafkomu ríkissjóðs, eins og hún hefir verið flutt við þessa umr., og sýnt fram á, að þær ásakanir, sem á stj. hafa verið bornar, eiga enga stoð í veruleikanum, vil ég minnast nokkrum orðum á verzlunarjöfnuðinn.

Í ræðu, sem hv. þm. G.-K. flutti sl. haust, tók hann munn sinn mjög fullan og fór hörðum orðum um framkvæmdir mínar gagnvart innflutnings- og gjaldeyrismálunum, og það verð ég að segja honum til hróss, að í ræðu sinni áðan hafði hann allmjög dregið úr ofsa sínum og fullyrðingum frá í vetur, enda mun hann ekki hafa séð sér annað fært. Í þessari ræðu sinni í haust slær hann því föstu, að allt starf mitt og gjaldeyrisnefndar, hvað snerti þessi mál, hafi verið einskis nýtt, og segir meðal annars: „Í fyrra hækkuðu erlendar skuldir um 11 millj. á árinu, og í ár hækkuðu þær um aðrar 11 millj.“ Ennfremur segir hann: „Það var þjóðarnauðsyn að skapa greiðslujöfnuð, en það var flokksnauðsyn stjórnarflokkanna að fá fé í ríkissjóðinn, og vegna þeirrar nauðsynjar var þjóðinni sökkt í nýjar 11 millj. kr. skuldir.“ Með öðrum orðum, hann slær því föstu, að það hafi verið sama útkoma, hvað greiðslujöfnuðinn snertir, 1934 og 1935. En hvað segir nú reynslan í þessu efni? Hún segir það, að innflutningurinn hafi lækkað um 7 millj. 1935 frá því, sem hann var 1934, eða um 15%, og ennfremur að greiðslujöfnuðurinn hafi orðið 6 millj. betri 1935 en hann var árið áður. Með öðrum orðum, að í stað þess, sem hv. þm. heldur því fram, að það hafi skort 11 millj. á verzlunarjöfnuðinn þetta ár, eru það ekki nema á milli 4 og 5 millj. Ég vil nú spyrja, hvort hægt sé að færa skýrari sönnun fyrir því, að allt það, sem þessi hv. þm. fer með, er meira og minna fleipur út í loftið, sem ekki er byggt á neinni rannsókn á málunum eða borið fram af nokkurri samgirni. En hv. þm. leyfði sér annað í ræðu sinni nú, sem hann leyfði sér ekki í haust. Hann hélt því fram, hv. þm., að núv. stj. væri ábyrg fyrir því, að skuldaaukningin við útlönd hefði numið 11—12 millj. króna. Þessu hefi ég mótmælt áður, og vil gera það enn á ný. Það er nú fyrst og fremst það, að núv. stj. fór ekki með völd nema nokkurn hluta ársins og ber að því leyti ekki ábyrgð á afkomu ársins nema að nokkru leyti. Annars var það svo, að fyrrv. fjmrh. vildi fá leyfi til þess að breyta gjaldeyrislögunum í þá átt, að ná mætti betri tökum á innflutningnum, en fékk það ekki vegna Sjálfstfl., sem þá stóð að stj. að nokkru leyti. Það er því foringi hans, sem ber mesta ábyrgðina á greiðsluhallа ársins 1934, með því að neita um sjálfsagða breyt. á gjaldeyrislögunum.

Þá sagði hv. þm., að nú væri þessum málum svo komið, að lánstraust landsins væri þrotið og voði væri fyrir dyrum. Þetta segir hv. þm., enda þótt hann viti, að það sé að meira og minna leyti ýkt. Hitt ætla ég öllum ljóst, að þegar eins árar og nú, að t. d. útflutt verðmæti tveggja síðustu ára hefir lækkað um 6—7 millj., og nær allt, sem flutt hefir verið til Ítalíu og Spánar, hefir ekki fengizt greitt, frosið þar inni, þá sé ekkert undarlegt, þó að af þessu stafi yfirfærsluörðugleikar, hversu ötullega sem að því er unnið að minnka innflutninginn.

En hitt vil ég segja, að ef ekki hefði bætzt við örðugleikarnir með greiðslu frá Ítalíu og Spáni, þá hefði ég haft beztu vonir um, að úr hefði rætzt.

Ég hefi nú eytt nokkrum tíma til þess að sýna fram á hvernig gagnrýni stjórnarandstæðinga verður að engu fyrir staðreyndum reynslunnar. Ég ætla svo næst að sýna fram á þá stefnu, sem stjórnarandstæðingar virðast vilja hafa í fjármálum. Þeir hafa talið sig vera á móti því að leggja á þá nýju tolla og skatta, sem lagðir voru á 1934—1935. Nú myndi það láta nærri, að ef

ekki hefði verið horfið að því ráði að leggja á þessi nýju gjöld, að tekjur ríkissjóðs 1936 hefðu numið 11,5 millj., í stað 15,5 millj., eða 4 millj. lægri en þau eru áætluð nú. Sakir þessarar yfirlýstu stefnu sjálfstæðismanna beið ég með óþreyju eftir afgreiðslu fjárl. frá fjvn., ég vonaðist eftir að sjá stjórnarandstæðingana í n. bera fram till. til lækkunar upp á 4 millj. kr., þannig að séð væri fyrir því, að fjárl. hefðu staðizt, ef skattastefna þeirra hefði fengið að ráða. Um þetta er ekki ein einasta till., en frá minni hl. n. kemur fyrirvari, sem prentaður er í nál. og hljóðar á þessa leið: „Við teljum brýna nauðsyn á því að draga allverulega úr álögum þeim, sem nú hvíla sérstaklega á framleiðslunni í landinu, og höfum því lagt til í n., að fellt verði niður a. m. k. útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem í frv. er áætlað 650 þús. kr., og gjald af innfluttum vörum samkvæmt lögum frá síðasta þingi, áætlað 750 þús. kr. En tekjur samkv. 2. og 3. gr. frv. eru áætlaðar um 1900 þús. kr. lægri en þær reyndust á sambærilegum liðum árið 1935, sem getur þó ekki talizt nálægt því að vera meðalár um afkomu atvinnuveganna, og má því væntanlega gera ráð fyrir því, að þær reynist verulegum mun hærri en áætlað er. Hinsvegar erum við að því leyti, sem þörf kynni að krefja, að leiðréttri tekjuáætluninni, reiðubúnir til samvinnu milli umr. um niðurfærslu á áætluðum gjöldum frv. til þess að ná fullum greiðslujöfnuði og eftir því, sem kleift þætti, til frekari sparnaðar, með enn frekari lækkun á álögunum fyrir augum.“ — Með öðrum orðum, að í stað þess að vænta hefði mátt, að frá stjórnarandstæðingum kæmu till. til lækkunar á fjárlögunum um 4 millj., kemur engin slík till. fram. Það er ekki gert ráð fyrir því frekar en verkast vill, að útgjöldin verði lækkuð, útgjöld, sem þeir hafa talið allt of há. Hverjar eru þá till. hv. minni hl.? Eins og sjá má í nál. fjvn. eru þær það að lækka suma tekjuliðina og treysta því, að aðrir tekjuliðir fari fram úr áætlun meira en stjórnarflokkarnir telja hugsanlegt. Ég vil nú spyrja, hvers vegna er þetta gert. Er það ekki gert til þess að geta ráðizt á stj. á eftir fyrir hallann á landsreikningnum? En svo er meira, sem felst í þessum fyrirvara stjórnarandstæðinga í fjvn. Þeir treysta líka á, að ágóðinn af áfenginu, sem þeir þykjast ekki vilja flytja inn, verði meiri 1937 en hann var síðastl. ár. Hv. þm. G.-K. sagði, að Sjálfstfl. væri alltaf að bjóða upp á samvinnu um niðurfærslu á útgjöldum ríkissjóðs, og hann sagði enn fremur, hv. þm., að stj. hefði ekki viljað slíka samvinnu, því að hún vildi engar niðurfærslur á gjöldum ríkissjóðs, því að þá yrði hún að fara að framkvæma loforð sín um sparnað, en það gæti stj. ekki hugsað til, því að sparnaðurinn myndi fyrst og fremst lenda á launagreiðslum til stjórnargæðinganna, bitlingum og beinum þeirra. Þetta eru þungar ásakanir. Ég vil því skora á hv. þm. að benda á þær till. til niðurfærslu á launum, sem sjálfstæðismenn hafa borið fram, en við gengið á móti. Geti hv. þm. það ekki, þá lýsi ég hann ósannindamann að öllu þessu þvaðri sínu.

Annars er það svo, að ágreiningurinn er ekki um þetta, heldur um það, hvernig skattabyrðarnar skuli lagðar á. Það, sem stjórnarandstæðingar vilja, er það, að framlög til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda séu felld niður, því að það er ekki hægt að lækka útgjöld fjárlaganna um 4 millj. kr. með öðru móti. Og til hvers vilja þeir fella þetta niður? Ekki til annars en til þess að geta skilað aftur því, sem tekið er af hátekjumönnunum, mönnunum, sem nota erlendar vörur í mestu óhófi.

Þá hafa stjórnarandstæðingar talað mikið um það, að stj. hafi ekki tekizt að minnka atvinnuleysið í landinu. Þessu er því til að svara, að það er ekki hægt að dæma stj. eða stjórnarflokkana eftir því, hvort mikil vandræði eru til lands eða sjávar. Það á að dæma stjórnina og þá flokka, sem hana styðja, eftir því, hvort stj. hafi tekizt að skapa betra ástand hjá almenningi en ef stjórnarandstæðingar hefðu setið við völd. Ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um, að ef t. d. kjötlögin og mjólkurlögin hefðu ekki verið sett og bændur hefðu ekki fengið þann tekjuauka af þeim, sem raun hefir á orðið, og ef verklegum framkvæmdum hefði ekki verið haldið uppi eins og gert hefir verið, heldur skornar niður eins og stjórnarandstæðingar vilja, þá er ég ekki í vafa um, að ástandið væri öðruvísi en það er nú. Ég er því ekki í efa um, að hver einasti maður, sem hlutdrægnislaust lítur á þessi mál, er sannfærður um það, að einmitt fyrir atbeina núv. stj. sé ástandið meðal almennings mun betra en ef hún hefði ekki fengið ástæðu til þess að fara með völdin þessi erfiðu ár. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 7. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Pálmason: Það er alþjóð kunnugt, að við sjálfstæðismenn erum búnir að vera í minni hl. á Alþ. nálega um 9 ára skeið. Allan þann tíma hafa núv. stjórnarflokkar ráðið í landinu. Þegar allt breytist eins ört og gerist nú á tímum, þá eru 9 ár langur og áhrifaríkur valdatími. Um það er því eigi að villast, að það ástand, sem nú er hér í fjármálum, menningu og atvinnulífi, er reynsla, sem þjóðin hefir fengið af þessum valdaflokkum, að því leyti, sem innlendir menn mega því ráða.

Um það bil, sem framsóknarmenn með aðstoð Alþfl. voru að brjótast til valda í landinu 1927, þá var þeirra höfuðherorð þetta: „Alhliða viðreisn í sveitum landsins.“

Þetta herorð var hrópað landshornanna á milli, og ekkert Tímablað kom út, án þess að loforðið væri þar í ýmsum útgáfum. Nú hafa þessir sömu flokkar bráðum ráðið 9 ár, ekki einasta yfir landbúnaðarmálum, heldur yfir öllum fjármálum þjóðarinnar á Alþingi og í ríkisstjórn. Þeir hafa haft yfirstjórn í banka- og peningamálum. Þeir hafa ráðið í Sambandi ísl. samvinnufélaga og Búnaðarfélagi Íslands. En þær stofnanir eru sterkar um áhrif í íslenzkum sveitum. Það mætti því ætla, að nú hefðu bændur og sveitamenn ekki ástæðu til að kvarta. Nú væri alhliða viðreisnin, sem lofað var, komin í

framkvæmd. Það er því allrík ástæða til að bregða upp nokkrum myndum af því ástandi sem nú er í sveitunum.

Það hefir oft verið bent á þá miklu ræktun, sem fram hefir farið í sveitunum á undanförnum árum, sem sönnun þess, að mjög miklar almennar framfarir hafi þar átt sér stað og nú stæði sveitafólkið miklu betur að vígi en nokkru sinni fyrr.

Það er nú staðreynd, að síðustu 12 árin hefir meira verið ræktað í landinu en nokkru sinni áður, og hafa margir bændur sýnt frábæran dugnað í því efni. En hvaða orsakir liggja til þessa? Þær eru aðallega tvær.

Í fyrsta lagi sú, að þetta eru áhrif tveggja laga, sem sett voru áður en núverandi stjórnarflokkar fengu völd: jarðræktarlaganna og ræktunarsjóðslaganna.

Í annan stað hafa bændur verið blátt áfram neyddir til að bjarga lífi sínu sem framleiðendur á þann hátt að minnka sem allra mest þörfina fyrir að nota þann vinnukraft, mannsaflið, sem gerður hefir verið torfengnari og dýrari en nokkur dæmi eru til áður í hlutfalli við arðinn af framleiðslunni.

Í þessu ljósi ber meðal annars að skoða ræktunarframkvæmdirnar. Þær eru ekki afleiðing eðlilegrar umbótaþróunar og fjárhagslegrar velgengni, heldur annarsvegar áhrif opinberra, að vísu réttmætra styrkja, hinsvegar ávöxtur þess ástands, sem svipar mjög til þess, sem sagt er um arabiska hestinn, að hann taki harðasta sprettinn, þegar hann er kominn að því að springa.

En hvernig er nú búið að fara með ræktunarsjóðinn? Og hvernig á að fara með jarðræktarlögin. Ræktunarsjóðurinn hefir verið aðaluppistaðan í Búnaðarbanka Íslands, og eina deildin, sem hefir sæmilega vel annað sínu hlutverki. En nú virðist sá tími liðinn. Fé þessarar stofnunar er búið að festa mjög mikið í öðru. Þar fæst ekki einn eyrir til ræktunar. Þeir bændur, sem einskis hafa notið af hinni svonefndu kreppuhjálp annars en tjóns, eru sem aðrir útilokaðir frá öllu lánsfé til ræktunar á þessum stað. Þetta er gersamlega óþolandi, og sýnir eina myndina af fjármálaaðförunum.

Jarðræktarlögunum ætla stjórnarflokkarnir nú að breyta í það horf, að þar fái sumir styrk, en sumir ekki, og mest þeir, sem lítið eða ekkert hafa áður gert.

Frumvarp um það efni er tilbúið frá mþn., en hefir ekki enn verið afhent öðrum þm. en stjórnarliðum. Þó nú að svona sé, þá er í ræktunarmálum að finna björtustu myndina af ástandinu í sveitum á stjórnartímabili núv. valdaflokka.

En hvernig er nú með fólkið sjálft? Hvaða mynd sýnir þess ráðbreytni á síðustu 9 árum?

Frá því í ársbyrjun 1927 og til ársloka 1934 hefir alls fjölgað í landinu um 13013 manns. Á sama tíma hefir fækkað í sveitum um 2160, en fjölgað í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa um 15173. Sveitirnar hafa á þessu 8 ára tímabili tapað allri fjölguninni og 2160 í viðbót.

En ef miðað er við fólksfjölgunina í heildinni á þessu tímabili, hefir flutzt úr sveitum um það bil 8870 manns.

Nú hefir straumurinn verið mestur 1935, en um það eru eigi skýrslurnar til. Þó er víst óhætt að gera ráð fyrir, að talan verði að því viðbættu 10 þús. manns. Þetta fólk hefir flúið úr sveitunum á 9 ára valdatíma stjórnarflokkanna.

Og hvaða fólk er nú þetta?

Meginhluti þess er ungt fólk og fólk á bezta aldri. Það er dýrmætasta eign sveitanna. Það er sá auður, sem þeirra framtíð átti að byggjast á og gat byggzt á. Við það voru björtustu vonirnar bundnar. Þetta er eigi hægt að reikna til verðs, en væri það gert eftir mælikvarða tryggingarlaganna nýju, þá er þarna um 60 millj. kr. tjón að ræða fyrir sveitir landsins.

Auk þess hafa flutzt burtu með þessu fólki millj. í fjármunum, sem í sveitunum hafa aflazt. Aðalorsakirnar til þessa liggja í áhrifum þeirra manna, sem þetta tímabil hafa stjórnað landinu, ekki einasta áhrifum þeirra í landsstjórn og á þingi, heldur engu síður í félagslífi, menningarmálum og blaðamennsku.

Nú er það svo, að þó sveitunum hafi verið óbætanlegt tjón í burtflutningi þessa fólks og þeirra fjármuna, sem því hafa fylgt, þá hefir kaupstöðum og kauptúnum eigi orðið þetta tilsvarandi hagur, af því að atvinnuskilyrðin þar hafa ekki aukizt að sama skapi.

En hvernig er nú með það fólk, sem eftir er í sveitunum og smáþorpum? Hvaða fólk er það? Og skyldi það vera hrifið af alhliða viðreisninni, sem lofað var fyrir 9 árum?

Yfirgnæfandi meiri hl. fólksins í flestum sveitum eru börn innan fermingar og fólk, sem er komið yfir miðjan aldur. Það, sem komizt hefir af barnsaldri til æskuára, síðan viðreisnartímabilið byrjaði, hefir farið.

Það er því engin furða, þegar svona er komið, þó vonleysi grípi marga þá bændur, sem allar framtíðarvonir sínar og sinna barna hafa áður bundið við héraðið sitt, sveitina sína og jafnvel jörðina sína. Enda er það svo, að fjöldi bænda biður fyrsta færis að geta selt og farið á eftir börnunum sínum.

Þetta er sannarlega eigi að kenna landinu eða lífsskilyrðum sveitanna. Aukin þekking, aukin tækni og fjölgandi atvinnugreinar sýna það og sanna betur nú en nokkru sinni fyrr, að þar getur lifað mörgum sinnum fleira fólk en þar er og iðið vel. Þetta stafar heldur ekki af hallæri eða tröllalátum okkar trylltu náttúruafla á undanförnum árum. Heldur stafar þetta af óhæfu stjórnarfari og öllu því ölduróti og óreiðu, sem kröfupólitík og öfgakenningar sósíalismans hafa leitt inn í þjóðlífið.

Eitt af því, sem sýnir glöggt, hvernig nú er komið, er það, hvernig ástatt er með undirstöðu sveitaframleiðslunnar, jarðeignirnar. Verðið á þeim er öruggasti mælikvarði fyrir því, hvernig sveitamennirnir sjálfir líta á framtíðina. Frá aldamótum og fram um 1927 var mjög mikil eftirspurn eftir jörðum. Fengu þær færri en vildu, og þær seldust háu verði, oft margföldu við matsverð.

Nú er þetta orðið svo breytt, að jarðir eru lítt seljanlegar, og alls eigi nema fyrir lítið verð.

Ég þekki dæmi til, að bóndi keypti jörð fyrir

10 árum á 10 þús. kr., en seldi hana síðastliðið vor fyrir 3600 kr. Hafði þó orðið fyrir stórtapi í vaxtagreiðslum á tímabilinu. Þarna var verðfallið 64% að mati bóndans sjálfs á valdatíma stjórnarflokkanna, en þó er lítið verðfall á afurðum, ef miðað er við 1927 og 1935.

Um það hafa staðið miklar deilur milli sjálfstæðismanna og stjórnarliða, hvort bændur eða ríkið ætti að eiga jarðirnar.

Formælendur ríkiseignastefnunnar eru komnir vel á veg með að sigra þann leik, af því að þeirra stjórnarfar og félagsmálastefna er búin að koma því til leiðar, að flestar jarðir í einkaeign eru toppveðsettar.

Nú álíta þeir líka hina réttu stund upp runna. Því nýlega hafa þeir lagt fyrir þingið frumv. um jarðakaup ríkisins, sem vitanlega stefnir að því, að allar jarðir verði ríkiseign. Þetta frumv. er borið fram sem bjargráðamál fyrir bændur, og það er engin fjarstæða, að svo geti reynzt mörgum einstaklingi.

En af hverju?

Af því að fjármálaóstjórn núv. valdaflokka er búin að koma hag margra bænda á það stig, að þeir hafa um tvennt að velja, ef þetta nær lagagildi, — annað að ganga slyppir frá hinni veðsettu jörð, sem peningastofnanir taka upp í skuld, eða afhenda hana ríkinu og fá að hírast áfram sem leiguliðar. Þannig er myndin af alhliða viðreisninni.

Að laga það ástand, sem við augum blasir, er nú orðið hægra sagt en gert. Það er erfitt verk að byggja upp húsið, þó eigi kosti nema eina eldspýtu að brenna það til ösku á lítilli stundu. Það er nú líka vitað, að núna er við að stríða margvísleg utan að komandi vandræði, sem þjóðinni eru ósjálfráð, svo sem markaðshömlur, harðindi og aflaskort. Þeir, sem nú ráða, vilja kenna þeim annmörkum um allt hið illa ástand, sem nú ríkir í landi voru, en slíkt er fjarstæða. Hitt er aftur á móti rétt, að afleiðingar innanlandsóstjórnar og mistaka koma fyrr í ljós og eru alvarlegri af því verzlunarhömlur og önnur vandræði bera að höndum. Þessu er eins farið og því, að bóndinn, sem að hausti setur fénað sinn í bersýnilegan voða, hann er jafnsekur, hvort sem kemur góður vetur eða harður. Hann getur sloppið nokkurn veginn, ef vel viðrar. Komi harðindi, fær hann að kenna á sínu fyrirhyggjuleysi. Sökin er sama, hvort sem verður, og eins er nú ástatt með afstöðu okkar þjóðar. Vandræðin eru ekki sprottin af viðskiptareglu, en hegningin fyrir óstjórn og ráðleysi hefði getað dregizt og orðið minni ef áfram hefði haldizt sæmilega frjáls viðskipti og endalaust góðæri. Það er nú kunnugt, að gjöld ríkissjóðs hafa verið frá miðju ári 1927 til þessa dags um 150 millj. kr. a. m. k. Á sama tíma hafa öll gjöld sveitar- og bæjarfélaga numið 40—50 millj. kr., og talsverður hluti þeirra gjalda fer alltaf eftir því, hvernig fjármálum ríkisins er stjórnað. Þetta er ægileg upphæð, og eigi furða, þó illa sé komið, jafnvel þó talsverður hl. þessa fjár hafi farið til nauðsynlegra hluta. Auðvitað hefir þetta komið harðast niður á framleiðendum, því öll gjöld lenda á framleiðslunni fyrr eða síðar eða safnast í skuldum, sem aldrei greiðast. Áhrifin hafa komið fram í aukinni dýrtíð á öllum sviðum, lægra verði á framleiðsluvörum vegna tilkostnaðar við verkun og sölu, auk allra beinna skatta. Jafnhliða hefir verið unnið að því af Alþfl. beinlínis og Framsfl. óbeinlínis vegna félagsskaparins að hækka laun og kaupgjald langt umfram það, sem framleiðslan þolir. Þetta hefir verið gert undir því yfirskini, að verið væri að vinna fyrir hagsmuni verkamanna, og þeir undramargir ginntir til fylgis við stjórnina á þann veg. En hér hefir annað verra að baki búið, sem sé það að eyðileggja það þjóðskipulag, sem verið hefir í landinu til síðustu tíma og byggt er á atvinnufrelsi, eignarrétti, vinnufriði og félagsfrelsi, en stofna þess í stað sósíalistaríki, þar sem allir eiga að eiga allt, en enginn á neitt. Að verkamenn hafi öðrum fremur haft hag af þessu er algerlega rangt, ef almennt er á málið litið. Unga fólkið hefir meir og meir hópast í stétt verkamanna vegna vonar um vel borgaða atvinnu, en fjöldinn smám saman orðið svo mikill, sem um vinnu sækir, að eigi getur nema nokkur hl. fengið hana. Hitt er atvinnulaust nema tíma og tíma, af því hin gamla eðlilega atvinna við almenn framleiðslustörf hefir fallið úr eða rýrnað til stórra muna, einkum í sveitum. Við þetta hefir verkafólkið lent í fullkomnu ófrelsi. Sumt orðið að kaupa atvinnu fyrir há tillög til verkalýðsfélaga, auk kjörfylgis við öfgastefnu, en sumt farið á sveitina eða í hina svonefndu atvinnubótavinnu, sem er sveitarframfæri nr. 2. Og nú er enn á ný búið að búa út nýja gildru til að ginna fólkið með úr sveitum landsins, en það er atvinnuleysistryggingin, sem svo er kölluð. Í því felst fyrst og fremst það, að borga mönnum kaup fyrir að gera ekki neitt. Verkalýðurinn hefir því sannarlega ekki ástæðu til að hrósa happi yfir ástandinu. Hann eins og allar stéttir landsins fær að kenna á því, ef þjóðfélagsmálum er illa stjórnað, og það er þeim æfinlega, þegar ósamræmi er milli framleiðslu og tilkostnaðar. Verkafólkið veit það sjálft, að því er heppilegri örugg vinna með lægra kaupi en vinna lítinn tíma árs með hærra dagkaupið. Árskaupið, en ekki tímakaupið, er það, sem mesta hefir þýðinguna. Þeim hl. þjóðarinnar er því sem öðrum full þörf að varast ginningar og flærðarhjal ábyrgðarlítilla lýðskrumara. Það hefir leitt og mun leiða til sívaxandi atvinnuleysis, sihækkandi fátækraframfæris, sífjölgandi öreiga og sihækkandi skulda hjá öllum aðiljum nema þeim, sem stikla upp tröppurnar á heimsku fjöldans. Þegar svo gengur, og þannig hefir gengið síðustu 9 árin, þá stefnir allt til þess, að ábyrgðarleysi fer vaxandi, okkar nauðsynlegu dyggðum, fyrirhyggju, hagsýni og sparsemi, er sparkað út fyrir þröskuldinn, en sá hugsunarháttur fær blásandi byr, að gera látlausar kröfur til hins opinbera og grípa fegins hendi hvern þann feng, sem hönd á festir, jafnvel hvað sem til þarf að vinna.

Til dæmis um það, hve langt er gengið á þessari leið, má nefna, að aðalblað Alþfl. réðst nýlega á fátækrastjórn höfuðstaðarins með óbótaskömmum fyrir það, hvernig hún kveldi þurfamenn bæjarins. Var einn sérstaklega tekinn til dæmis. En þegar farið var að rannsaka, kom í

ljós, að sá hafði fengið tæpar 7 þús. kr. í fátækrastyrk síðastl. ár. Á sama tíma verður yfirgnæfandi meiri hl. bænda og verkamanna í landinu að láta sér nægja 1—2 þús. kr. í árstekjur. Ég gerði yfirlit í vetur um „brúttó"-tekjur allra bænda í einni sýslu í hvorum landsfjórðungi árið 1934 samkvæmt skattskýrslunum. Meðaltekjur bónda í þessum 4 sýslum voru rúmar 1500 kr., og mun láta nærri meðaltali á öllu landinu. Af því verða þeir að borga vexti af skuldum, útsvör og skatta og framfæra sig og sína fjölskyldu af afganginum. Þegar þetta er athugað, þá er engin furða, þó fólkinu finnist það ekki mikill glötunarvegur að komast á þurfamannaframfæri undir yfirstjórn Alþfl., enda er svo komið nú þegar, að þurfamannaframfærsla *er komin langt út fyrir þau eðlilegu takmörk*, að vera bundin við það fólk eingöngu, sem óviðráðanlegar orsakir knýja til að leita þessarar *hjálpar undir eðlilegu og heilbrigðu stjórnarfari*. Hér í Reykjavík er nálega tíundi hver maður á bæjarframfæri auk þeirra, sem stunda atvinnubótavinnu. Í sumum kauptúnum er fjórði hver maður orðinn þurfamaður. Þar á milli liggja mörkin í kaupstöðum og þorpum, og í sveitum stefnir á sama veg, þó að víðast sé skemmra komið áleiðis. Fjölmörg dæmi finnast þess, að fullfriskir menn eru á sveitarframfæri samtímis því, sem atvinnurekendur sveitanna fá engan vinnukraft. Þetta sem fleira er að miklu leyti afleiðing af kröfupólitík og ginningum sumra þeirra manna, sem nú ráða landinu, og er sprottin af þeim hugsunarhætti, sem speglast í þeim orðum núv. atvmrh. á Alþ. 1933, að það þurfi að **granda** þjóðskipulaginu.

Síðan um síðustu kosningar hafa verið með allra samþykki sett ýms lög, sem réttmæt eru og eðlileg, en í flestu, sem mestu varðar, hefir verið stefnt í öfuga átt, eins og margoft hefir verið bent á. Skattar og tollar hafa verið hækkaðir í stórum stíl. Kaupgjald hefir verið hækkað. Vinnufriður hefir ekki verið tryggður. Launafólki hefir verið fjölgað, laun hafa ekki verið lækkuð, svo verulegu nemi. Dýrtíðin hefir verið aukin. Einstaklingsfrelsi og félagsfrelsi hefir verið rýrt að mun, og allt þetta hefir orðið til þess að auka misræmið milli arðs og tilkostnaðar í framleiðslu landsmanna. Þetta er gersamlega öfugt við það, sem þarf, eins og bent hefir verið á. Meira að segja er búið að sökkva okkar *fjármálafrelsi svo djúpt, að mikill efi er á*, hvort unnt er að bjarga á annan veg en þann, sem nú er eigi beinlínis líklegur, að hægt væri að útiloka fjandskapinn, sem myndazt hefir milli manna og flokka og þjóðin öll sem vinsamleg félagsheild tæki verkefnin, sem fyrir liggja, réttum og heilbrigðum tökum. Þá væri án efa fært að rétta við, því nóg eru lífsskilyrði í landinu okkar og nógur kraftur í þjóðinni, ef honum væri beitt í þá átt að vinna með heildarhag fyrir augum, en eigi flokkshag eða einkahag þeirra manna, sem með völdin fara, eins og mjög bólar á hjá núverandi valdhöfum. Að svo er, sannast meðal annars af framkvæmd mjólkursölulaganna, fiskimálahneykslunum, raftækjaverzluninni, launamálinu o. fl.

Það virðist nú t. d. fátt ólíklegra til að gera að pólitísku æsingamáli en það, hvernig á að selja mjólk. Það hefir þó núv. stj. tekizt. Allir flokkar þings voru sammála um að setja lög um mjólkursölu með opinberri verðskráningu og verðjöfnunargjaldi frá þeim, sem sætu að bezta markaðinum. Það hefði nú mátt ætla, að framsóknarmenn, sem telja sig samvinnumenn, vildu leysa þetta mál á hreinum samvinnugrundvelli og láta framleiðendurna eina hafa stjórn þessara mála í höndum. En viti menn. Við *slíkt var ekki komandi*. Samvinnustefnan var þarna með öllu óhæf. Ríkisstjórnin og sósialistarnir máttu til að hafa ráðin. Áður en lögin *komu til framkvæmda*, var svo *stofnað* til æsingafunda um alla Árnes- og Rangárvallasýslu til að panta þakklæti fyrir að hafa sett bráðabirgðalög *um mjólkursölu* og útmála, hvað við sjálfstæðismenn værum fjandsamlegir öllum aðgerðum í þessu efni, þó vitað væri, að við vorum frá upphafi fylgjandi því að setja slík lög til styrktar við samvinnufélög bænda, en ekki til að taka ráðin af þeim. Allur ferillinn í framkvæmd þessara laga hefir svo verið í samræmi við byrjunina. Sú saga er saga ofríkis og glappaskota. Hún sýnir ljóst, hvernig ekki á að framkvæma umbætur á viðkvæmum málum, sem ríður á að hafa frið um.

Þá er launamálið gott dæmi um starfshætti stjórnarflokkanna. Við sjálfstæðismenn bárum fram till. á þingi 1933 um skipun milliþn. í launamálið til að gera till. um samræming launa, lækkun hærri launa og fækkun starfsmanna. N. var kosin og starfaði sem kunnugt er. Hún skilaði áliti í fyrravetur. Starf n. er að vísu mjög athugavert, en þó liggur málið frá hennar hálfu það ljóst fyrir, að ekkert er því til fyrirstöðu, að Alþingi tæki það til afgreiðslu, ef vilji væri til. En hvernig hefir gengið. Rétt áður en þingi er frestað, var málið lagt fyrir og kosin í það þingnefnd. Í haust, þegar þingið kom saman, þá tilkynntu fulltrúar stjórnarflokkanna í n., að málið ætti ekki að fá afgreiðslu á *því þingi*, en skyldi afgreitt á þingi 1936. Samt hélt nefndin fjölda funda, en fulltrúi Alþfl. mætti aldrei. *Hinir 4 nm. afgreiddu nokkra smærri þætti* málsins, en ekki aðalfrumv. Þegar svo þetta þing kom saman, gerðum við sjálfstæðismenn ráð *fyrir, að nú yrði málið tekið* til afgreiðslu. En hvað skeður? Fyrstu þrjár vikurnar bólar ekkert á málinu, svo er það lagt fram af form. mþn., hv. 1. þm. Árn. Síðan leið vika, þar til n. er kosin í málið. Hún hefir ekki getað haldið nema örfáa fundi af því fulltrúa stjórnarflokkanna hefir vantað á víxl, enda hafa þeir nú fengið að vita hjá sínum flokkum, að málið ætti ekki að afgreiðast. Það eitt vilja þeir fá afgreitt að fækka prestum í sveitum landsins um 40, svo að þeim fækki ríflega í hlutfalli við fækkun annars sveitafólks. Það er auðsætt, að á þessu sviði á ella ekkert að gera frá hálfu þeirra, sem ráðin hafa. Ég býst því við að gefa út sérstakt nál. nú á næstunni, því í þessari n. þýðir ekki að vera öllu lengur.

Það er nú upplýst, að ríkið og opinberar stofnanir greiða í laun og styrktarfé hátt á 8. millj. kr. á ári, og þar fyrir utan er kaupgjald í opinberri vinnu um 2 millj. kr. Ríkið er því sá að-

ili, sem aðallega ræður launum og kaupgjaldi í landinu. Gjöld ríkisins er eigi hægt að færa niður, svo verulega muni um, á annan veg en þann að taka þetta allt í gegn og færa niður á þeim upphæðum og svo á verklegum framkvæmdum. Nú er það vitað, að ekki eru miklar líkur til, að hægt sé að spara til muna á launum þeirra manna, sem taka laun eftir launalögunum frá 1919, en utan þeirra laga er aragrúi af launafólki, og flest þau störf hafa verið stofnuð síðan 1927 af núverandi valdaflokkum. Þess vegna vilja þeir eigi taka launamálið í gegn, að bæði launalækkun og starfsmannafækkun kæmi aðallega niður á þessu liði. Yfirgnæfandi meiri hl. allra þeirra starfa hafa á þessu tímabili verið veitt eftir pólitískum lit. Verndarvængur valdhafanna þarf því auðvitað að hvíla yfir hag hinna trúu þjóna. Þó bændur, útgerðarmenn, sjómenn, fjöldi atvinnulítilla verkamanna og annað landsfólk stynji undir byrðum dýrtíðar, opinberra gjalda og skulda, sem stofnazt hafa síðan 1927, þá má ekki hreyfa við því að fækka eða spara við starfrækslu ríkisins og stofnana þess, heldur fjölga sí og æ. Hið eina, sem þessir menn telja fært, er að fækka sveitaprestum um 40. Í þeim telja þeir minnstan skaðann, þó álíka margir starfsmenn séu hér í áfengisverzlun ríkisins, svo eitt dæmi sé nefnt. Annars virðist hugmyndin sú að láta allt fljóta, meðan flotið getur, og hirða hvergi, þó óáfluga berist fram að hengiflugi fjárhagslegrar og stjórnarfarslegrar glötunar. En hvernig er nú með gengi okkar peninga? Þar blasir við augum eitt viðfangsefni, sem mikla þýðingu hefir, eins og drepið hefir verið á í þessum umr. Okkar gengi hefir hingað til, eins og kunnugt er, verið fjötrað við enska mynt án tillits til þess, hver væri verðmáttur okkar krónu og hvert hlutfall væri milli arðs og tilkostnaðar hjá atvinnuvegum landsmanna. Þetta hefir verið liðið átölulítið af almenningi, af því að menn hafa til ýtrustu marka gert sér vonir um, að reynt mundi að rétta við á annan veg en með gengisfalli. Nú er svo komið okkar fjárhag, að deilan um það, hvort krónan falli eða ekki, er raunverulega úti. Um hitt er og hlýtur að verða stór deila, hvenær á að fella og hvað mikið á að fella gengið, þ. e. hvenær á að viðurkenna á eðlilegan hátt það, sem orðið er. Af hverju skyldi það nú stafa, að svo er komið? Auðvitað er þar að finna eina alvarlegustu afleiðingu fjármálaóstjórnar liðinna ára. Að fá gengisfall er sannarlega ekki ánægjulegt eða sársaukalaust fyrir landsfólkið. *En þegar svo er komið sem komið er*, þegar engar aðrar skynsamlegar ráðstafanir fást fram, þegar alltaf er aukið á ósamræmi milli arðs og tilkostnaðar og öll framleiðsla er rekin með tapi, þá virðist ekki lengur undanfæri að rétta hlutfallið með krónulækkun til að koma að nokkru leyti í veg fyrir enn meira hrun atvinnulífsins. Á þessu sviði sem öðrum gildir það, að því lengur sem dregið er að láta það ske, sem hlýtur að koma, þess óviðráðanlegri verður skriðan og þess fleiri og dýrmætari þau verðmæti, sem hún sópar með sér. Hér sem annars staðar lítur út fyrir að núverandi valdsmenn ætli að bíða, þar til allt strandar.

Að síðustu vil ég svo segja þetta: Þess er brýn þörf að þm. og allur landslýður rökhugsi þá spurningu, hvort starfsemi Alþingis og landsstjórnar hafi verið slík síðustu 9 árin, að hún sé til heilla fyrir þjóðina og framtíð hennar. Ef einhverjir trúa því enn, að svo sé, þá vilja þeir náttúrlega, að áfram haldi í sömu átt. Allir hinir, sem sjá og skilja, að svo er ekki, eru skyldugir til sjálfs sín vegna, sinna afkomenda og allra landsmanna að vinna af alefli að því, að slíkt haldi ekki áfram.

Hannes Jónsson: Á eldhúsdegi eru gerðir upp reikningar við ríkisstj. Enginn mun ætlast til, að hæstv. núv. stj. geti svarað til saka um allar sínar drýgðu syndir og vanrækslusyndir, sem haldizt hafa í hendur nú um sinn og aukið og margfaldað alla þá örðugleika, sem þjóðfélagsheildin og einstaklingar hennar eiga við að stríða. Enginn mun heldur búast við að stjórnarandstæðingum vinnist tími til á þessum fáu klukkustundum, sem þeir hafa til umráða, að *telja fram* **allar** *þær misfellur, sem orðið hafa* í stjórnartíð hæstv. núv. ríkisstj., til þess er af of miklu að taka.

Ég mun að þessu sinni aðallega snúa mér að afkomu atvinnuveganna, landbúnaðar og sjávarútvegs, þeirra þátta í þjóðlífi voru, sem mestu valda um framtíð þjóðarinnar og einir geta veitt öryggi um fjárhagslegt sjálfstæði hennar.

Hvað hefir hæstv. ríkisstj. og hinir ráðandi stjórnarflokkar hafzt að í þessum málum undanfarið? Hefir verið sýndur skilningur á þörfum framleiðendanna til heilbrigðs atvinnurekstrar? Eða er til þeirra litið með óvild og tortryggni? Þessu mun ég svara síðar.

Engum, sem nokkuð vill kynnast afkomu landbúnaðarins, getur dulizt, að hann hefir til margra ára verið rekinn með stórum töpum. Nýlega hafa verið gerðar upp skuldir bænda í kreppulánasjóði, og kom þá í ljós, að tapaðar voru með öllu um 8 millj. kr., og það eru ekki einu töpin. Margir sóttu ekki eða fengu ekki lán, sem skuldir eru tapaðar hjá, og svo að segja hver einasti maður, sem landbúnað hefir stundað, hefir tapað meira og minna af samanspöruðu fé frá fyrri tíma. Töpin eru því margfalt meiri en hér kemur fram.

Sjávarútvegurinn hefir enn ekki verið gerður upp á sama hátt, en öllum er kunnugt, að þegar hafa komið fram stórfelld töp á honum í gegnum bankana, og meira vofir yfir, og er þegar á skollið, þó ekki sé formlega afskrifað.

Í grein, sem birtist í Alþýðublaðinu 22. f. m., skrifuð af Sigurjóni Ólafssyni alþm., er gerð grein fyrir, hvernig gengið hefir fyrir þessum atvinnurekstri undanfarið, sérstaklega togaraútgerðinni, og þó að greinin sé sérstaklega skrifuð til að andmæla samvinnuútgerð, þá má þó margt af því læra, sem þar er sagt, og sérstaklega ættu jafnaðarmenn og framsóknarmenn að vera *þess minnugir. Að vísu er hér talað um* staðreyndir, sem áður voru kunnar, en Sigurjón ætlar að nota þær máli sínu til stuðnings, en tekst þó miður höndulega.

Nú læt ég Sigurjón hafa orðið. Hann segir: „Fiskveiðar eru nú sem fyrr höfuðatvinnuveg-

ur landsmanna, framhjá því verður ekki gengið. Við útveginn vinna verkamenn á sjó og landi, svo þúsundum skiptir. Af striti þeirra lifa svo útgerðarmenn og skyldulið þeirra, kaupmenn og aðrir verzlunarmenn, iðnstéttirnar í vel flestum greinum og einnig embættismenn og menntamenn. Af fiskframleiðslunni eru greiddir skattar til ríkis, bæjar og sveitarfélaga. Ríkið hefir tekjur sínar beint og óbeint af þessari framleiðslu. Allir styrkir, sem ríkið lætur af hendi, hvort heldur er til verklegra framfara almennt eða til einstakra manna, eru þaðan teknir. Og síðast, en ekki sízt, þá hefir landbúnaðarstéttin um tugi ára fengið sína stoð og styttu frá þessum atvinnuvegi að mestu leyti."

Hinn þröngi sjóndeildarhringur bæjarmannsins, sem auðkennir svo mjög jafnaðarmenn, verður að vera afsökun Sigurjóns fyrir því, að *hann sýnist gleyma þeim mikla þætti landbúnaðarins* að fæða og klæða þjóðina; þar hefir landbúnaðurinn haft miklu meiri áhrif en sjávarútvegurinn, og á landbúnaði hafa miklu fleiri menn lifað beinlínis en á sjávarútvegi. Þetta dregur þó enganveginn úr þörfinni á heilbrigðum rekstri sjávarútvegsins. Það, sem Sigurjón segir um sjávarútveginn, má því að miklu leyti tilfæra um landbúnaðinn, og að sumu leyti fremur.

Um *samvinnuútgerðina* segir Sigurjón:

„Samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er, verkar hún svo:

Skipshöfn kaupir skip og gerir það út. Flestir verða að lána fyrir því, sem út þarf að borga í kaupverðinu, síðan fá lánaðar útgerðarvörur allar, kol, salt, beitu, veiðarfæri til útbúnaðar skips, matvæli, olíur, ef um mótorskip er að ræða. Staðgreiðsla á öllum opinberum gjöldum, svo sem vátrygging, hafnargjöld, lögskráning, lyf o. s. frv.

Með lánsfyrirkomulaginu verða allar vörur dýrari. Af aflanum verður að greiða alla úttekt, sem áður getur, vinnulaun við aflann, þegar að landi er komið, vexti og afborgun af lánum til útgerðarinnar, vexti og afborgun af kaupverði skipsins, skatta og skyldur til ríkis, bæja og sveita. Allir lánardrottnar verða að fá sitt áður en sjómaðurinn fær einn eyri handa sjálfum sér og heimili sínu, hann fær aðeins kaup handa sjálfum sér af því sem er afgangs rekstri."

Ennfremur segir hann:

„Dæmin eru þau, að sjómenn samvinnuútgerðarinnar hafa gengið kauplausir frá því að lokinni vertíð, og allur þorrinn með miklum mun lægri tekjur en þeir, sem vinna fyrir ákveðnum ráðningarkjörum. Allar stéttir þjóðfélagsins, er við þau skipta, hafa fengið sitt, en sjómaðurinn hefir unnið kauplítill eða kauplaus."

Þannig er þá um að litast hjá samvinnuútgerðinni, og skal ég ekki efast um, að rétt sé lýst. En hvernig er þá útkoman í einstaklingsrekstrinum? Með svipaðri stjórn ætti hún að vera þeim mun verri sem svaraði öllum launagreiðslum til sjómannanna, sem kæmi þá fram sem tap á rekstrinum, og svo mun líka hafa orðið raunin á.

Nákvæmlega það sama hefir komið fram hjá landbúnaðinum. Bændur hafa orðið að borga sömu eða hliðstæð gjöld, og kaup þeirra er það, sem eftir verður, þegar búið er að greiða öll þessi gjöld. Í flestum tilfellum hefir kaupið verið minna en ekki neitt, og hefir þótt vel skipast, ef hægt hefir verið að láta tekjur og gjöld standast á, þó ekkert væri reiknað í vexti af höfuðstól búanna.

Varla er hægt að búast við, að nokkur maður sé svo *glámskyggn*, að hann *sjái ekki*, að með slíku áframhaldi er stefnt í hreinan voða um fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

En hvað hefir þá ríkisstj. aðhafzt í þessu stærsta vandamáli?

Ríkisstj. tók við af fyrrv. stj. undirbúnu frv. til l. um sölu framleiðsluvara bændanna. Lög þessi hefðu getað orðið til mikilla bóta fyrir bændurna. En framkvæmdin hefir tekizt svo hörmulega, að lítið eða ekkert hefir áunnizt, *þegar öll kurl koma til grafar*. Veldur þar mestu, að meira hefir verið litið á flokkslega hagsmuni jafnaðarmanna en hag framleiðendanna. Á þetta sérstaklega við framkvæmd mjólkurlaganna, og velta nú yfir ríkisstj. háar öldur óánægju frá mjólkurframleiðendum, og það jafnt frá þeim, sem annars fylgja stj. að málum.

Ríkisstj. hefir verið hirðulaus um að bæta markaði fyrir útflutningsvörur bændanna, og jafnvel gengið svo langt að hindra sölu þeirra þar, sem markaðurinn hefir verið beztur fyrir þær. Þannig var bannað að flytja meira en helming af ull og gærum á þýzkan markað síðastl. ár, og var þó verðið um 50 aurum hærra fyrir hvert kg. ullar og 25 aurum hærra fyrir hvert kg. af gærum þar en hægt var að fá annars staðar. Þessi ráðstöfun stj. mæltist að vonum mjög illa fyrir, því sannarlega veitti ekki hinum aðþrengda landbúnaði af því að fá eins hátt verð og hægt var fyrir þennan litla hl. af framleiðsluvörum sínum, sem ull og gærur eru. Meðal annars hafa kjósendur forsrh. sent frá sér allalvarlega áskorun um að láta slíkt ekki koma fyrir framar.

Hæstv. ríkisstj. færir sér það til afsökunar, að árin 1934 og 1935 hafi verið meira selt af framleiðsluvöru á þýzkum markaði en árið 1933, en ég hefi áður bent hæstv. stj. á það, að árið 1933 var verðið á þessum vörum lægra í Þýzkalandi en hægt var að fá annarsstaðar. Það var því ekki von, að bændur sendu vörur sínar á þýzkan markað. Þeir vildu vitanlega láta vörurnar þangað, sem hæst verð fekkst fyrir þær. En svo breyttist viðhorfið svo, að það fór að borga sig betur að selja vöruna til Þýzkalands, og 1934 óx salan á afurðum bænda þangað að miklum mun, og hún hefði orðið langtum meiri 1935, ef hæstv. stj. hefði ekki hindrað það, og má það teljast aumleg framkoma af hálfu þeirra manna, sem þykjast vera að berjast fyrir hagsmunum landbúnaðarins.

Ríkisstjórnin hefir fundið það eitt til bjargar að hækka launagreiðslur, skatta og tolla, og með því aukið útgjaldaliði framleiðslunnar, bæði við framleiðsluna sjálfa og afsetningu á framleiðsluvörunum. Með þessu hefir aukizt til muna það ósamræmi, sem búið er að vera til margra ára á tilkostnaði og söluverði framleiðslunnar. Sjávarútvegurinn hefir engu síður orðið fyrir

þessari hyrnu á barði stj. Og þar við bætist, að ýmsar fjandsamlegar tilraunir hafa verið gerðar til að hindra þær umbætur, sem sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefir verið að reyna að koma á. Fiskimálanefndin, sem kostar marga tugi þúsunda, hefir verið sett til höfuðs Sölusambandinu, og nú nýverið hefir sendimaður n. gert hverja vitleysuna á fætur annari í Norður-Ameríku, og hefir víst legið við, að allt væri eyðilagt af því, sem búið var að vinna á þeim slóðum af sölusamlaginu. Fyrir þetta tiltæki hefir svo stj. uppskorið, að verðugu, vanþakklæti þeirra manna, sem að framleiðslunni standa. Hæstv. atmrh., HG, gerði tilraun til þess í gærkveldi að verja þessar gerðir fiskimálanefndar; kom þar fram hin sterka tilhneiging jafnaðarmanna til að hrifsa umráðarétt framleiðslu varanna úr höndum framleiðendanna sjálfra, eins og þeir hafa gert með framleiðsluvörur bændanna, og fá hann í hendur skjólstæðingum sínum og bitlingaskjóðum. En þó tekur út yfir allan þjófabálk, þegar ráðh. ætlar að þakka sér og skipulagi sínu það, sem áunnizt hefir, en kenna S. Í. F. um allar misfellurnar.

Margur mun spyrja: Hvað veldur þessu öfugstreymi? Getur það verið, að ríkisstj. sjái ekki, hvert stefnir með slíku áframhaldi? Getur það verið, að henni sé ókunnugt um það, að á nokkrum undanförnum árum hafa skuldir þjóðarinnar við útlönd aukizt um 60—70 millj. kr. að miklu leyti fyrir óhagstæða útkomu á rekstri atvinnuveganna, og eru orðnar nú allt að 100 millj. kr. Ég verð að álíta, að svo sé í raun og veru ekki, heldur valdi hér aðrar og ef til vill verri ástæður. Þetta dreg ég meðal annars af því, að síðastl. sumar og haust dvaldi hér sænskur hagfræðingur á vegum stj. Hann sýndi henni fram á, hvernig ástandið væri, hvað af því leiddi, og benti á ráð, studd hagfræðilegum rökum, til úrlausnar. Hann benti á, að erlendur gjaldeyrir væri skráður hér 40% of lágt og að slíkt mundi hverga geta gengið án verulegra truflana í atvinnu- og fjárhagsmálum.

Réttlát skráning krónunnar er og verður krafa framleiðendanna og allra þeirra manna, sem sjá og skilja, hve nauðsynlegt er, að rétt hlutföll haldist milli gjaldeyrisskráningar og verðlags í landinu. Með því er ekki eingöngu séð fyrir hagsmunum framleiðendanna, heldur allri afkomu heildarinnar. Atvinnuleysið hverfur í skjóli arðbærrar framleiðslu, og greiðslujöfnuður við útlönd verður hagkvæmari.

Það er reynsla nágrannaþjóðar okkar, Dana, að nákvæmlega hefir farið saman hjá þeim, hátt gengi án eðlilegra skilyrða og aukið atvinnuleysi, en þverrandi atvinnuleysi, þegar gengið hefir verið í réttu samræmi við innri kaupmátt krónunnar.

Hæstv. atvmrh., HG, breiddi sig í gærkveldi út yfir ágæti sitt og sinna flokksmanna í því að reyna að yfirbuga atvinnuleysið með atvinnubótastyrk. En ef ráðh. hefir ekki séð það enn, þá hlýtur hann þó að komast að því fyrr eða síðar, að ráð hans eru fölsk og leiða til falskrar niðurstöðu. Því meira sem er veitt af fé til atvinnubóta, því meiri verður þörfin á auknum fjárframlögum. Fólkið dregst frá hinum sveltandi atvinnuvegum og leitar þangað, sem fé er lagt þeim í lófa fyrir mismunandi vel unna atvinnubótavinnu. Menn verða að muna, að það eru takmörk fyrir því, hvað atvinnuvegirnir geta haldið uppi mikilli óarðbærri vinnu í landinu.

Lang eðlilegasta og hollasta leiðin til að losna við atvinnuleysið er að beina starfskröftum þjóðarinnar sem mest að atvinnuvegunum sjálfum: framleiðslunni til lands og sjávar. En þá verða stjórnarvöld landsins að þora að horfast í augu við raunveruleikann og skrá gengi krónunnar í samræmi við virkilegt verðgildi hennar.

Snemma á þinginu í fyrra flutti ég frumv. um gengisskráningu. Málið komst í n. en var svæft þar. Þrátt fyrir margítrekaða kröfu um að fá málið afgreitt úr n., var því ekki sinnt og málið þagað í hel. Í byrjun þessa þings flutti ég enn frv. um gengisskráningu. Frv. komst í n., og hefir legið þar síðan. Í grg. og framsöguræðu hefi ég gert grein fyrir kröfu Bændafl. um réttláta skráningu krónunnar, og í blaði flokksins hefir öðru hvoru verið skrifað allrækilega um þetta mál og greint frá reynslu annara þjóða. Við þetta bætist svo, að ráðunautur stj. í fjárhags og viðskiptamálum, sænski hagfræðingurinn E. Lundberg, kemst að mjög svipaðri niðurstöðu um það, hvað íslenzka krónan er of hátt metin gagnvart erlendum gjaldeyri, eins og haldið hefir verið fram af okkur bændafl.mönnum. Stj. og flokkar hennar hafa nú haft þetta mál til yfirvegunar í meira en ár. Jafnaðarmenn hafa ætíð barizt á móti öllum breytingum á verðgildi krónunnar gagnvart sterlingspundi nema til hækkunar, og ekki er kunnugt, að þeir hafi í neinu breytt þessari afstöðu sinni, þrátt fyrir sterkar ábendingar úr þeirra eigin herbúðum annarsstaðar frá. En hvernig er þá þessu varið með Framsfl.? Fyrir síðustu kosningar gaf hann loforð um það að láta fram fara rannsókn á skráningu gengisins í sambandi við afkomu atvinnuveganna og láta síðan skrá gengi krónunnar í samræmi við þá niðurstöðu. Enga slíka rannsókn hefir stj. látið fram fara aðra en þá, sem fram kom við athugun Svíans. Ekki vantar, að kjósendur hafi ýtt á eftir málinu; hvaðanæva af landinu hafa borizt áskoranir til þings og stj. um að lækka gengi krónunnar, og það engu síður úr kjördæmum framsóknarmanna en hinum. Sumir þm. Framsfl. hafa líka orðið að játa fylgi sitt við málið fyrir kjósendum sínum. En lengra hefir þetta ekki komizt. Formaður flokksins hefir verið andstæður gengislækkun mest fyrir þær ástæður, að sjávarútvegurinn græði svo mikið á því. Jú, með því móti mundu atvinnuvegirnir komast á starfhæfan og arðvænlegan grundvöll. En eitthvað hlýtur að vera bogið við málfærslu þeirra manna, sem telja þetta eitt af meginástæðunum fyrir því, að ekki megi raska við gengi krónunnar. Nei, aðalástæðan fyrir því, að flokkurinn hefir ekkert aðhafzt í þessu máli, er óttinn við það, að annars muni jafnaðarmenn segja upp öllu samstarfi, og stj. hrökklast frá völdum.

Þrátt fyrir þetta heyrast þó raddir úr hópi framsóknarmanna, og það meira að segja sumra

ráðamanna hans, um það, að sennilega verði ekki til lengdar staðið á móti gengislækkun, ef ekki eigi allt um koll að keyra í atvinnulífi þjóðarinnar. En nú hefi ég frétt, að fyrir fáum dögum hafi Framsfl. tekið endanlega ákvörðun um það að leggjast á þetta mál enn einu sinni og hindra, að það fái að koma til umr. oftar á þessu þingi. Þjóðin mun fordæma slíka framkomu og hirðuleysi um lausn stærstu vandamála þjóðfélagsins.

Svo bersýnilega er með þessu stefnt í fjárhagslega glötun og eyðileggingu, að maður freistast til að halda, að af yfirlögðu ráði sé stefnt að því að útrýma öllum einkarekstri úr atvinnulífi þjóðarinnar. Og að upp úr rústunum eigi svo hið fyrirheitna land sósialistanna að rísa með ríkisrekstur og ófrelsi einstaklinganna á öllum skautum. Bændunum er klappað á kinnina og sagt við þá: Blessaðir verið þið ekki að súta, þó að þið tapið á búskapnum og skuldir hlaðist á jarðeignir ykkar. Þegar þið eruð búnir að tapa nógu miklu, þá kaupum við af ykkur jarðirnar og lofum ykkur að búa þar áfram, en þá verðið þið að hætta að tapa, að minnsta kosti verður afgjaldið að borgast, því annars verðið þið að fara frá jörðinni og annar að taka við, sem betur reynist.

Jarðakaupum ríkisins hefir átt að stinga eins og dúsu upp í bændur í von um, að þeim sæist yfir, að hverju stefndi með slíkum ráðstöfunum, og að þeim gleymdist á meðan að krefjast þeirra leiðréttinga á málum sínum, að búskapur fengi borið sig. Allt hefir verið fundið því til foráttu, að hægt væri að finna út, hvaða framleiðsluverð bændur þyrftu að fá, sennilega í því augnamiði að koma mönnum á þá skoðun, að allir þessir erfiðleikar í atvinnurekstri þeirra væru eins og hver önnur plága, sem ekki yrði undan komizt og bændurnir yrðu að beygja sig fyrir.

Vonandi tekst framleiðendum til sjávar og sveita að reisa þá öldu andúðar gegn stj. út af hinni afturhaldssömu stefnu hennar í gengismálinu, að hún fái ekki lengur rönd við reist og verði að gera annað tveggja, að verða við kröfum framleiðenda eða að láta af völdum. Það ástand, sem nú er ríkjandi, getur ekki staðið til lengdar, án þess að valda fjárhagslegu hruni, og eftir því er ekki forsvaranlegt að bíða.

Hafi ríkisstj. hvorki vit né hugrekki til að fara þá einu leið, sem fær er, verður hún að skila völdum af sér, og aðrir að taka við, sem betur skilja þörf þjóðarinnar á skjótri lausn málsins.

Jónas Jónsson: Hv. þm. G.-K. hélt hér í gær langa ræðu um fjármál og talaði mikið um skuldasöfnun ríkissjóðs. Þessi maður, sem er einn af forstjórum Kveldúlfs, skuldugasta fyrirtækisins hér á landi, ætti sem minnst að tala um fjármál. Hann ætti að minnast þess og honum ætti að vera það ljóst, að hann er skuldugasti maður landsins. Hann ætti að minnast þess, að Kveldúlfur skuldar 5 millj. kr., og það eru 5 eða 6 fjölskyldur, sem eiga Kveldúlf og skulda þetta. Hann ætti að minnast þess, að sá banki, sem trúir honum og fjölskyldu hans fyrir þessu fé, verður fyrir álitshnekki af skiptum við hann og fjölskyldu hans. Hann ætti að minnast þess reginhneykslis, að þetta fátæka fyrirtæki hefir borgað Thor Jensen 25 þús. kr. í eftirlaun á ári, þrátt fyrir það, þó að fyrirtækið hafi síðustu árin verið rekið með rekstarhalla. Hann ætti að minnast þess, að hann og bræður hans hafa dregið úr veltu Kveldúlfs 400 þús. kr. til þess að byggja „villur" fyrir á síðustu árum, og það hefir verið gert fyrir fé Landsbankans, og það í leyfisleysi bankans. Hann ætti að minnast þess, að hann og bræður hans hafa um 30 þús. kr. á ári hver frá Kveldúlfi, en í rauninni frá bankanum og allri þjóðinni, og er þetta kallað laun og lán. Hann ætti að síðustu að minnast þess, þegar hann talar um skuldir, að hann og hans fyrirtæki hefir stöðugt verið að tapa, og að þar er tekjuhalli á hverju ári. En ég vil nú spyrja þennan hv. þm., hvenær hann hugsi sér að fara að borga.

Í hugleiðingum sínum minntist hann á dáinn mann, Jón Þorlákssson, og hans ágætu stjórn á fjármálunum, sem hann gumaði mjög af. Ég ætla nú ekki að fara að deila um Jón Þorlákssson hér. En úr því að hann hefir gefið tilefni til þess, þá get ég ekki annað en minnt þennan hv. þm. á það, að Jón Þorlákssson, sem trúði á það, að það væri rétt að hækka gengi krónunnar og gerði það, skaðaði eitt íhaldsfyrirtæki um 2 millj. kr. Hv. þm. G.-K. veit vel, hvaða fyrirtæki það er, en hvort hann vill afneita forstjórum þess, veit ég ekki.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að Jón Þorlákssson, sem var við stjórn frá 1924—1927, hefði minnkað skuldirnar. En hann gleymdi 8 millj. kr. láni, sem Jón Þorlákssson tók og fór að mestu leyti til þess að byggja skrauthýsi íhaldsmanna í Rvík. Og hann gleymdi að geta þess, að þó að það megi segja, að það sé staðið í skilum í íslenzkum peningum með þessi lán, þá er hins að gæta, að þetta lán, sem tekið var aðallega til þess að byggja „villur" fyrir, kostar landið nú 420 þús. kr. í erlendum gjaldeyri. Af þeim fiski og af þeirri síld og af því kjöti, sem selt er til útlanda, verður að greiða 420 þús. kr., sem verður að draga frá nauðsynlegum innkaupum til þess að borga afborganir í Danmörku vegna „villu"-lánsins, sem Jón Þorlákssson tók handa vinum sínum í Rvík.

Loks var það að heyra á hv. þm. G.-K., að það hefði enginn tekið lán nema framsóknarmenn. Þá ætti að minna hann á, að það var flokksbróðir hans, sem tók lán 1921, 10 millj. kr. Ég ætti líka að minna hann á, að Jón Þorlákssson tók 1926—1927 8 millj. kr. lán erlendis, sem ég hefi minnzt á áður. Og á síðasta þinginu, sem hann var fjmrh., þá barði hann í gegn með mikilli hörku heimild handa Landsbankanum til þess að taka 10 millj. kr. lán í Ameríku hjá National City Bank. Þetta var samþ. gegn vilja okkar framsóknarmanna og móti vilja Landsbankans. En hann var knúinn til þess af íhaldsstj. að taka strax eina milljón í Íslandsbanka. Og það er enginn vafi á því, að ef íhaldsmenn hefðu ráðið í stjórn eftir kosningar 1927, þá hefði allt þetta lán verið tekið og það látið í Íslandsbanka, og hann hefði þá verið látinn halda áfram. Þjóðin græddi það á kosningunum 1927, að hún

slapp við þessar 9 millj., sem áttu að fara í þetta óhóf.

Þá kem ég að láninu, sem framsóknarmenn stóðu að 1930, 10 millj. kr. láni. Af þessum 10 millj. fóru 3 millj. í stofnfé Landsbankans, sem Jón Þorláksson átti að vera búinn að útvega, og 3½ millj. í Búnaðarbankann, og er ekki hægt að segja, að það hafi verið eyðslueyrir. Hitt fór í útvarpsstöðina, símstöðina og aðra gagnlegri hluti en þá að byggja yfir hv. þm. G.-K. Hann ætti að muna eftir því, að hann og hans flokkur greiddi 12 sinnum við 12 umr. atkv. með þessu, því að það voru samþ. tvisvar 1. um þetta. Það er því allt ihaldið, sem hefir verið með í því að taka þetta lán.

Og síðast en ekki síst vil ég benda hv. þm. A.-Húnv., sem sagði, að framsóknarmenn hefðu ráðið hér ríkjum í 9 ár, á, að það er vitað, að 2 árin af þessum 9 var það íhaldið og varaliðið, sem hafði stjórnina með höndum. Jafnaðarmenn voru þá í opinberri andstöðu við stj. og við framsóknarmenn bárum ekki ábyrgð á þeirri stj., eins og var viðurkennt af *Jóni Þorlákssyni*, þar sem hann sagði, að þetta væri bezta fyrirkomulagið, sem hugsazt gæti, þegar ekki væri hrein íhaldsstj., að fá þá lánað hjá framsóknarmönnum nógu mikið, til þess að það gæti verið þeirra stjórnarandi. Á þessum tímum voru teknar 10 millj. í Englandi vegna íhaldsmanna. Fjmrh. þáv. var knúinn til þess eins og Magnús Guðmundsson 1921. Á sama hátt varð Ásgeir Ásgeirsson að taka þetta lán, en það voru svo núv. fjmrh. og Magnús Sigurðsson, sem björguðu þessum 10 millj. kr. í eitt fast lán í tíð núv. stj. Þannig er aðstaða þessara góðu manna í fjármálunum, og þó hefi ég ekki tekið nema fáa liði, og sleppt National City Bank láninu, þar sem ráðh. var bjargað frá því að taka 9 millj. kr. vegna þess að kosningar fóru þannig 1927.

Það er þá um 4 lán að ræða, og hvert þeirra er um 10 millj. kr., sem mynda þessar skuldir. Af þeim hafa íhaldsmenn tekið um 30 millj. kr., en framsóknarmenn 10 millj. kr., en þessar 10 millj. hefir íhaldið samþ. 12 sinnum við 12 umr. í þinginu og þannig gengið inn á, að þetta lán væri tekið. Hitt er annað mál, að þetta er eina lánið, sem var tekið til nauðsynlegra hluta, en hitt aftur á móti til skaðlegra eða vafasamra hluta. En samt var íhaldinu þetta ekki nóg, því að eftir að þetta var gert, þá tók það Sogslánið handa Rvík, 6 millj. kr., og gat það þó ekki nema með hjálp núv. stj. En það lítur út fyrir, að íhaldinu sé þetta ekki nóg, því nú er einn af þess þm. að biðja um ábyrgð fyrir 1½ millj. kr., og hans flokkur leggur áherzlu á það, að hún fáist. Og við afgreiðslu fjárl. hefir reynslan verið sú, að flokkurinn hefir verið með fjölda ábyrgðarheimilda. Það er fyrst, að núv. fjmrh. *hefir tekið fast á þessum málum*, og það er fyrsta skarpa viðnámið, sem hefir verið veitt móti þessari stefnu, sem íhaldsfyrirtæki eins og Kveldúlfur fylgdu, þessari brjálæðis botnleysustefnu, að yfirfæra allt á ríkið og bankana.

Þá kem ég að næsta lið, sem líka er um fjármál, en þó mun ég ekki eyða í þetta miklum tíma. Hv. þm. V.-Húnv. (*HannJ*) talaði um gengismálið og kenndi okkur framsóknarmönnum um það, að þar væri engu um þokað. Hv. þm. veit, að það var Jón Þorláksson, sem hækkaði gengið, og það er sá flokkur, sem hann var formaður fyrir, sem hjálpaði þessum þm. inn við síðustu kosningar, og hefir hann núna nýlega verið brýndur með því af þeim Kveldúlfsbræðrum í hv. Nd., að hann eigi sitt líf þeim að þakka, og var þetta gert með mjög ófögrum orðum. Hv. þm. V.-Húnv. lýsti því yfir, að annar bróðirinn hefði brúkað mútur á Snæfellsnesi, og hefir hann svo fengið álíka fallega lýsingu á sinni framkomu í Vestur-Húnavatnssýslu fyrir að þóknast yfirboðurum sínum og fyrir að verzla við íhaldið. Að öðru leyti er það að segja, að hann sem varaliðsmaður var í raun og veru í meiri hl. og með fullt áhrifavald á stj. 1932—1934. Þá var Alþfl., sem er frábitinn gengislækkun, í stjórnarandstöðu og þeir, sem nú mynda Framsfl., höfðu engin áhrif hjá þeirri stj. Það var stj. íhaldsins og varaliðsins, og ef nokkur minnsti snefill af manndómi hefði verið í þessum mönnum, þá áttu þeir að lækka gengið þá, þegar þeir höfðu aðstöðu til þess. Þeir höfðu þá meiri hl. í þinginu, en þeir gerðu þó ekkert til þess að lækka gengið. Hvers vegna gerðu þeir það ekki þá? Ég skora á hv. þm. V.-Húnv. að svara því, hvers vegna hv. 10. landsk., sem þá var ráðh., lækkaði ekki gengið, þegar hann gat það. Þorði hann það kannske ekki vegna íhaldsins? Það er kunnugt, að *Jón Þorláksson lýsti* þessum mönnum þannig, að þeir væru svo vesælir, að þeir þyrðu ekki að hafa neina sannfæringu. Þó að Jón Þorláksson sé dáinn, þá má ef til vill vitna í það, að hann sagði það réttilega, að vísu ekki í útvarpsumræðum 1934, heldur í útvarpssalnum við þá, sem tóku þátt í útvarpsumræðum, að það væri ómögulegt fyrir nokkra stj. að lækka gengið, því að það setti ríkið á höfuðið. Það væru *útlendu lánin*, sem gerðu það ómögulegt að lækka gengið. Ég vil þó ekki *gera orð Jóns Þorlákssonar* að mínum orðum. Ég segi aðeins, hvað hann sagði, og það því fremur sem hann er húsbóndi liðhlauparanna, sem ásaka okkur framsóknarmenn fyrir gengismálið. Vegna hv. þm. V.-Húnv. vil ég rifja upp skuldalistann að því leyti sem snertir gengismálið og aðstöðu húsbónda þm. Af þessum 40 millj. kr., sem teknar hafa verið erlendis, hefir íhaldið tekið um 30 millj. og samþ. heimild til þess að taka 10 millj. kr. Af þessum 30 millj. tók Jón Þorláksson 8 millj., sem aðallega fór í „villurnar". Hann var nýbúinn að taka það, þegar hann fór úr stj. 1927. Ef þá hefði verið svifið að því að lækka gengi krónunnar og hún t. d. verið lækkuð um helming, — hvað hefði þá tap ríkissjóðs orðið á þessu eina láni Jóns Þorlákssonar? Það hefði orðið 4 millj., sem hefðu orðið að borgast af skattþegnunum. Þeir, sem byggðu „villurnar", hefðu grætt þessa upphæð, nema hvað þeir sem skattþegnar hefðu orðið að borga eitthvað, en næst hefði það komið niður á fátækum almenningi, þ. e. fólkinu, sem kaupir hinar skattlögðu vörur. Ég er ekki að segja neitt um það, hvað eigi að gera í gengismálinu, en ég er að benda hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. á, að þeir geta ekki neitað því, að þeir hafa haft tækifæri til þess að lækka

gengið, en þeir notuðu það ekki. Þeir fá núna leyfi hjá íhaldinu til þess að látast hafa þessa skoðun, en ef hv. þm. V.-Húnv. ætlaði í raun og veru að beita sér fyrir því að koma þessu fram, þá myndi það segja honum, að hann fengi ekki atkv. við næstu kosningar, ef hann hefði skoðun í andstöðu við kaupmenn í Reykjavík. Ég ætla núna um leið að leiðrétta það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um að Framsfl. hefði tekið ákvörðun um gengismálið. Það er undir athugun, eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. Hv. þm. V.-Húnv. fer hér vísvitandi með rangt mál.

Þá finnst mér rétt að minnast á eitt stórmál, sem nýlega hefir orðið uppvíst og hefir verið ljóstað upp af stj., og sérstaklega af hæstv. forsrh. Þetta mál er njósnaramálið. Menn vita, hvað það er, sem gerzt hefir í því máli. Það hefir komið í ljós, að heill hópur af fylgismönnum hv. þm. G.-K. hefir verið leigður af útlendingum til þess að njósna um íslenzka landhelgi og leiðbeina útlendingum inn í landhelgina til þess að stela þar afla og eyðileggja með því þennan íslenzka bjargræðisveg. Kom þetta nú eins og þruma úr heiðskíru lofti? Ekki var það. Við framsóknarmenn vorum búnir að heyja þrotlausa baráttu fyrir málstað sjómanna og þeirra, sem eiga líf sitt undir sjávaraflanum, og í 5 ár hafði ég barizt fyrir því að koma á eftirliti. En hverjir voru á móti því? Það voru hv. þm. G.-K. og hans nánustu, sem kúguðu íhaldið til þess að vera á móti þessu, og það fékk varaliðið til þess að vera á móti þessu líka, því að 1930 var það svo í hv. Nd., að þáv. framsóknarmenn, sem síðar urðu varaliðsmenn, gengu í lið með íhaldinu og eyðilögðu málið þá. Við framsóknarmenn byggðum þetta aftur á móti á skýlausri yfirlýsingu Ágústs Flygenring um það, að togurunum væri skipað inn í landhelgina. En hv. þm. G.-K. var á móti þessu vegna stéttarbræðra sinna, og á hans ábyrgð eru í rauninni öll þau landhelgissvik, sem framin hafa verið síðan 1928. Allt það, sem kjósendur þeirra Kveldúlfsbræðra hafa liðið vegna ágengni togara síðan 1928, hvort heldur það er á Snæfellsnesi eða á Reykjanesi, er að kenna Kveldúlfsbræðrum eða þeirra pólitík. Nú hafa svikin komizt upp, og þeir, sem við þetta hafa verið riðnir, verða fyrir þungum sektum eða ef til vill fangelsi, og landið hefir orðið fyrir stórkostlegum álitshnekki erlendis fyrir það, að hér hafa verið drýgð stórfelld föðurlandssvik. En þeir, sem þetta gerðu, studdust við Morgunblaðið og íhaldið, því þeim hafði verið sagt, að það væri ekkert athugavert við þetta og að það þyrfti ekkert eftirlit. Þessir menn vissu, að þeir stóru í íhaldsflokknum sögðu, að þetta mætti. En þegar uppvíst varð um glæpina og margir íhaldsmenn höfðu verið teknir fyrir þá, þá flýr Mbl. frá þeim í staðinn fyrir að vera með þeim. Hin eina vörn Mbl. er, að stjórnin hafi getað rannsakað skeytin daglega. En það er ólöglegt og jafnmikil fjarstæða og það að hugsa sér, að óviðkomandi menn geti farið í peningaskáp Kveldúlfs. Hugsum okkur t. d., að þegar Geir Zoëga í Hafnarfirði sendi 5 skeyti sama daginn, þá hefði þurft að fá úrskurð hjá sýslumanninum þar 5 sinnum þann dag til þess að skoða skeytin. Hverjum dettur í hug, að landsstj. hafi aðstöðu til þess? En síðan hæstv. forsrh. tókst að ljósta þessu upp, þá varð íhaldið súrt á svipinn út af málinu. Það veit sinn dóm og sína skömm, og veit líka, að síðan er landhelgin vel varin. Þá voru gefin út lög, það frv., sem framsóknarmenn reyndu að koma á, en íhaldið barðist á móti í 5 ár, frá 1928—'32.

Ég ætla svo að minnast á kreppulánasjóð. Ég ætla fyrst aðeins að taka það fram, af því að ég hefi svo lítinn tíma, að hugmyndin um hann kom fyrst fram í blaði okkar framsóknarmanna, en af því að þá sat íhaldsstjórn við völd, þá lentu framkvæmdirnar í höndum íhaldsins og varaliðsins. Þeir brutust þá inn í sjóðinn Jón í Stóradal og Pétur Magnússon, og þeirra er því dýrðin, ef hún er nokkur, en líka skömmin ef illa hefir verið unnið, og því munu nú flestir trúa. Þessir herrar byrjuðu með því að bola Sambandinu og Landsbankanum frá því að hafa áhrif á kreppulánasjóðinn, af því að þeir vissu, að það var ekki hægt að láta þessa aðila taka þátt í spillingu þeirri, sem fyrir fram var ákveðin og síðan framkvæmd. En með því að koma þannig fram gagnvart Landsbankanum, þá hrintu þeir bankanum frá sér og stóðu síðan uppi peningalausir og máttvana, þegar til framkvæmda kom, af því að þeir voru búnir að sparka í þann eina aðila, sem gat hjálpað þeim. Og niðurstaðan af verkum þessara manna er sú, að búið er að festa mjög mikinn hluta af handbæru fé Búnaðarbankans og Landsbankans í þessum sjóði, á þann hátt t. d., að Jón í Stóradal lánar frænda sínum, einhleypum manni í Húnavatnssýslu, manni, sem á mörg hundruð fjár og býr á góðri jörð. Þetta er stórríkur maður, sem hefir beztu skilyrði til þess að geta bjargað sér, en þó er hann látinn fá stórt lán, sem er tekið frá fátæku barnamönnunum, sem þurfa þess meira með. Með þessu framferði hafa þeir félagar í raun og veru lamað Landsbankann og Búnaðarbankann að mjög verulegu leyti fyrir bændastétt landsins. Og þegar hv. þm. A.-Húnv. talar um það, að í ræktunarsjóðnum séu ekki til neinir peningar til ræktunar, þá get ég trúað, að það sé ekki rétt, en hann verður að gæta þess, að hans flokkur ber ábyrgð á þessu, því hann stjórnaði kreppulánasjóðnum og ber því ábyrgð á því, sem þar gerðist. Ég ætla með nokkrum orðum að skýra frá því, hvernig þetta hefir verið í framkvæmdinni. Þeir Pétur Magnússon og Jón í Stóradal settu þá grundvallarreglu að lána gegn veði í 90% af fasteignamatinu frá 1931 og bættu þar við jarðabótum hjá mönnum, sem höfðu 500 dagsverk. 480 dagsverk eða minna voru þar einskis virði. Og eins og síðar verður útskýrt, þá eru allar framkvæmdir kreppulánasjóðs byggðar á því að niðast á smábændunum. Þá eru teknar tvær sýslur út úr og þar dregin frá 15% af fasteignamatinu, og líka 10% eins og annarsstaðar. Það eru líka 2 sýslur, þar sem þeir eru sérstaklega með kjósandaveiðar. Samkv. þeirra mati á sauðfé er ærin í Rangárvallasýslu metin á 13 kr., en í Suður-Þingeyjarsýslu á 30 kr. Ég get auðvitað verið stoltur vegna kjósenda minna út af því, hvað

fé þeirra er virt hátt, en ekki er hægt að segja, að það sé neitt réttlæti í því, hvernig Pétur Magnússon hefir komið þessu fyrir. Ósamræmið milli sýslnanna er svo áberandi, að ef teknar eru Austur-Skaftafellssýsla, Árnessýsla og Norður-Múlasýsla og bornar saman við Þingeyjarsýslur og Skagafjarðarsýslu, þá fá bændur þar, sem varaliðið er á kjósendaveiðum, 15%—20% meiri afslátt heldur en í Þingeyjarsýslum og Skagafjarðarsýslu. Þeir fóru þannig að, að fyrsta lánið, sem veitt var, var veitt stórríkum bónda í Mýrasýslu, sem er í íhaldsflokknum. Þeir láta hann fá 16 þús. kr. að láni og 1000 kr. í peningum til þess að greiða fólki kaup. En fyrir norðan er bóndi, nr. 2042, sem fær 11% í allt í kreppubréfum og á að borga af því kaupa- og verkafólki sínu, en ríki íhaldsbóninn fær 16 þús. kr. í bréfum og 1000 kr. í peningum til þess að borga verkafólkinu.

Ég tek ennfremur dæmi um það, hvernig samræmið er í þessum lánveitingum viðvíkjandi fasteignamatinu. Í Mýrasýslu er framsóknarmaður, nr. 49, sem á fasteign, sem er virt á 30 þús. kr., og hann skuldar 31 þús., eða 1 þús. fram yfir fasteignamat. Fyrir þennan mann er engin veðskuld greidd, en hann fær 700 kr. í áfallna vexti. Í Árnessýslu er maður, sem er nr. 1261. Hann er íhaldsmaður og „koketterar“ við Bændafl. Hans lán er 28 þús. kr. Fasteign hans er 35 þús. kr., en skuldir 44 þús. kr. Þessi maður fær allar sínar veðskuldir greiddar úr kreppulánasjóði og felldar niður. Hann fær 12 þús. kr. í peningum, en 19800 kr. eru afskrifaðar, þannig, að *hann greiðir aðeins 3%, en eftir á hann* bústofn sinn óveðsettan, 10700 kr. Maður nr. 95 er bæði íhaldsmaður og varaliðsmaður. Hann hefir fengið fasteign sína hækkaða um 67 þús. kr., og kröfuhöfum hans greitt 90%—100%, og það, sem hvílir nú á jörðinni, eru 100 þús. kr. Þessi maður getur svo hlaupið frá jörðinni með sitt stóra bú og látið alla skömmina skella á ríkinu.

Ég er að verða búinn með minn tíma, en að síðustu vil ég nefna einstök dæmi í Árnessýslu til þess að sýna, hvernig réttlætið er þar. Fyrst er það þessi nr. 1261, sem er íhaldsmaður og varaliðsmaður. Lán hans er 28 þús. kr., veð 28 þús. kr. á móti. Hann fær 12 þús. kr. í peningum og hann fær 19 þús. af sínu fasteignamati afskrifað ofan í 3%, og svo á hann eftir rúmar 10 þús. kr. í bústofni, eins og ég gat um áðan. Nábúi hans er ekki nema varaliðsmaður og er nr. 1237. Hans lán er 16 þús. kr., og hann hefir sett veð fyrir 17 þús. kr. Fyrir hann er greidd fasteignaskuld 8100 kr., og kaupgjald nær 3000 kr. og kröfuhafar fá 20 þús. kr. Greidd eru 20% af skuldum hans, en 80% tapast. En Jón og Pétur láta þennan vin sinn fá að hafa allt lausafé sitt óveðsett, en það var rúmlega 13000 kr. virði. Þessi dæmi nægja til að sýna aðstöðu íhaldsins og liðhlaupara þeirra í þessum málum. Ólafur Thors með sína þungu skuldabagga er þyngsti ómagi á þjóðfélaginu, skuldar mest og eyðir mestu, en brigzlar samvinnumönnum um hneigð til skulda. Hannes Jónsson og Þorsteinn Briem láta sem þeir vilji gengisfall, en hreyfðu sig ekki meðan þeir voru í stjórn, af ótta við húsbændur sína. Og að lokum hefi ég nefnt nógu mörg dæmi um meðferð Jóns og Péturs á kreppusjóði til að sanna, hvílíkt hyldýpi af spillingu og ranglæti hefir komið fram í stjórn þeirra á þessari stofnun. — Og komi svo Ólafur Thors næst hér í pontuna og hæli sér af fjármálaspeki sinni.

Finnur Jónsson: Hv. þm. A.-Húnv., sem talaði hér fyrir Sjálfstfl. í dag, vildi mjög vara verkalýð landsins við Alþfl. Sérstaklega lagði hann áherzlu á, að Alþfl. hefði ginnt menn inn í verkalýðsfélögin til þess að heimta hátt kaup, og með því hefðu þeir eyðilagt atvinnurekstur landsmanna. Hv. þm. var um leið að gráta yfir því, að ekki væri ennþá hér á landi 14—18 stunda vinnudagur og 25 aurar greiddir fyrir hvern klukkutíma í kaup. Hann sagði í þessu sambandi, að það væri heppilegra fyrir verkalýðinn að hafa langa vinnu með lágu kaupi en stutta vinnu með háu kaupi. Nú skal ég ekki fara út í það að rifja upp frekar fyrir kjósendum þann harmagrát, sem hv. þm. hafði í þessu sambandi. Á öllu hans tali var auðséð, að hann hefði frekar átt að vera uppi á 17.—18. öld en 20. öld. Og þau heilræði, sem hann lagði verkalýðnum um að það væri betra að hafa langan vinnutíma með lágu kaupi heldur en stuttan vinnutíma með háu kaupi, eru í samræmi við þau ráð, sem hann og hans flokkur leggur verkalýðnum yfirleitt, og í samræmi við það, sem þessi flokkur mundi skammta verkalýðnum, ef hann væri við völd.

Þá kom hv. þm. nokkuð að því, sem hann nefndi fisksöluhneykslin, og þykist ég vita, að hann eigi þar við það, að stjórnarfl. muni ófáanlegir til að afnema fiskimálanefnd og afhenda framkvæmdastjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda öll störf fiskimálanefndar. Við skulum nú athuga, á hvaða rökum þessi krafa er byggð. Og þá tel ég einkum nauðsynlegt að athuga nánar, hvort forstjórar S. Í. F. gætu leyst þessi störf sæmilega af hendi, og sú athugun getur ekki farið fram öðruvísi en að ofurlítið sé litið yfir feril S. Í. F. og framkvæmdastjóra þess síðan það var stofnað á árinu 1932. Nú neitar því enginn, að S. Í. F. hefir gert talsvert gagn og þau sölusamtök, sem mynduð hafa verið, hafa í rauninni komið í veg fyrir hina taumlausu samkeppni, sem var að leggja fiskverzlun landsmanna í rústir. Og eins og ástatt var þegar S. Í. F. var stofnað, verður því ekki neitað, að þetta var eina ráðið út úr ógöngunum, úr því ekki var að því horfið að taka upp ríkiseinkasölu á saltfiski. Þó félagsskapur þessi hafi komið að gagni, verður því ekki neitað, að talsverður klíkuskapur hefir átt sér stað innan hans og um leið nokkur sofandaháttur. Það verður ekki annað séð en að hinir 3 forstjórar þess hafi ekki haft nægilegan áhuga fyrir starfi sínu, eða þá að þeir hafa verið ofhlaðnir störfum og ekki mátt sinna þeim nægilega. Ég byggi þetta ekki á eigin athugun, heldur ýmsu, sem fram kemur í skýrslu Thors Thors, sem sendur var til S.-Ameríku til markaðsleitar síðastl. sumar. Ég ætla, að þessi skýrsla Thors Thors eigi sízt að vera hlutdræg framkvæmdarstjórunum í óhag.

Eins og menn vita, hefir saltfiskmarkaðurinn í Suður-Evrópu stöðugt verið að þrengjast, bæði á Spáni og Ítalíu, og það svo mjög að allir, sem eitthvað hafa með saltfisksöluna að gera, hafa fyrir löngu komizt að raun um, að það þyrfti eitthvað sérstakt að vinna í þessum málum, ef ekki ætti að stefna til ófarnaðar. Óseldar saltfiskbirgðir í landinu í árslok 1934 voru um 18000 smálestir, og í árslok 1935 voru þær líka 18000 smálestir. En svo mjög hafði markaðurinn dregizt saman á árinu, að ef aflinn hefði verið jafnmikill 1935 eins og 1934, þá hefðu verið óseldar um áramót um 28000 smálestir af saltfiski. En náttúran tók í taumana að þessu sinni, og aflinn varð 10000 smálestum minni á árinu 1935 heldur en árið áður, og urðu því birgðirnar ekki meiri en 1934. Nú er það vitað, að S. Í. F., sem stofnað er árið 1932, hefir aldrei gert neitt til þess að breyta til um verkunaraðferðir né til þess að leita fyrir sér um nýja markaði, fyrr en Thor Thors var sendur í ferð sína, í ágúst 1935, þegar búið var að setja 7 stjórnarmenn yfir þessa 3 framkvæmdarstjóra, sem hafa til samans 72 þús. kr. í árslaun. Þá fyrst var farið að senda menn til þess að leita nýrra markaða og reyna að selja saltfisk á öðrum stöðum en fiskur hafði verið seldur árin áður. Ég vil þá leyfa mér að vitna til þeirrar skýrslu,sem ég gat um áðan og alþm. Thor Thors hefir gefið út um þessa för. Hann segir, að það hafi verið samþ. að senda hann til Suður-Ameríku 23. ágúst. Thor segist hafa talið sig fúsan til fararinnar, „enda þótt horfur um árangur væru hinsvegar mjög vafasamar vegna gjaldeyrishamla í Argentínu og gengisfalls í Brasilíu.“ En þegar þessari skýrslu er flett lengra, kemur í ljós á blaðsíðu 5. að „verzlunarjöfnuður Argentínu hefir verið mjög hagstæður undanfarin ár. Árið 1932 var útflutt 450 millj. pesos meira en innflutningur nam. Árið 1933 var munurinn 220 millj. pesos. Fyrstu 11 mánuði ársins 1934 nam útflutningurinn um 1318220000 pesos, en innflutningur 1015908000 pesos. Útflutningur var því um 302 millj. pesos umfram innflutning.“ Fyrstu 6 mán. ársins 1935 var verzlunarjöfnuður Spánar óhagstæður um 130 millj. peseta.“ Með öðrum orðum: gjaldeyrisástandið í Argentínu er í raun inni, eins og Thor segir, svo miklu betra en í aðalviðskiptalandi okkar Spáni. Nú hafði maður, sem hafði áhuga, eftir því sem Thor Thors segir, á þessum málum, skrifað til danska sendiherrans og hann skrifað gengisnefndinni í Argentínu um að fá hið skráða opinbera gengi fyrir vörur frá Íslandi. Hann hafði haft góðar vonir um, að það fengist, þar eð Danir kaupa 30 sinnum meira frá Argentínu en Argentína af þeim. Svar var ekki komið, þegar Thor kom, enda engin gengisumsókn send af Sundt, af því, eins og Thor Thors orðar það í skýrslu sinni, „hann hafði ekki umboð til að selja neinar íslenzkar vörur. Hann hafði skrifað S. Í. F. 5. sept. 1932, en ekkert svar fengið.“

Þarna segir Thor Thors beinlínis, að maður í Argentínu hafi skrifað stjórn S. Í. F. um að fá að selja íslenzkan fisk á árinu 1932, en hann fær ekkert svar. Þessir framkvæmdarstjórar, sem hver um sig situr á 24 þús. kr. árslaunum, hafa ekki tíma til að svara bréfum um söluviðskipti, sem berast úr landi, sem ekki hafa verið viðskipti við áður. Gjaldeyrishömlur Argentínu eru þá ekki meiri en það, að „sendiherann taldi málið sama sem leyst.“ Sbr. bls. 10 í skýrslu Thors Thors. Þetta eru þá allar gjaldeyrishömlurnar, sem T. T. setti svo fyrir sig áður en hann fór, að hann taldi mjög ósýnt um árangur þó að hann færi í þessa för. Samkv. því, sem T. T. segir á bls. 22, hefir innflutningurinn til Argentínu verið 3—4000 smálestir af saltfiski á ári. Ennfremur segir T. T. á bls. 22, að H. Sundt hafi annazt sölu fyrir Kveldúlf árið 1928, og síðan stöðugt óskað eftir áframhaldandi viðskiptum við Ísland. Hann segir, að Sundt hafi skrifað S. Í. F. 5. sept. 1932 og óskað eftir umboði, en aldrei fengið neitt svar. T. T. lýsir þessum manni sem mjög álitlegum umboðsmanni. T. T. álítur viðskiptin við Brasilíu mjög álitleg; um þau segir hann á bls. 25: „Þess þyrfti ekki að vera mjög langt að bíða, að við næðum sölu í Argentínu fyrir 50000 £ árlega“, en það er um 1 millj. og 200 þús. kr. Hann segir líka á sömu bls.: „Það er mjög líklegt, að við gætum bráðlega náð sölu á helmingi alls innflutningsins, eða um 50 þús. kössum, eða ca. 2000 smálestum“.

Um verzlunarjöfnuðinn í Brasilíu upplýsist í skýrslu T. T., að hann sé mjög hagstæður. Um hann segir Thor: „11. febr. s. l. var gjaldeyrir gefinn frjáls á öllum innfluttum vörum. — Sem stendur eru því engar gjaldeyrishömlur í Brasilíu að því er innflutning snertir, og það er ekki búizt við, að þær verði teknar upp af nýju.“ — Mér er kunnugt um, að hjá framkvæmdastjórum S. Í. F. hafa rikt ýmsar bábiljur um, hverskonar fiskur væri seljanlegur í Brasilíu. Einn þeirra sagði við mig, að S.-Ameríkumenn vildu, að mér skildist, ekki annað en fisk nr. 3. En Thor upplýsir, að fiskurinn þurfi að vera harður, hvítur og stór. M. ö. o.: Suður-Ameríkumenn vilja líkan fisk eins og verkaður hefir verið undanfarið fyrir Spánarmarkað, en þó þarf hann að vera harðari. Það voru fleiri en Sundt, sem höfðu skrifað S. Í. F. og beiðzt eftir viðskiptum með fisk til Suður-Ameríku, en ekki verið svarað. T. d. segir Thor um firmað Pereira & Meirelles í Rio de Janeiro: „Hafði það firma skrifað og símað til S. Í. F., en engin svör fengið.“ Það virðist svo sem forstjórar S. Í. F. hafi litið svo á, að Suður-Ameríka væri á öðrum hnetti, og væri ekki hægt að koma þangað fiski, þótt Suður-Ameríkumönnum virðist hafa verið ljóst, að hagkvæmt væri að komast í samband við okkur um kaup á fiski. Á bls. 59 í skýrslunni segir Thor Thors, að maður að nafni A. J. Hollevik í Sao Paulo hefði gert tilraun til þess að fá umboð fyrir íslenzkan fisk, en ekkert svar fengið. Um þetta segir orðrétt í skýrslu T. T.: „Þessi maður skrifaði S. Í. F. þegar eftir stofnun þess og fór þess á leit, með bréfi dags. 26. ág. 1932, að fá umboð fyrir það í Brasilíu, en S. Í. F. tók þá eigi upp nein viðskipti við Suður-Ameríku.“ Um Hollevik segir Thor: „Ég teldi það mikið happ fyrir okkur að fá Hollevik sem umboðsmann.“ Menn hlýtur að reka í rogastanz þegar þeir sjá í skýrslu þessa

sendimanns S. Í. F., sem ekkert tækifæri lætur ónotað til þess að hefja framkvæmdastjóra þess til skýjanna, hvílíkt tómlæti þessir framkv.stj. hafa sýnt við að afla saltfiskinum nýrra markaða. Og þetta er ekki af því, eins og Thor segir, að þarna hafi verið óyfirstiganlegir erfiðleikar, og ekki af því, ef maður má trúa Thor Thors, sem ég væni ekki um að fara með neitt rangt í skýrslu sinni, ekki af því, að það hafi ekki verið sæmilegt verð, sem þarna fékkst fyrir fiskinn. Thor Thors segir um verðið á bls. 77: „Ég vil þó geta þess, að sölurnar í Argentínu á 31 sh. fyrir 41 kg. cif. eru, að frádregnum öllum hinum aukna kostnaði, rýrnun o. fl., hærri en núverandi Spánarverð fyrir samskonar vöru. Þegar keppinautar okkar hafa róazt og séð, að okkur verður ekki bolað burtu, er líklegt, að að öllu óreyndu mætti hækka verðið um 1—2 sh. á kassa." M. ö. o. Thor segir, að það sé fyllilega sambærilegt við Spánarverðið, og enn heldur hann áfram á bls. 83: „Verði þessi reynsla þann veg, að neytendur séu ánægðir, má telja líklegt, að þegar á næstu árum náist sala þarna syðra á nokkrum þús. smálestum." Ég hefi tekið þetta svona nákvæmlega vegna þess, að menn þurfa að gera sér þetta ljóst, þegar verið er að heimta stjórnarskipti í landinu og verið að heimta, að þessum sömu forstjórum S. Í. F. verði falið að hafa allar tilraunir fiskimálan. með höndum og útflutning á hverskonar fiski úr landinu. Þessum mönnum, sem sofið hafa á verði í 4 ár um saltfiskmarkaðinn, sem þeim var trúað fyrir. Þessum mönnum, sem þá fyrst, þegar búið er að setja 7 menn til þess að stjórna þeim, fara að gera eitthvað í þessum málum, sem þeir eiga að veita forstöðu.

Ókunnugleiki framkvæmdarstjóra S. Í. F. á þessum málum, sem þeir eiga að hafa beztu kunnáttu allra manna um, er svo mikill, að þá loksins þeir senda þessa tvo menn, þá Kristján Einarsson og Thor Thors, til Ameríku, senda þeir þá svo seint á ári, að kaupendur eru búnir að birgja sig upp af fiski, áður en sendimennirnir koma. Sést þetta á báðum skýrslum þeirra.

Kristján Einarsson segir í skýrslu sinni: „Í Havana seldi ég ca. 5000 kassa af fiski, sem afskipast eiga að mestu í jan.—febr. mán. Flestir kaupendur höfðu birgt sig upp, svo tiltölulega fáir af innflytjendum voru kaupendur í bili. Er það álit mitt, að Íslendingar gætu að öllu eðlilegu selt til Cuba og annara nálægra staða ca. 50000 kassa árlega, eða jafnvel meir, þegar fiskurinn er orðinn almenningi kunnur, þ. e. 2200 smál."

Ennfremur upplýsir Kristján Einarsson, að í Bandaríkjunum seljist árlega 70000 smálestir af hraðfrystum og flökuðum fiski og að einn fiskkaupmaður þar áætlaði sölu sína 500 smálestir af harðfiski.

Möguleikarnir, er þeir fundu Th. Th. og K. E. eru mjög miklir, og allir þessir möguleikar, sem þeir finna í þessum ferðum sínum til Norður- og Suður-Ameríku, hafa verið til síðustu 4 árin. Þetta eru ekki nýir möguleikar, það eru þeir sömu og hafa verið allt starfstímabil S. Í. F., og meira að segja framkvæmdastjórum S. Í. F. var að einhverju leyti kunnugt um þessa markaði, því bæði Kveldúlfur og Alliance höfðu selt þangað fisk áður. En þessar forstjórar, sem höfðu 24 þús. kr. árslaun hver, þeir týndu þessum markaði, týndu Ameríku í 4 ár, þrátt fyrir það, eins og bent er á í skýrslu Thors Thors, að þeim hefir hvað eftir annað verið skrifað og beðnir um sýnishorn.

En þannig er framkvæmdaleysið hjá þessum mönnum, sem stjórna S. Í. F. og farið er fram á af Sjálfstfl., að falinn verði allur útflutningur á fiski úr landinu og hin margháttaða starfsemi og tilraunir fiskimálanefndar, að þeir hafa hvorki svarað bréfum né símskeytum frá þessum markaðslöndum, sem mjög eru þó álitleg að dómi Thors Thors.

Svo mikil er óskammfeilnin, að form. Sjálfstfl. kemur hér við umr. í gær og heimtar stjórnarskipti meðal annars af því, að stjórnarflokkarnir vilja ekki fyrir nokkurn mun fá þessum mönnum meiri ráð í fisksölumálum en þeir nú hafa.

Forseti (JBald): Forseti vill vekja athygli þingflokkanna og ræðumanna á því, að til þess er ætlazt, að ræðutími falli sem jafnast í hverri umferð á flokka. Þó verður hnikað til, þegar um fárra mínútna mun er að ræða, og þeim mínútum bætt við eða þær dregnar frá í næstu umferð. En þegar komið er að síðustu umferð, þá er til þess ætlazt, að ræðutími sé sem allrajafnastur, eða að enginn þingflokkur eigi þá meira, svo nokkru nemi, en þrjá stundarfjórðunga, svo að flokkur geti eigi þá haft margfaldan ræðutíma móts við aðra flokka. Er hér með beint til þingflokkanna að sjá um, að þetta geti orðið svo, svo forseti þurfi eigi að skipa fyrir um nákvæman ræðutíma. Geta ræðumenn ávallt fengið að vita hjá forseta, hvað ræðutíma flokka þeirra líður, og hagað lengd ræðutíma eftir því.

Þá vill forseti ennfremur vekja athygli ræðumanna á því, að þeim ber í umr. að kenna þm. við kjördæmi, svo sem fyrirskipað er í þingsköpum.

Sigurður Kristjánsson: Það hefir skipazt svo til, að mér hefir verið falið það sérstaklega af mínum flokki í þeirri deild, sem ég á sæti í, að líta á hag sjávarútvegsins. Það er því sjálfsagt ekki illa til fallið, að ég lýsi sökum á hendur núv. hæstv. stj. fyrir misgerðir hennar við þennan mikla atvinnu- og bjargræðisveg þjóðarinnar.

Ég get nú ekki sagt, að það hafi orðið mér ánægjulegt verk að fjalla um málefni sjávarútvegsins á þingi. Veldur það, að margar meinsemdir þjá þennan volduga atvinnuveg, svo hann er nú fjárhagslega alveg að þrotum kominn. Óvinir hans, þeir yngstu, eru verðfall og sölutregða í gömlu markaðslöndunum og óvenjulegt aflaleysi síðustu vertíðir. Þetta eru ærið skaðsamlegir óvinir. En þó hika ég ekki við að segja, og skal láta því fylgja fullgildar sannanir, að skæðasti óvinur sjávarútvegs Íslendinga er meiri hl. Alþingis með fáráða ríkisstjórn í fararbroddi.

Ef hin síðasta plágan væri ekki, væri það, þrátt fyrir aðra örðugleika, að mörgu leyti ánægjulegt að fjalla um málefni útvegsins.

Sjávarútvegurinn hefir frá landnámstíð verið annar af tveim aðalatvinnuvegum Íslendinga.

Fram til síðustu áratuga var hann minni bróðirinn. En þá tók hann snöggt viðbragð og yfirgnæfir nú að verðmætaöflun alla atvinnuvegi landsmanna, og er jafnframt sá atvinnuvegurinn, sem er langnæst því að vera rekinn eftir fullkomnum nýtízku reglum.

Mikilvægi sjávarútvegsins fyrir þjóðina geta menn strax skilið, er þeir athuga það, að um mörg undanfarin ár hafa ⅔ hl. allra verðmæta, sem flutt hafa verið út frá landinu, verið sjávarafurðir. Verðmæti þessi hafa komizt hæst upp í 70—80 millj. kr. á ári, en eru nú því miður aftur hröpuð niður í ca. 40 millj. kr.

Það er vitað, að hinar geysilegu tekjur ríkissjóðs á síðustu árum eru að langmestu komnar frá hinum mikla vitaðsgjafa, fiskimiðunum við Ísland. Og það er þá líka víst, að fyrir örlæti þessa vitaðsgjafa hefir íslenzku þjóðinni auðnast að lifa á síðari árum ríkara menningarlífi á mörgum sviðum heldur en bjartsýnustu menn dreymdi um um síðustu aldamót.

Allt þetta talar skýru máli um það, hve geysilega mikið íslenzka þjóðin á undir því, að sjávarútvegurinn bregðist ekki. Og ef nokkuð skortir á, að sannað sé, að íslenzka þjóðin eigi meira en hálft líf sitt undir sjávaraflanum, þá má bæta því við, að Íslandingar eru langmestu aflamenn í heimi. Fiskafli þeirra var árið 1930 samkv. hagskýrslum 3200 kg. á hvert mannsbarn í landinu, en sú þjóð, sem komst næst Íslendingum í aflasæld, og það eru Norðmenn, afladi þetta ár 396 kg. á mann.

En hvernig hefir skilningur hæstv. ríkisstj. og flokks hennar hér í þinginu verið á þessu? Þar um eru verk hennar óljúgfróðust, og er því bezt að láta þau tala.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, stóð yfir rannsókn á hag og afkomu sjávarútvegsins. Það varð hlutskipti þessarar stj. að taka við árangri rannsóknanna, en þær virtust leiða í ljós, að útgerðin væri fjárhagslega alveg að þrotum komin. Eftir skýrslunum hafði útgerðin verið rekin með stórtapi þrjú næstu árin á undan. Allar eignir útgerðarmanna voru þar taldar um 32,5 millj. kr., en skuldirnar alls 26,5 millj. kr. Árin, sem síðan eru liðin, hafa verið útgerðinni svo erfið, að vafalaust má telja, að þó einstaka útgerðarmaður eigi enn eitthvað fram yfir skuldir, þá séu aðrir, sem skulda það meira en bróttóeign þeirra nemur, að meðaltalið sé það, að allir útgerðarmenn séu öreigar.

Nú kom hin þrautsogna útgerð og bað um það, og það eitt, að af útgerðinni yrði létt útflutningsgjaldinu og henni leyft að mynda af því sjóð til viðréttingar fjárhag útgerðarinnar. Hún bað ekki um eyrisframlag úr ríkissjóði, heldur aðeins að létt yrði skatti af atvinnurekstri, sem sannanlega var rekinn með stórtapi. Þess má og geta, að enginn fiskveiðaþjóð í heimi leggur útflutningsgjald til ríkisins á sjávarafurðir, en sumar greiða útflutningspremíu á útfluttar sjávarafurðir.

Hvernig tók svo íslenzka stj. þessari málaleitun útgerðarinnar? Henni fór líkt og manninum, sem tók fyrir kverkar samþegni sínum og hneppti hann í þrældóm, af því að hann átti ekkert til að greiða með skuld sína.

Á þingunum 1934 og 1935 bárum við sjálfstæðismenn fram eftirfarandi mál til viðreisnar sjávarútveginum, auk margra smærri mála:

1. Frv. til l. um eflingu fiskveiðasjóðs Íslands, 2. frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, 3. frv. til l. um rekstarlánafélög báta-útvegsins, 4. frv. til l. um frystigjald beitusíldar, 5. frv. til l. um afnám útflutningsgjalds á fiski, 6. frv. til l. um markaðssjóð saltfisks, 7. frv. til l. um afnám fiskimálanefndar, 8. frv. til l. um fiskiráð, 9. till. til þál. um ábyrgð á gengi þýzkra marka fyrir ísfisk, sem útgerðin átti innifrosin í þýzkum bönkum.

Öll þessi frv. eru til mikilla hags- og réttarbóta fyrir útgerðina. Þau eru öll borin fram af sjálfstæðismönnum, sum tvisvar, sum þrisvar. Mörgum þeirra hafa fylgt til þingsins áskoranir fjölda manna utan þings, sumum þúsunda manna, úr flestum sjávarbyggðum landsins, um að samþykkja þau. En ekki einn einasti stuðningsmaður stj. hér á þessari háttvirtu samkomu hefir veitt þeim stuðning með flutningi eða atkv. Þau hafa öll fallið fyrir sömu bolöxinni, bolöxi hinnar blindu óvildar stj. og stjórnarflokkanna.

En stj. og stuðningsflokkar hennar hafa ekki látið við það lenda að veita andstöðu hverju þurftarmáli útvegsins, heldur hefir hún byrlað útgerðinni marga ólyfjan. Vil ég fyrst telja lögin um fiskimálanefnd. Það var krafa þeirra rauðustu, sem flestu ráða í stjórnarflokkunum, að öll verzlun landsmanna með sjávarafurðir yrði gerð að ríkisrekstri. Ríkið átti að setja á stofn verzlunarbákn, áhættuverzlun með 40—60 millj. kr. umsetningu á ári. Utan um þessa kommúnistisku hugmynd voru svo sett saman lögin um fiskimálanefnd. Tók stj. sér þar svo gersamlega vald yfir öllum útvegsmálum, að varla gat heitið, að soltinn þurrabúðarmaður mætti draga sér fisk í soðið, nema með allramildilegasta leyfi sérfræðinganna í „Hvíta húsinu". Stjórnin mátti banna skipum að veiða og takmarka veiði annara. Menn áttu að spyrja hana, hvort þeir mættu verka fiskinn og hvernig þeir ættu að verka hann. Hvort þeir mættu bjóða hann til sölu og hverjum þeir mættu bjóða hann og fyrir hvaða verð. Allt þetta gátu hinir vísu feður í „Hvíta húsinu" falið fiskimálanefnd. Og svo kom rúsínan í pylsuendanum: Ef ríkisstjórninni sýndist, að það yrði „notadrýgst", gat hún falið fiskimálanefnd einkasölu á fiski til útflutnings.

Um það hefir verið deilt, hvort einkasala hafi verið takmark stj. Þeir, sem bezt þekkja innræti stjórnarflokkanna eða þeirra, sem þar ráða mestu, fara næst um þetta. En um það þarf ekki að fjölyrða nú. Bankarnir tóku mjög hart á einkasölubrölti stj., svo að hún sá sér ekki fært að skella því fyrirkomulagi á þegar í stað. Atvmrh. breytti lögunum um fiskimálanefnd í skyndi með bráðabirgðalögum, til þess að gamla samlagið gæti haldið áfram að starfa. Og síðan breytti þingið óskapnaðinum stórkostlega. Fiskframleiðendur stofnuðu síðan með sér nýjan félagsskap, er þeir nefndu Samband ísl. fiskframleiðenda, skammstafað S. Í. F. Þessi félagsskapur var síðan löggiltur sem aðalútflytj-

andi saltfisksins eða fyrir ca. 9/10 allrar framleiðslunnar.

Með stofnun og löggildingu þessa félagsskapar voru verkefni fiskimálanefndar raunverulega úr sögunni, að mestu leyti. Hið ótakmarkaða vald hennar og fjárráð voru ekki lengur annað en draumur Héðins. Það, sem eftir var, er þá helzt þetta: „Hún skal gera ráðstafanir til þess að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú er mest tíðkað".

Þannig er hlutverk n. skilgreint í lögunum. En n. lét sér ekki skiljast, að með hinni nýju skipun var tilveruréttur hennar undir lok liðinn. Hún setti á stofn skrifstofubákn, og þessir 7 menn gerðu oliusalann að formanni með prófessorslaunum og skömmtuðu sér allir gild laun. Þessi n., sem með breyt. á l. um fiskimálanefnd átti í veruleika að vera úr sögunni, gekk hreinlega aftur og hefir síðan haft hæstv. atvmrh. á valdi sínu og þveitt honum að hverju skemmdarverki eftir annað, eins og síðar mun sýnt verða.

Ég hlýt að geta þess hér, vegna hinna alveg einstæðu og siðlausu árása stjórnarblaðanna á fisksölu Íslendinga, sem að mínu viti speglar hugarfar rauðu flokkanna til útgerðarinnar, að Íslendingar hafa allt frá því, að hinar miklu framfarir í útgerð þeirra hófust, verkað nær allan fisk sinn fyrir beztu markaðina, en það var saltfiskmarkaðurinn í Miðjarðarhafslöndunum. Á fáum árum fjórfölduðu Íslendingar fiskframleiðslu sína, en þeir unnu markaði jafnóðum fyrir allan viðaukann. Engin þjóð hefir staðið Íslendingum á sporði í fisksölu, meðan innflutningur til Miðjarðarhafslandanna var frjáls. Keppinautarnir urðu að víkja. Og þeir urðu að verka fisk sinn að meira eða minna leyti á verðlægri markaði, t. d. með því að herða hann. Norðmenn hafa stundum orðið að herða allt að helmingi ársframleiðslunnar og sæta miklu lægra verði fyrir þann hlutann. Jafnvel hafa þeir stundum orðið að mala harðfiskinn aftur í fiskimjöl og orðið lítið úr honum.

Það er dálítið broslegt fyrir þá, sem vita, hvert neyðarúrræði það hefir verið fyrir Norðmenn að herða meira og minna af fiski sínum, þegar strákarusl það, sem skrifar um útvegsmál í blöð íslenzku ríkistjórnarinnar, er að harma það sem hina mestu ógæfu, að Íslendingar lentu ekki fyrr í því að þurfa að herða eitthvað af framleiðslu sinni.

Þegar S. Í. F. tók til starfa, var viðhorfið mikið breytt frá því, sem áður var. Innflutningsskömmtun var hafin í Miðjarðarhafslöndunum, og hafði innflutningur farið mjög minnkandi, þannig talið í smálestum:

	Spánn	Portúgal	Ítalía	Samtals
	þús. tonn	þús. tonn	þús. tonn	þús. tonn
1933 ...	31,2	15,6	19,9	66,8
1934 ...	20,0	19,0	16,3	55,3
1935 ...	14,2	16,8	8,6	39,6

Við innflutningsskömmtunina bætast sífellt nýir örðugleikar, svo sem yfirfærsluvandræði kaupendanna og kröfur þeirra um jafnaðarkaup og greiðslur í sinni eigin mynt. Bætist þá hætta á gengisbreytingu við annað. Og loks það, að íslenzku stj. virðist heldur ósýnt um meðferð allra utanríkismála, einkanlega það, sem við kemur fiski.

Stjórn S. Í. F. varð af þessu alveg ljóst, að henni voru engin setugrið boðin. Hún varð að bæta sér tap neytenda í Miðjarðarhafslöndunum með því að finna aðra neytendur. Hún varð að finna milljónir manna, sem fengjust til að borða íslenzkan fisk og gætu borgað hann. Og hvar mundi það fólk frekar að finna en í hinu gagnauðuga reginvíða landi, Ameríku, með milljóna hundruðin. S. Í. F. staðréð að vinna markaði í þessu landi. Tækist að fullnægja smekk og kröfum milljónanna þar, mundu fiskfarmarnir renna hver í annars kjölfar vestur um haf, og dollararnir veltast til Íslands. Og það var einnig ráðið, að fela ekki landnám þetta öðrum en völdustu mönnum. Mönnum með fullkomna þekkingu á fiski og fisksölu.

Vegna hins alveg einstæða blekkingavaðals og blygðunarlausu ósanninda atmvrh. um sendiferðir S. Í. F. til Ameríku sé ég mig knúðan til, eftir því, sem tími leyfir, að gefa skýrslu um þessar ferðir.

Ráðh. sagði, að út liti fyrir, að árangur af ferðinni til Suður-Ameríku yrði mikill og góður. En hann sagði, að Jón Árnason hefði átt till. um þá sendiferð, og lét sem hann hefði fyrstur séð söluskilyrði þar. Sannleikurinn er þessi: Íslenzkir fiskeigendur gerðu svo árum skipti verulegar sölur til Suður-Ameríku. En þær sölur stöðvuðust, algerlega og eingöngu fyrir greiðsluþrot þeirra landa. Fraus þar inni stórfé fyrir öðrum þjóðum, og er sú saga víst flestum kunn nema ráðh.

Á fyrsta fundi stjórnar S. Í. F. var samþ. fyrir tilmæli Jóh. Þ. Jósefssonar, þm. Vestm., að hefja sölur til Suður-Ameríku. Var þá strax ákveðið af okkur sjálfstæðismönnum í fisksölustjórninni að senda þangað mann til þess að greiða fyrir sölum, og alltaf um það talað sem sjálfsagðan hlut. Þegar sú ályktun var bókuð, var það Magnús Sigurðsson, sem bar hana fram. Og þegar svo sendiför Thor Thors var ákveðin, greiddi J. Á. ekki einu sinni atkv. Að gefnu tilefni lýsti hann því þá yfir, að það væri ekki af því, að hann væri á móti manninum. Liggur því nærri að álykta, að það hafi verið förin sjálf.

Thor Thors fór bæði til Argentínu og Brasilíu. Varð árangur af ferð hans hinn glæsilegasti. Leysti hann mjög örðugt gjaldeyrismál, sem raunverulega opnaði íslenzka fiskinum leið á markaðinn. Höfum við á þeim fáu mánuðum, sem síðan eru liðnir, selt 26 þús. kassa af fiski til Argentínu og Brasilíu, eða um 800 skp., og er líklegt, að salan margfaldist. Hefir danska sendiráðið í Argentínu skrifað utanríkisstjórninni dönsku, og hún aftur sent íslenzku ríkisstj. mjög lofsamleg ummæli um framkomu og dugnað hins íslenzka sendimanns. Telur honum meðal annars til ágætis, að hann hafi fullkomið vald á spanskri tungu. Ég get þessa af því, að ráðh. varðist vandlega að geta þess, hver sendimaðurinn var. Mundi hann víst ekki hafa gleymt því, ef hann hefði heitið Sigurður Jónasson.

Um leið og ferð Thor Thors var ákveðin til Suður-Ameríku, var einnig ákveðið, að sérstak-

ur maður yrði sendur til Kúba og Bandaríkjanna. Að þetta var ekki fyrr ákveðið, stafaði af því, að í upphafi var ætlazt til, að Suður-Ameríkuferðin væri sameinuð ferðinni til Kúba. En Thor gat ekki komið því við að fara til Kúba, og varð þá að fara þangað sérstakur maður. Þykir mér rétt að skýra frá þessu til þess að hnekkja þeim ósannindum atvmrh., að Héðinn Valdimarsson hafi átt þá till. Sannleikurinn er sá, að Héðinn barðist *með oddi og eggju móti sendiförinni*, og fann þá ástæðu til, að það var Kristján Einarsson forstjóri, sem valinn var til ferðarinnar. — Og vegna fádæma rætinnar níðgreinar í Alþýðublaðinu um Kristján Einarsson, og vegna þess að atvmrh. var í gærkvöldi að hlaða ofan á þær lygar dylgjum um það, að sendimaðurinn hefði ekki *verið vel valinn né leyst erindi sitt vel af hendi*, skal ég leyfa mér að hnekkja rógburði beggja í einu. En það mun ég gera með því að lesa hér með leyfi hæstv. forseta nokkur ummæli úr bréfi ræðismanns Dana í Havana. Bréfið er stílað til utanríkisstjórnar Dana, en það sendi afrit af því íslenzku stj., svo það, sem ráðh. sagði til *álitshnekkis Kr. E., var fullkomlega móti betri* vitund.

Í bréfi ræðismannsins stendur meðal annars: „Hann (Kr. E.) hefir selt 5 þúsund kassa fiskjar, meðan hann stóð við. Hann hefir valið mjög góðan umboðsmann og undirbúið vel framtíðina. ... Ég vildi óska að viðskiptin gætu haldið áfram á þeim heilbrigða grundvelli, sem nú er lagður. ... Áður en ég lýk máli mínu, verð ég að skýra frá því, að þessi góði árangur, sem náðst hefir, er að miklu leyti, vafalaust, að þakka hinni fullkomnu þekkingu herra Kristjáns Einarssonar í fisksölumálunum í heitu löndunum, þekkingu, sem ég tók strax eftir, er hann fyrst talaði við mig, og þær aðferðir, er hann notaði í tali sínu og umræðum þeim, er hann átti við kaupendur. Það er mikilsvert atriði í landi eins og Kuba, þar sem viðskiptin, sérstaklega þó matvælaviðskiptin, eru sannarlega mjög erfið viðfangs."

Í öðru bréfi segir ræðismaðurinn, að Kr. E. hafi meiri þekkingu á þessum málum heldur en nokkur annar, er hann hafi átt tal við þau 15 ár, sem hann hefir verið ræðismaður.

Eins og þarna segir, seldi Kr. E. þegar, er hann kom til Kúba, 5000 kassa af saltfiski og útvegaði þar ágætan umboðsmann. Höfum við nú selt þangað 10000 kassa, þrátt fyrir það að venjulegur innkaupstími fyrir fisk frá 1935 var liðinn, þegar Kr. E. kom þangað.

Frá Kúba fór Kr. Einarsson til Bandaríkjanna og Kanada. Varð honum strax ljóst, er hann fór að kynna sér markaðshorfurnar, að þótt selja mætti að líkindum talsvert af saltfiski í Bandaríkjunum, þá fer þó neyzla hans þverrandi með hverju ári. En með því meiri hraða vex þar markaður fyrir hraðfrystan fisk. Neyzla hraðfrysta fisksins þekktist varla þar í landi fyrir nokkrum árum, en nú er talið, að í Bandaríkjunum einum *seljist á ári um 70 þúsund tonn af nýjum og hraðfrystum fiski*, bæði vatnafiski og sjóveiddum fiski, og virðist aukning neyzlunnar í fullum hraða. Sá Kr. E. strax, að þarna var til mikils að vinna fyrir Ísland.

Komst hann fyrir milligöngu ágætra manna að á stöð elzta og stærsta flökunar- og hraðfrystifirmans í New York og lærði þar verkun og útbúnað fisksins, eins og smekkur Ameríkumanna krefur, allt frá vali fisksins og til þess, er hann er kominn í síðustu umbúðir.

Er þar skemmst frá að segja, að Kristján kom S. Í. F. í samband við öflugustu verzlunarfélög, er honum, eftir beztu heimildum, virtust hafa fullkomnust skilyrði til þess að kynna og selja íslenzkan fisk. Skipti hann Bandaríkjunum og Kanada milli þriggja umboðsmanna, en tveir þeirra eru stórir verzlunarhringar eða verzlunarsambönd, sem hafa viðskiptanet um öll Bandaríkin og Kanada, með eigin skrifstofur í öllum aðalborgum þessara landa.

Hæstv. atvmrh. lét sér sæma að fara með þau ósannindi, að Kr. E. hefði ekki „fundið" nema einn umboðsmann í ferð sinni. Fór hann lítilsvirðandi orðum um þennan „eina". Þessi framkoma ráðh. var að sönnu gægsnisleg, en verður þó að leiðréttast, af því að um mikilsvert mál er að ræða.

Sannleikurinn er sá, að Kr. E. réð til bráðabirgða *fjóra umboðsmenn*. Staðfesti S. Í. F. strax eftir heimkomu hans ráðningu þriggja þeirra ágreiningslaust. Um þetta var ráðh. kunnugt, svo að ósannindi hans voru vísvitandi. Fyrsta umboðið er fyrir Kúba, Vestur-Indlandseyjar og Mið-Ameríku. Umboðsmaðurinn á heima í Havana, er fæddur þar og nýtur mikils *álits. Sendiherra Dana í Havana mælti eindregið* með honum. Og fiskkaupmenn töldu hann hverjum manni betur til starfans fallinn. Er hann og þaulkunnugur fiskverzlun.

Fyrir Boston og umhverfi réð Kr. E. til bráðabirgða íslenzkan mann, Andrés Guðmundsson, sem búsettur er í Boston, Rok A. 9, og rak áður lengi fiskverzlun á Englandi og er Íslendingum að góðu kunnur.

Umboð í New York um suðurhluta Bandaríkjanna fól Kr. E. firmanu Ol. Hertzvig Trading Co. incl. í New York. Er forstjóri þessa afaröfluga verzlunarfélags afarmikilsmetinn maður og hefir afarvíðtæk og traust verzlunarsambönd um öll Bandaríkin.

Umboðsmenn fyrir Chicago og norðvestur Bandaríkin réð Kr. E. tvo Íslendinga: Guðm. Jónasson, forstjóra firmans The Keipetown Fichering í Winnepeg, og meðeiganda hans, Þ. Þorsteinsson (Thorsteinn Thorsteinsson), fyrrum bankastjóra. Sá fyrrnefndi hefir mestan hluta æfi sinnar starfað að fisksölu, og hefir firma hans öflug sambönd um Kanada og Bandaríkin. Hinn síðartaldi var bankastjóri Rayalbank of Canada í 20 ár, áður en hann gekk inn í nefnt firma. Nýtur hann hins mesta trausts, hefir alltaf hálf laun frá bankanum og stendur opin staðan, hvenær sem hann vill taka hana aftur.

Vestur-Íslendingar hafa sýnt hinn mesta áhuga fyrir þessum málum, eins og öllu því, er Íslandi horfir til gagns og sóma. T. d. um fórnfýsi þeirra skal ég geta þess, að vel fjáður verksmiðjueigandi í Winnipeg bauð strax og lagði fram 150 þús. kr. til tryggingar og fyrirgreiðslu á sölu íslenzks fiskjar í Bandaríkjunum og Kanada. — Er þetta mikið og myndarlegt dreng-

skaparbragð af manni, sem engra hugsmuna hefir að gæta í þessu sambandi, og gekk honum ekkert til nema vináttan og tryggðin til landsins.

Þegar Kristján Einarsson kom heim, samþ. S. Í. F. strax eftir till. hans að senda þegar sýnishorn af hraðfrystum fiski vestur. Reynslusendingar þessar tóku þeir að sér að útbúa hr. Gustafsson í sænska frystihúsinu og Ingólfur Esphólín.

Nú kemur fiskimálanefnd fyrst verulega til sögunnar. Hún hafði frá öndverðu sett upp hinn mesta hundshaus yfir þessum sendiferðum, neitað um sjálfsagðan styrk til þeirra og reynt að spilla því, að þær væru farnar. En er nú sýnishornin skyldu fara, gerði n. sendinguna hjá Esphólín upptæka! Fann það til, að hún „ætti frystihúsið og manninn." Með mesta dræmingi fékkst útflutningsleyfi fyrir því, sem útbúið var í sænska frystihúsinu. Hafði Kristján Einarsson séð um það að öllu leyti. Og þegar sú sending kom vestur, líkaði hún í alla staði vel, að því undanskildu, að pappírinn væri ekki nógu vandaður. Það stafaði af því, að sá rétti pappír var ekki til með svo stuttum fyrirvara. En til sönnunar því, að sendingin líkaði vel, er það, að umboðsmenn okkar vestra símuðu strax og ráðlögðu S. Í. F. að senda þegar stóra sendingu — heilan farm.

S. Í. F. tryggði sér nú strax fisk í farm þennan, kæliskip til flutningsins, kassa og aðrar umbúðir og frystingu á 200 tonnum. En þá kemur fiskimálanefnd og neitar um útflutningsleyfi. Bar hún aðallega fyrir féleysi S. Í. F., ef tap yrði á sendingunni. S. Í. F. vissi, að atvmrh. réð yfir fiskimálasjóði, sem hefir milljón kr. tekjur úr ríkissjóði og ½% útflutningsgjald af fiski. Sneri S. Í. F. sér til ráðh. og bað hann að láta fiskimálasjóð ábyrgjast halla, er verða kynni á reynslusendingu þessari. En þá kom í ljós, að ráðh. var í ráðabrugginu með fiskimálanefnd. Neitaði hann S. Í. F. um alla slíka aðstoð. Var nú ekki annars kostur en að láta fiskimálanefnd taka við öllu, þó að okkur grunaði, að ekki mundi fara vel úr hendi sökum vankunnáttu.

Fiskimálanefnd brá nú á sitt ráð. Hún sendi Sigurð Jónasson tóbakssala vestur. Ekki er mér kunnugt — né neinum kunnugt — að hann hafi þekkingu á fisksölu. Eftir beiðni n. fékk hann meðmælabréf frá S. Í. F. til umboðsmanna þess vestra. Voru þeir beðnir að aðstoða hann á allan hátt. Jafnframt sendi S. Í. F. umboðsmönnum skeyti með sömu tilmælum um að vera sendimanni fiskimálanefndar til aðstoðar. En hann skyldi selja gegnum þessi umboð eftir því, sem unnt og haganlegt væri.

Jafnframt þessu heimilaði S. Í. F. framkvæmdastjórum sínum að leitast fyrir um fasta fyrirframsölu á farminum gegnum umboðsmenn sína. Taldi umboðsmaðurinn í New York strax líklegt, að selja mætti allan farminn fyrirfram við góðu verði, ef það yrði leyft.

En fiskimálanefnd var ófáanleg til að leyfa sölu á öllum farminum. Umboðsmaðurinn í New York fékk t. d. ekki leyfi til að selja fyrirfram nema 50 tonn. Símaði hann þegar, að hann hefði samdægurs selt einu firma þessi 50 tonn, og að það vildi fá meira. Gat hann selt því allan farminn fyrir verð, sem eftir áætlun S. Í. F. hefði gefið 20 þús. kr. hagnað á farminum. En fiskimálanefnd neitaði þverlega. Farmurinn kom svo ekki vestur á tilsettum tíma. Og vegna óheppilegrar framkomu sendimanns fiskimálanefndar notaði kaupandi áðurnefndra 50 smálesta þetta til þess að ganga frá kaupunum. Jafnframt og umboðsmaður S. Í. F. tilkynnti sendimanni fiskimálanefndar þetta, tjáir hann honum, að hann hafi annan kaupanda, sennilega að öllum farminum. Hann skrifar sendimanninum sama daginn og Steady kom, 21. marz, á þessa leið:

„Great Atlantic and Pacific Sea Company hafa tilkynnt oss, að vegna þess að mótorskipið Steady kom ekki innan hins tilskilda tíma, 15.—20. marz, þá segi þeir upp kaupum á þeim 100000 lbs. af ferskum og frosnum þorski, er þeir hafa keypt.

Vér höfum kaupanda, sem vilja kaupa allmikið. Sennilega allan farminn. Góðfúslegast gefið oss bezta tilboð yðar.

Yðar einlægur,
Olaf Hertzvig
Trading Company Inc."

Þessu tilboði var að engu sinnt, og fór því þessi sala út um þúfur.

Framkoma sendimanns fiskimálanefndar var neðan við allar hellur. Hann fór alls ekki á fund umboðsmanns S. Í. F., sem hann hafði meðmælabréf til, fyrr en 9 dögum eftir að hann kom vestur. Þá rak hann inn höfuðið til þess að láta hann vita, að hann vildi ekkert hafa með aðstoð hans að gera.

Ráðh. sagði, að fyrirframsala S. Í. F. í New York hefði brugðizt. Sannleikurinn er sá, að fiskimálanefnd réð því sjálf, að salan var bundin við það, að farmurinn kæmi 15.—20. marz. En hann kom 21. marz. Þó hefði kaupandinn auðvitað ekki gengið frá kaupunum, ef sendimaður fiskimálanefndar hefði ekki orðið hér að þeim einstaka verzlunarhætti að neita þessum kaupanda um meira af farminum, en bjóða hann jafnframt öðrum við hlið hans fyrir lægra verð. Sést á þessu, að aðaláherzlan var lögð á það að eyðileggja mannorð og sölumöguleika S. Í. F. og umboðsmanna þess.

Þó sýndi S. Í. F. fiskimálanefnd þann drengskap, að þegar allt var komið í hundana hjá sendimanni hennar, símaði það umboðsmanni sínum í New York og fékk hann til að koma aftur á sölu þessara 50 tonna, sem þá seldust með lægra verði, af því að umboðsmaður fiskimálanefndar hafði boðið það niður.

Þessi 50 tonn eru það eina, sem enn er selt af Steady-farminum. Hitt liggur óselt í leigugeymslu í New York. Sigurður Jónasson seldi ekki eitt kíló af þessum farmi. Þau 22 tonn, sem hann seldi og stjórnarblöðin telja í pundum eða jafnvel kvintum, til að gera tölurnar stórar, eru alls ekki úr Steady-farminum, heldur smásending, sem fór með öðru skipi.

Ég vil nú út af ósannindavaðli hæstv. ráðh. um framkomu S. Í. F. gagnvart fiskimálanefnd gera litinn samanburð á framkomu beggja.

Fiskimálanefnd neitaði um styrk til sendiferðanna vestur og barðist hart gegn því, að sendir voru menn með þekkingu. Hún gerði upptæk sýnishorn, sem S. Í. F. ætlaði að senda. Hún neitaði S. Í. F. um útflutningsleyfi. Hún lét sendimann sinn hundsa umboðsmenn S. Í. F. og gera orð þeirra ómerk.

S. Í. F. hinsvegar bauð fiskimálanefnd að láta sendimann sinn, er vestur fór, reka erindi hennar eins og hún óskaði, og gerði það. S. Í. F. greiddi götu sendimanns fiskimálanefndar, Sigurðar Jónassonar, á allan hátt og gaf honum meðmælabréf o. s. frv. Og er hann hafði eyðilagt fyrirframsöluna, kom S. Í. F. henni í lag aftur.

Því verður ekki neitað, að flugumannssending fiskimálanefndar til Ameriku er hin herfilegasta. Að vestan hafa drifið bréf og skeyti, þar sem kvartað er yfir framkomu þessa manns. Segja umboðsmenn S. Í. F., að slíkur verzlunarmáti sé ekki aðeins óþekktur meðal siðmannaðra þjóða, heldur sé hann alls ekki þolaður í Bandaríkjunum. Telja þeir veruleg viðskipti útilokuð að sinni, og að viðskiptasómi og traust okkar Íslendinga hafi beðið mikinn hnekki.

Það er því ekki aðeins svo, að Norður-Ameríkumarkaðurinn sé enn óunninn vegna slettirekuháttar fiskimálanefndar í skjóli ríkisstjórnarinnar, heldur eigum við einnig óunnið það erfiða verk að fá þar uppreisn viðskiptaæru Íslands. Þannig gengur hvert happ úr greipum hverrar þjóðar, sem hefir illa stjórn og óhæfa.

Ég heyrði það á ræðu hæstv. atvmrh., að hann er samsekur fiskimálanefnd í þessu máli, en það hafði ég vonað, að hann væri ekki. Hann var boðinn á fjölmennan fund fiskeigenda, sem haldinn var hér fyrir fáum dögum. Þar óð hann uppi með rosta og hálfgerðar hótanir og krafðist þess, að málinu, sem fundurinn var boðaður til að ræða, væri vísað frá. En hann bar ekki höfuðið hátt af þeim fundi. Hefi ég varla vitað framkomu nokkurs manns mæta dýpri fyrirlitningu heldur en framkoma ráðherrans mætti á þessum fundi fiskeigenda. Nú kemur hann fram hér í þessari háttv. samkomu með óhróður um einstaka menn og ósannindi um málefni. Þessi vanstilling sannar, að sök bítur sekan.

Meðal annara málefnafalsana, sem hann hefir farið með, eru þau, að S. Í. F. hafi ekki leyfi til að flytja út annan fisk en saltfisk. Allir fiskeigendur mega flytja út, hvaða fisk sem er, ef þeir fá útflutningsleyfi. Og því skyldu ekki meðlimir S. Í. F., sem eru um 90% allra fiskeigenda, fá útflutningsleyfi, eins og smáfisksalar í Reykjavík og aðrir, er slík leyfi hafa fengið og styrk til að standast halla af sölu slíkrar sendingar?

Jafn-ósatt er það, að þetta sé sérréttur fiskimálanefndar. Allir hv. þm. vita það, að fiskimálanefnd á alls ekki samkv. l., sem um hana gilda, að vera verzlunarfyrirtæki. Er það einmitt mjög greinilega tekið fram í l. um fiskimálanefnd, að hún skuli gangast fyrir því, að aðrir geri sölutilraunir með nýjar verkunartegundir og á nýjum mörkuðum. Sjálfri er henni því aðeins heimilað að hafa á hendi slíkar sölur, að ráðh. beinlínis feli henni það hvert sinn.

Þetta mál er svo umfangsmikið, að það rúmast alls ekki í þeim fáu mínútum, sem ég hafði til umráða; en ég skal vissulega gera því fyllri skil síðar, svo að alþjóð megi dæma um það út í æsar. En samkv. þeim gögnum, sem fram eru komin, ætla ég að ljóst sé, að hér hafa miklar hagsmunavonir farið forgörðum. Ákæri ég hér með fiskimálanefnd fyrir þessari háu samkomu og fyrir alþjóð. Og ég ákæri hæstv. ráðh. fyrir samsekt í því, að hafa haft af landi sínu og þjóð alveg vísvitandi stærstu hagsmuni, sem henni hafa staðið til boða á þessum óheillaárum, sem hann hefir setið í ráðherradómi. Tel ég, að hann sé þar um svo alvarlegt brot sekur, að það eitt ætti að nægja til þess, að hann viki frá ráðherradómi og léti aldrei framar nafns síns getið í íslenzkum stjórnmálum.

*Þorsteinn Briem: Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. hafði nú engin rök í sínu svari til min annað en lítilfjörlega kviksögu í sambandi við áfengistoll, sem gengi til sveitarfélaga. Þó að orð mín væru úr sambandi tekin og þess vegna gætu misskilizt, þá get ég tekið það fram, að af því að ég er á móti víni og vínnautn, vil ég tolla áfengi það hátt, að sem minnst verði drukkið af því. Og af því að ég tel, að sveitarsjóðir verði mjög víða fyrir þyngslum af afleiðingum áfengisnautnar, þá tel ég sanngjarnt, að sveitar- og bæjarsjóðir fái sem mest af þeim tolli. Það er sjálfsagt endurgjald fyrir þau þyngsli, sem á þá eru lögð að opinberri tilhlutun með vínsölu. Og ég tel það alveg sjálfsagt mál, að þegar ríkið selur þjóðinni vín svo ótakmarkað, að það nemur hálfri fjórðu millj. kr. eða meiru en andvirði allra jarða í fimm sýslum landsins, þá fái sveitar- og bæjarfélögin einhverja uppbót fyrir það böl, sem þannig er leitt yfir þau, t. d. með hluta af áfengistollinum.

Hæstv. fjmrh. ætti að geta skilið það, eins og aðrir, að þeir, sem víninu unna, þeir óska ekki eftir hátolli, en þeir, sem vilja draga úr vínnautn — eða þá tóbaksnautn — vilja aftur á móti hátolla þessar vörur. Og ég þykist hafa sýnt það í meira en 30 ár, að ég er andstæður vínnautn.

Hinu reyndi hæstv. fjmrh. alls ekki að svara, hvers vegna er neitað um innflutning á netum, á ýmsum byggingarefnum og ýmsum efnivörum til smáiðnaðar á sama tíma og flutt er inn ótakmarkað vín. Það er rétt, sem ég sagði hér á þingi fyrir skömmu, að áfengisverzlunin hafi jafnvel skammt frá sjálfum stjórnarráðsdyrunum tæpt á fremstu nöf laganna með áfengissölu um síðustu áramót. Og sem sönnun fyrir því get ég bent á það, sem ég hefi áður nefnt, að áfengisvarnarnefnd hefir kært áfengisverzlun fyrir þetta framferði sitt.

Þá kem ég að hæstv. forsrh. Þegar forsrh. var kominn fram í ræðu sína í gærkvöldi, kom mér í hug orð manns nokkurs, sem var að drekka kaffi hjá kunningja sínum. Hann sagði í glettni: Alltaf ertu fornbýll, húsóndi, þú átt gamlar lummur! Hæstv. ráðh. gat ekki með einu orði hrakið þær tölur, studdar staðreyndum, sem ég bar fram, og hann var að því leyti svo vitur,

að hann reyndi það ekki hið allra minnsta. Þessi húsbóndi þjóðarinnar var svo lélegur veitandi, að hann átti ekki einn einasta nýbakaðan kökubita á kaffiborðið í eldhúsinu. Hann átti ekki annað fram að bera en sömu lummurnar, sem hann hefir verið að reyna að bera fram á eldhúsborðið á undanförnum þingum. En þær segja það a. m. k., konurnar, að þegar lummurnar eru orðnar þetta eins til tveggja ára gamlar, þá geti þær varla talizt mönnum bjóðandi. En fyrst þessi þjóðarinnar húsbóndi hafði ekki upp á annað að bjóða, þá verður allt til vorkunnar að virða og ekki þarf ég að kvarta.

Ég ætla nú fyrir kurteisissakir við hæstv. forsrh., án þess að þurfa vegna þeirra áheyrenda, sem nokkuð hafa fylgzt með, rétt að líta á þessar gömlu lummur.

Ein hin helzta var sú, að ég hefði haft heimild í l. nr. 90 frá 1933 til að skipuleggja kjötsöluna innanlands um haustið. Hann hefir borið þessa sömu lummu á borð á fyrsta þinginu, sem hann sat. Ég sýndi þá fram á, hver fjarstæða þetta var frá lögfræðilegu sjónarmiði, sýndi það svo ljóslega, að þjóðarhúsbóndinn gaf upp alla vörn. Í röksemdaþrotum sínum á síðasta þingi bar hann þó aftur á eldhúsborðið þetta sama ómeti; þá vitnaði ég til fyrri raka minna, og hann gafst enn upp. Og nú kemur hann í þriðja sinn með lummuna hina sömu. Fyrr má nú vera Fróðárselshausnáttúra! Ég gef mér ekki tíma til að fara að rekja þetta mál enn á ný; menn geta lesið ræður mínar í Alþt. frá 1934. Ég bar þetta undir glögga lögfræðinga, sem staðfesta þessa skoðun mína. En vegna þeirra, sem ókunnugir eru, vil ég rifja upp eitt atriði.

Þegar stj. tók við völdum, stóð þannig á, eins og aldrei áður, fyrir íslenzkum landbúnaði, að búið var að loka báðum mörkuðunum fyrir íslenzkt kjöt. Stj. tókst fyrir frábæra lægni utanríkismálaráðherrans að opna saltkjötsmarkaðinn, þannig að við fengum stórmiklar ívilnanir í tolli frá því áður. En á þingi 1933 var ekki enn fullgengið frá samningum við England. Og af því að þeir samningar voru í óvissu, gekk þingið inn á að setja þessi ákvæði í l. nr. 90 frá 1933, sem ég nefndi, þ. e. að ef kjötbirgðir innanlands yrðu ofætlaðar, þá mætti setja reglugerð um skipulagningu sölunnar. Þessi heimild var beint bundin því skilyrði, að til hennar yrði því aðeins gripið, að enski markaðurinn yrði svo takmarkaður, að við gætum ekki selt okkar freðkjöt þangað, m. ö. o. að hér yrði allt of mikið kjöt innanlands. Úr þessu rættist og tókst að fá þann freðkjötsmarkað í Englandi, sem þurfti þá á að halda. En vegna þess var grundvöllurinn undir þessari áðurnefndu lagasetningu horfinn burt. Ég spurði hinn glöggasta lögfræðing, hvort standast mundu fyrir dómi framkvæmdir samkv. reglugerð, sem sett væri undir þessum breyttu aðstæðum, og kvað hann nei við. Og til hvers var að setja reglugerð, sem ekki hefði getað staðizt fyrir dómstólum? Þetta sýndi ég ljóslega fram á á þingi 1934, og geta menn lesið það í þingtíðindum. Og ætla ég, að þeim, sem það lesa, lítist ekki á selshausinn, sem enn kemur upp.

Þá kom hæstv. forsrh. með mjólkurlögin frá 1933. Formaður Tímaflokksins hafði æ ofan í æ álasað mér fyrir að framkvæma ekki þau l., og hæstv. forsrh. hefir annað veifið gert það líka, þó að hann hefði þar sjálfur erfiða aðstöðu, þar sem hann kom til mín sem lögreglustjóri og vildi fá framkvæmd l. frestað um tiltekinn tíma. Nú segir hann og, að l., ef framkvæmd hefðu verið, hefðu orðið til hins mesta tjóns fyrir Árnessýslu. Er ég þá ámælisverður, eins og formaður Framsóknarflokksins heldur fram, fyrir að framkvæma ekki l., sem forsrh. þess sama flokks telur, að verið hefðu til tjóns fyrir Árnessýslu? Svona er samræmið. Annars var atkvæðamagn til í Ed. til þess 1933 að fá lögin fyllri, en að ráðum tveggja aðalmanna mjólkursamlaganna bæði austan heiðar og vestan heiðar var þetta látið vera svona, af því að þá var komið að þinglokum og nokkrir sjálfstæðismenn, sem áttu sæti í Nd., gátu neitað um afbrigði til þess að málið gengi fram. Við eina umr. í Nd. talaði Bjarni Ásgeirsson fyrir lögunum, en forsrh. hafði sjálfur skrifað konungi, að l. væru ónothæf. Svona stangaðist hvað við annað hjá þeim Tímamönnum.

Lumman um jarðræktarlögin er líka gömul og fyrst steikt af fljótfærnasta manni, sem við landbúnaðarmál fæst. En hér hefir hæstv. forsrh. reynzt heldur um of trúgjarn. Hvernig heldur hann t. d., að hægt sé með reglugerð að breyta ákvæðum um hlöður, vermireiti, gróðurhús, jarðyrkjuvélar, kornskurðar- og þreskivélar? Hvernig ætlar hann að ákveða með reglugerð, að hlöður úr öðru efni en steini fái styrk, eins og gert er ráð fyrir í frv. Bændafl., þar sem l., sem nú gilda, taka beint fram, að styrkurinn sé því skilyrði bundinn, að hlöðurnar séu gerðar úr steini eða steinsteypu? Hvernig ætlar hann með reglugerð um breytingu dagsverka að veita styrk til vermireita og gróðurhúsa, þar sem vermireitir og gróðurhús eru alls ekki nefnd í núgildandi jarðræktarlögum? En þau mannvirki eiga að fá styrk samkv. frv. Bændafl. Hvernig ætlar hann með öðrum dagsverkareikningi að hækka um helming styrk til jarðvinnsluvéla, þar sem l. miða eingöngu við kostnaðarverð? Eða að gera kornskurðar og þreskivélar styrkhæfar, þar sem þær eru hvergi nefndar í núgildandi jarðræktarlögum?

Hvernig ætlar hann yfir höfuð að leggja vélar í dagsverk? Nei, hæstv. forsrh. má vara sig á vinum sínum, þegar þeir ætla að umbæta hans röksemdafátækt!

Hæstv. forsrh. benti réttilega á það, að hans flokkur hefði komið nokkuð á móti búnaðartélaginu með frv. um grænmetisverzlun, og hefi ég á sínum tíma þakkað fyrir það, þó að verðlaun fyrir uppskerumagn séu að vísu vafasamari grundvöllur fyrir styrk en dagsverk í unnu kartöflulandi og girðingum, því að uppskerumagnið fer eftir veðráttunni, og hún getur verið mismunandi í landshlutum. Hvers á t. d. bóndi í Strandasýslu að gjalda, þó að hann fái ekki nema fjórfalda uppskeru, þegar menn hér fá áttfalda eða tólffalda uppskeru? Hvers vegna á hann að fá allt að þrefalt minni styrk fyrir að vinna jafnstórt land og kosta þeim mun

meira til í áburði og ummönnun sem veðráttan er óhagstæðari? Hvers á hann að gjalda? Á hann að segja: Mér var þetta mátulegt, úr því að ég kaus ekki hyggnari búnaðarfrömuð en Hermann Jónasson?

En svo er ekki allt búið enn með búnaðarhyggindi hæstv. forsrh. Því að um leið og hann ætlar að veita verðlaun fyrir uppskerumagnið og hvetja menn til garðræktar, þá dregur hann að sér hendina um áburðarstyrkinn og lækkar hann um 15 þús. kr. Og nú kvað eiga að lækka þetta enn meir! Veit hann ekki, að höfuðskilyrði garðræktar með árangri er áburðurinn? Menn ættu að lesa grein frá góðum búnaðarfrömuði í Frey um það mál. En svona er fátið og flumbruhátturinn. Vitandi eða óafvitandi er tekið aftur með annari hendinni, sem rétt er með hinni.

Hæstv. ráðh. gat ekki hrakið það, sem ég sagði um niðurstöðuna af framkvæmd mjólkurlaganna, sem fært hafa framleiðendum í heild tap, í stað þess 22 au. gróða, sem *Tímamenn* lofuðu fyrir kosningarnar. Hann var og að segja, að blaðið Framsókn hefði alls ekki getið um niðurstöðuna frá búi Flóamanna eða aðalfundar þess. Blaðið gat þess strax eftir fundinn, að hann hefði verið haldinn og að mjólkurverðið hefði hækkað frá því á síðasta ári, og gat þess, að það mundi verða nánar sagt frá þessu seinna, þ. e. blaðið vildi bíða eftir að sjá reikningana, er segðu gerr og glöggar frá.

Hæstv. forsrh. sagði, að vinnslubúin öll fengju 19,5 au. nú fyrir mjólkina. En það er aðeins Flóabúið eitt, sem það fær. Hin fá miklu minna. Hann þakkaði mjólkursölul. fituaukninguna í Flóabúinu og öðrum búum. Með þessum blekkingum fékk hann út 2 au. hagnað.

Í *mjólkurmálinu* kom hæstv. ráðh. ekki með eina einustu röksemd móti ræðu minni. Það voru allt saman gömlu *lummurnar*. Jafnvel það eina, sem í fljótu bragði mátti virðast nýtt, það var líka gamalt. Það var þegar hann taldi *sér* það líka til málsbóta, sem mjólkin var hærri fyrir það, hvað hún var feitari s. l. ár en árið áður. Fitumagnsaukningin stafaði af betri heynýtingu, betri veðráttu en sumarið áður. Og það er heldur ekki nýtt að þakka góða veðráttu *góðum* mönnum. Erlendum gesti var eitt sinn þakkað góða veðrið, meðan hann stóð hér við. En ég veit ekki, hvort ég á að þakka hæstv. forsrh. góða veðrið fyrir austan.

En hann gleymdi að tala um þann mismun, sem mörgum finnst gerður milli búanna um úthlutun verðjöfnunargjaldsins. Hann gleymdi að geta um það, að Mjólkurfélag Borgfirðinga, sem hefir eina milljón lítra, fær ekki nema rúmlega $^1/_5$ verðjöfnunargjalds móti öðru búi, sem hefir 3 milljónir. Hann gleymdi, að sama bú, sem hefir $^1/_3$ af framleiðslu móti öðru búi, fær aðeins rúmlega $^1/_6$ af rjómasölu þess og aðeins $^1/_5$ af skyrsölu, í stað þess að það ætti að fá $^1/_3$ af hvorutveggja. Hann gleymdi, að þetta bú, sem hefir eina milljón lítra innvigtaða mjólk, fær aðeins 13 þús. í verðjöfnunargjald, þar sem annað bú, sem hefir 3 milljónir, fær 150 þús. Hjá öðru búinu er því verðjöfnunargjaldið 1,3 au, á lítra, en hinu 5 au. á lítra af innvigtaðri mjólk. Þó að annað búið hafi niðursuðu, skiptir það engu máli í þessu sambandi, því að l. gera ráð fyrir uppbót á alla vinnslumjólk. Hjá þessu búi taldi forsrh. gróðann vera 0,8 au. á lítra. En reikningarnir sýna, að vinnslukostnaður hefir lækkað um 0,6 au. á lítra, og ekki er að þakka stj., svo að eftir eru aðeins 0,2 au. á lítra. En jafnvel sú hækkun er ekki l. að þakka, því að búið hefir borgað eignir sínar minna niður en áður.

Borgfirðingar hafa gert samþykkt um þetta, þar sem þeir lýsa óánægju sinni og heimta lagfæringu á framkvæmd laganna, og nægir þar að vísa til samþ., sem gerð var á fundi Kaupfélags Borgfirðinga í e. hlj., þar sem skorað var á landbúnaðarráðh. að sjá svo til að þessu yrði kippt í lag.

Hæstv. forsrh. var að minna á bakaratilboðið. Það tilboð, sem því fylgdu, fólu í sér $3^1/_3$ eyris gjald fyrir það, sem samsalan hefir tekið 6 au. fyrir. En meðan samsalan skilar engu af þeim 6 aur. aftur, þá ætti hæstv. ráðh. sem minnst að tala um það tilboð. En þar sem hæstv. forsrh. var að tala um gróða Gullbringusýslubúa af gerilsneyðingargjaldi, þar fór hann, sem vita mátti, með rangt mál. Hann vildi gera gróðann 2 au., og eftir því hefði gerilsneyðingin ekki átt að kosta nema 1 eyri á lítra. En þar, sem hún er ódýrust á Norðurlöndum, kostar hún um 3 au. í íslenzkum peningum. Þetta er *einmitt* verðið í Oslo. Hér hefir hæstv. ráðh. gert brot úr eyri að 2 au., og má þá segja, að flest fari að einu hjá forsrh.

Út af þeirri gömlu tuggu, að ég hafi árið 1933 talið 72 au. nógu hátt verð fyrir kjötið, skal ég enn vísa til þingtíðindanna, sem sýna ljóst, að ég taldi þetta verð ekki nóg. En það var um það að ræða, hvort ætti að bæta upp það verð, sem hafði hækkað um 50% frá því árið áður. Allir vonuðu, að kreppunni væri að létta, og við töldum meiri þörf að bæta upp saltkjötið, sem var aðeins 54 au. Það er fremur kleift fyrir íslenzka bændur að þola tap á búrekstri í eitt eða tvö ár heldur en að staðaldri. En það datt okkur ekki í hug, að kreppan mundi verða jafnlengi og hún hefir verið. Þess vegna var jafnframt á þessu sama þingi samþ. þál. um það að tryggja bændum framleiðsluverð framvegis, og get ég þar vísað til þáltill., sem Jón í Stóradal bar fram og var samþ. þrátt fyrir mótmæli formanns Framsfl.

Ég varð næstum undrandi á því, að hæstv. forsrh. skyldi fara að minnast mikið á kjötlögin, og þó enn meir forviða á því, að hann skyldi vitna í reikninga hv. 2. þm. N.-M., Páls Zophóníassonar, máli sínu til stuðnings. Því að hann er kunnur að því að reisa allfávíslegar niðurstöður á allskonar reikningum. Má í því sambandi minna á þá eftirminnilegu útreið, sem hann fékk hjá kennara á Hvanneyri, Þóri Guðmundssyni. Nú hyggst þessi hv. þm. (PZ) að hafa fundið öruggan mælikvarða um það, hvað kjötlögin hafi hækkað kjötverðið frá því, sem annars hefði orðið. Þennan örugga mælikvarða þykist hann finna með því að bera saman verðið 1933 og 1934 hjá kaupfélögunum. Og hann heldur fram, að öll hækkun á útborgun félag-

anna sé kjötlögunum að þakka. Nú veit ég ýms dæmi, sem sanna það gagnstæða. Og ég tek eitt. Sláturfélagið á Blönduósi borgaði 10 au. hærra fyrir kjötkílóið 1934 en það gerði 1933, en kaupfélagið á Sauðárkrók aðeins 3 au. hærra. Bæði félögin búa við sömu skilyrði. Græddi nú sláturfélagið á Blönduósi þetta meira á kjötlögunum heldur en kaupfélagið á Sauðárkróki? Kaupfélagið á Dýrafirði hækkaði verðið um 17 au. en kaupfélagið í Önundarfirði hækkaði það aðeins um 5 au., kaupfélagið í Búðardal um 14 au., en á Borðeyri um 12 au. Þetta sýnir, að grundvöllurinn hjá hv. 2. þm. N.-M. er bara sandur. Enda er þetta ekkert undrunarefni. Það eru svo margir aðrir hlutir en kjötlögin, sem koma til greina við verðákvörðun hjá kaupfélögunum. Rekstrarkostnaður heima fyrir, verð á útskipun, getur t. d. haft allmikil áhrif, mismunur á rafmagnsverði í frystihúsum o. m. fl. Sum félög tóku við verðlagið 1934 mikið tillit til þess, að það létti stórkostlega undir rekstur frystihúsa að fá þann ríkisstyrk, sem fyrrv. stj. útvegaði og veitti til þeirra. Jafnvel eru þess dæmi, að kaupfélög hafa skipt upp nokkru af þeim frystihúsastyrk, sem upphót á kjötið 1934. Er þetta kjötsölul. að þakka? Vegna örðugleika félagsmanna teygðu sum kaupfélög sig sem allra lengst með verð. Útborgað verð hjá félögum, sem flytja kjöt út, sannar þess vegna lítið um hagnað af kjötsölulögunum, því að þar kemur svo margt til greina annað.

Sá eini hagur, sem þeir bændur, er seldu kjöt á erlendan markað, hafa af kjötsölulögunum, er styrkurinn frá kjötverðjöfnunarsjóði. Og kjötverðjöfnunargjaldið var 138 þús. kr., eða um 5 au. að meðaltali á hvert útflutt kjötkíló. Þetta er hagnaðurinn, og eini hagnaðurinn. Hitt er algerlega villandi, allar þær tölur, sem þessi hv. þm., sem ég áðan nefndi, hefir verið að reyna að hrúga upp.

Um hagnað þeirra bænda, sem seldu innanlands, má náttúrlega deila. Það er talið, að Sláturfélag Suðurlands hafi borgað 18 au. hærra 1934 en 1933, og að Eyfirðingar og Ísfirðingar hafi borgað 10 au. hærra. Hversu mikið af þessu er að þakka kjötlögunum er ekki fullvíst. Verðið á innlendum markaði hefir undanfarið verið miðað að miklu leyti við erlent verð á kjöti árið áður. Þess vegna var verð á innlendum markaði svo lágt 1933, af því að mikil hliðsjón var höfð af verðinu 1932. Þó að engin kjötlög hefðu verið innanlands 1934, hlaut verðið að hækka það ár frá árinu 1933 eitthvað í hlutfalli við verðhækkun á erlendum markaði frá 1932—1933. Það bar þess vegna á engan hátt að þakka kjötlögunum alla verðhækkun á innlendum markaði 1934; en auðvitað vildi ég óska, að sú hækkun hefði orðið sem mest. Því að það er ekki kjötlögunum sjálfum að kenna, að hagnaður varð ekki meiri, heldur aðeins því að framkvæmdin var ekki svo góð sem skyldi. Eitt er víst að árangur kjötlaganna hefir ekki fært mönnum framleiðsluverð. Og yfirráð bænda yfir verði á innlendum markaði eru alveg tekin af bændum. Búnaðarfélagið skipaði n. í fyrra til þess að rannsaka framleiðsluverð. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að kostnaðarverð á kjöti væri yfir krónu, og hafa nm. sýnt ljóslega fram á, hversu kostnaðarverð hefir hækkað síðustu tvö árin. Menn skyldi því halda, að stj. hlutaðist til um, að bændur fengju sem hæst verð upp í kostnaðarverð, með því að setja kjötverðið svo hátt á innlendum markaði, að það svaraði sem bezt til þess, eða þá að væri framlag úr ríkissj. til uppbótar; í þriðja lagi að varið væri einhverju af atvinnubótafé til þess að kaupa kjöt handa atvinnuleysingjum. Ekkert af þessu hefir verið gert, heldur þvert á móti haldið þannig á málinu, að mestar horfur eru á því, að kjötverð til bænda fyrir s. l. ár verði jafnvel stórum lægra en bændur fá fyrir útflutt kjöt, og þó er það jafnvel langt fyrir neðan kostnaðarverð. Sýnir þetta enn sem fyrr, að mikið vantar á, að ríkisstj. hafi séð fyrir afkomu þessa atvinnuvegar.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði gleymt genginu meðan ég var í stj. Við, sem erum í Bændafl., vildum einmitt þá koma réttlátri gengisskráningu fram. Bar Tryggvi Þórhallsson það fram á flokksfundum Framsfl. af okkar hálfu, en fékk ekki fylgi meiri hl., heldur harða andstöðu. Það má vel vera, að það hafi verið rétt að ganga harðar að. En við vildum í lengstu lög halda félag, af því að samvinnan að öðru leyti var þá allgóð. Bændafl. flutti svo gengismálið undir eins og hann hafði aðstöðu til, og hefir haldið á því máli síðan.

Hæstv. forsrh. segir, að ég hafi gleymt. Ég skal nú minna hann á hluti, sem hann hefir sjálfur gleymt. Hann gleymdi að svara flestu, sem í minni ræðu stóð. Og hann gleymdi að gata margra sinna eigin verka, sem þó hefði verið ástæða fyrir hann að minnast á. Hann gleymdi að geta um, hvernig ríkisstj. fækkaði dagsverkunum í brúa- og vegavinnunni um 35 þúsund s. l. ár. Hann gleymdi að gera grein fyrir, að þó að nokkur hl. bænda hafi tapað 105 þús. á mjólkurl. þá hafa hinir ekki grætt nema 70 þús. kr. Hann gleymdi að gera grein fyrir 20 þús. kr. tapinu á brauðbúðum. Og hann gleymdi að tala um ýms sín eigin verk gagnvart landbúnaðinum. Hann gleymdi að geta þess, hvernig stj. kom yfir á landbúnaðinn sjálfan þátttöku í kostnaði af afurðasölunefnd. Hann gleymdi að geta þess, hvernig stj. tók frá ræktunarsjóði 45 þús. kr., sem hann áður hafði. Hann gleymdi að geta þess, hvernig hún lækkaði lögboðið framlag um 10 þús. kr. Hann gleymdi að geta um það, hvernig hann lækkaði framlag til sandgræðslunnar. Hann gleymdi því, að hann lækkaði framlag til sýsluvegasjóða um 50 þús. Hann gleymdi, hvernig hann lækkaði framlag til áburðarkaupa og til Búnaðarfélags Íslands, til búnaðarsambandanna og Ræktunarfélags Norðurlands. Hann gat ekki minnzt á þessi sín eigin verk. Og það eru fleiri verk en þessi, sem þessi hæstv. forsrh. *getur ekki minnzt á.*

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Um gengisskráningu krónunnar hefir verið tiltölulega lítið rætt síðustu árin, og það, sem fram hefir komið, hefir verið lítt til þess fallið, að menn áttuðu sig á þessu vandasama máli. — Við því er heldur ekki að búast, þegar þess er gætt, að það

er aðallega blað svokallaðs Bændafl., sem um málið hefir fjallað. — Hefir blaðið í þeim umr. dyggilega fylgt þeirri meginreglu sinni að meta blekkingar meira en rétta málsmeðferð. Þar sem þetta mál hefir nú blandazt í þessar umr. að eðlilegum hætti, þykir mér rétt að sinna því, ef ske kynni, að menn fengju frekari skilning á málinu en vænta má, að menn fái af þeim villandi ummælum sumra þeirra hv. þm., sem um það hafa talað.

Gengisbreytingar orsaka fyrst og fremst verðbreytingar á öllum innfluttum og útfluttum vörum. — Gengislækkun orsakar t. d. hækkun á þessum vörum. Í kjölfar þessarar vöruverðhækkunar fer oft samsvarandi eða einhver hækkun á vörum framleiddum til sölu innanlands. Þó er slíkt enganveginn víst. Fer eftir því m. a., hve framboðið er mikið af vörunni og hvort kaupgetan innanlands þolir samsvarandi hækkun, án þess að úr sölu dragi til tjóns. Verðhækkunin, sem stafar af gengislækkun, a. m. k. á öllum innfluttum vörum, verkar hinsvegar sem kauphækkun og dregur úr kaupgetunni, ef framleiðslan ekki örvast svo, að atvinnuaukning vegi upp kauphækkunina eða kaupið sé beinlínis hækkað svo sem verðhækkuninni nemur.

Af þessum staðreyndum er það ljóst, að það eru blekkingar að halda því fram, eins og ótæpt er í skyn gefið af pólitiskum „spákaupmönnum", að við gengislækkun batni hagur framleiðenda, sem flytja út vörur *sem svarar verðhækkuninni*. Allar innfluttar notaþarfir framleiðendanna hækka jafnmikið í verði og útflutningsvörurnar. Í vöruviðskiptum framleiðandans kemur því til hagnaðar aðeins hækkunin á þeim hluta af andvirði framleiðsluvaranna, sem afgangs er, þegar öll vöruúttekt hefir verið greidd upp. Frá þeim hagnaði dragast svo óhjákvæmilegar skattahækkanir og einhver hækkun á vöxtum og kauphækkun, ef framleiðandinn kaupir vinnu og til kauphækkunar kemur að framkominni gengislækkun. Af þessu sést ennfremur, hversu hlálegt er að halda því fram, að með gengisbreyt. einni saman sé hægt að tryggja það, að öll framleiðsla beri sig. Sést það bezt á því, að gengislækkun bætir t. d. ekkert afkomu þess framleiðanda, sem ekki hefir vöruinnlegg fyrir meira en vöruúttekt, og ef vöruúttektin er meiri, þá versnar hagurinn.

Þótt því fari þannig mjög fjarri, eins og nú hefir verið sýnt fram á, að gengisbreyting sé þess megnug að tryggja afkomu framleiðendanna, þá getur hún haft í bili áhrif á afkomu þeirra til bóta, a. m. k. þeirra, sem selja vörur sínar á erlendum markaði, **ef** verðmæti framleiðslu þeirra *nemur meiru en aðkeyptra vara*, og **ef** kaupgjald hækkaði, þá kemur hagnaður þó því aðeins fram, að tekjur þeirra fari fram úr kaupgjaldi og vöruúttekt. — Þó að gengisbreyting sé þannig ein af þeim leiðum, sem kemur til álita, þegar verðlagsbreytingar eru nauðsynlegar til hagsbóta fyrir framleiðendur, einkum þá, er framleiða fyrir erlendan markað, er hún enganveginn sú eina. Kemur þar ýmislegt til, eins og ég vík síðar að, en m. a., að það er út af fyrir sig slæmt að þurfa að orsaka þá truflun, sem gengisbreytingar hafa í för með sér í öllu fjármálalífi.

Þegar Framsfl. gekk til kosninga vorið 1934, var hans mesta áhugamál að koma á verðlagsbreytingum til hagsmuna fyrir bændur. Flokkurinn valdi ekki þá leið að fella krónuna — heldur hina, að hækka með lögum verðlag landbúnaðarafurðanna innan lands og láta þá, sem út fluttu, njóta góðs af þeirri hækkun. Þessi leið var valin að mjög vel athuguðu máli. Hún var valin vegna þess, að um helmingur af kjötframleiðslu *bændanna* og svo að segja allar mjólkurafurðir þeirra eru seldar innanlands. Verðið á framleiðsluvörum bænda á innlendum markaði hefir því meiri áhrif á afkomu bændastéttarinnar sem heildar en verðið erl., og flokkurinn vildi koma fram verðhækkuninni án þess að draga úr kaupgetunni innanlands. Verðið á innlenda markaðinum átti síðan að bera uppi uppbætur á útfluttu afurðirnar. Hér kom og til greina, að þessari verðhækkun varð ekki á komið nema í samvinnu við verkamenn. Um árangur gengislækkunar var hinsvegar tvísýnt, þar sem bændastéttin í heild kaupir án efa meira af erlendum vörum til sinna þarfa en hún selur til útlanda nú orðið.

Barátta Framsfl. var *miðuð* við að *bæta* kjötverðið frá því, sem það var haustið 1933, og mjólkurverðið frá því, sem það var 1934. Væntanlega lætur mjög nærri, að kjötverðið 1935 verði að meðaltali yfir allt landið um 20% hærra en það var 1933, og í þeim þrem mjólkurbúum (vinnslubúum) á verðlagssvæði Reykjavíkur, sem mjólkurlöggjöfinni var fyrst og fremst ætlað að styrkja, hefir mjólkurverðið hækkað um ca. 11—12%, og tekjur bændanna þar þó meira en því nemur, vegna aukningar á framleiðslunni. Aðalatriði þessa máls er þó það, að þessi afurðahækkun er bein hækkun á hreinum tekjum bændanna — þar sem henni hefir verið komið á án þess að vörur almennt *hafi hækkað í verði um leið*. — Á því er þess vegna enginn vafi, að gengislækkun hefði aldrei orðið að öðru eins liði og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í þessum málum.

Ný atriði eru alltaf að koma fram í þessum málum. Afkoma sjávarútvegsins fer nú versnandi — þrátt fyrir ötult starf í þá átt að afla nýrra markaða og koma á fót nýrri framleiðslu sjávarvara. — Að því getur rekið, að stöðvun verði í framleiðslunni vegna erfiðleikanna, jafnvel svo, að markaðsmöguleikarnir ekki notist, þótt takmarkaðir séu. — Af slíku mundi leiða minnkandi kaupgetu og erfiðleika fyrir landbúnaðinn, og jafnvel verðfall á afurðum hans: a. m. k. mundu útilokast möguleikar *fyrir aukningu á tekjum bænda af sölu sinni* innanlands. Færi svo, yrðu sérstakar ráðstafanir nauðsynlegar til þess að bæta rekstrarafstöðu framleiðendanna. Kæmu þá ýmsar leiðir til greina, og er of snemmt upp um það að kveða, hvað ofan á yrði.

Allt þetta gengishjal bændaflokksmanna er því fundið upp til blekkinga og árása á stj., eins og sést bezt á því, að 1933, þegar þeir höfðu ásamt bandamönnum sínum, íhaldsmönnum, aðstöðu til að koma þessu máli fram, datt

þeim ekki í hug að hreyfa því að lækka krónuna. Auk þess má benda á það, að Bændafl. hefir átt fulltrúa í báðum bankaráðunum, en þeir hafa aldrei borið fram neinar slíkar till., þótt allir viti, að bankaráðin geti ráðið þessu máli til lykta.

Um afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli er það að segja, að það er næsta hlálegt að heyra hv. þm. G.-K. og hv. þm. A.-Húnv. vera nú að tala um gengislækkun, þegar vitað er, að hv. þm. G.-K. a. m. k. hefir verið harðneitað um greinar um þau efni í Mbl. Hv. þm. G.-K. hefir í mörg ár verið að gaspra um gengislækkun, en flokksblöð hans jafnan synjáð honum um rúm fyrir þessar kenningar hans. Svo langt er frá því, að þessir herrar geti haldið því fram, að Sjálfstfl. sé fylgjandi gengislækkun.

Ég vil drepa lítið eitt á eitt atriði í ræðu hv. þm. A.-Húnv., þar sem hann talaði um launamálið. Hann sagði, að ríkisstj. vildi ekkert gera í launamálinu af því, að launalækkun myndi aðallega lenda á hennar eigin mönnum. Þetta eru vísvitandi ósannindi hjá hv. þm. Núv. stj. hefir lækkað dýrtíðaruppbótina gegn atkv. sjálfstæðismanna. Hún hefir ennfremur lækkað mjög há embættislaun á ýmsum stöðum beinlínis. Og loks hefir hún raunverulega lækkað öll hálaun með hátekjuskatti þeim, sem hún bar fram og fékk samþ. Hv. þm. A.-Húnv. væri nær að beina ásökunum sínum hér í Reykjavík, þar sem laun manna í opinberum stöðum bæjarins eru miklu hærri en hjá ríkinu, svo að við í ráðuneytinu höfum sífellt ónæði af starfsfólki ríkisins, sem kvartar yfir því, hve laun sín séu lág í samanburði við laun starfsmanna Reykjavíkurbæjar.

Hv. þm. A.-Húnv. hefir slæmt hlutverk í flokki sínum, þar sem hann er hvað eftir annað hafður til þess að bera fram till., sem Sjálfstfl. myndi aldrei koma til hugar að fylgja í fullri alvöru, heldur stráðrepa, ef til hans kasta kæmi. En það getur verið nógu gott að hafa slíkt í útvarp.

En nú vil ég taka eitt dæmi um það, hvernig íhaldið launar þeim mönnum, sem það hefir til slíkra verka. Ég tek það til dæmis, er hv. þm. A.-Húnv. var eitt sinn sendur á fund til að verja málstað íhaldsins í mjólkur- og kjötsölumálinu. Meðan hv. þm. A.-Húnv. var eftir beztu getu að baksa við að verja þennan ófagra málstað, sögðu broddar Sjálfstfl. á öðrum fundi, að með kjötlögunum væru bændur í Árnessýslu skattlagðir til hagsbóta fyrir bændur norðanlands. M. ö. o., að meðan hv. þm. A.-Húnv. var að baksa við vörn sína fyrir afstöðu Sjálfstfl. í málinu, voru flokksmenn hans að álasa okkur fyrir að hafa viljað sýna kjósendum hans réttlæti! Slík er meðferð á þessum fórnarlömbum Sjálfstfl.

Þá vík ég örfáum orðum að hv. þm. V.-Húnv. Hann bar það m. a. upp á stj., að hún hefði hindrað útflutning á íslenzkum vörum til Þýzkalands. Árið 1934, þegar hver mátti selja þangað, sem vildi, voru seldar þangað vörur fyrir 630 þús. kr. En árið eftir, þegar stj. hafði skipt útflutningnum meðal framleiðenda og skipulagt söluna, þrefaldaðist þessi upphæð. Stj. hefir því margfaldað möguleika fyrir bændur á sölu til Þýzkalands með þremur.

Þá kem ég að hv. 10. landsk. Ég skal segja það honum til hróss, að það var dálítið hik á honum, þegar hann fór að tala um áfengið. Hann viðurkenndi nú, að tekjur af þeirri vöru til handa ríkissjóði væru „vel fengnar“, þótt hann hefði áður sagt, að það væri að „taka lán hjá lífinu“ að afla slíkra tekna. Nú hefir hann tekið hræsni sína aftur að þessu leyti, en segir aðeins, að sveitafélögin eigi að njóta þessara tekna, sem hann telur nú „vel fengnar“.

Hv. þm. sagði, að ég hefði engu svarað um takmarkanirnar á innflutningi neta. Ég geymdi að svara þeim pósti, vegna þess, að ég vildi eiga tal við gjaldeyrisnefnd áður. Ég hefi nú talað við n., og enginn nm. veit til þess, að slíkar hömlur hafi átt sér stað. Ég vil því skora á hv. 10. landsk. að segja hreinskilnislega, hvað hann á við. Netafæðin í Vestmannaeyjum stafar í þetta sinn eingöngu af óvenjulegu tjóni af völdum togara og langri netavertíð.

Að takmarkanir séu á smíðaefni meiri en áður er fjarstæða. Því þvert á móti hafa verið veitt innflutningsleyfi fyrir meira af þeirri vöru en í fyrra. En munurinn er sá, að nú fá menn leyfin sjálfir millilíðalaust. Annars kemur það úr hörðustu átt, að þeir, sem þykjast vilja efla iðnað í landinu, skuli ráðast á innflutningshöftin. Viðvíkjandi takmörkun á innflutningi á vörum til iðnaðar get ég sagt það, að enginn hefir kvartað yfir slíku til fjármálaráðuneytisins, svo að hömlurnar hafa varla verið tilfinnanlegar, úr því að aðiljarnir hafa ekki kvartað.

Ég mun ekki eltast frekar við það að svara ræðum stjórnarandstæðinga. En ég vil að lokum aðeins drepa á eitt atriði. Því var haldið fram af Bændafl. fyrir síðustu kosningar, að framsóknarmenn væru um of háðir sósialistum og undirtyllum þeirra. Við sýndum fram á það þá, eins og jafnan síðan, að þetta hefir við engin rök að styðjast. En við héldum því fram með gildum rökum, sem síðan hafa fengið staðfestingu reynslunnar, að þeir menn, sem þá höfðu klofið sig út úr Framsfl. og buðu sig fram sem bændaflokksmenn, voru aðeins flugumenn sendir af íhaldinu til að vinna gegn bændum og þeirra sanna flokki, Framsfl.

Við sýndum líka fram á það, að sá eini þeirra, sem skreið á þing í kjördæmi, hv. þm. V.-Húnv., hefði komizt þangað með hjálp Sjálfstfl., sem hefði séð sér hag í því að fá flugumennina á þing.

Þá sóru bændaflokksmenn og sárt við lögðu, að þetta væri ósatt. En nú er sönnun fengin fyrir hinu gagnstæða. Nýlega hefir komið fram játning frá formanni Sjálfstfl. um þetta. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr ræðu hv. þm. G.-K. um þetta, þar sem hann gerir þessa eftirtektarverðu játningu fyrir hönd flokksins. Hann segir svo:

„Það er satt, að ég hefi í því engu að leyna, að meðan stóð á undirbúningi fyrir síðustu kosningar, var ég því heldur fylgjandi, að þessi hv. þm. kæmist á þing, og þó að Sjálfstfl. hefði frambjóðanda í þessu kjördæmi, þá var hvorki

af mér né sumum öðrum flokksmönnum gert það, sem hægt var, til stuðnings kosningu hans, og sagði ég honum það. ... En ég leyni því ekki, að ég hygg, að afstaða mín og sumra annara sjálfstæðismanna hafi ráðið miklu um það, að þessi hv. þm. komst að, og ég harma það ekki, að svo fór.“

Síðar segir hann: „Ég hefi mætur á þessum hv. þm. og tel mér enga skömm að því að hafa stutt að kosningu hans.“ Ég vil nú spyrja hv. hlustendur, hvort þeir álíti, að frekar þurfi vitnanna við í þessu máli, hvort þetta sé ekki full sönnun þess, að þeir, sem buðu sig fram sem bændaflokksmenn og báru á framsóknarmenn, að þeir væru fjandmenn bænda, voru einmitt útsendarar hinna sönnu fjandmanna bænda, íhaldsmanna.

Annað allmerkilegt atriði kom fram í ræðu hv. þm. G.-K., sem sýnir, að íhaldið ætlast til þess af hv. þm. V.-Húnv., að hann sé því undirgefinn í einu og öllu, að viðlögðum refsingum. Hann segir svo: „Þótt ég neiti því ekki, að ég beri e. t. v. nokkra ábyrgð á kosningu þessa hv. þm., þá finn ég það ekki sem mitt hlutskipti að vanda um við hann, þegar reiðin og fljótfærnin fá yfirhöndina, því að bæði er það, að hann jafnar sig fljótt aftur, *og eins mun hann fá nægar ákúrur í sínum flokki*.“

Hvað á hv. þm. G.-K. við, að hv. þm. V.-Húnv. muni fá ákúrur fyrir? Jú það, að hv. þm. V.-Húnv. hafði í bræði sinni látið nokkur orð falla í garð bróður hv. formanns Sjálfstfl., hv. þm. G.-K. Þetta ódæði hafði hv. þm. V.-Húnv. leyft sér, og hv. þm. G.-K. er viss um, að hann fær refsingu fyrir það í flokki sínum. Þetta er full sönnun þess, að íhaldið telur bændaflokksmennina sína þjóna, sem verða að sitja og standa eins og því sýnist.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Í ræðu sinni fyrir skömmu benti hv. þm. V.-Húnv. á það sem aðalbjargráðið í kreppunni að lækka gengi krónunnar. Þar með væru öll vandræði atvinnurekenda leyst og atvinnuleysið úr sögunni. Án þess að ég ætli að fara ýtarlega út í gengismálið, get ég ekki stillt mig um að benda á það, hve fljótfærnisleg og vanhugsuð þessi skoðun er. Afleiðingarnar liggja í rauninni í augum uppi. Allar skuldir ríkisins í erlendum gjaldeyri myndu hækka að sama skapi og gengið lækkar, svo að ríkissjóður yrði að auka tekjur sínar stórkostlega með nýjum sköttum. Sama er að segja um skuldir bankanna, hækkunin á erlendum skuldum þeirra hlyti að leiða til þess, að vextir myndu hækka. Allar aðkeyptar nauðsynjavörur hlytu að hækka í verði. Ég veit, að aðalvon þeirra manna, er berjast fyrir gengislækkun, er sú, að kaupgjald lækki, þ. e. þeir treysta því, að samtök verkalýðsins fái ekki hækkað kaup hans eftir því, sem dýrtíðin vex.

Ég held að þetta séu falsvonir. Ég býst við því, að samtakamáttur verkalýðsins sé það mikill, að hann geti hrundið þessari kauplækkunarárás, eins og svo mörgum öðrum.

En hver yrði nú afleiðingin fyrir bændur, ef verkamönnum tækist ekki að fá hækkað kaup sitt í hlutfalli við gengislækkunina? Nú sem stendur er aðalmarkaður bænda við sjóinn. Þ. e. a. s. sá múgur manna þar, sem selur vinnu sína fyrir ákveðið kaup, og ef kaupið er fellt með gengislækkun, þá minnkar að sama skapi það, sem þeir geta keypt af framleiðsluvörum bændanna, svo að með gengislækkun og þar af leiðandi kauplækkun herða bændur aðeins snöruna að sínum eigin hálsi. Ég held það sé mála sannast, að gengislækkun sé álíka haldgott bjargarráð eins og ef kaldur ferðamaður að vetrarlagi pissar í skóinn sinn til þess að ylja á sér tærnar. Það getur verið bót að því í bili, en ég hygg, að það muni samt fljótlega hefna sín.

Í ræðu minni í gær benti ég á það, hve samvizkulaust athæfi það er, sem áhrifamenn Sjálfstfl. hafa beitt gegn fiskimálanefnd. Á meðan n. er að leita nýrra markaðsmöguleika og reyna að vinna nýja markaði og leita fyrir sér með nýjar verkunaraðferðir á fiski, þá er hún rógborin, hrúgað upp gróusögum um hana og allt hugsanlegt gert til þess að spilla fyrir árangri af störfum hennar. Ég benti einnig á það í gærkveldi, hversu ástatt mundi um S. Í. F., ef það hefði verið beitt sömu vopnum. Ef — þegar það var að störfum sínum — hefði verið hleypt upp fundum í þeim tilgangi að gera starf þess tortryggilegt og skapa andúð gegn því og ef blöð stjórnarliða hefðu fyllt dálka sína af slúðri og rógi um framkvæmdir þess. Ég hygg að þeim sömu mönnum, sem hafa beitt þessari aðferð gegn fiskimálanefnd, hefði þótt slíkt hin mesta óhæfa, og ég tel einnig, að svo hefði verið. Ég hefði kosið, að fullt samkomulag væri á milli þessara tveggja aðilja, og ég hefi borið þá von í brjósti, að svo mætti verða, því verkefnin eru nægileg fyrir þá báða, og má í því sambandi minna á það, að sölusambandið hefir ekki snúið sér að því enn, þótt ég voni, að það muni gera það innan skamms, að fá fasta umboðsmenn í þeim löndum, sem mest kaupa af óverkuðum saltfiski, og á ég þar fyrst og fremst við Danmörku og England, og þó einkum við England, því nú hafa Englendingar fengið hækkaðan kvóta sinn á Spáni og þurfa að kaupa fisk frá öðrum þjóðum til þess að geta fyllt hann, og þess vegna ætti það að vera mikilvægt atriði að geta tryggt það, að sá blauti fiskur væri keyptur hér.

Hv. 6. þm. Reykv. flutti skörulega ræðu hér áðan, og þótt ég telji ekki í raun og veru ástæðu til þess að skipta orðum við þennan hv. þm. nú fremur en endranær, þá voru samt nokkur atriði í þessari ræðu, sem ég tel rétt að drepa á með nokkrum orðum. Hann notaði að vanda allstór orð, og snjöll á stundum. Kvað hann upp einskonar útlegðardóm yfir mér, að því, er mér skildist, ekki eingöngu úr hinu pólitíska lífi þjóðarinnar, heldur vildi hann jafnvel dæma mig útlægan af landi hér. Það er til gamalt máltæki, sem segir, að þeir lifi lengst, sem með orðum eru vegnir, og hvort sem sá málsháttur á hér við eða ekki, þá er það víst, að ég á ekki aðra ósk betri mér til handa heldur en þá, að ég geti sem lengst hagað störfum mínum þannig, að ég hljóti jafnan last hans fyrir, því það er

nú einu sinni þannig, að last sumra manna er á borð við lof góðra manna og réttsýnna.

Hann sagði, að ég hefði farið með blygðunarlaus ósannindi, þegar ég sagði frá sendiförinni til Ameríku. Nú veit hann samt, að það, sem ég sagði um það, var allt rétt og eftir staðfestum fundarbókum.

Hinn 4. júlí flutti Jón Árnason till. um, að hafizt yrði handa um undirbúning á saltfisksölu til Suður-Ameríku. — En það sýndi hv. þm. Ísaf. áðan, hve hrapalega gamla union vanrækti að athuga markaðsmöguleika jafnvel svo, að þeim, sem skrifuðu henni, var ekki einu sinni svarað. — Þann 15. ágúst flutti svo Magnús Sigurðsson till. um það, að maður væri sendur til Suður-Ameríku, og það var samþ., og Thor Thors var sendur. Ég nefndi ekki nafn mannsins, en ég talaði um þann árangur, sem orðið hefði af ferðinni og sem sýndi, hvers mætti vænta af því í framtíðinni. En það hörmulega við þetta er, að ekki skyldi vera hafizt handa áður en gjaldeyrisvandræði og markaðsvandræði voru dunin yfir.

9. okt. flutti svo Héðinn Valdimarsson till. um að senda mann til Norður-Ameríku og Kúba í sömu erindum. Þetta er innfært í fundabók og undirskrifað bæði af formanni og ritara, óvefengt og athugasemdalaust af öllum, og það þýðir ekki að þyrla upp neinu reyki um það, að þetta séu ósannindi, og það er næsta óviðkunnanlegt, að slíkt skuli vera gert af þeim manni, sem veit eins vel um þetta eins og hv. 6. þm. Reykv., sem sjálfur á sæti í stj.

Þá staðfesti hv. 6. þm. Reykv. það, sem ég sagði um sölutilraunina á Steady-farminum, þótt hann segði, að ég hefði sagt það ósatt. Hann sagði, að það væri ekki rétt, að Kristján Einarsson hefði fengið aðeins einn umboðsmann vestra, heldur hefði hann fengið þrjá umboðsmenn eða 4, ef sá í Kúba er talinn með. En ég sagði einmitt í ræðu minni í gær, að farminum hefði átt að skipta á milli þriggja umboðsmanna, þannig að þeir fengju samtals 130 tonn, en 70 tonn voru ætluð frjáls til sölu. Hitt er svo annað mál, að aðeins einn af þessum umboðsmönnum seldi 45 tonn, en hinir ekkert, og að salan á þessum 45 tonnum brást af þeim ástæðum, sem ég greindi. Ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, það sem ég sagði í ræðu minni í gær var í raun og veru staðfest af ræðu hv. 6. þm. Reykv.

Það hefir enginn hreyft hnjóðsyrðum að þeim Thor Thors og Kristjáni Einarssyni fyrir afskipti þeirra af saltfisksölu eða fyrir þær tilraunir, sem þeir hafa gert vestanhafs til að vinna markað fyrir saltfisk. Þeir eru sjálfsagt mjög kunnugir saltfisksölu, en þeir eru engu kunnugri sölu á öðrum fiski heldur en tóbakssalinn, sem nú er vestra og mest hefir verið um rætt; hins vegar álíta margir, að tóbakssalinn sé engu óslyngari kaupsýslumaður heldur en hver hinna sem er.

Þá skildist mér, að hv. 6. þm. Reykv. væri mjög móðgaður af því, að ég hefði ekki nefnt alla stjórnendurna, en ég veit ekki, hvers vegna hann ætti að vera móðgaður af því, ef það er ekki af því, hverja ég nefndi, en þeir sem ég nefndi, voru Sigurður Kristjánsson og Jón Kjartansson, og ef hann telur sig móðgaðan af því, að þessir eru nefndir, þá verður hann að gera það upp við sig, hvort honum finnst það vegsauki eða hnekkir fyrir sölusambandið, að þessir menn skulu eiga sæti í stjórn þess. Mér finnst það eðlilegt, að Jóhann Jósefsson og Kristján Einarsson eigi sæti í stjórninni, en hitt þykir mér hlálegt, að ég ekki segi grátlegt, að menn eins og Sigurður Kristjánsson og Jón Kjartansson skuli vera í stjórninni, því ég hygg, að þeir hafi minna til brunns að bera en margir aðrir, en ég hafði ekki meint það sem neina móðgun fyrir félagið, þótt ég nefndi þessi nöfn, en ef hann álítur, að það sé svo, þá hann um það.

Þá sagði hann, að sölusambandið hefði snúið sér til mín sem ráðh. og sótt um söluleyfi og styrk fyrir Steady farminum og að ég hefði með því að neita þessu eyðilagt sölumöguleikana í Norður-Ameríku. En ef þetta væri rétt, þá væri ég ekki einn í sökinni, og er nú rétt að gera sem bezta grein fyrir þessu atriði.

Það er rétt, að fisksölusambandið sótti um styrk í þessu skyni. Það sótti um útflutningsleyfi og styrk fyrir allt að 200 tonnum og sagði, að það væri samkv. till., sem hefði verið samþ. á stjórnarfundi í sölusambandinu þann 8. febr. Nú skal ég með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp till., sem samþ. var á stjórnarfundi sölusambandsins þann dag. Till. er frá Jóni Árnasyni og er þannig: „Þar sem fiskimálanefnd hefir undanfarið haft með höndum tilraunasendingar á freðfiski til útlanda og fær framvegis fé til slíkra tilrauna, álítur stjórn S. Í. F. eðlilegt, að fiskimálanefnd annist sölu á tilraunasendingum af freðfiski til Norður-Ameríku, og er fús til þess að greiða fyrir slíkum viðskiptum, með því að mæla með við umboðsmenn sína, að þeir aðstoði fiskimálanefnd við þessar framkvæmdir, eftir því, sem hún kann að óska."

Þessi till. var samþ. á stjórnarfundi S. Í. F. þann 8. febr. með 4:3 atkv. Ég ætla, að um þetta þurfi ekki að fara fleiri orðum. Sjálf stjórn sölusambandsins, sem í augum hv. 6. þm. Reykv. er óskeikult æðsta vald, telur það eðlilegt, að það sé fiskimálanefnd, sem hafi þessa sölu með höndum, og vill mæla með því við umboðsmenn sína, að þeir styðji fiskimálanefnd eftir því, sem hún óskar.

Á sama fundi var borin fram till. þessi frá þeim Sigurði Kristjánssyni, Kristjáni Einarssyni og Jóni Kjartanssyni: „Þar sem ekki hefir tekizt að ná samkomulagi við fiskimálanefnd um sendingu á frystum fiski til Ameríku, þá felur stjórn S. Í. F. framkvæmdastjórum sínum að sækja nú þegar um útflutningsleyfi og styrk, samanber lög fyrir fiskimálanefnd, fyrir allt að 200 tonnum af frystum fiski til sölu til Ameríku og gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd hið skjótasta."

Þessi till. var samþ. með 3:2 atkv., en 2 greiddu ekki atkv. Síðan skrifa framkvæmdastjórar S. Í. F. mér sem ráðh. og biðja um styrk og útflutningsleyfi samkv. þessari till., en láta

ekki getið fyrri till., sem samþ. var, og það varð beinlínis að heimta af þeim þá till., sem ég las áðan, þar sem talið er eðlilegt, að fiskimálanefnd hafi með höndum allar framkvæmdir í þessu efni. Þetta held ég, að sé sæmilega ljóst hverjum meðalgreindum manni. Sjálf stjórn S. Í. F. telur það sjálfsagt og eðlilegt, að fiskimálanefnd hafi þessa starfsemi með höndum, og leggur til, að umboðsmenn sínir aðstoði hana eftir föngum. Þetta er heldur ekki þakklætisvert, það er ekki nema sjálfsagt, að þeir snúist vel við og geri eins og fyrir þá er lagt í þessu efni.

Ég get látið þetta nægja viðvíkjandi ræðu hv. 6. þm. Reykv., en af því að hann hefir tekið að sér að vera sjálfkjörinn málsvari sjávarútvegsmanna gegn ágangi stjórnarflokkanna, sem vilja taka þá kverktaki og fleygja þeim í dyflissu — hann notaði þessi bibliulegu orð — þá held ég, að það sé rétt að drepa hér á till., sem ég ætla, að séu bornar fram af hv. 6. þm. Reykv. og eiga væntanlega að sýna vilja þess hluta Sjálfstfl., sem fylgir honum að málum. 1. till. þarf ég ekki að lesa, hún er áskorun til Alþingis um að leggja fiskimálanefnd niður og láta S. Í. F. taka við störfum hennar. — 2. till. er svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fundurinn telur eðlilegt, að framkvæmdastjórar S. Í. F. sjái um sölu á öllum fiski, sem félagsmenn þurfa að selja fyrir sig, og í hvaða ástandi, sem hann er. Einnig telur fundurinn, að framkvæmdastjórar félagsins hafi bezt skilyrði til að leysa sölu vel af hendi og með hóflegum kostnaði fyrir fiskeigendur. Felur því fundurinn stjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta aðalfund þær breytingar á félagslögum, að S. Í. F. skuli sjá um sölu á fiskframleiðslu félagsmanna í hverju verkunarástndi, sem er.“ Hv. 6. þm. Reykv. drap mjög á það í ræðu sinni, að ríkisstj. hefði verið með þann bakþanka að taka upp einkasölu á saltfiski. En þessi till. gengur miklu lengra, og hér á að fela framkvæmdastjórum S. Í. F. eða með öðrum orðum hlutafélögunum Alliance og Kveldúlfi þessa einkasölu. Till. segir, að fundurinn telji það eðlilegt, að framkvæmdastjórar S. Í. F. sjái um sölu á *öllum fiski* félagsmanna *í hvaða verkunarástandi, sem hann er*, hvort sem hann er frosinn, hertur eða ísaður eða nýr, og hvort sem er heldur á útlendan eða innlendan markað, eins og t. d. til neyzlu hér í Reykjavík, og úthluta þeim leyfum öllum, sem veitt kynnu að verða. Það er að segja sú rammasta einkasala, sem hægt er að hugsa sér, en það eru þessir sjálfvöldu framkvæmdastjórar, sem eiga að hafa þessa einkasölu með höndum. — Ég get ekki hugsað mér öllu vanhugsaðri till. en þessa. Ég vil líka minna á, að þegar S. Í. F. var endurreist, að þá var það fram tekið í lögum þess, að markmið þess væri að selja saltfisk til útlanda, og því var alls ekki hreyft, að það væri heppilegt að sölusambandið hefði annað með höndum. Þessi till., sem ég las hér, er líka órækur vottur þess, að þeir eru búnir að finna, að það er ekki hægt nema með því móti, að lögunum sé breytt.

Þá var enn ein till., sem kom fram á þessum sama fundi. Hún var frá hv. þm. N.-Ísf., en ekki frá hv. 6. þm. Reykv., og var þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Í því skyni að hægt verði að greiða fiskeigendum innan Sambands íslenzkra fiskframleiðenda andvirði saltfiskjarins jafnóðum og hann er afhentur á skip til útflutnings, skorar fundurinn fastlega á Alþingi það, er nú situr, að fela ríkisstjórninni að taka fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgð á öllum þeim halla, sem orsakast kann af gengissveiflum, greiðslutálmunum og öðrum orsökum í þeim markaðslöndum, sem S. Í. F. selur fisk til.“

Hér er ekki verið að skera við neglur sér. Fyrst á að fá þessum 3 sjálfvöldu framkvæmdarstjórum í hendur einræðisvald um alla sölu á fiski, og svo á ríkisstjórnin að taka ábyrgð á öllum þeim halla, sem kann að verða af gengissveiflum og greiðslutálmunum, og ekki nóg með það, heldur líka á öllum þeim halla, sem verða kann af öðrum ástæðum, hverjar svo sem þær eru. T. d. ef þessum háu herrum dytti í hug að selja einhverju firma, sem ekki gæti borgað, þá er það ríkisstjórnin, sem á að bera ábyrgðina, en ekki þeir sjálfir. Þeir eiga alltaf að vera ábyrgðarlausir fyrir halla af sölu, hverjar sem orsakir þess halla eru.

Þetta er í fáum dráttum mynd af því ástandi, sem þeir óska, að sé ríkjandi í þessu máli og á öðrum sviðum atvinnulífsins. Nokkrir sjálfvaldir stórlaxar, sem fari með framkvæmdirnar og hirði ágóðann, þegar hann gefst, en hallinn lendi svo á bönkum landsbúa svo lengi sem þeir sligast ekki algerlega undir þeim.

Ólafur Thors: Herra forseti. Á þessum mínútum, sem ég hefi til umráða, ætla ég að hrekja verstu firrur andstæðinganna.

Þm. S.-Þ., Jónas Jónsson, leiði ég hjá mér eins og aðrir. Slíkt er orðið nokkuð föst venja hér á þingi, og sé ég ekki ástæðu til, að út af sé brugðið fremur fyrir það, að umr. er útvarpað, nema síður sé, enda er hvorttveggja, að sá, er slíkan málflutning hefir, — sá, sem ekkert annað og meira hefir að segja þjóð sinni við slíkar umr., sem hér fara fram, en óblandinn persónulegan róg, er eiginlega ekki viðmælandi, sem og hitt, að fyrir það er síður þörf að sinna einmitt honum, að álitinu á honum fer hraðhnignandi og þeim fækkar ört, sem á honum taka minnsta mark.

Þm. Ísaf., Finni Jónssyni, læt ég nægja að svara því, að hann sleit úr samhengi skýrslu þm. Snæf., Thors Thors, og hafði nær því í frammi villandi og rangan málflutning, sem raunar engan undrar, sem þennan þm. þekkir. En um sjálft efni málsins, ádeiluna á S. Í. F. út af því, að það félag og forgenglar þess skuli ekki fyrir löngu hafa hafið stór og mikil viðskipti í Ameríku, nægir sem alveg tæmandi skýring sú einfalda upplýsing, að verðlag á þeim mörkuðum er miklu lægra en Íslendingar til þessa hafa þurft að sætta sig við. Nú aftur á móti, eftir að búið er að loka þeim mörkuðum, sem hið frjálsa framtak lagði undir sig og beztir voru, verðum við að lúta að því er áður þótti óboðlegt, þ. á. m. þessum umræddu mörkuðum í Ameríku. Ádeila þessa þm. er viðlíka viturleg eins og ef ráðizt væri á mjólkur-

framleiðendur í Reykjavík og grennd fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að búa til skyr úr mjólk sinni í því skyni að kenna mönnum skyrát, enda þótt þeir gætu ekki fullnægt eftirspurninni eftir nýmjólk — verðhæstu vörunni. Tel ég nauðsynjalaust að svara þessum þm. frekar, en mun nú beina ádeilu minni til sjálfra ráðherranna.

Kröfu okkar sjálfstæðismanna um þingrof og nýjar kosningar svöruðu hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. báðir á einn og sama veg: Þeir ætla ekki að láta mig skipa sér fyrir verkum. Ég skil það út af fyrir sig, og mér finnst það eðlilegt. En það er bara ekkert svar við rökum mínum.

Frumræða mín var samin utan um þann sannleika, að sú þjóð, sem er í hættu stödd og hefir verið svikin af valdhöfunum, á alveg ótvíræðan rétt á því að fá með nýjum dómi að skera úr um, hverjum hún vill fela forustuna á örlagastundinni.

Hvorugur ráðherranna vildi neita því, að þjóðin væri í hættu stödd. Hvorugur gat hrakið, að stjórnin hefði brugðizt fyrirheitum sínum og þjóðin væri því vonsvikin. Og hvorugur reyndi að hrekja, að vonsvikin þjóð eigi rétt á að velja sér nýja forustu á neyðarinnar stundu. En báðir ráðh. færðust samt sem áður undan hinum einu rökréttu afleiðingum: kosningum. — Af því sést glögglega, að stjórnin veit, að fylgið hrynur nú af henni jafnt til sveita og sjávar.

Hæstv. forsrh. þarf ég litlu að svara. Firrurnar í mjólkurmálinu, sem hann var að reyna að sanna með röngum tölum, hafa nú verið hraktar af öðrum. Ég myndi aldrei hafa hirt um að verja tíma mínum til þess, vegna þess, að allir, sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli, vita fyrir löngu, að án allra mjólkurlaga hefðu austanmenn, hvað þá vestanmenn, borið meira úr býtum. En með réttri hagnýtingu mjólkurlaganna hefir *alltaf* verið og *er* enn *auðvelt* að bæta afkomuna, svo *verulegu* nemi.

Ég þarf ekkert að segja þeim, sem við þessi lög eiga að búa, um mistökin í mjólkursölunni. Hinir geta áttað sig út frá því, að allir bændur vestanfjalls, sbr. einnig einróma samþykkt kaupfélags Borgfirðinga, hafa lýst skýru og ótvíræðu vantrausti á stjórn mjólkursölunnar. Ráðh. getur náttúrlega gert sér til gamans að reyna að telja mönnum trú um, að allir þessir bændur séu fífl, sem ekkert viti, hvað þeir eru að segja, en án þess að ég á nokkurn hátt vilji gera lítið úr vitsmunum hæstv. ráðh., þá efa ég samt, að hann einn verði talinn meiri vitsmunamaður en allir þessir bændur til samans.

Eftir fyrri reynslu má sjálfsagt búast við, að ráðh. þverskallist gegn kröfu bænda. Hann er vanur að segjast ætla að standa og falla með þessu máli, en það þýðir, að hann ætlar að sitja og standa í þessu máli eftir því, sem Egill í Sigtúnum segir honum, en það þýðir aftur, að hann ætlar alltaf að vera með því vitlausasta.

Ég sný mér þá að hæstv. atvmrh. Hæstv. ráðh. hefir oft áður teflt á tæpt vað í meðferð sannleikans, en þó efa ég, að hann hafi fyrr handleikið sannleikann jafngálauslega og sérstaklega jafnklaufalega eins og í ræðu sinni í gær, og hefir hæstv. atvmrh. í þessari ræðu komizt fram úr hæstv. fjmrh. í þessari list.

Mér þykir tilhlýðilegt að færa ráðh. þakkir fyrir mér veittar ánægjustundir við að hlýða á upplestur hans á eldhúsdagsræðu þeirri, er ég flutti á þinginu 1934. Ég verð að vísu að játa, að ráðh. gerði þetta ekki í góðu skyni, en ég mun nú snúa því til góðs. Ráðh. taldi sér feng í því, að ég hefði viðurkennt í desembermánuði 1934, að ástandið á Íslandi væri mjög alvarlegt. Af þessu vildi ráðh. álykta, að úr því að hann sjálfur á þeim tíma hefði aðeins verið ráðh. í fáa mánuði, þá væri ekki heldur hægt að sakfella hann, eða hans flokk, um það eymdarástand, er nú ríkir og fara virðist versnandi. Þetta er nú auðvitað barnaskapur eða blekkingar, því eins og ég skýrt tók fram í frumræðu minni, þá rekur það ófremdarástand, sem hér ríkir, rætur sínar til kosningasigurs stjórnarflokkanna 1927. Það er þess vegna ekki eingöngu fárra mánaða lamandi áhrif núverandi ríkisstj., sem öllu veldur, *heldur 9 ára* nær óslitinn valdaferill þessara sömu flokka. Það er eignaránið og frelsisskerðingin á sviði atvinnulífsins, það eru *þessi* tvö vopn, sem stjórnarflokkarnir hafa beitt í herferðinni á hendur einkaframtakinu, sem nú, eftir 9 ár, eru langt komin með að leggja það að velli, og það er af *þessum* ástæðum, sem atvinnureksturinn þverr og atvinnuleysið vex, og í *þessu* á ráðh. *persónulega* sinn þátt, mikinn eða lítinn, eftir því hvort hann hefir verið mikill eða lítill maður í sínum flokki.

Ég vil í þessu sambandi víta ráðh. fyrir þau ummæli, sem hann beindi til mín í sambandi við hið vaxandi atvinnuleysi. Ráðh. sagði, að þegar ég væri að tala um, að ég vildi bæta úr atvinnuleysinu, þá væri það af fullkomnum óheilindum mælt. Slík ásökun er svo þung, að þess verður að krefjast, að úr ráðherrastól fylgi henni *einhver* rök. Atvinnuleysið er eitt ógurlegasta böl sérhverrar þeirrar þjóðar og sérhvers þess einstaklings, sem fyrir því verður. Ekkert er ömurlegra, ekkert *getur verið* ömurlegra en að ganga iðjulaus frá morgni til kvölds og hafa um ekkert annað að hugsa en sitt eigið bjargarleysi, og ef til vill á ekkert annað að horfa en skort ástvina sinna. Sá maður, sem ekki vill bæta úr þessu, er verra hrakmenni en nokkur sá, sem ég hefi kynnzt á lífsleiðinni. Hitt er svo annað mál, hvað menn *geta* gert í þessum efnum, og enn er það þriðja hlið málsins, *hvort menn komi auga á réttu* leiðirnar til að létta af bölinu, og það er einmitt um þetta, sem deilan í raun og veru stendur og á að standa, og það er þetta, sem ég ber á hæstv. atvmrh. og hæstv. ríkisstj., að sú leið, sem hún leggur út á til að aflétta atvinnuleysinu, sé röng, af því að hún leiðir til aukins atvinnuleysis, en ekki aukinnar atvinnu, vegna þess að atvinnuleysið stafar að mínu viti frá því, að atvinnureksturinn er sligaður af ofþyngslum gjaldanna, og það getur þess vegna ekki verið ráð til að bæta úr atvinnuleysinu, að þyngja á þeim, sem of þungt bera, og sliga þannig þá,

sem enn eru ekki sligaðir. Það væri sæmandi ráðh. að rökræða málið á þessum grundvelli, en það er til *minnkunar* fyrir embætti hans, að hann skuli *leyfa* sér að standa spertur og bera menn æruleysissökum um það, að þeir vilji ekki *reyna* að ráða bót á einu mesta böli mannkynsins.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að fjármálunum og skattamálunum, og mun þá fyrst svara hæstv. fjmrh. út af greiðslujöfnuðinum, en síðan honum og hæstv. atvmrh. út af skatta- og fjármálunum almennt, því fjármálaráðherrann bætti í rauninni ekki *mörgum* vitleysum við þær, sem atvinnumálaráðherra var *búinn* að prýða sig með.

Hæstv. ráðh. staðhæfði, að ekki skorti meir en 4—5 millj. upp á greiðslujöfnuð árið 1935, og, bætti ráðh. við, „hvernig er hægt að sýna betur, að það, sem Ó. Th. sagði um þetta í vetur, er fleipur, sem enginn skyldi trúa.“ — Ég skal nú sanna, að það er **ráðh.**, en ekki **ég**, sem fer með fleipur.

Vil ég þá fyrst leyfa mér að taka upp úr þeirri ræðu minni þau ummæli, er að þessu lúta og hljóða þannig:

„Hinn fyrsta nóvember var raunuverulegur innflutningur kominn upp fyrir 40 millj. króna, og *sé gert ráð fyrir* svipuðum innflutningi og í fyrra 2 síðustu mánuði ársins, verður heildarinnflutningurinn ekki 32 millj. eins og ráðh. taldi sig reiðubúinn til að tryggja, ef með þyrfti,og ekki 38 millj., eins og þurft hefði til að standa við heitstrenginguna, heldur 49 millj., eða nær 11 milljónum hærra.“

Mér þykir nú rétt að vekja athygli á því, að *ég tek fram*, að áætlun mín byggist á því, að innflutningurinn verði jafn 2 síðustu mánuði ársins 1935 eins og hann var þessa sömu mánuði 1934, og um leið *get ég þess*, að þessa útreikninga mína hefi ég frá hagstofustjóra, enda eru þeir réttir, eins og sést á því, að samkv. bráðabirgðaskýrslum var innflutningurinn í janúar—október 1935 36259 þús., en innflutningur 2 síðustu mánuði ársins 1934 var kr. 8387 þús., eða innflutningur alls samkvæmt bráðabirgðaskýrslum 44646 þús., og þegar við er bætt þeim 10%, sem hagstofustjóri telur, að bæta beri við bráðabirgðaskýrslurnar, hefði raunverulegur innflutningur orðið rúmar 49 millj., eins og ég sagði. Og það raskar ekkert mínum fullyrðingum, þó að innflutningur þessara mánaða ársins 1935 hafi reynzt minni heldur en ársins 1934, eins og raun bar vitni um og nú liggja fyrir skýrslur um. Samkvæmt bráðabirgðaskýrslum hefir innflutningur ársins 1935 reynzt kr. 42600 þús. Hagstofustjóri telur, að hæfilegt sé að bæta 10% ofan á bráðabirgðaskýrslur, og verður því raunverulegur innflutningur sem næst 47 millj. Útflutningur 2 síðustu mánuði ársins 1935 var allverulega miklu hærri en sömu mánuði 1934, og reyndist því samkv. bráðabirgðaskýrslum kr. 43881 þús., en ofan á það telur hagstofustjóri hæfilegt að bæta 6%, því að bráðabirgðaútflutningskýrslur séu æfinlega allmiklu nákvæmari en bráðabirgðainnflutningsskýrslur, og yrði þá raunverulegur útflutningur kr. 46700 þús., eða nokkru *lægri* en innflutningurinn. Út frá þessum staðreyndum telur svo ráðh., að skorta muni aðeins 4—5 millj. króna til að skapa greiðslujöfnuð, þ. e. a. s. að ósýnilegu greiðslurnar séu 4—5 millj. kr., en sjálfur hefir hann oft, þ. á. m. bæði í fjárlagaræðunni 1934 og '35, fullyrt, (og það meðan skuldir Íslendinga voru miklu minni út á við en nú er) að ekki yrði komizt af með *minna* en 8—9 millj. króna í ósýnilegu greiðslurnar. Skal ég sanna þetta með orðréttum tilvitnunum í þessar ræður, ef ráðh. dirfist að mæla því í gegn.

En með þessum orðum ráðh. eru sönnuð þau ummæli mín, að 8—9 millj. skorti á greiðslujöfnuð ársins 1935, þ. e. a. s. að það er ráðh., en ég ekki, sem fer með fleipur, sem enginn má festa trúnað á.

En afleiðingin af þessu ráðleysi ráðh. er sú, að á tveim valdaárum ráðh., hafa Íslendingar sokkið 20 millj. króna dýpra í skuldafenið, og standa nú uppi févana, lánstraustslausir, gjaldvana, og ef til vill þá og þegar gjaldþrota, jafnt ríki sem bæjarfélög, jafnt bankar sem einstaklingar, og í aðra hönd er ekkert annað en svikull ráðh., sem brugðizt hefir öllum sínum fyrirheitum, og bætir því svo ofan á að hælast um af skömminni, og reynir nú að hylja ávirðinguna með stöðugt nýjum blekkingum.

Báðir hæstv. ráðh. fullyrtu, að það, sem ég sagði um fjármálin, væri í öllum aðalatriðunum eintómar blekkingar. En það, sem ég sagði, var þetta:

Sjálfstæðismenn telja, að eina leiðin út úr fjármálaöngþveitinu sé að létta sköttunum af þjóðinni, og hafa þess vegna boðið fram samvinnu um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins, — og ríkisstjórnin, sem lofaði að létta sköttunum af nauðsynjum, hefir svikið það loforð, og í stað þess lagt á nýja skatta, 4—5 millj. króna.

Við þessu hrópa nú ráðherrarnir hver í kapp við annan, að Sjálfstfl. meini ekkert með þessu, eins og bezt sjáist á því, að hann hafi engar sparnaðartillögur gert. Við þessu er nú í fyrsta lagi það að segja, að þetta eru vísvitandi ósannindi. Sjálfstfl. bar fram sjálfstæðar sparnaðartillögur á þinginu 1934, að upphæð 600—700 þús. króna. En stjórnin lét fella þær. Og á þinginu í fyrra átti Sjálfstfl. sinn þátt í sparnaðartillögum, sem námu meir en millj. króna, og enn í ár er samvinna boðin. Með þessu innir flokkurinn af hendi þær ströngustu kröfur, sem hægt er að gera til stjórnarandstæðinga. Hitt er ekki annað en hugsunarlaust fleipur, að krefjast þess, að við tökum beinlínis á okkur skyldur og hlutverk fjármálaráðherra, en allir viti bornir menn *vita*, að það er á hverjum tíma *fjmrh.*, sem á að eiga uppástungurnar að því, *hvar* á að spara, og það *vegna þess*, að ríkisstj. hefir bolmagn til að lögfesta sparnaðinn, hvað svo sem andstæðingarnir segja, en andstæðingarnir hinsvegar geta *ekkert lögfest* í þessum efnum án ríkisstj., og eiga þess vegna á hættu að taka á sig óvinsældirnar, sem alltaf hljóta að fylgja slíkum tillögum, *án* þess að ná því, sem að er stílað, þ. e. a. s. sjálfum sparnaðinum.

Út af ummælum mínum um skattahækkunina sagði hæstv. atvmrh., að ég væri einstak-

lega ómerkilegur maður og óráðvandur í meðferð talna, svo engu orði mætti trúa, sem ég segði, og ráðh. bætti við, svo ég noti hans eigin orð, „fæstir ljúga meir en helming, en Ólafur Thors lætur sér ekki nægja minni en fimmfalda lygina.“ Mér verður sjálfsagt virt til vorkunnar, þó ég vandi ráðherranum síður kveðjurnar en ég er vanur, en ég skal þó hafa það umfram hann, að ég skal fara rétt með staðreyndir. Rök ráðh. fyrir þessu voru þau, að úr því að tekjur ríkissjóðs á árinu 1934 hefðu verið, eins og hann sagði, 14,5 millj., en á árinu 1935 ekki nema 13—13,7 millj., þá sýndi það og sannaði, að ekki hefðu verið lagðir á þjóðina *nýir* skattar, sem næmu 4—5 millj. króna, heldur aðeins 1 milljón til 1200 þús. Ég veit vel, að ráðh. er ekki svo vitgrannur, að hann skilji ekki, *hvar* blekkingarnar liggja í slíkri rökfærslu, og mig *undrar*, að hann skuli sýna hv. þingheimi þá *fyrirlitningu* að halda, að slík rök megi bjóða. Að tekjur ríkissjóðs hafa ekki hækkað meira en þetta, stafar auðvitað *ekki* af því, að þessir nýju skattar hafi ekki verið lögfestir, heldur af *hinu* að *þrátt fyrir* það, að búið er að lögfesta nýja skatta upp á 4—5 millj., þá fær ríkissjóður ekki meira en 1 millj. króna meira en árið áður, vegna *þess* að almenningur er svo aðþrengdur, að hann verður að neita sér um nokkurn hluta þeirrar tollvöru, sem hann áður hafði notað. Ef þessi rök ráðh. stæðust, þá *myndu þau náttúrlega* nægja ríkisstj. til efnda á fyrirheitunum um að létta tollum af nauðsynjum. Ráðh. þyrfti þá ekki annað en snúa sér til fátæks fjölskyldumanns og gefa honum það heilræði að hætta að eta og drekka, a. m. k. alla aðflutta nauðsynjavöru, því með því móti er tollunum létt af hans nauðsynjum, þrátt fyrir hina nýju skatta, ef hann neitar sér um nauðsynjarnar. Ég hefi hér handbæra sundurliðun á þeim nýju sköttum, sem lagðir hafa verið á þjóðina á þessum 2 árum og eru nær 5 millj. en 4, og ég myndi lesa þau öll upp og skýra þau, ef ég þyrfti þess. En hæstv. fjmrh. hefir tekið af mér ómakið, því honum tókst nú ekki lánlegar í blekkingunum í þetta skiptið en svo, að þegar hann var búinn að tyggja upp þessi tyllirök atvmrh., þá endaði hann á því að segja, að *ef* sjálfstæðismenn hefðu ráðið, *og þar af leiðandi engir* nýir skattar *verið lagðir* á þjóðina, *þá hefðu* tekjur *ríkissjóðs í fyrra ekki orðið 15,5 millj., heldur aðeins 11,5 millj.* En hvaðan koma þá þessar 4 mill.? Hefir þeim rignt af himnum ofan? Eða eru þær kannske „skenking“ frá Dönum til atvmrh.; eða hafa þær komið eins og þjófur úr heiðskíru lofti, eins og 2. þm. N.-M., Páll Zóphóníasson, mundi orða það? *Nei, þær* eru með *lagaheimild, í hinni nýju tollalöggjöf, tíndar saman, eyrir fyrir eyri, úr buddu fátæks almennings*, sem *blóðskattur af hverjum þeim munnbita, sem ofan í fólkið* fer, og þetta *er svo augljóst*, að *ég framt að því skammast mín* fyrir, *að ráðh. íslenzku þjóðarinnar* skuli leyfa sér að gera tilraunir til þess að þræta fyrir það.

Hitt má fremur skilja, að þeir í vandræðum sínum reyni að hanga í því, að a. m. k. ekki allar þessar 5 *millj. séu* teknar *af nauðsynjum, eitt*hvað sé þó tekið með öðrum hætti. En einnig þetta haldreipi er fúið, og það sést þá líka af málsvörninni, að þeim er þetta ljóst. Atvmrh. sagði, að það væri að sumu leyti satt, að tollarnir hefðu hækkað, en það væri alveg á móti sínum vilja. *Fjmrh. hirti sneiðina*, því úr því að svikin voru framin á móti vilja atvmrh., hlaut það að vera samkv. *vilja fjmrh.* Og *hann* hagaði þá líka vörn sinni þar eftir, því hann neitaði algerlega, að tollarnir hefðu hækkað á nokkrum nauðsynjavörum, eða a. m. k. væru allar brýnustu nauðsynjar undanþegnar. Einnig *þetta er ekki* aðeins rangt, heldur og *of* augljós ósannindi til þess að vera hættuleg öðrum en þeim, sem þau við hefir, því auk þess sem búið er að skattleggja nær alla flutninga fólksins í landinu, þá er líka búið svona meðal annars að tvíhækka tolla á vefnaðarvöru og skófatnaði, fyrst um 10—20%, og síðan um mörg %, kaffi og sykurtollurinn stórhækkaður, og lagt svokallað viðskiptagjald á þær allra nauðsynlegustu vörur, t. d. fæðu almennings og notaþarfir framleiðslunnar. En þar að auki kemur svo hitt, sem ég sannaði í ræðu minni í gær með alveg óhrekjanlegum rökum, að sjálfur tekju- og eignarskatturinn, *sem lagður var á* háu tekjurnar, yfirfærðist á notaþarfir almennings, eins og sést bezt á frumv. þeirra Jónasar Guðmundssonar, Bernharðs Stefánssonar og Magnúsar Guðmundssonar, sem fer fram á, að *tekjumissir bæjarsjóða út af eignarskattinum* fáist bættur með heimild til að leggja *nýja skatta á nauðsynjar og notaþarfir*. Og það er náttúrlega ekkert annað en rakafals, þegar þessu til afsönnunar er verið að tala um, að notaþarfir t. d. Reykjavíkurbæjar vaxi vegna þrenginganna, og þess vegna þurfi nú þessa nýju skatta, því að þó að það sé að vísu rétt, að notaþarfir Rvíkur hafi vaxið og útgjöld bæjarsjóðs aukizt, ekki aðeins vegna hinnar öru fólksfjölgunar, heldur og vegna þess, að stjórnmálastefna ríkisstj. hefir komið æ fleirum og fleirum á hreppinn, — þó að þetta að vísu sé rétt, þá raskar það ekkert *hinu*, að ef ríkið hefði ekki seilzt ofan í buddu þeirra, er meðalárstekjur hafa og þar umfram, þá hefði bærinn auðvitað getað tekið meira af þessum mönnum og þess vegna ekki þurft að leggja þessa nýju skatta á *nauðsynjar almennings* og notaþarfirnar.

Ég skal þá að lokum víkja að atvmrh. og fiskimálunum. Ráðh. varði allöngum tíma til að verja afbrot sín í sambandi við gerðir og gerræði fiskimálanefndar. Hv. 6. þm. Reykv., Sigurður Kristjánsson, hefir nú veitt ráðh. alveg maklega hirtingu fyrir orð hans og verk í þessum efnum, en þó get ég ekki stillt mig um að bæta þar nokkru við. Það hlægir mig að hlýða á raup ráðh. í sambandi við lögin um fiskimálanefnd, sem samþ. voru á Alþingi 1934. Helzt var svo að skilja, sem ráðh. teldi, að fisksölusambandið ætti líf sitt þeim lögum að launa, en sjálfur væri ráðh. faðir lagasetningarinnar, og þá einskonar afi fisksölusambandsins, og mætti þá telja það vel ættað. En sannleikurinn í málinu er sá, að *eftir* að fisksölusambandið hafði starfað á fullkomlega frjáls-

um grundvelli i 3 ár, og með þeirri starfsemi sinni beinlínis forðað þjóðfélaginu frá hruni, þá réðust stjórnarliðar á Alþingi 1934 með ruddalegum yfirgangi inn i þessi frjálsu samtök, og tóku með lögunum um fiskimálanefnd *öll réttindi af útvegsmönnum* til sölu sinnar *eigin framleiðsluvöru*. Enginn þekkir betur þennan sannleika en einmitt þessi hæstv. ráðh., en framhiá honum ætlaði hann að komast, með því að skýra frá, eins og hann orðaði það, að hann hefði með bráðabirgðalögum gert *smávægilega* breytingu á þessari lagasetningu. En hvaða smávægilega breyting var nú þetta? Breytingin var sú, að eftir löggjöfinni hafði fiskimálanefnd öll yfirráð yfir saltfisksölunni, en fyrir hina smávægilegu bráðabirgðabreytingu fékk fisksölusambandið öll yfirráðin. Og hæstv. ráðh. sagði, að ef vandinn í fisksölumálunum væri ekki annar en sá, að lægja ofsann i Héðni Valdimarssyni og efla dáð hans sjálfs, þá skyldi ekki á honum standa. Ég tek þessu tilboði. Ég bið hann um að lægja ofsann i Héðni Valdimarssyni og herða sjálfur upp hugann, þó ekki væri nema stutta stund, manna sig upp og gera aðra smávægilega breytingu á lögunum um fiskimálanefnd, sem færir yfirráðin yfir *freðfiskinum* og *harðfiskinum* frá fiskimálanefnd og yfir til fisksölusambandsins, á sama hátt sem hann, með smávægilegri breytingu færði yfirráðin yfir saltfiskinum milli þessara aðila. Geri ráðh. þetta, þá mun hann sanna, að við þurfum a. m. k. ekki að kvíða því, að annað eins hneyksli eins og för Sigurðar Jónassonar, og yfirleitt afskipti Héðins Valdimarssonar af freðfisksölunni i Norður-Ameríku, þurfi oftar að spilla afkomuskilyrðum þjóðarinnar.

Ég skil, að ráðh. reyni að afsaka fiskimálanefnd, en ég skil ekki, að hann skyldi reyna að gera það *eins* og hann gerði. Það er að vísu rétt, að lögin heimila ráðh. að fá fiskimálanefndinni í hendur alla framkvæmd um sölu ákveðinna sjávarafurða, en það er *ekkert* i lögunum, sem fyrirskipar þetta, og alveg fjarri öllum sanni og mikið verra en vitlaust að leyfa sér að staðhæfa, að nefnd, sem hefir handa á milli milljón krónur af ríkisfé, i því skyni að tryggja, að troðnar verði nýjar slóðir í þessum efnum, að slíkri nefnd beri, eða öllu heldur, að slíkri nefnd sé *heimilt* að leggja stein í götu nokkurs þess aðila, sem líkur getur leitt að því, að hann hafi einhverja möguleika til þess að inna af hendi þetta verkefni. En það, sem nú hefir skeð, og það sem ráðh. er að stritast við að verja, er hvorki meira eða minna en það, að fiskimálanefnd leyfir sér að taka fyrir kverkarnar á þessum aðila, sem sjálfkjörinn er til að fást við þetta verkefni, ekki aðeins af því, að hann er fjölfróðastur um alla möguleika á þessu sviði, heldur einnig af því, að hann er lýðræðislega réttkjörinn til forustu um sölu sjávarafurðanna, einmitt af útvegsmönnum sjálfum. Svona fáránlega vitleysu getur Héðinn Valdimarsson gert i ofstopa, ofmetnaði og hroka, en það afsakar ekkert hitt, að ráðh., sem er sér til armæðu búinn að horfa á þetta undarlega fyrirbrigði nú um alllanga hríð, skuli taka sér fyrir hendur að verja það fyrir dómstóli þjóðarinnar, *þvert ofan i betri vitund*.

Og þá færðist nú skörin upp i bekkinn, þegar ráðh. á 60. mínútu ræðu sinnar ætlaði sér að bæta fyrir hinar 59 með því að belgja sig upp með ógurlegum rembingi og hvalablæstri yfir þeim fáheyrða og alveg einsdæma ódrengskap, sem fiskimálanefndinni væri nú sýndur, þar sem verið væri að gagnrýna gerðir henar, og það, eins og ráðh. sagði, meðan ekki einu sinni væri útséð um, hvort salan tækist i Ameríku. En mætti mér leyfast að stinga tituprjóni i belginn og minna ráðh. á, að eftir að sölusambandið, fyrir tilstilli Kristjáns Einarssonar, var búið að tengja fyrstu böndin þar vestra, en *áður* en reynslan var búin að treysta þau, var það fiskimálanefndin sjálf, sem sendi Sigurð Jónasson vestur, til þess þar að bera út þann boðskap, að allt, sem Kristján Einarsson hefði sagt um völd og verkefni sölusambandsins, væru ósannindi hans, sem ekkert væri ábyggjandi, því að því færi svo fjarri, að sölusambandið mætti selja freðfisk, eins og Kristján Einarsson hefði sagt, að það mætti ekki einu sinni selja saltfisk. Við þessa iðju hefir umboðsmaður fiskimálanefndar dvalið i mánaðartíma i Ameríku, og þó að honum hafi ekki tekizt að losa Íslendinga við fiskinn, sem hann átti að selja, þá er hann víst kominn langt á leið með að losa fisksölusambandið við mannorðið og æruna, með óhróðrinum, sem hann hefir borið út um það og Íslendinga, við a. m. k. fyrstu uppskeruna af þessum nýja markaði. Mætti ég í allri kurteisi ráðleggja þessum hæstv. ráðh. að minnast ekki á drengskap i sambandi við viðskipti fiskimálanefndar og fisksölusambandsins.

Ég lýk svo þessari ádeilu minni á ráðh. út af þeim firrum, sem hann hafði í frammi i sambandi við fisksölumálin, með því, að vekja athygli hans á, að það bar fullmikið á því i ræðu hans, að einhver *ég*, sem var atvinnumálaráðherra Haraldur Guðmundsson, *hann* ályktaði, *hann* teldi og *hann* ákvæði, að svona og svona skyldi það vera. Flestir telja nefnilega, að það séu aðrir en hæstv. ráðh., sem þarna eiga að ákveða. Í fyrsta lagi af því, að þeir hafa þekkingu umfram hann, og i öðru lagi af því, að þeir eiga sjálfir alla afkomu sína undir því, hvernig til tekst, en það eru *útvegsmenn i landinu*. Þeir hafa nú nýverið lokið fundi sínum, þar sem mættir voru umboðsmenn nær allra hinna íslenzku útvegsmanna, og þeir kröfðust þess, með nær 80% af öllu atkvæðamagninu, að fiskimálanefnd yrði *lögð niður*, en yfirráðin fengin fisksölusambandinu. Gegn svo ákveðnum, yfirlýstum meirihlutavilja er ekki hægt fyrir neinn ráðh. að rísa, og eftir að þessi vilji er orðinn kunnur, þá er tilgangslaust fyrir ráðh. að vera að segja frá, hvað *hann* sjálfur ályktar, af því að það skiptir svo litlu máli. Ríkisstj. telur sig vilja vernda lýðræðið í landinu. Við skulum bíða átekta og sjá, hvað reynslan segir, því neiti ráðh. að verða við þeirri kröfu, sem ⅘ hlutar útvegsmannanna i landinu bera fram, þá er það ekki lýðræði, heldur *verra* en einræði, því það er hreint *gerræði*.

Ég hefi þá hrakið firrur beggja ráðherranna,

svo þar stendur ekkert eftir, og legg nú óhræddur undir dóm alls þingheims, hvort það er ég, sem farið hefi með fleipur, eða hvort það er hæstv. fjmrh., sem það hefir gert. Hvort það er ég, sem er einstaklega ómerkilegur, eða hvort það e. t. v. skyldi vera hæstv. atvmrh. sjálfur. Hvort það eru mín orð, sem ekki er að treysta, eða hans. Hvort það er ég, sem „lýg meira en helming," svo að ég noti ráðherraleg orð hans sjálfs, eða hann sjálfur.

*__Hannes Jónsson:__ Hv. þm. S.-Þ. vék þeirri spurningu til mín, hvernig stæði á því, að gengismálið hefði ekki verið leyst á þinginu 1932—1933. Ég get gefið hv. þm. fullgild svör við þessu, og er rétt að gera það nú þegar, til þess að alþjóð fái að vita sannleikann í þessu máli. Hv. þm. S.-Þ. hefir alltaf barizt á móti því í Framsfl., að gerð yrði breyting á genginu til lækkunar; hann berst með hnúum og hnefum á móti öllum slíkum breytingum og er í því efni svipaður sosialistunum, eins og í öðru. Enda þótt Tryggvi heitinn Þórhallsson berðist fyrir því innan Framsfl., að komið yrði einhverjum skriði á þetta mál, þá vann Jónas Jónsson það á innan flokksins, að því máli var eytt. Önnur ástæðan var sú, að á þessu ári var verið að undirbúa löggjöf um kreppulán. Á þeim árum þótti það miklu máli skipta að fá því máli komið heilu og höldnu í höfn. Ég skal ekki neita því, að hv. þm. S.-Þ. hafi ef til vill litið þetta mál hornauga að einhverju leyti og honum hafi fundizt viðsjárvert að gera bændur eins sjálfstæða og líkur voru til, að þeir gætu orðið með þessum ráðstöfunum, mér finnst ekki ólíklegt, að honum hafi þótt öruggara að hafa þá skuldunum vafna til þess að geta teymt þá eftir vild. Hv. þm. S.-Þ. beitti áhrifum sínum í þá átt að reyna að koma stjórn kreppulánasjóðs í hendur bankanna og S. Í. S., þeirra stofnana, sem áttu aðalkröfurnar á hendur bændum. Ég vil leggja það undir dóm hlustenda minna, hvort slíkt fyrirkomulag hefði orðið til hagsbóta fyrir bændur, að þeir, sem kröfu áttu á hendur þeim, skyldu gera upp skuldaskilin við þá. Ég hygg, að það hefði ekki verið betra.

Hv. þm. S.-Þ. hefir bent á það, að það yrði ómögulegt að lækka gengi krónunnar vegna þess, að ríkið ætti við svo mikið af erlendum skuldum að stríða. Hann sagði að vísu, að hann vildi ekki gera þessa kenningu bankanna að sinni kenningu, en það var ekki hægt að skilja annað en að hann vildi nota sér þá menn í sínum málflutningi, sem slíkum kenningum halda á lofti. Hæstv. atvmrh. beitti sömu aðferðinni til þess að mæla á móti gengislækkun, en þessir háu herrar gleyma því bara, að þau auknu útgjöld, sem koma á ríkissjóðinn, koma aftur fram ríkissjóði til tekna í beinni aukningu vegna gengislækkunar á öllum verðtollum, og til skamms tíma hefir það a. m. k. verið svo, að þessar tvær upphæðir hafa verið mjög svipaðar.

Hv. þm. S.-Þ. hélt því fram, að það væri ósatt, að Framsfl. hefði tekið afstöðu í gengismálinu, ég hefi það hinsvegar fyrir satt, að svo muni vera. Þetta kom líka fram hjá og var viðurkennt af hæstv. fjmrh., því að hann hélt því fram, að gengismálið væri aðeins flutt af okkur bændaflokksmönnum til þess að vera á móti hæstv. stj., með því gefur hæstv. ráðh. þá yfirlýsingu, að hæstv. ríkisstj. sé á móti því að lækka gengið.

Hv. þm. S.-Þ. segir um gengismálið, að hann vilji ekki segja, hvað gera eigi í þessu máli. Form. annars stjórnarflokksins gefur þá yfirlýsingu, að hann viti ekki, hvað eigi að gera í þessu máli. Það er varla hægt að hugsa sér hörmulegri aðstöðu fyrir Framsfl. en þá, að hann skuli ekki vita, hvað á að gera í einu stærsta velferðarmáli þjóðarinnar. Í marga mánuði hefir hann haft sérfræðing til þess að láta segja sér, hvaða ráð ætti að taka upp, og þau ráð eru þau sömu, sem Bændafl. hefir haldið fram, að nauðsyn bæri til, að lækka gengi krónunnar. En þrátt fyrir þetta veit Framsfl. ekki enn, hvað hann á að gera í þessu mikla vandamáli.

Hv. þm. S.-Þ., sem er talinn hafa einhver málamyndavöld í Framsfl., ætti að leggja þau niður og fá þau öðrum í hendur, sem einhvern þrótt hafa til þess að skapa sér skoðun á því, hvað gera beri í þessu stórmáli.

Hæstv. atvmrh. hélt því ennfremur fram, að bankarnir mundu tapa svo miklu, ef gengið lækkaði, vegna hinna stóru skulda, sem þeir stæðu í erlendis, en hann athugaði það ekki, að með því að lækka gengi krónunnar tryggir hann sér greiðslu á þeim útistandandi skuldum, sem hér eru innanlands og miklar líkur eru til, að tapist að miklu eða öllu leyti, ef svo heldur áfram með rekstur atvinnuveganna og nú horfir við. Það, sem þannig bjargaðist af skuldum í innlendum útlánum, verður því fullkomlega til þess að vega upp á móti þessari aukningu á greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum. Ein af ástæðum hans er sú, að það megi ekki lækka gengið vegna þess, að við það verði vöruhækkun. Þetta er gamla sagan. Á kostnað framleiðendanna á að halda uppi óeðlilega lágu verði á aðfluttum vörum. Þetta getur ekki haft við nein eðlileg rök að styðjast, því að það hefir þegar verið sýnt fram á það með hagfræðilegum rökum, að svo getur ekki gengið til lengdar, að þannig sé níðzt á framleiðendum, sem einir geta skapað gjaldeyri, sem þjóðin þarf á að halda. Um kauphækkun, sem hann sagði, að hlyti að fylgja í kjölfar gengislækkunar, er það að segja, að verkamenn eiga ekki að hafa minni kaupgetu eftir en áður; aukning kaupgetunnar kemur fram í því, að þeir hafa stöðugri vinnu en ella. Atvinnulífið blómgast, og framleiðendur geta greitt verkamönnunum laun sín og haldið starfsemi sinni betur gangandi en nú. Þetta er sameiginlegt áhugamál framleiðenda og vinnandi stétta í landinu, því að báðir aðiljar hafa hag af því, að atvinnuvegirnir séu reknir á heilbrigðum grundvelli. Á annan hátt er ekki hægt að tryggja verkamönnum viðunandi afkomu í framtíðinni. Þá klykkti hæstv. ráðh. út með því að segja, að gengishækkunin mundi verka á svipaðan hátt eins og þegar þreyttur og kaldur göngumaður pissar í skóinn sinn, það mundi ylja um stundar sakir, en yrði skammgóður vermir. Hvað

hefir nú skeð hér hjá okkur í þessum málum? Í marz 1924 var gengi íslenzku krónunnar, miðað við gull, 47.7; síðan kemur gengishækkun, sem nær hámarki í desember 1925, og þá er gullgengi krónunnar orðið 81,5. Þessu gullgengi heldur krónan svo þangað til 1931, en þá er það komið ofan í 65,50.

Á tímabilinu frá 1925—1931, og raunar fram á þennan dag, hefir íslenzka krónan alltaf haldið sama gildi gagnvart ensku pundi eða 22,15, en árið 1931 í október hættu Englendingar við að halda sínum gjaldeyri í gullgengi, og síðan hafa þeir látið pundið laga sig eftir ástandinu í landinu. Frá 1931 er sú breyting orðin á íslenzku krónunni, að úr rúmum 81 gullaurum er hún fallin ofan í 48,75 núna í janúar þ. á. Á þessum tíma hefir krónan þó alltaf verið skoðuð eins gagnvart pundinu. Hvað hefir þá skeð í þessu efni? Á þessum tíma hafa Englendingar verið að framkvæma það, sem hæstv. ráðh. kallar að pissa í skóinn sinn. Hæstv. ráðh. ætlar að taka fjármálamenn hins mikla Bretaveldis á kné sér og kenna þeim fjármálaspeki.

Ég skal þá *aftur* víkja að afstöðu hv. þm. S.-Þ. til kreppulánasjóðsins. Honum varð tíðrætt um hann og lánveitingar úr honum. Það er vert að virða fyrir sér, hvernig málflutningur hans er, og bera hann saman við þann málflutning, sem hann viðhafði, þegar hann fyrst hóf árásir sínar á starfsemi kreppulánasjóðs. Hann byrjaði á því í sinni fyrstu árás að telja, að menn hefðu verið beittir misrétti við úthlutun lána og að gæðingum, eins og hann orðaði það, kreppulánasjóðsstjórnarinnar hefði verið veitt mikið hærri lán út á sama veð heldur en stuðningsmönnum stj. Nú segir hann, að það hafi verið beitt hlutdrægni við úthlutun lána úr kreppulánasjóði á þann veg, að gæðingum stjórnar kreppulánasjóðs hafi verið gefið eftir *meira heldur en andstæðingum þeirra*. Hv. þm. er búinn að snúa við aðferðinni, sem hann beitti við það að ráðast á ráðstafanir um lánveitingar sjóðsins. Hvernig stendur á þessu? Það er auðskilið. Hv. þm. var fyrir fram ákveðinn í því að gera lánveitingar úr kreppulánasjóði að árásarefni á þá, sem þar hafa unnið að, en hann athugaði ekki, á hvaða grundvelli hann ætti að reisa þessar ásakanir sínar; svo flaskar hann á því að skamma stjórn kreppulánasjóðs fyrir það, sem flestir lántakendur þakka henni fyrir.

Hv. þm. fór svo hörmulega út úr árásum sínum á einstaka menn í sambandi við þetta mál, að sennilega bíður hann þess ekki bætur.

Hv. þm. ásakar stjórn kreppulánasjóðs fyrir það, að hún *skuli hafa greitt verkalaun í peningum*. Það mun ef til vill vera tekið á móti þessu með velþóknun af þeim, sem eru á hans máli, en hv. þm. hefði átt að minnast þess, að í lögunum er beint gert ráð fyrir, að þessir menn fái sínar greiðslur í peningum.

Það var líka eftirtektarvert í þessum spardatíningi hv. þm., að hann lagði sig aðallega eftir því að finna dæmi af starfsviði Tryggva heitins Þórhallssonar, en hann sleppti svo að segja alveg að tína til dæmi af starfssviði Jóns Jónssonar frá Stóradal, enda hefir hann vitað, að allt slíkt hefði verið rekið ofan í hann samstundis. Menn geta dæmt um, hversu drengileg slík aðferð er hjá hv. þm. Ég mun ekki rekja þau dæmi, sem hann til tíndi. Ég skal aðeins geta þess, að vel má vera, að í einstökum tilfellum hafi komið fram mismunur á afgreiðslu mála í kreppulánasjóði, en það er þá undantekning og stafar af því, að kröfuhafar hafa beitt sér mismunandi gagnvart hinum ýmsu skuldunautum.

Hv. þm. var að finna að því ósamræmi, sem hann taldi vera á mati búpenings manna í ýmsum héruðum landsins. Það vill nú svo vel til, að kreppulánasjóðsstjórnin fór til Búnaðarfélags Íslands til þess að fá þetta mat, og það er hv. 2. þm. N.-M., flokksbróðir hv. þm. S.-Þ., sem hefir gert þetta mat, en stjórn kreppulánasjóðs kom þar hvergi nærri.

Hæstv. fjmrh. reyndi að verja framkomu hæstv. stj. viðvíkjandi sölu á landbúnaðarafurðum til Þýzkalands á síðastliðnu ári. Hann færði það fram sér til afsökunar, að 1934 hefði verið mikið minna flutt af landbúnaðarafurðum héðan til Þýzkalands en árið 1935, þrátt fyrir takmörkun á útflutningsleyfum frá hæstv. stj., nú veit hæstv. fjmrh. ef til vill ekki, að verðhækkun á þessum framleiðsluvörum kom fram í Þýzkalandi fyrst á árinu 1934, og allir þeir, sem sölu höfðu með höndum á þessum vörum, voru ekki jafn fljótir að nota sér þessa sölu, og munu sumir af einhverjum ástæðum hafa veigrað sér við að nota þetta hærra verð, þótt þeir vissu um það. S. Í. S. mun sama og ekkert hafa selt til Þýzkalands á þessu ári, og það var a. m. k. fært fram sem ein höfuðástæðan fyrir því, að félagið gat ekki borgað eins hátt verð fyrir ull og gærur 1934 eins og þeir kaupmenn, sem verzluðu við Þýzkaland.

Mér er ókunnugt um, af hvaða ástæðum sambandið notaði sér ekki þennan markað, en ein af aðalástæðunum fyrir því, að svo mikið minna var flutt til Þýzkalands 1934 en gert var 1935 var sú, sem ég nefndi, en ef framleiðendur hefðu fengið leyfi til þess að nota markaðinn í Þýzkalandi 1935, þá hefðu nærri allar þessar vörur verið fluttar þangað, og hefði afleiðingin af því orðið sú, að framleiðendur hefðu fengið nokkur hundruð þúsund krónum meira fyrir sínar vörur en þeir fengu.

Tími minn er að þrotum kominn að þessu sinni. Ég hefi hrakið þau atriði, sem helzt hafa komið fram til andsvara því, sem ég hefi sagt um gengismálið. Ég læt mér það vel líka, að ekki hafa komið fram sterk rök á móti því, sem ég hefi haldið fram um það mál. Ég vona, að Framsfl. sjái að sér, og þó að hann hafi einu sinni ákveðið að leggjast á þetta mál, þá vænti ég þess, að hann sjái sóma sinn í því að verða við kröfum framleiðenda og taka málið til yfirvegunar og afgreiðslu, og það nú þegar á þessu þingi.

*Forsrh. (**Hermann Jónasson**): Herra forseti! Góðir útvarpshlustendur! Hv. þm. A.-Húnv., Jón Pálmason, var sendur hér fram af hálfu Sjálfstfl. til þess að deila á Framsóknarfl. Þessi hv. þm. hefir að því leyti svipað hlutverk og hinn

svokallaði Bændafl. Honum er skákað fram til að vitna aðallega af því, að hann er bóndi. Og það er í sjálfu sér hörmulegt, að það skuli vera til í landinu bóndi, sem lætur skáka sér þannig fram.

Þessi hv. þm. minntist á 4 atriði, sem ég sé ástæðu til að leiðrétta og svara. — Fyrsta atriðið var það, að Framsfl. hefði stjórnað hér í 9 ár. Hann gleymdi því að hans eigin flokksmenn, sjálfstæðismenn, fóru með völdin að miklu leyti í næstum því tvö ár af þessu tímabili og settu sinn blæ á fjármálastefnuna, sem var með þeim endemum þau ár, að sjaldan hefir verra verið. Bæði fjárhagur ríkisins og verzlunarjöfnuðurinn var þannig, að minnisstætt er orðið. Maður hefir því reynslu af fjármálastjórn þessara herra.

Í öðru lagi minntist hv. þm. á það, að jarðræktarlögin hefðu verið sett áður en Framsfl. kom til valda. Það er þó öllum vitanlegt, að þau l. voru eingöngu sett fyrir atbeina Framsfl., og sá maður, sem tók mestan þátt í undirbúningi þeirra, Hallgrímur Kristinsson, mun áreiðanlega hafa sett sinn svip á það verk, eins og hann gerði venjulega um það, sem hann lagði hönd að. Mun áreiðanlega ofverk þessa hv. þm. að telja landsmönnum trú um, að svo hafi ekki verið.

Þá talaði hv. þm. um, að nú fengjust ekki lán úr Búnaðarbankanum. En ef þröngt er í búi um lánsfé hjá Búnaðarbankanum, hverjum er þá um að kenna nema samherjum þessa hv. þm., sem jusu peningum í „kreppuna“ á þann hátt, sem lýst hefir verið í þessum umr., og tæmdu þannig bankann að peningum.

Þá minntist hann á það, þessi hv. þm., að fólksstraumurinn lægi enn úr sveitunum í kaupstaðina. En má ég spyrja þennan hv. þm., sem hefir tekið að sér að deila á Framsfl., hvernig heldur hann að hefði farið, ef Framsfl. hefði ekki öll þessi undanfarandi ár þeitt sér fyrir þeim umbótamálum sveitanna, sem hann hefir beitt sér fyrir. Getur hv. þm. bent á eitt einasta mál, sem unnið hefir verið fyrir hinn íslenzka landbúnað, er Framsfl. hefir ekki fyrst og fremst beitt sér fyrir, ýmist gegn fjandsamlegri andstöðu Sjálfstfl. eða daufu aðgerðaleysi. Getur hann bent á eitt einasta mál af öllum þeim málum, sem borin hafa verið fram til sigurs bændum í landinu til hagsbóta, sem ekki hefir fyrst og fremst verið barið í gegn af Framsfl. í andstöðu við flokksmenn þessa hv. þm. Það nægir að minna á styrkinn til frystihúsanna, styrkinn til mjólkurbúanna. Og það nægir að minna á það, að nú mundi vera stöðvuð fyrir nokkru útborgun samkv. jarðræktarlögunum, ef flokksmenn þessa hv. þm. hefðu átt að sjá fyrir tekjunum. Það væri sannarlega of langt mál að rekja þennan feril allan, og það hefir verið gert svo oft, að ég sé ekki ástæðu til þess. En það er ástæða til annars. Það er ástæða til að fara styttra aftur í tímann og rekja sögu þeirra tveggja ára, sem nú eru nýlega liðin. Má ég leyfa mér að minna þennan hv. þm. á allan fjandskapinn, sem hans flokksmenn sýndu afurðasölumálum bænda, sérstaklega kjötsöluskipulaginu, á meðan þeir gátu gert sér vonir um að eyðileggja skipulagið. Nú fyrst eru þeir þagnaðir, þegar skipulagið hefir sýnt, að það er svo sterkt, að ekki er hægt að rífa það niður. Má ég minna hann á ofsóknirnar gegn mjólkurskipulaginu, mjólkurverkföllin, sem stofnað var til hér í bænum. Nú eru þær raddir einnig þagnaðar, þegar sýnt er, að mjólkurskipulagið er að sigra. Má ég minna hann á aðgerðaleysi flokks hans í framfærslumálunum. Hver annar en Framsfl. hefir borið framfærslulögin nýju fram til sigurs, sem í felst fullkomin réttarbót fyrir sveitirnar. Og má ég jafnframt minna hann á það, að þegar það var til umr. að setja l. um erfðaábúð og óðalsrétt, þá voru það fyrst og fremst sjálfstæðismenn, sem sýndu því máli að sumu leyti andúð og að sumu leyti skeytingarleysi. Það var einmitt þessi hv. þm. sjálfur, ásamt hv. þm. Ak., sem tók því máli sæmilega í landbn., og er grunur á, að hv. þm. Ak. hafi verið rekinn úr landbn. af þeim sökum. Hvernig var um nýbýlamálið, sem er sú umbót, sem fyrst og fremst á að stöðva fólksflutninginn úr sveitunum. Var það ekki Sjálfstfl., sem hélt fram á síðasta þingi, að það ætti ekki að sjá fyrir tekjum til þess að koma því máli í framkvæmd, það ætti að fresta því. Það er vitað mál, að þeir, sem þorðu, sýndu því máli andúð.

En það er óþarfi að vera að rekja þetta frekar. Allsstaðar er sama sagan, og það er sorglegt, eins og ég sagði áðan, að nokkur bóndi skuli láta nota sig til slíkrar framkomu. Þetta er vitanlega sama reynslan og allsstaðar annarsstaðar. M. a. á Norðurlöndum er reynslan þessi sama, að hátekjumennirnir í kaupstöðunum hafa reynzt ófáanlegir til þess að taka á sig skatta og þau útgjöld, sem þarf til þess að styrkja landbúnaðinn. Því hafa bændur í Noregi, Svíþjóð og Danmörku orðið að taka höndum saman við jafnaðarmenn til þess að fá þær álögur lögleiddar, sem nauðsynlegar eru, ef hægt á að vera að styrkja landbúnaðinn, eins og þarf, því þar, eins og hér, og yfirleitt allsstaðar, liggur straumurinn úr sveitunum í kaupstaðina. Einmitt út af þessu urðu stjórnarskiptin síðustu í Noregi.

Þarf ég svo ekki að svara þessum hv. þm. frekar.

Ég ætla þá að snúa mér að hv. 10. landsk. Útvarpshlustendur eru vafalaust farnir að taka eftir því, að sá hv. þm. byrjar oft ræður sínar með því, eftir að flest hefir verið hrakið, sem hann hefir áður sagt, að segja, að ekkert einasta orð af því hafi verið hrakið og allt standi óhaggað, sem hann hefir haldið fram. Þetta er svipað ræðusnið eins og hjá hv. þm. G.-K., sem vanalega bæði byrjar og endar ræður sínar með því að fullyrða, að allt standi óhrakið, sem hann hefir sagt. Það er eins og þeim finnist eitthvað vissara að benda á þetta, eins og þeir séu hræddir um, að ekki verði tekið eftir því annars. Skal ég svo snúa mér að einstökum atriðum.

Hv. þm. sagði, að það hefðu verið gamlar lummur, sem ég hefði komið hér með. Getur hann þar varla átt við þá nýju reikninga frá samsölunni og mjólkurbúunum, sem ég kom fram með, né upplýsingarnar frá kaupfélögunum um kjötverðið. Þessar gömlu lummur, sem honum er svo illa við, að bornar séu á borð fyrir sig, geta því ekki verið annað en staðreyndirnar um hann sjálfan, þegar hann var ráðh. Hann bregzt

ekki reiðari við neinu heldur en þegar hann er minntur á þessar staðreyndir. Hann fer þá allur hjá sér, verður órólegur, og honum líður illa. Get ég líka vel skilið það. Annars ætti hv. þm. að tala sem minnst um lummur og gamla bóndann, sem hann minntist á í sambandi við þær, því það var einmitt þessi bóndi með lummurnar, sem keypti af honum Hrafnagil, en það jarðabrask er þessi hv. þm. áreiðanlega frægastur fyrir um land allt, nema ef hann er nú að verða frægari fyrir að gleyma öllum áhugamálum bændanna, meðan hann var ráðh. og átti að vinna að þeim, en muna fyrst eftir þeim, þegar hann var kominn úr ráðherrastólnum.

Ég ætla að fara ákaflega fljótt yfir sögu, enda gerir svar hv. þm. mér það mögulegt. Ég ætla ekki að deila frekar um mjólkurverðið. Ég hefi lesið opinbera reikninga um það efni, sem sumpart hafa verið birtir og sumpart munu verða birtir í opinberum blöðum. Bændurnir, sem við þetta skipulag búa, vita bezt sjálfir um þessi mál, og er því óþarfi fyrir mig að eyða tíma í að karpa um þetta við hv. þm. Þessir opinberu reikningar, sem ég las upp, eru staðreyndir, sem tala sínu máli. Hv. þm. viðurkenndi, að það hefði verið búið að geta um, að það ætti að birta þá, en svo hefði það gleymzt — eins og áhugamálin gleymdust hjá hv. þm., þegar hann var ráðh.

Ég ætla ekki að fara inn á þann róg, sem verið er að bera milli mjólkurbúanna út af verðjöfnunargjaldinu. En mismunurinn á því, sem búin fengu, stafar af því m. a., að Borgarfjarðarbúið framleiddi mikið af niðursoðinni mjólk, sem ekkert verðjöfnunargjald er af, en Flóabúið seldi aftur mikið af osti til útlanda, en það vildu hin búin ekki nota sér, þó þeim væri skýrt frá því fyrir fram, að þau gætu fengið til þess þann styrk, sem Flóabúið fékk. Þetta notar svo hv. þm. í blekkingarskyni til nýrrar herferðar gegn mjólkurbúunum og til þess að rægja þau saman. Sjálfsagt veit þó hv. þm. sannleikann í þessu. Menn taki eftir því, að um leið og einn rógurinn hrynur niður fyrir staðreyndunum, kemur hv. þm. með nýjan. Um leið og rógurinn um skemmda ostinn var hrakinn, er hætt að minnast á hann. Og nú er ekki minnzt á bakaratilboðið lengur, af því búið er að sanna með reikningum, að samsalan hefði skaðazt um 20 þús. kr. á að taka því. Áður var haldið fram, að því væri ekki tekið, af því ekki mætti taka söluna af búðum Alþýðubrauðgerðarinnar, jafnvel þó það væri mjög hagkvæmt. Nú er sannað að það hefði orðið skaði að því; þá er þagað um það og fundið upp á öðru nýju. Ég hnekki þessum ósannindum aðeins til þess að sýna, hvernig málaflutningurinn er. Það er nú orðið nokkuð mikið af ósannindum, sem borið hefir verið ofan í þennan hv. þm.; býst ég við, að hv. hlustendum þyki það nóg, þegar þess er gætt, að þetta er prestvígður maður, sem stígur í stólinn á hverjum sunnudegi til þess að predika sannleikann fyrir fólkinu.

Síðustu ósannindin hjá hv. þm. voru þau, að brauðbúðir Alþýðubrauðgerðarinnar hefðu gefið miklu minni tekjur heldur en búðirnar yfirleitt hefðu fengið inn. Sannleikurinn er sá, að þá þrjá mánuði, sem liðnir eru af árinu 1936, hefir meðalútkoma allra búðanna verið kr. 149.34, en útkoma búða Alþýðubrauðgerðarinnar kr. 148.69. Það er þannig 65 au. munur á búðunum, í staðinn fyrir 89 kr. í útreikningum hv. þm. Hann sleppir alveg brauðbúðum bakaranna, og falsar þannig beinlínis útreikningana.

Sama er að segja viðvíkjandi verðlaginu á kjötinu. Hv. þm. er flúinn frá öllum árásum á kjötsöluskipulagið, en nú er reynt að blekkja með því, að sumsstaðar hefir verið lítið hækkað, sumsstaðar aftur meir en ég til tók. Hann gengur þannig alveg fram hjá því, að útreikningarnir eru byggðir á meðalverði yfir allt landið.

Þá talaði hv. þm. um gömlu mjólkurlögin, og segist hann eiga þakkir skilið fyrir að hafa ekki framkvæmt þau, þar sem þau hefðu e. t. v. orðið til tjóns. En ef hann áleit, að þau mundu verða til tjóns fyrir framleiðendurna, hversvegna tók hann þá við þeim sem landbrh.? Eða ef hann áleit, að þau mundu verða til gagns fyrir framleiðendurna, því framkvæmdi hann þau þá ekki?

Heimildina til að skipuleggja kjötsöluna segir hv. þm., að góður lögfræðingur hafi sagt sér, að ekki væri hægt að nota. Hversvegna tók þá landbrh. við þessari heimild? Hvers vegna situr maðurinn á þingi og tekur við slíkri heimild, sem hann segir, að hafi verið ómögulegt að nota, af því markaðurinn var ekki alveg lokaður erlendis.

Hvað jarðræktarlögin snertir, þá viðurkenndi hv. þm., að það hefði verið hægt að setja reglug. um umrædd atriði að undanteknum nokkrum smáatriðum. En hann segist ekki hafa viljað hringla með þetta, þó beinlínis sé ætlazt til þess í l., að sett sé reglug. um þetta, og það væri gert 1928 og 1929. Því fékk hann þá ekki samþ. l. um þetta á þingi? Allt ber þannig að sama brunni.

Hv. þm. segir, að það sé rétt, að hann hafi ekki treyst sér að bæta upp 72 au. kjötverðið, þó hann teldi það of lágt. Og svo kom hann með þá rúsínu, að bændur hefðu getað þolað þetta eitt eða tvö ár. Það var um að gera að pína menn meðan mögulegt var. Það var nú búið að pína menn árið 1932, og það mátti líka gera það árið 1933. En ætli það hefði ekki fengið að halda áfram sama fyrirkomulag, ef þessi hv. þm. hefði fengið að vera við völd? — Hann talaði digurbarkalega um það, að dagsverkatalan í opinberri vinnu hefði verið hærri hjá sér 1933—1934 heldur en hún hefði reynzt 1935. Ég hefi nú ekki rannsakað þetta, en eftir öðru, sem þessi hv. þm. segir, er ekki ólíklegt, að þetta séu ósannindi. En ég get bent á annað, sem sýnir, að það eru sömu heilindin í þessu öllu saman, því árið 1934 tók þessi hv. þm. sem ráðh. stórlán til framkvæmda, sérstaklega á Suðurlandsundirlendinu. Til þeirra framkvæmda, sem hv. þm. er að guma af, er því nú fyrst verið að afla tekna. Við verðum nú að borga 200 þús. kr. á ári vegna slíkra lána, sem voru m. a. tekin í ráðherratíð þessa hv. þm. Það er ekki að furða, þó hv. þm. gumi svo af framkvæmdunum.

Eitt get ég enn nefnt, sem sýnir heilindi þessa hv. þm. og velvild hans í garð þeirra, sem hann þykist hafa svo mikinn áhuga á að vinna fyrir.

Meðan hann var ráðh., hafði hann yfirumsjón með kirkjujarðasjóðnum. Úr honum greiddi hann í sinni stjórnartíð 250 þús. kr. til viðgerða og kaupa á byggingum á prestssetrum auk þess, sem veittar voru úr ríkissjóði 48 þús. til prestssetra. En hvað haldið þið, að bændur hafi fengið á sama tíma til hinna mörgu jarða kirkjujarðasjóðs, sem þeir búa á? Þeir fengu einar 20 þús. kr. Hverjum eftir annan var neitað um lán og styrki til bygginga, en svo miklu var lofað úr kirkjujarðasjóði til prestssetra, að við erum enn þá að leysa út þau loforð. Þannig bjó hv. þm. að þeim bændum, sem bjuggu á jörðum hins opinbera.

Það seinasta, sem ég ætla að minnast á við þennan hv. þm., eru varnir hans viðvíkjandi gengismálinu. Eins og menn munu hafa tekið eftir, þá er hann þar gersamlega kominn í rökþrot. Hann getur enga frambærilega ástæðu borið fram fyrir því, hvers vegna hann ekki breytti genginu á þeim tíma, sem hann var ráðherra, ef hann hefir haft áhuga fyrir því. Nú kemur þessi hv. þm. með það, að þetta hafi verið fellt í Framsfl. Hann varar sig ekki á því, að það er haldin gerðabók yfir allt, sem gert er innan þess flokks. Hann varar sig ekki á því, þessi hv. þm., að hann skrökvar stundum ofan í staðreyndir. Á fundabók Framsfl. frá 21. febr. 1933 stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Umr. haldið áfram um kreppumálin. Í því sambandi sérstaklega rætt um gengismál. Umr. urðu alllangar og skoðanir nokkuð skiptar. Engin ályktun. Fundi slitið. Tryggvi Þórhallsson. Bjarni Ásgeirsson. Jón Jónsson.“

Þetta er í eina skiptið, sem minnzt er á málið í flokknum. Það er aðeins minnzt á málið, sagt að það sé nokkur ágreiningur um það, en það fer alls engin atkvgr. fram, engin ályktun gerð, sem þó er alltaf gert í flokknum um þau mál, sem tekin eru fyrir, hvað þá þegar mál eins og þetta er á ferðinni, sem hiklaust verður að teljast stórmál. Það ber allt að sama brunni. Hv. þm. hefir ekki haft áhuga fyrir þessu máli fremur en öðrum, meðan hann var ráðh.; hann hefir gleymt því, og reynir svo að skrökva sig frá öllu saman, þegar í harðbakkann slær, eins og í öðrum málum. Mig undrar ekki neitt, þó þessi hv. þm. verði dálítið órólegur, þegar minnzt er á fortíð hans, og vilji vísa slíku tali á bug með því að kalla það gamlar lummur. En hann ætti að minnast þess, að það lifir lengi dómur um dauðan hvern, og það jafnt þó pólitískur dómur sé yfir pólitískt dauðum manni. Mig undrar ekki neitt, þó þessi hv. þm. verði dálítið leiður yfir því, þegar rifjaðar eru upp staðreyndirnar um það, hvernig hann tók á áhugamálunum fyrir bændur, meðan hann var ráðh., þegar rifjað er upp, að hann gleymdi að koma í framkvæmd næstum því hverju einasta áhugamáli, sem hann nú þykist vera að berjast fyrir. Hv. þm. er það sjálfsagt ljóst, að þegar dæmt er um heilindi hvers manns, þá er fyrst og fremst tekið tillit til þeirrar reynslu, sem menn hafa af honum fengið, meðan hann starfaði. Og reynslan, sem menn hafa fengið af þessum hv. þm. sem ráðh. er þessi, sem ég hefi nú lýst, þau tvö ár, sem hann hafði aðstöðu til að framkvæma eitthvað fyrir hinn íslenzka landbúnað. Og hv. þm. gerir sér það sjálfsagt ljóst, að þegar skrumauglýsingar hans í hverju máli eru bornar saman við aðgerðir hans, meðan hann var ráðh., þá muni þeim fækka, sem taka mikið mark á þessum skrumauglýsingum.

*__Héðinn Valdimarsson__: Herra forseti! Góðir hlustendur! Það er ekki þörf á fyrir mig að taka upp hanzkann fyrir hæstv. ríkisstj. eða verja hennar málstað. Það hefir hún gert sjálf svo, að ekki er þörf á frekar. Ástæðan til þess, að ég tala hér í kvöld, er sú, að ræðumenn andstöðuflokka stj. minntust á mig í sambandi við tvö mál, og mun ég því sérstaklega snúa mér hér að þeim tveimur málum. Ég mun ekki taka sérstaklega fyrir það, sem fulltrúar Bændafl. hafa borið hér fram; eins og allir vita, er Bændafl. ekkert annað en taglhnýtingur Sjálfstfl. hér á þingi, og er því nægilegt að taka það til andsvara, sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa borið fram.

Þau tvö mál, sem hv. þm. hafa minnzt á framkomu mína í sambandi við, eru olíuverðið og fisksalan. Nú er það vitanlegt, að ef ég hefði verið í Sjálfstfl. eða þó ekki hefði verið nema í Bændafl., þá hefðu ekki þm. þessara flokka gert olíuverzlunina að umtalsefni sérstaklega. Það hefir ekki orðið vart við, að þm. Sjálfstfl. hreyfðu því, hvernig verzlað er með almennar vörutegundir hér á landi. En vegna þess að þannig stendur á, að ég er á móti íhaldinu og vinn á móti því bæði í mínu kjördæmi og annarsstaðar þar, sem ég næ til í landinu, þá er veitzt að mér í sambandi við olíusöluna. Það, sem fundið er að, er eingöngu það, að olíuverðið sé of hátt, og því gæti ég í sjálfu sér svarað með örfáum orðum á mjög einfaldan hátt. Það verzlunarfyrirtæki, sem ég stend fyrir, ræður ekki olíuverðinu. Það hefir olíuna í umboðssölu, og þeir, sem verðinu ráða, eru hin erlendu firmu, sem olíuna selja hingað. Og svipað mun vera háttað um önnur olíufélög, sem hér starfa. En þó ég losi mig á þennan hátt undan ákærunni um það, að olíuverðið sé of hátt af mínum völdum, þá þykir mér rétt, úr því þessu máli hefir á annað borð verið hreyft hér, að taka það til nokkuð nánari athugunar, sérstaklega að hvað miklu leyti þetta er rétt, sem haldið hefir verið fram. Þeir, sem þekkja til um verzlun í Danmörku, vita, að kol eru þar ⅓ ódýrari heldur en hér. Borið saman við kolaverðið, væri því ekki undarlegt, þó olíuverðið væri talsvert hærra hér en í Danmörku. Það mætti þykja líklegt, að sambærilegt hlutfall væri í olíuverðinu, en munurinn er lítill. Það talaði einhver um 10 au. verð pr. kg. í Danmörku, en ég hefi hér fyrir framan mig reikning yfir olíu, sem mótorbátur keypti þar um áramótin á 11,7 au. kg. Sé svo reiknað til viðbótar flutningsgjald og tollur, er verðið komið upp í 15,9 au. hér, í stað þess að það er að frádregnum afslætti við staðgreiðslu ekki nema 14,4 au. eða 1,5 au. lægra kg. en almennt olíuverð er í Danmörku. Nú gæti skeð, að olían yrði ódýrari, ef hún væri flutt frá Danmörku í stærri sendingum. Þetta hefir verið reynt. Alfreð Ólsen hefir t. d. flutt olíu til Ísafjarðar, en það hefir sýnt sig, að kostnaðurinn

hefir orðið svo mikill, að verðið hefir þannig orðið heldur hærra. Loks mætti segja, að olían yrði ódýrari, ef hún væri flutt í heilum förmum.

Um það skal ég ekki segja, það yrði reynslan að sýna. En ég skal geta þess, að ég álít, að verðið gæti verið lægra, ef verzlunin væri rekin á réttan hátt. En á henni hafa verið miklir gallar. Olíufélögin hafa tapað um 2 millj. kr. á 8 árum vegna þess, að þau hafa lánað olíuna. Og eins og gengur, er reynt að ná því inn aftur með því að leggja það á. Nú er búið að breyta þessu á þann veg, að nú er eingöngu selt gegn staðgreiðslu, og þá ætti verðið að geta lækkað. En þá kemur til annar þröskuldur, sem er yfirfærslu örðugleikar, enda áttu félögin orðið á þriðju millj. kr. innifrosið hér í bönkunum, og sem vafi lék á um, hvort fengist flutt út. Áður en til verðlækkunar á olíunni kæmi, urðu félögin því að vita, hvort yfirfærslur fengjust. Það varð svo úr eftir fleiri mánaða þóf, að samkomulag náðist um, að olíufélögin lánuðu skuldaskilasjóði vélbátaeigenda mikinn hl. af þessu fé. Þetta hafa andstæðingarnir tekið upp sem árás á mig og stj., en ég tel það heppni fyrir mig að hafa getað hjálpað til við svo gott verk.

Þá hafa menn verið að segja, að benzínverðið sé að lækka. Ég skal ekki um það segja, hvort sú lækkun verður varanleg, hvort verðið heldur áfram að lækka eða hvort núverandi verð helzt. En hitt er sjáanlegt, að félagið „Nafta“ getur ekki fullnægt þörfum landsmanna um 16 þús. tn. af olíum og 5 þús. tn. af benzíni. Til þess þarf strax að reisa stóra geyma, og þarf því mikið fé og gott fyrirkomulag, ef vel á að sjá fyrir þörfum landsmanna. Ég vil í þessu sambandi fullyrða, að benzínverkfallið var ekki reist til þess að lækka benzínverðið, heldur aðeins af eigingjörnum og pólitiskum ástæðum. Þeir, sem minnast benzínverkfallsins, muna, að því var eiginlega beitt gegn ríkisstj. og Dagsbrún.

Til frekari skýringar á þessu máli skal ég lesa hér upp kafla úr bréfi til mín frá h. f. Nafta. — Bréfið hljóðar svo:

NAFTA H. F.
Sölufélag fyrir rússneskar olíur og benzín.
Reykjavík, 6. desember 1935.

Herra framkvæmdarstjóri Héðinn Valdimarsson, Reykjavík.

Með tilvísun til samtals þess, er Fritz Kjartansson hefir átt við yður í dag, og í áframhaldi af bréfi hans til yðar, dags. 15. nóv. s.l., leyfum við okkur að gefa yður eftirfarandi tilboð:

H. f. Nafta kaupi af Olíuverzlun Íslands h. f. 500000 lítra af benzíni til afhendingar á tímabilinu frá áramótum 1935—1936 til 1. janúar 1937. — Kaupverðið sé 20 au. pr. lítra, flutt í dælustöð h. f. Nafta í Reykjavík eða áfyllt á tunnur, sem h. f. Nafta leggur til, fluttar í port h. f. Nafta í Reykjavík.

Benzínið verði greitt yður jafnóðum og afhending þess fer fram eftir óskum h. f. Nafta, og getum við fallizt á það að greiða yður hinar daglegu úttektir eigi sjaldnar en vikulega. Til tryggingar skilvísri greiðslu hinna einstöku úttekta í samræmi við það, sem að ofan er sagt, gæti það komið til mála, að yður yrði afhentur tryggingarvíxill að upphæð kr. 5000, samþykktur af h. f. Nafta, en útgefinn af Magnúsi Bl. Jónssyni past. emer.

H. f. Nafta mundi ekki flytja til landsins eða selja á tímabili þessu annað benzín en frá félagi yðar.

Benzínið yrði selt frá útsölustöðum h. f. Nafta í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Keflavík, Hafnarfirði og Borgarnesi.

Um útsöluverðið viljum við taka það fram, að h. f. Nafta mundi á hverjum tíma haga söluverði sínu í samræmi við hið opinbera útsöluverð á benzíni hjá félagi yðar, þó þannig að núverandi 2 au. mismunur pr. lítra á hinum einstöku útsölustöðum mætti haldast, og mundi h. f. Nafta ekki slaka á nokkurn hátt frá því verði.

Að endingu viljum við geta þess, að svo framarlega sem þér óskið eftir því að taka við umboðinu fyrir Polish Petroleum Company, þá mundi Fritz Kjartansson gera ráðstafanir til þess, að það verði fært yfir á yður.

Ennfremur mun okkur vera óhætt að fullyrða, að rússneska olíuumboðið hér á landi verði framvegis á valdi sömu manna, sem eru hluthafar í h. f. Nafta, þannig að það kæmi ekki til greina sem keppandi um markaðinn.

Með tilvísun til loforðs yðar um svar við þessari málaleitan væntum við heiðraðs svars yðar í byrjun næstu viku.

Virðingarfyllst.
pr. pr. h. f. Nafta
Fritz Kjartansson. M. Sveinsson.

Þetta bréf sýnir nægilega skýrt, hvað legið hefir á bak við. Þessir menn gátu ekki fengið eins góð viðskiptakjör eins og það félag, sem ég veiti forstöðu. Ég spurði Fritz Kjartansson, hvort hann réði við Einar Olgeirsson, og sagði hann, að það væri ekki vandi, hann væri alveg í þeirra vasa.

Þá skal ég svara þeim, sem hafa verið að spyrja um, hvort það væri ekki ennþá skoðun Alþfl., að það eigi að vera einkasala á olíunni. En þar eru fyrst nokkrir hlutir, sem þarf að athuga. Þó get ég strax sagt það, að eigi að gera alvarlega tilraun til þess að lækka benzínverðið, þá verður það ekki gert nema með einkasölu, því olíufélögin, sem hafa milljarða hlutafé, geta vel um stundarsakir selt undir verði. Þá þyrfti að byggja hér a. m. k. 8000 tn. tank og taka olíuna beint frá framleiðslulöndunum, t. d. Mexicóflóa. Þá eru enn ótalin tvö höfuðskilyrði, sem hvorugu er hægt að fullnægja, eins og nú stendur. Annað er það að ná samböndum við olíufélag, sem fullnægt gæti olíuþörf landsins, þó um Evrópustríð yrði að ræða. Og loks er það atriðið, sem ekki er minnst vert, að til þess að setja á stofn slíka einkasölu þyrfti a. m. k. um 6 millj. kr. í stofnfé og rekstrarfé. En meðan ekki er hægt að fullnægja þessum skilyrðum, mætti gera ráðstafanir til þess að lækka verðið á annan hátt en hér er talað um.

Ég er sannfærður um, að Sjálfstfl. dettur ekki í hug að taka einkasölu á olíunni, og að þetta glamur þeirra er ekki annað en bomba frá þeirra hendi. A. m. k. var því ekkert hreyft meðan þeir Thórsbræður áttu 4 millj. kr. í hlutafé, í stað þess að nú skulda þeir 5 millj. eða guð veit hvað. Þá gerðu þeir ekkert til þess að út-

vega olíu, en lofa því fyrst nú. Nema setning Ó. Th. í bankaráðið eigi að tryggja honum svo sem eina millj. kr. að láni í viðbót til olíukaupa.

Mun ég þá snúa mér að fisksölumálunum, þar sem tími minn er naumur, en ég verð að skýra nokkuð afstöðu fiskimálanefndar til Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda (S. Í. F.).

Í þessu sambandi vil ég einnig athuga dálítið, hvernig ástandið mundi vera í landinu, ef farið hefði verið að ráðum Sjálfstfl. og engin fiskimálanefnd verið skipuð, en í þess stað samþ. frv. frá hv. bm. G.-K. um fiskiráð.

Aðalinnihald þess frv. var þetta:

1. gr. Atvmrh. skipar 7 manna n., er nefnist fiskiráð. Skipar ráðh. form. n., en Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, Félag íslenzkra atvinnurekenda, Alþýðusamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Samlag íslenzkra matjessíldarframleiðenda og Fiskifélag Íslands tilnefna sinn manninn hvert.

2. gr. Verkefni fiskiráðsins er að gera till. um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegun nýrra markaða og annað, sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins.

3. gr. Fiskiráðið á að senda atvmrh. og þeim aðiljum, er hlut eiga að máli, skýrslu um niðurstöðu rannsókna sinna og þær till., sem það svo gerir, og gera það, sem í þess valdi stendur, til þess, að fá aðilja til að framkvæma till. Einnig á ráðið að senda ráðh. skýrslu um starfsemi sína eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti.

4. Kostnaður af störfum fiskiráðsins greiðist úr verðjöfnunar- og markaðsleitarsjóði fiskútflytjenda, eftir úrskurði ráðh.

Verkefni fiskiráðsins samkv. þessu frv. er því aðeins að safna skýrslum og gera till. Annað átti það ekki að gera, og hafði því ekki vald til nokkurra framkvæmda. En l. um fiskimálanefnd eru reist á þeirri skoðun, að fiskimálunum hafi ekki verið vel stjórnað, og nauðsyn þess að finna þar nýjar leiðir. Hefir þar þegar verið hafizt handa, t. d. með karfavinnslu í samvinnu við síldarverksmiðjurnar, harðfisksverkun og herzlu ufsa. Eins og menn vita, gerði hv. þm. G.-K. lítið úr harðfiskinum og taldi, að það væri verið að breyta góðri vöru í verri. En þetta staðar aðeins af hans vanþekkingu. Norðmenn halda áfram herzlu fiskjar og telja markað fyrir hann eins góðan og á saltfiskinum. Í fyrra mun það hafa valdið nokkru um, hvað menn hertu lítið, að sumir trúðu enn á forystu Sjálfstfl. og fleipur Ólafs Thors, en þó aðallega, hve lítið var til af trönum. Það, sem hert var, seldist fyrir sæmilegt verð.

Þann stutta tíma, sem fiskimálanefnd er búin að starfa, hefir hún gert tilraunir með frystan fisk til Mið-Evrópu, og nú síðast með Steadyfarminn til Ameríku. Auk þess er nú byrjað að rannsaka möguleika fyrir hákarlaveiðum. Í þessum málum hefði fiskiráðið eða S. Í. F. ekkert gert.

Viðvíkjandi sendingu Steady-farmsins til Ameríku vil ég segja það, að við Kristján Einarsson var ekki talað eitt orð um að leita umboða fyrir frystan fisk fyrir hönd fiskimálanefndar, sem ein hafði þó með þann fisk að gera. Það kom því n. mjög á óvart, þegar það upplýstist, að hann er búinn að gefa mönnum vestra umboð fyrir fisk, sem S. Í. F. hefir ekkert leyfi til að verzla með. Það hefir einungis löggildingu til þess að verzla með saltfisk. Þó er einna undarlegast, þegar athuguð er aðferð Kristjáns Einarssonar við val á umboðsmönnum.

Um ferðalag Kr. E. til Kúba er ókunnugt. En sá maður í New-York, sem hann gerir að aðalumboðsmanni fyrir Ameríku, var í 2 ár umboðsmaður síldareinkasölunnar án þess að finna nokkurn síldarmarkað. Þessi maður mun aldrei hafa selt fisk, a. m. k. ekki frystan. Þá finnur hann og gerir að umboðsmanni í Boston bróður manns, sem hafði skrifað S. Í. F., en aldrei verið svarað, því þar var aldrei skipt svo verkum, að hægt væri að vita, hver ætti að svara bréfum.

Síðan finnur Kr. E. tvo Íslendinga, sem hann gerir að einhverskonar undirumboðsmönnum í New-York. Svo þegar Kr. E. kemur heim og á að fara að segja fyrir um útbúnað og sendingu fiskjarins, er tvennt, sem hann segir vitlaust fyrir um. Annað er það, að hann notar vitlausan pappir, en kennir því svo um, að hann hafi ekki verið til. En það hefði átt að vera nægur tími til þess að útvega pappirinn, þar sem Kr. E. er búinn að vera 2 mánuði í landi, áður en farið er að frysta fiskinn, og því var ástæðan aðeins sú, að hann hafði ekki kynnt sér málið nógu vel.

Hitt atriðið var það, að hann skýrði ekki frá því, að svo er mælt fyrir, að merkja skuli á hvern kassa, að í þeim séu íslenzkar afurðir. Sé það ekki gert, getur það kostað 10 kr. refsitoll á hvern kassa. En þessu var bjargað við vegna þess, að Sigurður Jónasson var þar fyrir, þegar skipið kom.

Þegar svo Kr. E. kemur heim, neitar S. Í. F. allri samvinnu við fiskimálanefnd, en mun hafa ætlað að annast freðfiskssöluna sjálft. Og í stað þess að snúa sér með þetta til fiskimálanefndar, fer hann í einn starfsmann hennar og segir honum að frysta fiskinn fyrir S. Í. F., og starfsmanninum datt ekki í hug annað en fyrir því væri leyfi fiskimálanefndar. Þetta er meiri ósvífni en hægt er að lýsa. Þar er ofurkappið og metnaðurinn svo mikill, að ekkert hóf er á, og það jafnvel svo, að haft er í hótunum um að senda fiskinn, hvað sem líður landslögum.

Það, sem fiskimálanefnd segir er þetta: Úr því að við erum byrjaðir á því að vinna nýja markaði, viljum við halda því áfram, en ekki láta kasta því í okkur eftir á, þegar búið er að eyðileggja möguleikana.

Þá var skýrt svo frá, að búið væri að selja allan Steady-farminn fyrirfram. En það reyndist svo, að að nafninu til voru seld 40 tn. Að öðru leyti var kaupunum riftað vegna þess, að Kr. E. hafði gert ráð fyrir, að fiskurinn kæmi vestur í marzbyrjun, sem allir vissu, að ekki gat orðið, þar sem ekki var hægt að byrja frystingu fyrr en í marzbyrjun. Svo þegar kemur til fiskimálanefndar, segir hún, að skipið geti ekki komið vestur fyrr en 16.—20. marz. Þá símar Kr. E., að skipið komi 15.—20. marz. Svo þegar Steady kemur vestur um 20. marz, þá er svo fjarri því, að fiskurinn sé seldur, að þessi umboðsmaður, sem aldrei hafði selt frystan fisk,

neitaði að taka við honum. Það er því svo fjarri, að umboðsmaður S. Í. F. seldi fiskinn, að það var einmitt Sigurður Jónasson, sem seldi hann, og það fyrir hærra verð, með því að fara til kaupendanna sjálfra.

Þetta er nú öll frægðarförin, sem ihaldið er að dýrðast yfir, og svo er verið að halda því fram, að þessir menn hafi unnið einhver stór afrek fyrir fiskmarkaðinn. Það má því segja, að fátt hafi verið nauðsynlegra en senda mann vestur til þess að athuga söluhorfur og sjá um, að ekki yrðu eingöngu notaðir sem umboðsmenn þeir, sem aldrei hafa við fræðfisksölu fengizt. Enda er nú þegar búið að fá ágæt sambönd.

Eftir að S. Í. F. er búið að gera út í þessa frægðarför, heimtar það svo að fá að selja allan fiskinn.

Þá er verið að segja, að fiskimálanefnd gangi illa að selja. En hvernig gengur salan á saltfiskinum hjá S. Í. F.? Er ekki útistandandi og innifrosið hjá því á 4. millj. kr., án þess nokkuð sé um það talað? Þetta stafar af ýmsum óviðráðanlegum ástæðum, þó stj. hafi reynt að greiða fram úr því eftir því sem hún hefir getað. Ef rifja ætti upp, hvernig haldið hefir verið á fisksölumálunum á undanförnum árum, mundi margur spyrja: Hvernig stendur á því, að þeir fundu ekki markaðinn í Suður-Ameríku fyrr en á þessu ári? Og hvernig stendur á því, að þeir fundu ekki harðfisksmarkaðinn, þegar bezti harðfiskmarkaður heimsins var á Ítalíu rétt við nefið á þeim? Þó höfðu forgöngumenn fisksölunnar, a. m. k. á tímabili, nóga peninga. Að vísu mun freðfiskur einu sinni verið seldur til Barcelona, og tapast á honum ca. 500 þús. kr. Hvernig stóð á því, að þeim tilraunum var ekki haldið áfram? Það stafaði af því, að útgerðarmenn hafa tvennskonar ólíkra hagsmuna að gæta. Það eru aðallega mótorbátarnir, sem hafa hag af freðfisks- og harðfisksmarkaði, en þess njóta togararnir litið, vegna þess að hjá þeim er veiðin langsóttari. Þess vegna var ekki hugsað um söluna.

Ég vil benda á út frá því, að verið er að tala um S. Í. F. sem stórveldi, að hér eru til tvö önnur sambönd, Alþýðusambandið með yfir 12 þús. félaga og S. Í. S. með fleiri þús. félaga. En hverjir eru það svo, sem stjórna S. Í. F.? Það sást vel á nýafstöðnum fundi þess. Þar fóru skrifstofumenn hjá Kveldúlfi, Alliance (Kr. Einarssyni) og Ólafi Proppé með á annað hundr. atkv., og með atkv. togaranna skapaði það yfirgnæfandi meiri hl. á fundinum. Það er því auðséð, hverjir ráða framkvæmdunum. En útgerðarmálunum ætti að vera stjórnað af sjómönnum og verkamönnum sjálfum með hag allrar alþýðu, sem af atvinnurekstrinum lifir, fyrir augum, en ekki af þeim mönnum, sem flestar millj. hafa fengið að láni úr bönkunum.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Herra forseti! Hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. hafa nú báðir talað hér í hálfan tíma hvor og að miklu leyti snúið máli sínu til mín. En ég hefi ekki nema 5—10 mínútum yfir að ráða. Ég geri því ráð fyrir því, að ég verði að hafa skáraslátt, ef ég á að geta lagt að velli alla þá staðlausu stafi, sem þessir tveir hv. þm. báru hér fram. Því að það má segja um þessar staðleysur, eins og sagt var um illu andana í svínahjörðinni forðum, að þær voru legió.

Jæja, ég má ekki gleyma garminum honum Katli, þ. e. a. s. hv. þm. Ísaf., sem gerði sig allbreiðan út af Suður-Ameríkumarkaðinum. Hann sagði með nokkrum svigurmælum í garð forstjóra Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda, að þeir hefðu týnt Ameríku. En sannleikur þess máls er sá, að viðskiptin við Suður-Ameríku stöðvuðust af því einu, að gjaldeyrismálin þar voru komin í ólag. Og það er vitanlegt, að það var fyrst í febrúar sl., sem stórþjóðirnar, sem töpuðu milljónum af innifrosnu fé í Brasilíu, voru búnar að koma skuldamálum þeirrar viðskiptaþjóðar þannig fyrir eða í það lag, að gjaldeyrisverzlun hennar yrði gefin frjáls. Mynt þeirra nefnist milreis, og 1930 jafngiltu 40 milreis ensku sterlingspundi, peningar þeirra féllu svo í verði, þannig að 100 milreis þurfti á móti ensku pundi og 1935 voru um 80 milreis í pundinu. Þessi þjóð, sem aflar sér ódýrra fæðutegunda, eins og kjöts, korns og ávaxta, hefir ekki ráð á því að borga fisk svipað því eins háu verði og við höfum þurft að selja hann fyrir, beinlínis vegna þessa misvægis á milli gengis peninga þeirra og enskra peninga. Af þessu var ekki hægt að hefja viðskiptasamvinnu við þessa þjóð, fyrr en í vetur, þegar gjaldeyrisverzlun hennar var gefin frjáls.

Það er nú engin furða, þó að hv. þm. Ísaf. viti ekki, hvernig í þessu máli liggur. En mig furðar, að hæstv. atvmrh. skuli hafa farið að hlaupa ofan í sömu vilpuna til þess manns, því að sannarlega ætti honum vegna stöðu sinnar að vera þetta kunnugt.

Ég hefi eytt þessari stund til þess að mótmæla þessu, af því að ég tel það illa til fallið að fara að hlaupa til og álasa forstjórum Sölusambands ísl. fiskframleiðenda undir því yfirskini, að þeir hafi ekki gert það, sem hægt var fyrir fiskmarkaðinn í Suður-Ameríku.

Um fiskmarkaðsmöguleika í Norður-Ameríku verð ég að vera fáorður. En af þessum umr. er mönnum orðið það ljóst, að von eða jafnvel vissa var um, að S. Í. F. hefði opnað möguleika til sölu á fiski til Norður-Ameríku með góðum kjörum. En fiskimálanefnd hefir lokað þessum viðskiptaleiðum með aðstoð hæstv. atvmrh., og meira, fyrirfarið sóma okkar í sambandi við þetta um leið.

Til þess að hnekkja þeim ósannindum, sem hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. fóru hér með um það, að umboðsmaður okkar (S. Í. F.) í New-York hefði ekki getað selt Steady-farminn, þá ber nú svo vel í veiði, að í dag kom bréf, sem er afrit af bréfi til Sigurðar Jónassonar frá Olaf Hertzwig, þar sem hann skýrir frá því, hvers vegna hafi verið riftað kaupum á þessum fiski, sem fluttur var með mótorskipinu Steady til Ameríku. Hann segir þar:

„Vér höfum kaupendur, sem vilja kaupa allmikið, sennilega allan farminn. Góðfúslega gefið oss bezta tilboð yðar."

Þessi maður hefir enn á hendinni viðskiptamenn, sem vilja kaupa mikið af farminum eða

hann allan. Og hann býður Sigurði Jónassyni að kaupa hann. Það er slysalegt, að hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. skuli hafa skrökvað um þetta. Því að hér er þessi maður að bjóðast til að selja farminn. En þá má Sigurður Jónasson ekki selja hann. Þessi 22 tonn, sem seld voru, eru af öðrum farmi. En af Steady-farminum hefir ekki verið selt annað en þau 45 tonn, sem umboðsmaður okkar gat selt.

Annað, sem þessir herrar hafa sagt í þessu máli, er á álíka góðum rökum reist eins og þetta.

Þá þótti hæstv. atvmrh. það mestu firn, eftir orðum hans að dæma, að ég skyldi vera í stj. S. Í. F., og áleit hann, að þar hefði ég lítið til brunns að bera. Ég skal að því leyti viðurkenna, að hæstv. ráðh. hafi rétt fyrir sér, að til eru miklu fróðari menn og þekkingarmeiri í S. Í. F. heldur en ég. En ég hygg, að ástæðan til þess, að ég er í stj. S. Í. F. sé sú, að fiskeigendur viti þó, að ég muni vera þeim trúr og vilja þeim vel.

En sýnist hæstv. ráðh. það ekkert undarlegt, að allir fiskeigendur á Íslandi skuli þurfa að sækja undir hann sem yfirmann um þessi mál? Hefir hann þekkinguna? Hefir hann trúmennskuna? Ég ætla, að hæstv. ráðh. hafi séð það, þegar hann mætti á fundi í S. Í. F. síðast, hversu undarlegt þetta er.

En út af því, sem hæstv. atvmrh. var að tala um, að þessi fisksölumál heyrðu undir fiskimálanefnd, þá vil ég benda á það, að fiskimálanefnd var búin að senda jafnstóra sendingu af fiski, 200 tonn, til Póllands. En farmurinn lá allt sumarið í skipinu fram í september frá því í apríl. Yfir þennan tíma voru borgaðar 6 þús. kr. fyrir skipið hvern mánuð. Og 40 þús. kr. tap varð á þessari sendingu, eftir því, sem reikningar um þetta gáfu til kynna. Þar var í þeim reikningum einn póstur, sem talinn var auglýsingakostnaður, um 10 þús. kr. En aldrei var kostað einum eyri til þess að auglýsa þann fisk. Aðeins kvað blöðin hafa verið keypt til að geta ekki um farminn. Þannig var nú fortíð fiskimálanefndar í fisksölumálunum.

Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi rekið sig á það á þessum aukafundi fiskeigenda um daginn, að þó að ég e. t. v. og a. m. k. að hans sögn, hafi lítla þekkingu á fisksölumálunum, þá hafi sami sem áður mínar till. fengið þar góðan byr. En hitt sá hann líka, að aldrei hefir nokkur framkoma nokkurs manns á nokkrum fundi mætt eins djúpri fyrirlitningu eins og framkoma hans þar. Og þó að þessi hæstv. ráðh. og stj. í heild taki því ekki nærri, sem hv. form. Sjálfstfl. fór fram á, að hæstv. ráðh. hverfi úr ráðherrastólum, þá hygg ég, að þeir þurfi ekki mikið fyrir því að hafa, heldur muni það koma af sjálfu sér, af því að alþýðunni í landinu þyki það tímabært. Og ég vona, að forlögin verði svo miskunnsöm að láta fenna fljótt yfir slóð þeirra í íslenzkum stjórnmálum, þar sem í hverju spori má heita að sé að finna slys og ótrúmensku.

*__Sigurður Einarsson:__ Góðir áheyrendur! Það er ekki óalgengt, að það heyrist hér, og þá einkum í umr. eins og þeim, sem hér hafa farið fram í gær og dag, að verið sé að tala um þau geysiháu fjárlög, sem núverandi stj. leggur fyrir Alþingi og afgreiðir með stuðningi sinna flokka. Á einum 15 mínútum er ekki hægt að drepa á nema aðalatriðin í því sambandi. En það eru ekki fjárlögin ein, sem eru fyrsta og mesta atriðið í þessu máli. Fjárlögin eru aðeins meira og minna nákvæm áætlun á hinum ýmsu atriðum þeirra. Og það, sem allt veltur á um þau, er það, hvort þau séu svo samin og sett, að kostur sé að halda þau og að þau standist í einstökum atriðum í heild. Reglurnar, sem fara verður eftir við samningu fjárl., til þess að líkurnar verði sem mestar til þess, að þau standist í framkvæmd, eru þær, að taka allt með, sem mestar líkur eru til, að komi fram á landsreikningi, fela hvorki fyrirsjáanleg gjöld né tekjur, og halda sig síðan við fjárlögin.

Það getur vel verið, að þeir, sem fjasa hér mest um fjárl. núverandi stj. haldi, að hlustendur séu svo fáfróðir, að þeir viti ekki, að til er nokkuð, sem heitir fjáraukalög, og enn annað, sem heitir landsreikningur. Þetta hvorttveggja er til og talar miklu skýrara máli en fullyrðingar við fjárlagaumr.

Hér skulu tilfærð nokkur dæmi um samningu fjárl. og útkomu fjáraukal. á undanförnum árum. Svo verður fólk að gera það upp við sig, hvort það vill heldur, að þing og stjórn geri, að semja fjárl. þannig, að fram þurfi að leggja síðar há fjáraukal., eða að fjárl. séu þannig sett, að fjáraukal. þurfi ekki að verða mjög há vegna þess, að fjárl. hafa verið samin í sem nánustu samræmi við veruleikann sem kostur er.

Fjáraukal. fyrir árið 1931 voru kr. 3392238,14 + 348279,64 = 3740517,78 kr.

Fyrir árið 1932 voru þau kr. 997921,29 + 74987,44 = 1072908,73 kr.

Fyrir árið 1933 voru þau kr. 136933,14 + 2017211,76 = 2154144,90 kr.

Fyrir árið 1934 voru þau kr. 207405,34, og með þeim, sem nú eru nýlögð fram, alls kr. 3858362,67.

Fjáraukal. fyrir 1935, sem lögð eru fram, eru að upphæð 53845,95 kr. Hér á eitthvað eftir að koma til viðbótar, en hér er líka mikill munur á.

Það hlýtur að vera einkennileg lífsreynsla fyrir hv. hlustendur að heyra formann Sjálfstfl., Ólaf Thors, ár eftir ár flytja ræðuna sína í eldhúsumr. á Alþingi. Hann er orðinn einskonar pólitískur halastjörnuspámaður. En það er eins með hann eins og suma aðra halastjörnu- og heimsendisspámenn; hann fær ekki sinn heimsendir. Í eldhúsdagsræðum hans kveða við hróp um „feigðargöngu“ fjárhagslegt hrun, fjármálaspillingu og allt í þessa átt, sem nöfnum tjáir að nefna. Og hann krefst þingrofs upp á þetta.

En til hvers vill hann þingrof? Hvað býður hann upp á og hvað hefir hann boðið upp á? Nú skulum við athuga það.

Í fyrsta lagi býður hann upp á sparnað og gætilega fjármálastjórn. Það er trúlegt, að það verði á færi eyðsluklónna að framkvæma slíkt!

Sparnaðurinn, sem hv. þm. G.-K., formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, vill koma fram, er sparnaður á framlagi til verklegra framkvæmda í landinu, framlagi til verkamannabústaða, fram-

lagi til Byggingar- og landnámssjóðs, framlagi til landbúnaðarmála. Allt sparnaður á framlögum til hagsmunamála almennings.

Ég hefi starfað með hv. sjálfstæðismönnum í fjvn. Þar hefir ekki verið mikið sparnaðarhljóðið í þeim. En þeir hafa sótt það jafnfast eins og við hinir, að veitt yrði fé til framkvæmda í kjördæmum landsins sem slíkum. Þeir hafa einnig lagt til, að fellt yrði úr tekjuliðum ríkissjóðs útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem er nú um 650 þús. kr. á ári, og gjald af innfluttum vörum, um 750 þús. kr., eða alls 1400 þús. kr., og það án þess að koma með neinar sparnaðartill. til þess að vega þar á móti. Keppni þeirra er bara um að lækka tekjuliðina. Það er ráðið. Þetta er gætilega fjármálastjórnin! Seinna gefst tækifæri til þess að segja ykkur betur, heiðruðu hlustendur, hvað á að spara.

Annað úrræði hv. formanns sjálfstfl., Ólafs Thors, til að spara er „skynsamleg viðskipti við útlönd".

Það þarf stillingu til skynsamlegra viðskipta í því efni, þannig að ekki tjáir að hlaupa úr n., sem stofnuð er til samvinnu um þau mál, á meðan hæst stendur á stórfum hennar.

Trúir nokkur því, að Sjálfstfl. sé líklegur til að laga greiðsluhallann við útlönd?

Á Ólafi Thors hangir nú kaupsýsluhákarl í Reykjavík, heildsalar og þ. h. Þeir heimta alltaf meiri innflutning, meiri vörur til að selja, meira svigrúm til að braska. Og nú seinast gerir Sjálfstfl. gjaldeyrisherferð á hendur stjórnarvöldunum. Mér þykir fyrir því, hve lint hefir verið tekið á því máli.

Hæstv. atvmrh., Haraldur Guðmundsson, rakti skoðun Ólafs Thors í gær í búskap hins frjálsa framtaks og ummæli hans um fúaduggur, ryðkláfa, töp og hrörnun, úrræðaleysi og vandræði sjávarútvegsins. Það þýðir ekkert fyrir sjálfst.-menn að kveinka sér undan þessum staðreyndum. Það þekkja þær allir. Og það skilja þær allir. Það skilja allir, hvernig á því stendur, að samvinnumenn byggja upp sterkan félagsskap af sínum litlu efnum, að verkamenn skapa sér stórfelld menningar- og hagsmunasambönd, á meðan allt sekkur hjá þessum sólarbörnum þjóðfélagsins, hinum dugandi mönnum frjálsa framtaksins, sem réðu bönkum og öðrum peningastofnunum og framleiðslutækjunum. Þetta er af því að sérhagsmunastreita þeirra, augnabliksgræðgi, skammsýni og vesaldómur hefir gert alla möguleika þeirra að engu. — Þeir hafa gert allt sitt að engu. Alþýðan hefir skapað það litla, sem hún hefir, af engu.

Hvað býður Ólafur Thors ennfremur upp á? Betra réttarfar. Þá er rétt að minnast örlítið á togaranjósnirnar. Íhaldið á sér gamla sögu í þessum málum. Réttarfar þess á sjó og landi er alræmdast af öllu því, sem gengur undir nafninu **réttarfar** á Norðurlöndum. Þau ár, sem íhaldið hefir farið með völd, hefir landið réttarfarslega verið eins og skrælingjanýlenda.

Nei, það hefir áreiðanlega komið ýmsum einkennilega fyrir, þegar Ólafur Thors krafðist kosninga í nafni flokks síns. Hvaða umboð mun hann hafa haft til þess?

Hv. formaður sjálfstfl., Ól. Thors, segir, að vilji sjálfstæðismanna hafi verið virtur að vettugi. En í hverju? Gat Ólafur Thors búizt við því, að það einræði, sem hann dreymdi um árið 1934, fengi hann að framkvæma, þegar þjóðin hafði afneitað honum og öllu hans athæfi? En ég skora á hv. þm. Sjálfstfl. í fjvn. að greina frá því, í hverju vilji þeirra hefir verið virtur að vettugi. Þeir vita vel, að slíkt var ekki tilfellið. En þeir hv. þm. fengju ekki að tala, þó að þeir vildu né greina frá því rétta í þessu efni.

Það, sem til þess kemur, að hv. sjálfstæðisflokksmenn segja, að vilji þeirra hafi verið virtur að vettugi, er að þeim sviður það, að þingmeirihlutinn hefir haft vit fyrir hinni flasfengnu og ofsafengnu flokksforustu sjálfstæðismanna, eins og honum bar skylda til.

Ég vil beina þeim orðum til ykkar, alþýðuflokksmenn í bæjum og sveitum landsins, að fylgjast vel með þessum umr. og spyrja alltaf eftir úrræðum sjálfstæðismanna. Þau eru jú allglæsileg! Nú skulu nefnd nokkur þeirra: Vinnulöggjöf Thors Thors, sem er miðað gegn alþýðunni í landinu. Niðurlagning arðberandi fyrirtækja. Lækkun framlaga til verklegra framkvæmda. Létting skatta af stóreignum og hátekjumönnum og af atvinnurekstri þeirra. Lagavernd fyrir hina stóru á kostnað hinna smáu, eins og t. d. mjólkurlög Þorsteins Briems og Korpúlfsstaðabúsins. Umráð yfir gjaldeyrinum í hendur stórkaupmanna. Innflutningur langt umfram kaupgetu landsmanna. — Þetta eru úrræðin. Það er þetta, sem Ólafur Thors er að bjóða ykkur að kjósa upp á, í stað þeirrar stjórnarstefnu, sem núverandi stjórnarflokkar fylgja. En hann varast að segja þetta berum orðum. Hannes er látinn hjala allskonar svikagyllingar um krónu-lækkun, sem hann hefir ekkert vit á. Jón Pálmason er látinn velta vöngum framan í bændur með alls konar frómum utangarnabollaleggingum ásamt allmiklu af rangfærslum um jafnaðarmenn. Þorsteinn Briem er látinn naga sig í handarbökin fyrir að hækka ekki jarðræktarstyrkinn og krefjast þess nú af jafn miklum móði, að hann verði hækkaður, eins og hann var svikull og deigur við það, á meðan hann réð yfir þeim málum. Þetta eru leiktjöldin utan um foringja Sjálfstfl. og stefnu hans. En inni fyrir er harðsvíruð drottnunarstefna örfárra manna, sem ætla sér að stjórna hér með ofbeldi, ef þeir fá nokkru sinni færi til að ráða hér lögum og lofum í landinu: ráða bönkunum, ráða atvinnutækjum, ráða afrakstri framleiðslunnar og framleiðslunni sjálfri. En fólkið í landinu er búið að fá nóg af þeirri ráðsmennsku. Það segir bara: „Fjandinn fjarri mér."

Hversvegna flanar hv. formaður Sjálfstfl. út í það að biðjast kosninga? Það er vitað, að þessi flokkur er að ala upp barsmíða- og mannvígaflokk hér í landinu. Þeir setjast í launsátur fyrir mönnum. Þeir æsa til manndrápa og blóðsúthellinga. Það er óþekkt fyrirbrigði hér um langt skeið bréfið, sem skrifað var á dögunum í sambandi við 1. maí n. k. Og að þessum æskulýð standa klerkar og prelátar bæjarins. Formaður Sjálfst.fl. veit vafalaust betur en ég, eins og fyrirrennari hans, Jón Þorlákssson, um hinar hreinu hugsanir þessara æskumanna. Hann veit senni-

lega, hvers hann má vænta af þeim. Hugsið ykkur, alþýðumenn, þessa uppbelgdu snáða koma heim á bæi ykkar, þólgna af ofstopa og hroka hins fáfróða smælingja, sem fengið hefðu mikið vald til að reka erindi kúgarans, taka að skipa ykkur fyrir og heimta af ykkur skatta í flokkssjóði íhaldsins og refsa gömlum andstæðingum þess. Þetta er gert í Þýzkalandi.

Ef hv. formaður Sjálfstfl. er heils hugar um að beiðast kosningar og ef honum er annt um það, að hans hlutur og flokks hans verði ekki ennþá hlálegri en hann er, þá er það af því, og af því einu, að hann trúir á þetta ofbeldislið. Þetta er varalið íhaldsins nr. 2, en yrði nr. 1, þegar svo væri komið, að flokkurinn hefði náð völdum.

Fasisminn er engan veginn dauður í landinu. Hann lifir í íhaldinu. Hann er nú eina von þess og líftaug.

Það er undir yfirskini lýðræðis og mannfrelsis, en með algerlega markvissan tilgang um að beita óaldarhersveitum sínum, sem Ólafur Thors biður um kosningar.

*Jónas Jónsson: Ég hélt hér ræðu í dag, þar sem ég rakti nokkuð fjármálaferil Kveldúlfsforstjóranna, skuldamyndun ríkissjóðs, afstöðu íhaldsins til gengismálanna, njósnamála landhelgisbrjótanna og stjórnar Kreppulánasjóðs. Og mér tókst að rökstyðja mitt mál þannig, að enginn, hvorki formaður íhaldsins eða varaliðið eða nokkur annar, hefir treyst sér til að hrekja orð mín. Það stendur óhrakið, að íhaldsflokkurinn hefir staðið fyrir því að taka að láni 30 millj. af 40 millj. kr. skuldum ríkissjóðs og að, þó að þessi flokkur hafi ekki staðið fyrir því að taka hinar 10 millj. kr. að láni, þá hafa hv. þm. þess flokks við 12 umr. í Alþ. rétt upp hendur til samþykkis því. Það stendur óhrakið, að Jón Þorláksson kom á gengishækkun, þegar hann tók við völdum, og að stjórn Þorsteins Briems reyndi ekki að lækka krónuna þau 2 ár, sem hún var við völd hér. Og nú hefir hæstv. forsrh. sannað það með fundarbókum Framsfl., að það eru tóm vísvitandi ósannindi, sem hv. 10. landsk. fór með. Í sambandi við njósnarmálið kom fram, að hann þorði ekki vegna form. og kaupmanna í Sjálfstfl. að gera nokkuð í njósnarmálinu, og sýndi hæstv. forsrh. fram á, hvernig hv. þm. G.-K. bar ábyrgð á öllum óheilindum og svikum í landhelgismálunum síðan 1928 og að fyrir honum og hans liði vakti í þessu sambandi ekkert annað en eigingirni.

Ég sýndi ennfremur fram á, hvernig Jón í Stóradal og Pétur Magnússon hafa þverbrotið allar reglur í stjórn kreppulánasjóðs til þess að hlynna að sínum kunningjum og kjósendum, og níðzt á hinum fátæku, og hvernig þeir hafa eyðilagt búnaðarbankann. Þetta allt og meira til hefir formaður íhaldsflokksins játað með þögninni, hann hefir orðið að játa þetta með þögninni. Hann stendur nú uppi varnarlaus og afhjúpaður í öllum þessum málum gagnvart þjóðinni.

Þá kem ég að því, sem einn íhaldsmanna sagði hér í dag, að Jón Árnason hefði tekið afstöðu á móti því að maður væri sendur til Suður-Ameríku í markaðsleit. Þetta eru helber ósannindi. Jón Árnason stakk upp á því áður, að hafin væri markaðsleit í Suður-Ameríku, en sat svo hjá, þegar Thor Thors var sendur, því hann óskaði heldur eftir öðrum sendimanni.

4. júlí í sumar bar Jón Árnason fram á fundi í S. Í. F. till. þess efnis, að hafizt yrði handa um markaðsleit í Suður-Ameríku. Þetta er undirstaðan undir ferðum þeirra Thor Thors og Kristjáns Einarssonar. Fyrr hafði stjórn S. Í. F. ekki dottið þetta í hug. Hún hafði ekki einu sinni haft mannrænu til þess að svara bréfum frá Suður-Ameríku. Það er upplýst, að sölusambandinu var svo hörmulega stjórnað, að 1933 er kvartað um það frá Spáni, að ekki sé viðlit að fá svarað bréfum þaðan fyrir þá, sem ekki séu í náð hjá Kveldúlfi. Óreiðan, ólagið og ræfilshátturinn var svo úr hófi keyrandi, að í viðskiptunum voru að engu hafðar algengustu reglur siðaðs fólks og almenn kurteisi. Og sú viðreisn, sem nú er hafin, kemur vitanlega frá S. Í. S. Ég vil þá minnast á annað, sem sýnir hugsjónagnótt núverandi formanns Sjálfstfl. í þessum efnum. Þegar Jón Árnason var að vinna að því að koma fótum undir kæliútflutning á kjöti, var ég í n. með honum og Tryggva Þórhallssyni og þremur íhaldsmönnum. Þessir þrír menn, sem íhaldið hafði kosið, neituðu þá samvinnu og sögðu, að við hefðum ekkert að gera með kæliútbúnað til útflutnings á fiski.

Síðan hefir S. Í. S. fengið kæliskip og byggt kælihús, sem ekki hefir aðeins bjargað kjötsölunni, heldur líka búið undir þann fiskútflutning, sem nú er byggt á, en svo mikill var þá roluskapurinn hjá þessum mönnum, sem svikust í landhelgi með skip sín og hjálpuðu öðrum til að gera það sama, að þeim datt ekki í hug að frysta fisk.

Þá vil ég að síðustu minnast á barlóm þess vesalings, sem hv. þm. Snæf. hefir játað, að hafi verið sendur inn á þing sem einskonar lausaleikskrakki Sjálfstfl. Á þessum barlóm var svo að heyra, að í sveitunum væri allt að fara á hausinn, að eigendur jarðanna væru að flýja frá þeim og sveitirnar að tæmast. En hver er svo raunveruleikinn? Nú er ástandið þannig, að afkoman hjá bændunum er betri en hjá nokkurri annari stétt í landinu, nema ef það væri hjá einstökum spekúlöntum hér í höfuðstað landsins.

Ef við athugum, hvað gerðist í öðrum löndum, þegar vélamenningin var að ryðja sér til rúms, t. d. í Englandi á seinni hluta 18. aldar, þar fór það svo, að vélamenningin eyddi bændastéttinni gersamlega, og hún hefir aldrei komið þar upp síðan. Í Englandi er ekkert sveitafólk. Engin bændastétt. Þessi sama saga hefði endurtekið sig hér nú á síðustu árum, ef Framsfl. hefði ekki verið startandi, þá hefði engin bændastétt verið til nú á Íslandi. Hún hefði verið drepin af íhaldsflokknum.

En nú er ástandið í sveitunum þannig, að ræktun hefir hraðaukizt, að bændur hafa byggt sér betri hús en áður, skólar hafa risið upp, vegir verið lagðir og brýr byggðar. Bændur hafa fengið sín kælihús, mjólkurbú og kæliskip. Og útvarpið flytur nú fréttir utan úr heimi og

héðan úr sölum Alþingis til allra manna. Svo koma hér fram menn, sem segja, að ekki sé lifandi í sveitum á Íslandi.

Fólk, sem hefir verið leiðandi í íslenzkri pólitík í síðustu 20 ár, leyfir sér, þrátt fyrir þessar staðreyndir, að koma hér og halda því fram, að það sé uppgjöf hér í sveitum landsins. Þess háttar fullyrðingar hljóta að stafa af óafsakanlegri fáfræði eða öðru verra.

Á ég að segja, hvað ég sá í sumar á einu af okkar beztu skipum? Ég gekk inn í hásetabústaðinn. Þar bjuggu 8 vaskir karlmenn í 2 kompum, og voru 4 rúm í hvorri, og þarna voru geymd öll föt þeirra. Þeir höfðu engan síma, ekkert útvarp, engin blöð, og þeir koma heim til sín einu sinni á 4—6 vikna fresti. Þetta er þeirra heimkynni, sem eru á hinum beztu íslenzku skipum. Þannig er búið að þeim mönnum, sem eiga að vinna örðug verk. Þetta er umhyggjan fyrir almenningi hjá þeim mönnum, sem hæst gala og gaspra um það, að ekki sé lifandi í sveitunum.

Vilja menn svo bera þetta saman við bóndann, sem hefir sitt tún og sinn bæ, hefir aðgang að bíl, á radio og á sinn þátt í kæliskipum, kælihúsum og mjólkurbúum.

Þorir svo nokkur að bera það fram, að bændurnir séu að flosna upp. — Það er ekkert annað en auðvirðilegur rógur auðvirðilegra manna, sem íhaldsflokkurinn hefir sett á þing, og þeirra, sem eru hans lausaleikskrakkar!

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Hæstv. forsrh. talaði um fjármálastjórn samsteypustjórnarinnar og sagði, að hún hefði verið með þeim endemum, að sliks væru engin dæmi.

Ég vil nú spyrja þau einu málsskjöl, sem geta sagt satt og rétt um þetta mál, og athuga það eina ár — 1933 —, sem hún sat að völdum. Við það eitt er hægt að miða, ef um þetta á að dæma óhlutdrægt. Hvernig verður svo svarið, ef við spyrjum þessi málsskjöl, sem eru fjárlög og landsreikningur fyrir árið 1933.

Ef við athugum landsreikninginn fyrir árið 1933, þá sýnir hann betri útkomu á rekstrarreikningi heldur en fjárlög fyrir það ár gera ráð fyrir. Á fjárlögunum er gert ráð fyrir, að rekstrarhallinn verði 195 þús. kr., en landsreikningurinn sýnir 133 þús. kr. rekstrarhalla, eða 62 þús. kr. minni en gert er ráð fyrir á fjárlögum. M. ö. o. fjárhagsafkoman er 62 þús. krónum betri á landsreikningi heldur en gert er ráð fyrir á fjárlögum.

Ef við berum þetta svo saman við árið 1935, þá kemur það í ljós, að á árinu 1935 er útkoman á landsreikningi lakari heldur en gert er ráð fyrir á fjárlögum, og samt voru fjárlögin fyrir árið 1935 hæstu fjárlög, sem hér höfðu sézt, og þá fékk stj. 3 millj. kr. ágóða af vínsölu.

Ég skal nú bera saman fjárlögin fyrir árið 1935 og það bráðabirgðayfirlit, sem hæstv. fjmrh. hefir gefið um afkomu á því ári. Á fjárlögum fyrir árið 1935 var áætlaður rekstrarafgangur 650 þús. krónur, enda var þá búið að leggja á nýja skatta, sem námu mörgum millj. kr. Samkv. bráðabirgðayfirliti hæstv. fjmrh. er þessi tekjuafgangur ekki nema 500 þús. kr., þ. e. a. s. 150 þús. kr. minni en fjárlögin gera ráð fyrir, og má þó vænta þess, að ekki bregði algerlega út frá þeirri venju, að landsreikningurinn sjálfur sýni meiri útgjöld heldur en hægt er að sýna á slíku bráðabirgðayfirliti. Það er sú viðtekna venja, sem varla verður útilokuð.

Hæstv. fjmrh. montaði af því í fyrra, að útgjöldin færu ekki fram úr áætlun, og á einum fundi, sem ég var á í fyrra, man ég eftir, að því var lýst yfir, að útgjöldin færu ekkert fram úr áætlun. Hann sagði, að það gæti verið, að þau færu svo sem 10 krónur fram úr áætlun. En hvernig fer? Samkvæmt bráðabirgðayfirliti hæstv. fjmrh. fara þau 2,2 millj. fram úr áætlun. Á árunum 1932—1935 fara þau ekki að meðaltali meira fram úr áætlun, þótt fjárlögin væru miklu lægri á þeim árum. Fjárlögin fyrir árið 1932 hljóðuðu upp á 10,5 millj., en útgjöldin urðu 12,3 millj. 1933 voru á fjárlögum áætluð 10,7 millj. kr. útgjöld, en reyndust 13,6 millj. kr., og árið 1935 voru á fjárlögum 13,1 millj. kr., en útgjöldin urðu 15,3 millj. krónur samkvæmt því bráðabirgðayfirliti, sem hæstv. fjmrh. gaf, og geta væntanlega ekki lækkað frá því.

Hæstv. forsrh. þurfti, eins og vant er, að monta af einhverju, en þegar hann var að svara hv. þm. A.-Húnv., þá fann hann ekkert annað til að monta af en það, að hann hefði veitt styrk til frystihúsa. Hann hefir þá gleymt, að það var ekki hann, sem veitti hann. Það var gert í minni tíð, og þessi styrkur nam um ½ millj. kr.

Kreppuhjálpin, sem lög voru sett um í tíð samsteypustjórnarinnar, nam alls 14 millj. kr., og það eru ekki dæmi til þess hér, að á einu ári hafi jafnmikið fé verið veitt til landbúnaðarins eins og árið 1933 af samsteypustjórninni, og engin stjórn hefir enn getað borið sig saman við hana um það efni.

Hæstv. forsrh. þorði ekki að tala um loforð framsóknarmanna um hagnað á mjólkursölunni. Hann þorði ekki að segja, að viss hluti bænda hefði tapað 105 þús. kr. og annar hluti þeirra grætt 75 þús. kr. Hann hefir þar með viðurkennt það, sem ég sagði, að árangur mjólkursölulaganna hefir orðið tilfærsla á verði á milli bænda, en ekki ágóði í heild.

Um brauðbúðir sósialista hrakti hann ekkert af því, sem ég sagði í þeirri skýrslu, sem ég gaf og sem var fyrir 3 mánuði, ágúst—október 1935, en hann kom með skýrslu frá yfirstandandi ári, sem ekkert tekur til þeirrar skýrslu, sem ég gaf.

Um kjötið sannaði ég, að bændur hefðu ekki haft neinn hagnað af kjötsölulögum, nema verðjöfnunarsjóðsgjaldið. Aðrar þær tölur, sem t. d. hv. 2. þm. N.-M. hefir verið með, eru villandi.

Ég hefi áður sýnt það, að í mjólkurlögunum gömlu var farið eftir till. frá ráðamönnum tveggja stærstu mjólkurbúanna, og þarf ég ekki að bæta neinu við það.

Hæstv. forsrh. þorði ekki að fara út í það, sem ég sagði um það, hve dagsverkin í vega- og brúargerðum hefðu verið miklu færri á árinu 1935 heldur en 1933. Hann álasaði mér fyrir, að ég sagði, að ég hefði samkvæmt heimild tekið lán til vega- og brúargerða, en það kom einkum til góðs fyrir Austfirði, að opnaður var bílvegur

héðan austur til Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar. Hann ásakaði mig fyrir þessa hjálp við Austfirðinga og fyrir hjálp við Rangvellinga með brýr á Þverá og Markarfljót, en það eru einmitt þessar brýr, sem hv. þm. S.-Þ. hefir verið að hæla Páli Zóphóníassyni og Sveinbirni Högnasyni fyrir, svo mér sýnist, að hæstv. ráðh. ætti að hætta að álasa mér fyrir þær.

Sama má segja um Árnessýslu, hún hefir líka haft mjög gott af þessu láni.

Þá vitnaði hæstv. forsrh. í gerðabók Framsfl. og sagði, að þar væri engin ályktun um gengismálið bókuð. En það er hægt að kynna sér hug manna á annan veg en með því að lesa ályktanir í gerðabókum.

Hæstv. forsrh. sagði, að við bændaflokksmenn værum pólitískt dauðir. Hann hefir nú sagt það í 2 ár, að Bændafl. væri dauður, en hann lifir nú samt, og hann heldur áfram að vaxa og dafna, og hann yfirvinnur Framsfl. Framsóknarmenn eru líka alltaf með lífið í lúkunum út af því að Bændafl. er að vaxa, Framsfl. þjáist af stöðugri pólitískri móðursýki, þegar hann hugsar til Bændafl. Tíminn spann langan lopa út af því, að hv. þm. V.-Húnv. hefði sézt á tali við hv. 4. landsk. og jafnvel við hv. 2. þm. Reykv. En nú nýlega hefir hann fengið annað umræðuefni. Það spratt af því, að hv. þm. V.-Húnv. háði hér nokkra orðasennu við þá bræður, hv. þm. Snæf. og hv. þm. G.-K. Hv. þm. V.-Húnv. hélt allfast á sínu máli, eins og hann er vanur, og vildu þeir þá vega að honum með því vopninu, sem þeir hugðu þá í svipinn, að bezt mundi bita, og báru það fram, að nokkrir sjálfstæðismenn mundu hafa veitt honum fylgi við síðustu kosningar og að hann ætti það þeim að þakka, að hann hefði náð kosningu. En hv. þm. V.-Húnv. á það ekki Sjálfstfl. að þakka, að hann var kosinn, fremur en hann á það Framsfl. að þakka, hve margir framsóknarmenn kusu hann, þeir kusu hann af því, að þeir vildu fylgja Bændafl. Tímaflokkurinn er að sjá það, að sífellt fleiri og fleiri hallast að Bændafl., því hann heldur fram þeirri gömlu stefnu Framsfl., sem flestir hinir svo kölluðu framsóknarmenn eru nú frá gengnir og orðnir annaðhvort sósialistar eða kommúnistar. Margir falla líka frá Framsfl. af því, að hann hefir hv. þm. S.-Þ. innanborðs, og á meðan ekki var til annar sveitaflokkur en sá, sem hýsti hv. þm. S.-Þ., þá þóttust þeir menn hvergi geta verið annarsstaðar en í Sjálfstfl. En strax og risinn var upp jónasarlaus Framsfl. — þ. e. Bændafl., sem ekki vildi láta sósialista og kommúnista knésetja sig, þá vildu þessir menn ganga í hann og styðja hann, og úr hópi þessara manna kom Bændafl. mjög mikið fylgi til viðbótar við það aðalfylgi, sem hann hefir og komið er úr gamla Framsfl., sem fögnuðu því, þegar þeir sáu, að gamli flokkurinn þeirra var orðinn fylgilnöttur annars flokks, að þá skyldi rísa upp nýr Bændafl. Flokkur, sem vildi halda gömlu stefnunni og ekki léti hafa sig að leiksoppi af sósialistum eða rússneskum ráðstjórnarflokkum. Þeir voru margir, sem fögnuðu, því að það reis upp flokkur, sem þorir að berjast til beggja handa og fylgja góðum málum, hvaðan sem þau koma. Flokkur, sem vill, að bændur dreifi ekki kröftum sínum, heldur snúi saman bökum í sameiginlegri sókn og vörn, og þessum flokki eykst sífellt lið. Menn koma frá hægri og frá vinstri og safnast undir merki hans, því þeir finna, að gömlu flokkarnir eru búnir að lifa sitt fegursta, og þá fyrst og fremst Framsfl., sem nú siglir í kjölfar sósialista og kommúnista með hv. þm. S.-Þ. við hún. — Þessi götótti gunnfáni segir illa til litarins, enda er sagt, að það sé heppilegast að flagga honum ekki ofar en í hálfa stöng.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__: Hv. þm. V.-Húnv. hélt því fram, að það hefði nú nýlega verið tekin ákvörðun af Framsfl. um gengismálið, og byggði það á því, sem ég sagði, að Bændafl. héldi fram gengislækkun, en Framsfl. hefði tekið það ráð að hækka verðið á innlendum markaði og taka lán á erlendum markaði. En það er ekki rétt, að flokkurinn hafi tekið neina ákvörðun um gengismálið, enda er það ekki hægt, það verður að fara eftir ástæðum. En það merkilega í þessu sambandi er það, að hv. þm. gat ekki hrakið það, að aðferð okkar framsóknarmanna á árunum 1934 og 1935 til að bæta hag framleiðenda væri sú rétta. Að það væri rétt að taka ekki gengislækkun, heldur hækka verðið innanlands á afurðunum með löggjöf.

Þá talaði hann enn um Þýzkalandsmarkaðinn og sagði, að sumir hefðu af einhverjum ástæðum veigrað sér við því að selja til Þýzkalands á árinu 1934, þrátt fyrir að þar hefði boðizt hærra verð en annarsstaðar. Ég skal nú upplýsa það, að þessar einhverjar ástæður voru þær, að innkaupin frá Þýzkalandi voru svo illa skipulögð af þeirri n. sem þessi hv. þm. átti sæti í, að menn þorðu ekki að selja vörur sínar þangað af ótta við, að andvirði þeirra frysi inni. En á árinu 1935 notaðist Þýzkalandsmarkaðurinn vegna þess, að þá hafði núv. stj. skipulagt viðskiptin svo, að menn þurftu ekki að óttast að mörkin yrðu ekki leyst inn.

Fleiru þarf ég ekki að svara þessum hv. þm. Hann eyddi tímanum í þarflaust pex, en gekk fram hjá því að skýra frá því, hvernig hann gæti fremur talið sig fyrir Bændafl. heldur en fyrir Sjálfstfl. eftir að hv. þm. G.-K. hefir gefið þá yfirlýsingu, að Sjálfstfl. hefði kosið hann á þing. Hv. 10 landsk. var að reyna að vega á móti þessu með almennum upphrópunum um það, að Bændafl. yxi fylgi sem sjálfstæðum flokki, sem menn færu í af því, að þeir væru orðnir leiðir á gömlu flokkunum og þá fyrst og fremst Framsfl. En það þarf mikla óskammfeilni til að halda þessu fram, þar sem það liggur fyrir yfirlýsing frá formanni Sjálfstæðisfl. hv. þm. G.-K., um það, að hann beri ábyrgð á kosningu hv. þm. V.-Húnv. Allt skraf bændaflokksmanna um það, að þessi flokkur sé sjálfstæður og vilji vinna til beggja handa, fellur um sjálft sig, og það hefir sýnt sig, að þessir menn eru pólitískir flugumenn, sem eru sendir af Sjálfstfl. og var ætlað að eyðileggja Framsfl.

Hv. þm. G.-K. er kominn í hina mestu klípu, og til þess að komast út úr henni, reynir hann að rugla saman tölum. Hann segir, hv. þm., og ber hagstofuna fyrir, að það þurfi að bæta 6% við innflutninginn og 10% við útflutninginn

s. l. ár til þess að fá hið rétta út. En nú vill hagstofustjóri ekki kannast við þetta, heldur telur hann, að samanlagt þurfi að draga frá innflutningnum ca. 3 millj. og bæta við útflutninginn öðru eins. Það stendur því óhaggað, sem ég hefi sagt, að greiðslujöfnuðurinn 1935 hafi verið óhagstæður um 4—5 millj. í stað 11—12 millj. 1934. Það er því alveg sama, hvernig hv. þm. G.-K. reynir að sprikla, það stendur fast og því verður ekki haggað, að fyrir ráðstafanir stj. og innflutningsnefndar hefir innflutningurinn lækkað á árinu, sem leið, um 6—7 millj. frá því, sem hann var 1934. Nú er því spurningin sú, hvort sjálfstæðismönnum hefði verið betur treystandi til að fá hagstæðan verzlunarjöfnuð en stjórnarflokkunum? Ég segi nei, og aftur nei, til þess var þeim sízt treystandi, því að svo mjög telja þeir innflutningshömlurnar koma hart niður á sér.

Þá tók hv. þm. þrjú dæmi, sem áttu að sýna skattahækkun stj. Fyrst gat hann þess, að kaffi- og sykurtollur hefði hækkað. En þetta er rangt, því að tollur af þessum vörutegundum hefir lækkað, en ekki hækkað í tíð núv. stj. Einnig taldi hann, að tollur af vefnaðarvörum hefði hækkað, en þetta er líka rangt. Og í þriðja lagi sagði hann, að tollar hefðu verið hækkaðir á allri notaþörf framleiðslunnar. Þetta er líka rangt, eins og allt annað í ræðu hv. þm.

Þá kem ég að því atriðinu í ræðu hv. þm., sem var aðalatriðið. Það atriðið, sem átti að vera rothögg á stjórnarflokkana. Eins og hv. þm. muna, þá skoraði ég á hv. þm. G.-K. í gær að standa við þau ummæli sín, að stjórnarflokkarnir hefðu staðið á móti launalækkunartill. sjálfstæðismanna, en það sagði hv. þm., að þeir hefðu gert, því að við vildum ekki lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, því að hún myndi fyrst og fremst ganga út yfir bein og bitlinga stjórnargæðinganna. Þessari áskorun minni hefir hv. þm. engu svarað. En hann sagði í ræðu sinni áðan, að Sjálfstfl. vildi ekki taka á sig óvinsældirnar, sem fylgdu því að flytja lækkunartillögur. Ég er hreint og beint steinhissa á þessari yfirlýsingu hv. þm., því að hingað til hafa sjálfstæðismenn þó viljað hafa tillögurétt, sem og ekki er undarlegt, þar sem það er einn helgasti réttur þingræðisins, að menn mega bera fram till. Getur nokkur hugsað sér meiri uppgjöf en þetta. Að vilja ekki taka á sig óvinsældirnar af því að flytja lækkunartill. Hvílík fjarstæða. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá sagði hv. þm. í gær, að það sem helzt þyrfti að lækka af útgjöldum ríkissjóðs, væru bitlingar og bein stjórnargæðinganna. Ég vil því spyrja, heldur hv. þm. í raun og veru, að hann yrði óvinsæll, þó að hann bæri fram till. til lækkunar á bitlingum og beinum andstæðinga sinna. Ég held, að hv. þm. þurfi ekkert að óttast um slíkt. Annars mun það svo, eins og oft vill verða fyrir þessum hv. þm., að hann hafi farið of langt, farið einu feti of langt til þess að geta staðið við það, sem hann sagði. Ágreiningurinn liggur alls ekki í þessu, heldur í því, hvort lækka eigi framlög ríkissjóðs til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda. Það er því of vægt að kalla slíkan málflutning sem þennan fleipur, þar sem hann er beinlínis þvaður af lélegasta tægi, og hreint ekkert annað.

Ég býst við, að allir hv. hlustendur kannist við Jón sterka í Skugga-Sveini, hinn innantóma og huglausa grobbara. Þegar hv. þm. G.-K. reisti sig hér í gær og sagðist hafa kveðið í kútinn alla andstæðinga sína, datt mér sannarlega í hug þessi persóna Matthíasar í Skugga-Sveini. Þar sem hann stendur upp á leiksviðinu, eftir að Haraldur hefir kastað honum niður, hristir af sér ruslið og segir: „Sáuð þið hvernig ég tók hann, piltar?“

Hvað snertir tekjuhalla fjárlaganna, þá vildi stj. vinna að því að bæta úr honum, og það hefir hún gert, en ekki með því að auka útgjöldin um 5 milj., heldur aðeins um eina millj. Sömuleiðis hefir stj. viljað vinna að því að fá greiðslu-jöfnuð við útlönd, hvernig það tekst, skal ekkert fullyrt um nú, en útlitið er ekki gott, þar sem verð á öllum útflutningsvörum okkar hrynur niður svo að segja dag frá degi.

*__Hannes Jónsson:__ Háttv. þm. S.-Þ. hóf ræðu sína áðan, með því að minna áheyrendur á það, sem hann sagði fyrr í dag. Þessa var sízt vanþörf, því að annars hefði enginn munað það, því að það er nú einu sinni svo, að allt, sem þessi hv. þm. segir, er sama tóbakið, sami grautur í sömu skál, sem enginn man stundinni lengur. Hann bar af sér það, sem ég sagðist hafa fregnað, að ákveðið hefði verið á fundi stjórnarflokkanna að liggja á gengismálinu, þetta þing a. m. k. Það, sem ég hafði fyrir mér til þess að segja þetta, voru ummæli hæstv. fjmrh., þar sem hann sagði, að Bændafl. hefði borið málið fram til þess að geta verið þar á móti stjórninni. Þessi ummæli hæstv. ráðh. tel ég vera sönnun fyrir því, að Framsfl. ætlar gengismálinu ekki að ganga fram á þessu þingi. Hv. þm. S.-Þ. hefir gert hér að umtalsefni útlánin úr kreppulánasjóði. Vegna þeirra ummæla, sem hann hefir haft um þau, vil ég lesa upp nokkrar spurningar frá vel þekktum bónda, sem beint er til hans. Þær hljóða svo:

„1. Var það tilgangurinn með stofnun og starfrækslu kreppulánasjóðs, að nota hann eftir á eins og gapastokk á almannafæri, þar sem hver óvalinn dóni gæti gengið að viðskiptamönnum hans og skyrpt í andlit þeirra, ef honum byði svo við að horfa?

2. Er kreppulánasjóður eina lánsstofnunin í landinu, sem ekki veitir viðskiptamönnum sínum meiri vernd en það að hvaða stjórnmálasiðleysingi sem vera skal getur vaðið inn á einkamál þeirra og notað þau með meiri og minni rangfærslum og blekkingum til árása og svívirðinga á þá, ef þeir sitja eða standa öðruvísi en þessir herrar vilja vera láta?

3. Og er nú komið svo um álit manna á íslenzkri bændastétt, að jafnvel þeir, sem hafa gert atkvæðaveiðar meðal hennar að atvinnu sinni, telji sér áhættulaust að nota fjárhagsógæfu hennar sem refsivönd á hana, ef hún gerist svo djörf að lyfta höfðinu eins og aðrir venjulegir menn?

4. Eða eru þeir, sem fyrir þessum aðförum standa, svo blindir á báðum augum, að þeir

ekki sjái það, sem hverjum meðalgreindum manni ætti að liggja í augum uppi, að fjárhagsógæfa bændanna er, undantekningarlítið, að því einu þeirra eigin sök, að þeir hafa verið bundnir tryggð við torfuna og haldið áfram atvinnurekstri feðra sinna á meðan aðrir, sem flýðu undan örðugleikum sveitalífsins og leituðu næðisamari starfa, hafa baðað í rósum?"

Þannig hljóða þá þessar spurningar. Þær eru frá flokksmanni hv. þm. S.-Þ., og getur hann nú glímt við að svara þeim. Annars lít ég svo á, að hver *einasti maður, sem fengið hefir lán* úr kreppulánasjóði, eigi heimtingu á að fá að vera í friði um skuldamál sín fyrir áreitni óhlutvandra manna. Eigi því slíkt siðleysi að viðgangast, sem hv. þm. S.-Þ. hefir tekið upp gagnvart sumum þeirra manna, sem lán hafa fengið úr þessum sjóði, verður Alþingi að taka í taumana, því að menn eiga heimtingu á vernd fyrir árásum allskonar óhlutvandra manna, sem einskis svífast í því að gera öðrum lítilsvirðingu.

Hæstv. fjmrh. var í síðustu ræðu sinni að reyna að bera á móti því, eins og hv. þm. S.-Þ., að Framsfl. hefði tekið ákvörðun í gengismálinu. Ég vil því spyrja þessa góðu menn, hvenær flokkurinn ætli að taka ákvarðanir í þessu mikilvæga máli. Eða er kannske ekki búið að þreyta þolinmæði manna nógu lengi í þessu máli? Ég segi jú, og því sé langsamlega kominn tími til fyrir stjórnarflokkana að leysa það. Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram, að hin litla hækkun, sem orðið hefir á kjötverði innanlands fyrir tilstilli stj., væri nægileg ráðstöfun í þessu efni. En því mótmæli ég, því að sú hækkun á kjöti, sem hæstv. ráðh. á við, getur alls ekki svarað til þess verðmætis útfluttrar vöru, sem eðlilegt gengi myndi skapa. Ég skal svo bæta því við, *sem ég sagði um gengismál* Englendinga, að Danir hafa gripið til svipaðs ráðs, þeir hafa lækkað gengi dönsku krónunnar úr 1,25 niður í 1,00 kr. Sömuleiðis hafa Norðmenn lækkað gengi norsku krónunnar, enda þótt minna sé, og öll þessi gengislækkun hefir verið miðuð við það, sem atvinnuvegirnir í löndunum hafa sagt, að gengið þyrfti að vera. Á nákvæmlega sama hátt er sjálfsagt, að íslenzka þjóðin fari að. Það var hrein og bein skylda stjórnarvaldanna, að skrá gengi krónunnar rétt, *eftir að búið var að gera bændurna upp í* kreppulánasjóði, til þess að koma í veg fyrir að þeir sykkju í sama skuldafenið aftur.

Um kosningu mína í Vestur-Húnavatnssýslu skal ég ekki fara mörgum orðum. Það er sýnt, að öll sú afbrýðissemi, sem þjáir framsóknarmenn út af því, að ég skyldi ná kosningu þar, á rót sína að rekja til þess, að þeir hafa misst allt álit og alla tiltrú þar, eins og annarsstaðar. En vilji hæstv. fjmrh. halda því fram, að hann með kosningu sinni í Suður-Múlasýslu sé eitthvað bundinn sósíalistum sökum þess, að um 90 sósíalistar munu hafa kosið hann við síðustu kosningar með hv. 6. landsk., þá má vera, að hann geti með frekari rétti talað um, að ég sé bundinn sjálfstæðismönnum vegna ímyndaðs fylgis þeirra við mig við síðustu kosningar. Annars má vel vera, að til sé flokkur manna í Suður-Múlasýslu, sem gerir ekki greinarmun á sósíalistum og framsóknarmönnum, og hafi þess vegna kosið sinn manninn af hvorum flokki, því að eins og kunnugt er, skilur nú orðið svo lítið á milli þeirra flokka, að ekki er beint ástæða til að ætla, að almenningur geri mun á þeim; og er slíkt ekkert undarlegt, þar sem hv. þm. S.-Þ. hefir um langt skeið unnið að ræktun sósíalismans meðal bændastéttar landsins. Honum var upphaflega falið það hlutverk að gera bændur landsins að sósíalistum, þegar hann og Ólafur Friðriksson skiptu með sér verkum um árið. Og nú er árangurinn af starfseminni að koma í ljós. Að bera á móti þessu, þýðir ekkert fyrir hv. þm., sannanirnar eru svo miklar, að þær verða ekki vefengdar.

*__Héðinn Valdimarsson__: Háttv. 6. þm. Reykv., Sig. Kristjánsson, hélt því fram í ræðu sinni í dag, að umboðsmaður sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda hefði getað selt allan farminn *úr Steady, eftir að skipið kom vestur, og þessari staðhæfingu sinni til sönnunar las hann upp bréf, sem skrifað mun hafa verið á ensku, en þýtt á íslenzku. En sá galli er á þessari fullyrðingu, að bréf þetta er dagsett daginn eftir að fiskurinn kemur vestur og kaupandi fiskjarins, sem seldur var fyrirfram, búinn að afsegja að kaupa hann. Hitt kemur aftur ekki þessu máli við, þó að nokkur hluti farmsins seldist til hins upphaflega kaupanda fyrir milligöngu Sigurðar Jónassonar án íhlutunar S. Í. F. Allt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, sannar því mitt mál.

Ef Kristján Einarsson hefði hugsað betur um þessi mál vestra, ekki hugsað eins mikið um að komast heim fyrir jólin, eins og hann gerði, þá hefði hann átt að athuga, að með því að senda farminn svona seint til Bandaríkjanna, þá væri farið að fiskast þar og tíminn því óheppilegur. Hér hafa því átt sér stað sömu mistökin og með frysta fiskinn, sem sendur var til Póllands. Hv. þm. Vestm., Jóhann Jósefsson, hafði gefið þær upplýsingar, að bezti tíminn til þess að senda fisk þangað væri í marz og apríl, enda þótt síðar upplýstist, að bezti tíminn fyrir freðfisk væri fyrir jól. Það er því skotið yfir markið hjá hv. stjórnarandstæðingum að vera *að vitna í fisksöluna til Póllands. Annars var* reynslusending sú, sem þangað var send, send að hálfu leyti á ábyrgð fiskimálanefndar og að hálfu leyti á ábyrgð íslenzks manns, búsetts í Kaupmannahöfn. Og þrátt fyrir þau mistök, sem þegar hafa verið nefnd, að fiskurinn kom of seint, seldist hann þó fyrir það verð, sem hann hafði verið keyptur fyrir. Hefði tilraunin því borið sig, ef á fiskinn hefði ekki fallið ýmiskonar kostnaður, sem ekki var fyrirsjáanlegur í fyrstu.

Ég vil svo aðeins benda á *eitt mál í viðbót*, sem að vísu hefir ekki verið talað um í dag en í blöðum sjálfstæðismanna hefir verið gert mikið veður út af því, að Sigurður Jónasson hafi átt að gera tilraun með saltfisksölu í Ameríku, en nú hafi Júlíus Guðmundsson fengið leyfi til útflutnings á saltfiski til Ameríku. Nú var

það svo í fyrra, að S. Í. F. var ekki löggilt og ekki hægt að löggilda það fyrr en eftr 1. marz, því það gat ekki upplýst, hvort það hefði nægilegt magn til þess að hljóta löggildingu.

Á þessum tíma kom hingað umboðsmaður fyrir bifreiðafirma til fiskimálanefndar og sagði, að hægt mundi vera að selja saltfisk í Ameríku ef að fengjust fluttar inn bifreiðar í staðinn. Þetta varð til þess, að sýnishorn af saltfiski var sent vestur, en það þvældist þar í pakkhúsum og varð að engum notum. En svo var óskað eftir, að tilraunum í þessa átt væri haldið áfram og þegar Sigurður Jónasson var sendur vestur var honum falið að athuga, hvort hægt mundi vera að selja í gegn um þessi bifreiðafirmu, en á sama tíma sendi sölusambandið umboðsmann sinn og mun hvorugur hafa vitað af öðrum.

Sigurður Jónasson fer til eins bifreiðafirma en fær það svar, að það hafi ekkert með slíkt að gera, en vísar honum á aðra, sem hann geti athugað hvort fáist til að kaupa fisk. Hann fór þá til 3 firma, en 2 þeirra vildu alls ekki kaupa. Það 3. var tilleiðanlegt, en þegar Sigurður nefnir verð fiskjarins, þá upplýstist það, að umboðsmaður frá sölusambandinu hefir verið þar áður og boðið fiskinn fyrir lægra verð. Sigurður Jónasson símar þetta svo til fiskimálanefndar og er þá ákveðið að hann hætti þessum tilraunum, en S. Í. F. er vísað á þennan mann.

Sölusambandið kennir Sigurði Jónassyni um það, að umboðsmaður þess hafi ekki getað selt fisk á sama tíma og upplýst er að þessi umboðsmaður bauð fiskinn fyrir lægra verð en Sigurður Jónasson. Hvaða skaða gat það unnið starfi þessa umboðsmanns, þótt annar byði sömu vöru fyrir hærra verð? Þetta sýnir aðeins það, að ekki hefir verið vel valið til sendiferðarinnar af hálfu sölusambandsins.

Litlu síðar kemur svo beiðni frá Júlíusi Guðmundssyni um leyfi fyrir útflutningi á saltfiski; hafði hann þá fengið tilboð um kaup á fiski einmitt frá þeim manni, sem Sigurður Jónasson hafði talað við og vísað á; að sjálfsögðu var leyfið veitt. Hér ber að sama brunni og annarsstaðar. Þau sambönd, sem umboðsmaður sölusambandsins hefir útvegað, hafa ekki reynzt haldgóð. Þau, sem fiskimálanefnd hefir fengið, hafa reynzt betur. Ég vona að næst þegar sölusambandið sendir mann í markaðsleit, að þá verði þess gætt, að hann hafi góðan tíma til ferðarinnar og sé ekki látinn fást við önnur viðfangsefni en þau, sem sölusambandinu kemur við og það getur ráðið við. Það má geta nærri, hvort möguleikarnir eru rannsakaðir nægilega með svona flugferð.

Sölusambandið hefir haft mann í tvö ár í Grikklandi fyrir 12 þús. krónur á ári, án þess að hann hafi selt einn ugga, og þessi maður hefir aldrei haft tíma til þess að fara til Gyðingalands eða Sýrlands, og hefi ég þó minnzt á það hvað eftir annað, að þar væru líkindi fyrir sölu.

En fjórir farmar eru sendir óseldir til Ítalíu.

Þá er talað um sparnað. Mér finnst að S. Í. F. ætti fyrst og fremst að spara hjá sér. Þar eru þrír framkvæmdastjórar á 21 þús. kr. árslaunum hver, og hafa oft ekki meira en 2—3 tíma starf á dag. Þar finnst mér að mætti spara 42 þús. kr. og ætti fyrst og fremst að minnast á það, ef farið er að tala um sparnað á annað borð.

Það er talað um samvinnu. Ég skil vel, að íhaldsmenn vilji samvinnu með Bændaflokknum og Kommúnistum, en við eigum ekki samleið með þeim. Við vitum til hvers sú samvinna á að vera. Hún á að koma á gengislækkun og þar af leiðandi kauplækkun og þrengja meir en orðið er að verkalýðnum í landinu, og hún á að vera til þess að ná tveimur af þeim fimm milljónum, sem Kveldúlfur skuldar íslenzkum sparifjáreigendum.

Sú samvinna yrði fyrst og fremst fyrir stórbóndann á Korpúlfsstöðum og Kveldúlfsfélagið. Í þessari samfylkingu verðum við ekki. Við myndum samfylkingu Alþýðuflokksins með samvinnu alþýðumanna í sveitum og við sjó — og berjumst samhuga á móti íhaldinu.

*__Jón Pálmason:__ Hv. hlustendur! Það eru aðeins fá atriði, sem hægt er að minnast á, á þeim stutta tíma, sem ég ræð hér yfir.

Ég vil byrja á því að mótmæla þeirri firru hv. þm. Ísaf., að ég hafi haldið því fram, að það ætti að lengja vinnutímann. Ég hélt því fram, að öllu verkafólki væri það betra að hafa vinnu sem mestan hluta árs og hafa hátt árskaup, heldur en að hafa hátt dagkaup en fáa vinnudaga á ári og þar af leiðandi lágt árskaup. Þetta er allt annað heldur en það, sem hv. þm. Ísaf. sagði að ég hefði haldið fram. Hvort sem það stafar af því, að hann hefir ekki skilið þetta eða af öðru.

Þá vil ég svara hæstv. forsrh. með nokkrum orðum. Hann hóf svarræðu sína með því að segja, að það væri hörmulegt að til væri bóndi, sem léti skáka sér fram til að tala í útvarp fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sem er stærsti flokkur þessa lands. Þessu vil ég svara með því að láta í ljós undrun mína yfir því, að nokkur maður skuli vilja vera forsætisráðherra fyrir Framsóknarflokkinn eftir þann feril, sem sá flokkur hefir að baki sér og með því ástandi, sem stjórnmálastarfsemi hans hefir skapað hér á landi.

Þá var hann að mótmæla því, að það væru 9 ár, sem þeir hefðu stjórnað, því Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið í stjórn í 2 ár af þeim tíma. — Þeir hafa nú hnakkrifizt hér við þessar umræður núverandi og fyrrverandi landbúnaðarráðherra og er gott fyrir þjóðina að kynnast þessum ræðumönnum, því þeir hafa báðir verið ráðherrar fyrir sama flokk, og það er algerlega þýðingarlaust fyrir hæstv. forsrh. að ætla sér að slengja nokkurri ábyrgð á Sjálfstfl. fyrir meðferð á fjármálum og landbúnaðarmálum ríkisins á 9 síðustu árum. Sú ábyrgð hvílir öll á hans eigin flokki.

Viðvíkjandi því, að öll umbótamál sveitanna hafi verið borin fram af Framsóknarflokknum og að okkar flokkur hafi verið þeim mótsnúinn, þá er því til að svara, að þetta er aðeins ein þeirra mörgu blekkinga, sem fram hafa verið bornar í blöðum framsóknarmanna

og í umr. þeirra hér á Alþ., en allir vita, að þetta er aðeins blekking og að þessi mál hafa komizt fram vegna þess, að þau hafa verið studd af Sjálfstfl. eða beinlínis borin fram af honum. Má í því sambandi minna á jarðræktarlögin, sem þeir Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastj. og Valtýr Stefánsson voru helztu hvatamenn að. Þá má og minna á, að flokksmaður hæstv. forsrh., Klemens Jónsson, neitaði að bera fram kröfu um styrk til mjólkurbúa, en 1. flm. þess var form. okkar flokks, hv. þm. G.-K. Þannig er það í öllum þeim atriðum, sem hæstv. forsrh. var að guma af, að Framsfl. hefði unnið fyrir sveitirnar, en við verið umbótunum andvígir. Það má einnig minna á erfðaábúðar- og óðalsréttarlöggjöfina og sömuleiðis á nýbýlalöggin, eftir að þau höfðu verið löguð hér í landbn., en eins og þau komu hér fyrst fram, voru þau algerlega óviðunandi.

Viðvíkjandi því, að brýn nauðsyn sé á að vera í sambandi við sósialista í bæjunum, vil ég taka það fram, að frá sjónarmiði okkar eru það hættulegustu mennirnir. Bæði hæstv. forsrh. og hv. þm. vita, að það er hættulegt fyrir landbúnaðinn að hafa samband við sósialista og að þeir gera óleik í öllum þjóðmálum, bæði til sveita og í bæjum, þar sem áhrifa þeirra gætir á annað borð, sem því miður er allt of víða. Þau heillaspor, sem hv. stjórnarflokkar hafa markað í íslenzkt þjóðlíf, má m. a. sjá á því, að síðan árið 1927 hafa um 10 þús. manna flutt burt úr sveitunum — burt frá þeirri atvinnugrein, sem framtíð þjóðarinnar byggist á, bæði efnalega og menningarlega. Of hvert hafa þessi 10 þús. farið? Og að hverju hafa þau horfið? Þau hafa farið í kaupstaðina og fylla nú þann hóp atvinnuleysingja, sem þar er.

Mér hefir aldrei dottið í hug — eins og hér hefir verið borið á mig — að halda því fram, að ekki væri lifandi hér í sveitum. Ég veit vel, að í sveitum landsins gæti verið margfalt fleira fólk en nú er þar, en ekki með því stjórnarfari, sem nú er og verið hefir á undanförnum árum. En það er ekki sveitunum sjálfum að kenna, þótt illt stjórnarfar og óhollar öfgastefnur sé að eyðileggja þær.

Annars er það undarlegt, ef athugaðar eru útvarpsumræður þær, sem hér fara fram nú, og farið hafa fram á undanfarandi þingum, að fulltrúar stjórnarflokkanna gera ekki annað en skamma minni hl. fyrir það, sem aflaga fer og segja, að það sé honum að kenna. Þeir skamma atvinnufyrirtækin, sem búið er að mergsjúga með sívaxandi sköttum í allan þennan tíma. Þegar þau eru að sligast undir byrðunum, þá skamma þeir þau fyrir að geta ekki staðið betur. Þegar verið að sjúga úr þeim síðasta blóðdropann, þá er bent á þau og sagt: þarna sjáið þið hve vel þetta ber sig. Þessi aðferð er óverjandi, og því trúa engir, sem eru greindir og gæta þess hverju fram fer, þeim flokki, sem búinn er að ráða í 9 ár og ekki hefir reynzt betur fallinn til stjórnar en Framsóknarfl. Því trúir heldur enginn, að allt það illa sé að kenna þeim flokki, sem hefir verið í minnihl.aðstöðu á Alþ. nú í 9 ár.

Ég vil enda þessi orð mín með því, að skora á alla að athuga gaumgæfilega, hvort nokkur líkindi geti verið til þess, að þeir annmarkar, sem eru á atvinnulífi og fjármálum þjóðarinnar séu helzt þeim að kenna, sem nú í 9 ár eru búnir að vera í minni hl. á Alþ. og að þeir, sem ráðið hafa lögum og lofum hefðu ekki getað komið því í betra horf, ef þeir hefðu kostað kapps um það, að stjórna á sæmilegan hátt og í samræmi við þarfir okkar fátæku þjóðar og unga atvinnulífs.

En þeir hafa stjórnað um of eftir anda þeirrar kenningar, að það þurfi að granda þjóðskipulaginu. — Rauðu flokkarnir ætla að granda þjóðskipulaginu. Ég vona að þeim takist það ekki, þótt því miður horfi þannig við nú, að augljós hætta sé fyrir dyrum.

Ég óska svo þess að lokum, að breyting verði á frá því, sem nú er, og verið hefir á undanförnum árum, svo að öllum mínum hlustendum megi vel vegna og hin íslenzka þjóð stefni fram til vaxandi velmegunar og þroska. — Góða nótt!

Forseti (JBald): Þá hefst síðasta umferð, og á Sjálfstæðisfl. eftir 11 mín., Bændafl. 19 mín., Framsfl. 14 mín. og Alþfl. 8 mín.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Hv. hlustendur! 14 mínútur er ekki langur tími og ég kemst ekki yfir mikið af því, sem ég vildi segja.

Ég vil minna á það, út af orðum hv. þm. V.-Húnv., þegar hann var að eigna okkur framsóknarmönnum hv. 10. landsk. og hans ráðherradóm, að það, sem við finnum að hv. 10. landsk., er það, að hann starfaði í anda sjálfstæðismanna og gleymdi öllum áhugamálum Framsóknarflokksins á meðan hann sat í ráðherrastóli og getur ekki á neinn hátt talizt til þess flokks eftir að hann hóf starf sitt í samsteypustjórninni, og Framsfl. hefir enga ábyrgð á hans aðgerðum.

Það er rétt hjá hv. þm. A.-Húnv., að Sjálfstfl. hefir verið með ýmsum góðum málum. Hann hefir verið með þeim, þegar búið hefir verið að þvinga hann til þess með almenningsálitinu. Þannig er það t. d. með jarðræktarlögin og m. fl. Ég hygg jafnvel, að þeir mundu nú fást til að flytja frv. til l. til að fyrirbyggja njósnarstarfsemi fyrir landhelgisbrjóta, þótt þeir hafi barizt á móti því nú í mörg ár. Nú greiddu þeir atkv. með því. Þannig má þvinga þá til að fylgja góðum málum og það hefir verið gert í þessum málum með því að nota almenningsálitið til þess að beygja þá.

Þá höfum við einnig næga reynslu af skuldasöfnun sjálfstæðismanna þegar þeir hafa farið með völd. Og hér í Reykjavík, þar sem þeir eru einráðir, hafa gjöldin hækkað svo gífurlega á síðustu árum, að ef eins væri hjá ríkinu ættu fjárlög nú að vera yfir 40 millj. kr. Hvernig var á Ísafirði þegar sósialistar tóku við af íhaldinu? Hvernig er í Vestmannaeyjum? Nei, í öllum bænum reynið ekki að bera blak af fjármálastjórn íhaldsins, við höfum svo allt of mikla reynslu af henni.

Hv. 10. landsk. ætla ég að yfirgefa í stór-

veldisdraumum sínum, en vil aðeins minna hann á í sambandi við kreppulánasjóðinn, að honum hefði verið nær að ganga sæmilega frá þeirri löggjöf í fyrstu heldur en að vera nú að hæla sér af því að hafa komið henni á, eins og hún var.

Þessi hv. þm. á nú eftir að tala, og ég býst við að hann fari þá að vana sínum og tali um 10—20 liði, sem hann segist hafa borið hér fram og hafi ekki verið svarað og bæti þá einhverju nýju við. Þetta er hans venjulega aðferð og sjálfsagt bregður hann ekki vana sínum.

En áður en ég hætti, vil ég rifja upp eitt atriði, sem mér finnst eiga vel við í sambandi við þessa stórveldisdrauma hv. 10. landsk. Þetta atriði, sem ég ætla að rifja hér upp og festa í minni hlustenda, eru þau orð, sem hv. þm. G.-K. segir um það, hvernig hv. þm. V.-Húnv. komst á þing nú síðast. Hann segir svo — með leyfi hæstv. forseta:

„Það er satt, að ég hefi í því engu að leyna, að meðan stóð á undirbúningi fyrir síðustu kosningar var ég því heldur fylgjandi, að þessi hv. þm. kæmist á þing, og þó að Sjálfstæðisflokkurinn hefði frambjóðanda í þessu kjördæmi, þá var hvorki af mér né sumum öðrum flokksmönnum gert það, sem hægt var til stuðnings kosningu hans og sagði ég honum frá því.

En eftir að formaður flokksins hafði tekið sína afstöðu og skrifað bréf norður, þá fylgdi ég honum vitanlega að málum í þessu sem öðru. En ég leyni því ekki, að ég hygg að min afstaða og sumra annara sjálfstæðismanna hafi ráðið miklu um það, að þessi hv. þm. komst að, og ég harma það ekki, að svo fór."

Ætli það fari ekki að draga úr stórveldisdraumunum þegar það er upplýst mál og sannað, að Sjálfstfl. þarf ekki annað en að kippa í snúru, til þess að sjálft móðurskipið sökkvi og flokkurinn sé ekki lengur til. Halda menn, að hjá þessum flokki, sem þannig er ástatt um, sé til nokkurt sjálfstæði gagnvart þeim flokki, sem ræður algerlega yfir lífi hans? Ég vil aðeins minna hv. 10. landsk. á þetta, áður en hann kemst hærra í sínum stórveldisdraumum.

Ég vil svo jafnframt minna hv. þm. V.-Húnv. á það, að í umr. um fjárl., þegar þau voru lögð hér fram, var skorað á hann að nefna einhvern af þeim bitlingum, sem hann sagði, að ríkisstj. hefði haldið að sínum fylgismönnum. Ég minni hv. útvarpshlustendur á það, að því hefir verið haldið fram, að varið hafi verið allt að einni millj. til þess að ausa í fylgismenn stj. með bitlingum. Hv. þm. V.-Húnv. lofaði að nefna dæmi um þetta við þessar útvarpsumræður, en hann hefir ekki ennþá komið með eitt einasta dæmi, ef til vill reynir hv. 10. landsk. að koma með „dæmi" núna, þegar ekki verður hægt að svara ósannindunum.

Þetta er eftirtektarverður málflutningur. En þessar útvarpsumræður eru merkilegar fyrir fleira en þetta. Á þessum eldhúsdegi er aðeins deilt um landsmálin, en það hefir svo að segja ekkert verið deilt á stj. fyrir einstök mál, og það mun vekja athygli ekki síður nú en í útvarpsumræðunum síðastliðið ár.

Ég geng þess náttúrlega ekki dulinn, að nú eru fram undan erfiðir tímar, en ég geng þess heldur ekki dulinn, að það er tiltölulega auðveldara nú en nokkurn tíma áður að draga kjark úr landsfólkinu á þann hátt, sem reynt hefir verið að gera í þessum umræðum. Það er auðveldara en nokkru sinni áður að vekja óánægju öldu hjá fólkinu, ef það fylgist ekki með, og þess vegna er aðalatriðið í þessum umræðum, að hver maður í landinu fylgist með því, sem verið er að gera.

Því hefir verið haldið fram við þessar umr., sérstaklega af Sjálfstfl., að það væri mikil bót í máli, ef hann fengi að taka við völdum, svo að nýtt blóð kæmi í pólitíkina eins og hv. þm. G.-K. hefir orðað það. Landsmenn þekkja sannarlega þetta nýja eða öllu heldur þetta gamla íhalds-blóð. Þessi flokkur hefir áður farið með völd í þessu landi, og landsmenn þekkja hug hans til alþýðunnar og bændastéttarinnar. Ætli alþýðumenn þessa lands teldu það til bóta, að þessi flokkur tæki við völdum? Ég held ekki. Dettur hv. form. Sjálfstfl., Ólafi Thors, í hug, að hann fái fólkið úti um land til þess að trúa því, að það yrði fjármálum þessarar þjóðar til hagsbóta, að hann tæki við fjármálastjórninni, hann, sem hefir haft mjög góða aðstöðu til þess að stjórna fyrirtæki sínu, sem þó er ómótmælanlega eitt af langskuldugustu fyrirtækjum landsins? Áður en hv. þm. G.-K. getur gert slíka kröfu til trausts landsmanna, ætti hann a. m. k. að reyna að sýna betra lit á því að stjórna sínu eigin fyrirtæki dálítið betur. Ég tel þessi ummæli mín réttmæt vegna þess, að hv. þm. beindi þeim orðum til stj., að hjá henni væri fjársukk.

Ég held, að þeir séu fáir, sem álíta, að það yrði til bóta fyrir fjármálastjórnina í landinu, að þeir menn, sem nú stjórna fyrirtækinu Kveldúlfi, og þeir, sem stjórna Reykjavík, tækju við völdum.

Ólafur Thors: Herra forseti! Hæstv. forsrh. lauk ræðu sinni með þeim ummælum, að vegna þess að útgerðarfélag það, sem *ég* hefi átt þátt í að stjórna, mundi nú standa höllum fæti, væri augljóst, að *Sjálfstfl.* væri ekki fær um að fara með fjármálastjórnina í landinu. Þetta er gáfulega mælt(!) og ætla ég hlustendur einfæra um að dæma, hæði sannleiksgildi spakmælisins og manngildi og vitsmuni höfundarins. Forsrh. sagði, að þetta félag hefði haft öllum öðrum betri aðstöðu til að efnast. Allir aðrir en ráðh. vita, að nær öll útgerð landsmanna er gjaldþrota, og veldur þar um allt í senn: skattaæði rauðliða, kaupgjaldskröfur og verðfall framleiðsluvörunnar. Nei, Kveldúlfur hefir ekki fremur en önnur útgerðarfélög haft sérréttindi til fjársöfnunar. Ég þekki mann — og forsrh. þekkir hann sérlega vel —, sem hefir haft allt aðra aðstöðu til að auðgast. Hann hefir hvorki unnið né spunnið, en þó safnað í kornhlöður. Forsrh. ætti að fá hann til að leggja svo sem 50 þús. kr. í útgerð. Hann kynni að vísu að tapa peningunum, en hann mundi fá í staðinn nokkra menntun og aukinn skilning á lífi og örðugleikum þjóðarinnar, þ. á. m. og

ekki sízt þeirra manna, sem öllu sínu hafa tapað á viðleitninni til að halda uppi atvinnu- og framleiðslulífinu.

Hæstv. fjmrh. var enn að streitast við að verja opin og augljós ósannindi. Deila okkar liggur skýr fyrir í fyrri ræðum okkar, en út af beinni fyrirspurn ráðh. minni ég annarsvegar á m. a. kaffi- og sykurtoll og viðskiptagjaldið, sem lagt er á flestar notaþarfir almennings, en hinsvegar á tilraunir okkar til að fækka bitlingaliðinu, sbr. t. d. fiskimálanefnd, sem og þvermóðsku rauðliða gegn lækkun á launum þeirra, er hæst hafa launin, en það er einmitt bitlingahjörðin.

Hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson, hældist um yfir því, að allt, sem hann hefði sagt, stæði óhrakið. Það var nú hvorki mikið né merkilegt, sem hann sagði, aðeins þessi venjulegi óhróður um einstaka stjórnmálaandstæðinga, sem enginn tekur lengur mark á og ekkert sannleiksgildi hefir, nema sanna lýsingu á andlegri göfgi þessa þm. Hann segir það alveg satt, a. m. k. að því er mína ræðu snertir, að allur stendur rógburður hans óhrakinn. Við þingbræður hans tökum æ minna og minna mark á honum með hverju árinu, sem líður. Þeim fækkar stöðugt, sem virða hann svars, og að sama skapi vex sá hluti úr ræðum hans, sem stendur „óhrakinn". Ég sé enga ástæðu til að taka hann hátíðlega, þó um útvarpsumræður sé að ræða, m. a. af því, að ég hefi sannar sagnir af því, að allur landslýður skilur orðið, að ræður hans „standa óhraktar" vegna þess að sjálfur er hann lagztur svo djúpt, að menn sneiða yfirleitt hjá honum.

Það er vinargreiði, sem Alþfl. gerir Framsfl. og Jónasi Jónssyni persónulega með því að senda Sigurð Einarsson fram á vígvöllinn ár eftir ár. Ef Alþfl. sendi sæmilegan mann, mundi að sjálfsögðu bera meira á brestum Jónasar Jónssonar. Enginn er fremur til þess fallinn en einmitt Sigurður Einarsson að breiða yfir bresti og misfellur annara. Hann nýtur minni virðingar en nokkur annar þm. — að meðtöldum þm. S.-Þ. — og getur því sagt alveg eins og J. J.: ræður mínar standa óhraktar, — og af alveg sömu ástæðum.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú hervæðzt, en það vekur sérstaka athygli, að hann kemur fyrst fram á völlinn, þegar aðrir eru að fara þaðan, — hann tekur þá fyrst til máls, þegar tryggt er, að öðrum vinnist lítill tími til að svara honum. Þessi hv. þm. þykir hagsýnn. Sá eiginleiki hefir að þessu sinni ekki brugðizt. Það skilja þeir bezt, sem gerst þekkja, hve málstaður hans er hæpinn.

Ræðu hans má skipta í tvo höfuðþætti: 1) Héðinn og olían. 2) Héðinn og fiskurinn. — Að því er olíuna snerti færði hv. þm. prýðilega sannanir fyrir því, að ekkert vit væri í því, að ríkið tæki einkasölu. Sá hann á því hvern annmarkann öðrum stærri, en þann verstan og mestan, að til þeirra hluta hefði ríkið alls ekkert fé. Ég tók á allri minni stillingu. Mig langaði að hrópa „heyr," og mig langaði líka og jafnvel enn meira að spyrja, hvaðan þetta fátæka og févana ríki ætlaði þá að taka peninga til að byggja alla togarana, sem hv. þm. og flokksbræður hans vilja láta ríkið byggja og reka. Ef engin tök eru til fjáröflunar, er auðskilið, að allt hjal sósialista um togarabyggingar er loddaraleikur, en sé hinsvegar hægt að afla þeirra milljóna, er til þess þarf, því má þá ekki nota þær til að létta undir með smáútveginum og útvega honum ódýrari olíu en H. V. hefir reynzt bær um?

Hið sanna hugarfar H. V. í garð útvegsins speglast í olíuokri hans. Ofan á þær ávirðingar bætir hann svo opnum fjandskap við þá stofnun, sem útvegurinn með frjálsum samtökum hefir komið sér upp og kjörið til forustu í baráttunni gegn lágu verði á framleiðsluvörunni og innlendum ofsóknum. Þessi fjandskapur hv. þm. kemur gleggst fram í hinum látlausu svívirðingum um Kristján Einarsson, sem hefir það eitt til saka unnið, að hafa vit og þekkingu á öllum sviðum atvinnulífsins langt um fram þennan mann, sem gert hefir sjálfan sig að athlægi með því að takast á hendur formennsku í fiskimálanefnd. Þessi aðstöðumunur veldur því að sjálfsögðu, að Kr. E. varpar skugga á hv. þm., en af því spinnst öfundin og úlfúðin.

Sérhver sá, sem ber hag útvegsins fyrir brjósti, gleðst yfir framtaki sölusambandsins og sendifór Kr. E. Hitt er eðlilegt, að sá sé argur, sem lætur sig einu gilda, hversu fer um hag útvegsins, en hugsar aðeins um það, að Héðinn Valdimarsson megi halda áfram að úthluta milljónum af opinberu fé milli þeirra manna, sem olíu þurfa að kaupa. Í þessu liggur skýringin á heift hv. þm. til Kristjáns Einarssonar.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. beindi til hv. þm. Vestm., þykir mér rétt að upplýsa, að ekki ferst honum þar betur vörnin úr hendi. Nú, þegar það er upplýst og sannað, að Steady-farmur sá, er seldur var til Póllands, er talandi vitni þeirrar fádæma fáfræði, sem ríkir í fiskimálanefnd undir forustu H. V. sjálfs, — nú, þegar skjallega er upplýst, að betra hefði verið að henda fiskinum fyrir borð, þegar út úr Rvíkurhöfn kom, en að kosta upp á að senda hann til Póllands, — nú, þegar sannað er, að H. V. hefir gert hverja vitleysuna annari barnalegri og klaufalegri að því er snertir sölu þessa fiskjar, **þá** er það Jóhann Jósefsson, sem á heiðurinn af öllu frumkvæði um sendingu þessa fiskjar. En í vetur stóð þessi sami H. V. og hældist um yfir frumkvæði fiskimálanefndar í þessu sem fleiru. Einhverjum varð þá á að nefna nafn Jóhanns Jósefssonar, þá meðan verzlunarvit H. V. var enn ekki *búið* að gera heilan fiskfarm að engu, og vonir þóttu standa til sæmilegs árangurs af þessari fisksendingu, þá var H. V. ekki seinn á sér að sverja og sárt við leggja, að Jóh. Jós. hefði hvergi nærri þessu komið, þar hefði hann sjálfur og fiskimálan. verið að verki og ættu því allan heiðurinn.

Ég get nú ekki vegna takmarkaðs tíma gert þessum hv. þm. frekari skil. Ég tel, að honum og hans flokki hefði verið eins vel borgið með því að velja einhvern annan til þess að túlka kærleika Alþfl. í garð útvegsins en einmitt þann manninn, sem liggur undir þyngstu ámæli út af margra ára olíuokri og ekki veit betur skil á hugarfari útvegsmanna en svo, að hann telur

sig ná eyrum þeirra með rógi um þá menn, sem þeir treysta bezt.

Þessum umr. er nú að verða lokið. Við sjálfstæðismenn höfum, eins og áður fyrr, svipt tjöldunum til hliðar og sýnt þjóðinni inn á leiksvið stjórnmálanna, svo að almenningi hefir gefizt kostur á að virða fyrir sér stjórnarherrana og fylgilið þeirra, og dæma þá eftir afrekunum.

Við höfum fært sönnur á, að eftir 9 ára nær óslitinn valdaferil þessara flokka, eru sveitir landsins að leggjast í auðn, en framleiðslan við sjávarsíðuna að hruni komin, vegna þess að valdhafarnir hafa látið greipar sópa og hirt hvern eyri, sem til hefir náðzt.

Það hefir verið sannað, að nú, þegar hinir eldri fiskmarkaðir eru að bresta, hefir stjórnarliðið, vegna ofmetnaðar, ofsa og valdagræðgi formanns fiskimálanefndar, Héðins Valdimarssonar, og þróttleysis atvinnumálaráðherra, stigið örlagarík vixlspor. Er allur þessi leikur með tjöregg þjóðarinnar svo fráleitur og fordæmanlegur, að fiskimálanefndin og ríkisstjórnin, sem ber ábyrgð á gerðum hennar og hefir verið leiksoppur í höndum hennar, hefir unnið sér til óhelgis í hugum allra þeirra, er eitthvað eiga undir þeim málum og um þau hugsa.

Það hefir verið sannað, að lánstraust þjóðarinnar og eigur hafa verið uppétnar, og nú stendur þjóðin uppi varnarlítil gegn aðsteðjandi örðugleikum, atvinnuleysi, skorti og eymd. Það hefir verið sannað, að stj. hefir svikið kosningafyrirheitin, lagt 5 millj. króna skatta á þjóðina, í stað þess að aflétta sköttunum, hækkað fjárlögin um margar millj., í stað þess að lækka þau, sökkt þjóðinni í 20 millj. króna skuldir út á við, í stað þess að stöðva greiðsluhallann, leitt hvern nýjan gæðinginn af öðrum að stjórnarjötunni, í stað þess að skera niður óþörf embætti og bitlinga, og rutt atvinnuleysinu braut, í stað þess að tryggja atvinnu handa öllum.

Það hefir verið sannað, að eins og stj. brauzt til valda með óhróðri og ósannindum, þannig reynir hún nú að hanga við völdin með sömu baráttuaðferðum, enda þótt sérhverjum hugsandi manni sé ljóst, að fyrsta skylda valdhafanna er sú, að vara þjóðina við þeim hættum, sem framundan eru, og það hefir verið sannað, að valdhafarnir víla ekki fyrir sér að afnema anda og bókstaf stjórnarskrárinnar með einföldum lögum, hvenær sem þeim býður svo við að horfa, heft athafnafrelsið, og með því brotið niður einkaframtakið og étið upp efni og lánstraust þjóðarinnar. Það hefir verið sannað að vegna alls þessa er þjóðin nú stödd í yfirvofandi geigvænlegri hættu.

Allt þetta hefir verið sannað, og ég hefi með þeim rökum leyft mér, fyrir hönd stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, sem við síðustu kosningar hafði að baki sér allt að því jafnmarga kjósendur eins og báðir stjórnarflokkarnir til samans, og sem nú alveg tvímælalaust hefir að baki sér miklu fleiri kjósendur en allt stjórnarliðið, að bera fram þá kröfu að stjórnin svari nú til saka, og leggi afbrot sín undir dóm þjóðarinnar með nýjum kosningum.

Þessari kröfu minni hefir stj. neitað að verða við, og það er vegna þess, að enda þótt samkomulag innan stjórnarflokkanna sé svo illt og bölvað, að þar sé hver höndin upp á móti annari, og flokkarnir innbyrðis berist á banaspjótunum og hafi fullkomna fyrirlitningu ef ekki fyrir sín eigin, þá þó a. m. k. hver fyrir annara afbrotum og syndaferli, velur stj. sér samt það hlutskipti að hanga við völd, af því hún þorir ekki fyrir sitt lifandi líf að ganga fram fyrir dóm kjósendanna í landinu, því hvaðanæva utan af landinu berast henni fregnirnar um þverrandi fylgi og vaxandi andúð, sem magnast með hverjum deginum, sem líður. Stjórnin hefir því, þrátt fyrir að sambúðin sé með hinum mestu örðugleikum, og í rauninni báðum flokkunum til ama, haft á rökstólunum sáttanefnd allan þingtímann, til þess að reyna að jafna misklíðarefni, og þá eins og fyrri daginn með því að úthluta nýjum friðindum til gráðugra fylgismanna, á kostnað gjaldvana ríkissjóðs.

Frá flokkslegu sjónarmiði megum við sjálfstæðismenn una vel við þessa úrlausn, því að flokkslega séð eigum við kröfu á því, að mennirnir, sem brotizt hafa til valda með gyllingum og blekkingum, fari með völdin, þangað til augu allrar þjóðarinnar hafa opnazt fyrir afrekum þeirra.

Það er réttlátt, að þeir, sem skapað hafa örðugleikana, leysi þá, og það er sanngjarnt, að þeir menn, sem kennt hafa fólkinu að gera hærri kröfur á hendur annara en hægt er að rísa undir, sýni, hvernig á að fullnægja þeim kröfum, og það er sannarlega verðskuldað, að stjórnin fái að lifa það, að dómur reynslunnar skeri úr um það, hvort vonirnar, sem stjórnin hefir með fagurgala sínum kveikt í brjóstum almennings, eru aðeins hillingar, eða hvort þær eiga eftir að rætast.

Stjórnin hefir sjálf valið hlutskipti sitt.

Ég þekkti einusinni gamla konu. Hún var blind, eins og íslenzka ríkisstjórnin, heyrnarlaus, eins og íslenzka ríkisstjórnin, og orðin hálfsljó, eins og íslenzka ríkisstjórnin. Hún var vesöl, eins og íslenzka ríkisstjórnin, og karlæg. Hún gat einskis góðs vænzt af lífinu, fremur en íslenzka ríkisstjórnin, og engum verið til gagns eða góðs, fremur en íslenzka ríkisstjórnin. En hún var lífhrædd og óttaðist dauðann, eins mikið og íslenzka ríkisstjórnin kosningar. Forsjónin hefir nú miskunnað sig yfir hana og veitt henni hægt andlát, eins og íslenzka ríkisstjórnin myndi fá við kosningar.

En íslenzka ríkisstjórnin hefir kosið sér annað hlutskipti. Hún ætlar að sitja meðan sætt er, hanga við völdin til lengstra laga. — Jæja, verði þeim herrum að góðu. — Ég *óska*, að betur megi úr rætast en á horfist, ekki vegna stjórnarinnar, heldur vegna þjóðarinnar.

En ég *spái* því, að enginn verði öfundsverður, þegar vonsvikinn almenningur vaknar til skilnings á svikunum og blekkingunum, því þá duga engin undanbrögð, og þá mun stjórn hinna vinnandi stétta skolast burt í brimöldum þess böls og þeirrar eymdar, sem hún hefir fært yfir þjóðina, og þá verða þyngstu sakargiftirnar þær, að vegna fagurgala og blekkinga ríkisstjórnarinnar hefir almenningur látið undir höfuð leggj-

ast að búa sig til varnar, svo sem þó hefði verið hægt, og miklu höli hefði mátt afstýra.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Hv. þm. G.-K. sagði í lok ræðu sinnar, að hann hefði sannað býsna margt; ég álít, að það sé rétt, að hann hafi a. m. k. sannað eitt mjög greinilega, en það er ekki nýsannað, heldur er það gamall málsháttur, að það bylji hæst í tómri tunnu. Ég hefi sjaldan heyrt öllu innantómari vaðal en í þessum tveim síðustu ræðum hv. þm., nema ef vera kynni, að hv. 6. þm. Reykv. hafi sett metið.

Um gömlu konuna er það að segja, að þótt hún sé ekki betur á sig komin en hv. þm. lýsti henni, þá hefir hv. þm. samt orðið að þola það að fara hverja hrakförina á eftir annari fyrir kerlingunni, og þegar kosningar koma á sínum tíma, ekki eftir ósk hv. þm., þá á hann enn einu sinni eftir að breyta fangbrögð við þessa gömlu konu.

Þessar fáu mínútur, sem ég hefi til afnota, ætla ég að nota til þess að draga saman höfuðatriði þessara umræðna. Þó verð ég að svara einu atriði fyrst, sem hv. þm. G.-K. drap á í sinni næstsíðustu ræðu. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að hann hefði mælt af óheilindum, þegar hann lézt vilja bæta úr atvinnuleysinu. Hélt hv. þm. því fram, að slík ummæli sæmdu ekki ráðh., og hvað hann þá skyldu hvíla á mér, að ég færði rök fyrir þessum orðum mínum. Ég skal nú endurtaka þessi rök. Ég hefi ekki trú á því, að Ólafur Thors mæli af heilindum í þessu efni, og hefi ég sannað, að hann gerir það ekki. Sannanirnar fyrir þessu eru þær till., sem hann hefir borið fram í sambandi við afgreiðslu fjárl., því að þær till. miða allar að því að auka atvinnuleysið og draga úr verklegum framkvæmdum og atvinnubótum. Þetta er líka skiljanlegt, þótt það sé leiðinlegt að þurfa að segja það, vegna þess að hann lítur svo á sem það sé aðalatriðið að tryggja afkomu atvinnurekendanna. Þessir menn eru ekki komnir lengra en það, að þeir telja sér mestan hag í því að hafa kaupgjald verkalýðsins sem lægst, og með langvarandi atvinnuleysi vilja þeir koma fram kauplækkun, annaðhvort með beinni kauplækkun í krónum eða gengislækkun, sem hv. þm. G.-K. og hv. þm. V.-Húnv. hafa hampað mjög á þessu þingi.

Þetta sýnir bezt, hvílíkur geysimunur er á því, hvernig stjórnarflokkarnir og andstæðingarnir vilja mæta erfiðleikum yfirstandandi tíma. Samvinna stjórnarflokkanna byggist á þeim skilningi, að svo sé bezt komið hag allra landsmanna, að hönd hjálpi fæti, að bændur og verkamenn vinni saman. Með kjötlögunum hafa verkamenn í kaupstöðum og sveitaþorpum tekið á sig byrðar verðhækkunar á kjötinu vegna þess, að þeim er það ljóst, að bændum er þetta nauðsynlegt til þess að geta haldið áfram sínum atvinnurekstri, og verkamenn eru hinsvegar fegnir því, að bændurnir þurfi ekki að flosna upp frá búum sínum og bætast við atvinnuleysingjahópinn í kaupstöðunum. Á sama hátt er þessum stéttum báðum ljóst, að bezta leiðin til þess að tryggja betur en verið hefir sæmilegt verð fyrir mjólkurafurðir bænda er að koma því skipulagi á söluna, að hún geti aukizt, og hún ykst bezt með því, að verðinu sé stillt í hóf og lækkað eftir föngum. Því meiri mjólk, sem selst, því hærra verð fá framleiðendur fyrir sína vöru.

Stjórnarflokkunum er það líka ljóst, að það verður að fyrirbyggja það, að útflytjendur undirbjóði hver annan, og er það gert með lögum um síldarútvegsnefnd og fiskimálanefnd, en þessu verður ekki komið í kring, án þess að takmarka möguleika einhverra stórlaxa; af því stafar andúð andstæðinganna gegn þessum lögum, sem þeir þó viðurkenna, að séu nauðsynleg, af því að það er bersýnilegt, að það er ekki hægt að komast hjá þessu, eins og tímarnir eru nú.

Stjórnarflokkarnir telja nauðsynlegt að hafa sérstaka stofnun til þess að brjóta nýjar leiðir og skapa þar með betri afkomumöguleika fyrir almenning.

Þetta er trygging fyrir því, að því, sem veitt er af hinu opinbera, sé varið til hagsbóta fyrir alla.

Gjaldeyrishöftin eru nauðsynleg á þeim tímum, sem nú eru, til þess að beina kaupum okkar til ákveðinna landa og skapa með því móti möguleika fyrir okkar vöru. Það er vitað, að þetta verður ekki gert, án þess að takmarka eða minnka töluvert verzlunarhagnað þeirra manna, sem hafa hagnað af því að flytja inn þessar vörur og verzla með þær. Það er ástæða til þess, að verzlunarmenn og stórkaupmenn séu ekki alls kostar ánægðir með gjaldeyrishöftin, en þau eru samt nauðsynleg fyrir allan almenning í landinu.

Þá sýnir njósnamálið afstöðu flokkanna í þessu efni. Það er þýðingarmikið mál fyrir alla bátaútgerð landsmanna og yfirleitt fyrir útgerðina í landinu að eftirlit sé með því, að landhelgisgæzlan sé í lagi, en fyrir störf togarafélaganna er það mikið hagsmunamál, að gæzlan sé ekki í lagi.

Vitanlega dettur engum í hug að neita því, að ríkissjóður þurfi að afla sér tekna, og í erfiðu árferði þarf hann þess fremur með en ella. En um það er deilt, hvernig hann eigi að afla sér tekna. Stjórnarflokkarnir hafa lækkað tollana, þeir hafa lækkað útflutningsgjald á síld, lækkað toll á kaffi og sykri, afnumið útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, fellt niður markaðs- og verðjöfnunarsjóðsgjald. Þessu gleyma andstæðingarnir, þegar þeir tala um skattabrjálæði. Það er satt, að tekjuskatturinn hefir verið hækkaður, og viðskiptagjaldið hefir verið hækkað um 750 þús. kr. til þess að geta greitt kostnaðinn við alþýðutryggingarnar og stuðlað að verklegum framkvæmdum. Þetta hefir verið gert til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem fyrir eru.

Nýbýlamálið sýnir einnig, að viðhorfið hjá núv. stj. er ólíkt því, sem það er hjá andstöðuflokkunum. Það skapast möguleikar fyrir þá, sem nú leita úr sveitunum og til kaupstaðanna, og einnig fyrir þá, sem vilja leita til sveitanna úr kaupstöðunum, til þess að sjá sér og sínum farborða með því að stunda landbúnað. Þeim er t. d. veittur styrkur til þess að afla kartaflna hér heima, í stað þess að þær séu fluttar inn.

Ég ætla, að þessi mál sýni nokkurnveginn afstöðumun stjórnarflokkanna og andstöðunnar.

Ég játa það, og vil enga dul á það draga, að tímarnir, sem fram undan eru, eru býsna iskyggilegir. Það getur enginn sagt, hverju við verðum að mæta á næstunni. Ef viðskiptastríðið harðnar enn, þá er ómögulegt að segja, nema erfiðleikarnir verði svo miklir, að við fáum varla rönd við reist. Og enginn veit, nema svo kunni að fara, að öll norðurálfan lendi í ófriði. Hvernig á að mæta þessum tímum? Verður það bezt gert með því að láta fólkið í friði, eins og formaður Sjálfstfl. óskaði eftir á síðasta þingi? Ég segi nei. Þessu verður bezt mætt þannig að afla í sameiginlega sjóði af þeim, sem geta eitthvað af mörkum látið, til þess að geta fyrirbyggt það, að nokkur hluti þjóðarinnar liði skort, til þess að hjálpa þeim fátækari til þess að vinna fyrir sér og halda áfram sínum atvinnuvegi. Erfiðleikum þeim, sem að steðja á öllum tímum, verður bezt mætt með því að jafna tekjur og eignir þjóðarinnar.

Ég læt svo lokið máli mínu, og ég vona, um leið og ég býð góða nótt, að þetta eldhús hafi orðið mönnum til góðs.

***Hannes Jónsson:** Hæstv. forsrh. var að kvarta yfir því, að ekki hefði verið lögð fram skrá yfir þá bitlinga, sem stj. hefði veitt, síðan hún tók við. Ég verð að segja það, að það er nokkuð stíf krafa til andstöðuflokkanna að þeir leggi þá skrá fram og ræði hana lið fyrir lið við útvarpsumræður, því að sá tími, sem þeim er ætlaður, mundi ekki endast til slíks upplesturs. Ég hefi líka litið svo á, að þetta væri liðið og yrði ekki aftur tekið.

Fyrir þjóðinni liggja nú mikil vandamál, sem þurfa skjótrar úrlausnar. Ég hefi gefið stjórnarflokkunum tækifæri til þess að láta í ljós skoðun sína á einu mesta vandamáli þjóðarinnar. Þetta mál er gengismálið. Jafnaðarmenn hafa lýst yfir andstöðu sinni við málið, og mér hefir tekizt, að sýna Framsfl. berstripaðan í áhugaleysi sínu og úrræðaleysi í þessu mikla vandamáli þjóðarinnar, sem kjósendur þeirra úti um landið krefjast af þeim, að þeir fái leyst með hagkvæmri niðurstöðu fyrir framleiðslu landsmanna. Þeir hafa sýnt, að til þeirra verður ekki leitað um úrlausn þessa máls. Ég skal, til þess að vera ekki ósanngjarn við ríkisstj., láta niður falla, þó það væri freistandi, að telja nokkuð af þeim bitlingum, sem mest eru áberandi, en vil aðeins taka nokkur dæmi, sem þegar eru kunn, svo að það er ekki hægt að segja, að það sé komið að baki þeirra með þau.

Ég vil nefna fiskimálanefnd, sem þegar er búið að tala mikið um og viðurkennt er, að sé þarflaus, ef ekki beinlínis skaðleg fyrir landsmenn. Það má nefna skipulagsnefnd, sem ekki er vitað, að hafi neitt nýtilegt verk unnið, en hefir látið undir höfuð leggjast að hlíta þeim ráðum, sem útlendur fræðimaður hefir gefið henni til lausnar á viðskiptamálum og fjármálum þjóðarinnar. Þessi dæmi um einstaka menn má tilfæra: 2. þm. Reykv. hefir 32 þús. kr. á ári með öllum sínum bitlingum, þm. S.-Þ. hefir 20 þús. kr. á ári í laun með öllum sínum bitlingum, Guðbrandur Magnússon forstjóri hefir 18 þús. kr. á ári með öllum sínum bitlingum og 2. þm. N.-M. hefir 15 þús. kr. á ári með öllum sínum bitlingum. Þetta eru allt tölur, sem fram hafa komið áður, og ekki hafa verið rengdar. Það er gott að taka þetta til samanburðar við það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að bændastéttin væri sú bezt stæða stétt í landinu. Skyldu þeir geta jafnast við þessar bitlingaskjóður stj.? Ég býst við, að þeir þættust góðir, þó þeir hefðu ekki nema lítinn hluta af þeim launum, sem þessir menn taka úr ríkissjóði.

Hæstv. atvmrh. minntist á það, að verkamönnum væri ekki neinn hagur í því, að bændur flosnuðu upp og kepptu við þá um vinnu á mölinni. En hvað hefir ríkisstj. gert á undanförnum árum? Hún hefir ýtt undir bændur að hætta búskap og fara í daglaunavinnu með því að hækka daglaunin hjá verkamönnum svo mikið, að það er langt frá því, að atvinnuvegirnir geti komizt í hálfkvisti við þá launagreiðslu, þó að allt væri látið af höndum rakna, sem þessir atvinnuvegir hafa yfir að ráða. Þeir hafa þarna verið að vinna móti betri vitund eftir því, sem hæstv. ráðh. hafa gefið yfirlýsingu um. Bændurnir vilja nú komast til kaupstaðanna og njóta þar atvinnubótavinnu og vegavinnu og taka hana frá þeim, sem svo þurfa að leita úr kaupstöðunum til sveitanna til þess að afla sér atvinnu. Þetta er stefna stj., og hún getur ekki leitt til neins góðs fyrir afkomu þjóðfélagsins.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég get verið ánægður með umræður þær, sem farið hafa fram. Ég hefi neytt stj. til þess að sýna afstöðu hennar til gengismálsins, og þjóðinni getur ekki blandast hugur um, hversu óheppileg sú afstaða er. Ég get svo boðið þeim, sem blýtt hafa, góða nótt og sagt eins og hæstv. ráðh., að ég vona, að þeim hafi orðið þessar umræður til góðs og að þeir hafi tekið sína afstöðu gagnvart ríkisstj. í samræmi við yfirlýst getuleysi hennar um lausn stærstu vandamála þjóðfélagsins.

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Ég vil svara hæstv. fjmrh. nokkrum orðum út af því, að hann var að reyna að bera á móti því, að það hefði verið neitað um eða dregið úr leyfum á netum og byggingarefni og öðru til smíða. Ég þarf ekki að svara þessu mikið. Ég get vitnað til manna, sem ég talaði við í dag, og get ég nefnt þá með nöfnum fyrir hæstv. ráðh. að umr. lokinni. Ég get nefnt útvegsbændur á Akranesi, sem urðu fyrir barðinu á þessu og fengu ekki net, þegar þeir þurftu þeirra til þess að ausa síldinni upp úr sjónum í sumar. Hann getur talað við tvo bændur, sem ég skal nefna fyrir honum, og spurt þá sjálfa um þetta. Annar þeirra varð að bíða í mánuð eftir því að fá net, á meðan veiðin stóð sem hæst. Annar báturinn beið hér við bryggju í mánuð og 2 daga eftir því að fá net, sem hann átti, út úr afgreiðslunni. Báðir þessir bátar urðu sem sagt að bíða heilan mánuð. Um Vestmannaeyjar er hið sama að segja, því ég hefi talað við kunnuga þar. Svörin eru yfirleitt allsstaðar þau sömu, að sumsstaðar hafi verið dregið úr leyfunum, en sums-

staðar sé svo mikill dráttur á að fá þau, að það er stórbagalegt. Allir vita, að net vantar núna. Ég veit af veiðarfæraverzlun, sem hefir beðið eftir svari upp á net í fimm eða sex vikur, og ekki fengið það enn. Og þeir, sem hlut eiga að máli, segja, að það virðist vera svo, að stj. ætlist til þess, að síldin og þorskurinn eigi að bíða eftir hinum seinu ákvörðunum þeirrar n., sem stj. hefir skipað í þessum málum.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Hæstv. ráðh. getur gengið úr skugga um þetta með því að tala við þá menn, sem hér eiga hlut að máli.

Það var auðheyrt á hæstv. forsrh., að hann var hræddur við það, að bændaflokksmenn ættu að tala á eftir sér, en ég skal leysa hann frá ótta. Ég skal ekki vera harðhentur á honum. Hann talaði um, að samsteypustjórnin hefði ekki haft áhugamál. En hún opnaði markaði fyrir kjötið, sem voru algerlega lokaðir í báðum aðalmarkaðslöndunum, þegar hún tók við völdum. Samsteypustjórnin kom til leiðar þeirri mestu hjálp, sem bændum hefir nokkurn tíma verið veitt á einu þingi. Hann vildi halda því fram, að það hefði verið hans nótum í Framsfl. að þakka, að þetta gekk fram. Ég get fullvissað hann um, að svo var ekki. Framkvæmdin í því kom frá þeim mönnum, sem á sínum tíma stofnuðu og eru enn í Bændafl. Ég skipaði kreppunefndina áður en ég talaði um það við nokkra menn aðra en þá, sem eru í Bændafl., og Tryggva heitinn Þórhallsson. Menn geta lesið Tímann frá 1932 og séð, hvernig þá var talað um kreppuhjálpina. Ég man þegar núv. hv. þm. S.-Þ. talaði um það sem einhver ósköp, ef hægt væri að verja 10 millj. kr. í kreppuhjálp, en samsteypustjórnin fékk 14 millj. kr. í kreppusjóðinn. Og þrátt fyrir þetta leyfir hæstv. forsrh. sér að segja, að við í samsteypustjórninni höfum verið knúðir til þess að gera þetta af hans nótum.

Út af því, sem hæstv. forsrh. er alltaf að klifa á, þá get ég fullvissað hann um það, að við bændaflokksmenn munum framvegis, eins og hingað til, halda fullu sjálfstæði okkar bæði gagnvart framsóknarmönnum, alþýðuflokksmönnum og sjálfstæðismönnum. Þeir munu berjast á báðar hendur, en þeir munu ekki hafa það eins og Framsfl., sem ekki getur hugsað sér sveitamannaflokk, nema þannig að hann hafi eitthvað til þess að halla sér upp að.

Þessar umr. eru nú að lokum liðnar, og vil ég þá biðja þá, sem á þær hafa hlustað, að athuga, hvernig þær hafa farið fram. Ég vil biðja menn að athuga orðaskiptin milli flokkanna um nokkur þau atriði, sem um hefir verið deilt. Ég vil biðja menn að athuga, hvort þær upplýsingar hafa verið hraktar, sem við bændaflokksmenn höfum gefið um deilumálin. Ég vil biðja menn að taka eftir umræðunum um kjötlögin, og festa sér í minni umræðurnar um framkvæmd mjólkurlaganna. Og ég vil biðja menn að athuga sérstaklega, hverju því hefir verið svarað, þegar ég sýndi fram á það misrétti, sem hefði átt sér stað milli mjólkurbúa í hinum ýmsu héruðum. Ég vil biðja menn að athuga, hverju því hefir verið svarað, þegar minnzt var á loforð um 22 aura hagnað til bænda. Ég vil biðja menn að athuga, hversu margir bændur hafa fengið þessa háu upphæð, sem má þakka framkvæmd mjólkurlaganna, sem var $1\frac{3}{4}$ eyris, og ég vil biðja menn að athuga það tap, sem bændur í einstökum héruðum telja sig hafa orðið fyrir vegna mjólkurlaganna. Ég vil biðja menn að athuga hverju ríkisstj. hefir svarað, þegar hún hefir verið minnt á þær lækkanir, sem hún gerði á styrkjum til ýmsra búnaðarframkvæmda frá því, sem var í tíð samsteypustjórnarinnar, svo sem styrkjunum til ræktunarsjóðs, sandgræðslu, búfjárræktar, sýslusjóðavega, til kaupa á erlendum áburði, til Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna. Ég vil biðja menn að athuga, hverju því hefir verið svarað, þegar því hefir verið haldið fram, að bæjar- og sveitarfélögin væru að sligast. Ég vil biðja menn að athuga, hvort því hefir verið svarað með rökum eða með brigzlunum, þegar talað hefir verið um vaxandi atvinnuleysi. Ég vil biðja menn að athuga, hvort það hefir verið borið á móti því, að í landinu hafi verið drukkið sem svarar landverði jarða í fimm sýslum síðastliðið ár. Ég vil biðja menn að athuga, hvort því hefir verið svarað nægilega, þegar á það hefir verið bent, hversu mikið öryggisleysi er hjá ýmsum atvinnurekstri, svo að þeir, sem vilja byrja á nýjum atvinnurekstri, þora það ekki, þar sem þeir eiga yfir höfði sér aðra eins óvita stjórnarstefnu eins og kemur fram hjá ríkisstj. í ýmsum málum. Ég vil biðja menn að athuga, hvort því hefir verið svarað, sem sagt hefir verið um olíuverðið. Ég vil biðja menn að athuga, hvað sagt hefir verið um jarðræktarfrv. okkar bændaflokksmanna, sem er tilraun til þess, að hjálpa þessari atvinnustétt til þess að lækka framleiðslukostnaðinn svo, að landbúnaðurinn geti borið sig og að hann geti með tímanum selt þær afurðir, sem hann framleiðir, fyrir lægra verð heldur en hann getur nú og heldur en hann þyrfti að fá nú til þess, að það gæti orðið þjóðfélaginu í heild til góðs. En þeir peningar, sem til jarðræktar fara, koma allri þjóðinni að notum. Það er þess vegna hin mesta fjarstæða, sem haldið hefir verið fram nýlega, að jarðræktarstyrkurinn væri gjafir.

Hæstv. forseti segir, að tíminn sé kominn, og skal ég ekki brjóta skipun hans. Þessum umr. er nú lokið. Ræður hafa verið fluttar af nokkru kappi, eins og oft vill verða, þegar í odda skerst. En ættjörðinni vilja allir góðir menn þjóna, þó að sjónarmiðin séu ólík. Ég vil enda þessar umr. með þeirri ósk, að þjóðinni og hverju barni hennar megi vel farnast. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 8. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 287, 288, 297, 329).

*Frsm. fyrri kafla (Jónas Guðmundsson): Í áliti fjvn. á þskj. 288 er gerð grein fyrir niðurstöðum fjárlaganna eins og þær myndu verða, ef brtt. fjvn. yrðu samþ. Myndi þá verða um 400 þús. kr. halli, og eins og þar er tekið fram, hyggst fjvn. að jafna þetta við 3. umr., og telur það hægt vegna þess, að nokkrir tekjuliðir frv. séu lægra áætlaðir heldur en líklegt sé, að þeir reynist. Þetta er samkv. þeim upplýsingum, sem n. hefir fengið, og verður reynt að samræma það við 3. umr. og bera fram till. um hækkun á þessum liðum.

Ég sé ekki ástæðu til að gefa mikið yfirlit yfir þessar till. Það er gert í nál., og ég býst við, að allir hv. þdm. hafi lesið það. Ég skal þó víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem til heyra fyrri kafla frv., fram að 14. gr.

Fyrsta brtt. er um alþingiskostnaðinn, og er hann lækkaður úr 245 þús. niður í 220 þús.; er þetta gert með tilliti til þess, að ef þingi lýkur nú um mánaðamótin, þá verður þingtíminn svipaður og hann var árið 1934, og þá kostaði þingið 220 þús., og þá óþarft að hafa þá kostnaðaráætlun hærri. Nú mætti ætla, að næsta þing verði svipað, ef það verður, sem vænta má, haldið á sama tíma árs, og ekki verður þingfrestun, eða önnur ófyrirsjáanleg atvik koma fyrir, og myndi því þessi kostnaður ekki fara fram úr áætlun, og er þarna 25 þús. kr. munur frá því, sem er á frv.

2. brtt. er aðeins leiðrétting, þannig að skattanefndir eru teknar inn í frvgr. ásamt yfirskattanefnd og skattstofu Reykjavíkur, en nú er svo ákveðið í *lögum frá 1934, að skattanefndir eigi* að fá greiðslu fyrir störf sín, og verður því að telja rétt, að þessi greiðsla sé tekin þarna inn á fjárlög.

Um 3.—15. brtt. má segja það, í einu lagi, að þær séu allar leiðréttingar. — 3. brtt., stafliður a, er um utanfararstyrk til manns, sem undanfarið hefir stundað lyflækninganám erlendis, og er talið, að hann þurfi að halda því námi áfram um eitt ár enn til þess að fullnuma sig. b-liður till. ber það með sér, til hverra sá styrkur á að fara og í hvaða skyni hann er veittur. — 15. brtt. ræðir um lækkun á framlagi til Reykjahælis, og stafar hún af því, að dagpeningar eru áætlaðir 4 kr. á dag, í stað þess að áður voru þeir áætlaðir kr. 4,50 á dag.

Kem ég þá að 16. brtt., og er þar nokkuð breytt frá því, sem var í frv., er þarna áætlaður sparnaður á ríkisspítölunum, þannig að 10% reiknist frá öllum rekstrarkostnaði, nema föstum launum starfsmanna. Í fyrra var farið inn á sömu braut, en þá voru laun starfsmanna tekin með, en það þykir nú sýnt, að engu verði *um þokað að því, er launin snertir.* Nú hefir fjvn. aðeins áætlað sparnaðinn á þeim liðum, sem hreyfanlegir eru á hverjum tíma. — Annars eru þetta aðeins áætlunarupphæðir, og fer í reyndinni eftir því, hve vel tekst að fara með fé spítalanna.

Um 17. brtt. er það að segja, að þar er hækkun um 2400 kr., og er þessi hækkun skýrð í nál., þar sem sagt er frá því, hvaða sjúkraskýli fái styrkinn og hvernig hann eigi að skiptast, og heildarupphæðin tekin þar upp.

Um 18. brtt., um 3500 kr. styrk til Rauðakross Íslands, til sjúkraskýlis sjómanna í Sandgerði, lokagreiðslu, vil ég taka það fram, að af vangá féll þessi fjárveiting niður af fjárlögum fyrir árið 1936, en forstöðumaður Rauðakross Íslands hefir sagt n., að þeir geti ekki fullgert þessa byggingu, nema að þeir fái til þess 7000 kr. styrk, og 3500 kr. voru veittar til þessa á fjárlögum fyrir árið 1935, en ekkert árið 1936. Nú gerir fjvn. ráð fyrir, að þetta verði tekið upp í fjárlög fyrir árið 1937, til þess að verkið geti haldið áfram.

Um 19. og 20. brtt. er það að segja, að 19. brtt. er hækkun úr 3500 kr. í 5000 kr. Er þetta gert með tilliti til þess, að inn á þann lið verði tekinn sérstakur sjúklingur, sem á erfitt með að bjargast án opinberrar hjálpar.

Þá eru 21.—35. brtt. Eru það breyt. á tillagi til vega, og eru þar fáir nýir liðir. Að vísu er þar tekinn upp Suðurdalavegur með 6500 kr., og hefir hann ekki verið áður, og eins Bolungavíkurvegur, sem ekki er annað en ræktunarvegur, en byrjun á þjóðvegi. Þótti rétt að taka þessa fjárveitingu nú upp, vegna ræktunar þorpsbúa, svo að vegurinn yrði sem fyrst að gagni. Um hinar till. má segja, að þær eru flestar miðaðar við það, að vegakerfinu miði svipað áfram á árinu 1937 eins og 1936, og sumar eru miðaðar við það, að lokið verði ákveðnum vegagerðum, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. séu svo kunnugir, að þeir skilji tilgang fjvn. með þessum till.

36. og 37. brtt. eru aðeins leiðréttingar. Liðirnir *eru færðir til af því*, að það þótti óviðkunnanlegt að hafa þá þar, sem þeir eru nú, en breyt. á upphæðum eru þar engar.

Sama má segja um 38. brtt., að þar er aðeins leiðrétting. Í frv. er vísað til laga, sem nú eru úr gildi, og þykir fjvn. rétt að setja þetta svona inn í frv.

39. till. er umorðun á styrk til H/f. Skallagríms í Borgarnesi. Þar sem fjárveitingar eru þannig bundnar til margra ára, þykir réttara, að það sjáist án fyrirhafnar á fjárlögum, hve mikið er eftir á hverjum tíma.

40. till. er aðeins leiðrétting á ártölum.

Um 41. brtt. er sama að segja eins og um styrkinn til H/f. Skallagríms, þar er þess getið til skýringar, hvar í röðinni sú greiðsla sé, sem þar er innt af höndum.

Þá er 42. brtt., og er hún langmest af öllum brtt. n., og er viðvíkjandi hafnargerðum. Fyrir fjvn. lágu margar beiðnir um hjálp til hafnargerða, og reyndi n. að ná samkomulagi og koma til móts við kauptúnin, sérstaklega með tilliti til þess, að árið í ár hefir orðið erfitt fyrir þorpin, *og veitti þeim* þess vegna ekki af því að fá þessa hjálp til þess að auka nokkuð atvinnu og afkomumöguleika þorpsbúa.

Fjvn. hélt þeim sið, sem tekinn var upp á síðasta þingi, að tilfæra í fjárlagafrv. hverja veitingu fyrir sig, og er það breyt. frá því, sem áður var. Því þá var fjárveitingin öll tekin í einu lagi, og síðan skipt af stjórninni milli hinna einstöku staða. Við teljum það miklu réttara, að þessu fé sé úthlutað af fjvn. sjálfri, svo að ekki verði um það villzt, hvaða staðir

eigi að fá styrk á hverju ári. — Um einstakar fjárveitingar á þessum lið tel ég óþarft að fjölyrða, þær hafa flestar verið ræddar hér áður, en hinar teknar upp vegna þeirrar miklu nauðsynjar, sem á því er fyrir þorpin að fá þessa hjálp. Verði eitthvað um þetta rætt, mun ég svara til þess svo sem þarf, en sé annars ekki ástæðu til þess að fara nánar inn á það.

Þá er 43. brtt., og er það síðasta brtt. við þennan kafla frv. Er það styrkur til sjóvarnargarðs á Flateyri. Þessi styrkur stóð áður á fjárlögum árið 1935, en féll niður árið 1936.

Þær brtt. einstakra þm., sem snerta þennan kafla fjárlaganna, sé ég ekki ástæðu til að minnast á, fyrr en þeir hafa talað fyrir þeim og fjvn. hefir haft fund um þær og tekið afstöðu til þeirra. Ég fjölyrði svo ekki um þessar till. Vænti ég þess, að hv. þm. líti á þá erfiðleika, sem nú eru fyrir höndum með ríkisfé, og stilli kröfum sínum í hóf.

Það er rétt að geta þess, að fjvn. hefir, eins og tekið er fram í nál., látið bráðabirgðatekjustofna ríkissjóðs, sem eru á fjárlögum fyrir árið 1936, halda sér óbreytta á þessum fjárlögum. En hvort svo verður, fer vitanlega eftir því, hvort þingið vill láta þessa tekjustofna haldast og framlengir bráðabirgðaákvæðin, en fjvn. hefir ekki viljað fella þetta úr fjárlögum, en verði þingið ekki búið að samþ. framlengingu þessarar tekjuöflunar fyrir 3. umr., þá verður það vitanlega fellt niður.

*Frsm. síðari kafla (Bjarni Bjarnason): Á síðasta þingi voru gerðar margar og miklar sparnaðartill. af fjvn., og margar þeirra voru samþ. Af þessu leiddi það, að nú var fjvn. ókleift að gera nokkrar verulegar sparnaðartill., með því líka að svo lítur út sem erfitt verði að framkvæma þann sparnað, sem gerður var samkv. till. fjvn. á síðasta þingi, hvað þá ef nú væri lengra farið í sömu átt. Að vísu er þetta ekki séð fyrr en við lok ársins 1936, en ég geri ráð fyrir, að það verði erfitt að halda liðum fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár, og þess vegna ekki glæsilegt að gera miklar sparnaðartill. í viðbót, þótt ég hinsvegar viðurkenni, að fjárlögin eru býsna há og tekjuöflun er örðug, svo að full þörf væri á meiri sparnaði, ef hann þætti framkvæmanlegur.

Ég mun nú víkja nokkrum orðum að þeim brtt. fjvn., sem snerta 14.—22. gr. fjárlaganna að þeim báðum meðtöldum. Flestar þessar till. eru tilteknar í nál., en þó ekki allar.

Á síðasta þingi var samþ. að lækka embættiskostnað presta. Var þetta samþ. hér með yfirgnæfandi meiri hluta, en nú virðast flestir hv. þm. horfnir frá því, að þessi sparnaður sé framkvæmanlegur eða réttmætur, og eru nú einróma raddir um að þessi liður sé hækkaður aftur, og fjvn. leggur nú til, að þessi liður sé hækkaður aftur um 30 þús. kr., en um leið leggur hún til, að frestað sé greiðslu tillaga ríkissjóðs til læknishéraðssjóða og prestakallasjóða.

Vegna reglugerðarákvæða, sem snerta Háskóla Íslands, hefir verið tekin upp 1200 kr. fjárveiting til kennslu í hagfræði.

Eins og mörgum er ljóst, þá er menntaskólinn hér gamalt hús og þarf mikið viðhald. Nú er ákveðið, að rektor flytji úr íbúðinni og að íbúðinni verði breytt í kennslustofu, og á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 12 þús. kr. til þessa. Nú leggur fjvn. til, að þetta verði hækkað upp í 15 þúsund krónur, og má ætla, að fyrir þessa upphæð sé hægt að gera skólahúsinu nokkuð til góða.

Þá er einn liður, sem snertir menntaskóla Akureyrar og er um laun til aukakennslu og tímakennslu. Fjvn. síðasta þings lagði til, að hætt yrði að tvískipta 1. bekk skólans, og fyrir fjvn. vakir, að skólanemendum sé gert jafnhátt undir höfði og að bekknum sé ekki skipt. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að bekkurinn sé tvískiptur, og fjárveitingin er miðuð við það, en fjvn. heldur fast við það, að bekkurinn sé ekki tvískiptur, og kemur af því nokkur sparnaður.

Þá er viðhald kennaraskólans, er sá liður hækkaður um 300 kr., eða úr 700 kr. í 1000 kr.

Þá er nokkur hækkun á prófkostnaði við vélstjóraskólann eða um 12 hundruð kr. Eins og hv. þm. muna, var samþ. í fyrra að fella niður laun til prófdómara, nema við vélfræðiskóla.

Um bændaskólana vil ég geta þess, að þar er ákveðið dagkaup að vori til til nemendanna, og þess vegna skapast þetta tillag til verklega námsins af sjálfu sér, þegar dagkaupið er ákveðið fyrir fram, og hækkar fjvn. þetta tillag með hliðsjón af nemendafjölda skólanna um 15 hundruð kr. til Hólaskóla og um 1 þús. kr. til Hvanneyrarskóla.

Dálítil fjárveiting er til verklegs náms erlendis. Á fjárlögum fyrir árið 1936 voru það 6 þús. kr., og á fjárlagafrv. var þessi upphæð nú færð niður í 4000 kr., en fjvn. leggur til, að þessi liður verði hækkaður aftur upp í 6000 kr. Eftir því, sem hæstv. atvmrh. skýrir frá, hafa nokkuð margir menn fengið styrk af þessari litlu fjárveitingu, og hefir hann komið að allmiklum notum, og þótt erfitt sé að fá gjaldeyri til utanfara og dvalar erlendis, þá verð ég að segja, að ef litið er á þörf atvinnuvega vorra, og þá einkum til hins unga iðnaðar, sem hér er að vaxa upp, þá er þessu fé vel varið, ef með því er hægt að hjálpa atvinnuvegum vorum, og þá fyrst og fremst iðnaðinum.

Þá er á frv. ætlað til kennaranámsskeiðs 2000 kr., fjvn. leggur til, að í staðinn fyrir til kennaranámskeiðs, komi „kennaranámskeiðs eða utanfarar“, svo ef hægt er að fá valutu, þá geti kennarar valið um, hvort þeir nota styrkinn fremur til námskeiðs hér eða til utanfarar, og þá helzt, að það yrði þannig, að styrkur þessi yrði annaðhvort ár notaður til utanfarar, en hitt árið hér heima.

Að lokum vil ég geta þess viðvíkjandi þessari grein að samkv. því, sem segir í nál. um skiptingu á stofnkostnaði héraðsskóla, er upphæð sú, sem þar ræðir um, 13300 kr., og er það 1700 kr. lægra en í till. kemur fram, þar er kostnaðurinn áætlaður kr. 15000. En héraðsskólinn á Núpi mun nú sækja um nokkurn styrk, sem hann telur, að sér beri vegna stofnkostnaðar, og verður það fært á þennan lið til samræmis fyrir 3. umr.

Þá leggur fjvn. til að hækka um 10 þús. kr. byggingastyrk Flensborgarskólans, og er það lokagreiðsla. Einnig leggur fjvn. til, að byggingarstyrkur húsmæðraskólans á Laugalandi verði hækkaður um 5000 kr., og er það líka lokagreiðsla.

Þá eru næst tveir nýir liðir, sem n. leggur til, að bætt verði inn í þessa grein, en það eru 2500 kr. til raflýsingar Staðarfellsskólanum, lokafjárveiting, og 5 þús. kr. til sundlaugar á Akureyri.

Um 15. gr. er það að segja, að þar er fyrst lagt til, að hin ýmsu gjöld til landsbókasafnsins verði hækkuð um 800 kr., en það er gert sökum þess, að safninu barst 1930 nokkurt safn af sænskum bókum, sem ekki hefir verið hægt að koma vel fyrir enn þá. Er því ætlazt til, að þessar 800 kr. verði notaðar til þess að koma upp bókahillum fyrir þessar sænsku bækur. Þá leggur n. til, að veittar verði 1000 kr. til þess að ljúka viðgerð Hólakirkju, og ennfremur að veittar verði 1000 kr. til bókasafns Siglufjarðarbæjar. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að ég sé, að á þskj. 329 flytur hv. þm. Vestm. till. um, að veittar verði 1000 kr. til bókasafns í Vestmannaeyjum. Út af þessari till. vil ég taka það fram, að fjvn. telur hana vera sanngjarna og eiga rétt á sér, þar sem Vestmannaeyjakaupstaður er nú eini kaupstaðurinn, sem ekki nýtur sambærilegs styrks í þessum efnum við aðra kaupstaði.

Þá er till. frá fjvn. um að hækka styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur um 4 þús. kr. eða upp í 8 þús. kr. Fyrir n. lágu upplýsingar um það, að félag þetta ætti við mjög mikla fjárhagslega örðugleika að stríða, en hinsvegar var henni ljóst, að margir einstaklingar félagsins leggja fram óeigingjarnt menningarstarf og að félagið væri þess fyllilega maklegt, að því væri rétt hjálparhönd. Erfiðleikar félagsins munu jafnvel hafa gengið svo langt, að draga hefir þurft 25% af kaupi því, sem leikendunum hefir verið lofað. Af slíkum erfiðleikum getur vitanlega margt sprottið, sem óhollt yrði starfsemi félagsins. Með tilliti til þessa og eins hins, að Reykjavíkurbær mun vart geta komizt af án þess að hafa leiksýningar, vill n. leggja það til, að styrkurinn til félagsins verði hækkaður eins og fyrr greinir. Aftur á móti gerir n. það að skilyrði fyrir hækkun styrksins, að fjvn. Alþingis fái reikninga félagsins til athugunar á hverjum tíma. Væntir fjvn. svo, að þetta megi verða félaginu til gagns.

Þá leggur n. til, að Guðm. Matthíassyni verði veittur 1200 kr. styrkur til náms í hljómlist. Ennfremur að Karlakór Reykjavíkur verði veittar 2000 kr. vegna kostnaðar af söngför sinni til Norðurlanda s. l. vor. Þá leggur n. og til, að veittar verði 2500 kr. til útgáfu frönsk-íslenzkrar orðabókar, og sé það lokagreiðsla. Auk þessa mælir n. með styrkjum til nokkurra listamanna og rithöfunda, og má þar fyrst til nefna, að hún leggur til, að Þorkeli Jóhannessyni verði veittur 1000 kr. styrkur til ritstarfa. Hann er nú að rita atvinnusögu Íslands, og fór fram á að fá 1800 kr., en n. sá sér ekki fært að fara svo hátt, enda þótt hún viðurkenni, að hann hefði átt skilið að fá svo háan styrk, því að hann hefir lág laun, en er starfsmaður góður. Þá mælir hún og með 1000 kr. til Tómasar Guðmundssonar skálds og 1000 kr. til Sigurðar Skúlasonar, til náms erlendis í framsagnarlist. Hvað snertir styrk hins síðarnefnda, þá veit n., að hann muni vera of lítill, svo lítill, að óvíst mun vera, hvort viðkomandi maður muni geta notfært sér hann, því að hér mun um nokkuð dýrt nám að ræða. Að n. treystist ekki til að fara hærra var sakir þess, að hún vildi hér sem annarsstaðar reyna að spara. Annars lágu fyrir n. meðmæli frá mætum mönnum hér í Reykjavík um það, að Sigurði væri veittur nokkur styrkur í þessu skyni, og auk þess höfðu komið tilmæli um það utan af landi.

Þá leggur n. og til, að 1000 kr. verði veittar þeim Pétri Jónssyni söngvara, Eggert Stefánssyni söngvara, Bjarna Björnssyni gamanleikara og Þóru Borg, til leiknáms erlendis, og ennfremur að Jóhanni Sveinssyni frá Flögu verði veittar 600 kr. til vísnasöfnunar.

Við 16. gr. gerir n. litlar brtt., þó er það sú grein fjárlaganna, sem hvað mestar sparnaðartill. voru gerðar við á síðasta þingi. Hvernig tekst að framkvæma þær sparnaðartill., er ekki víst enn þá, það verður ekki séð fyrr en árið er liðið. En á það hefir fjvn. verið bent, að t. d. Búnaðarfélag Íslands muni eiga erfitt með að komast af með þær 180 þús., sem því eru ætlaðar. Vegna þessarar umkvörtunar Búnaðarfél., vill n. benda á, hvort ekki megi bæta nokkuð úr fyrirsjáanlegum peningaskorti með því að taka greiðslur fyrir mælingar, sem félagið hefir haft með höndum. En eins og kunnugt er, þá hefir Búnaðarfél. annazt landmælingar fyrir þá, sem þess hafa óskað, endurgjaldslaust, og reynslan hefir leitt það í ljós, að félagið hefir oft verið látið mæla upp lönd og kortleggja lönd til framræslu, sem ekkert hefir svo verið hreyft við í fleiri ár á eftir, svo að öll merki hafa jafnvel verið týnd, þegar hafizt hefir verið handa um framræsluna. Með því að láta menn greiða dálítið fyrir slíkar mælingar myndu þeir áreiðanlega ekki biðja um mælingarnar, nema þá því aðeins að þeir ætluðu fljótlega að hefjast handa um verkið, og myndi með því sparast vinna og kostnaður, sem annars gæti farið svo um, að kæmi að engum notum. Sakir þessa telur n. rétt að láta greiða eitthvað fyrir þessar mælingar.

Þá vil ég geta þess hér, að n. hefir verið bent á, að með klásúlunni við fjárveitinguna til Búnaðarfélagsins, að styrkurinn til búnaðarsambandanna skuli haldast hinn sami eins og árið 1936, sé verið að taka fram fyrir hendur félagsins. Þetta má vel vera, en n. væntir þess þá, að þar sem einn af fulltrúum búnaðarþingsins á sæti í fjvn., þá verði þessu komið í viðunandi horf fyrir félagið.

Að því, er snertir fjárveitinguna til sandgræðslunnar, þá leggur n. til, að fé það, sem í frv. er ætlað til verndar flæðiengjum Sandsbæja í Öxarfirði, verði lækkað úr 4 þús. kr. niður í 2 þús. kr. Sandgræðslustjóri var óánægður með það, hve lítið fé ætlað væri til sandgræðslu yfirleitt. Leggur n. því til, að upphæð þessi verði lækkuð eins og hér segir.

Þá leggur n. til, að fjárveitingin til skógræðslu verði hækkuð um 3200,00, og að af þeirri upphæð verði tveimur ungum námsmönnum, sem nú stunda skógræktarnám erlendis veittar sínar 600 kr. hvorum og ennfremur að 2 þús. kr. verði varið til þess að bæta við hús skógarvarðarins á Vöglum. Þá er lagt til, að bætt verði við fé það, sem ætlað er til rannsóknar á ormaveiki, 300 kr. og að þeirri litlu viðbótarupphæð verði varið til þess að styrkja Ágúst Jónsson bónda á Hofi við rannsóknir sínar á þessari veiki. Honum var veittur á síðasta þingi styrkur til þess að kaupa áhöld til þessara rannsókna og vantar því fé til þess að geta framkvæmt þær sem skyldi. Þá leggur n. til, að veittur verði 1000 kr. styrkur til að stífla Höfðavatn í Skagafirði. Um nauðsyn þess er tekið fram í nál. Ennfremur að Arndísi Þorsteinsdóttur garðyrkjukonu verði veittur 300 kr. styrkur. Kona þessi er fullorðin ekkja, sem lagt hefir mikið á sig til þess að útbreiða þekkingu á garðyrkju.

Um 17. gr. er það að segja, að þær breyt., sem við hana eru gerðar, eru vegna laganna um alþýðutryggingar, og eiga því að vera í samræmi við þau lög.

Hvað 18. gr. snertir, þá hefir hún fyrst og fremst verið leiðrétt samkv. upplýsingum um dauðsföll. Styrkir þeirra manna, sem dáið hafa á árinu, felldir niður. Aftur hefir n. lagt til, að bætt verði inn á þessa grein mönnum, sem hún hefir orðið ásátt um, að veitt yrðu nokkru hærri eftirlaun en þeim ber að lögum, en það eru þeir prófessor Sig. P. Sivertsen og Guðm. Sveinbjörnsson skrifstofustjóri. Þá leggur n. til, að Guðmundi Davíðssyni frá Hraunum verði veittur 500 kr. ritstyrkur.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um brtt. n. En ég vil geta þess að lokum, að ágreiningur í fjvn. hefir verið mjög lítill. Langflestar brtt. n. hafa verið samþ. einróma. Um aðeins fáar þeirra hefir orðið ágreiningur, og hefir sá ágreiningur ekki verið flokkslegur ágreiningur. Sá eini flokkslegi ágreiningur, sem kom fram í n., var um tvo liði í tekjuhliðinni, útflutningsgjaldið af sjávarafurðum og vörugjaldið frá síðasta þingi. Fyrir þessum ágreiningi hafa sjálfstæðismenn í n. gert grein í nál., og vísast til umsagnar þeirra um þetta atriði. Mun ég svo ekki orðlengja frekar að þessu sinni.

*__Guðbrandur Ísberg:__ Ég hefi leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við fjárl.frv., eins og sjá má á þskj. 329.

Fyrsta brtt. er við 16. gr. frv., um að Skógræktarfélagi Eyfirðinga verði veittur 3 þús. kr. styrkur. Skógræktarfélag þetta hefir starfað í nokkur ár og ráðizt í ýmsar framkvæmdir, sem á margan hátt mega teljast merkilegar. Til þessa hefir félag þetta ekki notið neins opinbers styrks, en nú hefir það hugsað sér að færast í fang framkvæmdir, sem hafa mikinn kostnað í för með sér, en það er að koma upp stórri skógargirðingu til þess að friða stórt landssvæði fyrir ágangi búfjár. Þó að félagsmenn safni til þessa töluverðu fé með frjálsum samskotum o. fl. móti, þá munu þeir vart treysta sér til þess að koma þessu í framkvæmd, nema með því að fá opinberan styrk að einhverju leyti. — Til þess að sýna hv. þm. fram á, að hér á hlut að máli félag, sem mikils má vænta af, vil ég geta þess, að það hefir gert merkilega tilraun með skógrækt á Þelamörk, þar sem menn vissu ekki til, að nokkur skógarhrísla væri til. Félagið girti þarna af dálítið svæði, svo að engin skepna kæmist þar inn, friðaði það algerlega fyrir áreitni manna og dýra, en það hefir haft þann árangur, að nú eru farnar að koma þarna upp birkihrislur, sem lifað hafa huldar í jarðveginum. Þetta er ekki aðeins merkilegt fyrir þennan stað, heldur getur það verið lærdómsríkt fyrir almenning. Þá hefir félag þetta einnig gert aðra merkilega tilraun, en hún er sú, að það hefir girt af gildrag, þar sem reyniviðarhrísla er búin að standa um áratugi, án þess að fleiri hrislur hafi vaxið þar upp. Með því að girða þarna dálitinn blett og friða nágrenni hríslunnar fyrir áreitni búfjárins, þá hefir komið í ljós, að nýjar hrislur eru þegar farnar að skjóta öngum sínum í kringum hina gömlu. Að þetta hefir ekki gerzt fyrr, er ekki sökum þess, að gamla hríslan hafi ekki sáð sér út fyrr, heldur sakir hins, að nýgræðingurinn hefir ekki fengið tækifæri til þess að dafna og þroskast fyrr en búið var að friða umhverfi gömlu hríslunnar. Að ég bendi á þetta hér, er til þess að sýna, að félagið er brautryðjandi um nýjungar á þessum sviðum og á því skilið styrk frá því opinbera. Nú er hugmynd félagsins sú, að taka stóran blett til friðunar, hinn svo nefnda Reynishól í Saurbæjarhreppi. Að vísu er þar ein og nú standa sakir dálítill vísir að skógi, en hrislurnar eru mjög dreifðar og því búin mikil hætta af ágangi búfjár og annara eyðandi afla, ef ekkert er að gert þeim til friðunar. En eins og ég þegar hefi tekið fram, þá er hér um svo mikið og dýrt verk að ræða, að félagið treystir sér ekki til þess af eigin rammleik. — Læt ég svo útrætt um þetta atriði, og vænti þess, að hv. fjvn. sjái sér fært að leggja með þessari litlu styrkbeiðni, og jafnframt vænti ég þess, að hv. þm. ljái þessu góða máli fylgi sitt.

Þá á ég enn brtt. á þessu sama þskj., ásamt hv. þm. A.-Húnv., þar sem við förum fram á, að veittar verði 3000 kr. til rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að. Um þessa rafveitu er svo háttað, að þegar hún var fullgerð, kom það í ljós, að hún varð um það bil helmingi dýrari en hún hafði verið áætluð. Kostnaðurinn við byggingu hennar varð sem sé nær 220 þús. kr., í stað 110 þús., sem hún hafði verið áætluð. Þetta, að verk fari fram úr áætlun, er vitanlega ekkert nýtt. En í þessu sambandi vil ég benda á, að um ráðningu manns til þess að sjá um framkvæmd verksins var þegar í upphafi leitað til rafmagnseftirlits ríkisins, og það haft með í öllum ráðum. Að svona tókst til, að verkið varð helmingi dýrara en það hafði verið áætlað, er því fyrst og fremst á ábyrgð þessa aðilja. Rafstöð þessi, sem nú er aðeins fyrir Blönduóskauptún, er byggð með það fyrir augum að geta verið fyrir alla Austur-Húnavatnssýslu, og er því hægt að auka afl hennar um helming með tiltölulega litlum lagfæringum. Eins og nú standa

sakir, getur stöðin ekki selt allt það rafmagn, sem hún framleiðir, en það mun því miður geta dregizt nokkuð, að því verði veitt út um sveitirnar. En þegar að því kemur, að það verði gert, verður það án efa gert með styrk frá hinu opinbera. Að standa undir kostnaðinum af fyrirtækinu, eins og hann er nú orðinn, þangað til, verður meira en erfitt fyrir hlutaðeigendur. Þeir geta það hreint og beint ekki. En með því, að þeir fengju styrk þann, sem hér er farið fram á, myndi þeim verða kleift að fleyta fyrirtækinu áfram um nokkur ár, eða þar til að það gæti farið að standa undir sér sjálft. Þar sem nú að vitanlegt er, að hið opinbera hefir jafnan hlaupið undir bagga, þegar vandræði hafa steðjað að, hvort heldur sem það hefir verið af völdum jarðskjálfta, vatnsflóða eða öðru, þá treysti ég því, að það geri það einnig hér, því að ég fæ ekki séð, að það sé svo mikill eðlismunur á því, af hvaða sökum héruðin geta ekki risið undir þeim byrðum, sem á þeim hvíla. Þegar þeim er alveg um megn að greiða það, sem á þeim hvílir, eða það, sem þau verða að greiða, hvort sem það stafar af völdum náttúrunnar, eða öðru, þá verður hið opinbera að hlaupa undir bagga. Í þessu tilfelli hefir fátækt hérað orðið fyrir því, að fyrirtæki, sem ekki var áætlað dýrara en það, að héraðið hefði getað staðið undir því, ef áætlunin hefði verið nærri lagi, hefir orðið 110 þús. kr. dýrara, en ráð var fyrir gert. Slíkt óhapp er sú blóðtaka fyrir héraðið, að alveg er óumflýjanlegt, að hið opinbera hlaupi undir bagga með því.

Þá á ég enn brtt. á þessu sama þskj. Hún er við 18. gr. Þar er farið fram á, að Jóhanni Ragúels á Akureyri verði veittur 800 kr. styrkur, og til vara 600 kr. — Maður þessi hefir verið mjög sjóndapur í 20 ár, og er nú nálega blindur. Að minnsta kosti algerlega lesblindur, og því ófær að gegna almennum störfum. Að undanförnu hefir maður þessi haft ofan af fyrir sér með verzlun, en með verzlunarhöftum síðustu ára hefir dregið svo úr möguleikum fyrir hann að hafa af fyrir sér með því móti, að nú getur hann það ekki lengur.

Menn munu nú segja, að svo sé um fleiri og er það rétt, en ég vil vekja athygli á því, að það er sérstakt um þennan mann. Hann er blindur og ekki hægt að segja honum að hverfa að öðru starfi. Alþ. hefir þegar veitt öðrum blindum manni styrk, og ég trúi ekki öðru en hv. þm. líti svo á, að Alþ. beri að sjá svo um að þessum manni, sem hefir verið sviptur atvinnu sinni með aðgerðum hins opinbera (án tillits til þess, hver hann er), verði rétt hjálparhönd. — Ég vil skjóta þessari litlu kröfu undir dóm hins háa Alþingis og vona að henni verði vel tekið.

Hv. fjvn. hefir ekki enn tekið afstöðu um ríkisábyrgðir, og ég hefi ekki borið fram till. um það efni. En ég vil beina því til hv. fjvn., að það liggur fyrir beiðni frá bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar um ríkisábyrgð fyrir láni til rafstöðvar, sem í ráði er að reisa við Goðafoss. Ég vildi minna á þetta, sem og á umbeðna ábyrgð fyrir tunnugerð á Akureyri.

Þá vil ég benda hv. fjvn. á prentvillu — eða misskilning — sem er hér í fjárlagafrv. og sem þarf að leiðrétta. Það stendur hér í 16. gr. 16,c „til Guðmundar Andréssonar til að stunda dýralækningar í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu". Á síðasta þingi voru orðin og Austur-Húnavatnssýslu réttilega felld aftan af og þau eiga ekki að vera.

Á 22. gr. er ríkisstjórninni heimilað að greiða á árinu 1937 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna eftir sömu reglum eins og á árinu 1936, þ. e. a. s. eftir sömu reglum eins og á síðasta ári. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að þær reglur, sem eru hafðar við greiðslu dýrtíðaruppbótar á þessu ári, eru ákaflega einkennilegar og þeim þyrfti að breyta.

Sá maður, sem hefir 3900 krónur í laun, fær í uppbót 975 krónur eða samtals 4875 krónur, en sá maður, sem hefir það erfiðara starf — eða starf, sem krefst meiri þekkingar, að honum eru ætluð 300 krónum hærri laun eða 4200 krónur. Hann fær aðeins 546 kr. í uppbót og verða þá laun hans samtals 4746 kr., eða 129 kr. lægri heldur en hins, sem hefir aðeins 3900 kr. Þetta þarf að leiðrétta. Sá möguleiki má ekki vera fyrir hendi, að sá maður, sem er á lægri launum vegna þess að starf hans er ekki talið eins erfitt eða að það krefst minni þekkingar, geti orðið á hærri launum heldur en sá, sem ráðinn er á hærri laun þegar búið er að veita báðum dýrtíðaruppbót.

Þá er að lokum eitt atriði. Hv. fjvn. hefir tekið hér upp ýmsa liði til listamanna og skálda og er þar með talinn Bjarni Björnsson leikari. Mér kemur þetta ókunnuglega fyrir sjónir. Ég veit ekki til þess, að þessi maður sé skáld og ekki heldur, að hann sé listamaður í þeirri venjulegu merkingu þess orðs. Ég hefi engin rök heyrt færð fram fyrir þessari till. og hefði ég óskað að fá frekari grg. fyrir henni.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Ég á að þessu sinni ekki nema eina brtt. við till. hv. fjvn. og er það 8. brtt. á þskj. 329 um styrk til bryggju á Súðavík. Ástæðan til þess, að ég flyt þessa till. er sú, að þarna eru hinir mestu erfiðleikar á því fyrir sjómenn að koma fiskinum í land, eins og gefur að skilja, þar sem allan fiskinn þarf að láta í smábáta. Hefir það oft kostað sjómenn margra klukkutíma erfiði eftir að þeir komu þreyttir að landi með aflann, auk þess sem það er hin versta meðferð á fiskinum að kasta honum upp í fjöru og flytja hann síðan á bíl. Hefði ég vænzt þess, að hv. fjvn. hefði séð sér fært að taka þessa styrkveitingu upp í till. sínar, jafnvel þótt hún hefði þá verið nokkru minni en ég fer fram á, en þar sem svo hefir ekki orðið, þá óska ég þess nú sérstaklega að hv. þm. líti á nauðsyn þessa máls og samþ. þá a. m. k. varatill. mína á þskj. 329.

Það er sjálfsagt rétt, sem hv. frsm. fjvn. tók fram, að margar beiðnir hafa borizt og að ekki er hægt að fullnægja þeim. En ég hefði þá talið rétt, að líta nokkuð til sem flestra og stuðla að því, að lendingarbætur gætu byrjað sem víðast. Því bæði er það, að þeirra er rík þörf og svo má einnig á hitt líta, að hvað atvinnulíf snertir, er víða mjög illt ástand í verstöðvum, bæði á

Vestur- og Norðurlandi, og slíkur styrkur sem þessi er vísir til atvinnubóta, því aðkeypt efni er ekki annað en sement og járn, og vinnulaunin er aðalkostnaðurinn. Ég sé að hv. fjvn. hefir ekki séð sér fært að taka tillit til þeirra beiðna, sem ég bar fram fyrir mitt kjördæmi, og er ekki um það að sakast, en ég mun þó að sjálfsögðu bera þær till. fram við 3. umr.

Það er sennilegt, að n. hafi frestað því, að taka ákvarðanir um vitabyggingar og símalagningar og mun ég ekki fara inn á þau atriði fyrr en ég sé till. n. En ég vil aðeins minna á það, að einn hreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu er símalaus, og hefir aðkallandi þörf fyrir síma og vitaleysi er svo tilfinnanlegt á Óshólum, að nú hefir hvað eftir annað legið við slysum þar af þeirri ástæðu. Þessi viti er áætlað að kosti 12—14 þús. kr.

Ég skal að lokum geta þess, að þótt fé sé veitt til lendingabóta og bryggjugerða, þá er víða svo ástatt fyrir hreppum, að erfitt er fyrir þá að leggja fram fé á móti, og oft nauðsynlegt ef til framkvæmda á að koma, að tekin sé ábyrgð fyrir hlutaðeigandi þorp eða kauptún, en um það mun ég ræða nánar við 3. umr.

*__Jakob Möller:__ Eins og hv. alþm. munu sjálfsagt hafa veitt athygli, hafa sjálfstæðismenn í fjvn. nokkra sérstöðu um afgreiðslu fjárl., og er það í samræmi við þá sérstöðu, sem sjálfstæðismenn hafa haft á undanförnum árum.

Sjálfstæðisflokkurinn telur ekki að þess sé nægilega gætt, að stilla í hóf álögum á atvinnurekstur landsmanna og að ekki sé samræmi í því og þeirri yfirlýsingu, sem gefin er af öllum flokkum, að þinginu beri að stuðla að því, að efla atvinnuvegi landsmanna, eins og það er orðað í 1. málsgr. nál.

Það vita allir hversu aðþrengdir atvinnuvegir landsmanna eru, og það hefir t. d. verið viðurkennt á þann hátt, að létt hefir verið af útflutningsgjöldum af landbúnaðarafurðum, og í samræmi við það er þá sjálfsagt að létt sé af sjávarútveginum samskonar gjöldum, og þess vegna hafa sjálfstæðismenn gert þá kröfu, að nú verði þessu gjaldi létt af.

Hinsvegar bendum við á það, að tekjur á fjárlagafrv. eru áætlaðar þannig, að full ástæða er til að ætla það, að tekjurnar á árinu 1937 verði til muna meiri en þar er gert ráð fyrir, og í raun og veru er það samþ. af meiri hl. fjvn., sem hefir tekið það fram, að óhætt sé að hækka tekjuliðina, en meiri hl. n. virðist ætla að láta sér nægja að lagfæra þetta þannig, að hækkun tekjuliðanna nægi til að vega á móti þeim auknu útgjöldum, sem n. er sammála um að verði samþ. En ég vil vekja athygli á því, að sá munur, sem á þessum liðum er orðinn á síðari árum, að þær tekjur, sem hér er gert ráð fyrir, eru samtals 1879 þús. kr., eða allt að 1900 þús. kr. lægri heldur en sambærilegar tekjur á árinu 1935, og skal ég nú gera grein fyrir því, í hverju þessi mismunur er fólginn.

Það er á tekju og eignaskatti ..	350	þús. kr.
Erfðafjárskatti	29	— —
Áfengistolli	250	— —
Tóbakstolli	30	— —
Kaffi- og sykurtolli	150	þús. kr.
Vörutolli	300	— —
Verðtolli	350	— —
Áfengisverzlun	400	— —
Útvarpi	20	— —

Þetta eru samtals 1879 þús. kr.

Nú er það að vísu svo, að það má gera ráð fyrir því, að tekjurnar verði ekki eins miklar á sumum liðum eins og þær voru 1935, þótt ekkert verði fullyrt um flesta liðina. Um einn liðinn, tekju- og eignarskatt, má segja að varasamt sé að ætla hann hærri en nú er gert. Um hina liðina er að vísu ekkert hægt að fullyrða, en líkur eru til, að þeir geti gefið eins mikið nú, eins og á árinu 1935 og jafnvel meira.

Að svo stöddu getum við sjálfstæðismenn ekki fallizt á það, að þessi áætlun sé rétt og sjáum ástæðu til að veita ríkisstjórninni þennan tekjuafgang til að ráðstafa eftir eigin vild án þingsíhlutunar.

Hinsvegar hefir ekki farið fram athugun á þessu í n. öðruvísi en bera saman tölur í heild og þess vegna hefir ekki verið tekin föst afstaða um einstaka liði. En við sjálfstæðismenn töldum það skyldu okkar að taka við þessa umræðu ákveðinn fyrirvara um þetta, og ef við hefðum látið það óathugað mátti taka það svo, að við féllumst á þessa áætlun, sem er fjarri sanni.

Við teljum það tvímælalaust óhætt — vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til að afla tekna með auknum skattaálögum, — að fella nú niður útflutningsgjaldið, sem nemur 650 þús. kr., og sem að vísu er einn af þeim fáu liðum, sem fremur má búast við, að reynist of hátt áætlaðir.

Við teljum ekki vafa á því, að þeir tekjustofnar, sem í frv. eru, muni jafna þann halla, sem yrði við það að fella útflutningsgjaldið niður.

Eins og nú stendur er sjávarútvegurinn rekinn með tapi og að taka þá af honum þennan beina skatt, er ósæmilegt og tæplega forsvaranlegt gagnvart lánardrottnum hans.

Við leggjum einnig til, að fellt sé niður það gjald, sem lagt var á á síðasta þingi og kallað viðskiptagjald og nemur frá 2 og allt upp í 25% á svo að segja allar þær vörur, sem til landsins flytjast. Það er enginn vafi á að þetta gjald kemur mjög illa á atvinnulífið í landinu, þar sem það er lagt á ýmsar þær nauðsynjavörur, sem alls ekki er hægt að komast af án við atvinnurekstur.

Það er að vísu svo með einstakar vörutegundir, sem þetta gjald er lagt á, að þær eru ekki nauðsynlegar fyrir atvinnureksturinn. En hinsvegar er það, að með þeim innflutningshöftum, sem eru á þeim vörutegundum, er ekki að vænta mikilla tekna af því gjaldi, sem á þær leggst, og þess vegna verða þær tekjur, sem ríkissjóður fær, að líkindum að langmestu leyti af brýnum nauðsynjavörum.

Þær tekjulindir ríkissjóðs, sem við leggjum til að verði stöðvaðar, munu nema um 1400 þús. kr., og þar sem nú, samkv. till. n., verða aukin útgjöld sem gera það að verkum, að á fjárlfrv. verður á 400 þús. kr. tekjuhalli, þá má

gera ráð fyrir, að full óvarlega sé farið ef þessir tekjustofnar eru felldir niður, því þá er unninn upp að fullu sá mismunur, sem ég gerði grein fyrir að væri á áætluðum tekjum nú og á raunverulegum tekjum á árinu 1935. En þá erum við sjálfstæðismenn þess albúnir að taka til athugunar til 3. umr., að gera fjárlögin þannig úr garði að ekki komi til mála að á þeim verði tekjuhalli og að gera það þá með því að fella niður gjöld, sem við teljum að hægt sé að fella niður eða fresta, og skal ég t. d. benda á, að við teljum bæði að hægt sé að fresta framkvæmd tryggingarlöggjafarinnar og einnig að ekki sé hyggilegt að byrja á henni á þeim tímum, sem nú standa yfir, og augljóst er að almenningur í landinu má illa við því að nú séu lögð á hann þau gjöld, sem sú löggjöf hefir í för með sér. Þess vegna teljum við að hægt sé að tryggja það, að ekki verði tekjuhalli á þessu ári, þótt þessir tekjustofnar falli niður.

Í þessu sambandi skal ég lauslega minnast á afstöðu okkar til eins tekjuliðsins, sem búast hefði mátt við, að við gerðum till. um að fella niður vegna afstöðu flokksins til þess máls á síðasta þingi, en það er benzinskatturinn nýi, sem gert er ráð fyrir, að gefi 250 þús. kr. í tekjur. Það er kunnugt, að Sjálfstfl. lagði á sínum tíma eindregið á móti því, að þessi skattur yrði lögleiddur, vegna þess að hann taldi, að skatturinn yrði til þess að auka erfiðleika atvinnurekstrarins í landinu, en það hefir farið svo, raunar ekki fyrir tilstuðlan stjórnarvaldanna, að þessi tollhækkun á benzíni, sem útlit var fyrir að lenda mundi á kaupendum benzíns innanlands, er að flytjast yfir á seljendur, þar sem nú er að komast í framkvæmd verðlækkun á þessari vörutegund, sem svarar því sem næst þessari tollaukningu. Af þessari ástæðu höfum við, a. m. k. að svo stöddu, ekki séð ástæðu til þess að flytja till. um að fella þennan skatt niður, þó að við teljum að vísu, að það geti að sjálfsögðu komið til mála, að þessi tekjuliður yrði einnig felldur niður, ef það þætti fært vegna afkomu ríkissjóðs að öðru leyti.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt að þessu sinni, ég þykist hafa orðið þess var, að það þyki hlýða að hafa sem fæst orð um fjárlögin að þessu sinni. Það mun vart hafa komið fyrir áður í sögu þingsins, a. m. k. ekki síðustu ár, að aðalframsöguræða fjárlaganna við 2. umr. hafi ekki tekið nema tæpan klukkutíma eins og að þessu sinni, en það stafar að nokkru leyti af því, að n. hafði ekki fyllilega lokið störfum sínum í tæka tíð, svo að nokkur hlutinn bíður í rauninni til 3. umr.

*__Jóhann Jósefsson:__ Ég hefi leyft mér að koma fram með tvær litlar brtt. við þessa umr. fjárlaganna, og er önnur þeirra um bókasafn Vestmannaeyja. Er hún undir X á þskj. 329.

Ég sé, að samkv. gildandi fjárlögum og eins samkv. till. fjvn. eru öll bókasöfn í kaupstöðum búin að fá einhverskonar styrk, og þykir mér því hlýða að benda á, að bókasafn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir enn ekki orðið þessara fríðinda aðnjótandi.

Bókasafnið er gamalt; það hét fyrst Lestrarfélag Vestmannaeyja, en þegar Vestmannaeyjar urðu kaupstaður, þá var því breytt í bókasafn Vestmannaeyjakaupstaðar og er nú eign bæjarins. Það hefir fært út kvíarnar og heldur m. a. opnum lestrarsal árið um kring, sem sérstaklega er til afnota fyrir þá aðkomumenn, sem vilja sitja einhversstaðar inni og líta í bók. En þetta hefir kostnað í för með sér, og þar sem ég hygg, að þetta bókasafn jafnist á við bókasafn Siglufjarðarkaupstaðar og annara slíkra kaupstaða, þá virðist mér sanngjarnt, að þetta bókasafn njóti sömu fríðinda af hálfu löggjafarvaldsins.

Hin till., nr. XIII. á sama þskj., stendur í sambandi við svo til nýja ráðstöfun bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum til að efla matjurtarækt í kaupstaðnum. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hver hörgull er á matjurtum í landinu, svo að það er sjálfsagt að gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að auka innlenda ræktun á því sviði eins og unnt er. Auk þess kemur það til greina, að í kaupstöðum eins og Vestmannaeyjum er það mjög mikil búbót fyrir þá, sem annars stunda eyrarvinnu, að eiga góðan matjurtagarð. Nú hagar svo til í Vestmannaeyjum, að landssjóður á allt landið, en bærinn á ekkert sérstakt land sjálfur. Af þeim sökum hefir verið mjög torvelt að hjálpa þeim mönnum um land, sem annars hefðu verið fúsir að leggja á sig kostnað og vinnu við að koma sér upp matjurtagarði. Fyrir 3—4 árum síðan var bænum þó látið í té nokkuð stórt landflæmi inni við höfnina, og allt þetta land hefir hann tekið til úthlutunar handa fjölskyldum í bænum; eru þarna um 40 garðstæði, en að öðru leyti er landið sumpart komið í túnrækt, og nokkur hlutinn hefir verið afhentur íþróttafélaginu til þess að koma upp íþróttavelli.

Þetta landnám náði of skammt til þess að bærinn gæti stutt nægilega marga fjölskyldufeður til þess að koma upp matjurtagörðum, en svo sýndi sóknarprestur Eyjanna, sr. Sigurjón Árnason, þann dregskap og þá rausn að gefa leyfi til þess, að af landi Ofanleitisjarðarinnar, sem tilheyrir prestakallinu, væri tekið allmikið stykki, sem bærinn fær. Hann bauð það fyrir tveim árum síðan að gefa það eftir, að bærinn fengi þetta land til umráða, ef kennslumrh. samþ. það; á sínum tíma fékkst samþykki hans, og þannig fékk bærinn yfirráð yfir allmiklu graslendi ofan til á eynni. Svo tók bæjarstjórnin sig til og úthlutaði 160 heimilum matjurtareitum á þessum stað í viðbót við þá 40, sem áður höfðu verið látnir bæjarbúum í té. Þessir reitir eru frá 4—500 m² að stærð, og fer það eftir því, hvort landið er grýtt; þeir, sem fengu grýtt land, fengu stærra en hinir. Nú er verið að undirbúa ræktun á þessu sviði og verður því haldið áfram. Við gerum okkur vonir um, að af þessu geti hlotizt mikil blessun fyrir það fólk, sem þarna býr, og ber í raun og veru að þakka það að mestu leyti þeim áhuga, sem sóknarpresturinn hefir sýnt fyrir því, að gera bænum auðvelt að hjálpa mönnum til þess að efla ræktunina.

Með XIII. brtt. á þskj. 329 fer ég fram á það, að Alþingi styðji lítilsháttar að þessari ræktun

með því að veita 2500 kr. til ráðstafana fyrir Búnaðarfélag Vestmannaeyja, og er hugsunin sú, að búnaðarfélagið styrki þá efnaminni af þeim mönnum, er hér eiga hlut að máli, til þess að koma sér upp matjurtagörðum.

Thor Thors: Ég á tvær brtt. á þskj. 329; sú fyrri er undir II. um Stykkishólmsveg, og er ætlazt til, að fyrir 5000 kr. komi 10000 kr. Ég sé að vísu, að hv. fjvn. hefir hækkað tillagið úr 5000 upp í 7000 kr., en ég tel það ekki nægilegt, og vil ég því leyfa mér að leggja til, að veittar verði 10000 kr. í þessu skyni.

Það hefir margsinnis komið í ljós, bæði utan þings og innan, að Snæfellsnessýsla hefir verið töluvert afskipt af vegafé undanfarin ár, og hefir glögglega verið sýnt fram á það með tölum. Haustið 1934 sótti öll hreppsnefnd Stykkishólmshrepps um það, að á fjárlögum fyrir 1935 yrðu veittar 2500 kr. til Stykkishólmsvegar. Þá fengust 5000 kr., og á núgildandi fjárlögum eru veittar 750 kr. í þessu skyni. Ég legg til, að 10000 kr. verði veittar fyrir árið 1937, og er þá farin að nálgast sú upphæð, sem hreppsmenn töldu nauðsynlega 1935, og mega því allir sjá, að hér er mjög í hóf stillt. En þessi fjárhæð var talin nauðsynleg til þess að unnt væri að koma veginum yfir illfæra mýrarfláka, sem eru á Kerlingaskarði.

Þess má geta í þessu sambandi, að Stykkishólmsbrautin, sem liggur frá Borgarnesi til Stykkishólms, hefir nú verið á döfinni frá því um aldamót; vegalengdin er í allt um 100 km., en það eru ennþá eftir 15 km. ólagðir. Þegar þess er gætt, hversu langt er umliðið síðan löggjafinn áleit nauðsynlegt að leggja þessa braut og eins þegar tillit er tekið til þess, að íbúðum hefir fjölgað mjög á þessu svæði og ferðamannastraumur hefir stórum aukizt frá því, sem átti sér stað, þegar þessi braut var ákveðin, þá er mjög rík nauðsyn á því, að hafizt verði handa um að fullgera þetta verk sem allra fyrst. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að vænta þess, að þessi litla brtt. min nái samþ. hv. Alþ.

Önnur brtt. á sama þskj. er undir IX., og fjallar hún um aukið framlag til hafnargerðar í Ólafsvík. Er farið fram á, að upphæðin verði hækkuð úr 5000 kr. upp 7500 kr. eða upp í sömu upphæð og er á núgildandi fjárlögum í sama skyni.

Hafnargerð í Ólafsvík var ákveðin með lögum nr. 60 frá 1919, og er gert ráð fyrir, að hreppsbúar leggi fram tvöfalt framlag á móti því sem ríkissjóður leggur fram. Nú hefir verið leitað fyrir um lán til hafnargerðarinnar og er von til þess, að það fáist 15000 kr. lán, og er þá þessi till. min um 7500 kr. miðuð við það, að ríkið leggi fram það sem því, samkvæmt lögum, er skylt að leggja fram á móti hreppnum. Í þetta mannvirki eru komnar um 130000 kr., en til þess að hægt verði að ljúka við verkið vantar líklega um 40—50000 kr. Enda þótt svo mikil fjárhæð hafi verið lögð fram til þessa mannvirkis, kemur það þó ekki að fullum notum fyrir hreppsbúa, en þetta mundi lagast, ef hægt yrði að verja í þessu skyni alls um 22000 kr. Það má teljast líklegt, að ef höfnin yrði fullgerð á þessum stað, þá mundi útgerðin töluvert glæðast, því að fiskimiðin í nánd við Ólafsvík hafa fram til síðustu ára verið mjög fiskisæl, en aðstaða öll í landi hefir verið hin erfiðasta vegna hafnleysis. Þó er rétt að geta þess, að undanfarin tvö ár hefir verið mjög mikill aflabrestur í Ólafsvík, og einmitt vegna þess er þeim mun ríkari ástæða til þess að leggja fram fé til atvinnu í kauptúninu, því að það er víst, að ef ekki kemur mikil hjálp frá ríkisvaldinu til atvinnubóta í kauptúninu, þá eru mjög iskyggilegar horfur fyrir afkomu almennings framundan þar. Það má því telja, að eins og nú er ástatt í Ólafsvík, þá sé lífsnauðsyn, að fólkið fái þá atvinnubótavinnu, sem af framkvæmd þessa verks mundi hljótast. Ég vil því leggja ríka áherzlu á það, að vegna hinnar afleitu afkomu almennings þá verður fólkinu að koma hjálp frá ríkisvaldinu, og þetta er sú minnsta hjálp, sem að gagni kemur. Hv. fjvn. hefir aðeins séð sér fært að leggja fram 5000 kr. í þessu skyni, en ég verð að halda því fram, að afkoma ríkissjóðs hvorki standi né falli með því, hvort 2500 kr. meira eða minna er varið til þessara hluta, en ég verð hinsvegar að halda því fram, að afkoma almennings í þessu kauptúni velti mjög á því, hvor upphæðin verði veitt, því að tvöfalt framlag kemur á móti því sem ríkið leggur fram.

***Hannes Jónsson:** Ég á nokkrar brtt. á þskj. 329. Það er ekki heppilegt að tala fyrir brtt. mina, þar sem sú regla er orðin mjög rík, að þm. eru litið bundnir við þessar umræður af hverju sem það stafar; ef til vill er gert ráð fyrir því, að ákvörðun um afgreiðslu ýmissa brtt. verði ekki tekin undir umræðum heldur á flokksfundi. Ég mun þó segja nokkur orð um brtt. minar vegna þess að ég sé, að menn eru hér úr öllum flokkum þingsins. Ég kem þá fyrst að brtt. IV, sem fer fram á 3000 kr. fjárframlag til Vesturhópsvegar. Eins og hv. þm. muna, var á síðasta þingi tekin upp sama upphæð til vegalagningar á þessu svæði. Ég þarf sennilega ekki að rifja upp sögu þessa vegar. Fyrir nokkrum árum var vegurinn frá Vatnshorni að Vesturhópsvatni tekinn í tölu þjóðvega, en undir eins og búið var að því, var vegalagningunni hætt, en hreppsbúar héldu henni sjálfir áfram lengra út í Vesturhópið, og er sú vegalengd um 30 km. Geta allir séð, hvílíkur kostnaður það er fyrir mjög fátækt sveitarfélag að leggja slíka vegalagningu á sig. Ég vil minna hv. þm. á það, að nú í ár er aðeins gert ráð fyrir 3000 kr. til vega í V.-Húnavatnssýslu, en í fyrra voru veittar 9000 kr. í þessu skyni. Framlagið til þjóðvega í sýslunni er því lækkað um $^2/_3$ frá því sem er í yfirstandandi fjárl. Ég vil líka minna á það, að samkv. frv. um frestun nokkurra laga, sem hér liggur fyrir, og gerir ráð fyrir að fella niður fjárframlag til sýsluvegasjóða að verulegu leyti, mun verða unnið fyrir um 6000 kr. minna í þessari sýslu af sýsluvegum en verið hefir. Það ætti öllum að vera ljóst, hversu slæmt þetta er fyrir héraðsmenn alla og ekki síst þá, sem mjög hafa stundað vegagerð á sumrin sem atvinnu og verða nú að sjálfsögðu annaðhvort

atvinnulausir eða neyðast til að leita úr héraðinu í atvinnuleit, og er vafasamt að þeir fái vinnu, en ef þeir fengju hana, þá gengju þeir ef til vill á rétt annara til vinnunnar.

Það er vitanlega hörmulegt til þess að vita, að stórfé skuli liggja í vegi, sem ekki er hægt að nota fyrir þá héraðsmenn, sem þar búa. Og sérstaklega er leitt til þess að vita, þegar þörfin á bættum vegi er eins mikil og þarna er. Menn geta sagt sér það sjálfir, að þegar búið er að leggja á sig þann þunga skatt, sem l. um sýslusjóðagjald segja fyrir um, og búið að fara þar upp í hámark, og svo skuli vera lagt á sig aukagjald sum árin, að þá sé þörfin brýn fyrir þennan veg. Þar sem búið er að klífa þrítugan hamarinn í þessu, þá er það ekki forsjárlegt af Alþ. að draga að sér höndina um stuðning við framkvæmd þessarar vegalagningar. Ég vænti því, að þingið nú eins og í fyrra líti með velvilja á þessa framkvæmd og veiti þessa litlu upphæð, sem ekki veldur ríkissjóði neinum verulegum örðugleikum, þar sem aðeins er um 3000 kr. að ræða. Þörf héraðsmanna á framkvæmdinni og á atvinnu helzt í hendur, svo að það ætti að verða til þess, að þingið yrði fúsara til þess að veita þessa litlu upphæð.

Þá er brtt. viðvíkjandi 13. gr., undir rómv. 6 á þskj. 329. Brtt. er um það að hækka fjárveitingu til brúargerða úr 70 þús. kr. upp í 76 þús. kr. Fyrir þinginu hafa legið áskoranir, undirskrifaðar af fjölda íbúa í Þverárhreppi, þar sem þeir óska eftir fjárframlagi til tveggja brúa á þessum umtalaða vegi. Það er áætlað, að þessar brýr kosti um 6000 kr. Það er sama að segja um þessar brýr eins og veginn sjálfan, að þær eru nauðsynlegar til þess, að vegurinn geti komizt í full not og samband fáist milli þessara tveggja vegakafla, sýsluvegarins og þjóðvegarins. Nú hefi ég að vísu heyrt, eftir að ég bar fram þessa brtt., að fjvn. hafi ekki tekið þennan lið til eins rækilegrar athugunar og hún hefir í hyggju að gera, og ég hefi jafnvel heyrt, að hún muni ætla að skipta þessum 70 þús. kr. niður á ýmsa staði, og er þá ef til vill ástæða fyrir mig til þess að taka þessa till. aftur til 3. umr., ef n. vildi athuga það enn rækilega, hvort ekki er hægt að verða við óskum þessara manna um þetta litla fjárframlag til þessara brúagerða. Ég mun því draga það að gera frekari grein fyrir þessu, þangað til ég hefi heyrt hljóðið í hv. frsm. og fengið hjá honum vitneskju um það, hvort þetta verður tekið til athugunar eða ekki fyrir 3. umr.

Í sambandi við þessar brúargerðir þá vil ég láta þess getið, að það hefir verið í ráði, og ég veit ekki annað en það sé loforð frá ríkisstj. um að byggja brú yfir Vestdalsá í Miðfirði á yfirstandandi ári af því fé, sem á fjárl. er veitt til slíkra framkvæmda. Nú þætti mér fróðlegt að fá upplýsingar um, hvort þetta verður framkvæmt í sumar eða ekki, eða hvort svo illa tekst til, að þetta verði ekki framkvæmt í ár, sem ég hygg þó, að sé loforð fyrir um. En ef svo verður, þá verður að gera ráð fyrir þessu á næsta ári, en lengur má það ekki dragast. Ég kasta þessu hér fram, og vænti þess, að hv. frsm. gefi upplýsingar um þetta, því það hlýtur að liggja fyrir hjá hæstv. stj., hvað hún ætlast fyrir í þessu efni.

3. brtt. min er við 1. gr., og er hún á þskj. 329, undir rómv. 10, og er um sundlaugar og sundskýli. Brtt. mín fer í þá átt, að fyrir 5000 kr. komi 7500 kr. Fyrir þinginu hafa ekki legið, svo mér sé kunnugt, umsóknir um styrk til bygginga sundlauga nema frá Reykjum í Miðfirði, og má vel vera, að n. hafi af þeirri ástæðu ekki tekið neitt sérstaklega fram um það, hverning hún ætlar að verða við þessari umsókn, sem lá fyrir frá þessum eina stað, vegna þess að þessi fjárveiting yrði nægileg til þeirrar sundlaugarbyggingar. Og ef ekki kemur annað fram frá hv. frsm., þá vil ég skoða það sem ákveðið loforð frá n., að þeim 5000 kr., sem á fjárl. eru, eigi að verja fyrst og fremst til sundlaugarbyggingar á Reykjum í Miðfirði. En mér þótti samt öruggara að koma með brtt. við þennan lið, svo að hann hækki um 2500 kr., því að ég hygg, að á að minnsta kosti tveim öðrum stöðum hafi verið hreyfing í þá átt að koma upp slíkum sundlaugum, bæði á Sauðárkróki og uppi í Borgarfirði. Nú þykir mér nokkurnveginn séð fyrir þessu máli þannig, að ekki yrði í því algert strand, ef það yrðu þó ekki minna en 2500 kr. á hvern stað. En þess er náttúrlega ekki að vænta, að fjvn. hafi tekið upp viðbót við þessa fjárveitingu, ef henni hefir ekki verið kunnugt um, að frekar yrði aðhafzt um framkvæmdir en þessi eina umsókn gefur tilefni til að ætla. Þó hygg ég, að önnur þessara umsókna hafi legið fyrir hjá hæstv. ríkisstj., þó hún hafði ekki komið fyrir fjvn. Ég vænti þess, að hv. fjvn. taki þessari till. vel, því það verður ekki um það deilt, hversu brýn nauðsyn er á því að efla sundkunnáttu í landinu eftir því, sem föng eru á. Ég vil taka það fram um Reyki í Miðfirði, að þar stendur alveg sérstaklega á. Það er búið að koma þar upp myndarlegu barnaskólahúsi, sem ætlað er í framtíðinni að verða fyrir Miðfjörð allan. Það var gert ráð fyrir því í upphafi, að það yrði bæði fyrir Fremri- og Innri-Torfustaðahrepp. En jafnvel þó það yrði aðeins fyrir innri hreppinn, þá er þar um heimavistarskóla að ræða, þar sem sundkennsla gæti komið að mjög miklum notum. Það þarf varla að taka það fram, að þarna er um heitt vatn að ræða, og skilyrði til sundnáms hin beztu, og til sundiðkana mundi þessi staður vera sérstaklega vel fallinn, þar sem Miðfjarðará rennur þarna rétt hjá, og því hægt að hafa bæði heitt og kalt vatn. Það má líka taka það fram, að Hvammstangi er svo skammt frá, að börn og unglingar þaðan mundu geta notið sundnáms á Reykjum, þannig að enginn kostnaður yrði hjá þeim fram yfir það, sem er hjá þeim, sem á staðnum eru. Mér finnst, að þetta mæli mjög með fjárveitingu til sundlaugarbyggingar á þessum stað.

Ég vænti því þess, að þingið taki vel undir þessa málaleitun, og ég vænti svars frá fjvn. um það, hvort hún telur ekki rétt, að af því fé, sem á fjárl. er veitt í þessu skyni, þá verði fyrst og fremst veitt til sundlaugar á Reykjum í Miðfirði.

Ég skal svo fara örfáum orðum um brtt. á

þessu sama þskj. undir rómv. 12, sem ég er meðflm. að með hv. 10. landsk., en það má vel vera að hv. 10. landsk. bæti þar nokkuð við.

Fyrsta till. er um Búnaðarfél. Íslands. Í fyrra var styrkurinn til þess lækkaður ofan í 180 þús. kr., en hann hafði áður verið 200 þús. kr. Mér finnst það varla forsvaranleg ráðstöfun að draga svo mjög úr því fjárframlagi til Búnaðarfélags Íslands, sem verið hefir, þar sem ekki er um meiri sparnað að ræða fyrir ríkissjóð en 20 þús. kr., og sérstaklega þegar á það er litið, að það er ætlazt til, að þetta skiptist milli búnaðarsambandanna, þá vænti ég, að þingið verði fúsara til þess að ganga inn á þessa hækkun. Það er vafalaust, að búnaðarsamböndin muni verða að taka á sig hækkuð útgjöld vegna ýmiskonar framkvæmda á næstu árum. Ég skal taka t. d. kartöfluræktina. Búnaðarsamböndin hafa gert nokkurt átak til þess að greiða götu þessa framfaramáls landsmanna með allskonar stuðningi í þessum efnum. Ég skal líka taka það fram, að hjá okkur er að rísa upp nýr og það ekki óverulegur þáttur í atvinnulífi landsmanna, þar sem er loðdýrarækt, og hygg ég, að sú verði raunin á, að búnaðarsamböndin verði að taka á sig nokkur aukin útgjöld vegna þeirrar starfsemi, og það er ekki illa farið, þó að svo verði. Ég vil benda á það til þess að sýna, að hér er um arðvænlegan atvinnuveg að ræða, að við gætum alið þann refastofn, sem gæfi af sér a. m. k. fjórfaldar til fimmfaldar tekjur á við það, sem við fengum fyrir það kjöt, sem við fluttum til Noregs síðastliðið ár og seldum þar fyrir lágt verð. Með þessu skapast markaður fyrir allskonar kjöt, sem til fellur innanlands og ekki getur orðið verzlunarvara hvorki hér eða erlendis. Af þessari starfsemi hafa þegar komið nokkur aukin útgjöld á búnaðarsamböndin. Þau hafa tekið þetta mál þegar að nokkru leyti á sínar herðar með því að styrkja þetta með ráðum og dáð. Þau verða því að láta starfsmenn sína inna verk af hendi, sem lengir starfstíma þeirra og eykur þar af leiðandi á launagreiðslur til þeirra.

Ég býst ekki við, að ég þurfi að hafa fleiri orð um þetta. Ég ætla líka, að hér muni vera um svo sjálfsagt mál að ræða, að ekki þurfi mikið um það að fjölyrða. Þegar eins örðuglega gengur fyrir landbúnaðinum eins og að undanförnu, þá má ekki láta undir höfuð leggjast að rétta fram svo lítinn stuðning sem þetta er, ef það getur orðið til þess að vekja til lífs nýja starfsþætti, sem geta orðið tekjumiklir.

Næsti liður brtt. er við 16. gr. 4, og er hann um það að hækka framlagið til sandgræðslu um 3000 kr., svo að fyrir 27000 kr. komi 30000 kr., og sú athugasemd fylgir, að þessar 3000 eigi að gangi til sandgræðslu á Meðallandi.

Sandgræðslan er sá þáttur ræktunarmálanna, sem er ekki hvað minnst virði, og ef þeim málum hefði verið sinnt fyrr en gert var, þá væri mörg sandauðnin á landinu orðin að grasigrónu landi, sem gæfi skilyrði til búreksturs og betri afkomu á þeim stöðum heldur en raun er á orðin.

Þá er 3. liður brtt., sem er við 16. gr. 7. c, og er hann um ræktunarsjóðinn. Þar er nýr liður tekinn upp, sem hefir oft verið áður á fjárl., en hefir verið felldur niður nú um sinn. En nú er þessi greiðsla tekin upp þarna á ný, því það getur varla svo til gengið til lengdar, að ræktunarsjóðurinn sé látinn vera svo gersamlega tæmdur að fé, sam hann er núna. Ég þarf ekki að fjölyrða um þennan lið, því ég veit, að mönnum er það ljóst, hve nauðsynlegt það er fyrir landbúnaðinn, að ræktunarsjóðurinn geti haldið áfram starfi sínu.

Þá er það síðasti liður þessarar brtt., en hann er um tilbúinn áburð, eða að hækka framlagið úr 28000 kr. upp í 43000 kr. Framlög ríkissjóðs frá 1929—1934 hafa að meðaltali verið rúmlega 75 þús. kr. Lögin um tilbúinn áburð voru fyrst sett á þinginu 1928, og áttu þau að gilda næstu þrjú árin, 1929—1931. Þau gáfu þá raun, að árið 1931 voru þau framlengd og áttu þá að gilda næstu þrjá ár eða til 1934 svo að segja óbreytt frá því, sem áður var. Á þessu tímabili var veittur styrkur til flutnings á áburðinum til landsins og á hafnir kringum landið eins og hann kostaði. 1934 voru svo þessi l. enn framlengd um þrjú ár, og gilda nú til 1937, en þar kemur sú takmörkun, að styrkurinn má ekki fara fram úr 20 kr. á hvert tonn. Ég geri ráð fyrir, að þessu hámarki verði ekki náð, þó áburðarstyrkurinn verði hækkaður upp í 43 þús. kr., því magnið mun oft hafa verið 3000 tonn eða a. m. k. töluvert á þriðja þús. tonn. Það verður ekki um það deilt, að það er brýn nauðsyn á því að hafa ræktun landsins í góðu lagi. Þó að höfuðtilgangur áburðarlaganna hafi í upphafi verið sá að efla nýræktina í landinu og styðja að aukinni ræktun, þá má segja, að sama ástæðan sé að nokkru leyti fyrir hendi enn þann dag í dag. Það hefir ekki borið á neinum afturkipp í aukinni ræktun landsins undanfarin ár, og það er ekki sýnilegt, að úr henni dragi á næstu árum að neinu verulegu leyti, nema hið opinbera dragi að sér höndina.

Við þetta má svo bæta því, að löggjafinn hefir á þinginu í vetur, og jafnvel í fyrra, ýtt undir það, að hafin verði aukin jarðrækt, og það að verulegu leyti. Nú getur engin aukin jarðrækt komið til greina, nema með því móti, að hún taki töluvert af því áburðarmagni, sem landið hefir haft yfir að ráða til jarðræktar undanfarin ár. Og það væri hreinn voði, ef þessar tilraunir til aukinnar jarðræktar misheppnuðust fyrir þær sakir, að bændur hefðu ekki nægilegan áhuga, og gæfu því verri raun heldur en ástæða væri til, ef þau skilyrði væru fyrir hendi, sem nauðsynleg eru til þess, að góður árangur fáist. Það er því ástæða til þess að draga ekki að sér höndina í þessu efni, heldur ætti að auka fjárveitingu í þessu skyni. Við munum þó ekki fara lengra í þessu efni en að gera ráð fyrir, að hámarkið samkv. l. 1934 náist með rúmlega 2000 tonnum innfluttum af útlendum áburði, og er það vitanlegt, að innflutningurinn verður að vera meiri, ef ekki á að fara í órækt sú grasrækt, sem orðin er í landinu, og ef nokkur aukning á að verða í jarðræktinni.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar, en ég hefi þegar gert. Ég vænti þess, að það

verði litið á þetta með velvilja, því að hér er ekki farið óhóflega í sakirnar. Hér er um smáupphæð að ræða, sem getur örvað til þeirra framkvæmda, sem ætlazt hefir verið til með áður settri löggjöf, og nauðsynleg er fyrir þjóðfélagið í heild, svo að betri afkoma geti orðið í búrekstrinum, og þá jafnframt í þjóðarbúskapnum í heild.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Þó að fátt sé hér þm., þá verður maður að inna þá skyldu af höndum að tala um og mæla með þeim brtt., sem maður sjálfur flytur. Það er á þskj. 329, sem ég á fáeinar brtt. við fjárl., og er sú fyrsta undir rómv. 5, og er við 13. gr. Ég hefi þar leyft mér að leggja til, að framlög til tveggja vega verði hækkuð frá því, sem er á fjárlfrv. Ég legg til, að fjárveiting til annars vegarins verði hækkuð úr 3000 kr. upp í 6000 kr., og er það í samræmi við það, sem vegamálastjóri hefir gert að tillögu sinni, að lagt yrði til hans. Það er satt að segja, að dómi allra þeirra, sem til þekkja það allra minnsta, sem getur komið að gagni. Þeir, sem nokkuð þekkja til á Síðu, vita, að þegar á að gera þar bílfæran veg, að þá er langt frá því, að það geti komið til mála að kasta í það nokkrum hundruðum eða fáum þúsundum, ef það á að koma að verulegu haldi. Ef svo á að vera, að það komi að gagni, þá verður að leggja í það nokkuð mikið fé. Það má ekki ganga svo til eins og hefir átt sér stað, að gerður hefir verið vegur fyrir nokkrar þúsundir, og er sá vegur hvorki farinn né fær, með því að hann er að engu leyti fullgerður, og verður svo með hvern vegarspotta, sem kemur á þennan hátt. Það er ekki hægt að nota veginn, ef ekki er veitt nægilegt til þess að gera þennan vegarspotta þannig, að hann sé fær bílum eða líkum farartækjum. Þess vegna koma þessar 3000 kr. að engu haldi, nema sem undirbúningur. Fyrsta undirstaðan í þennan kafla kostar 3000 kr. En fyrir 6000 kr. telur vegamálastjóri, að það megi gera þennan kafla svo úr garði, að hann sé fær. — Nú má geta þess, að fjvn. hefir ekki séð sér annað fært en líta á þetta, og hefir því hækkað framlagið um 1000 kr., en því miður er það svo, að það er að áliti vegamálastjóra engan veginn nóg til þess að gera þennan vegarspotta, sem verður að taka í einu, fullfæran þegar í stað. Nú má segja, að á næsta ári megi bæta úr þessu á vegi, sem gerður er fyrir 5 eða 6 þús. árið áður. En það sem áætlað er að gera fyrir það, sem nú er veitt, nægir heldur ekki. Það verður að gera meira en að bera ofan í. Það hefir verið svo með Síðuveg og Mýrdalsveg, að það kemur ekki að haldi að veita aðeins 5 þús. kr. til nýbyggingar, því eins og ástatt er núna, þá má segja, að það sé enn ólagður vegur á því svæði, sem er verst yfirferðar, en er þó ekki vatn. Og það sýndi sig í vetur, þar sem bílar stóðu þar fastir, hvað eftir annað. Fyrir því hefi ég lagt til samkv. tillögu vegamálastjóra, að fyrir 5000 kr. komi 7000 kr. Ég býzt við, að fjvn. sé á einu máli um það, að hér er ekki farið fram yfir það, sem réttlátt má þykja. Hinsvegar mun hún segja, að fé sé ekki fyrir hendi. En mér sýnist það á till. hennar, og ég veit, að hún hefir það á meðvitundinni, að sumt af því, sem hún hefir tekið upp, er ekki nærri eins mikið réttlæti í falið eins og þeim till., sem ég hefi talað um, sem eru annarsvegar um það, að nýbyggður vegur verði gerður fær og hinsvegar að ólagður kafli í þessari þjóðbraut verður gerður fær, en nú er hann ófær. Eins og ég sagði áðan er þar ófært bílum, og er það sérstaklega á einum stað, sem bílar hafa hvað eftir annað stoppað, enda þótt þeir hafi komizt allt annað. Ég vil vænta þess, að hv. þm. bregðist vel við þessari till. og ljái henni atkv. sitt við 3. umr., því vel getur farið svo, að ég leggi ekkert kapp á að fá greitt um hana atkv. við þessa umr. málsins.

Næsta till. mín, undir VII, fer fram á, að veitt verði til dragferju yfir Eldvatn í Meðallandi 300 kr., en það er sama upphæð og nú er veitt á fjárlögum til ferjanna á Lagarfljóti og Blöndu. Eftir því, sem ég hefi kynnt mér, fer því fjarri, að þessar ferjur eigi meiri rétt á sér heldur en á ýmsum öðrum stöðum, þar sem til mála getur komið, að ferjur verði settar. Eins og nú er ástatt, er ekki útlit fyrir, að Eldvatnið fáist brúað; það liggur ekki sýsluvegur um það og fæst því ekki styrkur af sýsluvegafé til þess að brúa það. Það var þar að vísu áður þjóðvegur, en hann hefir verið fluttur upp til fjallanna. Ég veit, að fjvn. muni líta sömu augum á þetta og ég, og verður væntanlega fullt samkomulag um þennan lið.

Þá er loks ein till., sem ég hefi borið fram, hún er undir XV. Þar er farið fram á samkv. erindi til fjvn., að veittur verði nokkur styrkur til þess að standa straum af hluta kostnaðar við ferðir dýralækna í fjarlægar sveitir, og sé því úthlutað eftir till. ráðh. Eins og kunnugt er, eru dýralæknar ekki nema 5 á öllu landinu, og því mjög misjafnar aðstæður manna til að ná til þeirra. Það kom fyrir nú í vetur skömmu áður en ég fór til þings, að það þurfti að sækja dýralækni út að Ölfusá, alla leið austan úr Álftaveri. Það kom nú náttúrlega ekki til af góðu, enda er það svo, að menn leita ekki dýralæknis nema í brýnustu nauðsyn, en þarna kom upp skæð pest, svo stórgripir hrundu niður. Enginn hafði hugmynd um, hvaða pest þarna hafði gripið skepnurnar, og var það auðvitað ennþá verra heldur en þó að t. d. þetta hefði verið miltisbrandur eða þessháttar. Við komu dýralæknisins fékkst svo nokkur bót á þessu, og gat hann stemmt stigu fyrir útbreiðslu veikinnar. Að vísu var læknirinn ekki viss um, hvort þetta væri þessi pestin eða hin, en það skiptir litlu máli. Það er ljóst, að af slíkum vitjunum getur leitt mikinn kostnað fyrir sveitirnar, og virðist ekki nema sanngjarnt, að hið opinbera greiði hluta þessa kostnaðar. Þessi till. er borin fram af þessum ástæðum, sem ég nú hefi greint og eftir till. dýralæknanna sjálfra, en þeir hafa sent erindi um þetta til stjórnarráðsins, en það erindi hefir ekki enn komið til þingsins eins og virðist þó hafa verið sjálfsögð skylda ráðh., að láta það ganga þangað, en stjórnarráðið hefir látið þetta undir höfuð fallast, og því hefir ég sent fjvn. þetta mál til athugunar. Ég sé, að það hefir verið lesið þar,

eða að minnsta kosti stendur það hér á því, að svo sé. Ég vænti þess, að n. athugi þetta mál. Það er ekki að eins Skaftafellssýsla, sem þetta kemur til góða, svona lagað getur komið fyrir í öllum landshlutum, og veit enginn hvenær slíkt dynur yfir.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessar till. mínar, enda virðist það svo, að hv. þm. vilji helzt vera fjarverandi, þeir sem ekki þurfa að tala fyrir till.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vil taka undir það, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, að það er erfitt að standa hér upp og tala fyrir áhugamálum sínum yfir tómum stólunum. Og það er því miður oft, sem það einkennir þessa samkomu, hve fáir sitja. Ég vil ámæla því framferði, hávaða og látum, sem því miður of oft einkennir þingið. Ég hefi leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við frv. það til fjárl., sem hér liggur fyrir. Þær hníga allar svo að segja að því að styðja og styrkja menningar- og mannúðarmál í landinu. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan hér í þinginu var borið fram frv. til l. um drykkjumannahæli.Af því að 1. brtt. er um það, þá ætla ég að mæla fyrir henni fyrst. Því frv. fylgir ýtarleg grg. og sundurliðun á því ástandi, sem nú ríkir með þjóð vorri í þessu efni. Það hlýtur að vera lýðum ljóst, að ástandið í þeim málum er nú orðið svo, að varla verður lengur við unað án þess að eitthvað verði aðhafzt til hjálpar mönnum, sem eru að farast í áfengisflóðinu. Ég hefi óskað eftir, að lagðar yrðu af mörkum í þessu skyni 20000 kr. Það kann að þykja nokkuð há upphæð, en þegar þess er gætt, til hvers hún á að fara og til hve mikils góðs hún getur orðið, þá er hún ekki há. Ég ætla því að vona, að hv. þm. sjái sér fært að verða við þessari fjárbeiðni.

Næsta brtt. er við 12. gr., tölul. 16. c. Það er viðvíkjandi styrk til fávita. Á fjárl. eru ætlaðar 5000 kr. í þessu skyni. Það er náttúrlega betra en ekki neitt, en mjög er það lítið og fremur illa skammtað til styrktar þeim mörgu, sem eru fávitar, og þeim mörgu heimilum, sem bera þá þungu byrði að hafa fávita innan sinna vébanda. Eins og hv. þm. er kunnugt, voru á síðasta þingi sett lög um fávitaheimili. Samkv. bráðabirgðaákvæðum þessara laga er tekið skýrt fram, að meðan ríkið ekki eignist sjálft slík heimili skuli þó greiddur með þeim viss hluti fjár til þeirra heimila, sem við yrði samið og heilbrigðisstjórnin álítur sæmileg. Þegar þetta var orðið að l., héldu margir, að nú væri nóg aðgert og það mundi koma af sjálfu sér, að þetta fé yrði greitt, og hrepparnir, sem höfðu fávita á þessu eina heimili, sem til er, Sólheimum, drógu að sér höndina og hættu að borga nema þann hluta, sem þeim var gert að greiða eftir l. Það sama munu þeir fáu einstaklingar hafa gert, sem þarna höfðu fávita. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að leiða til þess, að hið eina heimili, sem ætlað er fávitum, verður blátt áfram að loka og hætta starfi. Til þess að reyna að ráða einhverja bót á þessu hefi ég borið fram þessa till. um hækkaðan styrk til fávitameðlags úr 5000 kr. upp í 15000 kr. Ég veit, að hv. þm. eru yfirleitt svo sanngjarnir, að þeir sjá, að við svo búið má ekki lengur standa. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er nú kominn, — ég vil segja loksins kominn og ætla ég því að snúa máli mínu til hans. Hæstv. ráðh. minnist þess, að ekki alls fyrir löngu átti ég tal um þetta við hann. Þá bar hann því við, að það hefði ekki verið sett í fjárl. samtímis því, sem l. voru sett. Þá bar hann því einnig við, að ekki hefði verið samið við neina sérstaka staði um að taka fávita. Hvað því viðvíkur, að það hafi ekki verið sett í fjárlög, þá vil ég segja það, að það hefði áreiðanlega verið hægt um vik að gera það, að setja það í aukafjárlög. Það er áreiðanlegt, að margt annað óþarfara hefir þjóðin greitt heldur en þó hún greiddi meðlag með nokkrum vesalingum, sem enga eiga að. Því hér eiga oft í hlut mjög fátæk heimili og bágstödd. Ég ætla að láta þessi fáu orð nægja í bili um tillöguna, en ég vil treysta á sanngirni hv. þm. og fjmrh., að þeir sjái sóma sinn í því að veita hjálpina þar, sem hennar er mest þörf.

Þá kem ég að till. við 17. gr. 3., nýr liður, til barnaverndar. Fyrir fjvn. mun hafa legið umsókn um 20000 kr. styrk frá barnaverndarráði Íslands. Ég get bent á ýmsa, sem hafa gert heiðarlegar tilraunir til þess að vinna að barnaverndarmálum vor á meðal, t. d. Oddfellowregluna, sem hefir undirbúið framtíð margra barna með góðum árangri. Þá eru og ýmsir fleiri, sem nefna ber, t. d. Afmælisfélagið. Þetta félag hefir reist sæmilegt hús til að hafa sumarbústað í fyrir börn gegn lágu gjaldi. Það hefir stuðzt fjárhagslega að nokkru leyti við það, að á sínum tíma samdi félagið við sænskt eldspýtnafirma og fékk til umráða mikið af eldspýtum og gat selt þær með góðum hagnaði, vegna hagstæðra samninga, en þegar eldspýtna einokunin eða einkasalan kom hér, þá var úti um þann ágóða. Þetta átti ekki svo lítinn þátt í, að afmælisfélagið lokaði heimili sínu. Ég tek þetta hér fram til að sýna, að það getur haft allviðtæka þýðingu, þegar ríkisvaldið er að seilast inn á atvinnusvið einstaklinganna. Hér er ofurlítið dæmi um, hvað það getur komið hatramlega niður á þjóðinni og hennar viðkvæmustu efnum. Það má taka fleira fram í þessu sambandi, t. d. kvenfélögin úti um land, sem hafa verið að reyna að koma sér upp dagheimilum, en hafa oftast orðið að hætta vegna féleysis. Dagheimili, sem rekið er í Hafnarfirði, hefir því verið svo sérstaklega heppið að fá styrk frá ríkinu, en við hlið þess starfar dagheimili hér í Rvík, sem engan styrk fær, en ég ætla nú að vona, að fjvn. geri eitthvað til þess að greiða fyrir því. Ef Alþingi sér sér fært að láta þá upphæð, sem ég fer fram á í þessu skyni, eða 20000 kr., þá fullyrði ég, að málefnum barnana verði mikið betur komið á næstunni en nú er, og veitir sízt af því.

Till. mína viðvíkjandi elliheimilinu Grund ætla ég að taka aftur til 3. umr.

Svo er brtt. við 18. gr., sem fer fram á að bæta í hóp annara ljósmæðra einni nýrri ljósmóður, sem aldrei hefir fengið nein eftirlaun fyrir 20 ára starf. Þessi kona sótti í fyrra til þingsins um lítilsháttar eftirlaun, en beiðni

hennar kom aldrei fram. Síðan hefi ég kynnzt konunni nokkuð, högum hennar og heilsufari. Ég veit, að hún er makleg að fá þessa viðurkenningu, og ég ætla að vona, að ríkissjóður láti sig ekki muna um þessa litlu viðbót á því, sem hann gerir fyrir ljósmæðurnar í landinu.

*Þorsteinn Briem: Ég flyt nokkrar brtt. við fjárlagafrv., ýmist einn eða ásamt öðrum hv. þm., og skal ég gera lítilsháttar grein fyrir till. þessum. Skal ég þá fyrst víkja að þeim brtt., sem ég flyt einn við fjárlfrv., og kem ég þá fyrst að Suðurdalavegi, sem er eins og kunnugt er á aðalleiðinni norður í Strandasýslu og til Austur-Barðarstrandarsýslu, sem hefir á síðustu árum verið mjög fjölfarin.

En einmitt á þessum kafla í Suðurdölunum eru þær torfærur, sem teppa þessa leið bæði vor og haust. Mesta torfæran er þó Miðá, sem verður mikið vatnsfall í leysingum og rigningum jafnvel að sumrinu.

Svo hagar til, að brúarstæði á henni er alllangt frá þeirri leið eða þeim vöðum, sem nú eru notuð, og verður því að leggja alllanga vegarspotta báðumegin að brúarstæðinu, er sú vegalagning alllangt komin öðrumegin, en skemmra hinumegin, og er því engin leið að komast að þessu brúarstæði. Er því nauðsynlegt, til þess að þetta vatnsfall verði brúað, að hraða sem mest þessari vegarlagningu, því þeir vegarkaflar, sem þegar eru komnir, eru ekki að gagni fyrr en brúin er byggð, og því flyt ég till. þessa. Ég get að vísu tekið það fram, að upphæð sú, sem farið er fram á, er alltof lág, en með tilliti til hins þrönga fjárhags, sem við búum nú við, hefi ég ekki gert till. um, að fjárhæð þessi verði hærri. Eins og ég hefi áður bent á, kemur vegabót sú, sem hér er um að ræða, ekki aðeins Dalasýslu að gagni, heldur einnig Strandasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu.

Um hina till., fjárveitingu til Laxárdalsvegar, skal ég benda á, að nú er þjóðvegur um Laxárdal yfir Laxárdalsheiði til Hrútafjarðar; er sæmilegur vegur vestan dalsins neðst, en leiðin um miðjan dalinn og inn úr er ófær vegur og vegleysur, nema í mestu þurrkum um hásumarið. Nú er þetta landkostasveit og allþéttbýl, og gefur því auga leið, að það skiptir allmiklu máli, að vegasambandinu sé kippt í lag. Mundi að nokkru mega bæta úr verstu göllunum með upphæð þessari, þó hún sé lág. Samkvæmt venju, sem áður hefir gilt, mun mega vænta þess, að sýslan vilji leggja fram fé á móti, og jafnvel hreppurinn, svo að sem bezt not verði að vegagerðinni. Ég get tekið það fram í þessu sambandi, að nokkur hugur mun vera í mönnum að koma á fót mjólkurbúi í Búðardal, en Laxárdalsbúar geta ekki haft not af því búi, nema vegargerðinni verði hraðað meir en gert hefir verið. Er það sízt forsvaranlegt, að ríkissjóður skuli ekki leggja fram fé til þessa þjóðvegar, eins og hefir verið á síðustu tveimur fjárl. Þá má og geta þess, að vegur þessi er leiðin til Borðeyrar, en þar er frystihús, en ekki í Dalasýslu, hafa menn því í nokkrum hluta dalsins haft viðskipti við Borðeyri um sláturfé sitt, og er vegurinn því nauðsynlegur meðfram af þeirri ástæðu. Ég vil vænta þess, að hv. Alþingi líti með sanngirni á þessa till., sem og hina, og veiti þeim vingjarnlega afgreiðslu.

Þá á ég þriðju till. einn á þskj. 329, XVII, um að veita Ingólfi Davíðssyni styrk til framhaldsnáms í plöntusjúkdómafræði. Þessi efnilegi maður hefir fengið styrk á þessa árs fjárl., og er nauðsynlegt, að hann fái að halda þeim styrk á næsta ári. Ég ætla, að hverjum manni sé það ljóst, hvað nauðsynlegt landbúnaðinum sé að eiga sérfróðan mann um plöntusjúkdóma, þar sem hér eru ýmsar nytjajurtir undirlagðar sjúkdómum, og mun mönnum sérstaklega vera minnistæð kartöflusýkin, og ýmsir aðrir sjúkdómar hafa háð jarðeplarækt vorri tilfinnanlega á undanförnum árum. Þessi sýki náði útbreiðslu um allt Suður- og Suðvesturland, og má ætla, að kartöfluframleiðslan geti verið í voða, hvenær sem gerir óþurrkasumar.

Við urðum fyrir því happi fyrir 3 árum, þegar kartöflusýkin geisaði, að njóta aðstoðar erlends plöntusjúkdómafræðings, en það gefur auga leið, að ólíkt hagkvæmara er að eiga sjálfir kunnáttumann í landinu jafnan til taks að gefa leiðbeiningar, þegar slíka sjúkdóma ber að höndum. Þess utan eru ýmsir sjúkdómar óþekktir, sem þarf að rannsaka, og sumpart vantar kunnáttumann til að gefa leiðbeiningar um þá sjúkdóma, sem þegar eru þekktir. Hæstv. Alþingi hefir á tveimur undanförnum þingum tekið tilí. í þessu efni vinsamlega og samþykkt hana, og vænti ég, að svo verði enn.

Þá hefi ég ásamt hv. þm. V.-Húnv. flutt ýmsar brtt., eru það sérstaklega 4 við 16. gr., en hv. þm. V.-Húnv. hefir þegar talað fyrir þeim, og skal ég ekki fara fleiri orðum um þá liði, nema sérstakt tilefni gefist til, með því að hann hefir rakið þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir þeim öllum.

Þá hefi ég ásamt sama hv. þm. flutt brtt. við 22. gr., 1. lið, sem gengur í þá átt að heimila ríkisstjórninni að greiða laun tveggja hæstaréttardómara, ef dómurum verði fjölgað í þeim rétti, sú heimild verði felld niður, en þess í stað sé ríkisstjórninni heimilað að verja 100 þús. kr. til að styrkja bændur á harðindasvæðinu á Norður- og Austurlandi vegna fóðurbætiskaupa, enda hafi Búnaðarfélag Íslands á hendi úthlutun fjárins í samráði við og eftir till. sveitastjórnanna. Hér í till. er ekki nákvæmlega tilgreint, hvaða héruð eiga hlut að máli, en það er öllum hv. þm. kunnugt, hvaða héruð hafa hlotið þyngstar búsifjar á yfirstandandi vetri, þ. e. nyrðri hluti Suður-Múlasýslu, Norður-Múlasýsla, Þingeyjarsýslur báðar, Eyjafjarðarsýsla mestöll, og jafnvel Skagafjörður og a. m. k. nokkur hluti Húnavatnssýslu. Hér í till. er ætlazt til þess, að styrkurinn sé veittur aðallega þeim, sem búa á mestu harðindasvæðunum og hafa orðið sérstaklega fyrir barðinu á óhlíðri veðráttu þar sem óþurrkar voru sl. sumar afskaplegir, svo hey ónýttust auk þess, sem þau ónýttust í heystæðum vegna haustrigninga, og bændur höfðu því beðið tilfinnanlegt tjón áður en veturinn sjálfur gekk í garð, sem hefir verið svo fannamikill og jarðbanna, að með einsdæmum má heita, sérstaklega þar sem það

kemur ofan á þá veðráttu, sem á undan var gengin.

Ég skal játa, að ég hefi ekki við höndina skýrslu um þau feikna miklu fóðurbætiskaup, sem bændur hafa ráðizt í, og stafar það af því, að ég hafði vænzt þess, að aðrir aðiljar, og þá ekki sízt stjórn kreppulánasjóðs fyndi hvöt hjá sér til að rannsaka þetta, og þá jafnvel bera fram till. í þessu máli. Eftir bráðabirgðauppgjöri munu fóðurbætiskaup bænda aðeins í Múla- og Þingeyjarsýslum hafa numið 3—4 þús. tonnum af fiski- og síldarmjöli og allt að því öðru eins af maís- og rúgmjöli, og heykaup hafa verið gerð fyrir um 40 þús. kr.

Er því lágt áætlað og mun sízt ofmælt, að bændur hafi orðið að ráðast í fóðurbætiskaup, er nemi allt að ¼ úr milljón í krónutali. Mun því mega gera ráð fyrir á stórum svæðum, að fóðurbætiskaupin nemi um 2—3 kr. á sauðkind. Það gefur því auga leið, að þó vorið reyndist gott, mundi arðurinn af búfénu hrökkva skammt fyrir slíkum aukakostnaði, enda má búast við meira eða minna afurðatapi næsta haust, því jafnvel þó veðráttan reyndist sem hagstæðust, þá er það nú svo, að sé féð dregið fram á kröppu fóðri, kemur það fram á haustkauptíðinni í rýrari afurðum. Það vill auk þess svo til, að þessi harðindi hafa lent að allmiklu leyti á þeim sýslum, sem sízt voru undir það búnar, hvað fjárhagslega afkomu snertir. Mun það vera reynsla lánstofnana, að fé hafi frosið fast í þessum sýslum, og þá kannske ekki hvað sízt í Norður-Múlasýslu. Hafa mörg sveitarfélög þar orðið að grípa til þess að fá bjargráðasjóðslán, og hygg ég, að mörg þeirra séu innifrosin. Þegar þessir möguleikar hafa þannig verið notaðir áður, þá gefur auga leið, að horfa muni til stórvandræða. Ef nú svo færi, að margir bændur yrðu gjaldþrota eða vegna fóðurbætiskaupa svo illa staddir, að þeir yrðu að flýja jarðir sínar, þá er mjög vanséð, hvort fengjust í bráð bændur aftur til að setjast á þær jarðir. Og ég ætla, að ástandið sé þannig í mörgum sveitum, að ef sú skriða byrjar, þá sé ekki auðvelt að segja fyrir um, hvar hún muni stöðvast.

Ég gat þess áðan, að ég hefði búizt við því eða vænzt þess, að stjórn kreppulánasjóðs hefðist handa og gerði ráðstafanir til þess að tryggja fé sitt eða þau skuldabréf, sem búféð stendur að veði fyrir. Það liggja fyrir skýrslur um, hvað það fé er mikið, og því verður ekki bjargað með öðru móti en að gera mönnum kleift að standa í skilum. En eins og ástandið er nú, verður ekki séð að mönnum sé það fært, nema þeim komi til þess hjálp. Ég get tekið það fram, að við nánari athugun, eftir að gengið var frá till. þessari, sem við hv. þm. V.-Húnv. flytjum, þá hefi ég sannfærzt enn betur um, að þessi upphæð, sem hér er farið fram á, er ekki of há, heldur mikils til of lág, og vænti ég þess, að þeir þm., sem leggja sig inn í að rannsaka þetta mál og þær upplýsingar, sem þegar eru fyrir hendi, muni sannfærast um, að svo sé.

En ég skal jafnframt taka það fram, að mér er vel ljóst, þó ég álíti, að ekki verði komizt hjá að flytja till. sem þessa, að hér eru tvær hliðar á þessu máli, og það má með réttu segja, að það sé varasamt að rétta fram hönd þess opinbera vegna þess, að það geti orðið til þess, að menn treysti á, að það verði gert æ ofan í æ. Þetta skal ég fúslega viðurkenna. En jafnvel þó að svo sé, þá verður ekki fram hjá því komizt í slíku tilfelli sem þessu að rétta fram hjálparhönd. Og ég vil leggja ríka áherzlu á, að jafnframt því, sem þessi hjálp sé veitt, þá sé gerð ráðstöfun til að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í, svo að þetta komi ekki fyrir aftur. Þar á ég ekki aðeins við lögin um fóðurtryggingarsjóði, heldur og endurbætur á búfjárræktarlögunum, og þá alveg sérstaklega á þeim kafla, er fjallar um fóðurbirgðafélög. Vil ég gera breyt. eða endurbót í þá átt, að nú verði a. m. k. stuðlað betur að því en er, að fóðurbirgðafélög verði í hverri sveit. Ég skal ekki bera á móti því, að vel gæti komið til mála, að um leið og hv. Alþingi yrði ljóst, að ekki verður hjá því komizt að rétta hjálparhönd, þá geri það kröfu til að fóðurbirgðafélög yrðu í hverri sveit á landinu, eða stofnuð allsstaðar, þar sem landbúnaður er rekinn. Það kann að virðast hörð krafa að leiða það beint í l. En slíkt mætti koma til athugunar. Ég þykist þá hafa sýnt að það vakir ekki fyrir okkur tillögumönnum að skapa hér fordæmi, sem yrði sífellt endurtekið, heldur að um leið og þessi hjálp væri veitt, yrðu gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þættu til þess að fyrirbyggja það, að á slíkri hjálp þyrfti að halda framvegis. að svo miklu leyti, sem það væri unnt með l. Ég vil mega vænta þess, að allir hv. þm. líti með sanngirni á þessa till. og vilji taka hana til athugunar og viðurkenna það a. m. k., að hér sé nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir annaðhvort í þessari mynd eða á annan hátt.

Það má að vísu segja, að heimild slík sem þessi kemur fyrst til framkvæmda á fjárl. næsta árs, og má því segja, að það líði nokkuð þangað til. En ef slík till. sem þessi eða önnur í sömu átt næði samþykki hæstv. Alþingis, þá mætti þó þegar í stað gera ýmsar ráðstafanir, sem kæmu að notum, þannig að ekki yrði að ganga strax að bændum, og koma í veg fyrir á þann hátt, að bændur flosnuðu upp, þeir sem annars sæju veg til þess að haldast við bú. Það mætti gera ráðstafanir til þess að kyrrsetja innheimtu, og það mætti svo nota tímann til þess að láta fram fara nánari rannsókn og uppgerð á ástandinu í hverri sveit í þessum héröðum. Skal ég svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en ég vænti þess, að sú hugsun, sem liggur bak við þessa till., verði tekin til athugunar af hæstv. Alþingi því, er nú situr.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er aðeins út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. hér í dag, sem ég ætla að segja nokkur orð. Hann mælti fyrir þeim fyrirvara, sem hv. sjálfstæðismenn í fjvn. hafa gert við undirskrift nál. þeirrar n., þar sem þeir gera ráð fyrir, að niður megi fella tvo tekjuliði fjárl., sem nú eru í fjárlfrv. og áætlað er, að gefi 1 millj. 400 þús. kr. í tekjur. Og þeir halda fram, að þetta mundi vera óhætt án þess að gera nokkrar sérstakar ráðstafanir

til þess að vega þar á móti, af því að tekjuáætlun frv. sé svo gætilega samin, að gera megi ráð fyrir, að ýmsir tekjuliðir frv. fari fram úr áætlun. Ég vil nú út af þessu benda hv. þm. á það, að ef hallazt væri að þessu ráði, þá þyrftu tekjurnar að vera ekki aðeins of hátt áætlaðar, sem nemur þessum 1 millj. og 400 þús. kr., heldur sem þessu nemur og til viðbótar þeim halla, sem sennilega mun verða samþ. við þessa umr., líkl. um 400 þús. kr., og enn til viðbótar því, sem kann að verða samþ. til viðbótar útgjöldunum við 3. umr. Mér þykir ekki ósennilegt, að það mundi nema alls um 2 millj. kr., sem tekjuliðirnir þyrftu að vera of hátt áætlaðir, til þess að skoðun hv. sjálfstæðismanna gæti staðizt. Þeir byggja skoðun sína á því, að tekjuliðirnir eru áætlaðir 1900000 kr. lægri en tekjurnar reyndust 1935. Aðalliðirnir, sem gera þennan mismun, eru þessir: Tekjuskatturinn er áætlað að gefi um 350 þús. kr. minna en 1935. Og hv. sjálfstæðismenn viðurkenna, að það sé réttmætt að ætla það. Um áfengistollinn, sem gert er ráð fyrir, að gefi 250 þús. kr. minna í tekjur 1937 heldur en 1935, er það að segja, að nú er sýnt, að sala áfengis verður töluvert minni árið 1936 heldur en hún var 1935. Það er eðlilegt, þegar litið er til þess, að fyrst eftir að vínbanninu var aflétt, var salan óeðlilega mikil, og hinsvegar, að vaxandi atvinnuvandræði hafa dregið úr sölunni a. m. k. nú sem stendur. Það er ekki hægt að búast við, að árið 1937 verði betra tekjuár í þessu tilliti heldur en árið 1936. Rekstrarágóði áfengisverzlunarinnar er áætlaður í fjárlagafrv. 400 þús. kr. lægri en á síðasta ári. En fyrirsjáanlegt er, að hann verður mun lægri en í fyrra vegna þess, að salan dregst saman. Ennfremur kemur líka það til álita, að útsvör verzlunarinnar, sem færð verða á reikningum hennar 1936 og 1937, verða miklum mun hærri en útsvarið, sem fært var á reikningi hennar árið 1935. Þar sem þau (1936 og 1937) verða reiknuð eftir hærri tekjum heldur en útsvarið, sem fært var 1935, sem reiknað var eftir tekjum verzlunarinnar 1934. Þá vil ég einnig benda á það, að ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að það verði að spara eitthvað gjaldeyri til innkaupa á áfengum drykkjum. m. a. með því að færa saman kaup á dýrari tegundum þeirra. Mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér lækkun á tekjum áfengisverzlunarinnar og á tolltekjum af áfengi fram yfir það, sem ætti sér stað, ef verzlunin gengi sinn eðlilega gang. Með þessu öllu verður því að reikna.

Þá hefi ég minnzt á þrjá af þessum liðum, tekjuskattinn, áfengistollinn og áfengisverzlunarágóðann. Og ég hygg, að engum blandist hugur um það, sem athugar þessa liði eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja og ekki er tækifæri til að taka hér nákvæmlega fram í ýmsum atriðum við þessar umr., að ekki er gerlegt að áætla þessa tekjuliði hærra en gert er í frv.

Þá eru aftur 3 liðir, sem áætlaðir eru lægra 1937 en þeir reyndust í fyrra. Tekjur af kaffi- og sykurtolli eru áætlaðar 150 þús. kr. lægri í frv. en þær reyndust í fyrra. Það er kunnugt, að framan af þessu ári hefir verið dregið nokkuð úr innflutningi þessara tollvara, og ég hefi grun um, að eitthvað verði að klípa af þeim innflutningi einnig árið 1937. Sá liður er alls ekki áætlaður fjarri því, sem gera má ráð fyrir. En það hefi ég þó hugsað mér, að þar sem hækkaðir verða tekjuliðir fjárl., þá verði þessi liður hækkaður um 100 þús. kr.

Um vörutollinn er það að segja, að hann er áætlaður að gefa 290 þús. lægri tekjur 1937 heldur en 1935. Það er byggt á þeim innflutningshorfum, sem nú eru. Ekki er hægt að reikna með því eftir núverandi ástandi, að hægt verði að draga úr innflutningshömlum á árinu 1937 frá því, sem er.

Verðtollurinn er áætlað að gefi 350 þús. kr. minna í tekjur 1937 heldur en 1935, sem gert er með tilliti til þess, að verð færist niður á verðtollsvörum frá því, sem var 1935, og sýnilegt er, að verðtollurinn gefur miklu minni tekjur árið 1936 heldur en 1935.

En ég geri ráð fyrir, að þar sem hækkun verður kannske á tekjum af sumum liðum í tekjuáætluninni, þá sé samt ekki fært að reikna með því, að sú hækkun geri mikið betur en að vega upp á móti þeim halla, sem kominn verður á fjárlagafrv. eftir 2. umr. Ég geri ráð fyrir, að þegar þeirri umr. er lokið, með þeim breyt., sem við umr. kunna að verða gerðar á frv., þá verði að hækka kaffi- og sykurtollinn, vörutollinn og verðtollinn. Þegar búið verður að hækka þessa liði til þess að afnema hallann á fjárlagafrv., þá er ég sannfærður um, að enginn muni geta haldið því fram, að þessir liðir muni geta eftir núverandi útliti gefið miklar tekjur umfram það, sem þeim verður þá ætlað að gefa. Þá mun hv. þm. sannfærast um það, að ef ætti að fella niður þá tekjuliði, sem talað hefir verið um, þá yrði jafnframt að lækka útgjaldaliði frv., en ekki að treysta á umframtekjur fram yfir þær, sem nú eru áætlaðar í frv.

Ég vil ennfremur benda á þá staðreynd, sem er alviðurkennd, að hversu vel sem menn áætla útgjöld á fjárl., sem ég vil halda fram, að sé nú reynt í sambandi við þessi fjárl. að gera sem bezt, þá er aldrei hægt að gera ráð fyrir öðru en að einhverjar umframgreiðslur eigi sér stað, og þess vegna verða alltaf að vera einhverjar líkur til, að tekjurnar fari fram úr áætlun fremur en að þær standist ekki.

Þegar þessi rök öll eru athuguð, verður niðurstaðan hjá öllum sanngjörnum mönnum sú, að það er ekki hægt að leggja upp með þær útgjaldaupphæðir, sem eru í fjárlagafrv. ásamt þeim, sem gera má ráð fyrir, að við bætist við 2. og 3. umr. fjárl., nema með því að halda sér við þá tekjustofna, sem nú er gert ráð fyrir í frv. — Annars geri ég ráð fyrir að hv. fjvn. muni athuga þetta nánar fyrir 3. umr., og þá gefst kostur á að ræða nánar þessi atriði.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða einstakar brtt. við fjárlagafrv. Þó vil ég aðeins minnast nokkrum orðum á brtt., sem hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. gera við 22. gr. frv., og hv. 10. landsk. mælti fyrir áðan. Hún er um það að heimila ríkisstj. að verja ákveðinni upphæð til þess að bæta bændum í vissum landshlut-

um upp skaða þann, sem þeir hafa orðið fyrir vegna harðinda í vetur. Hv. 10. landsk. sagði í því sambandi, að hann hefði búizt við því, að aðrir aðiljar fyndu hvöt hjá sér til að rannsaka þetta mál og flytja um það till. Ég vil nú segja hv. 10. landsk. það, að ef enginn hefði verið fyrr á ferðinni en hann til að skipta sér af þessum málum, þá mundi nú vera farið verr á þessum svæðum heldur en orðið er. Ég get upplýst þennan hv. þm. um það, að frá því, er fyrst fór að bóla á harðindum á þessum svæðum á þessu ári, hefir ríkisstj. fylgzt nákvæmlega með því máli, og hún hefir hlaupið undir baggann með þessum harðindahéruðum með því að láta senda þeim fóðurbæti þar sem menn ekki hafa haft bolmagn til að útvega sér hann á eigin spýtur. Um greiðslu á þessum fóðurbæti, sem keyptur hefir verið af bændum, kaupfélögum og hreppsfélögum sumpart fyrir þeirra eigin atbeina og sumpart með stuðningi ríkisstj., sem útvegaði fóðurbætinn, er það að segja, að það er óuppgert um það mál. Vitanlega er það viðurkennt af öllum, að jafnvel þótt harðindi beri að höndum, sem má líkja á sinn hátt við aflaleysið hjá útvegsmönnum og önnur slík vandræði, þá verði þeir eftir getu, sem fyrir skakkaföllunum verða, að mæta afleiðingum þess. Það er líka viðurkennd staðreynd í þessu sambandi, að þar, sem geta einstaklingsins ekki hrekkur til, þá er það skylda hreppsfélagsins að hjálpa. Það er t. d. þannig í ýmsum tilfellum, að þeir hreppar, sem hlut eiga að máli og eiga ónotaða möguleika til þess að taka bjargráðasjóðslán, þeir munu vitanlega nota þá möguleika til fulls. Þegar þessir tveir möguleikar hafa verið notaðir til fulls, geta einstaklinganna til þess að taka afleiðingum harðindanna og þessi lántökumöguleiki, þá verður vitanlega hið opinbera að hlaupa á einhvern hátt undir baggann að því leyti, sem þessir tveir möguleikar ekki hrökkva til. Og ekki er því að leyna, að þegar fóðurbæti hefir vantað á harðindasvæðunum í vetur og leitað hefir verið út af því til ríkisstj., þá hefir hún tekið þá afstöðu til þess máls að slá því föstu, að fóðurbætinn yrði að útvega, hvað sem öðru liði, og koma honum á þá staði, þar sem þörfin var fyrir hann, og síðan yrði svo að gera upp eftir á um greiðslurnar, og ef það dæmdist svo, að hlutaðeigendur gætu ekki staðið straum af fóðurbætiskaupum þessum, þá yrði hið opinbera að hlaupa undir baggann.

Það er þess vegna mjög fjarri því, að hv. 10. landsk. farist að tala á þá leið, að engir aðrir en þeir hv. þm. V.-Húnv. og hann hafi fundið hvöt hjá sér til að rannsaka þetta mál og flytja till. um það, því að málið hefir verið rannsakað um langan tíma og mikið hefir í því verið gert. Því er það, eins og ég sagði áðan, að ef enginn hefði orðið fyrri til en þessir hv. þm. um aðgerðir í þessu máli, þá hygg ég, að öðruvísi liti út á þessum harðindasvæðum en þó raun er á. En um endanlegar ályktanir stj. viðvíkjandi hjálp hins opinbera í þessu efni er ekkert hægt að gefa upp að svo komnu. Um slíkt er ekki eðlilegt að ákveða fyrr en séð verður, hver geta er hjá einstaklingum og hreppsfélögum. Þá fyrst, ef hið opinbera verður að veita beina hjálp, mun leitað verða staðfestingar Alþingis á því loforði, sem stj. varð að gefa fyrir fram um þetta efni í því trausti, að að baki hennar yrði staðið af löggjafarvaldinu.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en aðeins taka það fram, sem hv. þm. og þjóðinni er ljóst, að erfiðleikar eru nú svo almennir og hjá svo mörgum, t. d. mikið aflaleysi í sjávarþorpum og annað slíkt aðsteðjandi, að það verður að fara ákaflega gætilega í öllum þessum málum, og það verður vitanlega að miða við það, að einstaklingar hljóti að verða að standa við greiðslur vegna þessara erfiðleika eins og þeim er frekast mögulega fært, og fyrirgreiðsla þess opinbera kemur því aðeins til greina í þessu efni, að geta einstaklinga ekki hrökkvi til. Það er mál, sem verður að líta á með mjög mikilli gætni, hve langt á að fara í því að flytja greiðslur fyrir þennan fóðurbæti yfir á hið opinbera.

*__Jakob Möller:__ Mér finnst það vera ljóst af ræðu hæstv. fjmrh., að hann væri sér þess fyllilega meðvitandi, að það væri í rauninni réttmætt og ætti við full rök að styðjast, sem við sjálfstæðismenn í fjvn. höldum fram, að óhætt mundi vera að fella niður þessa tvo tekjuliði, sem við höfum farið fram á, að verði felldir niður, vegna þess að bæði mundu aðrir tekjuliðir fjárhagsáætlunarinnar gefa það meiri tekjur en áætlað er, og einnig mætti skera niður útgjöld eða fresta þeim, svo að þetta samanlagt mundi hrökkva fyrir þessum tekjumissi, sem af niðurfellingu þessara tveggja tekjuliða stafaði. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að áætlun ýmissa tekjuliða væri svo lág, að það mundi tvímælalaust vera óhætt að hækka tekjuáætlunina sem svaraði þeim hækkunum, sem gerðar kynnu að verða á gjaldaliðum fjárl. við þessa umr. og þá 3. Nú veit að vísu enginn, hversu miklar þær hækkanir kunna að verða. En gera má e. t. v. ráð fyrir að hæstv. ráðh. muni geta ráðið nokkru um að þær verði ekki allt of miklar. Ég vil ekki nota mér af þeirri óvarkárni, sem liggur í þessari umsögn hæstv. ráðh. um, að það muni vera óhætt að hækka tekjuáætlunina nokkuð takmarkalaust, þar sem hann hefir enn engan úttalaðan fyrirvara um það, hvað gjöldin megi hækka mikið við þessa og 3. umr.

En viðvíkjandi því, sem hann stiklaði á þessum tekjuliðum, sem ég hefi vakið athygli á, hve miklu lægra eru áætlaðir heldur en tekjur hafa orðið af þeim á síðastl. ári, og viðvíkjandi þeim fullyrðingum, að þessir tekjuliðir muni gefa minna af sér 1937 heldur en þeir gerðu árið 1935, þá hefi ég það að athuga, að þetta tal er í rauninni náttúrlega alveg út í bláinn, með því að hæstv. ráðh. veit ekkert um það, hverju fram kann að vinda. Hann talaði t. d. um tekjur af áfengisverzluninni og áfengistollinn og sagði, að á þessum mánuðum, sem liðnir eru af árinu 1936, hefðu þessar tekjur orðið miklu minni en á sama tíma 1935. Við þetta er bara það að athuga, að við erum ekki að tala um árið 1936, heldur 1937, og það er kunnugt, að það er einmitt talsverður mismunur á

neyzlu áfengis frá ári til árs, eins og á við yfirleitt um allskonar vörur. Og í raun og veru mætti alveg eins ályktа svo, að því minna sem drukkið væri á árinu 1936 af áfengi, því meiri yrði neyzla þess á árinu 1937 (Rödd af þingbekkjum: Þá yrðu menn orðnir þyrstir). Því að ef mjög mikið verður skorið niður á þessu ári, tæmast allar birgðir, og verður þá óhjákvæmilega að auka innflutninginn aftur stórlega.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði í sambandi við niðurskurð á innflutningi áfengis, sérstaklega dýrari tegundunum, vegna gjaldeyrisskorts, má benda á það, að líkur eru til, að sá niðurskurður geti orðið hagur fyrir ríkissjóð, því að álagning á ódýrari tegundirnar er miklu meiri, svo að ef meira yrði notað af þeim, yrði gróði ríkissjóðs meiri, enda þótt minna yrði flutt inn af dýrari tegundunum.

Um annað af því, sem hæstv. ráðh. stiklaði á, er það að segja, að það var svo óákveðið, að vart var hægt að festa þar hendur á. Áætlunina um kaffi- og sykurtollinn taldi hann ófært að hækka af því, að það yrði hvort sem væri að klipa af innflutningnum. Hæstv. ráðh. bætti því við, að ekkert útlit væri fyrir, að vörutollurinn yrði eins hár 1936 sem 1935. Má segja, að þar sé allt út í bláinn.

Ég vil benda á, að ég tók til samanburðar árið 1936, af því að ég vildi ekki vera ósanngjarn eða gera ógætilegri ágizkanir um tekjur 1937 en rétt væri. Hinsvegar yrði munurinn enn meiri, ef borið væri saman við árið 1934. Mér virðist tóbakstollurinn hafa orðið 100 þús. kr. hærri og vörutollurinn eyða í hndr. — Þetta bendir til þess, að innflutningurinn hafi orðið minni 1935 en 1934, og hefir það að vísu verið svo. En af því leiðir væntanlega, að 1937 hlyti innflutningurinn að aukast aftur mjög mikið, sérstaklega vegna þess, hve mikið verður skorið niður á yfirstandandi ári.

Ég vil svo beina nokkrum orðum til hæstv. ráðh. út af því, sem hann sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að vísu í sambandi við annað atriði. Hann sagði, að eins og nú væri ástatt yrðu einstaklingarnir að standast greiðslur eins og frekast væri unnt, erfiðleikarnir væru svo miklir. Ég staðhæfi nú, að erfiðleikarnir séu hvergi meiri en hjá atvinnurekstrinum. Allur atvinnurekstur er nú svo staddur, að álitamál er, hvort hægt er að halda honum gangandi. Ég sé ekki, hvar meiri þörf er að hlaupa undir bagga en með atvinnurekstri, sem svo er komið fyrir, að líkur eru til, að hann verði að stöðvast, ef ekki verður af honum létt einhverju af þeim kvöðum, sem á honum hvíla. En hér er ekki farið fram á annað en að létt verði af atvinnurekstrinum þeim álögum, sem ósanngjarnastar eru.

Ég þarf ekki að láta hæstv. ráðh. segja mér það, að hækkunin á tekjuáætlun fjárlfrv. þyrfti ekki aðeins að jafna upp þann 1400 þús. kr. halla, sem leiða hlyti af till. sjálfstæðismanna í fjvn. Ég gerði grein fyrir þessu í fyrstu ræðu minni. En ég bætti því við, að ef slík hækkun nægði ekki til að tryggja afkomu ríkissjóðs, yrði að athuga, að hve miklu leyti hægt væri að lækka útgjöldin. Inn á það fór hæstv. ráðh. ekki, en ég vona, að hann taki það til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki sé hægt að leggja inn á þessa braut, sem við höfum bent á.

Ég vil svo beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að þegar til atkvgr. kemur, þá verði þeir tveir liðir 2. gr. frv., sem við leggjum til, að felldir verði niður, bornir upp sérstaklega.

*__Þorsteinn Briem__: Hæstv. fjmrh. virðist hafa skilið ræðu mína svo, að ég hefði verið að sneiða að ríkisstj. með orðum mínum, en það var ekki minn tilgangur. Ég nefndi ekki ríkisstj., en ég nefndi annan aðilja, sem líka hefir haft nokkurs að gæta í þessu sambandi, sem sé stj. kreppulánasjóðs, sem verður að hafa auga á því, að þau við hverfi ekki, sem sjóðurinn hefir fyrir sínum lánum. Ég ætla, að hv. þm. sé kunnugt um það, að í sýslum þeim, sem hér eiga hlut að máli, nema þau ekki lítilli upphæð. Ég hefði getað, ef ég hefði viljað lengja ræðu mína áðan, talað um ýmislegt, sem ríkisstj. hefir þarft gert, og farið um hana ýmsum viðurkenningarorðum. En ég vildi aðeins ekki vera að lengja ræðu mína úr hófi fram. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég hefi ekki verið að sneiða að ríkisstj. í sambandi við till. Það getur verið að það stafi af því, að eldhúsumr. eru nú nýafstaðnar, að hann hefir skilið orð mín svo og kemur nú með þær ásakanir í minn garð, að ef ekki hefðu aðrir verið fyrr á ferð en ég í þessu máli, þá hefði ekki mikið verið gert. En hvernig eiga einstakir þm. að geta gert ráðstafanir í slíkum efnum? Hæstv. fjmrh. veit, að á öndverðu þingi kom fram fyrirspurn í sambandi við þessi mál, og sýndi það, að einstakir þm. hafa nokkurn hug á þeim. Fyrirspurn þessari hefir ekki verið svarað, og ásaka ég hæstv. stj. ekki heldur fyrir það. Yfirleitt ætlaði ég engan að ásaka með till. minni, fyrst og fremst af því að ég tel málið svo mikilvægt, að ég vildi ekki spilla fyrir því með því að erta menn með orðum. Ég viðurkenni, að hæstv. stj. hefir á ýmsan hátt hlaupið undir bagga með héruðum þeim, sem hér eiga hlut að máli.

— Það má segja, líkt og hæstv. ráðh., að þess verði að krefjast af þeim, sem orðið hafa fyrir þessum óhöppum, að þeir standi undir greiðslum, eins og frekast er hægt, og till. okkar er heldur ekki fram komin af því, að það hafi verið tilgangur okkar að veita hjálp umfram það, sem nauðsynlegt verður að teljast. En við álítum, að getan sé í mjög mörgum tilfellum takmörkuð. Þar sem fyrir er möguleiki til greiðslna hjá einstaklingum, verður auðvitað að treysta á þá að miklu leyti, en þegar þeim sleppir, þá eru sveitarfélögin. En ég ætla, að hæstv. ráðh. sé kunnugt, að einnig þeirra geta er takmörkuð. Ég veit til þess, að í sumum sýslum hefir orðið að taka bjargráðasjóðslán, og yfirleitt hefir stj. þess sjóðs verið liðleg í viðskiptum. En sum sveitarfélög eru líka búin að nota þá möguleika, sem fyrir eru í þessu efni. Og ég ætla, að í flestum sveitum sé auðvelt að fara nærri um getuna, þótt nokkur geta sé hinsvegar til hjá allmörgum. Og þótt það sé rétt hjá hæstv. ráðh., að ekki liggi fyrir skýrar tölur um það, hvað þessi geta er mikil, hygg ég þó auðvelt að sannfærast um, að mörg

sveitarfélög brestur alla getu. Það er óþarfi að endurtaka þá sögu, sem hver maður segir af vandræðunum í landinu, hve þau séu almenn, og að sýna þurfi gætni í hvívetna. Ég þykist hafa hagað orðum mínum svo, að í ljós mætti koma, að mér væri þetta sjálfum ljóst. Meðal annars hefi ég *bent á nauðsyn þess jafnframt því, sem* þessi hjálp yrði veitt, að byrgja brunninn, svo að *ekki yrði fallið í hann aftur.*

Ég get ekki sagt, að hæstv. fjmrh. hafi tekið till. okkar óvinsamlega, og get ég verið honum þakklátur fyrir. Ég hefi ekki talað við hv. meðflm. minn um þá ósk hæstv. ráðh., að við tækjum aftur till. okkar til 3. umr., svo að ég vil ekkert um það segja að svo stöddu. En ég hygg það skipta nokkru máli, að Alþingi láti að einhverju leyti í ljós, hvernig það hyggst að snúast við þessum vandræðum. Skiptir það allténd miklu fyrir þá bændur, sem fengið hafa þung áföll, að þeir fái að vita, hvers þeir mega vænta í þessu efni.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það voru fáein orð út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann sagði, að ég hefði ekki getið þess í ræðu minni, hve mikið ég teldi gerlegt að hækka tekjuáætlun fjárlfrv. frá því, sem nú er. Ég get svarað honum því, að ég tel ógætilegt að hækka þessa áætlun um meira en sem svarar 3—400 þús. kr. Og sú hækkun, sem ég álít koma til greina og sjálfsagt verður að hverfa að, ætti að koma að einhverju leyti á vörutollinn, að einhverju leyti á verðtollinn og að einhverju á kaffi- og sykurtollinn. Ég álít óhyggilegt að tefla framar um tekjuáætlun fyrir árið 1937 en þá væri gert.

Um það, sem hv. þm. sagði, að ef dregið væri úr innflutningi ódýrari áfengistegunda, þá gæti það aukið ágóða ríkissjóðs, því að þá ykist neyzlan á *ódýrari tegundunum, sem tiltölulega* meira væri lagt á — um þetta, er það að segja, *að það er byggt á misskilningi.* Ríkissjóður hefir meira upp úr sama alkóhólmagni í dýrari tegundunum, því að útsöluverð á þeim er meira en tvöfalt. Ég viðurkenni ekki, að hægt sé að áætla öllu meiri ágóða af áfengisverzluninni og áfengistollum en gert er í frv. Hinsvegar er ánægjulegt að fá hjá hv. sjálfstæðismönnum viðurkenningu þess, að stj. vilji afgreiða fjárl. svo gætilega, að þeir telji óviðunandi. Verður þá erfiðara fyrir þá síðar, ef áætlanir skyldu ekki standast, að áfellast stj. Þá er hægt að vísa til þess, að þeir álitu fjárl. fyrir 1937 óhæfilega gætilega afgreidd, ef svo mætti að orði komast.

Ég læt svo þetta nægja við þessa umr.

***Jakob Möller:** Þessi síðustu orð hæstv. ráðh. gefa ekki tilefni til langra andsvara. Ég vildi aðeins taka til athugunar það síðasta, sem hæstv. ráðh. sagði, er hann vildi taka til inntekta fyrir ríkisstj. þá skoðun sjálfstæðismanna, að ríkisstj. vildi áætla tekjustofna fjárl. óhæfilega gætilega, eins og hann komst að orði. Ef hann vill athuga þetta, hlýtur hann að sjá, að þetta þarf ekki endilega að vera viðurkenning á tilgangi ríkisstj. Virðist mér sem maður verði að ályktа, að tilgangur hennar sé ekki annar en sá að fá á þennan hátt til umráða svo eða svo mikla fjárfúlgu, sem hún geti síðan haft óbundnar hendur um, hvernig nota skuli. Þetta er engan veginn lofsvert frá sjónarmiði Sjálfstfl. Að hans áliti á fjárveitingavaldið að vera hjá Alþingi, en ekki stj. Því er þessi viðleitni stj., *sem að hans dæmi er svo* lofsamleg, engan veginn lofsamleg að okkar áliti og þeirra, sem varðveita vilja lýðræðið í landinu.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði síðast, vil ég lýsa yfir því, að það eru ekki annað en getsakir, sem alltaf er hægt að halda fram. Ég vil spyrja hv. þm., hvort reynsla ársins 1935 hafi gefið tilefni til þvílíkra ummæla, hvort stj. hafi hagað sér þannig, að hún eyddi fjármunum í stórum stíl án heimildar frá Alþingi. Ef þetta er athugað, og tilgangur stj. miðaður við þá reynslu, sem þegar hefir fengizt, þá kemur í ljós, að þessi stj. hefir gengið skemmra en nokkur undanfarin stj. í því að *nota fé, sem ekki er heimild fyrir.* Reynsla gefur ekki tilefni til þessara getsaka. Að stj. *áætli tekjur til* þess að fá fé til að sólunda, byggist ekki á neinu. Ef hv. stjórnarandstæðingar ætla alltaf að afgreiða fjárl. með það í huga, að hverjum eyri, sem umfram kynni að verða, yrði sólundað, þá hlyti það að verða ákaflega ábyrgðarlaus afgreiðsla á fjárl.

***Jakob Möller:** Hæstv. ráðh. kvartaði undan þeim getsökum, sem ég hefði viðhaft í garð ríkisstj. með því að gizka á það, að hún vildi ekki ógjarna fá til umráða nokkra upphæð af ríkistekjum utan fjárlaga. Segir hann, að þessar getsakir séu fluttar af litlu tilefni, því stj. hafi ekki hagað sér þannig síðustu ár, að það gefi tilefni til slíkra getsaka. Það vill nú svo *til*, að hæstv. stj. *hafði nú ekki svo miklar* umframtekjur að svalla með árið 1935, að nokkuð verði ráðið af hennar framferði þá um það, hvernig hún mundi haga sér, ef svo heppilega vildi til fyrir hana í framtíðinni, að hún fengi meira á milli handanna. En að getsakir mínar séu þar fyrir með öllu ástæðulausar, verð ég eindregið að neita vegna þess, að þó sú hæstv. stj., sem fer með völdin þetta árið af hálfu þeirra flokka, sem hér hafa meirihl.-vald í þinginu, hafi ekki brotið af sér í þessu efni, fyrst og fremst af því, að hún hefir enga aðstöðu haft til þess, þá er saga þeirra flokka, sem þessi stj. styðst við, lengri en frá árinu 1935 og því *hálfa* ári 1934, sem þessi stj. sat, og við þekkjum frá *fyrra valdatímabili* þessara *flokka*, að ríkisstj. þeirra hefir fengið milli handa allmiklar fjárfúlgur, sem hún hefir svallað með án nokkurrar íhlutunar af þingsins hálfu, og ég tel það réttmætar getsakir í garð þessara sömu flokka, að þeir mundu haga sér svipað, ef þeir kæmust aftur í svipaða aðstöðu. Tel ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu, því það fé, sem ríkisstj. núverandi stjórnarflokka fyrr á árum ráðstafaði utan fjárlaga, skipti mörgum milljónum, og það er öllum kunnugt. Leyfi ég mér að halda fram, að það sé full ástæða til þess fyrir stjórnarandstæðinga að óttast það, að slíkt *mundi endurtaka sig, ef núverandi* stj., sem

styðst við þessa sömu flokka, kæmist í sömu aðstöðu.

Ég neita, að í því sé fólgið nokkurt ábyrgðarleysi hjá stjórnarandstæðingum, þó þeir krefjist, að fjárlögin séu þannig úr garði gerð, að þau séu sem næst réttri mynd af fjárhagsástandinu, einnig að því, er snertir tekjuáætlanirnar, ekki síður en gjaldaáætlanirnar. Það er ekkert annað, sem við sjálfstæðismenn í fjvn. förum fram á að þessu sinni. Og ef ekki verða teknar til greina till. okkar um niðurfellingu tekjuliða, munum við gera okkar till. til 3. umr. með hliðsjón af því.

*Frsm. fyrri kafla (Jónas Guðmundsson): Það eru víst að koma lokin í þessa umr., og þykir mér rétt, þó ég geti ekki talað fyrir munn fjvn., að minnast á þær brtt., sem eru hér prentaðar á þskj. 329 og bornar fram af einstökum þm. En áður en ég sný mér að þeim, vil ég segja það út af þeim umr., sem hér hafa nú farið fram um nokkra tekjuliði frv., að þær umr. finnst mér að séu harla óþarfar á þessu stigi málsins. Hv. sjálfstæðismenn hafa ekki borið fram neinar brtt. í þessu efni. Þeir hafa ekki borið fram till. um að fella niður útflutningsgjald af sjávarafurðum né aðflutningsgjaldið nýja. Þeir hafa ekki heldur borið fram neina till. um að hækka hina einstöku tekjuliði fjárlagafrv., og því geta slíkar umr. sem þessar blátt áfram ekki haft neitt gildi á þessu stigi málsins. Það þyrfti að liggja fyrir möguleiki til þess að breyta frv. í þessu efni, ef slíkar umr. ættu að vera tímabærar. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í dag, að ef ekki verður búið að ákveða fyrir 3. umr. að framlengja fyrir árið 1937 þá tekjuliði, sem l. eru um aðeins til eins árs, þá verður fjvn. vitanlega að bera fram till. um að fella þá niður af fjárlagafrv., því þeir geta þá af eðlilegum ástæðum ekki þar staðið. En ég get ekki fallizt á að fella niður þá liði, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist á við þessa umr., þegar engar till. liggja fyrir um breytingar á öðrum tekjuliðum frv. Að afgreiða frv. nú með 2 millj. kr. tekjuhalla, sem þá yrði gert, nær blátt áfram ekki nokkurri átt finnst mér.

Ég skal viðurkenna það, að það er mín skoðun, og ég held fjvn. allrar, að tekjuliðir fjárlagafrv. séu mjög gætilega áætlaðir. Ég tel, að það megi hækka tekjuáætlunina um 400—500 þús. kr., en hreint ekki meira, ef tekjurnar eiga að teljast forsvaranlega áætlaðar. Því það verða menn að viðurkenna, að þó hér sé að ræða um árið 1937, sem enginn veit hvernig verður, þá eru allverulegir liðir á þeim fjárlögum, sem byggjast á afkomu ársins 1936. Og sú afkoma ársins 1936, sem við ennþá vitum um, er ekki það glæsileg, að hægt sé að gera sér von um stórar tekjur, ef miðað er við afkomu þess árs. Auk þess er svo komið á þeim hörmungatímum, sem nú ganga yfir, að sjálfsagt er að áætla tekjur ríkissjóðs gætilega, þó úr kynni eitthvað að rætast, því á þessum tímum hlýtur að skella á ríkissjóði mikið af útgjöldum, sem ómögulegt er að sjá fyrir. Þannig hlýtur á árinu 1936 að falla á ríkið mikið af skuldum, sem það hefir tekið ábyrgð á fyrir bæjar- og sveitarfélög og einstök fyrirtæki út um land. En hvar er gert ráð fyrir slíku á fjárlögum? Það eru aðeins veittar 100 þús. kr. til óvissra útgjalda, allt annað eru fastbundin útgjöld. Því er skylda þingsins eins og nú standa sakir, þegar og allir vita, að mikið hlýtur að lenda á ríkinu af gjöldum, sem ekki er gert ráð fyrir á fjárlögum, en ekki er þó hægt að komast hjá að greiða, að áætla tekjurnar gætilega, en það tel ég, að væri gert, þó tekjuhlið frv. væri hækkað um 400—500 þús. kr.

Um brtt. I,1 á þskj. 329 vil ég segja það, að mér finnst tæplega geta komið til mála að ákveða á fjárlögum upphæð til stofnunar drykkjumannahælis, meðan því máli er ekki lengra á veg komið í þinginu heldur en nú er. Það er ekkert drykkjumannahæli til í landinu eins og er; það er sjálfsagt mjög nauðsynlegt að koma því á fót, en það þarf að undirbyggja stofnun þess fyrst, og taka að því loknu upp styrk til þess á fjárlögum.

2. lið sömu till., um styrk til fávita, vil ég mælast til, að hv. flm. taki aftur til 3. umr. a. m. k. Þetta er atriði, sem mikið hefir verið rætt í fjvn., og er ennþá óafgert, hvernig verður leyst þar, hvort hækkaður verður sá styrkur, sem á frv. er til fávita, eða hvort gegnum þingið nær að ganga frv., sem nú liggur fyrir Ed., um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, en þar eiga fávitar að koma undir.

Um till. II., III., IV. og V. á sama þskj. vil ég segja það, að allir þeir vegir, sem þar er um að ræða, að einum undanteknum, hafa verið ræddir í fjvn., og niðurstaðan í n. orðið sú, sem till. hennar bera með sér, því geri ég ráð fyrir, að fjvn. í heild muni ekki vilja mæla með neinni af þessum till. Vitanlega getur verið, að einhverjir af nm. greiði atkv. með einhverju af þessum vegatill., en meiri hl. n. mun ekki gera það.

Hv. þm. V.-Húnv. var í dag að mæla fyrir till. sinni um brúargerðir, og vildi ég beina því til hans að ég teldi rétt, að hann tæki þessa till. aftur, því það er ætlun fjvn. að ákveða skiptingu á brúafénu fyrir 3. umr., eins og vant er, að fjvn. geri í samráði við vegamálastjóra, þeim 70 þús., sem á frv. standa, og meira, ef fært þykir að bæta við þennan lið. Kemur þá til álita eins og annað það, sem brtt. hv. þm. fjallar um.

Hvað viðvíkur VII. brtt., um dragferju á Eldvatni, þá lá fyrir n. erindi um þetta, og geri ég ráð fyrir, að n. í heild mundi vera með því, að þetta sé samþ., og býst ég því við, að það ætti að mega vænta þess, að það geti gengið í gegnum þingið.

Um VIII. brtt., frá hv. þm. N.-Ísf., um Súðavíkurbryggju, er það að segja, að framlag til þessarar bryggju kom til atkv. í n., að ég ætla, og var fellt þar af þeirri ástæðu, að einmitt í þessa sýslu er veitt hvað mest til bryggjugerða og lendingarbóta. 30 þús. kr. eru veittar til brimbrjótsins í Bolungavík og 5000 kr. til bryggju í Hnífsdal. Ég get því hiklaust sagt, að fjvn. mundi leggja á móti þessari brtt., ef hún ætti að fjalla um hana fyrir 3. umr. Sama er að segja um IX. till., frá hv. þm. Snæf., að það,

sem samkomulag fékkst um í n., var 5000 kr. framlag, í stað 7500 kr., sem áður var.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frekar, en vil taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði út af till. hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. við 22. gr., um 100 þús. kr. framlag til útbýtingar á norðausturlandi. Ég tel, að eins og nú er ástatt, þá sé beinlínis ekki hægt að gera upp á milli í því efni, hvar mest þörf er á hjálp á landinu. Það er svo í sumum verstöðvum, að afli hefir brugðizt í fleiri ár, jafnvel þrjú undanfarin ár, svo gersamlega, að fólkið hefir ekkert að lifa á annað en þennan styrkþining, sem kemur frá því opinbera, til þess að það beinlínis svelti ekki. Og að taka upp í fjárlögin svona ákvæði um upphæð til útbýtingar á ákveðnu svæði, þó þar hafi orðið talsvert harðæri, það er ekki hægt að réttlæta á neinn veg, þegar svo margir staðir á landinu eiga um sárt að binda eftir aflaleysi og óáran allskonar. Ég er sannfærður um, að bezta lausnin á þessu er, að ríkisstj. hafi eitthvert fé til umráða og reyni í hverju einstöku tilfelli að hlaupa undir bagga eftir því, sem nauðsyn krefur. Ef farið er út á þá braut að taka upp á fjárlög stórar upphæðir í þessu skyni, yrði það til þess, að umsóknunum rigndi niður hvaðanæva þaðan, sem ástandið er erfitt, sem er í rauninni allstaðar, jafnvel hér í Reykjavík er ástandið mjög slæmt, þó annarsstaðar á landinu sé það ennþá verra og hafi verið lengi. Svo mundi þetta auk þess, sem það mundi auka útgjöld hins opinbera stórkostlega, jafnvel blátt áfram verða til þess að svipta fólkið á viðkomandi stöðum þeirri sjálfsbjargarviðleitni, sem það ennþá hefir til þess að komast af án verulegrar hjálpar frá hinu opinbera. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég geri ráð fyrir, að þessari umr. verði lokið eftir fáeinar mínútur og atkvgr. fari fram á morgun.

*__Jakob Möller:__ Það er út af einhverjum misskilningi, sem mér fannst gæta hjá hv. frsm., þeim, er nú var að setjast niður, viðvíkjandi afstöðu sjálfstæðismanna í fjvn. Hann segir, að við höfum enga till. gert um að breyta tekjuáætluninni. Þetta er náttúrlega fullkominn misskilningur, þar sem við höfum í þessum umr., sem hann kvartar um, að ekki eigi við á þessu stigi málsins, lagt til, að felldir væru niður vissir tekjuliðir, og í því sambandi óskað, að þeir tveir tekjuliðir væru bornir sérstaklega upp. Það er vitanlega nægilegt, þó ekki liggi fyrir prentuð till. um að fella þessa liði niður.

Það er líka tekið fram í grg. okkar fyrir fyrirvaranum, að við gerðum till. um þetta í fjvn., en að ekki náðist samkomulag um það þar. Umr. um þetta eigi vissulega heima á þessu stigi málsins, því það verður að skera úr um það við atkvgr. til 3. umr., hvort þessir liðir verða felldir niður úr tekjuáætluninni eða ekki, því eftir því verður fjvn. að haga sér, þegar hún leggur síðustu hönd á fjárlagafrv. fyrir 3. umr.

Ég er hræddur um, að hv. frsm. hafi eitthvað ruglað saman við þetta því, sem sagt er í nál. um afstöðu nm. til bráðabirgðatekjuaukanna, sem samþykktir voru á síðasta þingi og enn er ekki komið fram frv. um að framlengja. Það er rétt, að n. tók í sjálfu sér ekki afstöðu til þess máls, en bíður átekta um það, hvað hæstv. stj. og hennar flokkur gera í því efni, hvort það er ætlunin að framlengja þessar álögur eða ekki. Hinsvegar snerta okkar till. um niðurfellingu tekjuliða ekki nema að hálfu leyti þessa nýju tekjuauka. Við förum fram á niðurfellingu hins svokallaða viðskiptagjalds, en hinsvegar höfum við að svo komnu ekki gert till. um að fella niður hátekjuskattinn og benzínskattinn, en um þessa þrjá tekjuliði er eins ástatt um, að þeir gilda aðeins til eins árs, og ekki er komin fram framlenging fyrir næsta ár. Auk viðskiptagjaldsins viljum við svo fella niður útflutningsgjaldið af sjávarafurðum, og hefir verið flutt frv. um það. Þessar niðurfellingar ber að ræða nú og taka endanlega afstöðu til þeirra við atkvgr. að þessari umr. lokinni.

__Guðrún Lárusdóttir:__ Mér heyrðist á hv. frsm. fjvn., að till. mín um framlag til drykkjumannahælis væri ekki tímabær nú, vegna þess að ekkert drykkjumannahæli er til í landinu. Það er rétt, að það er ekki búið að stofna drykkjumannahæli, en þess vegna einmitt fer ég fram á framlag til stofnunar drykkjumannahælis, að það er ekki til ennþá, en þarf þó að vera til. Ég álít, að fyrsta sporið málinu til framdráttar sé það, að lagt sé fé til stofnkostnaðar. Fyrir þinginu liggur frv. til l. um drykkjumannahæli. Það kom seint fram, svo líkindi eru til, að það nái ekki afgreiðslu í þetta sinn. En hversvegna kom það seint fram? Af því að ég beið eftir því, að hæstv. ríkisstj. gerði eitthvað í þessu máli. Og ég hafði fyllstu ástæðu til að ætla, að hún mundi eitthvað gera, sökum þess að á síðasta þingi var samþ. þáltill. í Ed., sem fól ríkisstj. á hendur að undirbúa og leggja síðan fyrir þingið frv. um þetta efni, eða a. m. k. sjá um þann undirbúning, sem þyrfti þessu máli til framkvæmdar. Ég beið eftir því, og það bíða margir eftir því að hæstv. ríkisstj. léti eitthvað til sín heyra, en það bar engan árangur, svo ég bar fram frv., og um leið flutti ég brtt. við fjárlögin um, að ætlað væri fé á næsta ári til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, eða undirbúa það sem bezt undir frekari framkvæmdir. Mér finnst það því ekki frambærileg ástæða hjá hv. frsm., að þessi till. geti ekki staðizt, af því drykkjumannahæli sé ekki til.

Um hina till. mína, sem er um styrk til fávitahælis, er það að segja, að ég tek hana aftur til 3. umr., af því ég geri mér vonir um eftir orðum hv. frsm., að hv. fjvn. hrindi því máli í þá átt, sem ég get við unað. Er ég hv. n. þakklát, ef hún verður því málefni til gagns. —

*__Frsm. síðari kafla (Bjarni Bjarnason):__ Ég skal vera stuttorður, enda eru fáir viðstaddir. Það er réttilega fram tekið af hv. 6. landsk., að um langflestar af brtt. einstakra þm. er þannig háttað, að þeir liðir, sem þær fjalla um, hafa verið athugaðir og bornir undir atkv. í fjvn., þó þessar till. sjálfar hafi ekki beinlínis

verið teknar fyrir. Þær fáu till., sem fjvn. hefir ekki haft til meðferðar, geta hv. þm., ef þeir vilja, tekið aftur til 3. umr. N. hefir ekki unnizt tími til að hafa sérstakan fund um þessar till.; enda ekki sérstök nauðsyn á því, þar sem sú leið er opin fyrir hv. flm. þeirra að taka þær aftur til 3. umr., ef þeir vilja bíða eftir að sjá, hvað fjvn. vill við þær gera.

Í sambandi við brtt. hv. þm. V.-Húnv., um styrk til sundlaugar á Reykjum, vil ég geta þess, að fyrir n. lágu nokkur erindi um styrk til sundlauga, og þar sem sæmileg sundlaug er nú á Reykjum í Hrútafirði, virðist ekki ástæða til að veita styrk til sundlaugar þar, enda hefir skólastjórnin ekki farið fram á það. Aftur hefir hún farið fram á nokkra fjárveitingu vegna framkvæmda á árinu, sem leið, og var það tekið til greina af fjvn. og lagt til að veita skólanum nokkru upphæð.

Um till. þeirra hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. um framlag til búnaðarfélagsins, sandgræðslunnar, ræktunarsjóðs og vegna tilbúins áburðar vil ég segja það, að fjvn. hefir athugað þetta allt saman, en ekki borið fram neina brtt. því viðvíkjandi, og mun ekki gera það sem heild.

Ég fullyrði ekkert um, hvað einstakir þm. gera, en ég fullyrði, að meiri hl. fjvn. muni standa að því, að þessi liður verði eins og frá honum er gengið í frv. og að öðru leyti með bráðabirgðabreyt. við lög.

Ég vil mælast til þess við hv. þm. V.-Skaft., að hann taki brtt. XV. aftur til 3. umr. Þótt það sé varhugavert að fara inn á þá braut að styrkja dýralækna til ferða, þá vil ég fá tækifæri til að athuga þessa till. til 3. umr.

Eins vil ég mælast til þess við 5. landsk. að taka aftur til 3. umr. brtt. XVIII. Ég hefi lofað formanni barnaverndarráðs að eiga tal við hann áður en þetta verður afgreitt, og ég hefi ætlað mér að standa við það loforð, en ekki unnizt tími til þess enn vegna þess, hve mikið hefir verið að gera í fjvn., og eftir 40 fundi tókst henni að skila áliti svo snemma, að 1. umr. fjárlaga var hægt að ljúka fyrir páska.

Sama má segja um XIX, þar sem ætlazt er til, að nýr liður bætist við á ljósmæðrastyrki, ef sú brtt. er nú tekin aftur, gæti fjvn. gert till. um þá upphæð fyrir 3. umr.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ef þm. telja það heppilegra að taka brtt. sínar aftur til 3. umr., þá er sú leið opin, og á þeim grundvelli getur fjvn. svo athugað hinar einstöku till. og borið þær fram, ef þær ná fylgi, en ef fjvn. ekki getur fallizt á að flytja þær, geta þm. þá borið þær fram sjálfir.

Þá vil ég taka það fram, að fjvn. ætlast til, að þeir prófessorarnir Sigurður P. Sivertsen og Guðmundur Sveinbjörnsson fái þá viðbót við lífeyri sinn og eftirlaun sem þarf til þess, að þeir hafi sömu laun og nú. Að þessi liður hefir verið látinn falla niður, er af því, að fjvn. hefir ekki enn fengið upplýst, hve mikil upphæð það sé, sem til þess þarf; en ég tel það tryggt, að þær upplýsingar fáist í tæka tíð og að sá liður verði settur inn við 3. umr.

Þá vil ég að lokum geta þess, að til mín hefir komið upplýsing um, að ég hafi misskilið brtt. XV, frá hv. þm. V.-Húnv., að þar sé átt við Reyki í Miðfirði, en ekki Reyki í Hrútafirði, og get ég beðið afsökunar á því, að ég tók þetta á annan veg.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég verð við tilmælum hv. frsm. síðari kafla um að taka aftur til 3. umr. till. þá, er hann greindi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

2. gr. 1—12 samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr. 13 samþ. með 26:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JBald.

nei: MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JAJ, JónP, JS.

Þrír þm. (BJ, JJós, JÓl) fjarstaddir.

2. gr. 14—19 samþ. með 33 shlj. atkv.

2. gr. 20 samþ. með 26:12 atkv.

2. gr. 21—23 samþ. með 30 shlj. atkv.

Gr. í heild samþ. með 26 shlj. atkv.

3.—8. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 287,1 samþ. með 33 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 287,2 samþ. með 32 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 287,3 samþ. með 35 shlj. atkv.

— 287,4—9 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 287,10—14 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 287,15 samþ. með 29 shlj. atkv.

— 287,16 samþ. með 26:5 atkv.

— 287,17 samþ. með 34 shlj. atkv.

— 287,18 samþ. með 39 shlj. atkv.

— 329,I.1 felld með 24:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, GÍ, GL, JakM, JJós, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SÁÓ, TT, ÞBr, FJ, GÞ.

nei: HG, HermJ, HV, IngP, JAJ, JónP, JG, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, EÁrna, EmJ, EystJ, GG, JBald.

HannJ, JS, JJ, MG, SK, ÞÞ, BB, EE greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 329,I.2 tekin aftur.

— 287,19 samþ. með 37 shlj. atkv.

— 287,20 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 287,21 samþ. með 30 shlj. atkv.

— 329,II felld með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JJós, JAJ, JónP, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, SK, TT, ÞBr.

nei: EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, IngP, JS, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, JBald.
HV, JakM, ÞÞ greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (BJ, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 287,22 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 329,III.a felld með 26:14 atkv.
— 287,23 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 329,III.b felld með 26:17 atkv.
— 287,24 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,25 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 329,IV tekin aftur til 3. umr.
— 287,26 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 287,27 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,28 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 287,29 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 287,30 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 287,31 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,32 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 329,V.1 tekin aftur til 3. umr.
— 287,33 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 329,V.2 tekin aftur til 3. umr.
— 287,34 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 287,35 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 329,VI tekin aftur.
— 287,36 samþ. án atkvgr.
— 329,VII samþ. með 27 shlj. atkv.
— 287,37 samþ. án atkvgr.
— 287,38 samþ. án atkvgr.
— 287,39 samþ. án atkvgr.
— 287,40 samþ. án atkvgr.
— 287,41 samþ. án atkvgr.
— 329,VIII tekin aftur til 3. umr.
— 287,42.1.a samþ. án atkvgr.
— 287,42.1.b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 287,42.1.c samþ. með 27 shlj. atkv.
— 287,42.1.d samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,42.1.e samþ. með 29:1 atkv.
— 287,42.1.f samþ. með 30 shlj. atkv.
— 287,42.1.g samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,42.2.a samþ. með 29 shlj. atkv.
— 287,42.2.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 287,42.2.c samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,42.2.d samþ. með 28:4 atkv.
— 287,42.2.e samþ. með 29 shlj. atkv.
— 329,IX tekin aftur til 3. umr.
— 287,42.3 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 287,43 samþ. með 32 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 287,44 samþ. með 29:1 atkv.
— 287,45 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 287,46 samþ. án atkvgr.
— 287,47 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,48 samþ. með 26:1 atkv.
— 287,49 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,50 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 287,51 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 287,52 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,53 samþ. með 26:2 atkv.
— 287,54 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 287,55 samþ. með 28:3 atkv.
— 287,56 samþ. með 30:2 atkv.
— 287,57 samþ. með 30:1 atkv.
— 287,58 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 287,59 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,60 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 329,X felld með 24:16 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 287,61 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,62 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 287,63 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 329,XI samþ. með 27 shlj. atkv.
— 287,64 samþ. með 26:2 atkv.
— 287,65 samþ. með 26:1 atkv.
— 287,66 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 287,67 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 287,68 samþ. með 30:1 atkv.
— 287,69 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,70.a samþ. með 31:4 atkv.
— 287,70.b samþ. með 29:8 atkv.
— 287,70.c samþ. með 27:4 atkv.
— 287,70.d samþ. með 26:2 atkv.
— 287,70.e samþ. með 24:5 atkv.
— 287,70.f samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,70.g samþ. með 25:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JG, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SE, SK, ÞorbÞ, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BB, EE, EystJ, GÞ, GSv, GL, JakM, JJós, JAJ, JónP.
nei: JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SÁÓ, StJSt, TT, ÞBr, BÁ, EmJ, FJ, HannJ, HermJ, HV, IngP, JBald.
EÁrna, GG, GÍ, HG greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (BJ, JÓl) fjarstaddir.
Brtt. 287,71 samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 27:1 atkv.
Brtt. 329,X.1 felld með 25:12 atkv.
— 287,72 samþ. með 25:1 atkv.
— 329,XII.2 felld með 24:12 atkv.
— 287,73 samþ. með 25:1 atkv.
— 329,XII.3 felld með 25:10 atkv.
— 329,XII.4 felld með 25:14 atkv.
— 329,XIII felld með 26:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÞBr, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JónP.
nei: JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
Þrir þm. (BJ, JÓl, PM) fjarstaddir.
Brtt. 287,74 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 329,XIV felld með 26:17 atkv.
— 329,XV tekin aftur til 3. umr.
— 287,75 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 329,XVI felld með 24:19 atkv.
— 287,76 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 297 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 329,XVII samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,77 samþ. með 25:2 atkv.
— 287,78 samþ. með 27 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 329,XVIII.1 tekin aftur til 3 umr.
— 287,79 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 287,80 samþ. án atkvgr.
— 287,81—89 teknar aftur til 3. umr.
— 329,XVII.2 tekin aftur til 3. umr.
17. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 287,90—92 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 287,93 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,94—97 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 329,XIX tekin aftur til 3. umr.
— 329,XX tekin aftur til 3. umr.
18. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 329,XXI tekin aftur til 3. umr.
22. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflaskipti samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 385, 502, 515, 519, 528).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 515, 519 og 528. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. fyrri kafla (Jónas Guðmundsson): Það sýnist næsta óþarft, ef dæma ætti eftir skipun þingsins núna, að hafa langa framsögu, þar sem ekki eru nema fáir til þess að hlýða á þær niðurstöður og þau rök, sem liggja fyrir þeim till., sem fjvn. hefir nú borið fram, en ég mun þó telja mér skylt að fara nokkrum orðum um fjárlfrv. eins og það er nú orðið með þeim till., sem fjvn. nú ber fram, og svo mun ég minnast á hinar einstöku till. eftir því, sem ég kem að þeim.

Það er um þetta frv. að segja, að fjvn. og sérstaklega meiri hl. hennar, stjórnarliðið í n., hefir við framhaldssamningu þessa frv. framfylgt þeirri stefnu, sem áður var framfylgt við samningu frv., sem sé þeirri, að leitast við að draga ekki úr þeim útgjöldum, sem ætluð eru til verklegra framkvæmda í landinu. Sú hefir verið og er stefna stjórnarflokkanna við samningu fjárlfrv., og af þeirri ástæðu er það, sem fjárlfrv. er svo hátt sem raun ber vitni um, hærra en nokkru sinni áður. Það er skoðun okkar, að með því megi nokkuð vinna á móti því atvinnuleysi, sem skapast af utan að komandi örðugleikum í atvinnulífi þjóðarinnar, en niðurfærsla fjárl. er ókleif nema með því einu að skera niður að verulegum mun framlag til verklegra framkvæmda eða draga stórkostlega úr framlagi til mennta- og heilbrigðismála. Ekkert af þessu gerir þingið fyrr en í nauðir rekur.

Hv. þm. er sjálfsagt öllum ljóst, hversu erfitt verk er að semja fjárlfrv. sem þetta; það er ekki hægt að byggja að neinu leyti á því ári, sem er næst á undan því, sem fjárlögin eru samin fyrir, og þar af leiðandi er ekki hægt að fara eftir því, sem helzt ætti að fara eftir. Það er þess vegna mín skoðun, að innan ekki mjög langs tíma verði óhjákvæmilega að gera þá breyt., að annaðhvort verði fjárlagaárinu breytt þannig, að það byrji laust eftir þinglok, t. d. 1. júní, ef þingið er haldið um það leyti árs, eða þingið verði haldið síðari hluta sumars, til þess að hægt verði að byggja á þeim niðurstöðum, sem síðasta ár hefir fært manni. Ég veit, að enginn einstaklingur treystir sér núna til þess að gera fjárhagsáætlun fyrir sjálfan sig fyrir árið 1937, ef nokkurt vit ætti að vera í því, vegna þess að kringumstæðurnar geta breytzt svo á þessum tíma. Hér hjálpar það þó nokkuð, að allmargir og stórir liðir fjárl. eru fast bundnir frá ári til árs.

Áður en ég minnist á einstakar brtt., vil ég sérstaklega minnast á eina gr. fjárl., sem oft kom til umr. í fjvn., og það er 18. gr., sem nær yfir eftirlaun og persónustyrki og er nú 10 bls., eða stærst af öllum gr. fjárl., þó að hún sé ekki hæst að því, er krónutal snertir, og það er varhugaverðast við þessa gr., að hún blæs út frá ári til árs svo óðfluga, að tæplega verður rönd við reist. Það er mín skoðun, að hér sé komið inn á skakka braut, og er æskilegt, að þessi gr. verði tekin burt úr fjárl. Nú hefir þessu fólki verið ákveðinn persónustyrkur, sem ætlazt er til, að það haldi meðan það lifir, og á þessa styrki greiðist dýrtíðaruppbót, ef þeir eru það lágir, að þeir falli undir dýrtíðaruppbót. Það er því langréttast að losa sig við þetta úr fjárl. og leggja greiðsluna á þessu undir tryggingarstofnun ríkisins, því að þessir styrkir eru í rauninni ekkert annað en tryggingarfé, sem þingið úthlutar því fólki, sem lengri eða skemmri tíma hefir verið í þjónustu þess opinbera og ekki á neina tryggingu í ellinni, eða þegar það lætur af þessum störfum. Þessi breyt. á fjárl. mundi áreiðanlega spara fjvn. og þinginu mjög mikinn tíma. Nú fer það vitanlega svo, að eftir að tryggingarstofnunin er tekin til starfa, fellur mikið af þessu fólki undir þá tryggingarstarfsemi, og þess vegna verður verkefni þingsins gagnvart þessu fólki miklu minna í framtíðinni en hingað til hefir verið. Ég vildi því skjóta því hér fram til þeirra, sem næst koma til með að fjalla um samningu fjárl., hvort ekki sé rétt að athuga það í sambandi við tryggingarstofnun ríkisins að taka blátt áfram allt það fólk, sem fær þessa styrki, út úr og leggja fram fé til þess úr ríkissjóði og láta svo tryggingarstofnunina annast þessa greiðslu framvegis.

Ef menn líta aðeins á þær till., sem nú liggja fyrir viðvíkjandi 18. gr., þá sést það, að þær eru flestar svo lágar, að þessir styrkir eru í rauninni mjög lítils virði fyrir þetta fólk, og ég held, að það mundi velflest fá sízt minni styrki, ef það félli beinlínis undir tryggingarlöggjöfina.

Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. athugi fyrir samningu næstu fjárl. þetta atriði.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um fjárl. í heild, en snúa mér að þeim till., sem hér liggja fyrir. Samt er rétt að geta áður um það, hvernig niðurstaða fjárl. er, þegar búið er að taka tillit til þeirra till., sem fyrir liggja. Þær raunverulegu útgjaldatill., sem n. flutti við þessa umr., nema 158 þús. kr., en tekjuaukatill., sem n. flutti, nema ½ millj. kr. Ég mun minnast á þær hverja fyrir sig síðar.

Raunverulegar tekjur fjárl. verða, þegar tekið er tillit til þeirra till., sem fjvn. flutti, 16 millj. 57 þús. kr., en raunveruleg rekstrarútgjöld eru 14 millj. 385 þús. kr. Mismunurinn, eða tekjur umfram bein rekstrarútgjöld, er því 1 millj. 672 þús. kr., og er þeirri upphæð ætlað að mæta afborgun lána, sem áætluð er 1 millj. 351 þús., og lögboðinni framhaldsgreiðslu, sem áætluð er 210 þús. kr., og útgjaldaaukning samkvæmt till. n.

nemur 158 þús. kr., samtals 1 millj. 719 þús. kr. Raunverulegur rekstrarhalli á fjárlfrv. yrði því, ef till. n. yrðu samþ., 47 þús. kr. Ef sjóðsyfirlitið er aftur á móti tekið og fyrningar eru teknar út úr í þessum útreikningi, þá yrði tekjuhlið frv. 16 millj. 352 þús. kr., en útgjaldahliðin 16 millj. 399 þús. kr.; mismunurinn yrði 47 þús. krónur.

Þá skal ég víkja að þeim brtt., sem heyra undir fyrri kafla fjárl.

4 þær fyrstu eru aðallega um það að hækka áætlunarupphæð á nokkrum tekjuliðum ríkissjóðs. Allar þessar upphæðir eru það lágt áætlaðar, að ef á árinu 1937 þarf ekki að draga meira úr innflutningi til landsins en gert var 1935, þá má gera ráð fyrir, að þessar tekjur standist með þeirri hækkun, sem hér er farið fram á. Um 5. till., sem er um ýms útgjöld landssímans, er það að segja, að það er ekki um neina hækkun að ræða, heldur er gert ráð fyrir, að síminn greiði þúsund kr. til fyrrv. símaverkstjóra, og skal því fé varið eftir till. landssímastjóra. Er þetta sambærilegt við það, sem vegamálastjóra og fræðslumálastjóra er heimilað að gera. — Allar þessar upphæðir eru smáar, og er gert ráð fyrir, að þessi liður verði síðar fastur í rekstri símans.

6. till. er um 15 þús. kr. framlag til aukningar símakerfinu. Þetta er gert með tilliti til þess að byggja fjölsíma milli Akureyrar og Reykjavíkur. Það er áætlað að hann kosti 40 þús. kr., og á að greiða helming upphæðarinnar 1937, og hitt 1938; með þessu sparast á öðrum símakerfum 5 þús. kr., og á þennan hátt er hægt að koma fjölsímanum á strax 1937, eða jafnvel 1936, ef samningar tækjust vel.

7. brtt. er einnig um landssímann. Frv. gerir ráð fyrir 50 þús. kr. til nýrra símalína, en n. leggur til, að sú upphæð verði hækkuð um 5000 kr., og hefir í till. sínum skipt henni þannig niður:

Blönduhlíðarsími	kr.	9500
Dalatangalína	—	9500
Bakkafjarðarlína	—	2500
Ásólfsstaðasími	—	5500
Kelduhverfislína	—	7500
Brunnhóll—Flatey—Hornslína	—	10000
Grenjaðarstaðalína	—	6000
Setberg—Hallbjarnareyri	—	5000
Þetta eru samtals	kr.	55000

Í till. símamálastjóra var fyrst á blaði, að fjölsímanum frátöldum, till. um nýja línu frá Sandeyri til Hesteyrar. Það er 25 þús. kr. sími, sem er mjög mikil nauðsyn á, að verði lagður sem fyrst. En á síðasta ári fór fram viðgerð á talstöðinni á Hesteyri, og mætti ætla, að sú viðgerð dygði næsta ár, ef hún hefir verið sæmilega framkvæmd, og því ætti ekki að þurfa að taka upp fjárveitingu í þennan síma fyrr en árið 1938.

Þá er 8. brtt. Hún er um ríkisútvarpið, og er raunar aðeins leiðrétting. Þetta er að vísu 5000 kr. lækkun á dagskrárfénu, en hún er gerð sem leiðrétting, eins og allir geta séð, sem athuga frv. Þó er það til athugunar nú hjá fjvn., hvort rétt sé að fella niður þessar 5000 kr., eða hvort ekki mundi heppilegra að auka dagskrárféð um 100 kr. á viku, en til þess þarf að hækka upphæðina í frv. um 200 kr., og kemur e. t. v. fram till. um það áður en umr. er slitið.

Þá er 9. brtt., sem er um skrifstofufé sýslumanna. Á síðasta þingi voru teknar upp 10000 kr. til þess að bæta upp skrifstofufé bæjarfógeta. Nú eru til samræmis við það teknar upp 5000 kr. til þess að bæta upp skrifstofufé þeirra sýslumanna, sem erfiðust umdæmi hafa.

Þá er 10. brtt., sem er um að taka upp 2000 kr. fjárveitingu samkv. l. um fangelsi, sem gera ráð fyrir, að árlega sé ætlaður nokkur styrkur til fangahúsbygginga, sem renni til þess staðar, sem í hvert sinn er talinn hafa mesta nauðsyn á að koma upp fangahúsi.

11. brtt. er aðeins leiðrétting, gerð eftir ósk þeirra, er hlut eiga að máli, tilfærsla milli tveggja hreppa í sama læknishéraði. Aftur er 12. brtt. og allir undirliðir hennar nýir læknisvitjanastyrkir, sem n. hefir ekki séð sér fært að leggjast á móti.

13. brtt. er um byggingarstyrk til fávitahælisins á Sólheimum, sem áður hefir fengið styrk. N. er kunnugt um, að þetta hæli á við mikla erfiðleika að stríða; á því hvíla miklar skuldir, og er nauðsynlegt að hjálpa því, þar sem þetta er eina hælið hér á landi, þar sem hægt er að koma fávitum fyrir. Sama er að segja um 14. brtt., sem er um að hækka það fé, sem ríkisstj. hefir til umráða til þess að styrkja fávita á hælum, úr 5000 kr. upp í 10000 kr. Till. lágu fyrir um þetta við 2. umr. og voru þá teknar aftur. Nú vill fjvn. mæla með því, að þessir styrkir séu teknir upp, og ganga þeir sjálfsagt að langmestu leyti til þessa eina hælis, sem hér er rekið í þessu skyni.

Þá er komið að sjö nýjum vegum, sem teknir eru upp í till. n. Um hvern þeirra fyrir sig hirði ég ekki að ræða. Það eru allt nýir vegir, sem ekki hafa áður verið í fjárlfrv., nema einn, Breiðadalsheiðarvegur, sem af vangá komst ekki inn við 2. umr., en fjvn. tekur nú upp 5 þús. kr. hækkun til. Hinir vegirnir eru allir nýlega teknir í þjóðvegatölu, og eru á þeim leiðum, sem nauðsynlegt þykir að veita fé til.

23. brtt. er um brúargerðir, og er þar ætlazt til, að 90 þús. kr. verði varið til brúargerða á árinu 1937. Að vísu er það svo um brúargerðirnar, að þær hafa á árinu 1935 farið allverulega fram úr því, sem fé var veitt til, og hefir mismunurinn verið færður yfir á árið 1936. Þá upphæð er vitanlega ekki hægt að greiða af fjárveitingunni 1936, nema með því að draga úr þeim brúargerðum, sem fyrirhugaðar hafa verið. Sé þetta fært áfram yfir á árið 1937, hljóta hinsvegar einhverjar þeirra brúa, sem fjvn. gerir ráð fyrir, að byggðar verði 1937, að bíða, nema upphæðin, sem notuð er 1936, eða eitthvað af henni, sé færð á fjáraukalög. Um þetta vill fjvn. ekki taka sérstaka afstöðu. Það hlýtur að koma að því, að draga verði úr brúagerðunum vegna þess fjár, sem notað hefir verið fyrirfram, en hinsvegar hefir n. skipt þessum 90 þús. kr., sem hún gerir ráð fyrir, að veittar verði nú, niður á þær brýr, sem hún telur liggja mest á, og ætlast til, að þær verði byggðar í þeirri röð, sem n.

tiltekur, eins og vant er að gera í nál., en af því n. gefur eigi út nál. að þessu sinni, vil ég fyrir hennar hönd lesa upp, hvernig röðin er:

Skjálfandafljótsbrú	kr.	12500
Brú á Fjarðará í Seyðisfirði (fyrri greiðsla af 20 þús. kr.)	—	10000
Brú á Torfastaðagróf í Fljótshlíð	—	5000
Kvoslækjará í Fljótshlíð	—	5000
Bæjará í Reykhólasveit	—	7000
Hólsselskíll á Fjöllum	—	9000
Njörfadalsá á Fagradal	—	5000
Holtsá undir Eyjafjöllum	—	18500
Hellnaá í Skagafirði	—	5000
Fróðá í Snæfellsnessýslu	—	15000

Þetta eru samtals 92 þús. kr.

Þá koma hér ýmsir smáliðir, styrkir til ferjuhalds og ferjumanna á nokkrum stöðum, þar sem erfitt er að komast yfir óbrúuð vatnsföll. Hirði ég ekki um að telja þá upp; hv. þm. sjá á brtt., hverjir þeir eru. Þetta eru allt smástyrkir, sem eru varla þess virði að eyða miklum tíma í þá, en vafalaust eru þeir þó þarfir, og nauðsynlegt að halda uppi sæmilegum ferjum á þessum vatnsföllum, á meðan þau eru óbrúuð.

Þá er hér tekinn upp gistingarstyrkur að Heiði í Gönguskörðum, og er hann færður inn á þá upphæð, sem í frv. er ætluð til gistingarstyrkja.

Þá gerir n. till. um að veita 8000 kr. til sæluhúsbyggingar á Meltanga í Austur-Skaftafellssýslu. Er talin mjög mikil þörf á að byggja sæluhús á þeim stað.

Þá eru hér loks tekin upp þrjú framlög til bryggjugerða, sem sé til Ólafsfjarðar allt að 3000 kr., og til Súðavíkur 1000 kr., enda verði bryggjan eign hreppsfélagsins, en þar mun standa svo á, að hreppsfélagið á nú ekki neina bryggju, svo að menn hafa orðið að notast við bryggju, sem einstakur maður á. Nú mun hreppsfélaginu standa til boða að kaupa það mannvirki; og munu menn hafa í huga að gera endurbætur á því. Væri því óskandi, að á næstu fjárlögum yrði hægt að veita meiri styrk, ef bryggjan verður þá orðin eign hreppsfélagsins, svo hægt verði að gera hana þannig úr garði, að hún komi íbúum að fullum notum. Svo er loks 2500 kr. hækkun til bryggjugerðarinnar í Ólafsvík.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég minnast á vitaféð, sem að vísu er ekki tekið upp á þessa gr., heldur 20. gr., þó vitamálin séu hér. Fjvn. ætlast til, að af vitafénu verði varið á árinu 1937 allt að 5000 kr. til ljósmerkja á hættulegum siglingaleiðum við Breiðafjarðareyjar. Þá er einnig gert ráð fyrir, að á árunum 1936—1937 verði lokið byggingu þeirra miðunarstöðva á Reykjanesi og í Vestmannaeyjum, sem mælingar hafa verið gerðar um á undanförnum mánuðum, en sem að vísu er ekki svo á veg komið, að unnt sé að segja um, hvort það er heppileg ráðstöfun að byggja slíkar stöðvar. Vitanlega verður fénu ekki eytt til þeirra fyrr en það mál er upplýst. Verði miðunarstöð ekki byggð á Reykjanesi, er fyrst og fremst radiovitinn á Reykjanesi, sem byggja verður á árunum 1936—1937, og svo er loks Óshólaviti á Vestfjörðum og vitar á Skagafirði, er lengi hefir staðið til, að reistir yrðu, og vafalaust verða byggðir á árinu 1937, ef fjárveitingin hrekkur til þess. Að öðru leyti hefir fjvn. ekki viljað skipta sér af sundurliðun þessa fjár af skiljanlegum ástæðum, þar sem hvorki er vitað með vissu, hvort miðunarstöðvarnar verða byggðar, eða hvenær ráðizt verður í að koma upp radiovitanum á Reykjanesi, sem þingið er margbúið að viðurkenna, að eigi að byggja, og fé er í rauninni fyrir hendi til af fjárveitingunni 1936.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þær brtt., sem falla undir minn kafla af frv. Ég er enn þá ekki farinn að lesa till. einstakra þm., og get því ekki minnzt á neina þeirra fyrr en hv. þm. hafa mælt fyrir þeim.

Viðvíkjandi styrknum til flóabátaferðanna vil ég segja það, að hann er óbreyttur í frv. frá því, sem hann var þegar það var flutt. Ég sé á nál. á þskj. 515 frá sameinuðum samgmn. beggja d., að þessu fé hefir nú verið skipt, og er það gert á svipaðan hátt og verið hefir undanfarin ár, og geri ég því ráð fyrir, að þingið samþ. þennan lið óbreyttan.

*__Frsm. síðari kafla (Bjarni Bjarnason)__: Frsm. fyrri kafla fjárlfrv. hefir nú gefið dálítið yfirlit yfir gerðir fjvn. í heild og hvernig frv. lítur nú út, þegar hún skilar því frá sér. Ég get því sparað mér allt, sem lýtur að því, og horfið að þeim till., sem ég á að mæla fyrir. Ég vil þó áður en ég held lengra aðeins geta þess, að ég er algerlega sammála hv. frsm. fyrri kafla um það, að 18. gr. fjárlaganna er mjög svo viðamikil orðin, og þyrfti sannarlega að koma þar á skipulagsbreytingu. Ég vil ennfremur geta þess, að einmitt í sambandi við þessa persónulegu styrki er ótrúlega mikil vinna, og þær smáupphæðir, sem þar er um að ræða, valda oft mestri óánægju á meðal þm. og annara. Frá þessu sjónarmiði væri því mjög nauðsynlegt, að hægt væri að koma annari skipun á fjárveitingar 18. gr.

29. brtt., sem er fyrsta till. á 14. gr., er um 1200 kr. fjárveitingu til bókavörzlu í háskólanum. Háskólinn á orðið mikið bókasafn, og er ómögulegt að komast af án þess að hafa sérstakan mann til að gæta þess.

30. till. er um stofnkostnað héraðsskólanna, að sá liður hækki um 3000 kr. Á sú upphæð að fara til héraðsskólans á Núpi.

31. brtt., a—b, er um styrki til gagnfræðaskólabygginga, 1200 kr. til gagnfræðaskólans á Ísafirði, en það er helmingur þess fjár, sem áætlað er, að ríkissjóði beri að greiða til endurbóta á því húsi, sem Ísafjarðarkaupstaður er nú að útbúa fyrir skólann, og 5000 kr. byrjunarstyrkur til byggingar gagnfræðaskóla á Akureyri. Það verður ekki hjá því komizt að halda áfram að koma smátt og smátt upp gagnfræðaskólum í bæjunum. Þrjú undanfarin ár hefir verið veitt fé til gagnfræðaskólabyggingar í Hafnarfirði, en nú er henni lokið með fjárveitingu ársins 1937, og að sjálfsögðu verður þá að halda áfram einnig í hinum bæjunum. C-liðurinn er um 1000 kr. til Reykjanesskóla í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það er vegna þess, að það er vond lending þarna á staðnum, en hinsvegar ferðast fólkið mikið til og frá skólanum á sjón-

um, og þarf að flytja það á smábátum í land úr stærri bátum, en þessi styrkur á að vera til bryggjugerðar. Fyrir skólans hönd hefir þegar verið keyptur rekaviður norðan af Ströndum, og getur það orðið mikil búningsbót fyrir skólann að fá bryggju, sem Djúpbáturinn getur lagzt að.

Þá kemur smáhækkun á launum sundkennaranna Ólafs og Jóns Pálssona. Þetta eru menn, sem vinna sitt starf með trúmennsku, en hafa við erfiðleika að stríða, þar sem þeir verða að stunda starf sitt úti vetur og sumar, vitanlega í misjöfnum veðrum. Þeir hafa löngum haft heldur lág laun, og eins faðir þeirra, svo þeir eru vel að þessari hækkun komnir.

Þá er 33. brtt., um 2000 kr. styrk til Ólympíufarar. Þeim lið fylgja þessi orð: „enda veitist íþróttakennurum utan af landi kostur á að vera með í förinni". — Það má nú telja áreiðanlegt, að þessi för verði farin, og hefir verið greitt fram úr ýmsum atriðum, sem ferðina snerta. M. a. mun Reykjavíkurbær ætla að styrkja þessa för. Búast má við, að þeim styrk verði varið að mestu eða öllu leyti til að styrkja Reykvíkinga til þessarar ferðar, en þar sem hóp manna er boðið að fylgjast með sjálfum íþróttamönnunum, þótti ýmsum í fjvn. leitt, að ekki ættu aðrir kost á að fara en Reykvíkingar, og þess vegna tók n. upp þessa fjárveitingu með þessari klásúlu.

Þá kemur 34. brtt. Það er styrkur til lesstofu byggingarfélags alþýðu og til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur, 500 kr. til hvorrar.

35. brtt. er um 1000 kr. framlag til stofnunar ísl. bókasafns í Utrecht í Hollandi. Þar er víðfrægt bókasafn, sem nú er 300 ára gamalt á þessu vori, og í tilefni af því hefir verið talið á margan hátt heppilegt og vel við eigandi að sýna lit á að koma þarna upp íslenzku bókasafni. Má líta á það bæði frá menningarlegu og jafnvel viðskiptalegu sjónarmiði.

36. brtt. er endurtekin klásúla, sem hefir fallið niður og er við styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur, um að reikningar þessu séu sendir fjvn. Þetta félag fær töluverða styrki bæði frá ríki og bæ, og er sjálfsagt, að það leggi reikninga sína fram opinberlega. — Þá er till. um hækkun til Norræna félagsins, úr 600 í 900 kr.

Þá er 38. brtt., um námsstyrk til Matthíasar Jónassonar, 600 kr. Þetta er ungur maður, sem hefir stundað uppeldisvísindi í Leipzig og á við fjárhagslega örðugleika að stríða, og er þetta lítilfjörleg hjálp til hans til að ljúka því námi. — Þá er till. um 1000 kr. hækkun til Magnúsar Ásgeirssonar, og um að Guðm. Hagalín sé felldur af 15. gr. og fluttur á þá 18.

Þá er till. um 1000 kr. til Einars Ól. Sveinssonar, og um sömu upphæð til Maríu Markan; þó að hún hafi að vísu atvinnu núna, þá er það aðeins á byrjunarstigi, og er skiljanlegt, að slíkir einstaklingar eigi við fjárhagslega örðugleika að etja. — 42. brtt. er um að Þorkeli Þorkelssyni séu veittar 1000 kr. til vísindastarfa. — 43. till. er um, að Ásmundur Sveinsson sé felldur burt af 15. gr., og er hann fluttur á 18. gr. með 1000 kr. hækkun. — 44. till. er um styrk til bókasafnsbyggingar á Sauðárkróki.

45. till. er tekin aftur; það er viðbótarklásúla við styrkinn til Búnaðarfélags Íslands, sem verður óþörf, þar sem líkindi eru til, og má raunar telja víst, að jarðræktarlögin verði samþ. á þessu þingi, og er þá þessi aths. óþörf.

46. og 47. till. eru breyt., sem stafa af bráðabirgðabreyt. nokkurra laga, þar sem styrkurinn til búfjárræktar er hækkaður úr 42 í 56 þús., en áburðarstyrkurinn lækkar samsvarandi, eða úr 28 í 14 þús. — 48. till. er um 1200 kr. styrk til að stunda dýralækningar í Rvík og nágrenni eftir nánari fyrirmælum ráðh., og er ætlazt til þess, að Bragi Steingrímsson taki þær að sér. Guðm. Gíslason læknisfræðikandídat fékk styrk til dýralækninganáms 1936, en nám þetta tekur 2 ár, og hefir nú verið tekin upp fjárveiting, 2 þús. kr., til að fá lokið þessu námi.

49. till. er um 10 þús. kr. hækkun til rannsóknar á orma- og riðuveiki í sauðfé, en þetta var í frv. áætlað 1300 kr. — Ormaveikin er hinn mesti vágestur bændanna, sem þeir horfa nú á með ótta, og er skemmst að minnast þess, að hér í næsta héraði, Borgarfirðinum, hafa 3 heimili nú misst allt sitt sauðfé, og veit enginn, hvenær þessi bráðdrepandi pest breiðist enn meira út, og er því full ástæða til að rannsaka ýtarlega, á hvern hátt helzt muni hægt að stemma stigu fyrir þessari hættulegu veiki. — Samkv. l. um búreikninga frá síðasta þingi eru till. um, að veittar verði til búreikningaskrifstofu 3 þús. kr.

Þá er till. um, að Guðmundur í Nesi fái dálitla þóknun vegna þess, að girt hefir verið fyrir beitiland hans á söndunum, og síðan hefir hann orðið að gera hagagirðingu fyrir fénað sinn til að missa hann ekki út úr höndum sér. — Þá er till. um 1000 kr. styrk til Gunnars Jónssonar til mjólkuriðnaðarnáms.

52. brtt. er um styrk til Helgu Sigurðardóttur til að gefa út bók um fiskrétti. Helga er mjög áhugasöm og dugleg um að útbreiða þekkingu á matreiðslu, og hefir skrifað margar bækur um það efni, og er þetta svolítil viðurkenning fyrir störf hennar.

53. brtt. er um 2 þús. kr. styrk til Loðdýraræktarfélags Íslands. Virðist þetta vera allálitleg atvinnugrein, en er ung ennþá, og fannst fjvn. rétt að koma til móts við beiðni félagsins.

Þá koma nokkrar brtt. við 17. gr., sem teknar voru út samkv. ósk við 2. umr.; eru það brtt. 54.—61., að báðum meðtöldum.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. þær við 18. gr., sem eftir eru. Flestar eru þær persónustyrkir til embættismanna, sem látið hafa af embættum, styrkir til embættismannaekkna ljósmæðra, pósta, og til nokkurra annara einstaklinga.

74. till., þ. e. a. s. klásúlan, sem átti að koma á eftir upptalningu ljósmæðranna, er tekin aftur af n.

Við 22. gr. eru till. um nokkrar heimildir, sem snerta ýmsa embættismenn, um að þeim séu greidd eftirlaun, ef þeir láta af störfum á árinu; eru sumir þeirra heilsulausir og sýnilegt að þeir taka ekki við störfum aftur, ef þeir láta af þeim, og sumir eru taldir efnalitlir eða efnalausir.

78. brtt., allir liðirnir frá a—g, skýra sig

sjálfir og sé ég ekki ástæðu til að fara orðum um þá sérstaklega; þó vildi ég geta þess í sambandi við f-lið, að um það er áður samkomulag að endurgreiða þennan toll vegna Sogsvirkjunar.

Þá eru liðirnir við 22. gr. undir 80. brtt. A- og b-liðir eru teknir aftur, en fram munu verða lagðar sérstakar brtt. og þeir orðaðir dálitið um. Um aðra þá liði þarf ég ekki að fjölyrða; þeir skýra sig sjálfir. Þó vildi ég geta þess um ábyrgðarheimild til handa Hrófbergshreppi og Hofsóshreppi, að þessi verk eru þegar hafin með styrk úr ríkissjóði. Ég skal og geta þess um ábyrgð til Sigurðar Greipssonar, að aðstæður hafa mikið breytzt eftir að Geysir tók að gjósa að nýju og hann er orðinn mjög eftirsóttur staður af ferðamönnum, svo að nauðsynlegt er að byggja þar gistihús, og mun Sigurði takast það, ef hann fær ábyrgð fyrir þessu láni. — G-liðurinn er um ábyrgð fyrir útgerðarfélagið Kolbein unga. Mun vera venja, að fiskveiðasjóður láni helming stofnkostnaðar til slíkra fyrirtækja. Nú hefir þetta félag fengið 11 þús. kr. af 36—37 þús.; þess vegna er nú farið fram á ábyrgð fyrir 7 þús. kr., svo að það svari til helmings kostnaðarverðs báta og fasteigna félagsins. — Um e-liðinn er það að segja, að eins og hann ber með sér, er þarna um hættulegt landbrot að ræða í Ytra-Akraneshreppi, þar sem sjórinn brýtur landið, en jarðvegur er gljúpur mór; á að nota upphæð þessa, ef lánið verður tekið, til að steypa þarna garð til að varna frekara landbroti.

Um Suðurfjarðahrepp er mönnum ljóst, að hann er einn þeirra hreppa á Vestfjörðum, sem á erfitt uppdráttar vegna fiskileysis m. a., eins og raunar háir fleiri hreppum. Er hugmyndin sú, að byggja þarna frystihús fyrir fisk, og telja menn, að það gæti orðið, ef þetta lán fengist.

81. till. er um heimild fyrir ríkisstjórnina að greiða 600 kr. til Sigurðar Hjálmarssonar, sem er örkumla maður, orðinn steinblindur, en hefir lengi verið stýrimaður á Esju og síðan hjá Eimskipafélagi Íslands.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessar brtt. En áður en ég lýk máli mínu, vildi ég geta þess, að vel getur svo farið, að enn komi meiri örðugleikar yfir þetta land, en till. fjvn. eru miðaðar við normalt ár. En ef erfiðleikarnir vaxa, þá er rétt að benda á, hvort ekki má gera sérstakar ráðstafanir í því sambandi. En vitanlega biðja þess allir, að betur megi láta í ári 1937 en á þessu yfirstandandi og á sl. ári. Þær óskir eru ákveðnar alstaðar á landinu og meðal allra stétta. Virðist fyrst nú verulega verða vart atvinnuleysis í landinu. Sem betur fer hefir það aldrei fyrr gert svo tilfinnanlega vart við sig, en mönnum kemur það illa að þurfa að breyta verulega til um lífsvenjur sínar. En ef gæfulega rætist úr og ekki skerðast tekjurnar því tilfinnanlegar, þá er gert ráð fyrir því bæði nú og á næsta ári, að hægt verði að halda áfram þeim verklegu framkvæmdum, sem þegar eru hafnar. Og ef tekjurnar hrykkju ekki til, og ef ástandið skyldi heldur batna, mundu þessar ráðstafanir draga mjög úr þeim sárindum, sem menn hafa fundið til vegna erfiðleikanna.

***Frsm. samvn. samgmn. (Gísli Guðmundsson):** Till. samgmn. um skiptingu styrks til flótabáta liggja fyrir á þskj. 515, og vil ég leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum.

Á frv. því til fjárl., sem fyrir liggur, er upphæðin til styrktar flóabátum áætluð 76 þús. kr., og er það sama upphæð og ákveðin var á fjárl. fyrir yfirstandandi ár.

Fyrir utan þetta framlag til flóabátaferðanna er svo sérstakt framlag til m. b. Skaftfellings, en það hefir samgmn. ekki haft til meðferðar, enda hefir því undanfarið verið haldið utan við.

Fyrir n. hafa legið ýms erindi frá útgerðarstjórnum og einstökum mönnum, er sum fóru fram á hækkaðan styrk til flóabátanna, en n. hafa ekki séð sér fært að gera það að sínum till. að hækka þennan styrk; þess vegna hafa n. skipt upphæðinni óbreyttri.

Nú er það fyrirkomulag orðið á þessum málum, að Skipaútgerð ríkisins hefir á hendi yfirstjórn eða yfirumsjón. Útgerðarstjórnum flóabátanna ber því að senda þangað beint yfirlit um starfsemina, rekstrarreikning og sömuleiðis áætlanir til athugunar, sem ber að semja í samráði við skipaútgerðina, og er með því ætlazt til, að ferðum þeirra verði hagað með tilliti til strandferða ríkissjóðsskipanna, og n. hafa í áliti sínu á þskj. 515 lagt áherzlu á, að þessa yrði gætt sem bezt, með hliðsjón af því, að styrkurinn væri notaður eins og til er ætlazt.

Það verður að benda á, að þetta er ekki fullkomlega komið í það horf, sem æskilegt væri, enda er skammt síðan þessi skipan var á gerð eftir till. samgmn.

Viðvíkjandi sjálfum till. n. um skiptingu styrksins skal þess getið, og er það fljótgert, að n. leggja til, að skiptingin verði óbreytt; þó er aðeins ein undantekning um Flateyjarbát, að breyting er þar gerð þannig, að styrkur til vélakaupa hækki úr 2 þús. kr. í 2500 kr.; er það þriðja greiðsla af fjórum, og er það vegna þess, að fyrir liggur vilyrði eða jafnvel loforð að greiða þennan styrk á 4 árum. Hinsvegar hefir n. lagt til, að rekstrarstyrkur þessa báts verði lækkaður um sömu upphæð, og verður því heildarstyrkurinn til bátsins ekki hærri en sl. ár.

Þá er vikið að því í nál., að n. hefir veitt því athygli við athugun á rekstrarreikningi Borgarnesbáts, að útgerð hans greiðir allháa upphæð í hafnargjöld, eða 10 þús. kr. fyrir árið 1935. Virtist n. þetta vera óeðlilega há upphæð, þar sem þetta er $^2/_3$ styrksins úr ríkissjóði. Virðist n. ekki ósennilegt, að hægt sé með samningum að færa þetta niður, og í nál. er því beint til hlutaðeigandi útgerðarstjórnar, að reyna að ná hagkvæmum samningum um þetta atriði fyrir þennan bát og aðra, ef ástæða er til, og auk þess er því beint til ríkisstjórnarinnar, hvort ekki sé ástæða til að setja löggjöf í þessu efni hvað snertir flóabáta og þá líka strandferðaskip ríkisins. Er einkennilegt, og virðist vera óeðlilegt, að heimtuð séu hafnargjöld af þeim skipum, sem ríkið gerir út, í þeim höfnum, sem ríkið hefir byggt eða lagt fé til að byggja. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri viðvíkjandi styrknum til flóabátanna, en skal geta þess, að samgmn. eru sammála um að bera fram till. um sér-

stakan styrk til Djúpbátsins; er henni ekki enn útbýtt, en verður útbýtt í kvöld eða á morgun. Vildi ég leyfa mér að fara fáeinum orðum um hana, og vænti þess, að ekkert sé á móti því, að ég geri það nú, þótt hún liggi ekki fyrir. — Það er svo nú, að Djúpbáturinn er styrktur með 20 þús. kr. Er ákaflega mikil nauðsyn, að þessum ferðum sé haldið uppi um Ísafjarðardjúp, vegna þess að mjög er erfitt um samgöngur á landi, og eina leiðin, sem þetta fólk hefir til samgangna, er þarna býr, er sjóleiðin. Sem stendur er hafður í þessum ferðum bátur, sem er ófullnægjandi, gamall fiskibátur, sem ekki hefir neitt farþegarúm, og er ekki talið tiltækilegt að breyta þessu skipi vegna þess, hve það er gamalt og lélegt. Þess vegna er samgmn. sannfærð um, að það er ákaflega nauðsynlegt, að umbætur séu gerðar á þessum aðstæðum og að þessir menn séu styrktir að fé til þess að fá sér nýjan bát, sem sérstaklega sé smíðaður, miðað við þörfina á þessum stað, eða þá að fenginn sé notaður bátur og lagaður eða breytt eftir þörfum, ef það ráð skyldi þykja hentugra. N. leggur þess vegna til, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán fyrir h/f Vestfjarðabátinn allt að ⅔ kaupverðs, en þó ekki meira en 30 þús. kr., gegn því að á móti komi bakábyrgð Norður-Ísafjarðarsýslu og að lánið sé tekið innanlands. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. muni taka undir það, að það er nauðsynlegt að koma þessu í framkvæmd, og mun ég ekki telja þörf á því að mæla frekar fyrir þessu.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég hefi flutt nokkrar till., þó að ég viti ekki, hvernig þeim verður tekið; sú fyrsta er um hækkun á læknisvitjanastyrk í Suðureyrarhreppi; læknisvitjanir kosta oft milli 30 og 60 kr., því að það þarf að sækja lækninn á vélbát, og minni styrkur en 300 kr. kemur varla til greina.

Þá er næst till. um styrk handa Ólafi Magnússyni í Múla til framfæris fávita; mér er að vísu kunnugt um, að slík till. hefir ekki verið samþ. nema einu sinni áður á þingi, en ég flyt þessa till. samt, því að hjá þessu fólki, sem hér um ræðir, kemur fram virðingarverð viðleitni og löngun til þess að koma þessum fávita til hjálpar eftir því sem unnt er. Hér er um fávita að ræða, sem er á þritugs aldri. Þjóðfélaginu væri miklu dýrara, að þessi fáviti væri hafður á hæli, og þess vegna væri sparnaður í því að veita heimili hans dálitinn styrk til þess að það geti haldið honum áfram.

Næsta till. mín er um 5000 kr. styrk til hafnarbóta á Suðureyri við Súgandafjörð. Þessi till. hefir verið flutt tvisvar áður á þingi, en ekki verið samþ. Ég vænti þess, að það liði ekki á löngu, unz Suðureyri fær þennan hafnarbótastyrk rétt eins og mörg önnur héruð, sem sízt hafa meiri möguleika til þess að sækja sjó. Ég hefi ekki fengið áheyrn um þennan styrk áður, ef til vill vegna þess að vitamálastjóri hefir jafnan talið, að regluleg höfn á þessum stað mundi kosta mikið fé, en það má rétt eins og annarsstaðar gera þarna bryggju og varnargarð með litlum tilkostnaði og til mikilla nota fyrir vélbáta, sem sækja sjó úr Súgandafirði.

21. till. er um aukinn styrk til barnaskólabygginga utan kaupstaða, og geri ég ráð fyrir 20000 kr. hækkun, en 15000 kr. til vara. Fyrir hv. fjvn. hafa legið skýrslur um allar þær umsóknir, sem fyrir liggja um byggingastyrk, og það er brýn þörf á því víða að endurbæta skólahús og reisa ný, og þó að styrkurinn yrði hækkaður, eins og hér er gert ráð fyrir, þá yrði ekki hægt að fullnægja þessari þörf að öllu leyti á þessu ári, sem hér um ræðir. Nú liggur fyrir þinginu frv. til fræðslulaga, en það frv. mun ekki gera hálft gagn, ef það nær fram að ganga, nema um leið verði aukinn styrkurinn til skólahúsbygginga, og þá sérstaklega til heimavistarskóla í sveitum. Ef þessi till. yrði samþ., þá væri hægt að byggja á næsta ári eina fjóra heimavistarskóla, sem mjög ríður á, að byggðir verði sem fyrst, og viðkomandi hreppar sækja fast, að byggðir verði bráðlega.

Ég skal ekki bera þessa fjárveitingu saman við margar aðrar, en það mætti vafalaust finna fjölda fjárveitinga í fjárlögunum, sem eru hærri og hafa auk þess minni rétt á sér og miklu færra fólk nýtur góðs af heldur en verða mundi, ef þessi hækkun yrði samþ.; ég vil því fastlega vænta þess, að þessari till. verði sýnd nokkur úrlausn, þó að n. treysti sér ekki til þess að samþ. hærri aukninguna.

25. till. fjallar um styrk til vísindastarfs handa Leifi Ásgeirssyni, 1000 kr. Hann hafði á síðustu fjárlögum 1200 kr. til vísindastarfa, og þar sem hér ræðir um einn gáfaðasta, ungan vísindamann landsins og mann, sem hefir stundað vísindagrein, sem er mjög erfitt að stunda hér á landi, sem sé stærðfræði og eðlisfræði, þá virðist mér mjög leitt, ef þessi styrkur ætti niður að falla. Leifur Ásgeirsson er sem kunnugt er doktor frá þýzkum háskóla og fékk ágæt meðmæli kennara sinna, og er hann eins og kunnugt er bróðir Magnús Ásgeirssonar skálds, sem fjárveitingan. leggur til, að fái 1500 kr. styrkveitingu. Þessir bræður eru báðir óvenjulega gáfaðir.

Í 32. till. legg ég til, að veittar verði allt að 1200 kr. til þess að gera gufubaðstofur fyrir forgöngu ungmennafélaganna; ég hefi orðið var við, að nokkur ungmennafélög hafa mikinn áhuga á því að koma upp slíkum baðstofum nálægt samkomuhúsum sínum til almennings þarfa.

Þá kem ég að síðustu till., sem er nr. 35, og er hún um 3000 kr. styrk til starfrækslu dagheimila hér í Reykjavík af hálfu barnavinafélagsins Sumargjafar. N. hefir að vísu flutt till. um 6000 kr. framlag til barnaverndar, en þar af eiga aðeins 2000 kr. að renna til samskonar starfsemi í Hafnarfirði; nú er Reykjavík stærri en Hafnarfjörður, og það er ekki nema sanngjarnt, að Reykjavík njóti fullt eins ríflegs styrks eins og Hafnarfjörður. Hér hefir starfsemi þessa félags verið rekin í mörg ár styrklaus, og nú þegar á að reisa dagheimili fyrir börn í vesturbænum, þá er félagið þess mjög þurfandi að fá sæmilegan styrk til þeirrar starfrækslu.

Svo skal ég ekki minnast á fleiri till, enda þótt hér séu nokkrar till., sem mig langaði til að drepa á, og mun ég gera það síðar.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég á brtt. á þskj. 519 undir XXIX, sem hv. fjvn. hefir tekið til meðferðar, en ekki séð sér fært að taka upp í sínar till. Þessi till. fjallar um styrk upp í kostnað við ferðir dýralækna í fjarlægar sveitir eftir ráðstöfun ráðherra. Ég hefi stungið upp á því, að 2500 kr. verði veittar, eða 500 kr. á hvern af föstum dýralæknum, en til vara 300 kr. á dýralækni, eða alls 1500 kr. Ég vænti þess, að þessari till. verði vel tekið af hv. þm. og að önnurhvor upphæðin verði samþ., því að þetta er í þágu alls landsins, en ekki einstakra staða. Þetta er ekki fram borið af mér í neinu hagsmunaskyni frekar fyrir mitt hérað eða neina menn, sem ég ber fyrir brjósti sérstaklega, og er það meira en sumir hv. þm. og væntanlega ýmsir hv. fjárveitinganefndarmenn geta sagt, því að það er kunnugt, að sumt af þeim till., sem n. hefir tekið til greina, bæði til ýmsra persóna og til ýmsra staða, eru mjög miðaðar við það, sem nefna mætti kjördæmahagsmuni. Skal ég ekki fara lengra út í það, því að það er öllum ljóst.

Þá skal ég geta þess, að fyrir liggja frá 2. umr. till. *um aukningu á vegatillagi í Skaftafellssýslu* frá mér, sem ekki hafa verið endurprentaðar, *og þar sem ég hefi gert grein fyrir þeim áður, mun ég ekki tala fyrir þeim við þessa umr., en ein* till. er á leiðinni frá mér, sem ég hefi borið fram í samráði við hv. form. fjvn. og með samþykki — þegar þar að kemur — hans og annara nefndarmanna, enda vænti ég þess, að hv. þm. ljái henni yfirleitt fylgi sitt; þetta verður brtt. nr. 69 á þskj. 502. Er hér um að ræða styrk til Lofts Ólafssonar pósts; fyrir hv. fjvn. hafa legið full gögn um þetta mál, send af póstmálastjóra, en svo er mál með vexti, að þessi póstur er elzti póstur landsins; hann er 80 ára gamall og hefir verið póstur í 40 ár á því svæði landsins, sem fram til síðustu tíma hefir verið hættumesta svæði landsins, að undanskildu norðvesturlandi, og er hvort með sínu móti. Fyrir norðan er yfir fjöll og hálsa að sækja, en fyrir austan sandeyðimerkur, óralangar, og beljandi vatnsföll, sem í þá daga voru öll óbrúuð. Fyrir þetta starf hefir Loftur Ólafsson fórnað kröftum sínum og heilsu, og hefir póstmálastjóri lagt til, fyrst við hæstv. ráðh. og síðan við hv. n., að þessum manni yrði veittur *riflegur styrkur; og telur hann*, að það komi ekki til mála að skira þessum manni á bekk *með póstum, sem hafa ekki starfað í þágu* póstmálanna nema nokkur ár; telur póstmálastjóri, að styrkurinn geti ekki verið minni en 800—1200 kr., ef hann á að vera viðunanlegur. Ég hefi því lagt til, að í stað 300 kr. komi 800 kr., en 600 til vara.

Þá vil ég leyfa mér að gera athugasemd, sem ég vil biðja hv. form. fjvn. að hlýða á; það er viðvíkjandi eftirlaunastyrk ljósmæðra; í þeirri gr., sem um hann fjallar, stendur, að styrkurinn skuli því aðeins greiðast, að ljósmæðurnar geti sannað, að þær njóti eftirlauna að einum þriðja hjá hlutaðeigandi sýslufélagi. (BB: Þetta hefir verið tekið aftur). Þá þarf ekki um það að ræða.

Þá vil ég að lokum gera þá fyrirspurn til hv. fjvn., hvernig stendur á síðustu till. á þskj. 502, sem mælir svo fyrir, að stj. sé heimilt að verja úr prestlaunasjóði sem svarar prestlaunum í einu af hinum óveittu prestaköllum, til þess að láta endurskoða sálmabók íslenzku þjóðkirkjunnar og undirbúa handrit að nýrri sálmabók, ekki aðeins frá trúarlegu, heldur einnig frá fegurðarinnar og listarinnar sjónarmiði, og má ætla, að eitthvað sé með þessu meint. Ég hefi spurt suma hv. fjvnm. að því, hvaðan þessi hugmynd sé komin, en þeir hafa ekki getað svarað því, en það væri fróðlegt fyrir mig og aðra, sem ekki eru mótfallnir slíkri till., ef hún er fram borin af réttum aðilja, að vita, hverjir eigi að undirbúa sálmabókina fyrir þjóðkirkjuna, því að við vitum það, að þetta er ekki svo auðunnið verk, að það nægi að *setja þetta inn í eina* málsgr. á fjárlögum. (SE: Er hv. þm. á móti áhuga leikmanna fyrir andlegum málum?). Nei, en ég vil ekki, að till. um slík efni komi úr *heiðskíru lofti, greinargerðarlausar. Mér* þykir hugmyndin alls ekki ill, en mér er óskiljanlegt, hvers vegna þetta á að vera hnitmiðað við það, að þetta skuli vera gert fyrir laun úr einu af hinum óveittu prestaköllum. Þótt þessi till. verði samþ., þá vil ég samt vænta þess, að þetta mál komi í hendur þeim aðiljum, sem bæði geta og eiga að sjálfsögðu að fjalla um þessi mál.

Ef hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur, þá ætlaði ég að beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort það sé tilfellið, að danski vísindamaðurinn og landkönnuðurinn Lauge Koch fái nokkurn styrk úr ríkissjóði til rannsókna sinna hér á landi, beint úr ríkissjóði eða af fé því, sem skipulagsnefnd atvinnumála hefir haft til umráða.

*Jóhann Jósefsson: Það eru ekki mjög margar brtt., sem ég er við riðinn, en ég ætla að víkja að þeim með fáeinum orðum.

Sú fyrsta er á þskj. 519, XII, um 5000 kr. framlag til malbikunar vega í Vestmannaeyjum, og er sú till. flutt til samræmis við það ákvæði, sem í hv. Nd. var sett inn í frv. til laga um tekjuöflun ríkissjóðs, þar sem *hinum nýja benzínskatti* er skipt niður til vegabóta á ýmsum *svæðum landsins. Ég skal geta þess*, að þetta ákvæði um að þessari upphæð verði varið til *malbikunar í Vestmannaeyjum af benzínskattinum*, er sem stendur í frv., sem fyrir þinginu liggur, *um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.*

Þá hefi ég ásamt hv. þm. N.-Ísf. og hv. 6. þm. Reykv. flutt brtt. við 22. gr., þar sem farið er fram á, að ríkið stuðli að fisksölu í útlöndum með því að ábyrgjast þá, sem selja fiskinn, gegn gengissveiflum, en þar sem ég er ekki 1. flm. þeirrar till., skal ég ekki fjölyrða frekar um hana.

Ennfremur er ég meðflm. að till. um, að stj. sé heimilt að efla skuldaskilasjóð vélbátaeigenda með nýju framlagi úr ríkissjóði, allt að 200 þús. kr., til hjálpar eigendum línuveiðagufuskipa, en fyrir þeirri till. ætla ég ekki að færa rök frekar en þeirri, sem ég síðast nefndi, því að hv. 6. þm. Reykv. er þar í fararbroddi.

Þá er till. við 22. gr., LII, um það, að stj. sé heimilt að ábyrgjast allt að 40 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, til þess að eign-

ast hús fyrir gagnfræðaskólann, gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar. Mér finnst ekki verða hjá því komizt, að Vestmannaeyjakaupstaður verði eins og aðrir kaupstaðir eitthvað studdur til þess að koma upp húsi yfir gagnfræðaskólann. Skólinn hefir starfað í nokkur ár. Honum háir það allmikið, að hann hefir ekki viðunandi húsakynni. Bærinn á nú kost á að kaupa hús, sem er nú í eign Útvegsbankans þar í Eyjum. Húsið er að mörgu leyti mjög glæsilegt, en þarf talsvert að breyta því til þess, að það sé hæft fyrir skólahús, en þá gæti það líka orðið ágætt. Ég held, að eins og sakir standa, þá væri það heppilegri leið til þess að koma upp gagnfræðaskóla á þessum stað, að hlaupið væri undir bagga með þessu bæjarfélagi með því að ábyrgjast lán í þessu skyni, svo að bærinn geti komizt yfir þetta hús, frekar en að verja fé í nýja byggingu.

Það eru nú tvær brtt. frá mér í prentun, en þar sem þær hafa ekki verið lagðar fram enn, þá læt ég bíða þar til síðar að minnast á þær.

Thor Thors: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 519, sem ég vil leyfa mér að gera hér að umræðuefni.

1. brtt. er nr. VI á þessu þskj. Það er 4500 kr. framlag til Hellissandsvegar, enda leggi hreppsbúar fram 450 dagsverk ókeypis. Eins og kunnugt er, er Hellissandur fjölmennt kauptún; þar eru um 600 íbúar, en kauptúnið er gersamlega sambandslaust við umheiminn, þar sem það hefir ekkert vegasamband við nágrennið. Þetta er vitanlega mjög bagalegt fyrir alla íbúa kauptúnsins og háir mjög atvinnumöguleikum þeirra. Þeim er því mesta áhugamál að fá bætt úr þessu, og það sýna þeir með því að bjóðast til þess að spara hér um 4500 kr. af því fé, sem fyrr eða síðar yrði að leggja til þessa vegar, sem nú fyrir nokkru er kominn í þjóðvegatölu. Mér finnst það því ekki geta verið ágreiningsmál, að Alþ. beri skylda til að taka í þessa útréttu hönd þorpsbúa og á þennan hátt verðlauna þann áhuga, sem þeir sýna fyrir þessu nauðsynjamáli sínu. Það yrði þá jafnframt til þess að greiða úr þeim samgönguörðugleikum, sem þeir nú eiga við að búa, og létta undir afkomu þeirra, sem nú er sérlega erfið vegna þess, að afli hefir brugðizt mjög tilfinnanlega tvö undanfarin ár frá þessu kauptúni, en eins og kunnugt er, er útgerð aðalatvinnuvegur hreppsbúa. Af þessum ástæðum verð ég líka að telja skyldu Alþingis að verða við þessum tilmælum, fyrst og fremst vegna þess, að þorpsbúar sjálfir vilja leggja nokkuð af mörkum, og í öðru lagi vegna þeirra erfiðleika, sem þeir eiga nú við að stríða, því að vitanlega er það ríkisvaldinu miklu meiri fengur að geta lagt fram þetta fé, þegar það getur fengið jafnmikið tillag á móti, heldur en að neyðast til þess síðar vegna yfirvofandi skorts í þorpinu að leggja fram fé í aðrar atvinnubætur, sem ábyggilega yrðu miklu vafasamari til hagnaðar fyrir þjóðfélagið en það nauðsynjaverk, sem hér er lagt til, að framkvæmt verði.

Þá er 2. brtt. mín á sama þskj. undir XXXIX, til Kjartans Þorkelssonar fyrrum póstafgreiðslu- og matsmanns, 300 kr. styrkur. Þessi maður, sem nú er um 76 ára, hefir verið blindur um nokkurra ára skeið. Hann hefir lagt mjög mikilvægt starf fram í þágu þjóðfélagsins á fjöldamörgum sviðum. Hann hefir verið póstafgreiðslumaður í um 22 ár. Hann hefir í áratugi verið í skattanefnd. Hann hefir gegnt störfum sem ullarmatsmaður og kjötmatssmaður um langt skeið. Hann hefir um nokkurra ára skeið verið hreppstjóri, og auk þess hefir hann verið umboðsmaður þjóðjarða. Þegar þess er gætt, hvernig hag þessa manns er nú komið í hárri elli, hann er nú blindur, og þegar þess er gætt, hvernig hann hefir slitið kröftum sínum í þágu þjóðfélagsins á fjöldamörgum sviðum, þá virðist vissulega ekki vera um neina ofrausn að ræða, þó að Alþingi veiti honum þennan lítilfjörlega lífeyri, en ég hefi ekki séð mér fært að hafa þessa till. hærri, af því að það er svipuð upphæð, sem yfirleitt er veitt í þessu skyni á 18. gr. fjárl.

Þá er 3. brtt. mín undir XLII, um að veita 300 kr. til Kristínar Pálsdóttur, ekkju Jóns Nielssonar vitavarðar. Vitamálastjóri hafði sent umsókn um þetta til fjvn., en af einhverri orsök hefir þetta fallið niður úr till. n. Hv. form. fjvn. hefir tjáð mér, að hér hafi verið um vangá að ræða og fjvn. geti fallizt á að veita þessari ekkju jafnháa upphæð og ekkjur annara vitavarða fá á fjárl., en það er 300 kr. Maður þessarar konu, sem lengi var vitavörður í Elliðaey, fórst í ofviðrinu mikla 14. des. 1935. Vitamálastjóri lagði eindregið með, að þessi styrkur væri veittur, og bendir á það, að þessi ekkja sé með öllu eignalaus. Vegna ummæla hv. form. fjvn. um þessa umsókn dreg ég ekki í efa, að þessi málaleitun fái góðar undirtektir hjá hv. þm.

Þá er 4. brtt., XLIX, við 22. gr., nýr liður, um ábyrgð fyrir Neshrepp utan Ennis, allt að 50000 kr., til vatnsveitu. Þessi málaleitun á rætur sínar að rekja til fundar, sem haldinn var á Hellissandi 29. marz sl. Þar var samskonar till. samþ. einum rómi og hún síðan send til Alþingis. Ég hygg, að þetta mál verði bezt skýrt með því að lesa umsögn héraðslæknisins í Ólafsvíkurhéraði um nauðsyn þessa máls. Vil ég vænta þess, að hæstv. forseti leyfi það. Læknirinn segir svo í umsögn sinni, sem er dags. 1. apríl 1936:

„Að gefnu tilefni skal það tekið fram, að Hellissandur er mjög illa settur að því, er neyzluvatn snertir. Þorpsbúar taka neyzluvatn sitt úr á, sem rennur gegnum kauptúnið. Er því vitanlegt, að í hana rennur afrennsli af túnum og frá húsum, auk þess, sem ekki verður fyrir það girt, að vatnið sé notað til annara þarfa en neyzlu. Vegna vegalengdar má það teljast ógerningur að sækja vatn í ána fyrir ofan allt kauptúnið, og verður því að álíta ána óhæfilegt vatnsból fyrir þorpið. Þorpsbúar hafa augastað á uppsprettulind fyrir vatnsból handa sér, og er hún á góðum stað og laus við galla þá, sem að ofan getur.“

Þetta er umsögn héraðslæknisins, dr. Árna Árnasonar, í Ólafsvík. Hann segir beinum orðum, að hann áliti þessa á, sem þorpsbúar nú verða að nota, óhæfilegt vatnsból. Stundum hafa gosið upp skæðir sjúkdómar þarna í þorpinu, og er ekki úr vegi að ætla, að þetta óheilnæma

neyzluvatn eigi þátt í þeim skæðu sóttum, sem hafa komið þarna fram öðruhverju. Vegna þeirrar óhollustu, sem af þessu stafar, er auðvitað hin brýnasta nauðsyn að breyta um vatnsból.

Þorpsbúar hafa látið gera áætlun um fullkomna vatnsveitu fyrir kauptúnið. Sú rannsókn var framkvæmd af núverandi vitamálastjóra, og það má ætla, að framkvæmd þessa verks kosti allt að 40—50 þús. kr. Það má telja líklegt, að komizt verði af með 40 þús. kr., en að sjálfsögðu verður mjög erfitt að útvega lánsfé til þessa mannvirkis eins og nú er komið fjárhagsafkomu þjóðarinnar. En ég tel, að Alþingi beri skylda til þess, ef unnt er, að útvega lán og styðja að því, að hægt verði að koma þessu í framkvæmd, vegna þess að hér er um yfirvofandi hættu að ræða fyrir heilsu og velferð fjölda margra manna. Og að sjálfsögðu yrði slíkt lán tekið í fullu samráði við hæstv. stj., sem á að ábyrgjast það, og ekkert gert í framkvæmd málsins, nema með fullu samþ. hennar.

Ég á ekki fleiri brtt. á þessu þskj., en það er ein brtt., sem nú er í prentun, sem ég flyt ásamt hæstv. forseta. Hún hefir ekki í för með sér nein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Hún ákveður aðeins, hvernig ráðstafa skuli nokkrum hluta af því fjárframlagi, sem er á 12. gr. fjárl., 18. nr., en það er styrkur, sem ætlaður er til sjúkra eftir úthlutun landlæknis. Þar eru veittar 5000 kr. í allt, en við leggjum til, að 500 kr. af því fé fari til Hallgríms bónda Sveinssonar á Hálsi í Eyrarsveit til þess að leita sér lækninga. Þessi maður, sem er fátækur bóndi, varð fyrir því mikla óhappi að hrapa úr fjalli þar vestra á síðasta hausti. Ef hér hefði verið um verkamann að ræða, hefði hann að sjálfsögðu verið slysatryggður og ríkið hlaupið undir bagga með honum. En þessi maður átti ekki því láni að fagna, og stendur hann nú uppi eignalaus og örkumla og á þess engan kost að leita sér lækninga. Hann fótbrotnaði, og lækningin hefir ekki tekizt vel, þannig að það er ekki hægt að búast við að hann fái heilsu aftur, nema frekari læknisaðgerð komi til.

Af þessum ástæðum, sem ég hefi getið um, leyfi ég mér að vænta, að þessi till., sem engin aukin útgjöld hefir í för með sér, fái góðar undirtektir hv. þm.

*__Páll Þorbjörnsson:__ Ég á hér nokkrar brtt. við fjárlfrv. Þær eru allar smávægilegar, en þó vil ég ekki láta hjá líða að minnast á þær.

1. brtt. mín, sem er nr. XXIV á þskj. 519, fer fram á litilfjörlegan styrk til lesstofu sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum. Það er 500 kr. styrkur, sem farið er fram á í þessu augnamiði. Eins og kunnugt er, sækir til Vestmannaeyja á hverjum vetri mikill fjöldi sjómanna viðsvegar af landinu, sem eiga sér þar litinn eða engan samastað. Þeir búa í verbúðum og íbúðum, sem eru mjög illa til þess fallnar að dvelja þar nema sem skemmst. Þess vegna tel ég það mjög mikið menningaratriði, ef samastaður væri þarna, þar sem þessir menn gætu eytt frístundum sínum við lestur bóka og blaða. Ég hygg líka, að fordæmi sé fyrir slíku sem þessu, og væri ekki séð við þessa sjómenn, sem sækja að þessari stærstu verstöð landsins, að þessi litli styrkur væri veittur. Ég skal taka það fram, að að sjálfsögðu er þessi upphæð ekki nóg, en til þess er ætlazt, að það, sem á vantar, náist annarsstaðar frá.

Þá er XXXI. brtt. á sama þskj., um 1200 kr. til Bjarna Guðjónssonar myndskera. Það er svo, að þeir listamenn, sem styrks njóta á fjárl., eru flestir búsettir í Reykjavík, en ég get ekki séð, að sérstök ástæða sé til að binda styrkinn við þá, sem hafa tekið sér bólfestu hér. Það munu vera tveir listamenn í tréskurði, sem hafa notið styrks undanfarin ár, annar á Akureyri, hinn á Ísafirði. Og þar sem ég hygg, að Vestmannaeyjar séu sá af bæjum þessa lands, þar sem minnst er lagt til hinnar svokölluðu menningarstarfsemi, þá vil ég vænta, að þessi fjárveiting til þessa unga listamanns mæti velvilja hv. þm.

Hv. fjvn. hefir þóknazt að taka upp í till. sínar 200 kr. styrk til Guðlaugs Hannessonar lýsismatsmanns, en ég hafði getið um það við fjvnm., að mér þætti þessi upphæð svo óverulég, að ég gæti tæplega kinnroðalaust látið sjá hana í fjárl., af því að ég hefði átt þátt í því, að þessum manni yrði veittur styrkur. Það er líka nokkur sérstaða með þennan mann, því að meðan hann var lýsisbræðslumaður og lýsismatsmaður, þótti sú vara, sem hann framleiddi, svo góð, að hún þótti þess verð, að sérstök verðlaun væru veitt fyrir hana. — Þó að fiskimatsmenn fái á fjárl. yfirleitt ekki nema 300 kr., þá hygg ég, að vel megi samþ. að veita þessum manni 500 kr. með tilliti til þess, hve langur starfstími hans hefir verið og hversu hann hefir skarað fram úr í sinni iðn.

Forseti (JBald): Það hefir verið heldur þunnskipað á þingbekkjum hér í kvöld, og má það vera ástæðan til þess, hve tregir hv. þm. hafa verið til að kveðja sér hljóðs. Enginn af þeim hv. þm., sem hér eru viðstaddir, hefir nú kvatt sér hljóðs, en ég sé mér hinsvegar ekki fært að slita umr. um fjárl. að svo komnu máli, meðan fjöldamargir hv. þm. eiga eftir að mæla fyrir sínum brtt. En á næsta fundi geta menn ekki treyst því, að eftir þeim verði beðið langan tíma. — Ég mun því taka málið af dagskrá nú.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 385, 502, n. 515, 519, 528, 544, 547, 548, 549, 550).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 547, 548, 549 og 550. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

*__Guðbrandur Ísberg:__ Ég á nokkrar brtt. við fjárlfrv. við þessa umr. Hin fyrsta er á þskj. 547, XIX, og er við brtt. fjvn. á þskj. 502, 73, þar sem lagt er til, að nokkrum fyrrv. ljósmæðrum verði veitt 200 kr. eftirlaun hverri fyrir sig. Í viðbót við þær ljósmæður, sem þar eru taldar, legg ég til, að tekin verðin upp eftirlaun til Ólínu Sigurðardóttur frá Skagaströnd, en kona sú lét af starfi síðastliðið vor eftir 35 ára þjón-

ustu í erfiðu héraði. Af einhverjum ástæðum, sem mér eru ekki kunnar, hefir ljósmóðir þessi ekki verið tekin upp með öðrum ljósmæðrum, sem látið hafa af störfum sínum; lá þó fyrir bréf um hana í stjórnarráðinu. Í þessu sambandi vil ég benda á, að samkvæmt 5. gr. laga um laun ljósmæðra, frá 1927, er skylt að greiða ljósmæðrum eftirlaun, ef sýslunefndir ákveða að greiða þeim eftirlaun fyrir sitt leyti, og sé hluti ríkissjóðs 2 á móti 1 frá sýslusjóði. Nú er það svo, að á síðasta sýslufundi Húnavatnssýslu var ákveðið, að sýslan greiddi konu þessari að sínu leyti 150 kr. í eftirlaun, og fannst það sanngjarnt miðað við þjónustutíma og erfiði. Ég hefi þó ekki lagt til, að hún fengi meira en 200 kr. úr ríkissjóði, því að ég hefi ekki viljað fara hærra með eftirlaun hennar en hinna annara ljósmæðra, sem taldar eru upp í brtt. hv. fjvn., enda þótt hún hafi lengri starfstíma en sumar þeirra að minnsta kosti. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, því að það hlýtur að hafa verið fyrir gleymsku, að kona þessi var ekki tekin upp með hinum.

Þá á ég brtt. á þskj. 519, XXVI, við 15. gr. Þar er lagt til að orða um 41. lið gr., sem felur í sér 1000 kr. fjárveit. til Bjarna Björnssonar gamanleikara. Þetta vil ég orða á þann veg, að fé þetta sé veitt þessum manni til listiðkana, enda mæli menntamálaráð með styrkveitingunni. Eins og kunnugt er, þá lá till. þessi fyrir við 2. umr., og gerði ég þá fyrirspurn um það, hvort maður þessi væri skáld eða listamaður eða þá hvorttveggja. Ég hafði ekki heyrt, að hann væri neitt af þessu, og hefi ekki heldur fengið neinar upplýsingar um þetta, þrátt fyrir fyrirspurn mína, og því er það, að ég legg það til, að fé þetta sé því aðeins veitt, að menntamálaráð mæli með því. Aftur á móti er mér tjáð, að maður þessi sé á bezta aldri og með öllu ómagalaus, svo að þeirra hluta vegna er ekki þörf á að veita honum þennan styrk. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það fram, að till. þessi er ekki borin fram af rætni til mannsins eða til þess að henda gaman að þessu. Ég þekki manninn ekki neitt og ber því till. fram í fyllstu alvöru, og krefst þess meira að segja að fá nafnakall um hana. Það hefir þótt við brenna, að komið væri inn í fjárlögin ýmsum vafasömum persónulegum styrkjum, en ég get þó ekki fundið, að nokkur styrkur hafi komizt inn í þau, sem jafnlítið mælir með sem þessum. Hér fyrirfinnst bókstaflega ekki neitt, sem geti heitið rök með þessum styrk, og lítur því helzt út fyrir, að hér hljóti að vera um einhvern misskilning að ræða.

Þá á ég enn brtt. á þessu sama þskj., XXVIII, þar sem ég fer fram á, að skógræktarfélagi Eyfirðinga verði veittar 1500 kr., en til vara 1000 kr. Við 2. umr. fjárlaganna bar ég fram brtt. sama efnis, að öðru leyti en því, að þar var farið fram á 3000 kr., eða helmingi hærri upphæð en ég fer fram á nú, en till. sú var felld. Þegar ég talaði fyrir þeirri till., benti ég á, hversu mikið starf félag þetta hefði unnið fyrir skógræktina á Norðurlandi, og að það hefði í hyggju að koma upp stórri girðingu kringum Leynishóla í Eyjafirði, sem eru um 10 hekt. að flatarmáli, og myndi því kosta nokkuð mikið fé. Þar sem nú hér er farið fram á miklu lægri upphæð en við síðustu umræðu, vænti ég, að hv. dm. samþ. hana og viðurkenni þar með, að félag þetta eigi skilið að fá styrk.

Þá á ég og enn brtt. á þessu sama þskj., en hún er við 18. gr., XLI, þar sem ég legg til, að Jóhanni Ragúelssyni á Akureyri verði veittur 600 kr. styrkur, en til vara 500 kr. Við 2. umr. bar ég fram svipaða till., en tók hana þá aftur fyrir tilmæli eins hv. þm., og ber hana því fram nú í sömu mynd að öðru leyti en því, að ég hefi lækkað hana nokkuð. Þegar ég talaði fyrir till. þessari, gerði ég grein fyrir því, hvernig á því stæði, að maður þessi væri svo mjög styrks þurfi. Að maður þessi væri nær blindur og hefði verið það um langt skeið, en haft ofan af fyrir sér og fjölskyldu sinni með verzlun, en með viðskiptahömlunum hefði hann verið sviptur þeim möguleika. Ég benti ennfremur á það, að þar sem maður þessi væri blindur, væri ekki hægt að segja við hann eins og aðra, sem heilir væru heilsu, að fara út og vinna fyrir sér og sínum. Einnig sýndi ég fram á það, **og vil undirstrika það enn**, að þó að manni þessum væri veittur nokkur styrkur af hinu opinbera til framfærslu sér og fjölskyldu sinni, gæti það ekki skapað nokkurt fordæmi sakir hinna sérstöku ástæðna, sem fyrir hendi eru í þessu tilfelli.

Þá á ég brtt. við 22. gr., XLVIII, þar sem ég fer fram á, að stj. sé heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast vegna Akureyrarbæjar allt að 1.3 millj. kr. lán til rafvirkjunar. Fyrir rúmum áratug var byggð rafstöð fyrir Akureyrarbæ, sem kostaði 600 þús. kr., en hafði þó ekki nema 300 hestöfl, eða rúmlega til ljósa fyrir bæinn. En nú hefir á seinni árum risið upp töluverður iðnaður á Akureyri, sem þarfnast mikillar raforku. Fullnægir rafstöð sú, sem nú er, því á engan hátt raforkuþörf bæjarins. Þessi litla stöð varð svo dýr, að hestaflið kostaði um 2000 krónur.

Þegar byrjað var að byggja þessa stöð, þá var því hreyft, að hentugra mundi vera að byggja aðra stærri stöð, og voru margir, sem héldu því fram, að það ætti að virkja Goðafoss, en ekki Glerá, en það þótti í fullmikið ráðizt í byrjun. Nú er svo komið, að auka verður rafmagnið vegna aðkallandi þarfa bæjarfélagsins, og snýr þá margra hugur aftur að Goðafossi. Hafa nú verið gerðar áætlanir um kostnað við virkjunina. Hafa áætlanir þessar verið gerðar í skrifstofu vegamálastjóra af Árna Pálssyni verkfræðingi, og eru þær þrjár. Á einni þeirra er kostnaður virkjunarinnar áætlaður 1455 þús. kr. Er þar gert ráð fyrir, að Barnafoss í Skjálfanda verði virkjaður. Þá er önnur áætlun um virkjun vestan fljótsins, og er gert ráð fyrir að hún muni kosta 1421 þús. kr. Loks er svo nýr staður austan við fljótið, og þar má, með því að þar sparast mikið stíflur, færa kostnaðinn niður í 1300 þús. kr. Er þar gert ráð fyrir stöð, sem í byrjun hafi 2000 hestöfl, en mætti auka upp í 10000 hestöfl. Með öðrum orðum, stöð sem mundi nægja um ófyrirsjáanlega langan tíma fyrir Akureyri og mikinn hluta lands þar í grennd, svo

sem Húsavík, Grenivík og Svalbarðseyri að austan og að vestan Dalvík, með um 600 íbúa, Hrísey, með 500 íbúa, og Ólafsfjörð, sem hefir um 900 íbúa. Einnig koma svo smásaman til greina allar þær sveitir, sem á þessu svæði eru. Ég vil benda á, að hér er um sogsvirkjun Norðurlands að ræða. Kröfur hafa komið fram um, að þessari virkjun verði hrundið í framkvæmd, og hvort sem það getur orðið nú eða ekki, þá verður það að gerast áður en langt um líður. Ég vil sérstaklega benda á það, að gert er ráð fyrir, að það efni, sem þarf að flytja frá útlöndum til þessarar virkjunar, verði um 464 þús. kr., en hitt er allt framleiðsla innanlands, og aðallega vinna. Nú vil ég einnig benda á það, að um leið og ódýrt rafmagn er leitt frá Goðafossi til Akureyrar, þá verður það notað þar til suðu og hitunar, og í Akureyrarbæ sparast við það um 3000 tonn af kolum á ári, en það er sama sem að spara 80 þús. kr. af erlendum gjaldeyri. Með öðrum orðum, hér mundi árlega sparast í innflutningi um 20% af því, sem allt það efni kostar, sem keypt væri til virkjunarinnar frá útlöndum. Stöðin mundi á þann hátt endurgreiðast á 5 árum. Nú er þetta aðeins þessi eini liður, en auk þess er margt fleira, sem kemur til greina.

Nú er það að athuga, að á Akureyri er rafmagn of lítið notað til iðnaðar, en sú notkun mundi að sjálfsögðu aukast, og auk þess eru á Akureyri góð skilyrði til iðnaðar, og mundi það mjög ýta undir framfarir á því sviði, ef þar fengist nægilegt og ódýrt rafmagn. En það er nú af svo skornum skammti, að algerlega er ónógt. — Ég vænti að menn sjái, hve þetta er geysimikið hagsmunamál fyrir Akureyrarkaupstað og þau héruð, sem eru í kring og geta notið góðs af, og ég vona það, að engum finnist það óverjandi, jafnvel á þeim krepputímum, sem nú eru, að leggja í þetta fyrirtæki, þegar það er sýnt, að allt innflutt efni til virkjunarinnar endurgreiðist á 5 árum eingöngu með því, sem við þetta sparast í minnkuðum innflutningi af kolum. — Ég vil ennfremur benda á það, að gerð hefir verið áætlun um væntanlegar tekjur stöðvarinnar. Þá áætlun hefir gert Steingrímur Jónsson raffræðingur, og hefir hann aflað sér allra upplýsinga þar að lútandi, og telur hann, að stöðin eigi þegar í byrjun að gefa nægilegt fé til afborgana og hirðingar, svo að því leyti er þetta fyrirtæki tryggt.

Ég hirði ekki um að fjölyrða um þetta mál. Ég vænti, að hv. þm. taki því með skilningi og velvilja. Ég vil að lokum aðeins benda á það, að í þessum orðum mínum hefi ég miðað við þann tíma, sem nú er, en á árunum 1919—1920 var þannig ástatt hér, að við urðum að greiða 300 kr. fyrir hvert kolatonn. Slíkir tímar geta komið aftur, og eins og nú lítur út í heiminum, verður að telja það mjög líklegt, að þeir komi aftur, og þá er það lífsnauðsyn fyrir alla stóra bæi þessa lands að hafa tryggt sér ljós og eldsneyti að minnsta kosti svo, að þeir geti soðið mat sinn að hætti síðaðra manna.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Ég er nokkuð undrandi á afgreiðslu hv. fjvn. á því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Hv. frsm. töldu báðir, að það hefði verið eitt mesta viðfangsefni fjvn. að koma fyrir þeim greiðslum, sem eru á 18. gr. Ég hélt satt að segja, að það hefði verið eitthvert minnsta vandaverkið að gera till. um það, hvaða greiðslur skyldu vera á 18. gr. En það verð ég að segja, að ekki virðist líkt því, að þröngt sé í búi, þegar litið er á afgreiðslu n. á þessari aðalbitlingagrein. Þar er hrúgað saman mönnum, sem ýmist hafa ekki áður komið á fjárlög eða þá verið á 15. gr. Ég á hér ekki við þá öldruðu menn, sem þjóðinni er á einn eða annan hátt skylt að sjá um að einhverju leyti, heldur við þau fjárframlög til annara einstaklinga, sem þarna er skellt inn undir einhverju yfirskini til þess að tryggja þeim lífeyri og ekki er hægt að kalla neitt annað en bitlinga.

Hv. fjvn. hefir ekki lagt eins mikla alúð við ýms önnur mál. Skal ég í því sambandi benda á, að hér kemur fram till. um skiptingu á læknisvitjunarstyrk í Ögurhéraði, og er þar algerlega farið framhjá till., sem ég gerði hér í fyrra og fékk samþ. Er hér farið framhjá þeim, sem versta aðstöðu hafa til læknisvitjana, sem er Nauteyrarhreppur, og lagt til, að af honum séu dregnar 100 kr., en færðar á Reykjarfjarðarhr., sem hefir miklu betri aðstöðu. Í þessu felst svo mikil ósanngirni, að ef hv. n. vill ekki taka þessa till. aftur, þá skora ég á hv. þm. að fella hana. Mér finnst það furðulegt vinnulag, að ekki skuli vera leitað til þm. hlutaðeigandi kjördæmis, þegar þannig er farið að hrófla við þeim styrk, sem verið hefir.

Ég á hér nokkrar brtt., og er þá fyrst að telja brtt. á þskj. 547,I, að veittar séu 25000 kr. til símalínu frá Sandeyri til Hesteyrar, og til vara allt að 7000 kr. til línu frá Sandeyri að Stað í Grunnavík, og vil ég fara um þessa till. nokkrum orðum. — Ég verð að lýsa undrun minni yfir þeirri meðferð, sem till. um símalagninguna frá Sandeyri til Hesteyrar hefir sætt hjá meiri hl. fjvn. Í haust gerði landssímastjóri eindregna till. um það, að fjárveiting til þessarar símalínu væri þá tekin inn á fjárl. yfirstandandi árs, og setti hana sem þá þriðju í röðinni í till. sínum. Meiri hl. n. lýsti því þá yfir, að þeir gætu ekki gengið inn á að veita næga fjárhæð til nýrra símalagninga, nema til hinna tveggja fyrstu, eða fjölsímans milli Rvíkur og Borgarness. Hinsvegar lét n. það ótvírætt í ljós, að þessi lína mundi verða tekin upp á fjárl. ársins 1937, og voru það ágreiningslaus ummæli n., að það yrði gert, og landssímastjóri hélt, að þetta yrði gert.

Nú leggur landssímastjóri til, að þessi lína verði sú fyrsta á fjárlögum ársins 1937, og segir, eins og ég þegar fyrir löngu hefi skýrt þinginu frá, að þörf héraðsbúa í þessu afskekkta héraði fyrir símasamband sé meiri en nokkurra annara, sem ekki hafa nú þegar komizt í símasamband, og að það er vitanlegt, að ef þessi símalína verður ekki lögð, þá verður landssímann líklega að kosta mörgum þús. til endurbóta á loftskeytastöðinni á Hesteyri. Á síðasta ári var lítið við hana gert, aðeins látnir tveir nýir hlutir í mótorinn, því hann var hættur að ganga, en að öðru leyti var viðgerð látin bíða. Landssímastjóri sagði, að símalínan yrði tekin

á fjárlög á þessu ári, og þá hugðu menn, að þessu mætti hlíta. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau rök, sem landssímastjóri færir fyrir nauðsyn þess fyrir landssímann, að þessi lína sé lögð, en ætla að lesa hér svarbréf, sem ég fékk frá landssímastjóra við bréfi, sem ég skrifaði honum, þegar ég frétti, að ekki ætti að taka þessa símalínu upp á fjárlög ársins 1937. Bréf landssímastjóra hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem svar við bréfi yðar, herra alþm., dags. í dag (þ. e. 5. maí 1936), viðvíkjandi nauðsyn þess, að símalínan Sandeyri—Hesteyri verði lögð þegar á næsta ári, skal ég endurtaka ástæðurnar frá sjónarmiði landssímans, en þær eru þessar:

1. Loftskeytastöðin á Hesteyri er svo úr sér gengin, að ekki verður komizt hjá að kosta allmiklu fé til aðgerðar á henni, ef starfrækja þarf hana lengur en til næsta árs.
2. Strax og þessi lína er lögð lækkar starfrækslukostnaður landssímans á þessum stað (Hesteyri) sennilega um ca. kr. 2500—3000 á ári.
3. Á næsta ári þarf landssíminn að nota starfskrafta loftskeytastöðvarstjórans á Hesteyri í sína þjónustu á öðrum stað, en verði ekki hægt að leggja loftskeytastöðina niður, þá má búast við, að landssíminn verði að taka nýjan mann til þess starfa, en stöðvarstjórinn á Hesteyri er símritari á launalögum, og landssíminn getur ekki kastað gömlum starfsmanni út á klakann, og yrði því að greiða honum kaup, þó hann hefði ekki starf fyrir landssímann.“ (Ég skal taka það fram, að þessi maður er búinn að vera þarna starfsmaður í 15 ár).
4. „Ég hefi gert ráð fyrir, að þessi lína yrði sú fyrsta af nýjum símalínum, ekki sízt þar sem ég skildi ummæli fjvn. á liðnu hausti á þá leið, að svo yrði, enda er það nauðsynlegt vegna hagsmuna landssímans.
5. Út frá Hesteyri gengur símalína til Látra í Aðalvík, og kæmist hún í beint talsamband við símakerfi landssímans, þegar talsímalína hefir verið lögð að Hesteyri.“

Þetta eru þær ástæður, sem landssímastjóri færir fyrir nauðsyn þessarar símalínu, og má bæta því hér við, að fullvíst er, að þessi lína gefur miklu meira en vexti og viðhald í hreinar tekjur. Ég er sannfærður um, að beinn hagnaður landssímans af þessari línu, þar með talin þau gjöld, sem hann nú verður að gjalda vegna starfrækslu loftskeytastöðvarinnar, verður ekki minni en 5000 kr. á ári.

Þá er þörf héraðsbúa. Það er öllum kunnugt, sem nokkuð þekkja til hér á landi, að þarna er einna verst með samgöngur, strjálbýli mikið og vegir engir, nema reiðgötur, annars vegleysur og hin versta aðstaða.

Þrátt fyrir þessa aðstöðu héraðsbúa og þrátt fyrir eindregna till. landssímastjóra um, að þessi lína sé lögð, og þrátt fyrir það, þótt fullljós rök liggi fyrir um það, að landssíminn hefir mikinn fjárhagslegan hagnað af þessari línu, þá hefir meiri hl. fjvn. neitað að taka á fjárlög 1937 fjárveitingu til þessarar línu, — þrátt fyrir það, þótt allt þetta væri fyrir hendi. Loks þegar sýnt er, að ekki fæst tillag til allrar línunnar Sandeyri—Hesteyri, þá bera sjálfstæðismenn í n. fram varatill. um, að tillaginu verði skipt á tvö ár og línan Sandeyri—Staður í Grunnavík verði sett á fjárlög þau, sem hér liggja fyrir. Sósíalistar og framsóknarmenn fella einnig þessa till. Reyndar höfðu sjálfstæðismenn fengið skakkar upplýsingar um, hvað þessi hluti línunnar mundi kosta, og töldu, að hún mundi kosta um helming allrar hinnar fyrirhuguðu línu, en ég hefi nú fengið þær upplýsingar hjá landssímastjóra í gær, að þessi hluti símalínunnar muni kosta um 7000 krónur. Ég get ekki litið á þessa framkomu meiri hl. n. bæði gagnvart hagsmunum landssímans og brýnni þörf héraðsbúa öðruvísi en sem þá óvönduðustu, ósanngjörnustu og ósæmilegustu hlutdrægni í meðferð opinberra mála, og ég á bágt með að trúa því, að aðaltill. mín verði ekki samþ., en þó hefi ég sett fram varatill. á þskj. 547, um 7000 kr. fjárveitingu til línunnar Sandeyri—Staður í Grunnavík. Þetta mundi vera nokkur bót, því við það kemst annar hreppurinn í símasamband.

Auk þeirra óþæginda og þess taps, sem af því leiðir bæði fyrir héraðsbúa og landssímann, að þessi símalína er ekki lögð, þá er enn eitt atriði, sem gerir það óumflýjanlegt að leggja hana, og það eru læknisvitjanir héraðsbúa. Það hefir oft komið fyrir, að menn hafa farið heila dagleið til að vitja læknis til Hesteyrar, en þegar þangað var komið, fengu þeir að vita, að læknirinn hafði verið sóttur á næsta bæ við heimili þeirra, og hafa þeir þá ekki átt annars kost en að bíða, þangað til læknirinn kæmi heim aftur. Þarna hefði ekki þurft meira en klukkutíma til að ná í lækni, ef sími hefði verið, en í þess stað hefir farið til þess heill sólarhringur eða jafnvel meira. — Ég get ekki skilið afstöðu meiri hl. n. til þessa máls á annan hátt en þann, að hér sé um að ræða þá óvönduðustu og leiðinlegustu meðferð fjármála, sem beitt hefir verið hér á þingi.

Þá á ég tvær brtt. á þskj. 519; eru það till. XV. 1—2. Sú fyrri er um styrk til Hnífsdalsbryggju. Ætla ég ekki að fara um það mörgum orðum, hve nauðsynlegt það er héraðsbúum að fá þá bryggju, sem geti nægt fyrir útveg þeirra. Fjvn. hefir lagt til, að í þessu skyni væru veittar 5000 kr., en það er algerlega ónóg. Viðunandi viðgerð kostar ekki minna en um 30 þús. kr. Þess vegna er þetta fé ekki nothæft, en ef samþ. væri, að þetta skyldi vera fyrri greiðsla af 10 þús. kr., þá er hugsanlegt, að fé mætti fá til að framkvæma verkið, þótt fjárveitingin væri ekki fullkomnuð fyrr en 1938. — Sama er að segja um bryggjuna í Súðavík. Það er ekki til neins að veita til hennar 1000 kr., nema vissa sé um áframhald. Fyrir nokkrum árum voru gerðar áætlanir um bryggjukostnað á þessum stað, og í þeim áætlunum var gert ráð fyrir, að bryggjan mundi kosta 19—22 þús. kr. En með því að kaupa nú bryggju með mjög vægu verði, má komast af með 14—15 þús. kr., en 1000 kr. eru ekki til neins, nema vissa sé um áframhaldandi styrk til þessa mannvirkis. Ég hefi

þess vegna gert þá brtt., að þetta sé fyrsta greiðsla af 5000 kr.

Þá á ég brtt. á sama þskj. XXII, um hækkun á styrk til barnaskólahúsa utan kaupstaða. Þannig stendur á þessu, að í Snæfjallahreppi er ekkert skólahús, en ungmennafélagið þar ætlar nú á næsta ári að byggja samkomuhús, og hreppurinn hefir komizt að samkomulagi við félagið að hafa þarna sambyggingu, og kemst hreppurinn þannig léttar út af skólabyggingunni. Er hlutur hreppsins áætlaður 4000 kr., en skólahús sem sjálfstæð bygging mundi vart kosta undir 7—8 þús. kr. Nú er það svo, eins og fræðslumálastjóri hefir upplýst, að umsóknir um styrki til skólahúsbygginga eru miklu fleiri heldur en það, sem veitt hefir verið á fjárlögum undanfarin ár, og ýms skólahús eiga ógreidda styrki, þar sem skólahús hafa verið byggð. En vegna þess að svona sérstaklega stendur á, þá hefi ég borið fram þessa till., sem ég vænti, að verði samþ.

Í sambandi við það, sem ég gat um bryggjuna í Hnífsdal, þá vil ég geta þess, að ég hefi einnig leyft mér að flytja brtt. við 22. gr. frv., um það, að ríkissjóður taki ábyrgð á 20 þús. kr. til þessa mannvirkis. Það er búið að byggja fyrir 82 þús. kr., og hreppurinn hefir borgað af því 55 þús. kr., eða $^2/_3$ kostnaðar, en þess er ekki að vænta, að hreppurinn geti fengið lán til þess að standa undir $^2/_3$ af 30 þús. kr., nema því aðeins að ríkissjóðsábyrgð fylgi. Og ég tel eftir atvikum, að það sé ekki ósanngjarnt að fara fram á það, að ríkið ábyrgist 20 þús. kr., þegar hreppurinn jafnframt hefir lagt 75 þús. kr. í mannvirkið. Það verður talsvert minna heldur en $^1/_3$ af þeim kostnaði, sem hreppurinn sjálfur hefir lagt fram.

Eins og hv. þm. er vitanlegt, þá hefir brimbrjóturinn í Bolungavík skemmzt svo vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að viðgerðin hefir kostað 140 þús. kr. Af þessari upphæð hefir Alþingi lofað að veita sem styrk 70 þús. kr., eða helming kostnaðar. Hreppurinn er þegar búinn að leggja fram af sínum hluta 50 þús. kr. til þessarar viðgerðar, en á eftir að leggja fram 20 þús. kr. En það er lítil von til þess, að hreppurinn geti fengið lán til þess, nema því aðeins, að hann fái ábyrgð ríkissjóðs fyrir þessum 20 þús. kr., sem eftir eru, en það er, eins og ég gat um í hinu tilfellinu, minna heldur en $^1/_3$ kostnaðar hreppsins sjálfs við þetta mannvirki. Og ef þetta er borið saman við till. fjvn. um ábyrgð fyrir Hrófbergshrepp, þá er ólíku saman að jafna, því ábyrgðin til Hrófbergshrepps er $^1/_3$ af öllum kostnaði við mannvirkið, en hér er aðeins farið fram á $^1/_3$ kostnaðar, sem viðkomandi hérað á að bera.

Þá flyt ég ásamt hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. till. á þskj. 519, XLVII., um það, að ríkissjóður taki ábyrgð gagnvart S. Í. F. eða þeim banka, sem veitir því lán til þess að geta greitt út fisk til fiskeigenda, sjómanna og útgerðarmanna um leið og honum er afskipað, þegar svo stendur á, að selja verður fiskinn gegn „clearing“ eða vöruskiptum og bíða þarf mánuðum saman eða kannske heilt ár eftir greiðslu.

Ástæður fyrir því, að við berum fram þessa till. um að ríkissjóður taki ábyrgð á greiðslutálmunum og gengissveiflum í þeim löndum, sem fiskur er seldur til og ekki er hægt að fá greitt andvirði fiskjarins hjá, nema gegn „clearing“ eða vöruskiptum, eru þessar:

Eins og nú er komið er það nokkurnveginn fullvíst, að Spánverjar og Ítalir takmarka innflutning okkar á saltfiski frá því, sem þessi innflutningur var 1933, Spánverjar um ca. 25 þúsund smálestir og Ítalir um ca. 10 þúsund smálestir. Við verðum því að leita nýrra markaða fyrir saltfisk, sem í meðalaflaári nemur um 35 þús. smálestum, en það er fyrir meira en helming þess saltfiskjar, sem framleiddur er í landinu. Útflutningur á freðfiski og hertum fiski getur ekki nú í bili bætt verulega úr þessum vandræðum, en að því verður að stefna að tara inn á þessar brautir í verkun fiskjarins eftir því, sem markaðir fyrir þá vöru vinnast. Það er því aðkallandi nauðsyn að nota alla þá saltfiskmarkaði nú fyrst um sinn, sem á nokkurn hátt standa okkur opnir, jafnvel þó sumum þeirra fylgi miklir annmarkar eða jafnvel áhætta, svo sem greiðslutálmanir eða langir gjaldfrestir, „clearing“-fyrirkomulag og vöruskipti. Þeir markaðir fyrir saltfisk, sem við nú teljum nokkurnveginn víst um, að við höfum, og sem ennþá ekki setja neinskonar tálmanir á greiðslu fiskjarins, taka vart meira af saltfiski en sem svarar 20 þús. smálestum. Það er því fyrirsjáanlegt, að við verðum að nota einnig markaði þeirra landa, þar sem ýmiskonar tálmanir eru á greiðslum og jafnvel getur verið hætta á gengissveiflum frá söludegi til greiðsludags.

Í þessu sambandi má benda á, að útflytjendur fiskjar hafa ekki fengið greiðslu fyrir fisk, sem seldur var og afskipaður fyrir og um síðustu áramót, og þá auðvitað ekki heldur á fiski, sem síðan hefir verið afskipað til sömu landa. Bankarnir telja sér ekki fært að veita fiskeigendum eða S. Í. F. lán út á þessar sölur þar til greiðsla kemur þeim í hendur frá viðskiptalandinu, án þess ríkisábyrgð sé fyrir hendi, og því engin leið fyrir fiskeigendur annað en bíða eftir greiðslunni, því eins og markaðstakmörkunum er nú komið, er ekkert vit í að hafna sölum, þó þeim fylgi þessi illu kjör.

Af þessu leiðir, að þess er engin von, að þeir menn, sem hafa eigið fé, leggi það í fiskkaup. Afleiðingin verður því sú, að útgerðarmenn og sjómenn geta ekki selt aflann óverkaðan, en verða að bíða þess að selja hann á erlendum markaði, en afleiðing þess er þá fyrirsjáanlega sú, að þeir fá ekki greiðslu á sínum hluta aflans fyrr en eftir marga mánuði, og í mörgum tilfellum ekki fyrr en ári eða lengur frá því, að þeir öfluðu fiskjarins. Undanfarin ár hafa fiskeigendur til jafnaðar orðið að bíða 5—6 mánuði eftir greiðslu frá þeim tíma, að þeir höfðu fiskinn verkaðan í húsi, en með þeim nýju greiðslutálmunum, sem áður er getið, er það sýnilegt, að eftirleiðis verða þeir að bíða greiðslunnar miklum mun lengur. Þar sem nú vitað er, að útgerðarmenn og sjómenn (hlutamenn) geta ekki selt aflann óverkaðan, en verða að selja hann á erlenda markaði við nálega hvaða greiðslu-

kjörum, sem í boði eru, þá er það fyrirsjáanlegt, að útgerðarmenn og sjómenn geta með engu móti haldið uppi saltfiskframleiðslunni, nema ríkisvaldið taki á sig óþægindi greiðslutálmananna og þá áhættu af gengissveiflum, sem orsakast kunna af því, að fiskurinn fæst ekki greiddur við móttöku í kauplandinu, eða af því að hinir erlendu kaupendur geta ekki vegna ráðstafana, sem stjórnarvöld kauplandsins gera, tryggt fiskseljendum andvirði fiskjarins innan ákveðins tíma, og ekki heldur tryggt þá gegn gengissveiflum þar í landi.

Það er öllum vitanlegt, að þorskveiðarnar gefa útgerðarmönnum tap, í flestum tilfellum stórtap, á þessu ári, ennfremur að sjómenn (hlutamenn) hafa í langflestum tilfellum svo lélega atvinnu, að nálega ekkert er afgangs fæði og fatasliti sjálfra þeirra, og þeir, sem vinna fyrir kaupi, eru litlu betur staddir, því útgerðarmenn, sem tapa á útgerðinni og geta ekki selt aflann nema gegn greiðslum ári eftir, að hans er aflað, munu ekki geta greitt kaupið, þó um sé samið. Það liggur því í augum uppi, að þorskveiðaútgerðin stöðvast að svo miklu leyti, að það veldur ófyrirsjáanlegu atvinnutjóni, ekki einasta hjá útgerðarmönnum og sjómönnum, heldur og hjá þeim fjölmenna hóp vinnandi stétta, sem hafa atvinnu við verkun fiskjarins í landi.

Það er álit okkar flm. og einnig margra annara þm., að ekki verði hjá því komizt, að Alþingi geri ráðstafanir til hjálpar, og það, sem hér er farið fram á, er sú allra minnsta hjálp, sem við flm. teljum, að veita megi, svo von sé um, að þessi einna stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar biði ekki þann hnekki nú þegar, sem ófyrirséð er, hvaða afleiðingar hefir fyrir atvinnulíf þjóðarinnar.

Má vera, að einhver, sem lítt hefir athugað þetta mál, vilji efast um, að rétt sé, að ríkissjóður taki á sig ábyrgð á gengisfalli, sem verða kynni í einhverju af kauplöndum fiskjarins. Fyrst er því til að svara, að sem stendur eru ekki horfur á gengisfalli, og má með sama rétti segja, að til þess muni ekki koma eins og að til þess geti komið. Í öðru lagi þá er það öllum vitanlegt, að útflytjendur íslenzkra afurða hafa á undanförnum árum langt frá því fengið það verð fyrir þann gjaldeyri, sem vörur þeirra hafa fært inn í landið, sem þeir mundu hafa fengið, ef ríkisvaldið hefði ekki tekið gjaldeyrinn af þeim og skammtað þeim verð á honum.

Loks skal á það bent, að ríkisvaldið hefir ýms ráð til þess að forða ríkissjóði frá tapi af gjaldeyrisábyrgð þeirri, sem hér er farið fram á, þó svo færi, að gjaldeyrir einhvers þess lands, sem kaupir fisk gegn „clearing"-greiðslum, félli í verði á þeim tíma, sem liður frá söludegi til greiðsludags. Ég hefi áður bent á eina slíka leið, en ég veit, að hv. þm. er þetta ljóst, og því þarf ég ekki að fjölyrða um það að þessu sinni. Þó hér sé aðeins um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj. að ræða, þá er það eindreginn vilji flm., og að ég vona, allra þeirra, sem till. greiða atkv., að þessi ábyrgðarheimild verði þegar notuð, og ef till. verður samþ. hér í sameinuðu þingi, sem ég ekki efast um, þá treysti ég því, að ríkisstj. geri hana ekki að dauðum bókstaf. Þess vegna er það, að flm. hafa farið þessa einfaldari leið að sama marki, en ekki flutt till. til þál. Landsbankinn hefir látið í ljós, að hann muni lána S. Í. F. fé til þess, að hægt verði að greiða fiskeigendum þann fisk, sem seldur verður með „clearing"-fyrirkomulagi við afskipun, eins og fisk, sem seldur er gegn staðgreiðslu, ef þessi ábyrgð ríkissjóðs fæst, en að ella treysti hann sér ekki til að lána S. Í. F. fé út á þessar fisksölur.

Það eru alveg sérstaklega Vestfirðingar, Norðlendingar og Austfirðingar, sem framleiða fisk til þeirra landa, sem sett hafa greiðslutálmanir og ekki er hægt að selja til nema gegn „clearing".

Ég held, að það hafi svo ekki verið fleiri till., sem ég þurfti að mæla fyrir. Ég vona, að ég þurfi ekki að vera fjarverandi vegna lasleika, þegar hv. frsm. fjvn. gerir grein fyrir ástæðum n. til þess að fella niður símalínuna frá Sandeyri til Hesteyrar. Ég fæ ekki betur séð en að allt mæli með því, að þessi símalína sé látin sitja fyrir, bæði vegna stórfelldra hagsmuna landssímans og hinnar brýnu nauðsynjar héraðsbúa fram yfir alla aðra, sem koma til greina í till. n.

*__Eiríkur Einarsson:__ Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 519 og 547, og vil ég gera stutta grein fyrir þeim.

Það er þá í fyrsta lagi till. á þskj. 519,I, sem er endurvakning frá síðasta þingi, um það, að ætla 5500 kr. til nýrrar símalínu frá Ásum í Gnúpverjahreppi að Ásólfsstöðum. Ég gerði þá fulla grein fyrir þessari till. og þykir því leitt að þurfa að endurtaka orð mín öll, og mun heldur ekki gera það nema að litlu leyti. Ég gat þess þá, hvað þessi símalína væri nauðsynleg vegna gistihússins á Ásólfsstöðum og vegna fjallasveitarinnar, sem ekki er svo fábyggð. Það hefir dregizt ár frá ári að leggja þennan síma, og oft verið gefið vilyrði fyrir því, en nú er drátturinn orðinn svo langur og hagalegur, að ekki verður lengur við unað. Það vildi svo óheppilega til, að samskonar till. og þetta var felld á síðasta þingi með jöfnum atkv., 24:24, þar sem þar með var útilokað, að heimild fengist til þess að framkvæma þessa símalagningu á árinu 1936, þá vona ég því fremur, að það bregðist ekki, að til framkvæmda geti komið á árinu 1937. Því lengur má þetta ekki bíða. — Ég hjó eftir því í ræðu hv. frsm. fyrri kafla, þar sem hann gat um símalínur þær, sem ákveðið væri að leggja á árinu 1937 samkv. skrá fjvn., að Ásólfsstaðalínan var ein af þeim. Og ef þetta er jafngott og gilt og lögfesting minnar till., þá get ég tekið hana aftur. (JG: Ég álít, að svo sé). Þá tek ég þessa till. mína hér með aftur.

Næsta till. mín á sama þskj., undir lið XI, er um framlag til Gnúpverjahreppsvegar. Í fjárlfrv. er ætlað til þessa vegar 2 þús. kr. Þarna er svo háttað, að þessi vegur hefir ekki náð sem ljóðvegur nema fram í miðja sveitina. Á síðasta þingi bar ég fram brtt. um nokkra hækkun á framlagi til þessa vegar, en hún var felld á

sama hátt og sú brtt., sem ég gat um áðan, þ. e. a. s. með hér um bil jöfnum atkv. Og nú vil ég gefa hv. þm., sem í fyrra greiddu atkv. á móti svona sanngjörnu máli, tækifæri til þess að flikka upp á samvizkuna og hjálpa þessari sanngjörnu viðleitni minni í höfn.

Þá er næsta till. min á sama þskj. undir lið XVIII, um hækkað framlag til Snepilrásarinnar við Stokkseyri. Í frv., eins og það nú liggur fyrir, er framlagið ákveðið 3 þús. kr., en ég fer fram á, að það verði hækkað upp í 5500 kr. Samskonar till. og þetta var felld fyrir mér á síðasta þingi á sama hátt og hinar tvær, sem ég hefi nú getið um, og þótti mér það hart, því að þarna er um verulega þörf að ræða. — Ég verð að geta um það í þessu sambandi, að eins og málið nú liggur fyrir í fjárlfrv., þá er veitt nokkuð til bryggjugerða og lendingarbóta, og þar er þessari hjálp til Stokkseyrar tviskipt. Annarsvegar eru veittar 2 þús. kr. gegn ⅔ annarsstaðar að, og svo er sérstakur liður seinna gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að, 3 þús. kr., til breikkunar og dýpkunar á brimgarðinum við Stokkseyri. Þessa sundurliðun skil ég ekki. Maður sér það ekki á þessum fyrri lið, sem er 2 þús. kr., hvort hann er til þess að fullgera bryggjuna eða til lendingarbóta. Sé hann til þess að fullgera bryggjuna, þá heyrir það undir byggingarfélag á Stokkseyri, sem er fjárdeild út af fyrir sig og alveg óháð lendingarbótunum. En ef á að skipta þessu framlagi milli bryggjugerðarinnar og lendingarbótanna, þá er þar um að ræða tvo aðilja, sem ekkert koma hvor öðrum við, því að lendingarbæturnar og Snepilrásin eru í höndum fiskifélagsdeildar á Stokkseyri, sem er óháð bryggjugerðinni. Mér þætti því gaman að fá skýringu á þessari sundurliðun hjá hv. fjvn. Ef það er meiningin að verja 2 þús. kr. til bryggjunnar, þá þykir mér náttúrlega vænt um það, en þá er líka framlagið til lendingarbóta og Snepilrásarinnar allt of lágt ákveðið 3 þús. kr., og þess vegna ber ég fram þessa hækkun. — Ég tók eftir því í blaði núna nýlega, að bátur hefði verið mjög hætt kominn í Stokkseyrarsundi einmitt þar sem lendingarbætur á að gera, og hefði engu mátt muna, að honum ekki hvolfdi. Þetta hefir oft komið fyrir áður, stundum hafa menn bjargazt, en stundum hafa orðið slys. En til þess að forða slíkum slysum sem verða má í framtíðinni, þá getur Alþingi ekki gert annað betra en að veita þessa fjárupphæð til þessarar nauðsynlegu og aðkallandi aðgerðar, ekki hvað sízt fyrir það, að nú er bátum að fjölga þarna mikið frá ári til árs, og að Stokkseyri er nú ein af þeim fáu veiðistöðvum, þar sem veiði hefir ekki brugðizt.

Þá á ég hér enn ásamt hv. 1. þm. Skagf. brtt. á þessu sama þskj. undir lið XXVII, sem fer fram á það, að þeim Jóni Jónssyni frá Laug, Guðmundi Gíslasyni lækni og Trausta Einarssyni efnafræðingi verði veittar 1 þús. kr. hverjum í viðurkenningarskyni fyrir endurvakningu Geysis. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa till. Það verður ekki um það deilt, að þetta eru mennirnir, sem með elju sinni og hugviti hafa komið Geysi til að gjósa, og ég sé ekki betur en að þjóðin standi þeim í þakkarskuld fyrir það. Það er nú nýbúið að gera gagngerðar ráðstafanir hér á Alþingi til þess að laða ferðamenn hingað til landsins, og stofna til útgjalda og embætta til þess að standa fyrir þeim ferðamannastraum. En hvað skyldi það nú vera, sem erlendir ferðamenn kysu helzt að sjá hér á Íslandi? Ekkert frekar heldur en hinn heimsfræga Geysi í Haukadal. Og þegar þetta er tekið með í reikninginn, þá sé ég ekki betur en að þessir menn eigi viðurkenningu skilið fyrir að hafa velt steininum frá gröfinni og endurvakið Geysi, því að vitanlega hefir þetta kostað þá talsverða fyrirhöfn og fé.

Þá kem ég að lokum að síðustu brtt. minni, XI á þskj. 547, sem fer fram á 300 kr. styrk til Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti til örnefnasöfnunar og ritstarfa. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. kannist mikið við þennan mann. Hann er orðinn gamall maður, kominn á sjötugsaldur, og er fyrir nokkrum árum látinn af búskap. Hann hefir búið við fátækt og basl og komið upp stórum hóp barna, og er nú orðinn lítt vinnufær, en það eina, sem hann dugar nú til, er að framfylgja þessum áhuga sínum til örnefnasöfnunar og þjóðlegra ritstarfa. Hann er mjög fróður um örnefni, sérstaklega í afréttum Árnessýslu. Það er vitanlegt, að mörg af þessum örnefnum voru að týnast, en hann býr yfir miklum fróðleik í þessum efnum, sem hætta er á, að fari forgörðum, ef hann á ekki kost á að halda þessari starfsemi sinni áfram. Ég veit til þess, að menn, sem hafa verið hér af hálfu herforingjaráðsins danska, hafa leitað til Þorsteins Bjarnasonar í þessu efni, og hann hefir veitt þeim aðstoð. Hann hefir skrifað ritgerð um örnefni í árbók fornleifafélagsins, og þykir fróðleikur hans allsstaðar góður fengur, en hann hefir ekki ráð á að ferðast um á sumrum, og þess vegna fer ég nú fram á þetta lítilræði handa honum, og vænti ég þess, að hv. þm. taki því vel.

Þá langar mig til þess að minnast á brtt., sem er á þskj. 502, sú fimmtugasta í röðinni; hún er um styrk til Guðmundar Jónssonar í Nesi í Selvogi. Ég er kunnugur hvernig til hagar hjá honum, og virðist mér sú upphæð, sem hann hefir farið fram á, of lítil, enda þótt ekki sé farið fram á meira. —

Að síðustu vil ég svo minnast á till., sem fram kom á síðasta þingi frá mér og hv. þm. Rang. um það, að varið yrði einhverju af atvinnubótafénu til aðgerða á suðurlandsbrautinni; sú till. var ekki samþ. af þinginu, en hún fékk yfirlýsingu hæstv. ráðh. um, að þeir væru málinu hlynntir og myndu verja einhverju af atvinnubótafénu til þessara aðgerða, eftir því sem unnt væri, þegar þar að kæmi. Í þeim fjárl., sem nú liggja fyrir, er ákveðin upphæð til atvinnubóta í landinu, og vil ég í því sambandi vænta þess, að hæstv. stj. sjái sér fært að verja fé eftir því, sem við verður komið, til áframhaldandi aðgerða á þessari braut, sem á að verða til þess að tengja saman suðurlandsundirlendið og höfuðstaðinn.

*__Hannes Jónsson:__ Ég á þrjár brtt. við þessa umr. fjárl. Sú fyrsta er á þskj. 519 undir VIII,

um það, að til Vesturhópsvegar verði veittar 3000 kr. Það þarf ekki langa ræðu um þetta, því að ég lýsti því við 2. umr., hversu mikil þörf er á þessu. Þó vil ég rifja upp aðstæðurnar þarna með nokkrum orðum. Vegurinn frá *Vatnshorni* að Vesturhópsvatni er 12 km.; frá vegamótum hjá Vatnshorni og út að Hörgshól eru 8 km.; mikið af þessari leið er lagður vegur. Svo er 1½ km. langur melur, að meðtöldum mel, sem er að mestu leyti bílfær, en svo eru aftur frá þessum mel fyrir neðan Böðvarshóla 2½ km., sem verður að leggja veg vestan Reyðarlækjar og út að Hvolsbrún, sem byrjar við suðurenda Vesturhópsvatns. Nú er svo ástatt þarna, að ef vegurinn kemst út á þessa mela fyrir neðan Böðvarshóla, þá er hægt að fara á bíl með því að fara austur fyrir Reyðarlæk og út melana, sem eru þar að austanverðu, og yfir Reyðarlæk aftur. Með þessari litlu fjárveitingu er því hægt að koma þjóðveginum í samband við sýsluveginn, sem liggur frá suðurenda Vesturhópsvatns norður um Vesturhópið, og á svo að liggja alla leið norður á Vatnsnestá. Við þessa brtt. mína er brtt. á þskj. 547, V, um það, að við þetta bætist: lokagreiðsla. Ég get ekki skilið, hvað hv. 2. þm. Reykv. meinar með þessari till., því að eins og ég hefi tekið fram, þá er eftir að leggja af veginum 2½ km., þó að hann sé kominn út á þessa mela fyrir neðan Böðvarshóla. Sá spölur verður lagður, þegar fé er fyrir hendi, og ekki verður þessi vegarspotti tekinn út af þjóðvegatölu með þessari aths. við fjárveitinguna að þessu sinni, enda mundi það vera einsdæmi um nokkurn þjóðveg, ef samþykkja ætti annað eins og þetta. Vitanlega kemur slík samþykkt ekki til greina fyrr en búið er að leggja veginn alveg, og í raun og veru er aldrei um lokagreiðslur að ræða, því að á eftir kemur svo árlegt viðhald á vegunum. Mér er sem sagt ómögulegt að skilja, hver tilgangurinn er með flutningi þessarar brtt. Ef þetta á að vera fyndni út af þeim umræðum, sem orðið hafa vegna samskonar fjárveitingar til Vesturhópsvegar á síðasta þingi, þá er það léleg fyndni og þynnri en nokkur útblásinn líknarbelgur. Hún er eins og sápubóla, sem hv. þm. geta skemmt sér við, meðan litbrigði hégómlegrar málfærslu Tímaliðsins leika um hana. Annað og meira verkefni getur hún ekki haft, og því er þegar fullnægt með því að láta prenta till., og ætti hv. þm. að taka hana aftur, áður en til atkvgr. kemur.

Önnur brtt. mín er á þskj. 547 undir III, og er hún um 2000 kr. styrk til Skarphéðins Bjarnasonar vegna framfæris fávita. Ég hefi orðið var við, að fluttar hafa verið framsöguræður fyrir svipuðum brtt., og ég verð að segja, að mér finnst þetta mjög í anda þeirrar stefnu, sem nú er upp tekin, að Alþ. leggi fram nokkuð aukið fé til þess að framfæra þessa vesalinga, og ég hygg, að þessi leið, að veita lítilsháttar fjárstyrk til aðstandenda þessara aumingja, muni verða hagkvæm fyrir hið opinbera og valda minni útgjöldum. Í þessu tilfelli er um barn að ræða 12—14 ára gamalt, og aðstandendur þess eru bláfátæk móðir, sem er kominn á efri aldur, og verkamaður, sem hefir engar tekjur aðrar en þær, sem hann getur aflað sér með vinnu við slátrun á haustin og afgreiðslu skipa á sumrin. Þetta fólk hefir undanfarin ár auk þess reynt að hafa ofan af fyrir sér með því að fara til Siglufjarðar til síldarvinnu, en upp úr því hefir verið lítið að hafa síðustu ár, svo að þau eiga mjög í vök að verjast um það að komast af, ekki síst núna, þegar barn þetta hefir þroskazt og verður örðugra viðureignar.

Ég vænti þess, að þingið taki þessari brtt. minni vel, því að hún er réttmæt, og hún er líka í fyllsta samræmi við þá stefnu, sem þingið virðist vera að taka upp gagnvart þessum málum.

Þá kem ég að þriðju brtt. minni. Hún er á sama þskj., undir VI, um að auka framlag til brúargerða úr 90000 kr., sem n. leggur til, upp í 96000 kr. Ég ætlast til þess, að þessar 6000 kr. verði látnar ganga til þess að byggja brú á Hörgshólsá og Grímsá, sem eru á Vesturhópsveginum, því að það liggur í augum uppi, að þegar vegurinn er lagður, þá er nauðsynlegt, að þessar brýr komi jafnóðum, og það er vitanlega heppilegast að byggja þær báðar í einu, þó að komast mætti af með aðra í þetta skipti. Hér er um svo lítla fjárhæð að ræða, að ég hygg, að það ætti ekki að verða neitt örðugt fyrir hv. þm. að samþ. þetta. Skal ég svo að lokum benda á það, sem ég hefi gert áður, að Vestur-Húnavatnssýsla fær af 9000 kr., sem eru á fjárl. yfirstandandi árs, ekki nema 3000 kr. á þessum fjárl., sem hér liggja fyrir. Framlagið hefir verið lækkað um ⅔, eða 6000 kr., og þar að auki er framlagið til sýsluvega lækkað um 6000 kr. fyrir aðgerðir Alþingis viðkomandi sýsluvegasjóðsmálinu. Það er því ekki nema fyllsta sanngirni gagnvart þessu héraði, að Alþingi verði við kröfu minni.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég geymdi mér í gærkvöldi að mæla fyrir einni till. Ég bjóst við betri fundarsókn í dag. Ég vil leyfa mér að benda þeim hv. þm., sem hér eru viðstaddir, á brtt., sem ég ber fram á þskj. 519, undir XLVI, við 22. gr., til þess að greiða eftirstöðvar af brunaskaðabótum til tveggja þar greindra manna.

Eins og hv. þm. er sjálfsagt kunnugt um, brann nýbyggt íbúðarhús á Flögu í Skaftártungu, en á þessum bæ var landssímastöð. Fólkið bjargaðist með naumindum, en húsið brann og allt, sem í því var og kringum það var, og var tjónið eitt hið geysilegasta, sem nokkurntíma hefir átt sér stað í sveit hér á landi af völdum bruna. Þessu máli var vísað til hæstv. stj., sem svo vísaði því til Alþingis. Þingið samþ. að lokum að heimila ríkisstj. að greiða helming þeirrar upphæðar, sem tjónið yrði metið á, og var það metið á 18—20 þús. kr., og átti þá að greiða minnst 9 þús. kr., sem aldrei var gert, en fyrir eftirgangsmuni fengust 6 þús. kr. alls, og eru þá eftir 3 þús. kr. af upphæðinni, sem bóndinn í Flögu átti að fá. En svo var annar maður á bænum, sem hafði þar eigur sínar, sem brunnu allar. Það var Þorsteinn Jakobsson. Hann hefir ekkert fengið í skaðabætur, enda var tjón hans metið minna. Mín aðaltill. er, að þess-

ar 3000 kr. verði greiddar bóndanum, og svo 600 kr. til Þorst. Jakobssonar, en með því að ástand ríkissjóðs er mun verra nú en það var, þegar þetta mál kom fyrir, hefi ég komið fram með varatill., sem felur í sér aðeins helming aðaltill., 1500 kr. til Vigfúsar Gunnarssonar og 300 kr. til Þorsteins Jakobssonar.

Ég sé ekki þörf á að mæla meira með þessu. Ég mun láta hv. þm. í té þau gögn, sem fyrir n. liggja um þetta mál, ef nokkur vill á þau líta. Annars verður að skeika að sköpuðu um þessa till., eins og aðrar, en ég vona fastlega, að menn ljái þessu máli lið sitt.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla að minnast á nokkrar brtt., sem ég er 1. flm. að. Sú fyrsta er 34. brtt. á þskj. 519, um það að greiða 6000 kr. upp í ofviðristjón á húsum og vörum í Haganesvík haustið 1934, en til vara 4000 kr. Ástæðan til þess, að við þm. Skagf. flytjum þessa till., er sú, að á síðasta þingi voru veittar 60000 kr. til þess að greiða upp í ofviðristjón á Norðurlandi haustið 1934. Þessari upphæð hefir verið úthlutað, en á þann óskiljanlega hátt, að kaupfélagið í Haganesvík, sem varð fyrir stórkostlegu tjóni, hefir ekkert fengið af þessu fé. Þetta kaupfélag er fátækt, og hefir þetta tjón því orðið mjög tilfinnanlegt fyrir það. Það missti t. d. bryggju, sem það átti, og sjórinn gekk í gegnum vörugeymsluhúsið, svo að vörurnar skemmdust stórkostlega; tók sjórinn t. d. 60—70 kjöttunnur og fleygði þeim í vatn þar nærri, og eyðilögðust sumar alveg, en aðrar skemmdust mjög. Þetta tjón mun vera metið á 20—30 þús. kr. Ég býst ekki við, að ég þurfi að mæla frekar fyrir þessari till., því að það virðist stafa af óskiljanlegri vangá, að þetta félag hefir ekki komið til greina í þessu efni.

Þá vil ég drepa á 50. brtt. á sama þskj., um ábyrgð fyrir Sauðárkrókshrepp til hafnargerðar á Sauðárkróki. Það er lagt til, að upphæðin verði hækkuð úr 270 þús. kr. upp í 500 þús. kr. Þetta er þó ekki raunveruleg hækkun, því að í þessum 500 þús. kr. er falinn sá hluti, sem ríkissjóður á að leggja fram, þar sem nú er ákveðið, að þetta verði gert á 8 árum hér frá, 10 árum í allt, en 2 ár af þeim eru búin. Ástæðan til þess, að nauðsynlegt er að fá þessa hækkun, er sú, að í fyrra var gengið út frá því, að það yrði ákveðið útlent firma, sem léti framkvæma verkið, og þá ætlaði það að taka þessa 10 ára greiðslu ríkissjóðs gilda sem borgun, en nú lítur út fyrir, að ekki sé um annað að ræða en að vitamálastjóri sjálfur framkvæmi þetta verk, og ef nokkuð á af því að verða, þá er ekki hægt að komast hjá því að taka lán líka fyrir þeim hluta, sem ríkissjóður á að leggja fram á þessum 8 árum.

Ég skil þess vegna ekki í, að hæstv. ríkisstj. eða nokkur yfirleitt geti haft á móti þessari tillögu út af fyrir sig. En það er annað atriði í þessari brtt., og það er, að hér er stungið upp á, að það sé ekki gert að skilyrði, að lánið sé tekið hér innanlands, af því að það eru engin líkindi til, að unnt sé að fá hér innanlands svo hátt lán. Það eru heldur engin líkindi til þess, þó að hægt væri að fá lán hér innanlands, að unnt væri að fá yfirfært af því til erlendra efniskaupa. Þetta er sama „argumentið", sem ég var með hér á þinginu í fyrra, og þá fór það þannig, að till. um svipað efni var felld með jöfnum atkvæðum, en ég vona, að betur takist til nú, því að það ætti hver maður að geta séð, að það er betra, þegar mikil yfirfærsluvandræði eru að fá lán, sem má greiðast á 10—20 árum, heldur en þurfa að yfirfæra upp undir 300 þús. kr. á einu ári fyrir erlent efni, ef innanlandslán fengist, sem ég tel nokkurnveginn útilokað. — Þá held ég, að ég eigi ekki eftir að skýra annað en það, hvers vegna er horfið frá því að leita til erlendra firmna um að vinna þetta verk, þannig að það eða þau firmu, sem kynnu að taka verkið að sér, tækju gildar sem greiðslu þær 200000 kr., sem ríkissjóður ætlar að greiða á 8 árum.

Um þetta er þess að geta, að síðan í fyrra hefir efni, sem til mannvirkisins þarf, stigið mikið í verði, svo að ekki eru sem stendur líkur til, að hægt sé að koma mannvirkinu upp fyrir þær 620 þús. kr., sem hafnarlögin setja sem hámark. Sú till., sem lá hér fyrir í fyrra, byggðist nákvæmlega á þeirri upphæð. Bara verðmunurinn á járninu einu, er þarf til þessa hafnargarðs, er um 50 þús. kr., og þar af leiðir, að ef á að semja við einhver erlend firmu, þá er auðsætt, að það er ómögulegt með þeim hagnaði, sem þau hljóta að reikna sér, að vera innan við þessa fjárhæð. — Ég vona, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég álít, að hér sé um svo mikið nauðsynjamál að ræða fyrir Sauðárkrók, að það sé allt að því lífs- og dauðaatriði að fá þetta gert á næstunni. — Þá held ég, að það séu ekki fleiri brtt., sem ég er 1. flm. að.

Hv. 11. landsk. nefndi það, að ég flytti hér með honum eina till. Ég sé enga ástæðu til að mæla frekar fyrir henni en hann hefir gert. Það er óþarfi, og mér finnst eðlilegt, að þeir, sem urðu til að endurvekja Geysi, fái dálitla viðurkenningu fyrir það þarfa verk, og mér sýnist það vera svo lítið, sem hér er á ferðinni, að ekki muni meira um það en einn blóðmörskepp í sláturtíðinni.

Guðrún Lárusdóttir: Það eru aðeins örfáar brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram við fjárlfrv. Ég get verið stuttorð um þær, því að þær eru mjög svo augljósar, og hafa enda sumar legið hér fyrir þinginu áður. Fyrsta till. er við 17. gr. 5., um að við 5. lið bætist nýr liður: Til annara dagheimila og til að ráðstafa vangæfum börnum, eftir till. barnaverndarnefnda, gegn að minnsta kosti jafnháu framlagi annarsstaðar að. Það er nú svo, að það hefir hingað til verið fremur hljótt um þá starfsemi hér á voru landi. En ég sé, að nú hafa verið bornar fram till., sem ganga í svipaða átt og mín till., þar sem eru till. næst á undan þessari, og svo önnur frá fjvn. Mér hefði fundizt það vera „praktiskt", hefði verið hægt að sameina sig um þessar till. og bera fram eina heildarupphæð, og hækka hana þá dálítið, til þess að öll dagheimilin og þeir aðiljar, sem hér er átt við, geti allir notið góðs af. En nú er þetta borið

fram í þrennu lagi, og þykir mér líklegt, að eins og málinu er nú komið, mundi ekki verða nema einn, sem yrði þessa styrks aðnjótandi, og býst ég helzt við, að Hafnarfjarðar-dagheimilið mundi verða fyrir valinu. Ég verð að segja, að mér þætti það ófullnægjandi lausn á málinu. Í þeirri von, að hægt verði nú á fundinum að ná samkomulagi við fjvn. og hv. þm. V.-Ísf. um að sameinast um þessar till., þannig að enginn verði útundan, þá ætla ég ekki að sinni að mæla fleiri orð fyrir þessum till., en snúa mér að næstu brtt. minni. Það er mjög eðlilegt spor, sem ég stíg þar, frá ásku til elli, því að næsta brtt. mín, sem er við 17. gr. 33, fer fram á lítilsháttar fjárveitingu til elzta elliheimilisins, sem hér á landi starfar. Það er nú einu sinni þannig, að við, sem hér sitjum, eigum ef til vill eftir að glíma við gömlu elli og líklegast bera lægra hlut. Mér þykir það því ekkert óeðlilegt, þó við beinum hugum okkar að þessari till. og gerum upp við okkur, hvort við sjáum okkur ekki fært að greiða henni atkv. Grund hefir um 13 ára bil hýst fjölda gamalla manna. Þar hefir verið tekið á móti gömlu örvasa fólki, sem ekki hefir átt í annað skjól að venda. Ég þyrði vel að bjóða öllum hv. þm. að koma og sjá, hvenær sem er, fráganginn og meðferðina á þessu gamla fólki. Ég þori að segja það, að það þolir vel samanburð við beztu gamalmennahæli í þeim löndum, sem slík starfsemi hefir verið rekin í öldum saman, Og ég verð að segja það, að ég skil ekki, hvernig á því getur staðið, að Alþingi eða fjvn. hefir ekki séð sér fært að leggja til, að þetta heimili fái lítilsháttar styrk til starfsemi sinnar. Það er vitað, að þetta gamalmennahæli naut styrks þingsins áður fyrr, en það var svipt honum fyrir 2 árum. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, að það er ekki síður erfitt fyrir stofnanir að komast af en einstaklinga nú á þessum krepputímum, og elliheimilið Grund hefir ekki farið varhluta af fjárhagsörðugleikum. Ég held, að enginn hv. þm. þurfi að hafa samvizku af því, þó að hann rétti slíkri stofnun hjálparhönd. — Það hafa verið sett inn í fjárl. 2 önnur elliheimili, og skal ég sízt hafa á móti fjárveitingu til þeirra, en ég vil ekki láta ganga á snið við það þriðja, sem er þeirra elzt og stærst, og hefir þar af leiðandi unnið þjóðinni mest gagn. Ég hygg, að það sé óþarfi að lýsa starfsemi þessarar stofnunar; til þess er hún of kunn. Það er öllum velkomið að koma þangað og sjá það, sem þeir vilja, og þangað hafa líka margir lagt leið sína, bæði útlendir menn og innlendir, og ég held, að allir séu samdóma um, að það fari vel um fólkið og því líði vel.

Ég ætla þá að víkja frá þessu og tala um annað málefni, sem er mér einnig hjartfólgið. Ég á hér brtt. við 22. gr., um 10 þús. kr. framlag til stofnunar drykkjumannahælis. Ég bar fram till. við 2. umr. um að leggja fram 20 þús. kr. til þess að undirbúa stofnun slíks hælis. Ég hefi bæði heyrt og séð átakanleg dæmi um þessa þörf, og ég veit, að það er líklega fátt í þessu þjóðfélagi, sem raunverulega er meira aðkallandi heldur en að eiga gott skjól og hæli fyrir drykkjumenn. Ég hafði gert mér von um, að þessari till. yrði tekið vel hér á þingi, enda þótt fjárhæðin væri svona há. Það kom mér því öldungis á óvart, þegar ég sá þá menn, sem ég bezt treysti og veit, að eru sannir bindindismenn og hafa árum saman talið sig það, greiða atkv. á móti þessari till. Ég ætla ekki að fara að vekja neinar deilur, en ég get ekki stillt mig um að segja: Hvar er bindindisáhugi þessara manna, ef hann kemur ekki í ljós, þegar um slíkt mál er að ræða? Ég ætla nú að reyna að bera till. fram í þessu formi, og til þess að skýra, af hverju ég geri það, ætla ég að segja hv. þm. dálitla smásögu, sem er sönn. Ef til vill hafa einhverjir heyrt hana, en sannleikurinn þolist oftar en einusinni. Það var listamaður, sem ætlaði sér að verða frægur, og til þess hugsaði hann sér að mála mynd, sem átti að gera nafn hans ódauðlegt meðal mannanna. Myndin átti að vera mannsmynd, sem táknaði allt hið fegursta og fullkomnasta í manninum. Hann einsetti sér að mála Kristsmynd. Lengi leitaði hann að nógu fallegu andliti, og loks fann hann þetta andlit. Það var æskumaður í blóma lífsins, saklaus og hreinn. Þennan mann fékk hann til þess að sitja fyrir, og allir, sem sáu mynd hans, dáðust að henni. En málarinn hugsaði sem svo, að til þess að mynd unga mannsins nyti sín til fulls, yrði hann að mála aðra mynd, sem átti að tákna allt það ljótasta og andstyggilegasta, sem til er. Hann varð nú aftur að fara og leita og leita; loks fann hann í djúpum fangaklefa fjötraðan mann í synd og spillingu, og hann fekk leyfi til að mála hann. Þegar hann var að mála hann, varð hann ekki lítið forviða, er hann varð þess vísari, að þetta var einmitt sami maðurinn, sem hann hafði málað áður, þegar hann málaði Kristsmyndina. Þegar málarinn spurði fangann, hvað hefði valdið breytingunni, svaraði hann engu öðru en því, að það hefðu verið áfengir drykkir, sem hefðu komið þessu til leiðar. — Til þess að koma í veg fyrir, að slíkar myndir verði til í hinu íslenzka þjóðfélagi, ber ég fram till. mína um stofnun drykkjumannahælis. Ég hefi hugsað mér þetta drykkjumannahæli þannig, að það verði fyrst og fremst lækningastofnun fyrir þá menn, sem falla í hendur ræningjans Bakkusar. Það vakir fyrir mér, að ríkið kaupi til þess á sínum tíma jörð á hentugum stað til þess að byggja þar hús, sem notað yrði til hælis og lækningar fyrir þá menn, sem þjást undir oki áfengisins. Ég leyfi mér að stinga upp á því, að nokkur hluti þess fjár, sem gert er ráð fyrir í till. minni að verði veitt í þessu efni, mætti nota til þess að senda mann til útlanda til þess að kynna sér rekstur drykkjumannahæla þar. Ég held, að það fyrsta og bezta, sem við getum gert hér til þess að hrinda þessu máli af stað, sé að senda áhugasaman bindindismann, sem veit, hvað gera ber í þessu efni, og láta hann kynna sér, hvað gert er í nágrannalöndunum. Þegar hann svo væri kominn heim, mundi hann leggja á ráðin um, hvað við ættum að taka til bragðs. Ég ætla ekki að vantreysta neinum af þeim hv. þm., sem hér eiga sæti. Ég vona, að þeir séu svo viðsýnir að sjá, hvar sem þeir standa í póli-

tík, að áfengisbölið er alþjóðarböl, sem við verðum að verja okkur fyrir.

Ég á þá aðeins eftir að minnast á smábrtt., sem ég á á þskj. 547, um fjárveitingu til landsfundar kvenna. Það hafa verið haldnir hér landsfundir kvenna tvisvar sinnum, og er í ráði að halda landsfund að ári. Til þessara fundarhalda þarf talsvert fé. Það getur enginn mælt því gegn, að konur, ekki síður en karlar, hafa þörf á því að lyfta sér upp, koma saman og ræða áhugamál sín. Konur úr ýmsum félagsskap viðsvegar að af landinu koma saman á einn stað og ræða þau áhugamálin, sem þær bera fyrir brjósti. Mér virðist þetta vera þörf starfsemi og ég hygg, að hv. þm. sjái ekki ástæðu til að sporna við þessari smáu fjárveitingu, eða 1500 kr., í þessu skyni.

Ég get svo látið máli mínu lokið að svo komnu, en vildi mikillega mælast til við fjvn. og flm. brtt., sem er á undan minni, um barnaverndarstyrk, hvort við gætum ekki talað um þetta og komið því saman í eina till. dálítið myndarlega.

Forseti (JBald): Það er gert ráð fyrir, að málið verði tekið af dagskrá nú og að fundi verði slitið. Þó getur svo farið, að málið verði aftur tekið á dagskrá í kvöld, og verður þá fundur boðaður með dagskrá. Vil ég benda hv. þm. á, að stutt er eftir af þingtíma, en eftir að ljúka mörgum málum, sem þarf að ræða, og væri því gott, ef hægt væri að ljúka umr. um þetta mál í kvöld, eða þó að það gengi eitthvað fram á nóttina. Jafnframt vildi ég biðja hv. frsm. fjvn. að vera viðbúna að tala um till. einstakra þm.

Næsti fundur verður svo boðaður með dagskrá, e. t. v. í kvöld.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 7. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 385, 502, n. 515, 519, 528, 544, 547, 548, 549, 550, 555, 557, 558, 560, 574, 576).

***Sigurður Kristjánsson:** Það ætti að vera auðvelt að hafa áhrif á þessa fáu menn, sem eru viðstaddir. Því að það vill svo til, að ég hefi flutt hér það eitt, sem er ákaflega vinsælt, svo að ég þarf ekki margt að segja. Ég mun þá minnast á brtt. mínar í réttri röð eftir greinum.

Í fyrsta lagi er brtt. á þskj. 519,IV, um styrk að upphæð 1200 kr. til Kristjáns læknis Grímssonar, sem stundar framhaldsnám í læknisfræði erlendis. Þessi maður hefir fyrir fimm árum lokið kandídatsprófi héðan frá háskólanum, og hefir bráðum stundað sitt framhaldsnám í fjögur ár. Hann hefir ekki enn fengið neinn styrk héðan að heiman. Eins og kunnugt er, deilast þær styrkveitingar, sem um er að ræða frá stofnunum, á svo marga; og það vill þá oft verða svo, að duglegustu mennirnir eru látnir sitja á hakanum, þeir sem líklegastir eru til að bjargast á eigin spýtur með einhverjum ráðum. Þessi maður hefir sýnt mikinn dugnað við nám sitt. En það er kunnugt, að þeir menn, sem eru búnir að berjast við nám sitt í mörg ár, eru búnir að ganga nærri lánstrausti sínu og oft einnig kröftum. Nú er þetta lokaár hans í sérfræðináminu. Þess vegna tel ég mjög vel fallið, að þingið meti þennan dugnað hans og þrautseigju að einhverju, en veiti þennan styrk ekki aðeins í viðurkenningarskyni við hann einan fyrir það að hafa trúlega barizt áfram allan þennan tíma, heldur líka til þess að undirstrika það, að það skuli verða einskonar regla, að menn, sem eru langt komnir við nám, séu frekar látnir njóta styrks til þess að ljúka námi heldur en að fleygja styrkupphæðum til manna á byrjunarstigi, sem svo engin trygging er fyrir, að geti haldið áfram, né hafi til þess stöðuglyndi.

Ég hefi sett í till. til vara eitt þúsund. Það má kannske kalla þessa lækkun smámunalega. En ég geri þetta vegna þess, að þm. hafa oft sýnt, þegar um styrkveitingar er að ræða, að nokkru ræður um afstöðu þeirra, að hóflega sé farið í sakir um styrkbeiðni. — Mér er óhætt að segja, að þó að fjvn. hafi ekki tekið upp þessa till., þá eru ýmsir nm. henni vinveittir.

Aðra brtt. á ég við sömu gr. Það stendur svo á, að í þremur hreppum í Norður-Ísafjarðarsýslu er veittur styrkur til læknisvitjana. Það eru Inndjúpsmenn, sem eiga mjög erfiða læknissókn. Nú hefir farið svo, að sá hreppur, sem hæstan styrkinn átti að fá, hefir minnstu þurft að kosta til læknisvitjana. Ég hefi farið fram á þá breyt., að styrkurinn verði sameiginlegur til þessara hreppa allra og skiptist í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum. Fjvn. álítur rétt að breyta þessu á þann hátt, að styrkur verði afmarkaður sérstaklega til hvers hrepps. En ég legg til, að styrkurinn verði veittur sem sameiginleg upphæð og skipt eftir á. Kostnaður þessi getur verið mjög breytilegur eftir árferði. Það geta komið fyrir ár, þegar sumir þessara hreppa komast tiltölulega vel út af læknisvitjunum af þeim ástæðum t. d., að ferðir Djúpbátsins og læknisvitjanir geta farið saman að miklu leyti, en næsta ár getur þetta stórkostlega breytzt. Misjafnlega mikið kveður líka eðlilega að farsóttum og sjúkdómum í einstökum hreppnum frá ári til árs. Ég hefi talað um þetta við fjvn., sem er meðmælt breyt. í þessu efni, ég held allir nm. Vænti ég því, að hv. þdm. hafi ekki neitt út á þetta að setja.

Þá á ég brtt. við 16. gr. og skal um hana ekki vera margorður. Þó verð ég að rifja upp, að snemma á þessu þingi barst iðnaðarnefnd erindi frá Landssambandi iðnaðarmanna, þar sem farið er fram á, að n. komi á framfæri umsókn til þingsins, og tilmæli um að mæla með henni við fjvn. Umsóknin er um 20 þús. kr. til sambandsins til þess að hafa opinbera skrifstofu í þarfir iðnaðarmálanna. Nú er kunnugt, að iðnaður fer vaxandi hér á landi, bæði í Rvík og öðrum bæjum. Virðist ekki vanþörf að fjölga þeim atvinnugreinum, sem standa undir þörfum fólksins. Með hraðvaxandi notkun rafmagnsins, sem nú á sér stað og verður þó meiri innan skamms, er sjálfsagt að gefa þessum atvinnugreinum mikinn gaum. Í erindi sínu segir landssambandið á þá leið, að það hafi sama hlut-

verk að vinna fyrir iðnaðinn sem Búnaðarfélag Íslands fyrir landbúnaðinn og Fiskifélag Íslands fyrir fiskiveiðarnar, þ. e. að efla iðnaðinn á hvern hátt, sem verða má og þjóðinni er til hagsbóta. Þetta er hverju orði sannara. Við vitum það, að Búnaðarfélag Íslands nýtur mikils styrks til þess að efla þekkingu á landbúnaðinum með upplýsingastarfsemi og mörgu fleira. Á sama hátt nýtur Fiskifélag Íslands styrks til að vinna þetta hlutverk fyrir fiskiveiðarnar. Það er enginn vafi, að fyrir Iðnsambandinu liggur að vinna hliðstætt hlutverk fyrir iðnaðinn. Þessar 20 þús. eru náttúrlega ákaflega lítil upphæð í samanburði við þann styrk, sem fiskifél. og búnaðarfélagið fá. En þess er að gæta, að þetta er aðeins byrjun. En félagið getur ekki gert ráðstafanir til starfrækslu fyrr en það veit nokkurn veginn, hve mikið fé það fær milli handa. Ég þykist mega treysta því, að ef hv. þdm. athuga þetta mál frá sjónarmiði alþjóðar manna hér á landi, þá muni þeir komast að þeirri niðurstöðu, að það sé alveg nauðsynlegt, að þetta samband hafi úr einhverju fé að spila til að leiðbeina og efla þekkingu viðvíkjandi iðnrekstrinum, og að hér sé ekki farið fram á neitt stórkostlegt að tiltölu við það verkefni, sem liggur fyrir.

Það er náttúrlega þýðingarlaust að vera að mæla með þessu fyrir tómu húsi. En ég verð að treysta því, að hv. þm. kynni sér þetta mál, hver á sínum hönd, áður en þeir fella um það úrskurð með atkv. sínu.

Þá er ég meðflm. að till. á þskj. 519, um ábyrgð á seldum fiski í þeim löndum, þar sem greiðslutregða er. Aðalflm. er hv. þm. N.-Ísf., og mun hann færa rök fyrir till. aðallega. Skal ég láta mér nægja að geta hennar aðeins, og að ég tel hina mestu nauðsyn á því, að þeirri málaleitan verði sinnt.

Og loks er ég meðflm. að tillögu á sama þskj., sem er um skuldaskil fyrir vélbátaeigendur, og flytjum við hv. þm. Vestm. hana. Er farið fram á, að í 22. gr. fjárl. verði tekin upp heimild fyrir stj. að efla skuldaskilasjóð vélbátaeigenda með nýju framlagi úr ríkissjóði, allt að 200 þús. kr., og fái þá eigendur línuveiðagufuskipa aðgang að lánum úr sjóðnum á sama hátt og vélbátaeigendur.

Þessu máli víkur þannig við, að þegar stofnaður var skuldaskilasjóður fyrir vélbátaeigendur, þótti meiri hl. þings ekki við eiga að opna slíka hjálp fyrir stærri skip heldur en þessa venjulegu vélbáta, sem ekki munu vera stærri en upp í 60 rúmlestir. Nú hefir það farið svo, að um lán úr þessum sjóði hafa ekki sótt mjög margir. Og ef farið væri eftir þeim reglum, sem í l. eru fyrirskipaðar um lánin, þ. e. að lána í hæsta lagi 20% á móti bráttóeign lánþega, þá mundi verða afgangs af sjóðnum talsvert mikil upphæð, miðað við þá bátaeigendur, sem í upphafi á hinum auglýsta tíma sóttu um lán. En nú hefir farið svo, að fjöldi útgerðarmanna, sem ekki sótti um lán á tilsettum tíma, hefir orðið fyrir geysimiklum töpum, sérstaklega á síðustu vertíð. Og ef opnað verður fyrir umsóknir í sjóðinn nú fyrir einhver skip, þá virðist alveg sjálfsagt, að hann verði fyrst og fremst opnaður á ný fyrir þeim skipaeigendum, sem það er hægt að l. Og það er áreiðanlega víst, að svo mjög hefir gengið niður á við fyrir vélbátaeigendum, að það mundu sjálfsagt koma fram nýjar umsóknir og miklu meiri en sjóðurinn gæti annað með því fé, sem hann nú hefir yfir að ráða.

Því hefir verið hreyft, að þessi afgangur, sem talið var, að yrði, gæti gengið til þess að hjálpa línuskipaeigendum. En það er í alla staði óeðlilegt, að það sé hleypt öðrum skipum að þessum lánum heldur en þeim, sem í upphafi áttu að njóta lánanna, en hin séu útilokuð. Við flm. teljum þetta ófært, og ef veita á línuveiðaskipum einhverja svipaða hjálp og vélbátaeigendum, þá verði að koma til nýtt fé. Og því höfum við borið fram þessa till.

Um þörf eigenda línuveiðaskipa fyrir þessi lán þarf ekki að fjölyrða. En að við berum fram þessa till. stafar af því, að þeir hafa snúið sér til þm. og ríkisstj. og beðið um hjálp í tilefni *af því, að þeir þykjast sjá fram á*, að þeir muni ekki komast til síldveiða í sumar, nema því aðeins, að þeim verði hjálpað á þennan hátt. Nú er það kunnugt, að skip af þessari tegund eru til einskis eins vel fallin eins og síldveiða. Reynslan af þeim á síðari árum við þorskveiðar er hin hörmulegasta. Það á náttúrlega ekki eingöngu við um línuveiðara, en þó mun hvergi hafa verr gengið. Og þó er óhætt að segja, að á þessum skipum séu sérstaklega valdir dugnaðar- og aflamenn. En reynslan af þessum skipum við síldveiðar er þar á móti sérlega góð; til þeirra veiða virðast skipin hentug. Þau eiga hægt með að fara með þessi fyrirferðarmiklu og þunglamalegu veiðarfæri, og báta geta þau haft í gálgum. Þau rúma mikið af síld, og geta þess vegna mjög vel veitt síld jöfnum höndum í bræðslu og söltun.

Þegar nú búið er að halda þessum skipum á hinar óhagstæðari veiðar í vetur og vor, þá er það ákaflega hörmulegt, ef þau útilokast að meira eða minna leyti frá að stunda þær veiðar, sem þau eru miklu betur fallin til. Það eru a. m. k. sterkar líkur til, að hægt sé að reka þau án rekstrarhalla, eða jafnvel með sæmilega góðum árangri. Og ef þessi hjálp gæti orðið til þess, að þessi skip gætu komizt flest á veiðar, þá er það náttúrlega ákaflega mikið hagsmunamál fyrir landið í heild. Það mundi skapa mjög mikla atvinnu og einnig auka verulega útflutningsvörur, sem talið er, að séu vissar á markaði. Ég vænti þess vegna, að hv. þm. taki þessari till. vinsamlega og veiti stj. þá heimild, sem fram á er farið.

***Jón Pálmason:** Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi veitt því athygli, að ég á nokkrar brtt. við fjárlfrv. á þskj. 519, *og jafnvel þó að frekar fátt sé hér við af hv. þm.*, þá vil ég fara um þær nokkrum orðum.

Er þar fyrst að nefna IX. till., þar sem farið er fram á, að veitt sé til Skagastrandarvegar í mínu kjördæmi 5000 kr., en til vara 3500. Þessi vegur er mikið gallaður eða ólagður á löngum köflum, og er mjög brýn þörf að fá gert við hann þar, sem mest hætta er á, að hann sé ekki

bílfær. Ég hefi veitt því eftirtekt í sambandi við þetta frv., eins og það var eftir 2. umr., að þá var ætlað til nýrra þjóðvegalagninga á landinu samtals um 500 þús. kr., og samkvæmt till. fjvn. við þessa umr. er nú bætt við 31000 kr. rúmlega, svo að það er komið nokkuð á 6. hundrað þús. kr., sem er ætlað til þjóðvega á landinu. En það eru aðeins 6000 kr., sem ætlað er af þessu mikla fé í mitt kjördæmi, og ég verð að segja, að eins og sakir standa, þá sé það engan veginn eðlileg skipting á þessu fé, enda er sannleikurinn sá, að ef litið er á þetta frá því sjónarmiði, sem mjög er athugað, og þeir þykjast athuga, sem mest hafa yfir þessum málum að segja, sem sé eftir þeirri þörf, sem fólkið hefir á hverjum stað, þá er þannig ástatt í þessu efni, að alltaf eru að berast til mín fleiri og fleiri kröfur frá mönnum, sem vantar atvinnu og reyna að komast í einhverja opinbera vinnu, annaðhvort í næstu héruðum eða öðrum landsfjórðungum, en nú er ekki hægt að sinna þessum till. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þessa brtt.

Næsta brtt. mín er sú XIV. á sama þskj. og fjallar um það að veita 7000 kr. til þess að fullgera bátabryggju á Blönduósi. Þessi bryggja bilaði mikið í fyrra, eins og hv. þm. mun vera kunnugt, og fékk talsverða aðgerð sl. sumar, en nú vantar um 20 þús. kr. til að ljúka þeirri viðgerð, en eins og kunnugt er, þá hefir það verið regla, að ríkið hefir lagt fram $^1/_3$ kostnaðar við bryggjugerðir og lendingarbætur. Hér er um brýna þörf að ræða, þó að hv. fjvn. af einhverjum ástæðum hafi ekki séð sér fært að mæla með, að þessi upphæð yrði tekin á fjárl.

Þá er 3. brtt., sem ég hefi leyft mér að flytja á sama þskj. XIX. Þar er farið fram á, að veittur sé úr ríkissjóði styrkur til að gera við Þingeyrakirkju, og er farið fram á 6000 kr., en til vara 4000 kr. Þetta mál er í raun og veru sérstakt í sinni röð að því leyti, að hér er um hús að ræða, sem er með elztu og merkustu húsum á landinu. Húsameistari ríkisins hefir látið þau orð falla við mig, að hann teldi í raun og veru skömm, að ekki skuli vera búið að framkvæma aðgerð á þessu merkilega húsi, því að hann lýsir því yfir, að af eldri húsum landsins sé það eitt þeirra fegurstu. Nú er hér um fámennan og fátækan söfnuð að ræða, og er honum því algerlega ofvaxið að framkvæma þessa dýru viðgerð án þess að fá opinbera hjálp.

Ég skal taka það fram, að allar þessar till. mínar um aukin fjárframlög hvíla í raun og veru á sama grundvelli, þeim grundvelli, að meðan farið er fram á að veita jafnmiklu og gert er með núverandi fjárl. til hinna og þessara nauðsynlegra framkvæmda á okkar landi á öllum sviðum, verður að gera kröfu til þess, að þeim upphæðum sé jafnað niður á þann veg, að ekki gæti hlutdrægni í þeirri úthlutun. Hefði verið gengin sú leið að skera fjárveitingar stórkostlega niður frá því, sem verið hefir, og láta það ganga jafnt yfir öll héruð, hefði ég ekki látið mér til hugar koma að bera fram þessar till., þrátt fyrir þá brýnu þörf, sem þarna er. En meðan fjárgreiðslum er háttað á þann hátt, sem nú er samkvæmt gildandi fjárl. og samkvæmt þessu fjárlfrv. og till. fjvn., þá finnst mér sanngjarnt, að það sé látið ganga jafnt yfir alla, hvar á landinu sem er.

Þá skal ég að endingu víkja nokkrum orðum að þeirri till., sem er mín síðasta till. og ég flyt ásamt hv. þm. Ak., XL. Hún stefnir mjög í aðra átt en aðrar till. mínar, því að hún er lækkunartill. Fer hún fram á að fella niður skáldalaun til Halldórs Laxness. Till. er byggð á því, að ég staðhæfi, að ekki sé annar liður á fjárl., sem a. m. k. í sveitum okkar lands er litinn verri augum en einmitt sá liður, sem hér er um að ræða. Og því fremur tel ég mér skylt að flytja þessa till., sem í mínu kjördæmi var haldinn þingmálafundur nokkru áður en ég fór hér til þings, þar sem samþ. var af öllum flokkum, sem þarna voru staddir, að skora á Alþingi að fella niður af fjárl. þessa upphæð. Ég skal nú fara um þessa till. nokkrum orðum, þó að ekki sé ástæða til að gera það mjög ýtarlega.

Þegar Alþingi verðlaunar einhverja menn, hvort sem það er fyrir skáldskap eða aðrar listir eða eitthvað annað, sem talið er sérstaklega til umbóta í okkar þjóðfélagi eða til heiðurs fyrir okkar land, verður að gera kröfu til þess, að þessi störf, sem verið er að verðlauna, miði virkilega til menningar og fullkomnunar í okkar þjóðlífi, og að því er skáldin snertir, þá er þetta sú krafa, sem að eðlilegum hætti á til þeirra að gera. Út í það skal ég ekki mjög nákvæmlega fara, en vil þó benda á tvennt, sem gera verður kröfu til, þegar um skáldskap er að ræða. Annað er formið, hversu fullkomið vald höfundurinn hefir á málinu, en hitt er efnið, sem annaðhvort þarf að vera til uppbyggingar eða þá að fela í sér hugsjónir, sem séu til fyrirmyndar fyrir almenning eða þá, sem á eftir koma.

Ég skal taka það fram, að að því er snertir þann höfund, sem hér er um að ræða, þá tel ég, að hann fullnægi þeirri kröfu, sem ég nefndi fyrr, þ. e. a. s. að hann hafi vald yfir málinu og því, að lýsa þeim hlutum, sem hann tekur til meðferðar, og mig grunar, að það sé einmitt það, sem hefir villt mönnum sýn, svo að þeir hafa talið sanngjarnt og eðlilegt og réttlátt að verðlauna þennan mann svo stórkostlega sem gert hefir verið. En hér kemur annað út, þegar maður fer út í efni þeirra rita, sem eftir þennan mann liggja. Ég get sagt það fyrir hönd íslenzkra bænda, að þeim finnst dálítið óeðlilegt og furðulegt, að Alþingi skuli sérstaklega verðlauna það, að þessi maður hefir undanfarin ár lýst íslenzkum bændum og íslenzkum sveitamönnum sem heimskum, menntunarsnauðum, skítugum og lúsugum o. s. frv., og það er ekki mjög miklu betri lýsing, sem kaupstaðarbúar fá hjá þessum höfundi.

Þegar nú þessar lýsingar og þessi skáldverk flytjast til annara landa, þá er það næsta furðulegt, að Alþingi skuli láta sér sæma að verðlauna þá höfunda, sem bera þjóðinni þann orðstír, sem þessi höfundur gerir. Ég get hugsað mér, að ef þau rit, sem hér er um að ræða, hefðu verið skrifuð af einhverjum dönskum kaupmanni eða einhverjum framandi manni, sem

ferðazt hefði um okkar land, þá hefði það vakið almenna andúð og almennan viðbjóð hjá þeim, sem unna heiðri íslenzku þjóðarinnar. En því undarlegra er það, að þegar slíkar lýsingar koma frá innlendum manni, þá skuli þing þjóðarinnar verða til þess að verðlauna það með hæsta skáldastyrk, sem veittur hefir verið hér á landi, og setja þann aðilja, sem hér á hlut að máli, jafnframarlega sem stórskáld okkar, svo sem Einar Benediktsson og Einar H. Kvaran. Þetta er atriði, sem ég tel mér skylt að láta ekki lengur viðgangast, en vitanlega býst ég við, að það fari svo við atkvgr., eins og oft hefir farið áður, að meiri hl. sjái sér ekki fært að víkja í þessu efni af þeim vegi, sem hann hefir áður gengið. Ég tek þetta ekki sérstaklega til af því, að þetta sé einstakt dæmi að því er snertir fjárveitingar til einstakra manna, heldur af því að ég tel þetta versta dæmið, sem til er í okkar fjárl., og við hv. þm. Ak. höfum borið þessa till. fram sem nokkurskonar prufu á það, hvort hv. þm. þyki vert að gera nokkra breyt. þarna á. Sannleikurinn er sá, að mér fyrir mitt leyti ofbýður að sjá þing eftir þing alltaf hrúgað inn á fjárl. meira og meira af hinum og þessum persónulegum styrkjum til manna, sem virðast ekki hafa unnið til þeirra hluta, eins og líkur mættu til benda eftir þeim fjárhæðum, sem til þeirra er veitt.

Ég skal ekki að sinni fara um þetta fleiri orðum. Því miður eru hér ekki nema tiltölulega fáir hv. alþm. viðstaddir, en ef svo kynni að fara, sem ég geri ráð fyrir, að einhverjir verði til að taka upp vörn fyrir þennan styrk, sem hér er um að ræða, þá fæ ég sjálfsagt tækifæri til að taka þær varnir til athugunar síðar við þessa umr.

Ég ætla ekki nú að fara út í almennar umr. um þetta fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, jafnvel þó að til þess væri rík ástæða, eins og nú er ástatt í landinu, þegar hæstv. stj. er nú að fara fram á heimild til að taka nýtt ríkislán ofan á allt, sem fyrir er, svo að hægt sé að fleyta því áfram og fjármálaspilaborgin geti staðið nokkrum mánuðum lengur. En úr því ekki er neitt gert til þess að stefna í aðra átt en gert hefir verið, þá geri ég kröfu til þess, að mitt kjördæmi njóti jafnréttis við aðra landshluta.

*__Pétur Magnússon:__ Ég á 3 brtt. á þskj. 547, sem ég vil leyfa mér að gera grein fyrir með fáum orðum.

1. brtt. mín er við 14. gr., XXVI, nýr liður, að til íþróttaskólans á Sauðhúsvelli undir Eyjafjöllum verði veittur 1000 kr. byggingarstyrkur. Þessu er þannig farið, að undir Eyjafjöllum hefir starfað ungmennafélag, sem heitir Trausti, nú í 13 ár. 1927 kom það sér upp húsi á Sauðhúsvelli undir Eyjafjöllum, 10×11 áln. að stærð, og síðan 1930 hefir það starfrækt og kostað 3 íþróttanámskeið, og á hverju ári hefir verið kennd þar glíma, sund og leikfimi. En það hefir komið í ljós, sem við var að búast, að þetta hús er ófullnægjandi fyrir þá starfsemi, sem félagið hugsar sér að reka þarna, og vill það því ráðast í að bæta nokkuð við þetta hús, sem er þarna. En þetta eru, eins og gefur að skilja, efnalitlir menn, og þeir treysta sér naumast til að reisa þessa viðbótarbyggingu, nema þeir geti fengið styrk einhversstaðar að. Ef þeir geta komið húsinu upp, ætla þeir sér að reka þar áfram íþróttaskóla, og auk þess er í ráði að hafa þar vefnaðarnámskeið og ef til vill kennslu í fleiri iðngreinum. Innan félagsins hefir verið mjög mikill áhugi fyrir þessu, og er óhætt að fullyrða, að þessi starfsemi hefir borið talsverðan árangur, og hann mjög heppilegan. Ég hefi fyrir framan mig ummæli sambandsstjóra ungamennafélaganna, sem mælir mjög eindregið með því, að félaginu verði veittur einhver styrkur til þessarar starfsemi. Hann segir svo í erindi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Allmörg ár hefir ungmennafélagið Trausti undir Eyjafjöllum haldið uppi mjög merkilegri kennslustarfsemi í íþróttum. Hefir félagið árlega haft námskeið, venjulega þrjú, í almennum íþróttum og sundi við mikla þátttöku og mjög góðan árangur, eftir því, sem séð verður. Er félagið eitt þeirra ungmennafélaga landsins, sem allra mest gera að íþróttafræðslu fyrir æskulýðinn. Enda hefir félag þetta á að skipa áhugasömum dugnaðarmönnum og hefir innan sinna vébanda góða kennslukrafta í íþróttum og fleira.

Ég er ekki í vafa um, að það mundi hafa stórmikla þýðingu fyrir hina fjölmennu Eyjafjallasveit, ef félaginu gæti tekizt að bæta aðstöðu sína til kennslu með því að koma upp heimavistarhúsnæði við samkomu- og íþróttahús sitt."

Þetta eru ummæli sambandsstjóra ungmennafélaganna. Þegar tekið er tillit til þess, að fátækt félag hefir alveg fyrir eiginn reikning kostað þarna íþróttanámskeið í allmörg ár, og mörg á ári, þá virðist eftir því, sem ríkissjóður hefir hagað sér gagnvart öðrum félagsskap, þar sem líkt hefir staðið á, ekki ósanngjarnt, að félaginu yrði veittur þessi litli styrkur, sem farið er fram á í brtt. Ég geri ráð fyrir, að treysta megi því, að ef þessi styrkur yrði veittur, mundi þessi viðbótarbygging komast upp, því að það á að koma henni upp að mestu leyti með frjálsum framlögum. Nú eru í félaginu 65 ungir menn og konur, og allar líkur benda til þess, að því fé, sem til þessa gengi, væri vel varið.

Þá hefi ég einnig leyft mér að bera fram brtt. við 16. gr. 4., um að fjárveitingin til sandgræðslu verði hækkuð úr 27000 kr. upp í 33000, og þessum 6000 kr. verði varið til sandgræðslu á Hólabæjum í Vestur-Landeyjum. Svo stendur þarna á, að þegar Þverárfarvegirnir gömlu þornuðu upp eftir fyrirhleðsluna þar eystra, hófst talsvert sandfok, sem hefir farið vaxandi ár frá ári. Sérstaklega fór það síðasta vetur að verða ákaflega áberandi í þeim norðanstormum, sem blésu þá lengst af. Má heita fyrirsjáanlegt, að ef ekkert verður að gert, þá vofi þarna bráð hætta yfir allmörgum blómlegum býlum, sérstaklega 4 jörðum, hinum svonefndu Hólabæjum, sem eru blómlegar jarðir, en þarna hagar svo til, að það land, sem sandurinn fýkur á nú og er í mestri hættu, eru tún og engjar. Má þess vegna

búast við, að ekki líði á löngu, þangað til svo gæti farið, að þessar jarðir legðust í eyði. Undanfarin ár hefir verið stefnt að því að koma upp nýjum býlum, og það hefir einmitt verið rætt um að skipta einni af þessum jörðum í tvennt og stofna nýbýli, og það er í ráði ennþá, ef landspell verða ekki þarna því meiri. Og þá býst ég við, að ekki þyki skynsamlegt að láta afskiptalaust, að þessi blómlegu býli fari í auðn vegna sandfoks. Víða á landinu er verið að reyna að græða upp örfoka svæði, sem orðin eru gróðurlaus, en það sýnist ekki síður vera ástæða til að varna því, að blómlegar byggðir fari í auðn vegna sandfoks, en að græða upp land, sem orðið er lítils virði. Það mundi sjáanlega ekki líða langur tími þangað til hefjast yrði handa með sandgræðslu á þessu svæði, en það er augljóst, að því lengur sem það er látið dragast, því kostnaðarsamara verður það. Ég hefi oftar en einu sinni átt tal um þetta við sandgræðslustjórann, Gunnlaug Kristmundsson, sem leggur mjög eindregið til að hefjast nú þegar handa til að hefta sandfok á þessum stað og fá nú fé veitt til þess á fjárl. Ég ætla, að hann hafi átt tal um það við hv. fjvn., og mun hv. frsm. hennar kannast við, að sandgræðslustjóri er þessu eindregið meðmæltur. Ég skal geta þess, að sandgræðslustjóri segir, að það sé kannske ekki útilokað, að hægt væri að hefjast handa, ef veittar væru 5000 kr., en taldi þó, að það væri ekki fullnægjandi, og ekki mundi duga minna en 6000 kr. frá ríkinu til þess, að hægt væri að gera það, sem nauðsynlegt er, þegar í stað.

Ég vil mælast til þess, að hv. þm., sem heyra að vísu ekki orð mín, vildu athuga þetta mál alvarlega, og vil ég í lengstu lög vona, að fjvn. leggist ekki á móti þessari till., þó að hún hafi ekki treyst sér til að bera till. þess efnis fram. Ég held, að það sé mjög líleg hagsýni að draga þetta á langinn. Ég held, að það sé miklu skynsamlegra að leggja þetta fé fram strax en að láta það bíða og neyðast svo til að verja síðar miklu meira fé í þessu skyni. Því að að því kemur, ef ekkert verður gert nú, að það verður að verja meira fé til að varna því, að þessar 4 glæsilegu jarðir fari í auðn.

Þriðja brtt., sem ég hefi flutt, er við 18. gr. og er þess efnis, að við eftirlaun Björgvins Vigfússonar sýslumanns verði bætt 1500 kr., en til vara 1000 kr. Björgvin sýslumaður er sem kunnugt er orðinn gamall embættismaður, svo gamall, að hann er einn þeirra manna, sem láta verða af embætti vegna laganna um hámarksaldur embættismanna, enda þótt bæði líkams- og sálarkraftar hans séu enn í bezta lagi, svo að hann gæti þeirra hluta vegna gegnt embætti sínu um nokkurt skeið ennþá. Eftirlaun Björgvins, sem honum ber að lögum, eru 2300 kr. — Þegar rætt var á þinginu 1935 um lögin um hámarksaldur embættismanna, féllu orð hjá hæstv. forsrh. á þá leið, að ekki myndi verða komizt hjá því, að ríkið styrkti eitthvað suma þá embættismenn, sem vegna þessara laga yrðu að láta af embætti, að minnsta kosti þangað til lífeyrissjóður embættismanna gæti séð fyrir þeim að fullu. Vegna þessara ummæla hæstv. ráðh. vænti ég, að hann líti með velvilja á þessa till. mína, því að það er nú svo með Björgvin sýslumann, að hann er fátækur maður, og 2300 kr. myndu því ekki duga honum til framfærslu, og það jafnvel þó að hann settist að fyrir austan.

Eins og kunnugt er, þá hefir raunin orðið sú, að margir þeirra embættismanna, sem hafa orðið að láta af embætti sökum aldurshámarkslaganna, hafa fengið að halda fullum launum, en hér er ekki farið fram á það, heldur aðeins að eftirlaun þessa embættismanns verði hækkuð um 1000—1500 kr., og er sú krafa byggð á því, að Björgvin treystir sér ekki til að lifa á minna en 300 kr. á mánuði. Það skal fjarri mér að fara að gefa mannlýsingu á Björgvin sýslumanni, en þess má þó geta, að hann hefir alla tíð unnað héraði sínu, og munu allir, sem til þekkja, á einu máli um það, að hann hafi unnið því mikið gagn. Það væri því kaldranalegur viðskilnaður við slíkan embættismann, ef honum væri eftir sinn langa og trúa þjónustutíma í þágu hins opinbera kastað út á gaddinn með svo lítinn lífeyri, að hann gæti ekki lifað af honum. En til þess vona ég að ekki þurfi að koma, því að ég vænti þess, að hv. þm. líti á þessa till. mína með velvilja, eins og ég vona, að einnig verði gert hvað aðrar brtt. mínar snertir, því að ég þykist ekki hafa sýnt þá frekju í fjárbeiðnum hér á Alþingi, að ég geti ekki vænzt góðra undirtekta undir þessar till. mínar.

*Pétur Ottesen: Ég vil aðeins með fáum orðum fylgja úr hlaði brtt. þeim, sem ég hefi flutt við fjárlögin að þessu sinni, og er þá fyrst að minnast brtt. við 14. gr., þar sem ég fer fram á lítilfjörlegan styrk til iðnaðarmannafélagsins á Akranesi til skólahalds þar. Eins og sjá má á fjárlfrv., þá er þar tekinn upp styrkur til iðnaðarfélaga í öllum kaupstöðum landsins til þess að halda uppi skóla fyrir iðnaðarmenn. En nú er það svo með Akraneskauptún, að það slagar hátt upp í suma kaupstaðina með fólksfjölda, og þar mun jafnvel vera fleira fólk en í tveimur kaupstöðunum a. m. k. Með lögum, sem sett voru á síðasta þingi, var hert mjög á kröfum um aukna þekkingu iðnaðarmanna, til þess að gera þá hlutgengari í starfi sínu, en nú liggur það mjög í hendi iðnaðarmannafélaganna að sjá um möguleikana fyrir þessari auknu þekkingu, og því er það, að sú venja hefir verið upp tekin að styrkja þau til skólahalds.

Nú er það svo, að iðnaðarmannafélagið á Akranesi hefir haldið uppi skóla undanfarin ár fyrir iðnnema þar og verður nú að færa starfsemi sína út í samræmi við kröfur síðasta Alþingis um aukna menntun iðnaðarmanna. Ég fæ því ekki annað séð en að öll sanngirni mæli með því, að iðnaðarmannafélagið á Akranesi fái þennan styrk, þar sem líka að á Akranesi eru fleiri íbúar en í sumum kaupstöðunum, sem þegar hafa fengið þennan styrk.

Þá á ég enn brtt. við 14. gr. þess efnis, að fjárveitingin til stofnkostnaðar héraðsskóla verði hækkuð úr 15 þús. kr. upp í 21 þús. og að

hækkunin gangi til Reykholtsskóla. Ástæðan fyrir því, að ég ber till. þessa fram, er sú, að aðsóknin að Reykholtsskóla hefir verið svo mikil undanfarið, að teknir hafa verið 20—30 fleiri nemendur en rúm hefir verið fyrir í skólahúsinu. Fyrir þetta fólk hefir verið fengið leigt í húsi, sem prestinum er ætlað til íbúðar, en nú mun ekki vera hægt að fá þetta húsrúm áfram. Er því ekki annað fyrir hendi en að auka húsrúm skólans eða takmarka aðsóknina að honum um 20—30 manns. Hér er því farin sú leið að leita til Alþingis um helming kostnaðar þess að fá húsrúm yfir þetta fólk, en kostnaðurinn mun allur vera áætlaður 12 þús., og er þessi krafa byggð á lögunum um héraðsskóla, að ríkissjóður greiði ½ stofnkostnaðar þeirra. Þó að fé þetta fengist ekki greitt fyrr en á næsta ári, myndu verða einhver ráð með að bæta úr húsnæðisvandræðunum fyrir næsta skólaár, svo fremi sem það verður tekið upp í fjárlögin nú.

Þá á ég smábrtt. við 16. gr., um að veittar verði 2 þús. kr. til ræktunarvegar á Akranesi. — Eins og kunnugt er, þá hefir að undanförnu verið veitt nokkurt fé til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, og nú liggur fyrir fjárveiting til ræktunarvegar í Flatey. Auk þessa hefir verið veitt fé úr ríkissjóði til hliðstæðra vega, eins og veganna á áveitusvæðinu í Flóanum. Hér er því ekki um neitt nýmæli að ræða. Síðan Akraneskauptún keypti af ríkissjóði prestssetursjörðina Garða, hefir mikið verið unnið þar að ræktun og undirbúningi að ræktun. Landið hefir verið ræst fram og nokkuð lagt af vegum, en ennþá vantar mikið af vegum um þetta land, svo að hægt sé að leigja það út. En sú regla hefir verið höfð, að hreppsfélagið hefir lagt vegina og gert hina stærri skurði, og leigt landið svo út á erfðafestu. Alls er hreppsfélagið búið að leggja í þessa vegi um 8 þús. króna; það er því ekki nema lítill deill af öllum vegagerðarkostnaðinum á þessu svæði, sem hér er farið fram á að fá greiddan úr ríkissjóði. Vænti ég því, að hv. Alþingi sjái, að þessi litla fjárveiting, sem hér er farið fram á að fá, sé í fullu samræmi við þann stuðning, sem Alþingi hefir áður veitt til ræktunarvega og til veganna á áveitusvæðinu, og líti því með velvilja og skilningi á þessa till. mína.

Í raun og veru á ég svo ekki fleiri brtt. við fjárlfrv. að þessu sinni, en ég vil víkja nokkrum orðum að brtt., sem hv. 2. þm. Árn. o. fl. flytja við 17. gr., þar sem farið er fram á, að styrkurinn til Stórstúku Íslands verði hækkaður um 6 þús. kr., úr 15 þús. upp í 21 þús., og að af þessari hækkun renni 3500 kr. til sambands bindindisfélaga í skólum landsins. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hvílík nauðsyn það er, að vel sé unnið að bindindismálunum eftir hið mikla drykkjuskaparböl, sem lagzt hefir á þjóðina eftir að bannlögin voru afnumin. Það vita allir, hversu mjög að drykkjuskaparóreglan spillir heimilisfriði manna og liggur sem mara á þjóðfélaginu. Þar sem því að bindindisstarfsemin er sá eini félagsskapur í landinu, sem hefir það á stefnuskrá sinni að vinna á móti þessu mikla þjóðarböli, þá verður þess að vænta, að Alþingi sjái sóma sinn í því að veita þessari starfsemi allan þann styrk, sem verða má. Mun ég svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, því að ég geri ráð fyrir, að hv. fyrsti flm. geri fulla grein fyrir till.

Þá vildi ég minna á brtt. við 22. gr. frá hv. 5. landsk., þar sem farið er fram á, að verja megi allt að 10 þús. kr. til að undirbúa stofnun drykkjumannahælis. Það er náið samband á milli þessarar till. og till. þeirrar, sem ég var að minnast á. Þörfin fyrir því, að hafizt sé handa um það að koma upp hæli fyrir þá aumingja menn, sem orðið hafa drykkjuskapnum að bráð, er mikil. Og það er þung skylda, sem hvílir á því þjóðfélagi, sem notar vínin sér til framdráttar og byggir aðaltekjuvonir sínar á því, að mikið sé af þeim drukkið, að sjá jafnframt fyrir þeim fórnarlömbum, sem falla í valinn. Ég vil því mæla með því, að Alþingi taki í þessu efni sem öðru afleiðingunum af sínum fyrri gerðum og sjái fyrir þeim borgurum, sem hin sterku vín hafa lagt að velli.

Þá vil ég minnast á eina brtt. frá meiri hl. fjvn., en hún er klausa sú, sem setja á inn við styrkinn til Búnaðarfélags Íslands, þar sem félagið á að afsala sér öllum afskiptum af því, hvaða starfsmenn það hefir í þjónustu sinni, í hendur landbúnaðarráðh. Þetta er í fullu áframhaldi af þeirri löggjöf, sem nú er verið að keyra í gegnum þingið. Með þessu á verkið að vera fullkomnað, það þjóðþrifaverk að gera búnaðarfélagið að undirlægju undir pólitíska stjórn. Það mun nú að vísu svo, að hv. meiri hl. fjvn., sem flutt hefir brtt. þessa, hefir nú séð sig um hönd og tekið hana aftur, en þetta sýnir eigi að síður, hver stefna stjórnarflokkanna er í þessum málum hér á Alþingi, að þeir vilja gera þennan félagsskap alveg óstarfhæfan. Það er sú stefna, sem hv. 2. þm. N.-M. hefir verið að berjast fyrir og hæla sér yfir, að láta alla starfsemi Búnaðarfél. Ísl. fara fram í skrifstofuholu í sambandi við stjórnarráðið og láta stjórna því af pólitískri klíku, og bola frá stjórn þess frjálslyndum bændum, sem líklegir eru til að stjórna því landi og lýð til hagsældar.

*__Jakob Möller:__ Ég á hér tvær brtt., aðra á þskj. 576,1, um 1200 kr. til Eggerts Guðmundssonar málara. Ég mæltist til þess, að fjvn. tæki styrkbeiðni þessa til greina, en með tilvísun til breytingar á lögum um menningarsjóð vildi hún ekki taka þetta upp, enda þótt á fjárlögunum séu styrkir, sem svipað er ástatt um og þennan. Þá vildi ég í annan stað vekja athygli á því, að maður þessi hefir aldrei fundið náð fyrir augum menntamálaráðs. Ég hygg ekki, að það verði heldur á næstunni, og ég ber yfirleitt ekkert traust til menntamálaráðs í þessu efni. Ég er viss um, að þar ræður hlutdrægni að því, er snertir einstaka listamenn, og sumir þeirra eiga við þau örlög að stríða, að það er sýnilegt, að þeir finna aldrei skilning eða vilja hjá menntamálaráði til þess að styrkja þá til starfa sinna. Ég veit, að hv. þm. er þetta eins vel kunnugt eins og mér, að fenginni reynslu. En hinsvegar hefir það komið í ljós, að meiri hl. hins háa Alþingis hefir stundum gert þann á-

greining við þessa forsjón listamanna að veita einstökum listamönnum styrk á fjárlögum, þótt menntamálaráðið hafi synjað þeim um styrk, og þar sem síðasta þing brást svo vel við að veita þessum manni styrk, þá vænti ég, að það verði nú á sama hátt við þessari beiðni.

Hin brtt. mín er á þskj. 547,XIV, og er um það að veita Guðmundi Árnasyni titilsháttar styrk til þakhellugerðar. Ég veit, að hv. þm. er það ljóst, að mikil nauðsyn er að koma á slíkri framleiðslu í landinu, því það mundi hafa áhrif á innflutninginn og draga úr þörf fyrir erlendum gjaldeyri, og það er nú talið mjög nauðsynlegt, eins og ástandið er í landinu. Það hafa verið hér sýnishorn af þakhellum, sem þessi maður segist geta framleitt, og eftir þeim dómum, sem um þau hafa fallið frá þeim mönnum, sem skyn bera á, sýnist, að þessar þakhellur geti orðið að góðum notum. Ég geri tvær till. í þessu skyni. Aðaltill. 1000 kr., og til vara 600 kr., og vona ég, að hv. þm. geti fallizt á lægri upphæðina, ef þeir geta ekki fallizt á þá hærri. — Annars er ekki hægt að sjá það í verki, að hið háa Alþingi kinoki sér mjög við auknum útgjöldum. Eftir því sem nú horfir við um afgreiðslu fjárlaganna, er það ekki vafamál, að útgjöldin verða hærri en áður, og höfum við sjálfstæðismenn áður vakið athygli á því og lýst því yfir, að sú afgreiðsla á fjárlögum sé óforsvaranleg, eins og ástandið er nú í landinu, og þótt við höfum tekið þátt í störfum fjvn., þrátt fyrir það þótt meiri hl. hennar hafi ekki viljað fallast á skoðanir okkar, þá vil ég taka það skýrt fram, að við teljum ekki, að við berum neina ábyrgð á afgreiðslu þessara fjárlaga.

Það hefir hér í vetrðarlok verið borið fram frv. um að ábyrgjast tveggja millj. kr. lán fyrir landsbankann, og sýnir það í raun og veru, hvílíkt vandræðaástand nú er. Og þetta ástand er öllum viðkomandi, og það er meira heldur en nokkurntíma það, sem þessi ábyrgðarheimild bendir til. Ég hygg, að það sé öllum ljóst, að litlar líkur eru til, að þetta geti bjargað afkomu þjóðarbúsins á næsta ári, og það er sýnilegt, að afgreiðsla fjárlaganna verður til þess að auka erfiðleika, sem þó er verið að reyna að bæta úr með ýmiskonar skattulækningum. Ef þingið vildi í raun og veru koma í veg fyrir aðsteðjandi öngþveiti í rekstri þjóðarbúsins, þá hefði að sjálfsögðu átt að haga afgreiðslu fjárlaganna eftir því. Það er augljóst, að því hærri sem útgjöldin eru á fjárlögum, því meiri verður þörfin fyrir erlendan gjaldeyri og því erfiðara með öll viðskipti út á við og þá samninga, sem þjóðin þarf að standa við. Það er hinsvegar augljóst, að hv. meiri hl. lítur öðruvísi á þetta. Hann telur hyggilegt að bjarga ástandinu með því að ausa út sem mestu fé og seilast sem dýpst í vasa landsmanna. Þótt það sé að framkvæma eignarnám og stuðli að því, að atvinna landsmanna verði rekin með halla, þá lítur ríkisstjórnin svo á, að það sé bezt, að hún hafi sem mest fé handa á milli og geti varið sem mestu til óþarfa. Slík fjármálastjórn hlýtur að hefna sín fyrr eða síðar, og er á ábyrgð þeirra flokka, sem halda þessari stefnu, þrátt fyrir öll þau teikn og stórmerki, sem þeir hljóta að sjá í þessu efni.

*__Magnús Torfason:__ Áður en ég kemst að efninu, vil ég biðja hv. þingstóla að leggja vel eyrun að máli mínu. — Ég á hér eina till. þess efnis, að til ófriðunar sels í Ölfusá sé veitt allt að 1000 krónum. Ég skal geta þess, að á nýafstöðnum sýslufundi í Árnessýslu var veittur jafnmikill styrkur til ófriðunar sels í Ölfusá á þessu ári, en þetta tekur fleiri ár en eitt, og þess vegna kemur þetta svo út, að þetta tillag verður aðeins $^1/_3$, enda stendur í till.: „gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.“ — Ég skal geta þess, að það er talsvert af sel í ánni, og þar eru látur; sem laxveiðaeigendur verða að borga bætur fyrir á sínum tíma með árgjöldum.

Eftir því, sem mér er sagt af kunnugum mönnum, sem unnið hafa að eyðingu sels í Hvítá í Borgarfirði, þá kostar það talsvert fé og enn meiri fyrirhöfn. Ég býst við, að hv. þm. viti það, að bæði Ölfusá og Hvítá eru miklar laxveiðiár, en hitt mun þeim ekki jafnkunnugt, að upp til fjalla eru mjög fagrar ár til laxveiða á stöng, og af sumum er sagt, að Stóra-Laxá í Árnessýslu muni vera bezta stangarveiðiáin hér á landi, og þar með í þessari álfu. Umsóknir frá útlendingum um að fá leigðar veiðiár eru alltaf að verða fleiri og fleiri, og hafa aldrei verið jafnmargar eins og í þetta sinn, og hugsunin með þessari till. er sú, að gera þessar fallegu ár að eftirsóttum laxveiðiám, og ekki aðeins þar með að hjálpa þeim bændum, sem þar búa, heldur líka að ýta undir það, að ferðamannastraumurinn fari vaxandi.

Ég ætla svo ekki að þreyta með lengri ræðu um þessa litlu till., en vænti, að hv. þm. taki henni vel.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Á þskj. 547 hefi ég leyft mér að koma fram með þrjár brtt. Í fyrstu till. er farið fram á, að veittur sé 300 króna styrkur til Jóns Einarssonar í Rauðhúsum vegna fávita, sem hann sér um. Þessi fáviti er rúmlega þritugur, ófær til allrar vinnu og þess vegna algerlega ómagi. Í stað þess að setja þennan fávita á hæli, sem yrði þess valdandi, að það opinbera yrði að sjá fyrir honum, þá hefir Jón Einarsson af fátækt sinni séð fyrir honum til þessa dags. Á Alþingi í fyrra var samþ. samskonar styrkveiting, og vona ég, að hv. þm. verði ekki mótfallnir, að sami styrkur sé veittur nú.

Þá er brtt. við 14. gr. B,XXIV, nýr liður, að veita 10 mönnum ferðastyrk á alheimsskákmót í München. Er aðaltill. um 800 kr., en varatill. um 500 kr. Skáksambandið hefir áður orðið góðs aðnjótandi hjá ríkinu og fengið fasta upphæð, 1600 kr., og er nú á fjárlögum, en þá fjárhæð hefir skáksambandið aðallega notað til að efla skáklistina innanlands á þann hátt að styrkja menn til að sækja skákmót hér í Reykjavík og til þess að gefa út blað, og skáksambandið er þess vegna ekki aflögubært. Í sumar verður haldið skákmót í München, og munu um eða yfir 30 þjóðir taka þátt í því. Hefir hverri þjóð verið boðið að senda þangað 10 menn, 8 menn til að

tefla og 2 varamenn, og verða 8 frá hverju landi, sem tefla í hverri umferð. — Íslendingar hafa tvisvar áður tekið þátt í alþjóðaskákmóti, en þá þannig að frá hverju landi kepptu aðeins fjórir menn; þótt það þyki ef til vill undarlegt, þá var reynslan sú, að á þessum skákmótum vöktu Íslendingar sérstaka eftirtekt, ekki fyrir það, hve ofarlega þeir urðu, heldur fyrir það, hve mikla skákkunnáttu þeir sýndu, og skákir, sem þeir tefldu á þessum mótum, hafa verið birtar í blöðum og tímaritum, sem lesin eru um allan heim. Eins og hv. þm. ef til vill muna, kom á síðasta ári út bók, sem gefin var út eftir skákmótið í Folkestone á Englandi. Þar voru teknar upp beztu skákirnar, sem tefldar höfðu verið á mótinu og annarhvor teflandinn hafði unnið, og í þessari bók voru 11 skákir, sem tefldar voru af heimsmeistaranum Aljechin, en eftir okkar meistara, eða þann, sem ég hiklaust tel meistara okkar í því að tefla góðar skákir, Eggert Gilfer, voru þar 10 skákir. Ég er sannfærður um það, að þessi bók hefir áreiðanlega vakið úti um allan heim athygli á landi voru og þjóð, og ef á annað borð nokkuð er gefið fyrir auglýsingar, þá er slíkt ómetanlega mikils virði. Ég hygg, að sú eina list, sem við Íslendingar getum tekið þátt í og mætt jafnfætis við aðrar þjóðir, sé skáklistin. Ég hugsa ekki, að það sé nein íþrótt, sem við keppum í og getum nálgazt aðrar þjóðir, nema þessi eina. Nú er það svo, eins og ég tók fram, að héðan hefir 10 mönnum verið boðið á skákmótið í München. Þeir fá allt frítt, á meðan mótið stendur, og í ferðakostnað fá þeir 800 ríkismörk. Ég geri ráð fyrir, að þetta verði nægilegt fyrir ferðakostnað og uppihald í Þýzkalandi frá skipi til skips. Nú er það vitanlegt, að nokkuð kostar að komast héðan til Þýzkalands, og býst ég við, að það yrði um 2500 kr., sem sú ferð kostaði fram og aftur. Að skáksambandið fer ekki fram á hærri styrk en 800 kr., er bæði vegna þess, að Alþingi hefir áður verið því svo vinsamlegt, að ekki er réttlátt að knýja þar mjög fast á dyr, og svo eru margir einstaklingar, sem hafa mikinn áhuga fyrir því, að þessi för verði farin, svo að stjórn skáksambandsins telur ekki útilokað, að hægt sé að fá nokkurt fé til fararinnar annarsstaðar frá. Ég er sannfærður um, að þeir skákmenn, sem verða valdir til fararinnar, koma ekki fram á annan hátt en þann, sem er þjóð vorri til sóma. Ég hygg, að öðru eins hafi verið varið til auglýsinga eins og þó þessi upphæð væri veitt til þess, að íslenzkir skákmenn gætu komið fram á þessu móti, þar sem keppt verður af meira en 30 þjóðum. Þarna mæta fréttaritarar frá öllum þjóðum. Fréttaritarar, sem skrifa fyrir fjöllesnustu blöð heimsins, og þessir menn taka jafnt eftir skákunum, hvort sem þær eru tefldar af Íslendingum eða öðrum.

3. till., sem ég flyt, er um að gefa Siglufjarðarkaupstað eftir ábyrgð á ca. 30 þús. kr., er kaupstaðurinn stendur í gagnvart ríkissjóði vegna kaupa samvinnufélags sjómanna á Siglufirði á s s Bjarka. Þessi skuld eða ábyrgð er þannig til orðin, að ríkissjóður átti skip, sem Bjarki hét og stóð ríkissjóði í ca. 40 þús. kr. Samvinnufélag sjómanna, sem var stofnað á Siglufirði, réðst í að kaupa þetta skip og fékk Siglufjarðarkaupstað til að ganga í ábyrgð fyrir andvirðinu. Útgerð félagsins gekk illa og félagið hætti. Eyþór Hallsson keypti þá skipið og samdi um afborganir á andvirðinu og greiddi fyrstu afborgun, en þegar að síðari afborgunum kom, gaf þáverandi forsrh., Ásgeir Ásgeirsson, eftir um greiðsluna. Þessar afborganir áttu að greiðast í síld, en í stað þess að afborganir færu fram og ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar lækkaði, var þessum samning ekki framfylgt, og það fór þannig, að eigandinn hélt áfram að gera skipið út og safnaði á það sjóveðsskuldum, og að lokum var svo skipið selt til lúkningar á þeim, og ríkissjóður missti það veð, sem hann hafði í skipinu, en Siglufjarðarkaupstaður stendur áfram í ábyrgðinni. Mér finnst þess vegna, að það sé sanngirniskrafa, að bærinn losni undan þessari ábyrgð, sem ekki var látin lækka vegna þess, að kaupandi skipsins var ekki krafinn um greiðslur á réttum gjalddögum, enda þótt ríkissjóður þá hefði aðstöðu til að láta hann borga. Sá ábyrgi hefir að þessu leyti verið gerður réttlaus, en skuldasúpan er svo látin skella á honum. Auk þess að þetta er réttlætiskrafa, þá má líka taka tillit til þess, að Siglufjarðarkaupstaður er þess ekki megnugur að greiða þessa skuld.

Ég hefi svo ekki fleiri till. að mæla með, en vil út af till. hv. 3. þm. Reykv., um styrk til Guðmundar Árnasonar, til þakskífugerðar, aðeins mæla með, að sú till. verði samþ. Ég vil geta þess, að þessi maður fékk fyrir 2—3 árum hjá búnaðarfélaginu 300 krónur og aðrar 300 krónur hjá ríkisstjórninni til þess að fara til Noregs og læra að vinna þakskífur. Hann fór þá til Voss og lærði þar að fara með þakskífur á þann hátt, sem Norðmenn gera, og á þaki þessa húss eru slíkar skífur. Í landi föður hans er þakskífunáma, og þar eru álitnir möguleikar til að vinna skífur, svo að vel sé. Þessi maður keypti í Noregi verkfæri fyrir 1000 krónur og ætlar að nota þau við þessa vinnu, og er farinn með þau austur. Nú hagar svo til, að um langan veg er að flytja frá námunni og allt verður að flytja á hestum. Loks þarf að senda þetta til efnafræðilegrar rannsóknar til þess að vita, hvort það er of mikill leir í skífunni eða hvort hún er nægilega hörð og slétt. — Hv. 2. þm. N.-M. gæti kannske gefið einhverjar upplýsingar um þetta, því að hann er sá eini maður, sem ég hefi talað við, sem komið hefir á þennan stað, og hann segir, að skífan sé slétt og að hægt sé að kljúfa hana niður í ½ cm. Og ef þetta er svo, og það sýnir sig við efnafræðilega rannsókn, að það megi nota þessa skífu, eins og skozka skífan er notuð, til þess að þekja hús, þá er þarna vissulega möguleiki til þess að spara erlendan gjaldeyri fyrir þakjárn og þakskífur. Ég vildi þess vegna mæla með því, að þessi litli styrkur yrði veittur, því að hér á hlut að máli mjög fátækur maður, sem hefir kostað upp á sig nokkru fé til að læra að vinna þetta og keypt til þess verkfæri.

Forseti (JBald): Úthýtt er á fundinum brtt. á þskj. 601, og þarf að veita afbrigði frá þing-

sköpum til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

*Þorbergur Þorleifsson: Við hv. 2. þm. Árn. flytjum brtt. á þskj. 548 um að heimila ríkisstj. að kaupa Búðir á Snæfellsnesi, ef samningar um verð takast. Eigandi jarðarinnar, Ósvald Knudsen, vill selja hana fyrir sanngjarnt verð. Jörðin er metin á 36000 kr. að fasteignamati, og þar að auki er eitthvað af byggingum, sem bætast sennilega við kaupverð jarðarinnar. Það sem mælir með þessum kaupum er fyrst og fremst það, að þarna er ágætt land til þess að stofna nýbýli; jörðin hefir mikið af ræktuðu landi. Að sögn kunnugra manna má stofnsetja þarna um 20 nýbýli í landi jarðarinnar. Auk þess er þetta heppilegur staður fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, og ferðamannaskrifstofa ríkisins hefir hugsað sér að byggja þarna sumargistihús fyrir ferðamenn. Loks er þetta fornfrægur staður, eins og kunnugt er; höfn er þarna ágæt, og verzlunarstaður var þarna fyrr meir og er jafnvel enn. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en ég vil að lokum taka það fram, að ég tel, að það opinbera hefði mikið gagn af að komast yfir þessa eign. Nú hefir hv. þm. Snæf. flutt brtt. við þessa brtt. okkar, en þar sem ég er þeirri till. ókunnur, og þar sem hv. þm. hefir ekki enn mælt fyrir henni, get ég fyrir mitt leyti ekki tekið afstöðu til hennar fyrr en ég hefi heyrt þau rök, sem hún er reist á.

Næst vil ég fara nokkrum orðum um brtt., sem hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Húnv. hafa flutt. Hún er afturganga síðan í fyrra og fjallar um niðurfellingu á skáldastyrk Halldórs Kiljans Laxness. Hv. þm. Ak. talaði fyrir þessari brtt. í fyrra, og aðalrökin voru þau, að Laxness hefði haldið ræðu í útvarpið, sem verið hefði hneykslanleg, og þess vegna bæri að fella styrkinn niður. Þessi hv. þm. hefir ekki talað fyrir þeirri brtt., sem hér liggur fyrir; hv. þm. A.-Húnv. hefir tekið af honum það ómak. Það sem hann færði fram sem rök fyrir því, að fella bæri styrkinn niður, var fyrst og fremst það, að þetta mæltist svo illa fyrir úti um sveitir landsins; bændur væru á móti þessu. Ég verð að segja, að ef þetta er rétt hjá hv. þm., þá ber það ekki vott um mikinn þroska hjá sveitafólkinu. Í minu héraði eru dálitið skiptar skoðanir um þetta, en þó hygg ég, að allur fjöldi alþýðumanna þar sé því meðmæltur, að skáldið fái þennan styrk, en jafnvel þótt nokkrir eða jafnvel allmargir sveitamenn væru því mótfallnir, að Laxness fengi þennan styrk, þá er svo fyrir mælt í stjskr., að þm. séu bundnir við sannfæringu sína, en ekki fylgi frá kjósendum eða öðrum um það, hverju þeir greiða atkv., svo að þessi ástæða fellur því alveg um sjálfa sig, jafnvel þótt hún væri fyrir hendi, sem ég verð að efast um.

Önnur ástæðan, sem hv. þm. færði fram máli sinu til rökstuðnings, var sú, að það lægi ekkert eftir þetta skáld, sem nokkurt andlegt verðmæti væri í, og að hann kynni ekki einu sinni íslenzkt mál. Í þessu sambandi nægir að vitna í ummæli harðvitugra andstæðinga H. K. L. svo sem Arnórs Sigurjónssonar: hann segir, að H. K. L. sé einhver mesti stílisti, sem uppi hefir verið með þjóð vorri, og ég fyrir mitt leyti verð að taka undir það. Ég þori að fullyrða, að enginn íslenzkur eða norrænn maður hefir hvorki fyrr né síðar leikið sér eins með íslenzka tungu og H. K. L. Enginn hefir skrifað þróttmeira mál eða af jafnmikilli list á íslenzka tungu og hann.

Þriðja ástæðan, sem hv. þm. A.-Húnv. færði fram máli sinu til sönnunar, var það, að H. K. L. lýsti íslenzkum bændum sem lúsugum og skítugum skríl. Það er vitanlega hægðarleikur að slá slíkum fullyrðingum fram, en til þess að sýna hv. þm. fram á, hvað mikið er hæft í þessari fullyrðingu, ætla ég að lesa upp örfáar setningar úr einu af ritum skáldsins, og eru þær setningar teknar af handahófi. Vil ég vænta þess, að hæstv. forseti gefi leyfi til þess. Á einum stað segir skáldið:

„Menn skyldu varast að halda, að þeir viti nú alla skapaða hluti, þótt þeir hafi lesið eitthvert slangur af bókum, því sannleikurinn er ekki í bókum og ekki einu sinni í góðum bókum, heldur í mönnum, sem hafa gott hjartalag. Bækur eru í hæsta lagi vitnisburður um sálarlíf mannanna, sem hafa ritað þær. Ég hefi mörgum kynnzt, sem kapp hafa lagt á bókvísi, en þeir hafa oftast verið fremur mannúðarlitlir í hugsjónum og nokkuð ofstopasamir hið innra með sér, en snauðir af þeirri menningu hjartans, sem hún amma mín var gædd og lýsti sér í gamansemi, elju, afskiptaleysi í trúmálum, jafnaðargeði í sorgum, kurteisi við bágstadda, hugulsemi við ferðamenn, óbeit á leikaraskap, góðsemi við skepnur.“

Þarna er skáldið að lýsa sveitakonu, en henni er ekki lýst sem lúsugum og skítugum skríl. Og enn segir H. K. L.: „Tungutak alþýðumanna er tilþrifameira en skrifborðshótfyndni rithöfundanna og í sannleika list miklu djúpúðugri, því alþýðumenn standa í sjó upp að knjám með sjálfa fornöldina í blóðinu og salt í skegginu.“ (MG: Var það ekki mosi í skegginu?). Hv. 6. þm. Reykv. hefir lýst mosanum í skegginu svo eftirminnilega í ritgerð, sem landfræg er orðin, að það er óþarfi að lýsa honum frekar. Á enn öðrum stað segir H. K. L.: „Áður en ég slæ botninn í þennan kafla, langar mig að taka eitt atriði fram: Umbótamenn mega aldrei nema staðar á sinni konunglegu braut til þess að ausa háðglósum og ókvæðisorðum. Þeim ber skylda til að halda áfram af óbifanlegri rósemi hjartans. Umbótamaður, sem lendir í persónulegum illdeilum við flugumenn auðvaldsins, sýnir, að hann metur eigin persónu sína meira en hugsjón sína; m. ö. o.: Hann er veginn og léttvægur fundinn. Umgengni vorri við aðra menn á að vera farið eitthvað á þessa leið: Það er hollt fyrir oss að mæta öllum mönnum með þeim fordómi, að guð af sinni kurteisi sendi þá á veg vorn hvern og einn oss til fróðleiks. Vér eigum ekki að líta svo á sem menn hafi galla, hvorki einn né annar, heldur eigindi eða eiginleika, sem geti orðið oss til lærdóms. Ef vér lærum á annað borð að nálgast menn með þessu

hugarfari, þá getur hver einstaklingur orðið oss að pólitiskum ávinningi. Það er lítill galdur að sitja við fótskör spakra manna og öðlinga. Í hinu er falinn mikill þroski, að geta hlustað, — *ekki* aðeins *fjandskaparlaust, heldur með djúpri* vorkunnsemi á heimska menn og illa, er þeir telja fram skoðanir sínar og skýra viðhorf sín. Ber oss að sýna yfirburði vora gagnvart þessu fólki í mýkt og mildi, en einkum forðast að gefa því ákveðnar leiðbeiningar um hegðun og hugarfar; slíkt veldur aðeins nauðsynjalausum ófriði. ...“

Ég vil benda hv. þm. á það, að í tveimur eða þremur ritgerðum H. K. L. er fólgin svo mikil stílsnilld, að þess munu fá dæmi vera og engin á norrænum málum. Þar sem ég efast um, að hv. þm. A.-Húnv. hafi yfirhöfuð lesið nokkuð eftir Laxness, þá býst ég varla við, að hann hafi lesið þessar ritgerðir, því að hv. þm. er ekki svo illa gefinn, að hann mundi tala svona um hluti, sem hann vissi einhver deili á.

Ég geri ráð fyrir, að þessi dæmi, sem ég hefi nú minnzt á, nægi til þess að sýna fram á, að sú fullyrðing hv. þm. A.-Húnv., að H. K. L. kunni ekki að fara með íslenzkt mál, er ekki á nokkrum rökum reist.

Hv. þm. talaði um það, að það lægi ekkert eftir þetta skáld, en samt væri honum skipað á bekk með mönnum, sem mikið lægi eftir, eins og Einari Kvaran og Einari Benediktssyni; en ætli það sé ekki líklegt, að Einar Kvaran hefði náð meiri frægð, ef þjóðin hefði séð sóma sinn í því að láta hann eiga við viðunanleg kjör að búa?

Rök hv. þm. A.-Húnv. eru sleggjudómar út í bláinn, sem ekki hafa við minnstu rök að styðjast. Ég vil benda á það, að það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan hv. Alþingi sá sóma sinn í því að *fella till.* eins og þessir hv. þm. hafa borið fram, og það er enginn ástæða til að ætla, að viðhorf hv. þm. hafi breytzt að mun síðan.

Forseti (JBald): Ég gef hv. þm. A.-Húnv. orðið, til þess að umr. verði samfelldari.

***Jón Pálmason:** Ég þakka hæstv. forseta fyrir *frjálslyndi sitt.* Í sjálfu sér þarf ég ekki að fjölyrða um ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Hann byrjaði á því að draga það í efa, að það væri rétt, sem ég hafði sagt í dag, að almenningur í sveitum landsins væri því andvígur, að H. K. L. væri veittur þessi styrkur; hv. þm. lýsti yfir því, að í sínu héraði mundu menn almennt vera meðmæltir þessari styrkveitingu. Þetta getur satt verið, og ef svo er, þá ber það vott um sérkennilega menningu og hugsunarhátt, sem kemur m. a. fram í því að hafa kosið jafnskáldelskan þm. og hv. síðasti ræðumaður er.

Að því er snertir þau rök, sem ég benti á því til sönnunar, að rétt væri að fella þennan styrk niður, þá var það tvennt, sem hann fór rangt með; í fyrsta lagi það, að ég hefði haft þau orð, að þetta skáld kynni ekki að fara með íslenzkt mál. Ég tók það einmitt fram, að ég gerði ráð fyrir, að menn létu villast á því, að þessi rithöfundur hefði töluvert gott vald á íslenzku máli, og létu því til leiðast að veita honum skáldaverðlaun, þrátt fyrir það þó hann hefði svo greinilega galla á öðrum sviðum, að ekki yrði við unað að skipa honum á bekk með mestu skáldum þjóðarinnar. Hitt er náttúrlega *dálítið annað mál, hvort ég get skrifað undir* það, að enginn íslenzkur maður hafi nokkurn tíma farið eins vel með íslenzkt mál eins og þessi rithöfundur.

Í þessu sambandi má benda á leikritið „Straumrof“ eftir þennan höfund. Okkur þm. gafst kostur á að sjá alla þá snilld og list, sem þar kemur fram, en ég verð að segja, að ég tel þá list ekki landi okkar til sóma. Því hefir verið haldið fram, að það bæri sérstaklega að halda hróðri þessa manns á lofti, vegna þess að hann væri skáld alþýðunnar; ég skal náttúrlega ekki fara mikið út í það atriði, en þó vil ég segja það, að ef íslenzk alþýða væri á þeim vegi stödd, að lýsingar H. K. L. á henni væru nokkuð nálægt sanni, þá væri hún djúpt sokkinn í eymd og volæði.

Annars þarf ekki að fara neitt sérstaklega út í upplestur hv. síðasta ræðumanns. Ef ég hefði verið svo fyrirhyggjusamur að hafa með mér eitt af ritum höfundar, þá gæti ég lesið upp sýnishorn af þeim hugsunarhætti, sem skáldið prédikar og mælir með. Ef ég hefði hér við höndina Vefarann mikla frá Kasmir eða Straumrof, þá væri þægilegt að bregða upp mynd af því, hvað það er, sem þessi höfundur er að bera á borð fyrir erlenda lesendur um það, hvernig íslenzk menning er og hvað það er, sem sérstaklega er takandi til meðferðar til þess að lýsa. Annars býst ég við, að það verði erfitt að koma því til leiðar að fá nokkuð það samþ., sem rýrir hagsmuni þessa skálds, ef á að kalla hann skáld, þegar hann hefir svo öfluga varn*armenn eins og hv. síðasta ræðumann,* sem þing eftir þing heldur langar ræður um það, hvað hann sé mikill snillingur, þetta skáld, sem Alþingi er að heiðra með stórum fjárfúlgum. Um stílsnilldina, sem hv. þm. var að útmála, vék ég að í ræðu minni í kvöld, en ég get að sjálfsögðu farið nokkuð út í það, hvað það er, sem veldur því, þegar verið er að tala um, að þessi höfundur sé frægur í útlöndum. Hverjir eru það, sem orsaka þessa frægð? Það eru t. d. danskir menn, sem verða hrifnir af öllu, sem illa er sagt um Íslendinga. Það eru þeir, sem hafa orðið hrifnir af ritum þessa höfundar. (**ÞorbÞ:** En Englendingar?). Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri. Mér þykir leitt að hafa móðgað svo skáldhneigðan mann eins og þennan hv. þm.

***Þorbergur Þorleifsson:** Ég þarf ekki að vera langorður út af ræðu hv. þm. A.-Húnv. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði síðast, þegar hann var að tala um móðgun, þá vil ég segja honum það, að það væri mjög mikil móðgun einmitt við þetta skáld að fella hann niður af 18. gr., en það hefir aldrei verið gert við nokkurn mann, hvorki fyrr né síðar, sem inn á þá grein hefir komizt. Ég hefi ekkert við það að athuga, þó að einhverjir hafi verið á móti því að taka skáldið upp á þá gr., þó að ég hafi verið með því sjálfur. En það væri mógðun, og ég vil

segja pólitísk ofsókn, ef ætti að fella Laxness niður af 18. gr. Það er fyrst og fremst það, sem ég vildi benda hv. þm. A.-Húnv. á, og það var þess vegna, sem ég sagði, að það væri lítill heiður fyrir þingið, ef það gerði sig sekt í því. Hv. þm. minntist á rit, sem hneykslaði hann mjög, Straumrof og Vefarann mikla. Jafnvel þó að eitthvað væri nú athugavert við þessi rit skáldsins, þá verður hv. þm. að athuga það, að það er ekki hægt að mæla skáld eins og töðuvöll, þar sem tekið er meðaltal af því, sem völlurinn gefur af sér, heldur verður að mæla þau eins og fjall, þar sem þau komast hæst. Ég held satt að segja, að það hafi ekki komið fram nein rök í þessari ræðu hv. þm., sem eru svaraverð, og vil ég því ekki vera að halda uppi málþófi um þetta. Ég held, að það hafi komið fram allt, sem nauðsynlegt er, að komi fram því til varnar, að þessi styrkur verði felldur niður.

*__Emil Jónsson:__ Ég hefi flutt hér eina brtt. á þskj. 547,XX, sem mig langar til að fara um nokkrum orðum. Það er brtt. við 22. gr., um að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 10 þús. kr. til sérstakrar skrifstofu til þess að annast upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi um og fyrir iðn- og iðjurekstur hér á landi. Það er á allra vitorði, sem hafa haft afskipti af þessum málum, hversu erfitt það er að fá nokkra vitneskju um þessa starfsemi yfirleitt. Það veit enginn í augnablikinu, hvað mikið er framleitt hér af neinni iðnaðarframleiðslu, ekki heldur, hvað margir vinna að framleiðslunni, eða hvað mikið er flutt inn af hráefnum, eða hvað er til af vélum til framleiðslunnar. Allt þetta er mjög sundurlaust og óljóst, svo að það er hvergi hægt að fá ákveðnar upplýsingar um þessa hluti. Að vísu hefir verið samþ. hér á Alþingi fyrir nokkrum árum frv. um breyt. á hagskýrslunum, sem fer í þá átt að safna nokkrum upplýsingum um þetta. En eins og allir vita, koma þessar skýrslur hagstofunnar einu eða mörgum árum eftir að þeirra er aflað, svo að gildi þeirra fyrir lífið verður lítið. Það verða aðallega söguleg gögn. Till. mín fer fram á, að úr þessu verði bætt og stofnuð upplýsingaskrifstofa, að sínu leyti eins og fiskifélagið annast um að afla skýrslna fyrir sjávarútveginn, svo að allir geti fylgzt með því, sem framleitt er. Landssamband iðnaðarmanna sótti um styrk til þess að annast þetta, en fjvn. sá sér ekki fært að sinna þessu neitt. Svo að þessi miðlunartill. er borin fram til þess, ef vera kynni, að það mætti auðnast að bæta úr þessu. Ég tel ekki þörf á að hafa um þetta fleiri orð. Það er öllum dm. ljós nauðsynin á þessu máli, og ég vænti, að þeir sjái sér fært að greiða þessari till. atkv.

Þá hefi ég á þskj. 550 borið fram till. ásamt hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Mýr., sem er líka við 22. gr., um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að verja úr ríkissjóði eða af ágóða raftækjaeinkasölunnar allt að 50 þús. kr., gegn að minnsta kosti tvöföldu framlagi annarsstaðar frá, til stofnunar verksmiðju til raftækjaframleiðslu. Þegar raforkan kemur frá Soginu, lætur nærri að $^2/_3$ hlutar þjóðarinnar fái ódýra raforku til ljósa og suðu. En til þess að þetta komi að notum, þarf eldavélar, ofna o. fl. En þar sem orkan kemur svona mikil allt í einu, verður mikill fjöldi að fá tæki þessi erlendis, annars verða orkuverin af þeirri sölu, sem þau annars kynnu að geta haft á straum. Sennilega er óhætt að áætla, að fyrst um sinn þurfum við allt að 1200 rafsuðuvélar á ári, og e. t. v. jafnmarga ofna fyrst um sinn. En með verksmiðjuverði mundi það nema fyrst um sinn 250 þús. kr., sem þyrfti að flytja inn á þennan hátt, þegar notað er svona mikið. Og það réttlætir eftir lauslegri áætlun, að sett verði á stofn lítil verksmiðja til þess að búa til þessa hluti. Það hafa verið athugaðir möguleikarnir fyrir því að koma slíkri verksmiðju á fót, og er það ekki ólíklegt, að það mætti takast. Með því að ganga út frá þessari framleiðslu á um 1200 eldavélum og jafnmörgum ofnum á ári er talið, að þessi rekstur geti borið sig. Það, sem vinnst við þetta, er fyrst og fremst það sama og með allri iðnaðarstarfsemi, að fá inn í landið verkalaunin. Ég tel, að hráefnin til þessarar verksmiðju mundu verða kringum 45% af útsöluverði tækjanna. Það mundi því, ef þessi verksmiðja yrði stofnuð, haldast í landinu um helmingur af andvirði tækjanna. Endanleg reynsla liggur ekki fyrir um þetta, svo að það verður náttúrlega að reyna það miklu betur áður en út í það er lagt. En það liggur svo nærri, að straumurinn komi til bæjarins frá Soginu, að það verður að gera ráðstafanir til þess, að þetta verði tilbúið, þegar þar að kemur, og það verður þess vegna að rannsaka þetta á næstunni. Um fyrirkomulag verksmiðjunnar skal ég ekkert fara út í að ræða, af því að það er ekki tímabært eins og nú standa sakir. En það er ekki ólíklegt, að einstaklingar mundu vilja leggja út í þetta af eigin rammleik. En okkar till. gerir ráð fyrir því, að ríkið taki þátt í þessu að $^1/_3$, og er það til þess bæði að leggja fram þetta fjármagn, og eins til þess að tryggja það, að ekki fari aðrir út í samkeppni við fyrirtækið. Því að mikill hluti af kostnaði þessa fyrirtækis mundi þá fara í það að berjast við ýmsa keppinauta, auglýsingastríð og annað þess háttar. Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en ég vænti þess, að hv. þm. geri sér það ljóst, að þetta er talsvert fjárhagsatriði fyrir landið. Og þó að það kosti nokkuð í bili, þá vinnst það áreiðanlega upp, og meira til.

__Forseti (JBald):__ Útbýtt hefir verið á fundinum brtt. á þskj. 605, frá hv. 2. þm. Árn. Verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að till. geti komið hér til umr.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

__Bjarni Ásgeirsson:__ Ég á hér 2 smábrtt. við fjárlfrv., sem ég vildi fara nokkrum orðum um. Sú fyrri er við brtt. frá fjvn., um það, hvernig orða skuli aths. við styrkinn til Búnaðarfélags Íslands. Mér þykir, að með því að orða aths. eins og fjvn. vill, að hún verði orðuð, þá sé ríkisvaldið að seilast of mikið til valda í búnaðarfélaginu. Það hefir á síðustu árum staðið í aths. við styrkveitingu, að ríkisstj. ætti að samþ.

fjárhagsáætlun félagsins. Þessu hefir verið framfylgt, og verið hið bezta samkomulag um það. Mér þykir sem sagt of langt gengið í till. fjvn., og vil orða aths. þannig: „Enda samþ. landbúnaðarráðh. fjárhagsáætlun félagsins.“ — Þá eru 2 brtt., sem ég á hér ásamt hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Hafnf. Önnur er á þskj. 601 og er um það að heimila ríkisstjórninni að láta fullgera *teikningar og nákvæma kostnaðaráætlun* um byggingu og rekstur áburðarverksmiðju hér á landi. Eins og hv. þm. er kunnugt, lá frv. um þetta fyrir síðasta þingi, og átti að bera frv. um sama efni fram aftur á þessu þingi, en að athuguðu máli var að því horfið að óska heldur eftir svona afgreiðslu á málinu. Einn liðurinn í frv. var það, sem ætlazt er til með þessari till., en það þótti sýnt, að *ekki hefði komið til* verulegra framkvæmda í málinu fyrr en svo, að heimild um fjárframlög til rekstrarins yrði unnt að afgreiða á næsta þingi, ef niðurstaða rannsóknanna reyndist glæsileg. Ég vil fastlega mælast til þess við hv. þm., að þeir greiði þessari till. atkv. og sjái sér fært að samþ. hana. — Hin till. er á þskj. 550, sem hv. þm. Hafnf. hefir mælt fyrir og ég þarf ekki að fara nánar út í.

Fleiri brtt. á ég ekki við frv. og get því látið máli mínu lokið.

Jón Sigurðsson: Ég þarf ekki að vera langorður að þessu sinni. Ég á *eina* brtt. á þskj. 519 og vildi aðeins segja um hana örfá orð, enda er ekki ástæða til að flytja hér langt mál yfir auðum stólum. Einn af þeim vegum, sem tekinn er nú upp í tölu þjóðvega, er vegurinn frá Fljótum um Stíflu til Ólafsfjarðar. Undanfarin ár hefir sýslusjóður Skagafjarðarsýslu lagt nokkurt fé þarna til vegagerða, í ár að mig minnir 4 þús. kr., sem byggja á framhaldsveg fyrir. Nú þegar þessi vegur er orðinn þjóðvegur, fellur þetta tillag Skagafjarðarsýslu eðlilega niður. Það er þess vegna hart fyrir íbúa þessara sveita, sem eru veglausir að kalla með öllu, *að þegar ríkissjóður hefir tekið þetta* að sér, þá skuli ekkert vera gert.

Þessi litla fjárveiting er ekki annað en tilraun til þess að halda ofurlítið í horfinu því verki, sem unnið hefir verið á undanförnum árum. Sveitin er ein af beztu landbúnaðarsveitum landsins, en vantar tilfinnanlega samgöngur, því vegir eru þar mjög slæmir. Heyskapur er þar ágætur, og miklir framleiðslumöguleikar, ef hægt væri að koma afurðunum á markað til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Vænti ég þess, að hv. Alþingi sýni málinu þann skilning og góðvilja að samþ. þessa litlu fjárveitingu.

Ég sé ekki ástæðu, þó tilefni væri til, að ræða aðra liði á þessu stigi.

Ólafur Thors: Ég hefi ekki nú fremur en áður borið fram margar brtt. við fjárlögin. Þó hefi ég leyft mér að bera hér fram brtt. á þskj. 519 um það, að veittar verði kr. 2000.00 til bryggjugerðar á Stafnesi. Mér hefir borizt um þetta beiðni frá nokkrum útvegsmönnum, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hana hér upp. Erindið hljóðar svo:

„Við undirritaðir förum þess hér með á leit við hið háa Alþingi, að það veiti okkur kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur — styrk til þess að fullgera bryggju á Stafnesi. Til skýringar viljum við taka fram *eftirfarandi:*

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að við getum ekki haldið úti bátum okkar, eða fengið menn til þess að róa þeim með því fyrirkomulagi að bera aflann upp á bakinu 120 til 140 metra *vegalengd*, þá höfum við ráðizt í að koma okkur upp bryggju. Við erum búnir að leggja ca. kr. 3000,00 — þrjú þúsund krónur — í verkið, en það er áætlað kr. 8000.00 — átta þúsund krónur — og vantar okkur því tilfinnanlega fé til þess að halda verkinu áfram. Þess vegna vonumst við til, að hið háa Alþingi bregðist nú vel við og veiti okkur hið umbeðna fé, svo hægt sé að *halda verkinu áfram.*“

Undir þetta hafa ritað sex útvegsbændur, sem aðallega eiga þarna hlut að máli. Ég hefi borið fram áður rök fyrir því, að öll sanngirni mæli með því, að þessir menn séu styrktir af ríkissjóði. Ég býst við, að allir, sem einhver kynni hafa af aðstöðunni, þar sem bera þarf afla og allar vörur á bakinu 120—140 m., viðurkenni baráttu þessara manna, og vænti ég, að hv. þm. telji vel sæmilegt af ríkisvaldinu að leggja fram nokkurt fé til þess að létta hina örðugu baráttu þessara manna. Hér er ekki farið fram á nema helming þeirrar upphæðar, sem um var beðið, og *vænti ég því, að hv. Alþingi taki* vel þessari málaleitun.

Að öðru leyti á ég hér ekki nema tvær brtt., um 1200 kr. til hvors íþróttaskólans, á Álafossi og íþróttaskóla Jóns Þorsteinssonar. Ég skal ekki tala langt mál, en þessu til stuðnings má benda á, að Alþingi hefir áður veitt viðurkenningu fyrir því, að þessir skólar væru styrks verðugir. Það, sem ég fer fram á, *er ekki nema lítill hluti* þess, sem veitt var á síðustu fjárlögum, og þó fjárhagurinn sé þröngur, virðist ekki sanngjarnt, að þeir séu skornir alveg niður, þegar ýmsir styrkir til einstakra manna eru hækkaðir. — Ég vil svo ekki, *eins* og fáskipað er í þinginu, vera með frekari málalengingar, en vænti, að hv. þm. sýni fulla sanngirni, þar sem svo mjög er stillt í hóf.

Þá vildi ég sérstaklega mæla með XXI. brtt. á þskj. 519, frá hv. þm. V.-Ísf., um aukið framlag til barnaskólahúsa utan kaupstaða. Ég veit, að á þessu muni vera mikil þörf almennt, en þó *byggjast mín meðmæli fyrst og fremst á því*, að sá er alltaf eldurinn heitastur, er á sjálfum brennur, því í mínu kjördæmi eru þrír skólar, sem brýn þörf er að endurbyggja. Einn er skólinn í Höfnum, sem brann í vetur; annaðhvort verður kennsla þar að falla niður eða endurreisa skólann. Í Sandgerði er kennt í húsi, sem ekki er sæmileg svínastía, hvað þá skólastofa fyrir börn. Hefir fræðslumálastjóri látið þau orð falla, að hann mundi mæla með styrk þangað, ef þessi hækkun fæst. Þriðji skólinn er í Kjósinni, og hefir fræðslumálastjóri einnig tjáð mér, að hann mundi mæla með styrk þangað, ef brtt. hans gengur fram.

Ég vil taka það fram, að þótt ég mæli með þessari fjárveitingu út frá eiginhagsmunum minna kjósenda, þá er mér kunnugt um, að þörf-

in er á fleiri stöðum jafnmikil. Og ef ríkisstj. sér sér fært að halda uppi yfir 16 millj. kr. fjárlögum, er óhætt að segja, að mörg útgjöld eru þar óþarfari en þessi liður. Sé það í raun og sannleika meining Alþingis, að æskilegt sé að mennta fólkið, verður það líka að sætta sig við að inna af hendi nauðsynlega hjálp fyrir barnafræðsluna í landinu.

Forseti (JBald): Það er ætlun forseta að ljúka umr. um fjárlögin í kvöld. Einnig hafa forsetar komið sér saman um þá skipun, að fundur hefjist aftur kl. 10 í fyrramálið, og þá fari fram atkvgr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru engin tök á því að minnast á nema lítið af þeim till., sem hér liggja fyrir.

Ég skal byrja á að svara fyrirspurn hv. þm. V.-Sk. um, hvort Lauge Kock sé ráðinn til þess að hafa með höndum rannsóknir fyrir ríkisstj., eða hvort hann beint eða óbeint njóti styrks frá ríkinu eða þeim stofnunum, sem það stendur að. Þessu get ég svarað neitandi. Hann hefir engan styrk úr ríkissjóði eða frá stofnunum, sem eru undir umsjón ríkisstj.

Þá skal ég drepa á tvær till. á þskj. 519. Sú fyrri, frá þeim hv. 10. landsk. og hv. þm. V.-Húnv., var tekin aftur við 2. umr. og er um það að heimila ríkisstj. að verja allt að 100 þús. krónum til að styrkja bændur á mesta harðindasvæðinu norðaustanlands til greiðslu á fóðurbæti veturinn 1935—1936. Ég hefi nú athugað málið frekar, og hefir ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu að mæla gegn því, að till. verði samþ. — Það hefir komið fram í umr. á Alþingi, að ríkisstj. hefir hlaupið undir bagga um útvegun fóðurbætis handa þeim, sem hefir skort hann, en ekki getað aflað hans af eigin rammleik, og þar sem stj. á sínum tíma leitar að sjálfsögðu aukafjárveitingar fyrir því tapi, sem leiða kann af þessum óumflýjanlegu ráðstöfunum á árinu 1936, telur ríkisstj. ekki ástæðu til að veita sérstaka heimild til slíkra útgjalda á árinu 1937.

Hin till., sem ég vildi minnast á og einnig er nokkuð stórt mál, er frá þeim hv. þm. N.-Ísf., hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta.

„(Ríkisstj. er heimilt) að ábyrgjast Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda eða þeim banka, sem veitir því lán, skaðlausa greiðslu á söluandvirði þess saltfiskjar, sem S. Í. F. hefir selt og kann að selja á þessu ári og hinu næsta til þeirra landa, sem ekki leyfa frjálsa greiðslu og yfirfærslu á sterlingspundum á andvirði fiskjarins við móttöku."

Það mun öllum þingheimi kunnugt, hverjum erfiðleikum það hefir verið bundið að fá greiðslur fyrir þann fisk, sem seldur hefir verið til Spánar og Ítalíu. Þetta sama hefir komið fram gagnvart öðrum viðskiptamönnum þessara landa, t. d. Dönum og Norðmönnum. Það, sem hv. flm. þessarar till. munu hafa haft í huga, er, að í þessum löndum hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja menn gegn tjóni af drætti á yfirfærslum. En það er mikill munur á þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í þessum löndum, og því, sem farið er fram á hér. Í þessum löndum nær ábyrgðin aðeins til yfirfærslunnar eftir að búið er að greiða andvirði fiskjarins inn í banka í hlutaðeigandi landi. En hér er farið fram á, að ábyrgðin taki ekki aðeins til yfirfærslunnar, heldur einnig til þess, að kaupandinn geti greitt, m. ö. o. að andvirðið komi undir öllum kringumstæðum inn. Ég vil benda hv. þm. á, að hér er verið að fara út á hálan ís, með því að fara fram á, að ríkið taki ábyrgð á því, að þeir, sem kaupa fiskinn, geti borgað hann í mynt síns eigin lands, að það eigi að koma fram á ríkissjóði, ef fiskur er seldur svo fátækum, að hann getur ekki borgað. Ég skal einnig taka fram, að ég sé ekki betur en að ríkissjóður eigi að bera ábyrgð á þeim skemmdum, sem koma fram í fiskinum eftir að hann er tekinn til sölumeðferðar. Nú vita allir, að það koma fram kvartanir frá öllum löndum um meiri og minni skemmdir í fiskinum. Það nær þess vegna engri átt, að ríkissjóður taki ábyrgð á því, þótt eitt verzlunarfyrirtæki verði fyrir halla á vörusölu, og það hvort heldur sem hallinn verður fyrir handvömm eða óviðráðanlegar ástæður. Ég hefi ekki orðið var við, að nokkurs staðar hafi verið samþ. till. í líkingu við þessa. Þær till., sem samþ. hafa verið, svo mér sé kunnugt um, taka ábyrgð á 75—90% af andvirðinu, eftir að það hefir verið greitt inn í banka af þeim, sem keyptu fiskinn. Þar er því ekki tekin ábyrgð á neinu nema yfirfærslunni og gengisfalli, sem verða kann á mynt þess lands, sem andvirðið er borgað í. Yfirleitt er allur frágangur till. þannig, að ekki getur komið til mála að samþ. hana. Hinsvegar vill ríkisstj. mæla með, að tekin sé ábyrgð á allt að 75% af andvirði þess fiskjar, sem seldur er í Ítalíu. Þó kemur ábyrgðin ekki til greina fyrr en búið er að greiða andvirðið inn á „clearing"-reikning Landsbankans.

Um viðskiptin við Spán er það að segja, að þó dráttur verði þar á greiðslum, eru þær þó alltaf að smákoma og hafa gengið framar vonum til þessa tíma. Stj. hefir því ekki séð ástæðu til að taka ábyrgð á yfirfærslum þaðan. Þetta er nokkuð annað að því, er Ítalíu snertir, þar hefir stj. orðið að ganga inn á vöruskipti, og er því hætt við, að viðskiptin gangi stirðlega vegna þess, hve erfitt er að fá þar hentugar vörur fyrir okkur. Af því leiðir meiri áhættu af gengisfalli, ef lengi þarf að bíða eftir andvirði fyrir fiskinn. Þess vegna hefir stj. fallizt á að veita þessa ábyrgð að því, er Ítalíu snertir, en ekki önnur lönd að svo stöddu.

Þó vitanlega megi segja, að nauðsynlegt sé að sinna málum útvegsmanna, verður að fara gætilega að því að skella jafnstórkostlegri ábyrgð á ríkissjóðinn eins og að taka ábyrgð á öllu fiskverðinu. Allsstaðar þar, sem til þekkist, er farið gætilega í þeim efnum, og hvergi svo komið málum, að ábyrgð á sölu einstakra verzlunarfyrirtækja sé tekin á ríkissjóð. Það sjá allir, að ef þeir, sem fyrirtækjunum stjórna, ekki hafa hita í haldi um að búa tryggilega um söluna, er hætta á, að tilfinningin fyrir því, að hún fari vel úr hendi, sljóvgist fremur en ef þeir bera eðlilega ábyrgð.

Forseti (JBald): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Ísf., svo hljóðandi:

„Við tölul. XLVII. (Nýr liður við 22. gr. 6. Fisksölusambandið).

Við till. bætist: Ábyrgðin tekur ekki til vangreiðslu kaupanda fiskjarins eða skemmda á honum í flutningi til sölustaða."

Einnig hefir mér borizt önnur skrifl. till. frá hv. 3. þm. Reykv., svo hljóðandi:

„Við 22. gr. VIII. Nýr liður.

Að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurbæ allt að 3½ millj. króna lán, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til hitaveitu."

Til þess að þessar brtt. verði teknar til meðferðar, þarf að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 606, I. og II) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég kvaddi mér hljóðs af því, að hv. þm. Hafnf. var að mæla fyrir till., sem að nokkru leyti á að koma í staðinn fyrir fjárveitingu til Landssambands iðnaðarmanna og ég hefi flutt um brtt. á þskj. 560. Landssambandið sótti um 20 þús. kr. til þess að geta hafið fyrir iðnaðinn svipaða starfsemi og búnaðarfélagið hefir með höndum fyrir landbúnaðinn og fiskifélagið fyrir sjávarútveginn. Þessi umsókn kom til iðnn., og mælti n. einróma með því, að till. yrði tekin til greina, og sendi hana til fjvn. Nú kom ekkert álit um þetta frá fjvn., og ég sá ekki, hvern endi þetta myndi fá í n. fyrr en nú fyrir stundu. Undrar mig, að n. skuli sjá sér fært að líta ekki á brtt. Ég segi ekki, að það væri óforsvaranlegt að minnka styrkupphæðina eitthvað, t. d. um helming, sem væri þó ekki vel gott, en hitt er ófært. Og till. hv. þm. Hafnf. bætir ekki úr þessu, því að hún felur aðeins í sér heimild fyrir stj. til að verja helmingi þessarar upphæðar til skrifstofuhalds fyrir iðnaðarmálin, en það er á engan hátt bundið við Landssamband iðnaðarmanna. En það er bersýnilegt, að eins og við fáum styrkinn til búnaðarmála í hendur búnaðarfélaginu og styrk til fiskimála fiskifélaginu, eins ber að láta Landssamband iðnaðarmanna fá umráð yfir styrkjum til iðnaðarmála.

Af því að þetta er nú aðeins byrjun, er ég fús til samkomulags við þá menn, sem vilja hlusta á mál landssambandsins um lækkun á upphæðinni, e. t. v. niður í helming þess, sem hér er gert ráð fyrir, ef styrkurinn er þá fenginn landssambandinu sjálfu í hendur. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir ætlazt til, að landssambandið fengi ekki umráð yfir styrknum, eða hvort hann hefir aðeins gleymt að setja ákvæði um það, en ef svo væri, mætti fljótlega kippa þessu í lag með skrifl. brtt. En þetta yrði þá að vera bein fjárveiting og beinlínis bundin við landssambandið. Geri ég ráð fyrir, að hv. þm. muni fús til samkomulags um þessi atriði.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. N.-Ísf. muni svara hæstv. fjmrh. út af ummælum hans og till. í sambandi við till. okkar á þskj. 519 um ábyrgð til handa S. Í. F. En fyrst ég stóð upp, vil ég taka það fram, að ummæli hæstv. ráðh. byggjast á misskilningi. Hann hefir ekki skilið till. okkar, af því að hann hefir ekki sett sig inn í málið. Er það leitt, því að hann talaði um það með talsverðu yfirlæti. Hann sagði, að till. færi fram á að ábyrgjast, að kaupandinn væri fær um að borga vöruna. Þetta sýnir, að hann veit ekki, hvernig salan fer fram. Fiskurinn er afhentur einungis gegn greiðslu. Kaupanda er aldrei afhentur fiskurinn, nema hann greiði hann. Ef ætlazt er til, að varan sé greidd í sterlingspundum, þá fer sú greiðsla fram áður en fiskurinn er afhentur. En ef greiðslan fer fram með innborgun í banka í því landi, sem fiskurinn er seldur til, gegn því að vörur séu keyptar fyrir peningana í því sama landi, þá er hann ekki heldur afhentur fyrr en greiðslan er komin í lag. En í þessu sambandi er í fyrsta lagi það að athuga, að greiðsla getur dregizt, í öðru lagi getur farið fram gengisbreyting, og í þriðja lagi getur komið fyrir, að vörur frá hlutaðeigandi landi fáist ekki strax; það getur verið sett útflutningsbann á vöruna o. s. frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að farið væri fram á, að ríkið tæki á sig alla áhættuna af fisksölunni. Þetta er misskilningur. Áhættan er mest í því fólgin, að ekki sé hægt að selja fiskinn fyrir kostnaðarverði. Áhættan hvílir eftir sem áður nær öll á fiskframleiðendunum og er fólgin í því, að ekki fáist tilboð í fiskinn, nema þá svo lág, að tap verði á.

Þá sagði hæstv. ráðh., að frágangur á till. væri þannig, að ekki væri hægt að taka hana til greina. Ég veit ekki, hvað hann meinar með því. Ég vil bara minna hæstv. ráðh. á, að hér er ekki farið fram á friðindi án þess að nokkuð komi í móti. Hér er bara farið fram á lítilsháttar endurgreiðslu á því, sem sjávarútvegurinn leggur fram. Hann flytur allt inn í landið svo að segja, sem inn er flutt, og hefir því unnið til þessa. — Annars ætla ég að láta hv. þm. N.-Ísf., aðalflm. till., eftir að svara hæstv. ráðh.

***Þorsteinn Briem:** Ég vil fyrst segja nokkur orð fyrir brtt., sem ég á á þskj. 519,VII, nýr liður, þar sem farið er fram á 200 kr. til Laxárdalsvegar. Ég flutti till. í þessa átt við 2. umr. en þá var farið fram á nokkru hærra tillag, og náði till. ekki samþ. Ég flyt nú till. um lægri upphæð. Ég lýsti við 2. umr. þörfinni á fjárveitingu til þessa vegar. Laxárdalsvegur liggur frá Búðardal inn Laxárdal í Dalasýslu á Laxárdalsheiðarveg og allt norður til Borðeyrar. Á síðari árum, allt þar til núverandi stj. tók við völdum, hefir verið varið nokkru fé til vegarins, vanalega með beinum fjárveitingum, en stundum af viðhaldsfé. Hefir fyrir þetta fé verið gerður vegur nokkuð inn fyrir Höskuldsstaði. — Þegar komið er inn í Dalina, tekur við vegleysa kafli, allt að Laxárdalsheiðarvegi. En þegar heiðinni sleppir, er allgóður vegur norður í Hrútafjörð. Er það bagalegt fyrir það fjölmenna byggðarlag, sem þarna á hlut að máli, að vegkafli þessi skuli vera ófær vögnum, nema í allramestu þurrkum á sumrum. Kemur þetta sér ekki aðeins illa fyrir byggðarmenn sjálfa, heldur og alla ferðamenn, sem þarna fara um. Þar sem

þetta er með búsældarlegustu byggðum á Vesturlandi, er ekki nema sanngjarnt, að þetta litla framlag sé veitt til vegarins. Er farið fram á þessa upphæð með það fyrir augum, að hægt sé að endurbæta veginn nokkuð án mikils kostnaðar, með því að leggja árlega til hans litilsháttar upphæð. Yrði slíkt smáframlag árlega ekki tilfinnanlegur baggi fyrir ríkissjóð.

Þetta er nú eina brtt., sem ég flyt einn við þessa umr. En ég hefi ásamt hv. þm. V.-Húnv. flutt brtt. á sama þskj. við 22. gr. fjárl., I. lið. Þessi I. liður er um það, að verja skuli allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði til greiðslu launa tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað. Við leggjum til, að ekki verði ráðizt í að fjölga dýrum embættismönnum, svo erfitt sem nú er, heldur varið litlum parti af þessu fé til að létta bágindi þeirra bænda á harðindasvæðinu norðanlands, sem orðið hafa fyrir þyngstum búsifjum undanfarinn vetur vegna fóðurkaupa til bjargar búfé sínu. Ég flutti ásamt hv. þm. V.-Húnv. brtt. í þessa átt við 2. umr. fjárl., og gerði ég þá allrækilega grein fyrir till. okkar. Hinsvegar tók ég brtt. aftur til 3. umr. eftir tilmælum hæstv. fjmrh., því að mér skildist á orðum hans, að hann vildi taka þetta til velviljaðrar athugunar. Ég upplýsti þá, að samkvæmt varlegri áætlun myndu fóðurbætiskaup bænda á harðindasvæðinu nema að minnsta kosti 250 þús. kr. En auk þess hefir lagzt á bændur mikill kostnaður af flutningi fóðurbætisins, sérstaklega í hinar afskekktari sveitir. Bóndi einn á Austurlandi hefir t. d. orðið að borga fyrir 24 tunnur af fóðurbæti, að flutningskostnaði meðtöldum, 1062 kr. Flutningur varð svona afskaplega dýr vegna mikilla fannalaga, sem voru um þær mundir. Auk þessa gífurlega kostnaðar er viðbúið, að fjöldi bænda verði fyrir miklu afurðatapi á búfénaði, þó að ekki sé gert ráð fyrir miklum vanhöldum af því tægi, sem jafnan er talað lágt um, þegar orðið er. Má því gera ráð fyrir, að á þessu svæði séu margir bændur komnir í fjárhagsþrot. Er því ljóst, að þetta mál varðar ekki einungis afkomu þessara manna einna og þeirra, sem þeir hafa á framfæri sínu, heldur einnig bankanna og annara stofnana, sem geyma almannafé. En mestu skiptir þó hitt, að hætta er á, að margir menn, sem haft hafa lífsbjargræði af sjálfstæðum atvinnurekstri, haldist ekki við bú sín og sjái sér ekki annað fært en flýja úr sveitinni í atvinnuleysið við sjávarsíðuna. Er ekki efnilegt að fá slíka skriðu ofan á það, sem fyrir er, og mætti öllum hv. þm. vera það ljóst, að finna verður ráð til að koma í veg fyrir þetta.

Okkur flm. er ljóst, að þessar 100 þús., sem farið er fram á í till., er miklu of lágt. En við gerum ráð fyrir, að sumsstaðar geti viðkomandi sveitarfélag notið nokkurrar aðstoðar með því að fá lán úr bjargráðasjóði. Þó hafa mörg sveitarfélög einmitt á þessu svæði notað alla þá möguleika í því efni, sem fyrir eru. Hafa mörg þeirra tekið bjargráðasjóðslán allt að hámarki, og eru þessi lán nú innifrosin. Við flm. teljum sanngjarnt að veita þessa aðstoð. En við viðurkennum, að um leið og aðstoð er veitt, er sanngjarnt að gera nokkrar kröfur. Yrði þá að miða kröfurnar við það að fyrirbyggja, að til slíks ráðs yrði aftur að taka. Teljum við, að það yrði helzt fyrirbyggt með því að veita sveitum, sem þurfa á þessari aðstoð að halda, aðhald um það, að þær stofnuðu hjá sér fóðurbirgðafélög. Ef hæstv. stj. vill setja sveitunum þau skilyrði, er vel farið.

Sá liður 22. gr., sem við gerum brtt. við, hljóðar um heimild handa stj. til að verja allt að 20 þús. kr. á ári til að stofna tvö ný embætti. Við leggjum til, að þessi heimild verði niður felld, en í staðinn komi heimild til að veita þessa aðstoð. Um þetta tvennt er að velja, og vil ég ætla, að Alþingi verði það val ekki erfitt.

*__Ásgeir Ásgeirsson:__ Hv. fjvn. hefir á þskj. 544 borið fram nokkrar brtt. við fjárlfrv., og er sú fyrsta við 17. gr. 5. lið. Við þá till. hefi ég borið fram nýja brtt. á þskj. 574, og er í minni till. farið fram á styrk, sem er 1000 kr. lægri en í till. fjvn. En ég liða styrkinn í tvennt, svo hægt sé að hafa Hafnarfjörð sér og Reykjavík sér um styrk. Ætlast ég til, að 3000 kr. gangi til barnavinafélagsins Sumargjafar, en hitt fari til barnaverndar eftir ákvörðun ráðh.

Hv. fjvn. hefir ekki tekið illa í þessa till., þó að hún hafi ekki lofað henni fylgi.

Um XXXV. brtt. á þskj. 519 vil ég geta þess, að ég tek hana aftur.

Að öðru leyti vil ég þakka hv. þm. A.-Sk. fyrir ágæta vörn hans fyrir Halldór Kiljan Laxness. Þótti mér vænt um að sjá, að maður úr bændastétt varð til að taka upp málstað hans. Það minnti mig á það, er séra Jón Jónsson tók málstað Þorsteins Erlingssonar hér á þingi forðum, en margir töldu hann hafa horn í síðu kirkjunnar. Hann var varinn af presti. Eins telja margir, að H. K. L. hafi horn í síðu bænda, og fer nú vel á því, að hann sé varinn af bónda. Ég skal viðurkenna, að nokkur atriði eru í ritum Kiljans, sem ég vildi strika út, en þó eru þessi atriði færri en hv. tillögumenn vilja vera láta. Og því færri verða þessi atriði sem lengra líður. (GÍ: Það lesa hann færri því lengra sem líður). Það er sama, hvort mönnum líkar betur eða verr, mörg af verkum hans eru meistaraverk, og „Sjálfstætt fólk“ er líklega mesta verkið, sem á íslenzku hefir verið samið í óbundnu máli.

*__Jóhann Jósefsson:__ Ég hefi áður mælt fyrir flestum brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram, en á þskj. 547, sem útbýtt hefir verið síðan, á ég tvær litlar till. Sú fyrri er við brtt. á þskj. 519, XXIV, um styrk til lesstofu sjómanna í Vestmannaeyjum. Ég vil veita þennan styrk til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Eyjum, því að ég tel hana maklega nokkurrar viðurkenningar. Hún hefir starfað nú um mörg ár við mikla aðsókn og haft nokkurn stuðning af bæjarfélaginu. Hefir stofan verið öllum opin án tillits til þess, hvaða félagsskap menn tilheyrðu. Nú eru tvö sjómannafélög í Eyjum, og auk þess er mikill fjöldi sjómanna, sem í engu félagi eru, en allt þetta fólk hefir aðgang að lesstofunni. Er sjálfsagt að styrkja þessa stofu sem gott hæli fyrir menn, sem eru að miklu leyti heimilislausir á vertíðum.

Þá hefi ég borið fram brtt. á sama þskj., XXIII, nýr liður, um að heimila stj. að verja helmingi þess skemmtanaskatts, er til fellur í Vestmannaeyjum, til styrktar íþróttafélögunum þar, enda verji þau fénu til útbúnings nýs íþróttavallar og leggi sjálf fram jafnmikið fé í sama augnamiði. Það eru ekki litlir peningar, sem koma inn í skemmtanaskatt í Vestmannaeyjum á ári hverju. Mikið af þessum skemmtunum er þannig, að vafasamt er, að æskulýðurinn hafi gagn af að sækja þær. Verður því þessu fé tæplega betur varið með öðru en því að styðja með því þá starfsemi, leiki, íþróttir og annað, sem er unglingunum til verulegrar uppbyggingar. Ég er viss um, að hv. þm. eru sannfærðir um, að útiíþróttir eru einna hollastar af því, sem í boði er til skemmtunar nú á tímum. Íþróttafélögin í Vestmannaeyjum eru nú þrjú. Hafa þau sýnt, að þau eru ekki eftirbátar annara um að þjálfa sína menn í íþróttum, og eru þau því alls góðs makleg. Bæjarfélagið hefir nú styrkt félögin nokkuð undanfarin ár og meðal annars séð þeim fyrir ágætu landi til útiíþrótta, og með tilliti til þess, að íþróttavellir þessir geti orðið sem prýðilegastir, ber ég fram þessa till.

Nú liggja hér fyrir stærri og veigameiri till. en þessi, en ég skal ekki þreyta hv. þm. með því að ræða um þær langt mál. Þó kemst ég ekki hjá því að minnast á nokkrar þeirra, og er þá fyrst till. okkar hv. þm. N.-Ísf. og hv. 6. þm. Reykv., sem hæstv. fjmrh. talaði nokkuð um, en hún fer fram á það, að stj. sé heimilað að ábyrgjast greiðslu á fiski, sem seldur er til þeirra landa, er ekki greiða fisk í peningum. Ég ætla ekki að ræða þessa till. ýtarlega, því að ég býst við, að hv. 1. flm. geri það og svari hæstv. ráðh. En ég skal kannast við, að orðalag till. afsakar hæstv. ráðh. ef til vill að nokkru leyti, er hann leggur í hana annan skilning en þann, sem fyrir er, en afsakar hann þó ekki að fullu, því að tekið er fram í till., að ábyrgðin skuli bara ná til þeirra landa, þar sem greiðslur fara fram með þessum óvenjulega hætti. Við viljum því aðeins, að ríkið gangi í ábyrgð gagnvart óvenjulegum atvikum, er fyrir kunna að koma. Annars kannast ég við, að brtt. hefði mátt vera greinilegar orðuð. Þetta er hið mesta vandamál, að tryggja, að þeir, sem eiga fisk, sem seldur er á clearing til Suðurlanda, verði ekki fyrir óhæfilegum drætti að því, er greiðslu snertir, og að tryggja, að gengisbreytingar og annað verði ekki landsmönnum til mikils trafala. Þetta er mikið vandamál og eðlilegt, að það fari ekki athugasemdalaust fram. En ég vil benda á, án þess að ég fullyrði, að þetta sé hægðarleikur, að til er leið, sem losað gæti ríkissjóð við alla áhættu af gengisbreytingum og slíku. Hún er sú, að í sambandi við þann clearingreikning, sem Landsbankinn hefir t. d. á Ítalíu, svo að ég taki eitthvert dæmi, verði gerðar ráðstafanir hér heima um innflutning á vörum, þannig að kaupsýslumönnum væri gert mögulegt að kaupa þessar innieignir, í þessu tilfelli lírurnar, við ákveðnu gengi, t. d. dagsgengi, og að það væri þá á þeirra ábyrgð, hvort þeim tækist að nota þessar innieignir til hagkvæmra innkaupa, áður en tjón hlytist af vegna gengisbreytinga. Þetta væri sjálfsagt framkvæmanlegt með því að fylgja fram samskonar innflutningsreglum að öllu leyti og þeim, sem nú eiga sér stað. Það getur að vísu misjafnlega staðið á fyrir innflytjendum um það að hafa fjárráð til slíks innflutnings. En þarna væri leið til að nota þessar innieignir á tryggilegan hátt og án þess að ríkissjóður þyrfti að bera nokkra áhættu.

Ég fer svo ekki lengra út í þetta efni, en vildi aðeins drepa á þennan möguleika í sambandi við bollaleggingarnar um lausn á þessum vanda. Sé þetta ekki gert, eða þá eitthvað svipað, verður naumast hjá því komizt að binda ríkissjóði þann bagga að láta hann ábyrgjast að einhverju leyti þá áhættu, sem fiskeigendur hafa orðið að bera. Eitt er víst, að ekki er hægt að láta allt ganga eins og gengið hefir undanfarna sex mánuði, að láta bláfátæka eigendur útflutningsvörunnar bíða allan bagann af þeim drætti, sem orsakast af núverandi ástandi.

Þá vil ég minnast nokkuð á aðrar till., snertandi nýjan innlendan iðnað. Á þskj. 550 hefir komið fram brtt. frá hv. þm. Hafnf. og tveim öðrum hv. þm., þar sem farið er fram á að verja úr ríkissjóði eða af ágóða raftækjaeinkasölunnar allt að 50 þús. kr., gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, til að koma hér upp raftækjaframleiðslu. Önnur till. hefir komið fram frá hv. þm. Mýr. og fleirum á þskj. 601, þar sem farið er fram á heimild handa ríkisstj. til að láta fullgera teikningar og aðrar áætlanir um rekstur áburðarverksmiðju hér á landi. Er það frá vissu sjónarmiði góðra gjalda vert að flytja svona till. En það er þó athugunarvert, hve langt ber að ganga í því að hlaða undir innlendan iðnað á ýmsum sviðum, einkum þegar það miðar að því að koma upp framleiðslu á vörum, sem við annars kaupum í löndum, sem taka okkar afurðir í staðinn fyrir þessar vörur. Það er vitað, að ýmislegt af iðnaði þeim, sem upp hefir komið hér á síðari árum, er þannig lagaður, að væru ekki innflutningshöftin, tollarnir og annað í vegi fyrir innflutningi, þá stæðist mikið af honum ekki samkeppni við samskonar erlendan varning frá stærri löndum, sem tök hafa á því að framleiða hann í stærri stíl. Við verðum að muna, að það eru ekki nema einar 100 þús. sálir, sem eiga að taka á móti þessum innlenda iðnaði. Til þess eru skilyrðin ákaflega erfið, landið afskekkt, löng sjóleið, hátt kaupgjald, svo að alveg er óhugsandi, að við getum í náinni framtíð keppt með iðnaðarvörur okkar á erlendum markaði.

Það var nokkuð rætt um áburðarverksmiðju á síðasta þingi. Það vita allir, sem til þekkja, að samkeppnin milli hinna þýzku og norsku áburðarverksmiðja er svo hörð, að þær berjast bókstaflega um hvern fermetra af markaði. Við þyrftum því ekki að vænta þess að geta selt áburðarframleiðslu okkar annarsstaðar en innanlands. En um leið og við hættum að kaupa erlendan áburð í vöruskiptum er tapaður markaður fyrir 300—400 þús. kr. virði af íslenzkum afurðum. Þrátt fyrir það er þetta í fleiri tilfellum, er við kaupum erlendar iðnvörur fyrir íslenzkar afurðir. Efling hins íslenzka iðnaðar getur ver-

ið ávinningur fyrir tiltölulega lítinn hóp manna, meðan innflutningshöftin standa yfir, en hún tekur í stað þess fyrir starfsemi miklu fleiri annara til sjós og sveita með því að hefta vöruskipti á erlendum iðnaðarvörum og íslenzkum framleiðsluvörum.

Hv. þm. Hafnf. og meðfl. hans leggja til, að varið verði 50 þús. kr. af ágóða raftækjaverzlunarinnar til þess að gera ríkið hluthafa í verksmiðju, sem á að framleiða rafmagnsvörur. Og hann fer ekki dult með það, til hvers ríkið eigi að vera hluthafi í þessu fyrirtæki. Það á að vera hluthafi til þess að engin samkeppni eigi sér stað í þessari grein! Það er til þess, að ríkið á að verða hluthafi. Mér finnst nú á þessari byrjun, að það sé ekki líklegt til hagsbóta fyrir almenning að setja upp hálfgerða eða algerða ríkiseinokun á þessum iðnaði, né líklegt, að vörurnar verði sérstaklega á þann hátt betri eða ódýrari en hinar innfluttu rafmagnsvörur. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að vörurnar verði dýrari en áður, og ef til vill lakari líka.

Það kann nú að vera, að mönnum finnist ég of svartsýnn og ekki nógu velviljaður hinum íslenzka iðnaði. En auðvitað ann ég íslenzkum iðnaði alls hins bezta, eins og öllum öðrum atvinnugreinum, ef þær eru heilbrigðar. En ég álít, að hann eigi ekki að vaxa og þróast í skjóli þess, að við ekkert sé að stríða. Innflutningshöftin hafa skapað iðnaðinum góða aðstöðu, enda hefir komið hér upp iðnaður í fjölmörgum greinum til framleiðslu á vörum, sem áður hafa verið keyptar að, en því miður er ekki hægt að segja um þessar vörur allar, að verð og gæði sé sambærilegt við erlendar vörur. Mér finnst satt að segja allt of mikið kapp á það lagt að hlaða hér upp iðnaði í skjóli tolla og hafta, en of lítil áherzla lögð á hitt, að sinna þeirri nauðsyn að halda uppi vöruskiptum við viðskiptaþjóðir vorar, en möguleikar til slíkra viðskipta fara auðvitað minnkandi eftir því sem meira er framleitt af iðnaðarvörum í landinu sjálfu. Ef svo færi nú, að ástandinu óbreyttu að öðru leyti, að iðnaður vor kæmist á það stig, að við gætum framleitt flestar þær iðnaðarvörur sjálfir, sem við þurfum að nota, hvað eigum við þá að kaupa í vöruskiptalöndum vorum? Örðugleikarnir eru þegar orðnir mjög miklir á því að samrýma það að hafa heimil á innflutningi á óþörfum og jafnvel þörfum varningi og koma hinsvegar vörum vorum á erlendan markað í skiptum fyrir erlendar vörur. Og því erfiðara verður þetta, þegar þetta ástand er notað til þess að hlaða hér upp iðngreinum, sem ljóst er um, að aldrei geta orðið samkeppnisfærar við erlendan stóriðnað. Væri gerð statistik um hinar innlendu iðnvörur eftir gæðum og verðlagi með samanburði við erlendar vörur, er ég hræddur um, að það kæmi því miður í ljós, að hinn íslenzki iðnaður er í fáum atriðum samkeppnisfær. En dýrleiki varanna kemur aðeins niður á okkur einum, af því að við getum ekki velt honum yfir á aðrar þjóðir.

Mér finnst, eins og ég sagði áðan, of mikið kapp á það lagt að hrúga hér upp iðnaði í skjóli hafta og tolla eða sérstakra lagafyrirmæla, eins og í brtt. á þskj. 550. Og þetta ofurkapp miðar að því, beint eða óbeint, að rýra markaðsmöguleikana í viðskiptalöndum vorum, þar sem við kaupum ýmsar iðnaðarvörur fyrir íslenzkar afurðir. Því má ekki gleyma, að þótt æskilegt sé, að íslenzkur iðnaður eflist að svo miklu leyti, sem hann er til þrifa, hvað verð og vörugæði snertir, þá eru þó landbúnaður og sjávarútvegur aðalatvinnuvegir vorir, og hljóta að verða það, og því verður að varast að kippa fótunum undan markaðsmöguleikum í þeim löndum, sem enn eru opin fyrir afurðir bóndans og sjómannsins. Því að þegar þeir markaðir lokast, getur landið ekki lifað á því, þótt fámenn iðnaðarstétt hafi hreiðrað um sig í skjóli hafta og tolla og tekizt þannig um tíma að ná sér í gott framfæri.

Ég get því alls ekki samþ. brtt. á þskj. 550, sem gengur í þá átt að efna til hlutafélags með ríkinu sem hluthafa til þess að koma hér upp raftækjaiðnaði, því að slíkt yrði til þess að eyðileggja talsvert af þeim markaðsmöguleikum bænda og sjómanna, sem enn eru eftir.

*__Jón Baldvinsson:__ Ég á hér aðeins tvær brtt., sem ég flyt báðar með öðrum.

Fyrri brtt. er á þskj. 547,IV, og flyt ég hana ásamt hv. þm. Snæf. Hann hefir þegar talað fyrir henni, og þarf ég því ekki að gera það. Maður sá, er hér á hlut að máli, hefir orðið fyrir miklu áfalli, og vonlaust um, að hann fái nokkrar bætur, nema Alþingi veiti honum þær. Vil ég mæla hið bezta með þessari till.

Þá flyt ég aðra brtt. á sama þskj. Það er XVIII. brtt., um 1800 kr. ritstyrk til Ólafs Friðrikssonar, og flyt ég hana ásamt hv. þm. S.-Þ. Ef til vill er það ekki á vitorði nærri allra, að Ólafur Friðriksson hefir skrifað margt merkilegt um atvinnuvegi landsins. Menn hafa gleymt því vegna þess, hve hann hefir skrifað margt annað sem blaðamaður. Síðustu árin hefir hann helgað sig hugðarefni sínu, náttúrufræðinni, og þá fyrst og fremst náttúrufræði Íslands, og einkum nágrenni Reykjavíkur. Hann hefir skrifað mikið um þessi efni og tekizt það svo vel, að hann hefir getað gert hverju barni ljóst það, sem hann segir frá, og heppnazt að vekja athygli barna og fullorðinna á ýmsu merkilegu í náttúrunni, sem menn ganga annars daglega framhjá án þess að taka eftir því. Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að enginn sé fróðari Ólafi Friðrikssyni um jurtir og dýr í nágrenni Reykjavíkur. Ég vil geta þess, af því að ég veit, að mönnum er það enn í fersku minni, að í vor kom út á barnadaginn ritið Sólskin, þar sem Ó. Fr. fræðir menn í stuttu og ljósu máli um ýmsa merkilega hluti í náttúrunnar ríki hér í kring, sem menn taka ekki eftir hversdagslega vegna þess að vekja þarf athugunargáfuna áður. Sérstaklega hefir Ó. Fr. kynnt sér fuglalífið hér í grennd og frætt aðra um það. Hann hefir skrifað margt um þessi efni án þess að láta nafns síns getið, því að fyrir honum er það aðalatriðið, að fróðleikurinn komist út til fólksins.

Síðustu árin hefir hann verið vakinn og sofinn í því að gera ýmsar tilraunir með jurtir og smádýr. Þarf mikla elju og ástundun til þess, að slíkt takist og komi að gagni. Ég tel Ó. Fr. yfirleitt merkilegan fræðimann og rithöfund,

sem eigi skilið viðurkenningu, og því hefi ég borið þessa brtt. fram. Þegar frá líður og menn fara að meta störf hans önnur en þau, sem vita að dægurmálunum, er ég þess fullviss, að margir, jafnvel þótt þeir hafi einhverntíma orðið fyrir höggum hans, telja hann þess maklegan að hafa komizt á fjárlögin meðal ýmsra annara merkra manna þjóðarinnar.

*Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi flutt hér viðaukatill. við brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. Ég geri þetta ekki af því, að ég álíti þess þörf í sjálfu sér, heldur til þess að hæstv. fjmrh. geti ekki skotið sér undan að greiða atkvæði með því yfirvarpi, að till. sé ekki nógu ljóst orðuð. Hann sagði í ræðu sinni, að hann líti svo á, að ef till. okkar væri samþ. óbreytt, ætti ríkissjóður að taka ábyrgð á fiskverzluninni að öllu leyti, bæði vanskilum kaupenda og skemmdum, sem fram kynnu að koma í fiskinum. Þetta er auðvitað ekki annað en fjarstæða, sem ekki kemur til greina, þar sem S. Í. F. selur aldrei fisk, nema gegn söluskírteini. Að vísu gæti hugsazt, að um skaða af skemmdum gæti verið að ræða, sem vátryggingarfélögin vildu ekki bæta, en slíkt kemur mjög sjaldan fyrir, og hefir alls ekki borið við hin síðari ár. Í sjálfu sér er því óþarft að bæta við brtt. okkar, þótt ég geri það til þess, að hæstv. fjmrh. geti sætt sig við orðalag hennar.

Það, sem hér er farið fram á, er ekki stórvægilegt, ef það er borið saman við það, sem aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, gera fyrir sína fiskverzlun. Hér hefir hið opinbera haft þau afskipti ein af fiskútflytjendum að taka af þeim allan erlendan gjaldeyri og greiða hann með miklu lægra verði en þeir hefðu fengið, ef gjaldeyririnn hefði verið frjáls. Auk þess er hér mjög hátt og tilfinnanlegt útflutningsgjald á sjávarafurðum. En í Noregi hafa nú þegar verið lagðar fram milljónir króna af hálfu hins opinbera til að bæta upp aflaleysið í vetur, enda þótt það hafi verið miklu minna við Noreg heldur en hér við land.

Það hafa verið veitt þar og í Danmörku lán til skipakaupa gegn 3—4½% vöxtum, en hér verðum við að greiða 6½—8% vexti, þegar við fáum lán til að kaupa skip. Þar er ekki útflutningsgjald af fiski, eða sama sem ekkert; í Noregi sem svarar 50 aurum á skippund. Þetta eru þau kjör annarsvegar, sem norskir saltfiskframleiðendur eiga við að búa, og hinsvegar þau kjör, sem við bjóðum saltfiskframleiðendum hér. Ofan á þetta á svo að bæta því, að þeir, vegna ráðstafana, sem ekki eru viðráðanlegar og ekki eru gerðar af stjórnarvöldunum hér, taki á sig öll þau óþægindi, sem við höfum orðið að sætta okkur við á erlendum markaði. Fiskútflytjendur í Noregi fengu 90% af andvirði fiskjarins strax útborgað. Við á Vesturlandi höfum síðan í haust flutt út 19000 pakka af verkuðum fiski til Ítalíu, og við höfum ekki fengið einn eyri greiddan af andvirði þessa fiskjar; við eigum þess vegna á hættu gengissveiflur á þessu fé, og þessa áhættu getur ríkið tekið að sér að skaðlausu. Og er það forsvaranlegt að láta þessa áhættu lenda á útgerðarmönnum, eins og þeir eru pindir og þjakaðir á undanförnum árum?

Ég hefi bent á það, að þeir, sem afla fiskjarins, hlutamenn og útvegsmenn, fá engan eyri greiddan fyrir sitt framlag og sína vinnu, þótt greidd séu 75% af andvirðinu, vegna þess að af Labradorfiski fara þessi 75% í salt, olíu, beitu, verkun, umbúðir og tolla og önnur útgjöld, og sjómenn og útgerðarmenn geta ekki fengið nokkurn eyri greiddan fyrr en komið er yfir þennan hluta verðsins. Það er þess vegna sama að taka ábyrgð á 75% og að taka ábyrgð á þeim hluta, sem bankarnir lána til útgerðarinnar. Hinir, sem hafa aflað fiskjarins, verða að bíða ár eða lengur eftir greiðslunni, ef ekki er tekin ábyrgð á þeirra hluta. Ég ætla ekki að fara lengra inn á þetta atriði nú, ég mun gera það í sambandi við till. þá, sem hér er á dagskrá.

Ég verð að segja, að það er hörmulegur misskilningur á afstöðu löggjafarvaldsins til þessara mála, ef það á að láta sitja við slíka till., þegar það er sýnt, hvernig afkoma er nú hjá sjómönnum. Allur þorri sjómanna á Vesturlandi hefir ekki fengið meira en fæði og hlífðarföt, og má segja, að nú sé lítil von að fá meira, þótt aflinn seljist, en hvorki fæði né hlífðarföt geta þeir greitt, nema þeir fái verð fyrir aflann. Ég er sannfærður um, að ekki er hægt að komast af með minni hjálp en hér er farið fram á, og væri betur, ef hægt er að komast af með þessa hjálp, sem á engan hátt er til útgjalda fyrir ríkissjóð. Ég þykist sjá, að ekki verði komizt hjá að styrkja sjávarútveginn með beinum fjárframlögum á næsta þingi, jafnvel þótt afli bregðist ekki eins á næsta ári eins og nú á þessu ári. Ég verð að segja, að það er hörmuleg ráðstöfun á fé ríkissjóðs, ef ekki er hægt að taka þessa hættu af útgerðarmönnum og sjómönnum, en samþykkja samt 16 millj. króna fjárlög.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. flm. að till. XLVII á þskj. 519 um ábyrgð á söluandvirði fiskjar, sem seldur er til þeirra landa, sem ekki leyfa frjálsa greiðslu og yfirfærslu í sterlingspundum á andvirði fiskjarins við móttöku, hafa nú allir tekið til máls út af þeim andmælum, sem ég hreyfði gegn þessari till. Ég ætla ekki að fara langt út í málið nú. Það eru svo sárafáir hv. þm. viðstaddir, að það má segja, að umræður hafi enga þýðingu eins og nú stendur.

Hv. 6. þm. Reykv. tók því með nokkru offorsi, sem ég hafði talað gagnvart till., rétt eins og það væri hrein goðgá að tala nokkuð á móti henni. Hann sagði, að það væri á misskilningi byggt, að farið væri fram á aðra ábyrgð en gagnvart gengisfalli eða yfirfærsluvandræðum, vegna þess að fiskurinn væri aldrei seldur, nema gegn greiðslu við móttöku. Það mun vera rétt hjá hv. þm., að það hafi verið venja hjá S. Í. F. að afhenda ekki fiskinn, nema gegn greiðslu við móttöku, en þó munu hafa verið dæmi til þess — og ég veit um dæmi til þess — að út af þessu hefir verið brugðið. En jafnvel þótt þetta hefði verið föst venja, hvaða sönnun er það fyrir því, að þeirri venju yrði haldið, á meðan þetta ákvæði væri í gildi? Í till. er ekkert,

sem segir, að fiskurinn verði ekki seldur, nema hann sé greiddur þegar í stað. Ég er ekkert að efast um, að S. Í. F. mundi reyna eftir mætti að halda sér við þá venju, en það er alls ekki víst, að það yrði hægt, og gæti vel komið fyrir, að út af þeirri reglu yrði brugðið. Í till. er engin trygging fyrir, að það yrði ekki gert.

Hv. þm. Vestm. var miklu hógværari, enda er hann miklu kunnugri þessum málum og þeim erfiðleikum, sem eru á að koma á „clearing"-viðskiptum milli landa. Hann viðurkenndi það sem neyðarúrræði, að ríkið tæki á sig ábyrgðir í sambandi við þessi viðskipti. Hann benti á, hvort ekki mundi vera hægt að fara aðrar leiðir. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um það nú; það mætti teljast sama og tala yfir tómum stólunum, og gætum við eins talað um það tveir einir. Ég segi þetta ekki til þess að gera lítið úr þeim, sem eru hér viðstaddir, heldur eingöngu af því, hve sáralítill hluti hv. þm. er hér til að hlusta á þessar umr.

En ég skal geta þess um till. hans, að ég hefi margoft hugsað um, hvort ekki væri hægt að bjarga þessu máli á þann hátt, en aðalhængurinn á þessu er, hve innflytjendur eru margir og smáir, og ríkisstjórnin hefir ekki ennþá viljað grípa til þeirra úrræða að fækka innflytjendum frá þessum löndum, sem hafa „clearing"-viðskipti, en við höfum lagt áherzlu á að flýta viðskiptum sem mest, t. d. frá Ítalíu, til þess að eigendur þess fiskjar, sem þangað hefir verið seldur, þyrftu sem minnst að bíða eftir andvirðinu, og vitanlega gerum við allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að ýta undir, að leyfin séu notuð svo fljótt sem unnt er, en margir innflytjendur eru peningalitlir og tregir til að kaupa vöruna fyrr en þeir hafa nauðsyn á henni til sölu.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi ekki taka þá sömu afstöðu, sem hv. 6. þm. Reykv. tók, að í till. fælist ekkert annað en ábyrgð gegn gengislækkun, heldur viðurkennir hann, að þar geti einnig komið til greina vangreiðslur af hálfu kaupenda og skemmdir á vöru, og til þess að gera till. aðgengilegri fyrir mig, þá flytur hann nú brtt. um, að þetta nái ekki til vangreiðslu eða skaðabóta vegna skemmda á vörunni.

Ég vil benda hv. þm. N.-Ísf. á það, að þetta sýnir, að hann hefir ekki gagnhugsað málið áður en hann flutti till., og þessi upptalning er ekki tæmandi, því það getur fleira komið til greina heldur en gengistap og yfirfærsluerfiðleikar, þrátt fyrir þessa till. T. d. hefir það komið fyrir, að fyrir handvömm við samningsgerð hefir viðtakandi neitað að taka við farmi, þegar á staðinn hefir komið, og fleira gæti komið til greina, sem mundi heyra undir þessa ábyrgð, þrátt fyrir það, þótt þessi ákvæði væru sett. Það er þess vegna ekkert annað fullnægjandi en að till. sé orðuð upp. svo ábyrgðin nái aðeins til þeirrar upphæðar, sem greidd er fyrir fiskinn af kaupanda hans í þess lands mynt, sem salan fer fram í. Á þann eina hátt er það tryggt, að ábyrgðin nái ekki til annars en gengisfalls og yfirfærsluvandræða. En til þess að gera nú málið einfaldara, vil ég lýsa því yfir, að þótt till. væri breytt á þennan hátt, gæti ég ekki fylgt því, að þessi ábyrgð væri tekin að fullu, og hvergi nema á Ítalíu, eins og till. stjórnarinnar ber með sér. Ef gengið væri inn á þá leið að ábyrgjast að fullu gegn gengissveiflum og yfirfærsluvandræðum, þá mundi það draga úr áhuga fyrir því að selja fisk annarsstaðar, þar sem þó væri hægt að fá hann greiddan í frjálsri valútu, og mundi þess vegna verða óeðlilega mikil ásókn að selja til þeirra landa, sem ekki leyfa frjálsa greiðslu. Fleira kemur til greina, en ég hirði ekki um að geta um það nú, og kem væntanlega að því, þegar þáltill. kemur til umræðu.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi bera okkur saman við Norðmenn og sagði, að ólíkt betur væri búið að sjómönnunum þar en hér. Það getur verið, að þetta sé rétt, en ég vil benda hv. þm. á það, að aðstaða okkar gagnvart sjávarútveginum er ólík aðstöðu Norðmanna.

Hjá Norðmönnum er sjávarútvegurinn lítill þáttur í framleiðslu þjóðarinnar, og þess vegna hægra um vik fyrir þá að gera honum nokkra úrlausn heldur en fyrir okkur, þar sem útvegurinn er svo mikill þáttur í framleiðslu þjóðarinnar, að ríkissjóði er það algerlega um megn að gera honum sömu skil eins og Norðmenn geta gert sér að meinfangalausu. En fyrst farið er að tala um Noreg, vil ég benda hv. þm. á það, að í Noregi er þessu atriði hagað þannig, að ábyrgðin er aðeins 75% af andvirði fiskjar, sem er innifrosið á Spáni, eins og talað er um í till. stj., en 90% af því, sem er í Ítalíu, en hvergi 100%, eins og hv. þm. N.-Ísf. taldi eðlilegt og nauðsynlegt, og ástæðan til þess, að ábyrgðin er höfð fyrir 90% af því, sem innifrosið er á Ítalíu, er sú, að Norðmönnum er bannað að kaupa vörur frá Ítalíu vegna refsiaðgerðanna, og þess vegna er ábyrgðarprósentan höfð hærri þar. En aðstaða þeirra á Spáni er ekki ólík aðstöðu okkar á Ítalíu, og þar þótti þeim sanngjarnt að halda sér við 75%.

Ég geri ráð fyrir, að ég hafi ekki minni áhuga á því heldur en hv. þm. N.-Ísf. að greiða fyrir fisksölumálunum, og kjósendum minum er það eins mikið hagsmunamál eins og kjósendum hans, en sá er munur á afstöðu okkar, að ég tek tillit til þess, hvað er framkvæmanlegt, og vil ekki, að ríkissjóður taki á sig alla þessa ábyrgð, þótt ég vilji, að hlaupið sé undir bagga þar, sem er eins ástatt og á Ítalíu. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál.

*__Jakob Möller:__ Ég hefi að segja má á elleftu stundu leyft mér að bera hér fram brtt. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á 3½ milljón króna láni fyrir Reykjavíkurbæ til þess að koma upp hitaveitu, og er gert ráð fyrir, að eitthvað af því láni yrði að vera erlent fé, vegna þess að óhjákvæmilegt er að kaupa erlenda vöru til þessa verks, og yrði þá að sjálfsögðu að fá erlent lán til þess að greiða þá vöru.

Ég býst ekki við, að það hafi mikla þýðingu að halda langa ræðu um þetta mál, enda eru ekki margir viðstaddir af hv. þm. Ég skal geta þess, að það hefir verið gerð lausleg áætlun um,

að með 100 lítra vatnsrennsli á sekúndu mætti koma upp hitaveitu, sem yrði arðvænlegt fyrirtæki. Hinsvegar er það vitanlegt, að það vatnsrennsli er ekki nóg til þess að hita allan Reykjavíkurbæ, en líkur eru taldar á, að meira vatn sé fáanlegt á því svæði, sem nú er rannsakað; mun nú vera búið að fá nægilega heitt vatn, sem svarar 100 lítrum á sekúndu, og má því telja líklegt, að hægt sé að koma upp hitaveitu, sem borgi sig fyrir bæinn. Hinsvegar er mikill hluti af hitasvæðinu órannsakaður, og það jafnvel sá hluti þess, sem er líklegur til að gefa beztan árangur, og má þannig telja líkur til þess, að nægilegt vatn fáist til að hitaveitan fullnægi bænum, eins og hann er nú, og verði jafnvel við vöxt.

Það er öllum ljóst, hve þýðingarmikið mál þetta er fyrir Reykjavíkurbæ, enda er öllum kunnugt, að áhugi bæjarbúa fyrir málinu er mikill. Það hefir verið gengizt fyrir undirskriftum undir áskorun um að hrinda þessu máli í framkvæmd. Ég hafði ekki heyrt um árangur af þessari undirskriftasöfnun, þegar ég bar fram till. mína, svo það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., þegar hann er að gera því skóna, að ég muni hafa vaknað við, þegar ég sá, hve góður sá árangur var. Þessi árangur er að vísu svo góður, að full ástæða hefði verið að vakna við hann. Á tiltölulega mjög skömmum tíma hafa safnazt um 7000 nöfn undir þessa áskorun, og sýnir þetta ljóslega, hve áhugi er mikill fyrir þessu máli, og það er vafalaust, að auðvelt væri að fá a. m. k. 90% af bæjarbúum til að skrifa undir slíka áskorun. Mönnum er það ljóst, hvaða þýðingu það hefir fyrir bæinn að fá hitaveituna, og hvaða þýðingu það hefir fyrir viðskipti landsins út á við að geta sparað þann gjaldeyri, sem fer fyrir eldsneyti handa bænum.

Það er að vísu ekki lokið þeim rannsóknum og undirbúningi, sem er nauðsynlegur til þess, að fullráðið sé að hefja verkið, en hinsvegar tel ég, að möguleikar séu á því, að verkið verði hafið á næsta ári að einhverju leyti, og þarf þá þegar að kaupa efni til verksins, og er þess vegna nauðsynlegt, að til sé heimild fyrir ríkisstjórnina að taka ábyrgð á því láni, sem þærin kynni að þurfa í því skyni.

Það er vitað, að verkið kostar miklu meira fé heldur en gert er ráð fyrir í till., að ríkið gangi í ábyrgð fyrir. En að sjálfsögðu verður allverulegur hluti þess stofnfjár fenginn með innanlandsláni. Það er að vísu ekki hægt að segja, hve mikið fé væri hægt að fá innanlands, en þótt meira gæti fengizt innanlands heldur en því svarar, sem er mismunurinn á stofnkostnaðinum og þeirri upphæð, sem hér er farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á, þá er hér aðeins um heimild að ræða, og þegar að því kæmi, að heimildina þyrfti að nota, þá lægju að sjálfsögðu fyrir fyllri upplýsingar um verkið og hvað til þess þyrfti af erlendu fé, og stjórnin mundi þá nota heimildina samkvæmt því, sem þá væri sýnt, að þyrfti.

Þótt þannig sé játað, að nokkur óvissa ríki um það, hvers muni þurfa til þess að framkvæma verkið, virtist mér rétt að bera þessa till nú fram, til þess að það væri ljóst, hvers mætti vænta, þegar til framkvæmda kæmi, og ekki ólíklegt, að til heimildarinnar yrði að taka áður en næsta þing kæmi saman.

Þegar á að verja láni til fyrirtækis, sem sparar erlendan gjaldeyri, þá er það ekkert áhorfsmál, að það borgar sig í framtíðinni, þegar vitað er að fyrirtækið getur staðið undir sér sjálft.

Ég sé svo ekki ástæðu til að flytja um þetta lengri ræðu, en vísa aðeins til þess, að hér er að sjálfsögðu aðeins um heimild að ræða, sem notast eftir því, sem reynslan sýnir að fyrirtækið sé arðvænlegt og líklegt til þjóðheilla.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Það er aðeins út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði um það, að það vantaði tryggingu fyrir því, að fiskurinn væri ekki látinn af hendi án þess að hann væri greiddur. Það ætti að vera nokkur trygging fyrir því, þar sem tveir stjórnskipaðir menn í stjórn S. Í. F. og tveir bankastjórar hafa með þetta að gera.

Ennfremur skrifaði S. Í. F. öllum umboðsmönnum sínum nú fyrir nokkru og bannaði harðlega að fiskurinn væri afhentur nema gegn staðgreiðslu. Þetta er hæstv. fjmrh. sjálfsagt kunnugt um. Hann sagði, að ríkisstjórnin hefði gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að flýta fyrir greiðslu. En ég hefi ekki orðið var við það. Það hefir, eins og ég lýsti áðan, verið seldur fiskur frá okkur á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi frá því í desembermánuði síðastliðnum, og það er engin eyrir kominn fyrir hann ennþá. Ég veit því ekki, í hverju þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar liggja. A. m. k. verður það ekki séð að því er snertir saltfisksöluna.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að það gætu komið fyrir mistök hjá stjórn S. Í. F. við samninga. Ég held, að það sé alveg útilokað með því að umboðsmönnum þeirra er bannað að selja fiskinn nema gegn staðgreiðslu.

Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðh. að vera að fetta fingur út í till., efni hennar eða tilgang, þar sem hann játar, að hann mundi ekki samþ. till., hvernig sem hún væri. Hæstv. ráðh. vill alls ekki ganga inn á þessa till. Hann hélt, að þetta mundi kannske hvetja S. Í. F. til þess að selja fisk til þessara landa meira heldur en góðu hófi gegndi, ef ríkissjóður gengur í þessa ábyrgð.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvar á að selja Labradorfisk annarsstaðar en á Ítalíu? Á að þurrka hann fyrir Portúgal og selja hann þar með verði, sem samsvarar því, að útgerðarmenn fái aðeins útlagðan kostnað og hafi ekkert handa sjálfum sér? Hæstv. ráðh. sagði, að aðstaðan væri ólík í Noregi og hér. Það er rétt. Norðmenn eru miklu færari til þess að styrkja sína saltfisksútgerð heldur en Íslendingar, en það er líka miklu meiri nauðsyn fyrir okkur að halda þessum atvinnuvegi uppi. Það mundi ekki verða stórhnekkir fyrir þjóðarbúskap Norðmanna, þó að saltfisksveiðar þeirra legðust niður. En það mundi ríða þessu þjóðfélagi að fullu, ef saltfisksveiðarnar stöðvuðust, og það

er fyrirsjáanlegt, að það verður, ef ekkert verður að gert.

Annars er þarna óliku saman að jafna. Fyrst og fremst það, að ríkissjóður þarf engan halla að bera af ábyrgðinni. Það er á valdi stjórnarinnar. *Og í öðru lagi styrkja Norðmenn útveginn* með beinum framlögum og óbeint með því að heimta ekki útflutningsgjald af saltfiski.

*Frsm. síðari kafla (Bjarni Bjarnason): Svo sem venja er til mun ég verða mjög stuttorður.

Það eru komnar fram um 100 brtt. frá einstökum þm. *Fjvn. hefir enga afstöðu tekið til* þeirra í heild, og hefi ég því ekkert umboð fyrir hönd n. til þess að segja um það, hvaða till. eigi að samþ. og hverjar eigi að fella. Ég geri hinsvegar ráð fyrir, að n. liti svo á, að allflestar, ef ekki allar þær till., sem miða að því að hækka þá liði, sem fjvn. hefir farið höndum *um áður, eigi ekki að ná fram að ganga.* Það verður því að ráðast, þar sem fjvn. hefir ekki haldið neinn fund og mun sennilega ekki gera, hvernig einstakir þm. snúast við þeim till., sem liggja fyrir. Ég vil aðeins geta þess, að það gæti orðið dálitið önnur útkoma á fjárlagafrv. heldur en nú er, ef mikið yrði samþ. *af þeim till., sem fyrir liggja.*

Þó eru það aðeins nokkrar till., sem skipta mjög litlu máli hvað fjárhæð snertir, en eru þó þess eðlis, að þær eru til samræmis við það, sem n. hefir gert í einstökum atriðum, sem n. mundi sennilega hafa gengið inn á, ef eitthvað af þeim hefði legið fyrir.

*Ég vil nefna t. d. tvær till. um styrk til iðn*aðarmannafélaga, annars á Akranesi, en hins í Vestmannaeyjum, 500 kr. til hvors. Ég get ekki stillt mig um að mæla með þessum till.

Þá er það ennfremur til ófriðunar sels í Ölfusá, sem ég er persónulega meðmæltur að gangi fram, en get ekki sagt neitt um það fyrir hönd n.

Þá er *það ennfremur til vitavarðarekkju* 300 kr., sem er líka í samræmi við það, sem n. hefir gert.

Þá er beiðni um styrk til fávita. Ég legg ekkert til þeirra mála, en það er vitanlegt, að þeir fávitar, sem ekki komast á hæli, eru til mikilla þyngsla.

Svo er till. um styrk til Þorsteins Bjarnasonar, sem er mjög svo mikill fræðimaður, þó að hann sé ekki skólagenginn. Er sú till. að upphæð 300 kr. Vænti ég, að á hana verði litið með velvilja.

Þá er ein till. um póst, sem fjvn. leggur til að fái 200 kr. Hann er 70 ára gamall og hefir verið í 40 ár póstur.

Þá er till. á þskj. 547 frá hv. þm. V.-Ísf. um að styrkurinn til dagheimilis fyrir börn í Reykjavík verði sérstakur, 3000 kr., og til barnaverndar 2000 kr. En aftur á móti hefir fjvn. flutt till. um það, að veitt sé aðeins til barnaverndar 6000 kr., en þar af fari 2000 kr. til Hafnarfjarðar, en að öðru leyti fari þetta fé eftir úthlutun barnaverndarráðs. Ég vil ekki gera þetta að neinu kappsmáli. Hér er að vísu um 1000 kr. hækkun að ræða eftir till. hv. þm. V.-Ísf., en ég hefi orðið var við, að hv. þm. fella sig betur við hana heldur en till. n.

Þá er till. á þskj. 549 frá hv. 6. þm. Reykv., sem einnig hefir legið fyrir fjvn. Fer till. fram á læknisvitjanastyrk til þriggja hreppa í einu læknishéraði, og skiptist upphæðin á milli þeirra eftir kostnaði. Leggur n. ekki á móti *þessari till.*

Þá er till. á þskj. 545, sem fer fram á styrk til Einars Þorkelssonar fyrrv. skrifstofustjóra. Hann hefir að vísu eftirlaun, en er nú orðinn blindur og gamall og þar að auki ómagamaður. Væri það litt sæmandi fyrir Alþingi að láta slíkan mann fara á sveitina, þar sem hann hefir *lengi verið skrifstofustjóri Alþingis.*

Þá eru það aðeins tvö eða þrjú atriði, sem mig langar til að minnast á. Það er í fyrsta lagi aths. við 16. gr. — Búnaðarfélagið. Það hafa fallið nokkur orð um þessa aths. frá ýmsum þm., og sagði einn þeirra, hv. þm. Borgf., að ég hefði auðmýkt mig gagnvart þessari till. En það er *síður en svo. En hitt er annað mál*, að ég get tekið þessa till. aftur, þar sem það er sýnt, að breytingin á jarðræktarlögunum nær fram að ganga. Ég vil segja hv. þm. það, og öðrum, sem hafa hnýtt í meiri hl. fjvn. fyrir aths., að það er ekki að ástæðulausu að landbúnaðarráðh. þarf að hafa *íhlutunarrétt um starfsmannaráðningu í Búnaðarfélaginu.* Því að það eru dæmi til þess, að einstakir starfsmenn hafa komizt á hærri laun heldur en sjálfur búnaðarmálastjórinn. Það tel ég ekki heppilegt, og er það m. a. tilefni til þess að ég hefi komið með þessa till.

Þá vil ég minnast á till., er snertir mitt eigið *kjördæmi.* Það er till. frá hv. 11. landsk., um Snæfellsás á Stokkseyri, þar sem farið er fram á að styrkurinn sé hækkaður úr 3000 kr. upp í 5500 kr. Ég er svo kunnugur fjárreiðum Stokkseyrarhrepps, að ég er alveg sannfærður um, að hann á nóg með að leggja fram fé á móti þessum 3000 kr., hvað þá ef hann ætti að leggja fram *fé á móti 5500 kr.*, þar sem hann þarf líka að leggja fram á móti 2000 kr. til bryggju. Meira getur hann ekki. Þess vegna býst ég ekki við, að þessi hækkun hafi mikla þýðingu.

Þá get ég ekki látið hjá líða að láta þess getið, að ég kann illa við það, að hv. þm. séu að krukka í það við 3. umr., sem samþ. er við 2. *umr. Hér hefir t. d.* hv. þm. Ak. tekið upp aths. um Bjarna Björnsson, að hann skuli til þess að fá styrk verða að fá meðmæli frá menntamálaráði. Það er ekki ástæða til að halda, að þessi maður verði á fjárl. til eilífðar, hvað sem um hans menntun má annars segja. Sé ég því ekki ástæðu til að taka þessa aths. til greina.

Þá vil ég geta þess í sambandi við Halldór Kiljan Laxness, að ég held, að það sé misskilningur hjá hv. þm. A.-Húnv. að halda, að hann slái sig til riddara hjá bændum með því að halda því fram, að Halldór Kiljan Laxness hafi það fyrir atvinnu að svívirða þá.

Ég get svo látið útrætt um þetta, en segi aðeins að lokum, að ég mun í öllum höfuðatriðum greiða atkv. á móti brtt. frá einstökum þm., og vil vitanlega vænta þess, að þær falli sem flestar, til þess að fjárlagafrv. geti orðið sem næst því, er fjvn. hefir gengið frá því og það var lagt fyrir þingið.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af skrifl. brtt., sem hér var borin fram á 12. stundu, þar sem það er einhver stærsta till. við þetta frv. Ég verð því að segja það, að mér finnst þessi málflutningsaðferð í mesta lagi óviðkunnanleg. Við höfum verið hér að starfi í 83 daga, og allan þann tíma hefir hv. flm. till. átt þess kost að koma þessu máli á framfæri, en látið það undir höfuð leggjast þangað til nú á 12. stundu, að hann flytur skrifl. brtt. við fjárlagafrv., þó að fjvn. hafi ekki nokkra aðstöðu til þess að kynna sér málið og margir þm. gengnir af fundi í þeirri trú, að ekki komi fram stór nýmæli, því að það er ekki venja, þegar komið er fram á nótt við síðustu umr. fjárl. Ég verð því fyrir mitt leyti að segja, að eins og þetta mál er í pottinn búið af hálfu hv. flm., þá treysti ég mér ekki til þess að vera með till. og tel það óforsvaranlega afgreiðslu af þinginu að gleypa við till. eins og þessari.

Það getur verið, að þetta sé mjög gott mál, en það hefir ekki verið nein aðstaða til þess að rannsaka efnisatriði málsins síðan till. kom fram; a. m. k. hefi ég ekki haft tíma til þess. Var ég þó viðstaddur, þegar hún kom fram, — en hvað skal þá segja um hina, sem ekki hafa hugmynd um hana og sjá hana ekki fyrr en þeir eiga að fara að greiða atkv. um hana?

Af þessum ástæðum get ég ekki fylgt þessari till., en það er ekki af neinum fjandskap við málið, heldur til þess að undirstrika, að mér finnst ég ekki geta verið með því að samþ. að óathuguðu máli jafnstórt mál og þetta. Og mér finnst öll meðferð hv. þm. á þessu máli bera það með sér, að hann hafi alls ekki reiknað með því að till. væri samþ. Ég býst heldur ekki við því, jafnskammt og þetta mál er á veg komið, að það þurfi að verða því til trafala, að þetta bíði næsta þings. Af öllum þessum ástæðum mun ég í þetta skipti greiða atkv. á móti þessari till., en því fylgir í raun og veru enginn úrskurður um málið sjálft. Ég hygg, að fleirum fari þannig, að þeir geti ekki af þessari sömu ástæðu fallizt á að samþ. þessa stórkostlegu till.

*Eiríkur Einarsson: Ég vil aðeins segja nokkur orð til þess að leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. frsm. viðvíkjandi styrkbeiðni til Snepilrásar og lendingarbóta á Stokkseyri. Hv. frsm. sagði, að Stokkseyri mundi eiga fullt í fangi með að leggja fram á móti því fé, sem fjvn. leggur til, að veitt verði, þó ekki væri farið að veita meira til þessa hreppsfélags. Ég vil taka það fram, að þó að Stokkseyrarhreppur eigi örðugt, þá kemur það þessu máli ekkert við, vegna þess, að það er ekki Stokkseyrarhreppur, sem stendur að þessum hafnarbótum á Stokkseyri, heldur sérstök félagsdeild manna — deild úr Fiskifélagi Íslands. Þessir menn hafa látið annast alla þessa aðgerð og alltaf lagt fram það fé, sem áskilið hefir verið. Fékk ég um það vottorð hjá vitamálastjóra, að þeir hefðu greitt öll sín tilskildu gjöld og stæði því ekkert upp á þá í þessu tilliti.

Ég veit það, að frá Stokkseyringum sjálfum liggur fyrir beiðni um þetta. Það er að vísu dálítið til þess lítið með till. fjvn., en miklu minna en nauðsynlegt er, því að afkoma manna á þessum stað er svo mikið undir því komin, að þeir geti stundað sjóinn. Það, sem er því mest áríðandi, er að bæta innsiglinguna. Þeir menn, sem að þessu mannvirki standa, hafa ekki látið sitt eftir liggja, svo að sú ástæða, sem hv. frsm. tilfærði, er ekki rétt. Þess vegna vænti ég að hv. frsm. og aðrir hv. þm. ljái þessu máli lið.

*Jakob Möller: Mér þykir leitt, hvernig hæstv. fjmrh. tekur í þessa till., sem ég bar fram. Ég veit að vísu, að till. kom seint fram, þó að það sé ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að hún hafi ekki komið fyrr en á 12. stundu, því að ég ætla að klukkan hafi ekki verið nema rúmlega 10, því að ég gekk af fund kl. 10½ og það var þó nokkru eftir að till. var komin fram og leitað var afbrigða. Það er rétt, að ýmsir þm. hafa gengið af fundi síðan og kannske einhverjir áður. (JAJ: Eða ekki mætt vegna þinganna!). Já, en þeir hv. þm., sem voru við þegar afbrigða var leitað fyrir till., hafa enga afsökun, þó að þeir hafi gengið af fundi, enda geri ég ráð fyrir, að þeir hafi þá þegar myndað sér skoðun um till. Því að þetta mál, þó að það hafi ekki verið rætt á þingi, er svo alkunnugt, að ég geri ráð fyrir, að flestir geti verið nokkuð fljótir til þess að taka ákvörðun um, hvort þeir eigi að styðja framgang þess eða ekki.

Hæstv. fjmrh. áfelldist mig mikið fyrir það, að hafa látið allan þingtímann líða þannig að gera ekkert í málinu. En sannleikurinn er sá, að allan þingtímann hefir verið unnið að rannsóknum á því og borunum haldið áfram að svo miklu leyti, sem unnt hefir verið. Og það hefir lítið skeð í málinu, en nú fyrst er full vissa fyrir því, að framhaldsrannsóknir geti gengið greiðlegar heldur en áður, því að það hafa verið lögð drög að því að fá nýjan og stærri bor til þess að framkvæma boranir, og það má gera ráð fyrir, að þegar sá bor er fenginn, þá gangi rannsóknirnar fljótar heldur en hingað til.

Hér er eins og ég gat um áðan aðeins um heimild til ríkisstjórnarinnar að ræða, og ég skil ekki í því vantrausti, sem hæstv. fjmrh. hefir lýst á sjálfan sig í sambandi við málið, þar sem hann taldi sér ekki fært að taka við þessari heimild, sem hann svo sjálfur á að ráða um, hvort verður notuð eða ekki.

Hinsvegar er það kunnugt, að áhugi fyrir að framkvæma þetta verk er afarmikill hér í bænum, og m. a. hefir það komið fram í blaði hæstv. ráðh., að það hafi mikinn áhuga fyrir þessum málum. Þess vegna vona ég, að hæstv. fjmrh. komist við nánari athugun að annari niðurstöðu og beiti sínum áhrifum að því, að hv. þm. veiti þessa heimild í fullu trausti til hæstv. ráðh. af þeirra hálfu, að hann láti ekki teygja sig út í neina vitleysu í sambandi við þessa heimild.

Frsm. síðari kafla (Bjarni Bjarnason): Mér yfirsást áðan með eina till., um styrk til Stórstúku Íslands. Ég ætla auðvitað ekki að bæta neinu sérstaklega við það, sem hv. þm. Borgf. sagði, þegar hann mælti fyrir till., heldur aðeins

bæta því við, að það var ekki hægt að fá ákveðinn meiri hl. fyrir till. í fjvn. Það var ekki af því, að ekki væru nægilega margir einstaklingar innan n., sem vildu styðja till., heldur var það af því, að það var talsverður ágreiningur í flokkunum um hana. Slíkar till. sem þessar hafa jafnan verið fluttar í þinginu án tillits til pólitiskra flokka, og svo er einnig nú. Ég vil vænta þess, að þessi till. nái samþykki, því mér er það mikið áhugamál, að bindindisstarfsemin í landinu geti notið þessa styrks, sem er henni nauðsynlegur til þess að geta starfað svo sem þörf krefur. Við höfðum í fyrstunni ætlað okkur að bera fram hærri till., eða till. upp á 10 þús. kr., en við væntum þá þess, að hv. þm. vilji þeim mun fremur fallast á þær 6 þús. kr., sem hér er farið fram á, þar sem við vorum svo hæverskir að draga nærri helming af því, sem við höfðum ætlað okkur að koma fram með. Sérstaklega væri mér sárt um það, ef þessi till. yrði felld, þar sem gert er ráð fyrir því, að ef hún næði samþykki, þá fengi samband bindindisfélaga í skólum hækkaðan styrkinn úr 2500 kr. upp í 3500 kr. Það er sannarlega gleðileg tilhugsun og ánægjuleg fyrir bindindissinnaða menn, að allir skólar í landinu hafa tekið upp eitthvert bindindisstarf, og sumir mjög svo kröftuglega, og þeim fer fjölgandi árlega, sem ganga í þennan félagsskap. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi vinnubrögð og þessi hugsjón unga fólksins sé þess verð, að hún sé styrkt, og það er því vel, ef hv. þm. vildu líta á það með sérstökum velvilja, þar sem við höfum annarsvegar dregið úr till. okkar, og þar sem okkur er það ennfremur mikið kappsmál, að bindindissamtökin í skólunum geti notið hærri styrks en nú, en það verður að sjálfsögðu fellt, ef þessi till. verður felld í heild.

Þá vil ég aðeins geta þess við hv. 11. landsk., að till. um fjárveitingu til lendingarbóta á Stokkseyri er flutt eins og till. hans, nema að því leyti, að það er Stokkseyrarhreppur, sem á að ráðstafa fénu. Ég get ekki skilið annað en það sé eins með Stokkseyri og önnur sjávarpláss, að höfnin og mannvirkið sé hreppsins, þó að það kunni að vera einstakt félag, sem leggur fé af mörkum. Ég get trúið, að fiskiræktarfélagið leggi fé fram, og það er vel, ef svo væri. En ríkissjóðsstyrkurinn er því skilyrði bundinn, að fjárframlag sé tryggt á móti. (EE: Má ég skjóta svolitlu fram í: Umsóknin, sem liggur fyrir frá því í vetur um þennan styrk til hafnarbóta á Stokkseyri, er stíluð frá réttum aðilja, fiskifélagsdeildinni á Stokkseyri, og vottorðið frá vitamálastjóra er svar til þess félags, en Stokkseyrarhreppur sem slíkur hefir ekki komið þar nærri). Það sannar ekkert, þó umsóknin hafi legið fyrir frá fiskiræktarfélaginu. Það er ekkert með því sagt um það, að þessu sé ekki eins varið og til annara lendingarbóta, að féð sé veitt með því skilyrði, að ráðh. samþykki áætlunina og vitamálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd verksins.

Ég vildi aðeins leiðrétta það, að það var enginn misskilningur hjá mér um þetta. Ég þekki þetta eins vel og hv. 11. landsk., sem alltaf telur sig þm. Árn., þó hann sé það ekki.

Guðrún Lárusdóttir: Ég ætla ekki að tala langt mál, enda er orðið framorðið og umr. senn lokið. En það voru fáein orð í næstsíðustu ræðu hv. frsm., sem gáfu mér tilefni til þess að bæta við það ofurlitlu. Hann var að átelja það, að nokkrir menn í þinginu hefðu verið að krukka í þann rithöfund, sem stundum berst hér í tal, sem sé Halldór Kiljan Laxness. Þar sem ég er ein af þeim þm., sem hafa verið að krukka í þennan heiðursmann, þá vildi ég gera grein fyrir því frá minni hendi, hverskonar krukk það hefir verið. Það má vitanlega kalla það svo, að krukkað sé í þann rithöfund, sem maður gagnrýnir eitthvað, en það hefi ég leyft mér að gera hér á þingi. Mér hefði ekki þótt taka að minnast á þetta, ef ekki væri svo ástatt, að einmitt þessum manni hefir verið hossað hátt, og það hærra en nokkrum öðrum íslenzkum rithöfundi. Ég þori að fullyrða, að hann er kominn á fjárlög með þau hæstu rithöfundalaun, sem nokkru sinni hafa verið úti látin á okkar fátæka landi. Hann hefir verzlað við menntamálaráð, selt handrit sín og fengið að lesa sögur sínar í útvarpið. Hann hefir sem sagt komizt á þær allrahæstu nótur hvað þetta snertir. Til slíks manns hlýtur maður að gera meiri kröfur, miklu meiri en til þeirra, sem ekkert hefir verið látið með. Það er líka það eina, sem ég hefi gert, bæði fyrir mína hönd og annara. Ég skal játa, að mér hefir fundizt, að þessi rithöfundur hafi heldur bætt ráð sitt í seinni tíð, og ég get hugsað mér, að það hafi átt sinn þátt í því, þetta „krukk", sem hann hefir orðið fyrir hér á þingi, bæði frá mér og fleirum. Það er nú einu sinni svo, að menn hafa stundum þetra af „krukkinu" heldur en af kjassinu. Það hefir líka verið haft orð á því hér í kvöld, að svo mundi vera, í hinu hjartnæma þakkarávarpi, sem einn hv. þm. flutti til annars hv. þm. fyrir lofræðu, sem hann hélt hér fyrir minni Laxness, svo að ég er ekki ein um þá skoðun, að rithöfundurinn hafi eitthvað lagazt, enda var vissulega þörf á því. En þrátt fyrir þetta eru þessi ritverk, sem lofræðan var haldin um hér, — lofræða, sem minnti mig ofurlítið á líkræður, en þær eru löngum annálaðar fyrir lofið — þannig úr garði gerð, að í þeim eru slíkar smekkleysur og ýkjur, að fullyrða má, að í íslenzkum sögum og ritum yfirleitt fyrirfinnist ekki annað eins. Sumt af því er þannig vaxið, að það er ekki frambærilegt til umtals á löggjafarþingi þjóðarinnar, því þar ægir saman hinum furðulegustu lýsingum á ljótu máli, svo ekki sé sagt annað meira, og óþverra orðbragði, sem þætti óprýða hvers manns dagfar og breytni. Af þessum sökum þykir mér það undur mikil, að sjálfur fræðslumálastjóri landsins skuli standa hér upp og kalla svona rithátt listaverk(!) Það má kannske segja, að það sé ekki meira, þótt hann dáist að ritum Laxness heldur en ýmsir aðrir, en ég er nú svo kröfuhörð, að ég geri meiri kröfur til þeirra, sem framarlega standa í fylkingu, heldur en hinna, sem á eftir drattast. Til sönnunar því, sem ég hefi sagt, mætti t. d. nefna margar smekkleysur í sögunni „Sjálfstætt fólk." Ég ætla þó aðeins að nefna eitt dæmi. — Gamalt, guðhrætt fólk kenndi

börnunum að signa sig, og mun svo hafa verið gert almennt hér á landi, þótt hætt sé því nú. Síður þessi var í rauninni fagur og átti að auka lotningu barnsins fyrir helgi hins þrieina Guðs. En þegar Halldór Laxness fer höndum um þessa æfagömlu þjóðlegu venju, virðist hann gera það til að draga sem mest úr þeirri lotningu — því annars mundi hann tæpast láta Bjart, sjálfstæða bóndann í Sumarhúsum, hafa signinguna um hönd — á setunum! Ég veit, að fjöldi fólks hefir mestu skömm á svona lýsingum, og þær eru til þess eins að vekja gremju og andstyggð allra nokkurnveginn siðaðra manna. Ég tel, að þetta dæmi og önnur svipuð úr ritverkum Halldórs séu til vanvirðu í íslenzkum bókmenntum, og verði aldrei fegrað, enda þótt þjóðin sé látin gjalda gull fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 8. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 385, 502, n. 515, 519, 528, 544, 547, 548, 549, 550, 555, 557, 558, 560, 574, 576, 601, 605, 606).

ATKVGR.

Brtt. 502,1—4 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 502,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 502,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 547,I aðaltill. felld með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, SK, TT, ÞBr.
nei: ÁÁ, BÁ, BSt, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, JBald, PÞ greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (BJ, GL, PO, ÞÞ) fjarstaddir.
Brtt. 547,I varatill. felld með 24:19 atkv.
— 502,7 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 519,I tekin aftur.
— 502,8 samþ. með 38:1
— 502,9 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 502,10 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 519,II samþ. með 34:1 atkv.
— 549 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 502,11 kom ekki til atkv.
— 519,III samþ. með 33 shlj. atkv.
— 502,12 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 519,IV aðaltill. felld með 24:18 atkv.
— 519,IV varatill. felld með 24:20 atkv.
— 502,13 samþ. með 29:5 atkv.
— 502,14 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 547,II samþ. með 24:21 atkv.
— 547,III samþ. með 26:7 atkv.
— 502,15 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 547,IV samþ. með 24:8 atkv.
— 519,V samþ. með 25 shlj. atkv.
— 502,16—17 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 519,VI felld með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr.
nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, JBald.
Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 519,VII felld með 24:19 atkv.
— 502,18—19 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 547,V tekin aftur, en tekin upp af fjmrh. og felld með 28:13 atkv.
— 519,VIII samþ. með 25:15 atkv.
— 519,IX aðaltill. felld með 24:19 atkv.
— 519,IX varatill. felld með 25:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP.
nei: JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.
MT greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 502,20 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 519,X felld með 24:21 atkv.
— 502,21—22 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 519,XI aðaltill. felld með 25:17 atkv.
— 519,XI varatill. felld með 24:19 atkv.
— 519,XII samþ. án atkvgr.
— 519,XIII samþ. með 36 shlj. atkv.
— 547,VI felld með 25:20 atkv.
— 502,23 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 502,24—26 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 519,XIV felld með 25:20 atkv.
— 519,XV.1 felld með 24:21 atkv.
— 502,27.a samþ. með 31 shlj. atkv.
— 519,XV.2 felld með 25:21 atkv.
— 502,27.b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 519,XVI felld með 24:21 atkv.
— 519,XVII felld með 24:13 atkv.
— 519,XVIII felld með 26:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, SK, TT, ÞBr.
nei: BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT,[1]) PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, JBald.
JS, PO greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 502,28 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 519,XIX aðaltill. felld með 26:17 atkv.
— 519,XIX varatill. felld með 25:20 atkv.
— 502,29 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 519,XX samþ. með 26:5 atkv.
— 519,XXI aðaltill. felld með 24:8 atkv.
— 519,XXI varatill. felld með 24:14 atkv.
— 519,XXII felld með 24:21 atkv.
— 519,XXIII felld með 26:9 atkv.
— 502,30 samþ. með 24:11 atkv.
— 502,31.a samþ. með 26:4 atkv.
— 502,31.b samþ. með 26:3 atkv.
— 502,31.c samþ. með 31 shlj. atkv.
— 502,32 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 502,33 samþ. með 28:12 atkv.
— 547,VII aðaltill. felld með 24:19 atkv.

1) **MT**: Þar sem ég býst við, að Stokkseyringar eigi nóg með að leggja fram fé á móti þessum 3 þús. kr., sem fjvn. leggur til, að veittar verði, þá segi ég nei.

Brtt. 547,VII varatill. samþ. með 24:18 atkv.
— 547,VIII felld með 24:23 atkv.
— 547,IX.a felld með 24:21 atkv.
— 547,IX.b felld með 24:22 atkv.
— 502,34 samþ. með 24:5 atkv.
— 547,X felld með 24:20 atkv.
— 519,XXIV felld með 24:13 atkv.
— 502,35—39 samþ. með 27:2 atkv.
— 502,40.b samþ. með 24:6 atkv.
— 519,XXV samþ. með 27:14 atkv.
— 519,XXVI felld með 32:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JónP, JS, PZ, SigfJ., FJ, GÍ.

nei: HG, HermJ, IngP, JakM, JAJ, JÓl, JG, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PÞ, PHalld, PM, PO, SE, SK, SÁÓ, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GP, GSv, GL, HermJ.

JJós, JJ, MT, BSt, EÁrna, EE, GG, JBald greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 502,41 samþ. með 24:7 atkv.
— 502,42 samþ. með 26:9 atkv.
— 547,XI samþ. með 24:17 atkv.
— 576,I felld með 24:14 atkv.
— 502,44 samþ. með 27:1 atkv.
— 519,XXVII felld með 24:12 atkv.
— 547,XII samþ. með 32:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JörB, MG, MT, ÓTh, PHerm, PÞ, PHalld, PM, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GL, HannJ, HG, HermJ, HV, IngP, JakM, JJós, JAJ, JónP, JBald.

nei: JJ, MJ, SigfJ, SK, TT, GÍ, JÓl.

JS, PZ, PO, BSt, BÁ, EE, GP, GG greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 528 samþ. með 25:10 atkv.
— 502,45, svo breytt, samþ. með 26:10 atkv.
— 547,XIII felld með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞBr, BB, EE, GP, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT.

nei: ÁÁ, BSt, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ,[1]) PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, JBald.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 502,46 samþ. án atkvgr.
— 560,I.1 felld með 24:15 atkv.
— 502,47 samþ. án atkvgr.
— 519,XXVIII aðaltill. felld með 24:15 atkv.
— 519,XXVIII varatill. samþ. með 26:13 atkv.
— 519,XXIX aðaltill. felld með 25:15 atkv.
— 519,XXIX varatill. felld með 25:19 atkv.
— 502,48.a samþ. með 34:4 atkv.
— 502,48.b samþ. með 28:1 atkv.
— 502,49.a samþ. með 35 shlj. atkv.
— 502,49.b samþ. með 28:2 atkv.
— 502,50 samþ. með 25:11 atkv.
— 519,XXX felld með 24:20 atkv.
— 502,51 samþ. með 24:2 atkv.

1) **PZ:** Ég er í sjálfu sér ekkert mótfallinn því, að fé sé veitt til slíkrar starfsemi, en þar sem þörfin er viða miklu brýnni, þá segi ég nei.

Brtt. 605 felld með 25:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PÞ, PHalld, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EystJ, GP, GG, GSv, HermJ, JakM.

nei: JAJ, JÓl, JónP, JS, JG, MG, MJ, MT, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÞBr, EE, EmJ, FJ, GÍ, HannJ, HG, HV, IngP, JBald.

GL, PZ, PM, SK greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 560,I.2 tekin aftur.
— 547,XIV aðaltill. felld með 24:20 atkv.
— 547,XIV varatill. felld með 26:5 atkv.
— 519,XXXI felld með 24:11 atkv.
— 502,52 samþ. með 26:3 atkv.
— 547,XV samþ. með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GP, GSv, GL, HannJ, HG, HV, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PÞ, PHalld, PM, PO, SK, StJSt, TT, ÞBr, ÁÁ.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, HermJ, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, SigfJ, SE, SÁÓ, ÞorbÞ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, JBald.

GÍ, JónP greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 519,XXXII samþ. með 25:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JG, JJ, MG, MJ, MT, PÞ, SE, SK, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HannJ, HG, HV, JakM, JBald.

nei: JAJ, JÓl, JónP, JS, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHalld, PM, PO, SigfJ, TT, EÁrna, GÍ, GL, IngP.

BSt, BÁ, GP, GG, HermJ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 502,53 samþ. með 25:2 atkv.
— 519,XXXIII samþ. með 24:12 atkv.
— 519,XXXIV aðaltill. felld með 25:15 atkv.
— 519,XXXIV varatill. samþ. með 27:10 atkv.
— 574 samþ. með 27:11 atkv.
— 544,1 kom ekki til atkv.
— 519,XXXV tekin aftur.
— 519,XXXVI tekin aftur.
— 519,XXXVII felld með 27:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GL, HG, IngP, JakM, JÓl, JG, JörB, MG, PZ, PHalld, PO, SÁÓ, ÞorbÞ, ÞBr, BB, EE.

nei: EmJ, GP, GÍ, HannJ, HermJ, HV, JJós, JAJ, JónP, JS, JJ, MJ, MT, ÓTh, PHerm, PÞ, PM, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, ÁÁ, BSt, BÁ, EÁrna, JBald.

GG, GSv greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 502,54—60 samþ. með 29:5 atkv.
— 558 felld með 24:15 atkv.
— 502,61 samþ. án atkvgr.
— 502,62 samþ. án atkvgr.
— 519,XXXVIII aðaltill. felld með 25:18 atkv.
— 519,XXXVIII varatill. felld með 24:20 atkv.
— 555 samþ. með 25:4 atkv.
— 547,XVI aðaltill. felld með 27:15 atkv.
— 547,XVI varatill. samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GP, GSv, GL, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PÞ, PHalld, PM, SK, StJSt, TT, ÞBr, EE, JBald.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, HG, HermJ, IngP, JónP, JJ, JörB, PZ, SigfJ, SÁÓ, BSt, BB, EÁrna.

HannJ, HV, JG, PHerm, SE, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (PO, ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 502,63—68 samþ. með 32:2 atkv.
— 547,XVII aðaltill. tekin aftur.
— 547,XVII varatill. samþ. með 24:17 atkv.
— 502,69.a—b samþ. með 30:2 atkv.
— 502,69.c kom ekki til atkv.
— 502,69.d samþ. með 30:2 atkv.
— 519,XXXIX samþ. með 24:9 atkv.
— 502,70 samþ. með 32:1 atkv.
— 547,XVIII samþ. með 26:6 atkv.
— 519,XL aðaltill. felld með 28:8 atkv.
— 519,XL varatill. felld með 27:10 atkv.
— 502,71 samþ. með 25:9 atkv.
— 502,72.a samþ. með 29:4 atkv.
— 502,43 samþ. án atkvgr.
— 502,72.b samþ. með 24:9 atkv.
— 502,40.a samþ. án atkvgr.
— 502,72.c—d samþ. með 35:2 atkv.
— 547,XIX samþ. með 36:1 atkv.
— 502,73 samþ. með 33:1 atkv.
— 502,74 tekin aftur, en tekin upp og felld með 24:20 atkv.
— 519,XLI aðaltill. samþ. með 24:15 atkv.
— 519,XLI varatill. kom ekki til atkv.
— 519,XLII samþ. með 26:1 atkv.
— 519,XLIII felld með 26:17 atkv.
— 502,75 samþ. með 25:4 atkv.
— 576,II samþ. með 25:7 atkv.
— 502,76, svo breytt, samþ. með 31:3 atkv.
— 519,XLIV felld með 25:6 atkv.
— 502,77 samþ. með 30:7 atkv.
— 519,XLIV felld með 25:6 atkv.
— 502,77.a samþ. með 30:7 atkv.
— 502,77.b samþ. með 30:7 atkv.
— 502,77.c samþ. með 30:7 atkv.
— 502,77.d samþ. með 30:7 atkv.
— 519,XLV felld með 23:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, GL, HG, HV,[1]) JakM, JJós, JAJ, MG, MJ, ÓTh, PÞ, PHalld, PO, SÁÓ, TT, ÞBr, ÁÁ, BB, EE, FJ, GÞ, GSv.

nei: HannJ, HermJ, IngP, JÓl, JónP, JS, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, BSt, BÁ, EÁrna, EmJ, EystJ, GG, JBald.

PZ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 547,XX felld með 25:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BB, EmJ, FJ, HG, HV, JG, JJ, JörB, PZ, PÞ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, JBald.

nei: EÁrna, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, GL, HannJ, HermJ, IngP, JJós, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHerm, PHalld, PM, TT, ÞBr, BSt.

JakM, JAJ, PO, SigfJ, SK greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Við nafnakallið um brtt. 547,XX gerðu 3 þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Jakob Möller: Ég skil ekki, hver er meiningin með þessari till. Hér var áðan í sambandi við 16. gr. borin undir atkv. till. frá hv. 6. þm. Reykv. um fjárveitingu til iðnsambandsins í þessu skyni. Nú er þessi till. borin fram sem heimild í 22. gr., og skilst mér, að það eigi að gilda í eitt skipti fyrir öll, og get því ekki greitt henni atkv.

Ólafur Thors: Ég fæ ekki betur skilið en að með þessum málaflutningi sé verið að gera málefni iðnaðarins pólitísk, en sé enga ástæðu til þess og segi því nei.

Sigurður Kristjánsson: Það er nýbúið að fella till., sem ég bar fram ásamt hv. 3. þm. Reykv. um styrk til landssambands iðnaðarmanna, en með þessari till. er, eins og menn sjá, veittur styrkur til skrifstofu, en ekki til félagsins. Er það sama og styrkurinn til Búnaðarfél. væri veittur því aðeins til skrifstofu, og þar sem ég tel, að með þessu sé verið að taka styrkinn af iðnsambandinu, greiði ég ekki atkv.

Brtt. 547,XXI.a samþ. með 25:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.

nei: JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, EE, GÞ, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ.

BÁ, GSv greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 547,XXI.b samþ. með 25:13 atkv.
— 547,XXII felld með 24:15 atkv.
— 560,II samþ. með 24:9 atkv.
— 550 samþ. með 25:14 atkv.
— 502,78 samþ. með 32:2 atkv.
— 601 samþ. með 26:7 atkv.
— 547,XXIII felld með 26:6 atkv.
— 519,XLVI aðaltill. tekin aftur.
— 519,XLVI varatill. samþ. með 24:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, ÞBr, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PÞ, PHalld, PM, PO, SK, TT, JBald.

nei: ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt.

EÁrna greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 502,79 samþ. án atkvgr.
— 547,XXIV felld með 27:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónP, MG, ÓTh, SK, TT, FJ, GÞ, GSv, GÍ, GL, JJós, JAJ.

nei: JÓl, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, PHalld, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.

MJ, BSt, EÁrna, EE, HannJ, JakM greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (JS, PM, ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 606,I samþ. án atkvgr.

---

1) **HV:** Í trausti þess, að ekki þurfi að nota nema helming upphæðarinnar.

Brtt. 519,XLVII, svo breytt, felld með 26:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT.

nei: ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, JBald.

HannJ, ÞBr greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 519,XLVIII felld með 25:16 atkv.

— 519,XLIX felld með 24:15 atkv.

— 519,L felld með 24:14 atkv.

— 606,II felld með 25:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, GL, JakM.

nei: JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.

JAJ, ÞBr, BÁ, HannJ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (JónP, ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Við nafnakallið um brtt. 606,II gerðu 9 þm. grein fyrir atkv. á þessa leið:

Jón Auðunn Jónsson: Ég er hlynntur þessu máli og veit, að þetta er til mikilla framfara fyrir bæinn, en málið er svo lítið undirbúið, að ég þori ekki að greiða því atkv. mitt.

Jónas Jónsson: Með því að mér þykir ekki sennilegt, að Reykjavík geti tekið lán án ríkisábyrgðar, segi ég nei.

Ólafur Thors: Ég er sammála því, sem form. Framsfl. sagði, að öðru leyti en því, að ég er ekki trúaður á, að Reykjavík fái lán án aðstoðar, og þess vegna segi ég já.

Páll Zóphóníasson: Með skírskotun til ummæla hv. þm. N.-Ísf. segi ég nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Með því að ekki er einu sinni upplýst, hvenær og hvernig þetta heita vatn verður framleitt, og engin áætlun liggur fyrir um rekstur þessa fyrirtækis og því engar líkur til þess, að þetta geti orðið í náinni framtíð, því miður, þá álít ég ábyrgðarheimildina alveg ástæðulausa og segi því nei.

Þorsteinn Briem: Vegna þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um málið, greiði ég ekki atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Brtt. þessi er borin fram við síðustu umr. þessa máls á síðustu stundu, og mönnum er enginn kostur gefinn á að fá nokkrar upplýsingar um málið, jafnstórt og það er, svo að ég segi nei.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Þar sem ekki liggja fyrir nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir frá Reykjavík, tel ég ekki tímabært, þó að ég sé þessu máli fylgjandi, að veita þessa ábyrgð og segi nei.

Héðinn Valdimarsson: Með skírskotun til þess, sem hv. 1. landsk. og hæstv. atvmrh. sögðu, segi ég nei.

Brtt. 519,LI tekin aftur.

— 544,2.a samþ. með 32 shlj. atkv.

— 544,2.b samþ. með 33 shlj. atkv.

— 544,2.c samþ. með 32 shlj. atkv.

— 544,2.d samþ. með 30 shlj. atkv.

— 544,2.e samþ. með 26:1 atkv.

— 544,2.f samþ. með 25:6 atkv.

— 544,2.g samþ. með 31 shlj. atkv.

— 502,80.a samþ. með 28 shlj. atkv.

— 502,80.b—d tekin aftur.

— 502,80.e—f samþ. með 26 shlj. atkv.

— 502,80.g tekin aftur.

— 547,XXV felld með 23:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, GÍ, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, SÁÓ, TT, ÞBr, EE.

nei: GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ.

FJ, JBald greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (GÞ, ÞÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 547,XXVI samþ. með 35 shlj. atkv.

— 519,LII felld með 25:14 atkv.

— 519,LIII felld með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JakM, JJós, JAJ, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, SÁÓ, TT, EE, GSv, GÍ, GL.

nei: HV, JÓl, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, JBald.

ÞBr, HannJ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (ÞÞ, BJ, GÞ) fjarstaddir.

Brtt. 557 felld með 31:3 atkv.

— 548 felld með 24:10 atkv.

— 502,81.a samþ. án atkvgr.

— 502,81.b.1 samþ. með 31:1 atkv.

— 502,81.b.2 samþ. með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JJ, JörB, MJ, MT, PZ, PÞ, PM, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, BSt, BB, EystJ, FJ, GG, GSv, HermJ, IngP.

nei: JS, MG, PHerm, PHalld, SK, TT, BÁ, EE, GÍ, GL, HannJ, HG, HV, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP.

ÓTh, PO, SigfJ, ÁÁ, EÁrna, EmJ, JBald greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (ÞÞ, BJ, GÞ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 611).

2. Fjáraukalög 1935.

Á 10. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1935 (stjfrv., A. 300).

Á 12. fundi í Sþ., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir verið venja að setja þær upphæðir, sem ávísað hefir verið umfram fjárlög, á væntanleg fjáraukalög. Þessari venju er nú haldið með því að leggja nú fyrir þetta þing frv. til fjáraukalaga fyrir 1935. Í greinarg., sem fylgir frv., er gerð grein fyrir hverjum útgjaldalið fyrir sig, og sé ég ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem þar stendur um það. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 454).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Þorbergur Þorleifsson): Fjvn. hefir athugað þetta frv. og hefir ekkert við það að athuga, og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

***Hannes Jónsson:** Á síðasta þingi hreyfði ég nokkrum aths. um samningu fjáraukalagafrv. Ég hefi ekki haft tíma til, vegna lasleika, að ganga frá athugun á samningu fjáraukalagafrv. fyrir árið 1934, sem verið var að samþ. áðan. En að því er snertir fjáraukal. fyrir 1935 vil ég beina því til hæstv. fjmrh., hvort ekki sé rétt að hætta við þá reglu, sem höfð hefir verið við samningu frv., því að hún er í rauninni eftirlegukind frá gömlum tímum. Þá var það eðlilegt, að teknar væru upp í þessi l. fjárveitingar, sem áttu að fara fram síðar. En hér er um greiðslur að ræða, sem búið er að inna af hendi. Hér er aðeins tekið á nokkrum umframgreiðslum, sem fram hafa farið. Mér sýnist því óþarfi að leggja fyrir slíkt frv. sem þetta og vil því mælast til þess við hæstv. fjmrh., hvort hann vilji ekki athuga, hvort ekki sé kominn tími til að afnema þessa úreltu aðferð. Hér hafa heldur ekki verið teknar upp allar þær greiðslur, sem ekki eru lagafyrirmæli fyrir. Mér finnst því, að þær greiðslur, sem upp eru teknar í frv. þetta, megi bíða, eins og aðrar, þar til endanleg fjáraukalög verða borin fram fyrir þetta ár.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, þá hefir sú venja viðgengizt um nokkuð langt skeið, að borin hafa verið fram fjáraukalög áður en landsreikningurinn hefir endanlega verið gerður upp fyrir hvert ár, án þess að allar umframgreiðslur séu teknar þar upp. Mér finnst persónulega, að fjáraukalög þessi hafi litið gildi og megi missa sig, er hefi þó ekki viljað brjóta þá venju, sem skapazt hefir um þetta efni. Hinsvegar mun ég athuga fyrir næsta þing, hvort ekki sé tækilegt að hætta við þessi fjáraukalög.

***Hannes Jónsson:** Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir, að hann skuli ætla að taka til athugunar fyrir næsta þing, hvort ekki muni tiltækilegt að hætta við fjáraukalög þau, sem ég hefi gert að umræðuefni hér, því að það er nú svo, þó að hér sé ekki um stórvægilegt atriði að ræða, þá virðist þó réttara, að samræmi sé komið á þetta.

Annars vil ég benda hæstv. fjmrh. á, að enda þótt hann segi, að upp í fjáraukalög þessi séu aðeins teknir þeir liðir, sem engin heimild er fyrir, þá er það ekki tæmandi, því að það er nú svo um suma liði fjárlaganna, að þar er beinlínis tekið fram, hvað mest megi greiða úr ríkissjóði. Þegar því eytt er fram yfir á þeim liðum, þá er það meira en að til þess vanti heimild, heldur er beinlínis bannað að greiða meira en þar er til tekið; sem dæmi upp á slíka liði má nefna skrifstofufé sýslumanna; þegar lögin um það voru sett, var til tekin ákveðin fjárhæð, sem til þess mætti verja, en fram úr þessu hefir þó alltaf verið farið að meira og minna leyti. Skal ég svo láta þetta nægja, þar sem hæstv. fjmrh. ætlar að taka þessar aths. mínar til yfirvegunar fyrir næsta þing.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

---

3. Fjáraukalög 1934.

Á 10. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934 (stjfrv., A. 299).

Á 12. fundi í Sþ., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934 er samið samkv. till. endurskoðenda landsreikninganna, eins og venja er til, og sé ég ekki ástæðu til að ræða um efni þess. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 394).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er, eins og venja er til, borið fram og samið samkv.

tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Við í fjvn. höfum athugað það, og það stendur allt heima, þ. e. a. s. allar tölur frv. eru samhlj. þeim tölum, sem yfirskoðunarmennirnir leggja til, að leitað sé aukafjárveitingar á. — Hitt er svo annað mál, sem n. hefir ekki farið neitt nákvæmlega út í, hvort þein ástæða hafi verið til allra þeirra greiðslna, sem í frv. felast. En ætla má, að fram hefðu komið aths. frá yfirskoðunarmönnunum, ef þær þættu eitthvað athugaverðar. — Það er því till. fjvn., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 493).

---

4. Landsreikningurinn 1934.

Á 43. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934 (stjfrv., A. 298).

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 431).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Fjhn. hefir haft frv. þetta til athugunar og borið það saman lið fyrir lið við LR. ársins 1934, og hefir ekkert fundið við það að athuga og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er að sönnu víst ekki venjulegt, að það séu umræður um þetta mál; þó er það að engu leyti lítilfjörlegt mál, og ég geri ráð fyrir, að sú venja, sem um þetta hefir verið, byggist á því, að þingið hefir sína trúnaðarmenn, þar sem endurskoðendur landsreikninganna eru, og menn eiga þess venjulega kost að lesa þann reikning sjálfan, sem frv. fylgir, og geta þar lesið aths. endurskoðenda og grg. ríkisstjórnarinnar móti þeim aths. En nú er svo orðið, að í þessum reikningum, sem fylgja með frv., er margt fleira en það, sem endurskoðendur samkvæmt sinni skipan eiga að rannsaka. Eru það reikningar hinna ýmsu stofnana ríkisins, og eins og hv. þm. er kunnugt, hafa þær hraðvaxið og þeim hraðfjölgað nú á undanförnum árum, og er nú svo komið, að rekstur ríkissjóðs sjálfs er orðinn minni hl. af því, sem ríkið hefir með höndum, og að því leyti það einfaldasta, að þar er fylgt ströngum reglum og fyrirmælum, sem þingið setur, en í ríkisstofnunum er ekki sliku til að dreifa. Þar fer fram starfræksla á ábyrgð ríkissjóðs, sem þingið hefir lítið um að segja, hvort er svo gætilega hagað sem reynt er um rekstur ríkissjóðs sjálfs. Út af þessu er það sjálfsagt tímabært að athuga, hvort ekki ætti að breyta starfi endurskoðenda þannig, að þeir hefðu aðstöðu og skyldu til að fylgjast með rekstri ríkisstofnana og sjá, hversu vel þar er farið með fjárhaginn, og legðu um það fram álit og rökstuddar aths. um leið og þeir leggja fram aths. við ríkisreikninginn.

Mér hefir dottið þetta í hug fyrir löngu, en ég geri ráð fyrir, að það þyki að nokkru leyti fyrir þessu séð með þeim rekstrarráðum, sem sett hafa verið um ríkisstofnanir, en það er athugandi, að þar er þessu dreift á margar hendur, og í þessi ráð hefir ekki verið valið með það fyrir augum, að þau gæti sérstaklega fjárhagshliðarinnar, og um hana fæst ekki fullt eftirlit og samræmi, nema það sé í höndum sömu manna um allar ríkisstofnanir, og loks má geta þess, að sumar ríkisstofnanir falla ekki undir neitt af þessum ráðum.

Þegar komið er svo mikið af áhættusömum ríkisrekstri og nú er — og þá því fremur sem hann er sífellt að aukast —, þá væri full ástæða til, að endurskoðendum væri sérstaklega falið að hafa eftirlit með honum, og að þeir legðu alúð við að fylgjast með honum og gagnrýna hann samhliða því, sem þeir endurskoða landsreikninginn, og að þær aths., sem þeir gerðu við rekstur ríkisstofnana, fylgdu með aths. við landsreikninginn.

Mér hefir dottið þetta í hug fyrr, en það, sem sérstaklega kom mér til að vekja nú máls á þessu, var m. a. það, að þegar ég var að fara yfir skilagrein þeirrar stofnunar, sem heyrir undir það ráð, sem ég er í — ég hygg, að þetta fyrirtæki sé eitt hið einfaldasta af þeim, sem ríkið rekur, það er ekki verzlunarstofnun og að vísu að ganga —, en þegar ég fór að skyggnast um meðferð ríkisfjár hjá þessu fyrirtæki, sem er skipaútgerð ríkisins, þá rakst ég þar á reikning, sem eg ætlaði að spyrja nánar um hjá forstjóranum, en þóttist sjá, að þótt hann væri þar birtur, ætti hann ekki þar heima. Þetta var reikningur um rekstur einnar bifreiðar, sem ríkissjóður telst eiga, hún er kölluð bifreið rík-

issjóðs, enda finnst hún ekki á eignareikning skipaútgerðarinnar.

Þetta er nú örlítið fyrirtæki, að reka eina bifreið, en þó kemur mér það undarlega fyrir sjónir, þegar ég sé hér rekstrarreikning einnar bifreiðar, og þessi reikningur er á 17. þús. kr. yfir árið. Ég veit ekki til, að skipaútgerðin hafi neitt sérstakt með bifreið að gera, og ég hélt, að þetta væri kannske ein af landhelgissjóðsbifreiðunum, en það lítur út fyrir, að svo sé ekki. Mér finnst þetta allmerkilegt, og mér finnst, að endurskoðendur eigi að standa fyrir svörum um það, hvernig þetta getur staðizt.

Ég vil nefna það, að á þessum reikning eru laun bifreiðarstjóra á sjötta þús. krónur. Þetta er árið 1934. — Nú getur það naumast verið, að bifreiðin hafi verið í gangi allt árið, en hvernig sem því hefir verið háttað, þá eru launin hér tilfærð 5406 kr., og það virðist allrífleg þóknun fyrir smásnattferðir út úr bænum öðruhverju. Þá hefir benzíneyðslan orðið allmikil; hún er tilfærð 3607 kr. 85 au. — Ekki skortir nákvæmnina. — Mér skilst eftir því, sem ég þekki um benzíneyðslu, að þessari bifreið hafi orðið að aka um 50 þús. km., en það mun vera um það bil tvöfalt meira en þær bifreiðar aka, sem notaðar eru mest hjá bifreiðastöðvunum.

Viðhaldið er 5078 kr. 84 au. — Ekki skortir nákvæmnina heldur hér. — En þetta mun að minnsta kosti vera fullt bifreiðarverð. Ég held, að það megi vel fá bifreið fyrir 4000 kr., og þá skilst mér, að það hefði verið meiri fjármálaspeki að henda þessari bifreið og kaupa aðra nýja í hennar stað heldur en að kosta svo miklu til viðhalds. Þetta er fyrir utan gúmmí, en það er 1403 kr. og 50 au.

Ég ætla ekki sérstaklega að gagnrýna þennan reikning, en hann varð til þess, að ég frestaði því ekki að innleiða umræður um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé ekki nema lítill hluti þess, sem kann að vera falið í reikningum hinna einstöku ríkisstofnana.

En ef þetta eru aðeins eyrun eða eyrnabroddarnir á því mikla ríkisrekstrarferlíki — því mér datt í hug, að þetta kynnu að vera aðeins eyrun, og samsvarandi höfuð, búkur og útlimir hengju við —, þá er þetta efni til nákv. athugunar, og það getur ekki hjá því farið, að Alþingi vilji láta endurskoðendur hafa umboð og skyldu til að athuga og gefa skýrslu um þessa hluti.

Ég vil ekki lengja þetta mál, og var heldur ekki undir það búinn að fara út í það, sem við kemur þeim stofnunum, sem ég hefi ekki aðgang að. En ég vil spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hve margar bifreiðar hún hafi. Ég hefi farið í gegnum eignareikninginn, en finn þar enga bifreið, en mér finnst það ólíklegt, að bifreiðar séu færðar á rekstrarreikning, ef þær eru engar til. Nú hygg ég eigi að síður, að það sé víst, að ríkið eigi fleiri bifreiðar en þessa einu, og þess vegna vil ég spyrja, hversu margar þær séu og hvort rekstrarreikningar þeirra allra séu eins þriflegir eins og þessi reikningur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 6. þm. Reykv. minntist á, að það væri eðlilegt, að endurskoðendur hefðu skyldu og aðstöðu til að skyggnast í reikninga hinna einstöku ríkisstofnana og að *tilhögun endurskoðunar þyrfti* að breyta í það horf. En þetta er misskilningur. Hér þarf engu að breyta. Endurskoðendum er skylt að skoða alla undirreikninga, að því leyti, sem þeir ekki treysta hinni umboðslegu endurskoðun, alveg jafnt hvort heldur eru skilagreinar frá embættismönnum eða frá einstökum ríkisstofnunum, ef þeir ekki treysta hinni umboðslegu endurskoðun.

Mér er ekki kunnugt um, að hve miklu leyti þeir athuga reikninga einstakra fyrirtækja, en ég sé á aths. þeirra, að þeir gera það að einhverju leyti; ég sé, að sumar þeirra eru um ríkisstofnanir, eins og eðlilegt er. Þess vegna þarf hér engu að breyta. Endurskoðendur hafa þessa skyldu, og ég efast ekki um, að þeir rækja hana eftir því, sem tími þeirra leyfir.

Auk þess vil ég benda á, að á síðari tímum hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að þingið geti líka á annan hátt fylgzt með rekstri ríkisstofnananna. Með rekstarráðunum er flokkum þingsins tryggt að fá viðbótarkontrol við það, sem endurskoðendur hafa tíma til að framkvæma. Það hefir ekkert komið fram, sem gefur tilefni til að ætla, að endurskoðun landsreikninganna sé ekki í lagi.

Hv. þm. minntist á eitt atriði í landsreikningnum frá 1934, sem hann áleit að sýndi, að það væri þörf fyrir frekara eftirlit í þessum greinum en nú væri, og byggði hann á því, að endurskoðendur landsreikninganna hefðu ekki skyldu til þess að endurskoða hjá ríkisfyrirtækjum, sem er rangt, því að þeir hafa einmitt skyldu til þess; þetta dæmi var það, að í rekstrarreikningi, sem hefði komið frá skipaútgerð ríkisins, væri tilfærður rekstrarkostnaður yfir bíl 1934, og byggði hv. þm. dæmi sitt á því, að þessi reikningur mundi aldrei hafa komið fyrir augu endurskoðenda landsreikninganna, af því að hann var saminn af skipaútgerð ríkisins. En þetta er mesti misskilningur, því að auk þess, sem endurskoðendur landsreikninganna hafa þá skyldu að líta eftir reikningum skipaútgerðarinnar, þá er þessi sérstaki kostnaður við bifreiðina lagður út til bráðabirgða í skipaútgerðinni, en honum er ávísað af 19. gr. landsreikningsins til skipaútgerðarinnar aftur, og reikningur bifreiðarinnar kemur sem fylgireikningur við 19. gr. fjárlaganna, sem endurskoðendur landsreikninganna athuga allra greina bezt, svo að því fer fjarri, að þetta dæmi hv. þm. gefi nokkuð undir fótinn með það, að nauðsynlegt sé að breyta nokkuð til í þessu efni. Þessi bíll, sem hv. þm. er að tala um, er ekki lengur í eigu ríkisins, því að þegar það kom í ljós, hvað hann var dýr í rekstri, var hann seldur; eins og hv. þm. drap á, var hafður sérstakur bifreiðarstjóri í þjónustu ríkisstj., sem hafði 5500 kr. í laun, en jafnframt því, sem það ráð var tekið, að selja bílinn, var þetta embætti afnumið, og þessi bifreiðarstjóri var gerður að bifreiðaeftirlitsmanni í stað annars manns, sem látinn var víkja úr þjónustunni af ástæðum, sem ekki er rétt að blanda inn í þessar umr. Ég skal geta þess, að í stað þessarar bifreiðar

var keypt önnur minni, sem höfð er til afnota fyrir stjórnarráðið án sérstaks bifreiðarstjóra. Svo skal ég geta þess, að fyrir utan þennan bíl, sem stjórnarráðið á, eiga ríkisstofnanirnar einn bíl, sem stjórnarráðið fær stundum lánaðan, ef sérstaklega þarf á að halda, og er þetta sambærilegt við það, að t. d. landssíminn á bíl, og vegamálastjóri hefir bíl til afnota í þágu vegamálanna, bílaeftirlitsmennirnir hafa tvo bíla, og loks hefir Björn Blöndal löggæzlumaður frá upphafi haft bíl til afnota við sitt starf. Þessir bílar eru ekki settir á efnahagsreikning, en vitanlega er til skrá yfir þá og önnur tæki og áhöld, sem ekki eru á reikningi.

Ég hygg nú, að þessar upplýsingar nægi til þess að sýna, að þetta dæmi, sem hv. þm. nefndi því til rökstuðnings, að nauðsynlegt væri að breyta til um fyrirkomulagið á endurskoðun landsreikninganna, nær ekki tilætluðum tilgangi, því að bæði er endurskoðendum landsreikninganna skylt að endurskoða líka reikninga ríkisstofnananna, og svo kemur þessi reikningur, sem hér um ræðir, alveg sérstaklega fram sem undirreikningur á 19. gr. landsreikningsins.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég verð að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið mér, en annað mál er það, að ályktanir hans eru út frá mínu sjónarmiði fjarri réttu lagi í þessu efni, því að það liggur í hlutarins eðli, að það kemur ekki til mála, að endurskoðendur landsreikninganna gangi nokkuð verulega gegnum reikninga ríkisstofnananna. Ef það ætti að vera gert, þá þyrfti að starfa að því af og til allt árið. En nú er ekki hægt að snúa máli sínu til endurskoðenda landsreikninganna hérna, því að sá eini þm., sem starfar að henni, á ekki sæti í þessari d.

Ég hefði vissulega haft ástæðu til þess að biðja um skýringu á mörgu fleira en þessu. Það er í sjálfu sér þakka vert, að hæstv. ríksstj. hefir skipt um bifreið, þegar hún fann það út, að þessi bifreið var dýr í rekstri. Maður veit ekki ennþá, hvernig hún reynist; það kemur fram á reikningum síðar, en undarlegt er það, ef ríkið á einar 6 fólksbifreiðar, að þær skuli ekki vera taldar þess virði að koma á efnahagsreikning. Og jafnvel þótt ekki séu teknar með í reikninginn þær 4, sem til eru fyrir utan bíla landssímans og vegamálastjóra, þá eru þær ekki síður þess virði að koma á efnahagsreikning heldur en t. d. smájarðarkot upp á 1—2000 kr., því að þessir bílar eru ekki af verra tæginu; og ég skil ekki, að þessir 4 bílar séu minna virði en 20000 kr., þegar þeir eru nýir. En hvað sem því líður, hvort rétt er að setja þessa bíla á efnahagsreikning eða ekki, þá er það víst, að ef almenningur í landinu, sem nú á við margvíslega örðugleika og skort að búa og sendir Alþingi beiðni um hjálp í baráttunni, ef þetta fólk mætti sjálft meta það, hvort með þessum bílasæg sé verið að fullnægja brýnni þörf en þeirri þörf, sem því er oft synjað um af þinginu, þá er ég ekki í vafa um það, að almennt yrði litið svo á, að það mætti fækka þessum bílum a. m. k. um helming. Það mætti vel hafa 2 fyrir utan bíla vegamálastjóra og landssímastjóra. Ég hefi fyrir satt, að bifreiðaeftirlitsmennirnir skoði bílana hér í bænum, og þá get ég ekki skilið, hvað þeir hafa að gera við tvo bíla, nema ef þeir nota þá í hinar og aðrar snattferðir með ýmsa gæðinga hæstv. stj. Ég spurðist fyrir um og fekk mann til þess að athuga, hvaða bílar væru skráðir hjá ríkinu, og kom þá í ljós, að þeir voru 5 fyrir utan bíla vegamálastjóra og landssímastjóra, og þar af hefi ég komizt að raun um, að þessi svokallaði vegaeftirlitsmaður hefir fengið nýjan bíl. Annars veit ég ekki, hvað þessi maður á að gera; hann á víst að passa, að vegirnir liggi kyrrir — það er verið að tala um að færa vegina, einum á t. d. að snara suður á Reykjanes — eða hann á að líta eftir því, hvað fram fer á vegunum, en mér er sagt, að það hafi ekki þótt fært að láta hann aka í þessum vagni, sem hann hefir haft, og þess vegna var keyptur nýr bíll handa honum, og mun það vera svo, að hann eigi að hafa þennan skrautvagn, þegar hann er á betri vegunum í nánd við höfuðstaðinn, en grófa vagninn, þegar hann fer upp í sveit. Ég hefði nú haldið, að þessum virðulega manni hefði átt að nægja gamli rokkurinn fyrst um sinn, sérstaklega ef hann kemst ekkert út af malbikuðu vegunum í fína vagninum. Þetta er nú aukaatriði, en hitt er ekki aukaatriði, að það þarf að koma endurskoðun landsreikninganna í betra horf og láta hana fylgjast með rekstri ríkisstofnananna. Hefði einhver af endurskoðendunum átt sæti í þessari d., þá hefði ég spurt um ýmislegt fleira, eins og t. d. kostnaðarhlið áfengisverzlunar ríkisins. Kostnaðurinn við hana hefir aukizt ákaflega síðustu ár. Það er bannað með lögum að auglýsa áfengi hér á landi, en svo hefir áfengisverzlunin séð sér færi á að auglýsa ýmislegt, sem ekki telst til áfengis; auglýsingareikningur áfengisverzlunarinnar hefir komizt hæst hátt á annað þús. kr., þangað til hann loks komst hátt á sjötta þús. kr. Ég skal taka það fram, að ég fór til fjöllesnasta blaðs landsins, Morgunblaðsins, og spurðist fyrir um það, hvað mikið hefði verið auglýst hjá því síðasta ár frá þessu fyrirtæki; það var auglýst fyrir 125 kr., en auglýsingareikningur áfengisverzlunarinnar er allur 5646 kr.

Ef til vill getur hæstv. ráðh. gefið skýringar á þessu, en mér þykir ekki ólíklegt, að hann mundi segja, að hann treysti forstjóra verzlunarinnar og endurskoðendunum til þess að athuga þetta, svo að það má vera, að hann sé ekki við því búinn að gefa skýringu.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ef almenningur mæti þessar 4 bifreiðar, sem hér um ræðir, þá kæmist hann að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti ekki nema 2. Ég veit ekki, á hvaða rökum þessi niðurstaða hv. þm. er reist, og ég veit ekki, hvort hv. þm. er þess umkominn að dæma um það, hvort bifreiðaeftirlit ríkisins þarf 1 eða 2 bíla eða hvort sá maður, sem hefir sérstakt eftirlit með vegum og heldur uppi stórkostlegri starfsemi til þess að koma í veg fyrir áfengisbruggun, þarf engan bíl; ég veit ekki, hvort hann getur dæmt um þetta, en ég held, að hann skorti kunnugleik

til þess að kveða upp dóm um þetta, og vil ég benda hv. þm. á það, að hann ætti a. m. k. að treysta því, að flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Skagf., hefði ekki lagt of mikið í kostnaðinn við þessi mál, þegar hann var ráðh., en það var þó svo, að hann hafði sama bílakosti á að skipa til þessara mála og núverandi stj. hefir. Þá voru 2 bílar til afnota fyrir bílaeftirlitið og 1 fyrir Björn Blöndal, eins og nú er.

Hv. þm. sagði, að Björn Blöndal hefði 2 bíla; það er rangt. Hann hafði bílskrjóð, sem orðinn var mjög gamall og svo dýr í rekstri, að ekkert vit var í að halda þessum bíl, og var því keyptur annar bíll, en gamli bíllinn, sem lagður var til hliðar, er skráður enn, enda þótt hann sé ekki í notkun lengur mér vitanlega, svo að það er algerlega rangt með farið hjá hv. 6. þm. Reykv., að þessi löggæzlumaður hafi tvo bíla til afnota við starf sitt.

Annars þykir mér vænt um, að þessar umræður komu fram um þessi bílamál, því að á þann hátt hefir gefizt tækifæri til þess að upplýsa það, að núv. ríkisstj. hefir einmitt gert það til sparnaðar í þessu máli, að hún hefir látið stjórnarráðið fá lítinn bíl í staðinn fyrir stóran, og hún hefir hætt að láta stjórnarráðið hafa sérstakan bílstjóra, sem hafði, eftir því sem hv. 6. þm. Reykv. hefir sjálfur upplýst, á sjötta þús. kr. í laun. Mér þykir vænt um, að þessi hv. þm. hefir minnzt á þetta, til þess að geta upplýst það, að núverandi ríkisstj. hefir ekki aukið þennan kostnað, heldur þvert á móti gert þessar ráðstafanir til þess að lækka hann.

Þá talaði hv. þm. um, að auglýsingakostnaður áfengisverzlunarinnar hefði mjög aukizt. Ég hefi ekki í höndunum, frekar en hv. þm. gat til um, nákvæmar upplýsingar um þetta, en ég vil benda honum á það, að hann þarf ekki annað en að snúa sér til þess fulltrúa, sem Sjálfstfl. á í rekstrarráði því, sem hefir eftirlit með áfengisverzluninni, til þess að hann geti fengið sundurliðaðan þennan kostnað. Annars finnst mér koma fram í þessum ummælum hv. þm. vantraust á þeim manni, sem hans flokkur hefir kosið til þess að vera endurskoðandi landsreikninganna, því að ef hv. þm. treystir honum, þá hefði hann ekki þurft annað en að biðja hann um að athuga vel þessar stofnanir, sem hv. 6. þm. Reykv. hefir grun um, að ekki séu vel reknar. Að svo stöddu vil ég ekki taka undir þetta vantraust með hv. þm., því að ég hefi ekki orðið var við annað en að þessi hv. þm. hafi leyst þetta verk af hendi með samvizkusemi. Út af fyrirkomulagi endurskoðunarinnar vil ég segja það, að endurskoðun er allsstaðar þannig háttað, þar sem ég þekki til — og ég hefi dálítið kynnt mér, hvernig þessu er háttað á Norðurlöndum — að hún er framkvæmd af tveim aðiljum; annarsvegar er sú deild stjórnarráðsins, sem hefir endurskoðun með höndum, og er sú endurskoðun að mestu tölulegs eðlis, en svo er endurskoðun landsreikninganna í hverju landi, og er þar höfð með höndum frekar það, sem margir kalla „kritiska“ endurskoðun; þar er ekki farið eins nákvæmlega út í tölurnar, en hinsvegar er frekar farið í gegnum reikningana með það fyrir augum að gagnrýna sjálfan rekstrinn, og held ég, að til þess sé ætlazt í stjskr. okkar og í þeim lögum, sem sett hafa verið um endurskoðun hjá ríkinu, að það sé sérstaklega höfð þessi gagnrýnandi eða „kritiska“ endurskoðun. Það má vitanlega deila um það, hvort núverandi endurskoðendum landsreikninganna eru ætluð það mikil laun, að þeir geti eytt nógum tíma í starfið; ég man ekki, hvað launin eru mikil, en ég hygg, að þau séu þó það há, að þeir geti komizt yfir mjög mikla „kritiska“ endurskoðun með því að vinna hæfilegan tíma fyrir þeim launum, sérstaklega ef þeir notfæra sér þær upplýsingar, sem standa þeim til boða í sambandi við starf þeirra.

*__Jakob Möller:__ Náttúrlega á ég eins og hv. 6. þm. Reykv. fullan rétt á því að spyrjast fyrir um einstaka liði í reikningum ríkisstofnananna, alveg eins fyrir því, þó Sjálfstfl. eigi fulltrúa í rekstrarráðum stofnananna. Sjálfur á ég sæti í einu þessu ráði, og einmitt þeirrar stofnunar, sem þeir reikningar heyra til, sem hér var verið að spyrjast fyrir um. Var hæstv. fjmrh. því að benda mönnum á að leita upplýsinga hjá mér. Það er náttúrlega í alla staði eðlilegt, að slík fyrirspurn komi fram, en ég verð því miður að segja, að sem fulltrúi í ráðinu hefi ég ekki getað fengið fullnægjandi upplýsingar um, hvernig þeim reikningum fyrir auglýsingar er varið, sem fyrirspurnin hljóðar um. Ég hafði að vísu, þegar ráðið fór gegnum reikninga þessarar stofnunar og samþ. var að óska nánari skýringa á ýmsum liðum, tekið fram að hafa auglýsingakostnaðinn með, og var einnig samþ. að beiðast upplýsinga um þann lið, en einhvernveginn hafði hann fallið niður, þegar bréfið var sent. Hefi ég ekki enn fengið upplýsingar um, hvernig þessu fé hefir verið varið. Hinsvegar er rétt að láta þess getið, úr því farið er að ræða um þetta, að þegar rætt var um reikninga áfengisverzlunarinnar í fjvn., barst þetta atriði í tal, og sagði forstjórinn, að það stæði í sambandi við auglýsingastríðið. Ég þurfti þá ekki að spyrja frekar, hvernig því auglýsingastríði væri háttað, því það var mér mætavel kunnugt. Það er opinbert mál, hvernig hæstv. ráðh. hefir beitt sér með sínum alkunna skörungsskap og einbeittni í því máli. Var málaleitun beint til bæjarstj. Rvíkur um að auglýsa það, sem hún þyrfti að auglýsa, í framsóknarblöðunum eins og öðrum dagblöðum bæjarins. Fylgdi þeirri málaleitun tilkynning um, að ef þessu yrði ekki sinnt, mundi ríkisstj. sjá sig tilneydda að koma í veg fyrir, að ríkisstofnanirnar auglýstu í blöðum Sjálfstfl., og að yfirleitt mundi verða séð um, að sem minnst yrði þar auglýst viðvíkjandi starfsemi þess opinbera. Þóttist ég vita, að forstjórinn ætti við þetta auglýsingastríð. Stjórnarvöldin munu hafa litið svo á, að fyrst ekki varð samkomulag við bæjarstj. um að auglýsa í blöðum Framsfl., þá yrði að bæta þeim það upp með ríflegum auglýsingum af hálfu ríkisstofnananna. Það dylst engum, að þessi liður á reikningum áfengisverzlunarinnar er bending um, að þar sé ríflega veitt til blaða Framsfl. til þess að bæta upp þann halla, sem bæjarstj. Rvíkur hefir valdið með því, að sjá

ekki ástæðu til að auglýsa þar. Ég get ekki bundizt þess að skoða málið í heild sem fullkomið hneykslismál, þar sem ekki er hægt að líta á aðgerðir hæstv. fjmrh. á annan veg en sem tilraun til að beita fjárkúgun við bæjarstj. Rvíkur og neyða hana til þess að eyða fé bæjarins til ónauðsynlegra hluta, sem ríkisstj. taldi sér viðkomandi og til ágóða. Ég skal taka það fram, að innan bæjarstj. og bæjarráðs var enginn ágreiningur um að ráðstafa auglýsingunum eins og að undanförnu þangað, sem þær gera gagn.

Það er vitanlegt, að þrjú stærstu dagblöðin, sem gefin eru út í bænum, koma sameiginlega í hendur allra bæjarbúa. Það mun óhætt að fullyrða, að ekki sé til einn einasti læs maður í bænum, sem ekki les eitthvert þeirra. Hinsvegar er það dómur allra, sem fjalla um þessi mál, að enginn ávinningur sé að bæta við blaði, sem jafnsáralítið er lesið og Nýja dagblaðið. Auk þess var aðferð hæstv. ráðh. svo óviðurkvæmileg sem frekast mátti vera, þar sem hann jafnhliða því að mælast til að fá auglýsingar frá bænum, hefir í hótunum um að koma fram hefndum á blöðum andstöðuflokkanna, og er með því að gefa í skyn, að þeir, sem um þau mál fjalla, mundu láta það hafa áhrif á aðgerðir sínar í málinu. Gaf hæstv. ráðh. fyllilega í skyn, að hann væri þess fullvís, að bæjarstj. mundi vinna þetta til til þess að vernda hag annara blaðaútgefenda í bænum.

Í fyrstu var alveg neitað að taka þetta til umr. í bæjarstj., og var það sameiginlegt álit allra, að þetta væru algerlega ósæmileg tilmæli, sem ekki kæmi til mála að ræða, a. m. k. ekki meðan þau voru borin fram aðeins munnlega. En þegar fjmrh. ítrekaði tilmælin skriflega, voru þau tekin til meðferðar. En það hafði vitanlega engin áhrif á afstöðu bæjarráðs eða bæjarstj., heldur var það sameiginlegt álit allra, að því fé, sem varið er til auglýsinga, bæri að ráðstafa eingöngu með tilliti til þess, að það kæmi að sem beztu gagni. Þess vegna þarf engan að undra, þó það komi upp úr kafinu, að auglýsingarnar frá ríkisfyrirtækjunum hafi að mestu gengið til flokksblaðanna, enda skildist mér, að það væri játað af forstjóra áfengisverzlunarinnar með þeim orðum, sem hann lét falla á fundi fjvn. Þetta er þó dálitið óviðkunnanlegt, sérstaklega hvað þessa stofnun snertir, þar sem það er vitanlegt, að forstjórinn er meðútgefandi að því blaði, sem nýtur góðs af þessari gjafmildi fyrirtækisins. Þess vegna er ástæða til að spyrjast fyrir um, hvort það hafi ekki verið gert með sérstöku samþykki ríkisstj., þar sem ráðstafað er og greitt af hendi fé til fyrirtækis, þar sem forstjórinn á persónulegra hagsmuna að gæta.

Það kann að vera, að þegar meiri hl. ríkisstj., 2 ráðh., eru jafntengdir þessari blaðaútgáfu, þá megi ætla, að þessu sé ekki betur borgið, þó forstjórinn leitaði samþykkis ríkisstj. Ég hefi alltaf litið svo á, að þýðingarlaust mundi vera að gera þetta að umtalsefni á þessum stað. Ég býst ekki við, eftir framkomu hæstv. ráðh. frá upphafi, að hann hafi nokkuð við þetta að athuga; hann mun telja það allt gott og blessað. Hefi ég annarsstaðar lýst yfir, hvaða skoðun ég hefi á þessu, og það alveg ótvírætt.

Ég býst ekki við að svo stöddu, að þingleg afskipti verði höfð af þessu máli, þó fullkomin ástæða væri til að gera eitthvað slíkt, því hér er um algert siðleysi að ræða.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__ Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm., sem síðast talaði, þegar hann var að minnast á auglýsingastríðið milli bæjarstj. og fjmrn. Það mun vera rétt að skýra nokkuð aðdraganda málsins. Það er kunnugt, að fram til síðustu tíma hefir það verið venja, að dagblöðin í bænum fengju auglýsingar frá bænum og ríkisstofnunum hinsvegar. En þegar stofnað var blað af Framsfl., var þessu hætt, án tillits til þess, hvort það væri nauðsynlegt til að koma boðskapnum til allra. Það getur ekki orkað tvímælis, að það sé óþarfi að auglýsa í öllum blöðunum, Vísi, Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, ef aðeins er litið á hvað er hyggilegt til þess að koma auglýsingunum á framfæri. Það dettur engum í hug, að það fylli í nokkur skörð að auglýsa í Vísi. Það er aðeins gert vegna þess, að þeirri reglu var fylgt. En þegar Framsfl. stofnaði Nýja dagblaðið, var ekki við komandi, að þeirri reglu væri fylgt, eins og búizt hafði verið við. Svo gekk þetta þannig, að ríkisstj. fylgdi gömlu reglunni um að láta dagblöðin yfirleitt njóta auglýsinganna. En þegar það upplýstist, að Sjálfstfl. ætlaði ekki að fylgja þessari reglu, þá sá ég fyrir mitt leyti og samflokksmaður minn í ráðuneytinu enga ástæðu til þess, að halda uppi þessari reglu, án tillits til þess, hvort það væri nauðsynlegt. Þessvegna breytti ég út af þessari reglu, en þó ekki fyrr en eftir að hafa sagt fulltrúum Sjálfstfl. í bæjarstj. frá því, að ég mundi ákveðið beita mér fyrir því við samstarfsmenn mína, að ríkisstofnanirnar auglýstu ekki í blöðum Sjálfstfl., ef hann héldi áfram auglýsingastríði gegn Nýja dagblaðinu. (__ÓTh:__ Átti að greiða peningana í flokkssjóð?). Hv. þm. verður að viðurkenna, að auglýsingar í Vísi eru beinn styrkur við blaðið, því það er vitanlegt, að ekki er nauðsynlegt að auglýsa þar til þess að koma auglýsingunum fyrir augu bæjarbúa. Enda er það á allra vitorði, að þessu hefir ekki verið hagað eftir því, hvar bezt væri að tilkynna það, sem þurft hefir að auglýsa, heldur er hitt regla, sem alltaf hefir gilt, þar til blöð Sjálfstfl. brutu hana af pólitísku ofstæki.

Hv. þm. talaði mikið um það, að forstjóri áfengisverzlunarinnar fengi að vera sjálfráður um að auglýsa í Nýja dagblaðinu. En hvernig er það með hv. þm.? Er hann ekki meðeigandi að blaði, sem fær auglýsingar bæjarins bara til þess að styrkja það fjárhagslega? Því það er vitanlegt, að þær koma fyrir allra augu án þess að þær væru settar í Vísi.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Hæstv. fjmrh. vildi halda því fast fram, að engra breyt. væri þörf á því, sem kallað er kritisk endurskoðun landsreikningsins.

Ég hefi að sönnu ekki haldið fram, að þörf væri á að endurbæta endurskoðun LR. sjálfs, en

hæstv. ráðh. hefir ekki fært minnstu líkur fyrir því, að það sé í verkahring þeirra endurskoðenda, að gagnrýna alla reikningana. Það er líka sú fjarstæða, að ríkisstj. getur ekki, þó hún væri innan um tóm flón, gert það sennilegt, að 3 menn, með 3750 kr. árslaun allir til samans, geti endurskoðað reikninga allra ríkisstofnananna. Það er fjarstæða, sem ekki er hægt að bera á borð fyrir vitiborna menn, og er vitanlega ekki gert, nema í algerðu rökþroti. En þetta raskar ekki því, sem ég sagði um þörf á aukinni endurskoðun. Ég vildi, að hún færi fram af og til allt árið, til þess að fyrirbyggja óhagsýna meðferð á fjárreiðum ríkisstofnana eða það, sem jafnvel verður að teljast óráðvandleg meðferð.

Það, sem hæstv. ráðh. sagði síðast, sýnir bezt, að það þarf að vera með vöndinn yfir höfði hans, þar sem hann hefir skýrt frá athæfi, sem varðar við l., og lá við a. m. k. flenging í gamla daga. Hér er beinlínis um fjárdrátt að ræða, þar sem hæstv. ráðh. lýsir yfir því, að hann hafi fyrirskipað, að ríkisstofnanirnar skyldu aðeins auglýsa í blöðum stjórnarflokkanna, en ekki í blöðum Sjálfstfl. Er með þessu verið að veita stjórnarblöðunum beinan fjárhagslegan stuðning, sem ekki er hin minnsta heimild fyrir, en óhætt er að segja, að er fullkomin óráðvendni.

Ég hefi athugað, að í þessum litla blaðsnepli, sem Framsfl. gefur út í bænum í litlu upplagi, sem ekki er lesið, hefir nú síðastl. ár verið auglýst hvorki meira né minna en 1600 cm. dálkslengd frá áfengisverzluninni og um 3000 cm. frá tóbakseinkasölunni. Er sjáanlegt, að hrúgað hefir verið inn auglýsingum aðeins til þess að skaffa blaðinu tekjur. Ég mundi ekkert hafa út á það að setja, þó Alþýðublaðið fengi svipaðar auglýsingar og önnur fjöllesin blöð. En hitt er merkileg einurð, sem hlýtur að stafa af því, að manninn vantar rétt mat á því, hvað er rétt og hvað er rangt. Það er eins og að vanti eitt stafgólf í hans síðferðislegu dómgreind. (**Forseti**: Þetta er aðeins aths.). Já, þetta er allt aths. —

Út af bifreiðunum sagði hæstv. ráðh., að þar hefðu verið gerðar umbætur til sparnaðar. Ríkisstj. hefði að vísu keypt bifreið, en selt aðra lakari, sem eyddi meira, og nú hefði hún einnig látið bifreiðarstjóra fara. Þetta var náttúrlega gott og blessað. En umbætur hæstv. núverandi stj. í þessu máli eru þær, að ríkisstj. hefir keypt á síðasta ári 4 nýjar bifreiðar. Og um eftirlitsmanninn er það að segja, að í staðinn fyrir að hann hafði einn „bílskrjóð" hefir hann nú tvær bifreiðar. Þessi bíll, sem hann hafði, var þó ekki meiri skrjóður en það, að hann flutti hæstv. fjmrh. hálfhring í kringum landið á honum fyrir skemmstu. Þeir komust á honum austur á Austfirði. Að þessi maður hafi þurft að fá nýja bifreið í viðbót, er mjög ósennilegt, þar sem áfengisbrugg er, eins og vitanlegt er, alveg að hverfa úr landinu.

Það er vitanlega eins og hvert annað fleipur að segja, að ég tortryggi niðurstöður landsreikningsins, því að það geri ég ekki. En ég vil bara láta þá menn, sem hafa þá endurskoðun á hendi, hafa meira starf fyrir sitt kaup.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hv. 1. þm. Skagf. hafi hegðað sér ósæmilega í þessum bifreiðamálum. Þegar hann kom í ráðherrastól, þá seldi hann þær 3 bifreiðar, sem tilheyrðu þeim þætti, sem hann starfrækti í stjórnarráðinu. Þetta var alls ekki ámælisvert.

Hæstv. forseti er nú orðinn óþolinmóður. Og ég verð að virða hann svo mikils — af því að hann er virðingarverður maður — að ég stytti mína aths. En ég hygg, að eftir þessa aths. mína standi það óhaggað, að það sé þörf á ríkara eftirliti í þessu efni en verið hefir. Alþingi þarf að hafa tryggan aðgang að þeim mönnum, sem hafa nákvæma endurskoðun á þessum hlutum. — Ég hygg, að líka standi það óhaggað, að á þessum eymdatímum hafi hæstv. ríkisstj. lagt of mikið fé í bifreiðaprjál. Ennfremur hygg ég, að aths. okkar sjálfstæðismanna hafi leitt í ljós, að stj. hafi haft í frammi vítaverða eyðslu á ríkisfé til styrktar sínum flokksblöðum.

Það þyrfti að hafa þannig gagnrýnandi endurskoðun á landsreikningunum, að endurskoðendur gætu gert till. til Alþingis um, að stj. skilaði aftur því, sem hún hefir tekið með ófrjálsu móti af ríkisfé.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

***Jakob Möller**: Ég skal vera mjög fáorður og afplána þannig brot hv. 6. þm. Reykv., sem hæstv. forseta fannst flytja nokkuð langa aths. síðast.

Hæstv. fjmrh. var að tala um það, að ég sem bæjarfulltrúi og bæjarráðsmaður hefði misnotað aðstöðu mína á sama hátt og forstjóri áfengisverzlunarinnar, til þess að ákveða um það, í hvaða blöðum bærinn auglýsti. En ég get sagt honum það, að ég hefi ekkert til þessara mála lagt, nema það, sem ég hefi sagt um afstöðu blaðs hans í sambandi við þetta mál, því að áður en ég kom í bæjarstjórn, var búið að taka ákvörðun um það, í hvaða blöðum bærinn skyldi birta auglýsingar sínar.

Afstaða mín og forstjóra áfengisverzlunarinnar, sem sjálfur er einn af eigendum Nýja dagblaðsins, er því gerólík. Í bæjarstjórninni er ég ekki nema einn af 15, en forstjóri áfengisverzlunarinnar tekur sínar ákvarðanir um auglýsingarnar einn, þótt fyrirtæki það, sem hann veitir forstöðu, sé ríkisfyrirtæki. Ég spurði hæstv. ráðh., hvort ekki hefði átt að bera slíkar ráðstafanir sem þessar undir stjórnina, en hæstv. ráðh. staðfesti það ekki, svo að ég verð að álykta, að forstjórinn hafi úthlutað auglýsingunum upp á sitt eindæmi. Afstaða mín og forstjóra áfengisverzlunarinnar, eiganda Nýja dagblaðsins, er því mjög ólík.

Um það, hvar auglýsingar koma að mestu gagni, ætla ég ekki að fara að ræða, því að allir vita, hver munur er á Nýja dagblaðinu og hinum þrem blöðunum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 298).
Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 514).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Eins og nál. fjhn. ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.
Gjaldabálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 589).

5. Bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 24).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er borið fram samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, því það var gefið út sem bráðabirgðalög 24. jan. þetta ár. Efnið er aðeins leiðrétting á l. frá 31. des. f. á., um bráðbirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, því þegar þau lög voru útbúin, hafði fallið niður ein setning úr 2. gr. l. — Fjhn. hefir athugað þetta frv., og eins og sést á nál. á þskj. 24, leggur hún einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 7. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 3).
Á 9. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 75).

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Mál þetta hafði fjhn. til athugunar, og hún komst fljótlega að sömu niðurstöðu sem hæstv. ráðh. hafði rekið sig á, að þessi l. voru í einu eða tveimur atriðum óframkvæmanleg, nema með endurbót. Þessi endurbót er að n. dómi formlegs efnis og áhrærir ekki efni l., sem flokksskipting var og er um. L. verður að vera hægt að framkvæma á reglulegan hátt, og til þess voru bráðabirgðalögin nauðsynleg; þau fjalla um atriði, sem enginn ætlaðist til, að öðruvísi væri, enda er það sama sem gilt hefir.
Hitt atriðið, sem getið er um í nál. og brtt. n. fjallar um, getur verið meira álitamál, og raunar telur n. ekki mikla ástæðu til að taka það upp, þó hún eftir atvikum geti fallizt á, að það sé gert. Ég vil endurtaka það, sem tekið er fram í nál., að það er skilningur n., að tilgreind gr. tekjuskattslaganna sé ekki reglulega úr gildi felld, heldur sé framkvæmd hennar niður felld meðan l. um bráðabirgðatekjuöflunina eru í gildi, en þau eru aðeins miðuð við árið 1936; síðan kemur gr. aftur til framkvæmda, ef bráðabirgðaákvæðin eru ekki framlengd. Tekjuskattslögin í heild standa þannig óbreytt, en framkvæmd 6. gr. er frestað og önnur ákvæði koma í staðinn, meðan ákveðið er, að þau skuli gilda.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 75 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 92).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 92).
Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, HermJ, IngP, JAJ, JBald, PHerm, PM, SÁÓ, ÞBr, EÁrna.
MG, MJ, ÞÞ greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (GL, HG, JJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 380).

6. Verðtollur og bráðabirgðaverðtollur.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu frv.; það fer fram á, að öll gildandi ákvæði um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll verði látin gilda fyrir árið 1937, og nægir að vísa til fjárlfrv. til þess að sýna fram á nauðsynina á því að haga þessu svo. Að umr. lokinni óska ég frv. vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 74).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi ekki annað að segja um þetta mál en það, að n. er sammála um að leggja til, að þessir tollar verði framlengdir, og býst ég ekki við, að það geti orðið ágreiningsatriði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 4).
Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 4., n. 157).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Með þessu frv. er farið fram á að framlengja gildandi lög um verðtoll til ársloka 1937. — Fjhn. hefir athugað þetta mál og er sammála um, að ríkissjóður megi einskis í missa af þeim tekjum, sem hann hefir af verðtolli, og leggur n. til, að frv. sé samþ. N. hefir borið frv. saman við þau lög og lagaákvæði, sem vitnað er til í 1. gr. frv., og að áliti n. er ekkert við frv. að athuga frá þeirri formlegu hlið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 381).

---

7. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er um staðfestingu á bráðabirgðalögum um breyt. á tvennum lögum, er samþ. voru á síðasta þingi, önnur á fyrri hluta þingsins, en hin á síðari

hluta þess. Ég sé ekki ástæðu til við þessa umr. að fara út í einstaka liði frv., því efni þess er kunnugt frá umr. frá síðasta þingi. Ég vil aðeins taka það fram, að ekki er sýnileg ástæða til að láta lög þessi niður falla fyrir árið 1937. — Vil ég svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 35).

***Frsm. (Sigfús Jónsson):** Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er farið fram á það, að á árinu 1937 verði frestað framkvæmd ýmsra l. og einstakra lagaákvæða, sem hafa í för með sér fjárframlög úr ríkissjóði. Svipuð frv. hafa legið fyrir hverju þingi nokkur undanfarin ár, svo þetta frv. er því engin nýlunda. En ástæðan til þess, að þessi frv. hafa komið fram, hefir verið og er sú, að fjárhagur ríkissjóðs virðist ekki leyfa, að á hann séu lögð þessi útgjöld.

Ég tel óþarft að rekja efni frv. lið fyrir lið. Það er skýrt tekið fram í hverjum lið fyrir sig, við hvaða lög og ákvæði laga er átt með þessu frv.

Fjhn. hefir haft þetta frv. til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. í aðalatriðum. Sumir nm. eru þó ekki samþykkir öllum liðum frv., og munu þeir gera grein fyrir því. Aftur á móti má segja, að 3 nm. séu samþykkir því, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.

***Hannes Jónsson:** Ég hefi ekki athugað þetta frv. eins vel og ég tel þörf á. En ég vil þó nú strax benda á þá miklu takmörkun, sem er á fjárveitingu til sýsluvegasjóða samkv. þessu frv. Ég vildi vænta þess, að n. taki þetta atriði sérstaklega til yfirvegunar, hvort þessi mikla takmörkun á fjárveitingu til sýsluvega muni reynast eins heppileg eins og ég hygg, að nm. hafi búizt við.

Í mörgum sýslufélögum hefir undanfarin ár verið reynt að setja sýsluvegasjóðsgjöldin svo hátt sem frekast hefir verið unnt, til þess að hafa sem mestu fé yfir að ráða til sýsluvegalagninga. Mér er það kunnugt, að í mínu héraði hefir verið lögð hin mesta áherzla á að reyna að afla sem mests fjár í þessu augnamiði. Og hvergi hefir vegavinna náð því að verða eins mikið að almennum notum fyrir verkamenn eins og einmitt þessi sýsluvegavinna.

Eins og hv. þdm. muna, þá er samkv. l. um sýsluvegasjóði ekkert veitt út á 1—2‰, sem lagt er til sýsluvega úr héruðum. Á móti 3—4‰ er veitt jafnmikið úr ríkissjóði, en á móti 5—6‰ er veitt tvöfalt úr ríkissjóði. Þetta var miðað við það, að þeir, sem legðu svo miklar kvaðir á sig, að þeir legðu í 6‰, fengju borgað úr ríkissjóði jafnmikið á móti. En með því að takmarka þetta framlag við 5‰, þá er útilokaður sá möguleiki, að hægt sé að fá úr ríkissjóði jafnmikið framlag á móti. Og ef á að vinna eitthvað svipað eins og gert hefir verið að undanförnu, sem ég hugsa, að hafi verið það minnsta, sem sýslufélögin hafa séð sér fært að vinna fyrir, þá verða þau að bæta við því, sem lækkuninni nemur, úr ríkissjóði. Verða þá hlutföllin á milli þess, sem sýslufélögin leggja fram á móti ríkissjóði, svo óhagstæð, að það verður jafnvel verra að búa undir þessum ákvæðum fyrir sýslufélög, sem komið hafa á hjá sér sýsluvegasjóðssamþykktum. En það er vitanlega ekki ætlunin, og er óheppilegt að setja þau sýslufélög skör lægra í þessum efnum hvað snertir stuðning frá ríkisvaldinu. Miklu frekar ætti að stuðla að því, eins og gert var í upphafi, að slíkum sýsluvegasjóðssamþykktum sé komið á, því það hefir sýnt sig, að hjá þeim sýslufélögum, sem komið hafa á hjá sér þessum samþykktum, hefir fyrst verulega orðið ágengt í þessum efnum.

Ég efast um, að n. hafi gert sér þetta í öllum atriðum fyllilega ljóst, og þess vegna vænti ég þess, að hún taki þetta til endurnýjaðrar athugunar. Mætti þá koma með brtt. við 3. umr., ef hv. nm. sannfærðust um, að það sé á rökum reist, sem ég hefi nú fært fram til athugunar.

Þó að ég vildi taka hér nokkra fleiri liði til athugunar, þá mun ég sleppa því að þessu sinni, en vænti þá, að n. taki þeim mun fúsari við aths. mínum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 2, 737 86, 236).

Frsm. (Sigfús Jónsson): Þegar þetta mál var til 2. umr. hér í d., komu fram við það tvær brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr., til þess að fjhn. gæfist kostur á því að athuga þær. Fjhn. hefir nú athugað þessar tillögur.

N. telur eftir þessa athugun sína, að ekki sé rétt að svipta presta þeirri launauppbót, sem þeim var veitt sem skrifstofufé fyrir nokkrum árum. Launakjör presta eru nú einu sinni þannig, að þá munar talsvert um 200—300 kr. á ári. En til þess að vega á móti þessum útgjöldum, leggur n. það til, með tilliti til erfiðs fjárhags ríkissjóðs, að fresta framlagi árið 1937 til læknishéraða- og prestakallasjóða, og flytur um það brtt. á þskj. 236. Sjóðir þessir voru stofnaðir með lögum 1933 og ætlazt til þess, að það, sem sparast í embættislaunum við það, að læknishéruð og prestaköll standa óveitt, leggist í sjóði, sem gangi til þess að gera læknishéruðin og prestaköllin eftirsóknarverðari en áður, og sé varið til bygginga læknisbústaða og kirkjulegrar starfsemi. Standi læknishéraðasjóðirnir undir stjórn landlæknis, en hinir undir stjórn kirkjuráðs.

Árið 1935 námu þessir sjóðir ca. 15 þús. kr. Þótt framlag til þessara sjóða yrði sparað um eitt ár, er ljóst, að það kemur ekki eins harkalega niður og það að svipta presta tekjum sínum.

Hinsvegar hefir n. ekki getað fallizt á brtt. um það, að fella niður úr frv. 15. lið, um lækkun framlags úr ríkissjóði til sýsluvegasjóða. Þar sem aðeins 4 sýslur hafa lagt á hámarksgjald til sýsluvegasjóða, eða 6‰, virðist það bera vott um það, að sýslurnar séu ekki yfirleitt fíknar í það að fá þessar upphæðir úr ríkissjóði. Auk þess er nú komið fram frv. um breytingar á vegalögunum, og samkv. því eiga mjög margir sýsluvegir að takast í þjóðvegatölu. Samþykkt þess frv. mundi því verða til þess að létta mjög á sýsluvegasjóðunum. Niðurstaða n. er því sú, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að skrifstofufé presta haldist og framlagi til læknishéraða- og prestakallasjóða verði frestað árið 1937.

Pétur Halldórsson: Ég vil þakka nefndinni fyrir það, hve vel hún hefir tekið í brtt. okkar hv. þm. Snæf. á þskj. 73. Ég sé ekki ástæðu til að hafa á móti brtt. n. á þskj. 236 og mun greiða henni atkv.

***Hannes Jónsson:** Ég heyri það, að hv. fjhn. hefir ekki þótzt geta tekið til greina brtt. mína um það að fella niður 15. tölulið frv. Ég vildi vegna þessa mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sæi sér fært að taka málið út til mánudags, svo að ég geti á þeim tíma fengið fullkomna skýrslu frá vegamálastjóra, er sýni, hver áhrif 15. liður frv. hefir á hag sýsluvegasjóðanna yfirleitt. Ég veit, að hv. fjhn. hefir enn ekki fengið allar þær upplýsingar úr sumum héruðum um þetta efni, sem til eru og sýna það glöggt, hve stórkostlega eru skert framlög til sýsluvegasjóða með ákvæðum frv. í sumum héruðum. Sum héruð, sem hafa lagt á hámarksgjaldið 6‰, hafa auk þess lagt fram úr hreppssjóðum upphæðir, sem eru hærri en niðurjöfnunargjaldið. Þetta hefir þó vitanlega ekki átt sér stað nema þar, sem þörfin á samgöngubótum hefir verið allra brýnust.

Það er eðlilegt, að reynt sé að draga úr gjöldum ríkissjóðs á erfiðum tímum. En það má ekki gera á þann hátt að ganga sérstaklega á rétt þeirra, sem mesta þörf hafa á vegum í sínum héruðum. En það ber vitni um hina brýnu þörf, hve sumar sveitir leggja stórkostlegar byrðar á sig til þess að þoka samgöngubótum áfram. Ef draga á úr vegagerð, þykir mér rétt að athuga, hvort ekki væri réttara að draga úr byggingu þjóðvega í bili, en halda sýsluvegunum í horfi. Ég veit, að því er haldið fram af sumum, að ef frv. það til vegalaga, sem nú liggur fyrir þinginu, verður samþ., muni það létta mjög á sýslufélögunum. En þess er að gæta, að mörg sýslufélög koma hér alls ekki til greina. Samþykkt frv. myndi því skapa ósamræmi á þann hátt, að öllum gjöldum til vega yrði létt af sumum sýslufélögum, en öðrum væri fyrirmunað að fá nokkuð úr ríkissjóði, þótt þau vildu leggja á sig stórkostlegar byrðar, verði 15. liður þess frv., er hér liggur fyrir, einnig samþ. Þetta myndi því leiða til hinnar fyllstu ósanngirni.

Ég veit, að hv. fjhn. mun sannfærast um það við nánari rannsókn, að með lækkun framlags ríkissjóðs samkv. 15. lið er höggvið svo stórt skarð í samgönguframkvæmdir á ýmsum stöðum, að ekki er við unandi.

Í mínu héraði hagar t. d. svo til, að ýmsir hreppar hafa mjög langa sýsluvegi, sem eru svo skammt komnir, að þá þarf að leggja fyrir mörg þúsund krónur árlega, ef þeim á nokkuð að miða áfram. Þannig þarf Þverárhreppur að leggja 30—40 km. langan veg, og er ekki nema hálfnaður. Ef nú á að fara að draga stórkostlega úr framlagi ríkissjóðs, sjá þeir menn, sem lagt hafa af litlum efnum stórfé í þann vegarspotta, sem búinn er, að líkurnar eru svo litlar til þess, að vonir þeirra um samband við þjóðvegina geti rætzt á næstu árum, að þeir missa trú og áhuga á verkinu. En áður voru til hálfgildings loforð frá þeim um það, að þeir héldu fjárframlögum sínum áfram, unz hreppurinn væri kominn í gott vegasamband.

Nú geta þeir ekki staðið við þetta loforð sitt, því að þá yrðu þeir að leggja fram sjálfir a. m. k. ⅔, ef ekki meira, af því fé, sem til vegalagningarinnar færi. Það hafa þeir vitaskuld ekkert bolmagn til, því að þeim hefir veitzt jafnan erfitt að leggja fram það, sem þeir eru skyldugir til samkv. lögunum, þó að fullt framlag komi frá ríkissjóði á móti.

Ég efast ekki um, að n. muni afgreiða þetta mál þannig, að enginn verði fyrir barðinu á því, en til þess að skapa sér rökrétt álit í því efni verða menn að hafa öll fullkomin gögn, sem sýna, hvað miklu fé hefir verið varið í hinum einstöku héruðum í þessum tilgangi, hvað mikið hafi fengizt úr ríkissjóði á móti og hvaða áhrif þessi lagabreyting muni hafa.

Ég vil því fastlega vænta þess af hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá að þessu sinni, ef hann fær samþ. n. fyrir því. Ég hafði beðið vegamálaskrifstofuna um skýrslu um þessa hluti, en hún hefir ennþá ekki komið, og mér er sagt, að hún hafi heldur ekki komið til n. En hún hlýtur að vera tilbúin, og ég mun seinna í dag reka á eftir henni, en í gær tók ég satt að segja ekki eftir því, að þetta mál væri á dagskrá í dag; annars hefði ég kannske fengið þessar upplýsingar.

Ég fullyrði, að hér sé um stórkostlegan niðurskurð á fjárframlagi til sýsluvega í einstökum héruðum að ræða, svo mikinn, að það mundi skapa mikið ósamræmi, ef að lögum yrði.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 4 apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 2, 73, 86, 236, 256, 269, 277).

Bjarni Ásgeirsson: Ég og hv. 2. þm. N.-M. flytjum hér brtt. á þskj. 269 þess efnis, að hækka tillag til búfjárræktar úr 42 þús. kr. í 56 þús. kr., en það er sú upphæð, sem þarf samkv. gildandi lögum. En vegna þess að við búumst ekki við því, að hægt verði að fá þessa hækkun, nema lækkað verði sem henni svarar annarsstaðar,

leggjum við það til, að fjárveitingin til kaupa á tilbúnum áburði verði lækkuð um 14000 kr. Þetta má að vísu teljast neyðarúrræði, en þar sem áburður hefir nú lækkað nokkuð í verði, er þess að vænta, að þessi lækkun á framlagi ríkissjóðs til áburðarkaupa þurfi ekki að verka á verðið. En við teljum það betra af tvennu illu en að svo mjög verði dregið úr búfjárræktarstyrknum sem frv. ætlast til.

Ég vil ennfremur gera þá sömu aths. og ég gerði við þetta frv. á síðasta þingi um það, að ég geng út frá því, að frestunin á greiðslu til ræktunarsjóðs verði ekki til að hnekkja starfsemi sjóðsins, heldur verði honum bætt þetta upp með jarðræktarbréfakaupum, svo að sjóðurinn bíði ekki hnekki af. Að öðrum kosti get ég ekki greitt atkv. með þeim lið frv.

*__Hannes Jónsson:__ Ég bar fram brtt. um það í byrjun þessarar umr., að felldur yrði niður 15. liður frv. Það hefir nú komið í ljós, að n. muni ekki vilja fylgja þeirri brtt. En ég tel þó óhjákvæmilegt, að bætt verði um það, sem hér er lagt til.

Nú er gengið svo frá, að móti 2‰ af fasteignagjaldi frá héruðunum kemur ekkert frá ríkissjóði, móti 3‰ kemur 1‰ frá ríkissjóði, móti 4‰ kemur 3‰, móti 5‰ kemur 4‰ og móti 6‰ kemur 6‰. Fyrst þegar álagning á fasteignir er komin upp í 6 af þúsundi í héruðunum, verður tillag ríkissjóðs jafnhátt. En til þess að leggja á hærra gjald en 6‰ þurfa héruðin stjórnarleyfi. Héruðin hafa að vísu fengið þetta leyfi, en hlutföllin hafa ekki orðið hækkandi til hagsbóta fyrir héruðin, því að aldrei hefir verið greitt meira á móti úr ríkissjóði en jafnhá upphæð, að einu dæmi undanskildu.

Eftir plöggum frá vegamálastjóra, sem nefndin hefir byggt á nú og byggði á í fyrra, má ríkissjóður aldrei greiða tillag á móti meira en 5‰ frá héruðunum. Ef héruðin vilja leggja meira á sig, fá þau ekki neitt í viðbót. Ef athugað er framlag til sýsluvega undanfarin ár, sést, hve geysileg skerðing á vegafénu þetta er í sumum héruðum.

Hér er að vísu ekki um að ræða nema 5 sýslur á landinu, sem hafa komizt í hámarkið eða þar yfir, sem sé Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Að meðaltali mundi þetta framlag minnka í Vestur-Húnavatnssýslu um kr. 4100,00, Austur-Húnavatnssýslu kr. 3400,00, Skagafjarðarsýslu kr. 7000,00, Eyjafjarðarsýslu kr. 8000,00 og Suður-Þingeyjarsýslu kr. 5200,00. Og ef héruðin ættu ekki að leggja á sig meiri byrðar heldur en þær, sem þau fengju greiðslu á móti frá ríkissjóði, sem *náttúrlega má búast* við, að þau verði treg til, nema í brýnustu nauðsyn, þá mundi lækka framlag héraðanna þannig: í Vestur-Húnavatnssýslu kr. 2600,00, Austur-Húnavatnssýslu kr. 1600,00, Skagafjarðarsýslu kr. 4000,00, Eyjafjarðarsýslu kr. 8700,00 og Suður-Þingeyjarsýslu kr. 2500,00. Þetta mundi því hafa í för með sér minnkun á greiðslu til vegalagninga í Vestur-Húnavatnssýslu kr. 6700,00, Austur-Húnavatnssýslu kr. 5000,00, Skagafjarðarsýslu kr. 11000,00, Eyjafjarðarsýslu kr. 16700,00 og Suður-Þingeyjarsýslu kr. 7700,00, eða samtals um kr. 47100,00. Nú getur engum blandazt hugur um það, að þessi mikla fjárveiting til þessara vegaframkvæmda er fram komin fyrir sérstaka brýna þörf til aukinna vegalagninga, og það sýnist því hart að gengið að skera svo mjög niður vegaframkvæmdir í þessum héruðum eins og hér er farið fram á. Ég vil því með þeirri brtt., sem ég nú flyt á þskj. 277, reyna að gera hér nokkra bót á, ef svo færi, að mín aðaltill. yrði felld, þannig að ríkissjóður greiði aldrei meira en ⅘ á móts við framlag héraðanna. Er með þessari till. skorið nokkuð af framlagi ríkissjóðs, og þá kannske um leið dregið úr tilhneigingu héraðanna til þess að hafa þetta gjald hærra en allra brýnasta þörf útheimtir. En aftur á móti vil ég með þessari till. láta haldast þann praksis, sem verið hefir í framkvæmd þessara laga, að ekki sé takmarkað upp á við, hvað mikið má leggja til vegalagninga í héruðum, svo að framlag komi á móti úr ríkissjóði. Það helzt því áfram, og geta héruðin því lagt á sig eins þungar byrðar og þeim þóknast, að vísu með leyfi ráðh., og fengið framlag á móti úr ríkissjóði, ekki að vísu jafnmikið, heldur ⅘ á móti framlagi héraðanna. Þetta finnst mér nægileg skerðing á þessum framkvæmdum í þessum héruðum, þegar á það er að líta, að ákvæði frv. kemur ekkert við hin sýslufélögin, sem minna hafa lagt á sig í þessu augnamiði, sennilega af því að þau hafa haft minni þörf að fullnægja fyrir héraðsbúa.

En það má líka líta á þetta frá öðru sjónarmiði, sem sé því, að þessar vegaframkvæmdir skapa ekki svo litla atvinnu fyrir fólkið í þessum héruðum, sem annars mundi verða að leita út fyrir héraðið til þess að afla sér vinnu. Þetta sýnist mér full ástæða til að taka tillit til, ekki sízt fyrir það, að í sumum þessara héraða er dregið stórkostlega úr vegaframkvæmdum frá því **opinbera.**

Ég vil því vænta þess, að hv. d. taki þessari till. minni vel, því ég býst við, að mönnum blandist ekki hugur um, að hér er verið að gera hvorttveggja í senn, að rétta héruðunum hjálparhönd til þess að koma á vegaumbótum og skapa atvinnuskilyrði fyrir fólkið í þessum héruðum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, en vil þó aðeins benda á það að lokum, að þó hér sé kannske um 26—28 þús. kr. sparnað að ræða á ári, þá er vafasamt, að sá sparnaður nái að vinna upp það tjón, sem af þessu leiðir út um héruðin, bæði hvað snertir heftingu á vegalagningum og atvinnumissi fyrir fólkið.

*__Jón Sigurðsson:__ Ég á hér eina brtt. ásamt hv. þm. A.-Húnv., sem gengur í þá átt, að 12. liður frv. falli niður. Ástæðan til þess, að við leggjum til, að þessi liður falli niður, er sú fyrst og fremst, að við teljum það ekki vera ástæðu til að taka þennan lið svona sérstaklega út úr vegna þess að þeim, sem eiga að framkvæma hann, kemur saman um, að þetta sé lítt fram-

kvæmanlegt, og í öðru lagi kemur þetta tilfinnanlega niður á búfjárræktinni og þeim umbótum, sem þar er verið að vinna, og má gera ráð fyrir, að ef þetta nær fram að ganga, þá leiði af því talsverða kyrrstöðu eða jafnvel fullkominn afturkipp í þessum efnum. — Ég sé að vísu, að það er komin fram brtt. um að hækka þennan lið, en lækka 13. liðinn að sama skapi, og get ég fyrir mitt leyti greitt atkv. með því sem nokkurskonar varatill. En ég vil taka það fram, að eins og nú er komið þessum málum, þá eru horfurnar þannig, að það eru ekki ýkjamiklar líkur til þess, að útgjöldin við búfjárræktina vaxi verulega, því mér skilst, að ekki þurfi að búast við því, að búfjárræktarfélögunum fjölgi verulega úr þessu vegna strjálbýlisins, en á hinn bóginn er óviðkunnanlegt að þurfa að hringla með þetta frá ári til árs. Ég tel þess vegna eðlilegt, að þessi liður falli algerlega niður.

Um aðra liði frv. ætla ég ekki að ræða, en aðeins minnast örfáum orðum á brtt. hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 277, þar sem hann leggur til, að á árinu 1937 greiði ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en sem svarar ⅘ á móti framlagi héraðanna, sbr. l. um sýsluvegasjóði frá 1933. Ég vil aðeins í þessu sambandi upplýsa það, að fyrir mér, og ég býst við ýmsum fleirum, sem studdu að því, að þetta atriði var tekið upp, vakti það alls ekki, að ekki skyldi lagt neitt á móti, þegar komið væri yfir 5‰. Að vísu hefir það orðazt þannig og ég býst við, að það verði skilið þannig, og þess vegna tel ég, að brtt. hv. þm. sé til bóta frá því, sem nú er. Það er ranglátt og í alla staði óeðlilegt, að ef t. d. sýslufélag treystir sér til þess að leggja á sig 5‰ gjald, og svo býðst hreppur til að leggja á móti, af því að honum er það nauðsynja- og áhugamál, þá sé ekki von til, að þar komi nokkuð á móti úr ríkissjóði. Það er ranglátt, eins og nú standa sakir, og þess vegna mun ég ákveðið fylgja þessari brtt. hv. þm. V.-Húnv.

*Frsm. (Sigfús Jónsson): Það eru nú komnar fram nokkrar nýjar brtt. við þetta frv., og þar á meðal frá hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. um það að hækka 12. liðinn, en lækka þann 13. um sömu upphæð. Ég fyrir mitt leyti get vel samþ., að þessi tilfærsla á milli liða fari fram, því þetta breytir engu um heildarútkomu frv. Og þá virðist mér brtt. hv. 7. landsk. og þm. A.-Húnv. vera fullnægt á þann hátt, að 12. liðurinn er hækkaður upp í það, sem mér skilst, að þeir óski eftir. Að vísu vilja þeir fella hann niður, en mér skilst ekki vera þörf á því, ef þeir fá jafnháa upphæð og þeir telja nauðsynlegt til búfjárræktarinnar.

Þá eru 2 till. frá hv. þm. V.-Húnv. Önnur till. fer fram á það, að 15. liðurinn falli niður, en hin fer fram á það, að honum verði breytt. Hvort hin síðari á að vera varatill. við hina fyrri, veit ég ekki, en ég býst þó við því. En það er um þá till. að segja, að mér virðist, að ef þetta er upp tekið, sem hv. þm. fer fram á, að ríkið greiði ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en sem svarar ⅘ móti framlagi úr héruðum, þá sé það tap fyrir þau sýslufélög, sem ekki leggja til nema 3—4‰. Þau fá minna framlag úr ríkissjóði heldur en samkv. frv. En aftur á móti, þegar komið er yfir hámarkið og upp í 6‰, þá fá þau vitanlega heldur meira heldur en eftir því, sem 15. liðurinn segir. Svo mér skilst, að það geti staðizt á tap og gróði, þegar á heildina er litið, hvað þessa till. snertir. Það eru fleiri sýslufélög, sem ekki fara upp í hámarkið, mörg ekki nema í 3—4‰, og ég álít, að þau tapi við þessa breyt., en hin aftur á móti vinni ofurlítið, sem komast upp í 6‰. Sýslufélag, sem t. d. leggur fram 3‰, fær einn á móti einum, en eftir till. hv. þm. ekki nema ⅘. Við skulum segja, að tillag frá ríkissjóði væri 100 kr. samkv. frv., þá væri það aðeins 80 kr. samkv. till. Og þegar komið er upp í 5‰, þá munar þetta því, að framlag frá ríkissjóði yrði ekki nema 320 kr. á móti 500 kr. frá sýslufélögunum, en samkv. frv. 400 kr. En svo hækkar þetta, þegar komið er þar upp yfir. Ég held þess vegna, að ekki sé ástæða til að breyta frá því, sem í frv. stendur. Enda hefir vegamálastjóri gengið inn á það, að ríkisframlagið til sýsluvegasjóða væri fært niður í 5‰. Og sú lækkun, sem af því stafar, mun láta nærri að vera 26 þús. kr., og því hefir hann lagt til, að áætlunarupphæðin á fjárl. sé færð úr 100 þús. kr. niður í 70 þús. kr. Inn á þetta gekk fjvn. í fyrra, og ég býst við, að hún hafi sömu skoðun á málinu nú, og sé ég þess vegna ekki ástæðu til að hrófla því til, sem stendur í frv. í þessum lið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni, en vænti þess, að hv. d. greiði atkv. með till. hv. þm. Mýr. og hv. þm. N.-M., en á móti hinni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. Mýr. kvaðst vænta þess, að ef frestað væri framlaginu til ræktunarsjóðs, þá mundi ríkisstj. sjá um að selja skuldabréf fyrir sjóðinn, þannig að hann fengi svipað fjármagn til umráða eins og hann hefði fengið, ef framlaginu hefði ekki verið frestað. Ég skal taka það fram, að það vakir fyrir stj. að gera þetta á árinu 1937, eins og hún hefir gert á yfirstandandi ári.

*Pétur Ottesen: Það má sjálfsagt taka undir það með hv. þm. Mýr. og hv. 7. landsk., að mikil þörf sé á því að hækka tillagið til búfjárræktarinnar, en það var einn af þeim liðum á 16. gr. fjárl., sem lækkaður var í fyrra samkv. till. fjvn. En lækkun á þessari gr. bæði að því, er snertir stuðning við landbúnaðinn og við sjávarútveginn, nam þó ekki meira en sem svaraði 10%, að því undanskildu, að styrkurinn vegna tilbúins áburðar var lækkaður nokkuð meira. Og nú er komin fram till. um að lækka þennan styrk ennþá verulega, svo það má segja, að ef þetta verður samþ., þá sé hann næstum því þurrkaður út samanborið við það, sem hann hefir verið að undanförnu, því ég ætla, að ef þessi lækkun nær fram að ganga til viðbótar við lækkunina í fyrra, þá nemi það um 70% af því, sem greitt var á árinu 1935, og er þá komið langleiðis með að gera þennan styrk að engu. Á sínum tíma, þegar l. um tilbúinn áburð voru sett, þótti það mikilsvert atriði í

sambandi við ræktunarmál landsins, að mönnum væri gert sem aðgengilegast með að geta notfært sér erlendan áburð til uppbótar á þeim áburðarskorti, sem þeir menn ættu við að stríða, sem fengjust við að auka ræktun í landi sínu. Eftir þessu að dæma eru hugir manna það umhverfir, að nú þykir minnst um það vert að styrkja þessa grein landbúnaðarins, sem sé *ræktunina*, þar sem hér er farið fram á að lækka styrkinn til áburðarkaupa um 70% samtímis því, sem styrkir til annara búnaðarframkvæmda eru ýmist ekki lækkaðir eða þá aðeins um 10%. Ég hefi spurnir af því, að nú sé í smíðum hjá hæstv. stj. og stjórnarflokkunum breyt. á jarðræktarlögunum, þar sem að nokkru leyti að *minnsta kosti er gengið í þessa sömu átt*, að líta ekki með jafnmikilli velþóknun á ræktunina eins og gert var, þegar jarðræktarlögin voru sett á sínum tíma, og gert hefir verið síðan með því að uppfylla ákvæði þessara laga. Maður hefir nú reyndar ekki séð framan í neinar slíkar till. ennþá, en hér blasa við manni till. um að *lækka styrkinn vegna tilbúins áburðar um 70%*, og þykir mér það harkalega að gengið, þar sem svo verður að telja, eins og nú er komið í sveitum landsins með fólkshald og annað, að aðalliftaugin sé það, þegar frá er tekið afurðasöluverðið, að menn geti aflað heyja á ræktuðu landi. Að vísu gegnir dálítið öðru máli þar, sem *beit er sérstaklega góð og um er* að ræða sauðfjárbúskap. Undir öðrum kringumstæðum er það undantekning, ef hægt er að fleyta búskap í sveit, nema stuðzt sé að meira eða minna leyti við ræktað land, það land, sem hægt er að koma vélavinnslu við. Ég vildi þess vegna vekja athygli á því, hvort gerlegt sé að ganga svo harkalega til verks hvað þennan lið snertir, þó að ég hinsvegar viðurkenni mikla og brýna nauðsyn á því að lækka útgjöld fjárl. í heild. Og af þessari ástæðu er það, sem ég er í miklum vafa um, hvort það sé til hagsbóta fyrir íslenzkan landbúnað, að þessi tilfærsla, sem hér er um að ræða milli tveggja liða, eigi sér stað, þó að ég viðurkenni búfjárræktina sem þarft og gott fyrirtæki hjá landsmönnum. — Nú má einnig á það líta í þessu sambandi, að út frá kaupstöðum landsins er hafin allmikil ræktun, og sú ræktun verður að sjálfsögðu að styðjast enn meir við notkun erlends áburðar heldur en ræktunin í sveitunum. — Og þar sem nú blasir við mikið aflaleysi við Faxaflóa og víða um land, þá virðist mér líka hvað aðstöðu þeirra manna snertir, sem þar eiga hlut að máli, mjög varhugavert að veikja aðstöðu þeirra til þess að fá þar nokkurt mótvægi með aukinni ræktun með því að ganga svo frá þessum hnútum, að það sé næstum felldur niður allur sá verulegi styrkur, sem hingað *til hefir verið veittur til* kaupa á erlendum áburði.

***Hannes Jónsson:** Það er leitt, að hv. frsm. n. skuli ekki hafa tekið eftir því, sem ég sagði um brtt. mína á þskj. 277. Ég sagði það um hana, að ef min fyrri till. yrði ekki samþ., þá vildi ég bera fram þessa brtt. til þess að laga liðinn frá því, sem hann nú er. Náttúrlega legg ég aðaláherzluna á það, að liðurinn sé alveg felldur niður, en ef það má ekki verða, sem ég býst við, þá ætlaðist ég til, að hægt væri að færa hann í það form, sem viðunandi mætti teljast.

Þá þykir mér það mjög undarlegt, að hv. frsm., sem búinn er að „stúdera" lögin mjög vel, skuli halda því fram, að þessi brtt. mín raski *hlutföllunum til hins verra fyrir þau sýslufélög*, sem ekki leggi á sig meira í þessu augnamiði en 3—4‰, því í lögunum sjálfum er það tekið fram, og hefir alltaf verið framkvæmt svo, að á móti 3‰ álagningu heima í sveitunum, skuli lagt frá ríkissjóði 1‰; á móti 4‰ álagningu í sveitum skuli ríkissjóður leggja fram 2‰, og á móti 5‰ skuli ríkissjóður leggja fram 4‰, og þá erum við komin upp í það hámark, sem í frv. er ætlazt til, að veitt verði úr ríkissjóði.

Nú hefir hv. 7. landsk., sem á sæti í hv. fjvn., lýst yfir því, að hann hafi skilið ákvæði till. hv. fjvn. á þann hátt, að það væri engin hindrun lögð á það, hvað fjárupphæðin í heild sinni mætti fara upp fyrir 5‰ bæði í álagningunni heima fyrir og í fjárveitingunni frá ríkissjóði, heldur væri aðeins stefnt að því að takmarka hlutfallið á milli framlags ríkissjóðs og framlags héraðanna, og í stað þess að lagt væri jafnmikið fram af báðum aðiljum, þá skyldi ríkissjóður leggja fram ⅘ á móti því, sem héruðin leggja fram. Það gefur mér meiri von um, að hv. þingd. muni samþ. þessa till. mína, þegar a. m. k. *einn af meðlimum* þeirrar n., sem gekk frá þessu máli í fyrra, hefir gefið yfirlýsingu um það, að till. mín sé í fyllsta samræmi við skoðun n. Annars vildi ég gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., sem kemur til með að framkvæma þetta ákvæði, hvernig hann lítur á þetta, því að það gæti ef til vill komið til *greina, að ég tæki till. mína* til baka, ef hann hefir sömu skoðun í þessu efni og skilur ákvæði þessa liðs á sömu lund og hv. 7. landsk.; mér sýnist nefnilega breyt. í frv. vera þannig orðuð, að mönnum geti ekki blandazt hugur um það, að það eigi ekki að greiða úr ríkissjóði meira en sem samsvarar 5‰ framlagi frá sveitunum, *og þó eitthvað yrði lagt fram frá sveitunum yfir* 5‰, þá ætti ríkissjóður samkvæmt þessu ekkert að leggja fram á móti því, sem er fram yfir 5‰.

Það getur ekki verið neitt annað en ordhengilsháttur að binda sig endilega við það, þótt lögin orði þetta þannig, að á móti fyrstu 2‰, sem sveitirnar leggja fram, *leggi ríkissjóður* ekkert, en á móti næstu 2—4‰ leggi ríkissjóður jafnmikið og sveitirnar, og á móti því, sem er fram yfir 4‰, leggur ríkissjóður tvöfalt meira. Mín till. er aftur á móti miðuð við það, sem lagt er í allt fram af héruðunum, án þess að taka sérstaklega tillit til hverrar stigs-tölu út af fyrir sig. Samkvæmt *lögunum leggur ríkissjóður* fram 1‰ á móti fyrstu 3‰, sem sýslurnar leggja fram, og á móti 4‰ frá sýslunum leggur ríkissjóður fram 2‰. Þessu breyti ég ekkert með minni brtt. Ég tala um ⅘ í þessu sambandi, en það er hærri tala en ¾, eins og kunnugt er. Sá, sem hefir tekið barnaskólapróf, flaskar ekki á þessu, svo að þá ætti maður, sem tekið hefir embættispróf, ekki að vera í vandræðum með að reikna þetta einfalda dæmi.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skal strax taka það fram, að það heyrir ekki undir mig að framkvæma þetta ákvæði, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um; það heyrir undir þann ráðh., sem fer með vegamálin. Ég var að líta á bréf frá vegamálastjóra til fjvn. í fyrra, þar sem hann lætur í ljós álit sitt um það, hvað sparast mundi í útgjöldum fyrir ríkissjóð, ef framlög ríkissjóð til sýsluvegasjóða væru ákveðin þannig, að framlag ríkissjóðs mætti ekki fara fram úr 5‰ frá sýslunum. Vegamálastjóri hefir fengið það út, að útgjöldin lækka úr 94,8 þús. kr. niður í 68,1 þús., og ég hefi séð, að fjvn. hefir reiknað með því í fjárlfrv., að þessi útgjöld yrðu samkvæmt þessari till. um 70 þús. kr. 1936; fjvn. hefir m. ö. o. lagt sama skilning og vegamálastjóri í þetta atriði.

Ég hefi ekki rannsakað, hvort þessi útreikningur vegamálastjóra er réttur, en ég held, að það sé ljóst, hvað hann og fjvn. meinar, sem sé það, að ríkissjóður greiði ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5‰ úr héruðunum. Ég verð að segja, að ég hefi ekki fylgzt það vel með í þessu máli, að mér sé ljóst, hvort þetta, sem ég hefi sagt, nægir hv. þm. V.-Húnv., en ef hann tekur aftur til máls, þá vona ég, að hann leggi frekari áherzlu á það, sem kann að vanta í upplýsingarnar af minni hálfu.

Frsm. (Sigfús Jónsson): Ég ætla aðeins að segja nokkur orð. Mér finnst hv. þm. V.-Húnv. fara gegnum sjálfan sig, þar sem hann ætlast til, að ríkissjóður leggi fram ⅘ á móts við framlög héraðanna til sýsluvegasjóðanna. Ef héruðin leggja t. d. fram 1000 kr. í sýsluvegasjóð, þá á ríkissjóður samkvæmt till. hv. þm. að leggja fram aðeins ⅘ á móti, en samkvæmt lögunum á hann að leggja jafnmikið, eða 1000 kr. ⅘ af þessari upphæð er ekki nema 800 kr. Þannig hefi ég a. m. k. lært að reikna, en hv. þm. virðist reikna öðruvísi. Þetta er svo augljóst mál, að ég nenni ekki að þrefa lengur um þetta við hv. þm. V.-Húnv.

***Hannes Jónsson:** Ég vil taka það fram, að ég þjóst ekki við öðru svari frá hæstv. fjmrh. en ég fékk, því að mér skilst þetta vera rökrétt niðurstaða af því, sem stendur um þetta atriði í frv. sjálfu og eins í álitsskjali vegamálastjóra, en hinsvegar gat vel verið, að hv. fjvn. hefði misskilið þetta í fyrra, eins og mér finnst hv. frsm. n. hafa misskilið þetta ákvæði, sem hér um ræðir, og útreikningana í sambandi við lögin sjálf. En það kom ekkert fram hjá hæstv. ráðh. um það, hvort hann teldi þá leið, sem byggist á þeim skilningi, sem við leggjum báðir í þetta atriði, eðlilega eða ekki. Og svo vil ég minna á annað í þessu sambandi, sem æskilegt væri, að hæstv. ráðh. svaraði og það er það, hvernig hann hefir hugsað sér að framkvæma lögin; það væri ákjósanlegt að fá að vita, hvort hann ætlar að framkvæma þau á svipaðan hátt og gert hefir verið, en sú framkvæmd hefir verið hálfeinkennileg. Þau hafa verið framkvæmd þannig, að ráðh. hefir verið heimilt að veita leyfi til meiri álagningar en sem svarar 6‰; héruðin hafa mátt leggja meira á sig, og fengið dálítið á móti, en þó ekki eins mikið og lögin sjálf gera ráð fyrir; eftir þessu er framkvæmdin þannig, að það er aldrei lagt fram jafnmikið af ríkissjóði og héruðunum, en eftir sjálfum lögunum að dæma á að veita þessa heimild skilyrðislaust, og þá færi hlutfallið vaxandi, þannig að framlag ríkissjóðs yrði því meira sem héruðin leggja meira fram.

Ég ætla svo að svara hv. frsm., því að hann virðist gleyma þeim 2‰, sem héruðin leggja fram án þess að ríkissjóður leggi neitt fram á móti. Héruðin komast ekki hjá því, að leggja á sig þetta gjald til þess að komast í þá aðstöðu að fá eitthvert framlag úr ríkissjóði; til þess að geta fengið það minnsta, sem um er að ræða, 1‰, verða þau að leggja á sig 3‰.

Þetta er svo augljóst mál, að hvert mannsbarn hlýtur að skilja það, nema ef til vill hv. 2. þm. Skagf., og furðar mig á því, að hann skuli ekki geta skilið þetta, því að hann er yfirleitt glöggur á tölur, en hann virðist hafa fengið þetta inn í kollinn, svo að hann vill ekki falla frá þessari skoðun sinni, hversu rækilega sem honum er sýnt fram á það rétta í þessu atriði.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. V.-Húnv. spurði mig, hvort mér fyndist eðlilegt að afgreiða málið eins og frv. gerir ráð fyrir. Það má náttúrlega deila um það, hvernig eðlilegast sé að láta koma fram lækkun á þessu framlagi, en mér finnst liggja sterk rök fyrir því, að ef framlagið er lækkað á annað borð, þá sé það fyrst og fremst lækkað við þá, sem hafa fengið mest, þótt þeir leggi mikið á sig heima fyrir. Þegar um það er að ræða, að ná einhverju ákveðnu marki í niðurfærslu þessa framlags, þá finnst mér sú leið eðlilegust, að jafnt sé tekið af öllum og meira af þeim, sem meira hafa fengið; ég er því fylgjandi þeirri leið, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. spurði, hvernig lögin um framlagið yrðu framkvæmd, og verð ég að taka það fram, eins og áður, að þetta heyrir ekki undir mig, og ég tel mér ekki fært að gefa neinar upplýsingar um það, hvernig þessi lög verða framkvæmd, en minn skilningur á 15. lið frv. er sá sami og ég gat um áðan, og ég held, að það verði ekki villzt um, að sá skilningur er réttur, eins og við erum sammála um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 6. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 236 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 73, svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
— 256 felld með 15:10 atkv.
— 269.a felld með 16:2 atkv.
— 269.b samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.

nei: GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JÓl, JónP, JS, PO, SK, TT, EE.
JakM greiddi ekki atkv.
Þrír þm. (BJ, JJós, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 86 felld með 18:7 atkv.
— 277 felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JÓl, JónP, JS, PHalld, SK, TT, BÁ, EE, GÞ, GÍ, HannJ.
nei: HV, JG, MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
GSv greiddi ekki atkv.
Þrír þm. (BJ, JJós, ÓTh) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Sþ., 7. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 305).

Á 48. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, n. 402).

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Þetta frv., sem gengur undir nafninu „bandormurinn", er komið frá hv. Nd. og er nú í 16 liðum. Fjhn. hefir athugað frv., og hún lítur svo á, að ríkissjóður megi ekki missa þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem ekki er sjáanlegt, að um neina gjaldalækkun geti verið að ræða á næsta ári. Brtt. nefndarinnar eru leiðréttingar, sem ekki þurfa skýringar við. Að vísu mætti halda, að b-liður 1. brtt. væri allmikil breyting, en hún er þó einnig leiðrétting á vangá í frv.

***Magnús Jónsson:** Ég hafði skrifað undir nál. með fyrirvara, þar sem ég hafði hugsað mér að bera fram 1—2 brtt., en geri það þó að líkindum ekki fyrr en við 3. umr. Bandormurinn hefir nú lengzt þó nokkuð, en það, sem ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. um, var einkum 14. liðurinn, niðurfelling á framlagi til bókasafna prestakalla. Þessi niðurfelling er blátt áfram hlægileg, þar sem þessi upphæð er svo lítil, að hana hefir sjaldnast verið hægt að skrifa með 4 tölustöfum. Ég held, að þetta hafi numið um 800—1000 kr. á ári. En þetta hefir þó ýtt undir bókasöfnun presta, þótt lítið væri, og gert þeim kleift að byggja bókasöfnin dálítið upp frá ári til árs. Ég skal ekki orðlengja þetta meira, en fyrirvari minn var um þetta og fleiri smáatriði.

***Þorsteinn Briem:** Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um 14. liðinn. Verður víst hægt að leggja fram skýrslur um það framlag og hversu því hafi verið varið fyrir næstu umr.

En það, sem ég vildi fyrst og fremst minnast á, er lækkunin á framlagi til sýsluvegasjóða í 15. lið. Að vísu hefir verið felld í Nd. till. frá hv. þm. V.-Húnv. um að breyta þessum lið aftur í réttara horf, en ég mun þó áræða að flytja brtt., sem gengur í sömu átt, við 3. umr., og þá ekki síður við 13. lið, um lækkun framlags til kaupa á tilbúnum áburði. Þetta framlag hefir oftast verið um 40 þús. kr., en er ákveðið 28 þús. kr. í fjárlfrv. Sýnist ekki koma til neinna mála að fara nú að lækka þá upphæð um helming. Ég hefi áður flutt brtt. um þetta í sambandi við fjárlögin. En við næstu umr. mun ég flytja brtt. um að fella burt þessa nýju lækkun.

Ég hefi áður flutt brtt. um það, að 8. liður falli niður, þar sem gert er ráð fyrir, að niður falli sá hluti útflutningsgjalds, sem gengið hefir til ræktunarsjóðs. En þótt ræktunarsjóður megi sízt við slíkri meðferð, hefir það sýnt sig, að ekki tjáir í móti að mæla.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég hefi enga ástæðu til þess að svara þeim hv. þm., sem talað hafa, þar sem þeir hafa báðir lýst yfir því, að þeir muni geyma brtt. sínar til 3. umr. En ég álít, að hér þurfi engar brtt. að bera fram, því að hæstv. forseti mun bera hvern lið sérstaklega undir atkv., ef um það er beðið.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég hefi nú margt að athuga við þetta frv. með hinu fallega nafni, sem ég vil ekki nefna, en skal ekki drepa nema á tvö atriði að þessu sinni. Annað er 15. liðurinn, sem sagt hefir verið um með röngu, að við fjvnm. höfum allir verið sammála um. Ég álít, að þetta framlag eigi að vera eins og það er ákveðið í lögum, en veit, að það er þýðingarlaust að hreyfa þessu hér, eins og í fjvn. En þá er það 13. liðurinn. Mér virðist fullkomið ósamræmi milli hans og 10. liðs 16. gr. í fjárlfrv. Þar mælum við með 28 þús. kr. framlagi til kaupa á erlendum áburði. En nú kemur þessi, sem ég vil ekki nefna, og gerir ráð fyrir 14 þús. kr. Sþ. samþykkir 28 þús. kr., en svo koma deildirnar og segja, að upphæðin skuli lækka um helming. Sem þm. og fjvnm. mótmæli ég þessu og mun greiða atkv. gegn því.

ATKVGR.

Brtt. 402,I samþ. án atkvgr.
1. tölul. 1. gr., svo breyttur, samþ. með 10:1 atkv.
2.—6. liður 1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 402,II samþ. án atkvgr.
7. liður 1. gr., svo breyttur, samþ. með 10 shlj. atkv.
8. liður 1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
9.—12. liður 1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
13. liður 1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 402,III samþ. án atkvgr.
14. liður 1. gr., svo breyttur, samþ. með 8:6 atkv.
15. liður 1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
16. liður 1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 425, 428).

*__Magnús Jónsson__: Ég gerði í raun og veru grein fyrir þessari brtt. þegar þetta mál var til 2. umr. En það er sem sagt 14. liðurinn, sem er um það að fresta framkvæmd laga um bókasöfn prestakalla. Ástæðan til þess að breyta þessu er náttúrlega sú, að það er hreinasta fjarstæða í l., sem sett eru til þess að hjálpa ríkissjóði yfir fjárhagsörðugleikana, að hafa þar á meðal frestun á l., sem hafa jafnafarlítil útgjöld í för með sér eins og þetta. Það er sem sagt svo lítil fjárupphæð, að hún getur ekki einu sinni skrifazt með 4 tölum. Ég hefi í höndum skrá um, hverju þetta hefir numið 1933—1935. 1933 nam þetta 359,87 kr., 1934 nam það 762,55 kr. og 1935 komst það upp í 1350,92 kr. Af því að þessi liður var borinn undir atkv. og samþ., taldi ég þá stappa nærri þingsköpunum að bera nú fram till. um að fella þennan lið niður. Ég taldi rétt, til þess að reyna að koma í veg fyrir, að þessi liður yrði alveg felldur niður, að bera fram till. um, að ekki væri varið nema að vissu marki í þessu skyni, eða 1000 kr. Þetta starf, að koma upp bókasöfnum við prestaköllin, vinnst hægt, en byggist á því, að alltaf sé haldið áfram. Það byggist á því, að ár eftir ár og áratug eftir áratug sé alltaf haldið áfram hægt og hægt að vinna að því, en stöðvanir eru aftur mjög óhagstæðar. Með því að bera fram brtt. um, að ríkissjóður verji ekki meira en 1000 kr. á árinu 1937 í þessu skyni, vona ég, að hv. þm. geti samþ. það í því formi, og hafi þá um leið ánægjuna af því að hafa þetta af bandorminum og tryggja, að ekki verði varið meira til þessa.

__Frsm. (Bernharð Stefánsson)__: Ég skal geta þess, að meiri hl. fjhn. sér ekki ástæðu til að skipta sér af, hvort þessi till. á þskj. 428 verður samþ. eða ekki. Það er náttúrlega ekki um mikið að ræða þarna, og jafnvel þó að till. verði samþ., nær þessi liður nokkurnveginn tilgangi sínum.

ATKVGR.
Brtt. 428 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 448).
Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__: Þetta frv. hefir verið í Ed. og ekki tekið þar öðrum efnisbreyt. en þeim, að inn í það var settur nýr liður, svo hljóðandi (14. liður):
„Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. l. nr. 17 7. júlí 1931."
En þegar frv. fór til Ed. var í því, að framlag til bókasafna prestakalla yrði ekkert greitt á árinu 1937.
En svo sé ég, að prentvilla hefir slæðzt inn í 11. lið frv. Þar er vitnað í l. nr. 79 frá 19. júní 1933, en á að vera l. nr. 75 frá 19. júní 1933. Hygg ég, að varla muni þurfa að flytja brtt. um þetta, til þess að atkvgr. geti farið fram um frv. En ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki láta athuga þetta áður en l. verða afgr. til ríkisstj.

__Forseti (JörB)__: Frv. er borið upp til atkv. með þeirri leiðréttingu, sem hæstv. ráðh. gat um, að gera þyrfti á prentvillu í því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 479).

8. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á 2. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
__Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka__ (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)__: Þetta frv. er svo að segja alveg óbreytt eins og það var afgr. hér frá d. á síðasta þingi. Einu breytingarnar, sem á því hafa verið gerðar, eru þær, að tilvitnun hefir verið sett inn í 8. gr., sem vantaði í fyrra frv., og nokkuð gleggri ákvæði um innheimtu skólabókagjaldsins og annað þar að lútandi.
Þetta mál var allmikið rætt hér í d. á síðasta þingi, og auk þess fylgdi ýtarleg grg. með brtt. á þskj. 509, sem samþ. voru, og get ég látið nægja að vísa til hennar.
Ég tel ekki þörf á að vísa málinu til n. nú, en hefi þó ekkert á móti því, ef einhver óskar eftir. Ef svo yrði, teldi ég, að það bæri að vísa því til menntmn., og vildi ég mælast til, að hún reyndi þá að hraða afgreiðslu þess.

__Guðrún Lárusdóttir__: Ég legg til, að þessu máli sé vísað til fjhn.

__Jónas Jónsson__: Ég er nú ekki svo laus við eigingirni eins og hv. meðnm. minn, hv. 5. landsk. Ég álít menntmn. svo vel skipaða, þar sem við erum bæði í henni, að ég tel vafasamt, að öðrum n. ólöstuðum, að betri n. fáist til að fjalla um þetta mál. Ég leggst því á móti, að því verði vísað til fjhn.

*__Einar Árnason__: Ég geri ráð fyrir, að tilgangurinn með þessu frv. sé sá, að gera foreldrum barna á skólaskyldualdri nokkuð léttara fyrir um kaup á námsbókum heldur en nú er. Um þann tilgang er vitanlega ekkert nema gott að segja. Ég hygg, að þetta barnaskólabákn, sem búið er að setja hér í landinu, sé orðið svo þungt fyrir þjóðfélagið og einstaklingana, að

sjálfsagt sé að taka vel hverri tilraun, sem gerð er til þess að fá það að einhverju leyti ódýrara. Ég skal fúslega játa, að í þessu frv. felast breytingar, sem geta orðið æðimörgum foreldrum til léttis að því er bókakaupin snertir. En hinsvegar dylst mér eigi, að samkv. ákvæðum þess geta bókakaupin í einstökum tilfellum komið töluvert þyngra niður á foreldrum heldur en nú; það hlýtur að fara nokkuð eftir því, hvernig á stendur. Í frv. er gert ráð fyrir, að heimili, sem eiga börn á skólaskyldualdri, greiði 5 til 8 kr. á ári, svo lengi sem þar er nokkurt skólaskylt barn, að mér skilst. Nú getur staðið svo á, að þessi skólaskylda barna á sama heimili standi mjög mörg ár, og ef maður gerir ráð fyrir 8 kr. gjaldi á ári, getur þetta numið allhárri upphæð fyrir fátæka foreldra. Á það sérstaklega við um foreldra í sveit, því það er svo ennþá þar, að kaup á bókum handa börnum eru ekki sérstaklega tilfinnanleg. Börnin taka við bókunum hvert af öðru, eftir því sem hægt er, og enn er ekki heimtað jafnmikið af þeim eins og börnunum í kaupstöðunum. Nú vil ég benda á það, að hugsi maður sér heimili með fjórum börnum og að það elzta nái fyrst skólaskyldualdri árið 1937, þegar hugsað er, að þessi l. komi til framkvæmda, þá getur staðið svo á, að skólaskyldualdur þessara fjögurra barna sé ekki úti fyrr en árið 1952. Og geri maður ráð fyrir 8 kr. gjaldi á ári, yrðu þessir foreldrar búnir að greiða 128 kr. fyrir skólabækur. Ég vildi einmitt vekja athygli á þessu, áður en málið fer til n., því mér finnst ástæða til að taka það til athugunar, að þessi breyting verði þó ekki til að íþyngja einstökum foreldrum frá því, sem nú er; við það finnst mér, að tæplega væri unandi, þó segja megi með réttu, að frv. mundi í mörgum tilfellum verða foreldrum til léttis. Ég vil því beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi, hvort ekki er hægt að setja einhver þau ákvæði í frv., sem komi í veg fyrir, að þetta geti orðið svo dýrt fyrir einstaka foreldra sem ég hefi bent hér á.

Guðrún Lárusdóttir: Ég ætla ekki að fara að ræða um frv. sjálft, með því að ég gerði grein fyrir áliti mínu á frv. um sama efni á síðasta þingi. En viðvíkjandi uppástungu minni um að vísa málinu frekar til fjhn. heldur en menntmn. vil ég segja það, að mér virðist frv. fyllilega hafa í sér fólgið skattamál, því það gerir ráð fyrir nýjum almennum útgjöldum, eða réttara sagt útgjöldum í nýjum búningi, og þar sem þau eru allumfangsmikil og snerta ekki svo lítið hvert heimili í landinu á annan hátt en verið hefir, þá virðist mér, að fjhn. eigi í rauninni að íhuga málið. Það var einungis þetta, sem vakti fyrir mér, er ég stakk upp á, að fjhn. fengi málið til meðferðar.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég tel, að samkvæmt eðli sínu eigi þetta mál heima hjá menntmn. Þær tölur, sem athuga þarf í sambandi við það, snerta bókaútgáfu með tilliti til þarfa skólanna, og um þar að lútandi ætti menntmn. að eiga auðveldast með að afla upplýsinga, ef þurfa þykir, en ég held, að upplýsingar þær, sem fylgdu brtt. í fyrra, séu nokkurn veginn fullnægjandi í því efni.

Ég hygg, að það sé á misskilningi byggt hjá hæstv. forseta, ef hann telur, að með þessu frv. sé einstökum heimilum íþyngt frá því, sem nú er að því er bókakaup snertir, jafnvel þó hámarkið væri notað og skattgjaldið ákveðið 8 kr. Ég get varla hugsað mér, jafnvel þó sveitaheimili sé, að það geti komizt af með minna til bókakaupa en þetta, ef það á að uppfylla ákvæði fræðslulaganna um þá kunnáttu barna, sem tilskilin er undir fullnaðarpróf. Ég verð að draga í efa, að hægt væri að nota sömu bækurnar frá því 1937 til 1952; það er a. m. k. ekki hægt að reikna með því, að slíkt sé gert nema í sárafáum tilfellum. Á hinn bóginn er ekki vafi á því, að fyrir allan þorra heimila yrði að þessari breytingu mikill léttir, sérstaklega þar sem mörg börn eru, því þó að með sparsemi megi láta fleira en eitt barn nota sömu bókina, þá hljóta þó bókakaupin alltaf að verða meiri eftir því, sem börnin eru fleiri. Eftir rannsókn þeirri, sem gerð hefir verið, telja þeir, sem málið hafa undirbúið, tryggt, að yfirleitt þurfi hvergi að aukast kostnaðurinn við bókakaupin við hið nýja fyrirkomulag, jafnvel ekki þar, sem er aðeins eitt barn, en að hinsvegar mundi leiða af því stórkostlegan sparnað fyrir alla hina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9:5 atkv.

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 200, 201).

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Þetta mál var rætt ýtarlega hér á þingi í vetur, og þarf ég því ekki að hafa um það langt mál að þessu sinni. Menntmn. var ekki einhuga um málið, og kom minni hl. með brtt., en annars má segja, að allgott samkomulag hafi verið um aðalefni frv., svo að þótt minni hl. kæmi með þessa brtt., álítur hann samt, að svo mikill glundroði sé á útgáfu kennslubóka, að ástæða sé til að gera þessa tilraun. Aftur vildi minni hl. ekki láta þetta ná til unglingafræðslunnar að svo komnu máli.

Afstaða meiri hl. var sú, að breyta þessu sem minnst. Og með því að það liggur nú í loftinu að breyta fyrirkomulagi á barnafræðslunni í það horf, að enn meiri þörf verði á unglingafræðslu, virðist sjálfsagt, að haft verði samstarf um tilhögun þessa tvenns: barna- og unglingafræðslunnar.

Viðvíkjandi 1. brtt. n., að í stað orðanna „stjórn Sambands" komi: fulltrúafundi Sambands, er það að segja, að hún er gerð eftir ósk barnakennara. Þeir gætu þá kosið mann í n. þessa í fyrsta sinni í vor.

Um síðari brtt., að lækka kennslubókagjaldið að tveim árum liðnum, vil ég taka það fram, að tilgangurinn með því að halda því svona háu fyrstu tvö árin er sá, að hlífa ríkisstj. við því að þurfa að taka stór lán til þessara hluta. Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. Eyf., sem minntist

á þetta við 1. umr., telji það vera til bóta. — Ennfremur hefir verið sett inn í þessa brtt. ákvæði um, að á þetta skuli falla innheimtugjald, eins og á sér stað um alþýðutryggingarnar, af því að sýslumenn hafa yfirleitt ekki þau sældarkjör. Þó er undantekning gerð um þá sýslumenn, sem hafa skrifstofufé eftir reikningi, eins og t. d. tollstjórinn í Reykjavík. Vona ég, að hv. þingd. átti sig á þessu. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um málið fleiri orðum, en vænti, að því verði tekið vel, eins og gert var í vetur.

Guðrún Lárusdóttir: Ég hefi borið fram nokkrar brtt. við frv. þetta. — Ég verð nú að segja, að ég hefi ekki haft mikla trú á ágæti þessa frv. Ég hefi ekki verið trúuð á, að þessi útreikningur geti staðizt. Þó veit ég, að útgjöld til kaupa á skólabókum eru þungur baggi á mörgu heimili. Ef hér væri um að ræða leið til að laga þetta, væri sjálfsagt að gera þessa tilraun. Ég hefi því bundið mitt atkv. við brtt., sem ég hefi borið fram á þskj. 201. Þá vil ég geta þess, að fallið hefir niður athugasemd í sambandi við 1. brtt. mína á þskj. 201. Vil ég því afhenda hæstv. forseta hana sem skriflega brtt., svo að hann geti komið henni á framfæri.

Þetta frv. fer alllangt út fyrir það svið, sem ég tel heppilegt. Ég hefi áður sagt, að ef til vill væri rétt að gera þessa tilraun að því er snertir barnaskóla eingöngu. Og upphaflega mun frv. hafa verið svo hugsað. En síðan var því breytt í þá átt, að það skyldi ná til allra skóla á landinu, og ekki aðeins snerta bækur, heldur og allan varning til skóla, sem pappírsverzlanir selja nú, og er ég því alveg mótfallin, að þannig sé seilzt inn á atvinnugreinar einstaklinga. Ég sé ekki ástæðu til, að ríkið sé þannig að keppa við þegnana um atvinnumöguleika, og finnst mér það heldur eiga að hlynna að atvinnu þeirra.

Fyrir mér vakir, að frv. sé bundið við barnaskólana eina. Þegar svo reynsla væri fengin að því er þá snertir, væri í lófa lagið að bæta við eða draga frá, eftir því hvað þætti heppilegra. Af frv. er og svo að sjá, sem það sé einhver tilraunastarfsemi, sem hér á að hefja. Annarsvegar er ráðgert, að bókagjöldin muni ekki hrökkva fyrir kostnaðinum, og á þá ráðh. að taka lán, en annarsstaðar í frv. er gert ráð fyrir, að afgangur verði, og á þá að færa út kvíarnar.

Þá hefi ég í samræmi við skoðun mína á þessu máli gert þær brtt., að niður falli allar gr. frv. sem lengra ganga en það, sem ég hefi bent hér á. Loks ber ég fram brtt. viðvíkjandi aðiljum þeim, er skipa eiga menn í ritstjórn námsbókanna. Legg ég til, að í staðinn fyrir félag kennara við héraðsskóla og gagnfræðaskóla komi synodus. Ég sé ekki, að kennarar við héraðsskólana séu hér nauðsynlegir aðiljar. Hinsvegar virðist mér prestarnir, sem manna mest hafa fyrr og síðar skipt sér af fræðslu barna og unglinga hingað til, ættu að hafa rétt til að velja mann í nefnd, sem á að sjá um, hverjar námsbækur börnum eru fengnar. Prestarnir eru þeir menn, sem kynnast heimilunum bezt og hljóta samkvæmt stöðu sinni að hafa mestan áhuga á því, að valið á barnabókum takist sem bezt. Ég býst líka við, að fólkið í landinu álíti það bezta tryggingu fyrir því, að vel verði til bókanna vandað, ef prestur er í þessari n. Ég held því fast fram þessari brtt. og bind mitt atkv. við hana.

Ég hefi svo ekki meira um þetta mál að segja, en vona, að ég hafi komið svo orðum að hugsun minni, að hún misskiljist ekki.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Brtt. nr. 1 á þskj. 200, um að í staðinn fyrir stj. Sambands barnakennara komi fulltrúafundur Sambands barnakennara, get ég fallizt á.

Um 2. brtt. á sama þskj. verð ég að segja, að ég sé ekki, að hún sé stórfelld breyting frá fyrra hluta 7. gr. að öðru leyti en því, að 2% innheimtugjaldið er ákveðið handa þeim sýslumönnum, sem ekki hafa skrifstofufé samkvæmt reikningi. Við það hefi ég í rauninni ekkert að athuga. Í þessu sambandi vil ég benda á prentvillu í till. Þar stendur: „að fengnum till. ríkisstjórnar," en á að vera „ritstjórnar."

Þá mun það vera misskilningur hjá hv. tillögumönnum að gera ráð fyrir því, að síðasta málsgr. þessa málsliðar eigi að falla niður. Hún hljóðar svo: „Geti framfærandi skólaskylds barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiðast úr sveitarsjóði sem önnur gjöld til skólahalds." Ég geri ráð fyrir, að n. hafi ekki ætlazt til, að þetta félli niður. Það væri afturför frá því, sem nú er.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 201 verð ég að segja, að ég get ekki fallizt á, að synodus sé eðlilegri aðili en kennarar. Mér þykir sennilegt, að ef þetta fyrirkomulag gefst vel, þá verði það líka tekið upp að því er snertir aðra skóla, en fyrst um sinn verður að bíða og sjá, hver raunin verður á. En þess vegna get ég ekki heldur verið því samþykkur, að 10., 12. og 13. gr. falli niður.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að af 7. gr. hafa í brtt. fallið niður 2 línur, sem áttu að standa þar. Þetta verður leiðrétt fyrir 3. umr., og eins prentvillan í sömu brtt.

Viðvíkjandi brtt. hv. 5. landsk. er það að segja, að ef þetta skipulag sparar peninga, er full ástæða til að láta það einnig ná til unglingaskólanna. Munu nú vera ca. 1000 unglingar í unglinga- og gagnfræðaskólum hér á landi. Í menntaskólunum eru um 400. Er því þarna mikill fjöldi unglinga, sem hagsmuna hefir að gæta.

Um 1. brtt. hv. 5. landsk. á þskj. 201 verð ég að segja, að ég er þar á gagnstæðri skoðun. Ég sé ekki ástæðu til, að prestastefnan sé látin kjósa mann í ritstjórnina. Eins og hv. þm. veit, hefir verið gerð glögg verkaskipting milli skóla og kirkju. Þetta er í samræmi við alheimshreyfingu, sem fer einmitt í þessa átt. Í þessu liggur engin niðurlæging, hvorki fyrir kirkjuna né skólana. Er með því aðeins viðurkennt, að hvorum aðiljanum beri að hafa með höndum sína fræðslu. Sú trúarlega fræðsla, er prestarnir veita, er oftast gefin utan skóla. Ég fer ekki út í það hér, hvort þetta er betra eða verra, en svona er það. Hitt er annað mál, hvort prestar ættu að

kenna fleira, eins og sumir álíta. Það getur vel verið rétt. En svona er þessu nú háttað hjá okkur. Það eru ekki margir prestar hér, sem gefa sér verulegan tíma til að fást við unglingafræðslu. Ég veit t. d. aðeins um einn. Getur verið, að prestum og löggjafarvaldinu finnist það sama í þessu efni af sömu ástæðum. En mér finnst ekki geta komið til mála, að prestar séu að blanda sér í þetta. Það væri að sínu leyti eins og ef barnakennarar færu að skipta sér af því, hvaða bækur prestar notuðu til að búa börn undir fermingu.

Guðrún Lárusdóttir: Ég sé ekki annað en það sé vel viðeigandi og í alla staði réttmætt, að prestastéttin hafi afskipti af þessum málum, þar sem þeir hafa betri aðstöðu til að kynnast heildinni heldur en nokkrir aðrir embættismenn. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að skólar og kirkja færi hvort sína leið. Mér finnst, að skólar og kirkja ættu að eiga samleið, og þótt prestar séu yfirleitt ekki skólakennarar, þá eru það þeir, sem á vissu aldursskeiði barnanna hafa mest afskipti af þeim og nánust sambönd við heimilin, ef þeir rækja vel skyldur sínar, t. d. með húsvitjunum. Ég álít þess vegna alls ekki rétt að ganga framhjá prestastéttinni, og allra síst þar sem ég lít svo á, að þetta eigi sérstaklega að snerta barnafræðsluna. Ég álít, að hér sé um mjög þýðingarmikið atriði að ræða. — Fræðslan er undirstaða lífsins, og þess vegna ber að vanda til hennar eftir föngum.

Ég er ekki með þessari uppástungu minni um að blanda synodus í málið að kasta neinni rýrð á kennarastéttina, enda þótt hægt sé að segja, að kennarar séu ekki alltaf heppnir í vali um bækur, sem þeir gefa út, og getur það t. d. átt við um bók eina, sem nýlega er gefin út og heitir Dýrin tala. Hafa hv. þdm. sjálfsagt lesið þann ritdóm, sem Árni Friðriksson hefir skrifað um hana, og vita þá, hve vel það bókarval hefir tekizt. Ég er ekki heldur með þessum orðum að kasta rýrð á kennarastéttina, heldur aðeins að sýna það, að öllum getur mistekizt, og það er engin allsherjartrygging fyrir góðu bókavali, að kennarar einir fjalli um þetta mál, og ég held, að prestar gætu gert það fullt eins vel.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.

2. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 200,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 201,1 felld með 9:5 atkv.

— 217 kom ekki til atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 200,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 201,2 felld með 9:4 atkv.

10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 201,3 felld með 9 shlj. atkv.

12.—14. gr. samþ. með 8:2 atkv.

15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 200,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 218, 228).

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Þessar brtt., sem hér liggja fyrir, eru í samræmi við það, sem talað var um síðast, þegar málið var til umr., og get ég fallizt á þær báðar. Sú fyrri er nauðsynleg viðbót við 7. gr. frv., og ég verð að fallast á, að eðlilegt sé að heimta ekki námsbókagjöldin inn fyrr en útgáfan tekur til starfa, og get því mælt með báðum brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 228,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 228,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 247).

Á 40. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 52., 53., 55. og 56. fundi í Nd., 20., 21., 24. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 247, n. 363 og 379).

***Frsm. meiri hl. (Sigurður Einarsson):** Eins og hv. þdm. sjá, liggja hér fyrir nál. frá meiri og minni hl. menntmn. um frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka. Þessi nál. eru stuttorð og gagnorð. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., minni hl. leggur jafngagngert til, að það verði fellt.

Það er bezt að segja hverja sögu eins og hún gengur. Ég get ekki sagt, að mikil samvinna hafi orðið í n. um rannsókn á þessu máli eða möguleikar á því að ná nokkru samkomulagi.

Það virðist hafa verið svo, þegar þetta mál hefir legið fyrir undanfarið, að menn hafi þar

skipzt mjög gagngert í tvo hópa, annarsvegar hafa þeir verið, sem hafa talið þetta skipulag til bóta, en hinsvegar þeir, sem hafa talið það gagnslaust og jafnvel skaðsamlegt.

Að svo miklu leyti, sem þetta mál var rætt í n., kom greinilega fram sami greinarmunur. Við meirihl.menn erum, eins og kom greinilega fram á síðasta þingi, þeirrar trúar, að þetta frv. horfi til mikilla bóta og stuðli mjög að því að sjá börnum fyrir hentugum, ódýrum og endingargóðum námsbókum, og ennfremur að það sjái börnum fyrir hentugra og aðgengilegra lesefni en börn eiga aðgang að nú.

Ég geri ráð fyrir, að andstæðingar okkar geri grein fyrir, af hverju andstaða þeirra við frv. er sprottin, en ég sé ekki ástæðu til að taka upp frekari umr. um málið, þar sem það var svo *rækilega rætt á síðasta þingi*. En ef *einhverja* hv. þdm. fýsir að vekja upp þau hjaðningavíg að nýju, þá er ekkert við því að segja, að um málið sé fjallað að nýju, ef það *mætti* verða til þess að sannfæra menn um nytsemi þess.

***Eiríkur Einarsson:** Meðnm. minn, hv. 5. þm. Reykv., sem var ákveðinn frsm. minni hl., er ekki viðstaddur, svo að ég vil í hans fjarveru láta nokkur orð fylgja frv.

Ég get tekið undir það með hv. 9. landsk., að ég sé ekki ástæðu til að rifja upp með mjög löngu máli þau rök, sem hér liggja fyrir. Á síðasta þingi var þetta frv. rætt allmikið, en að taka upp þau hjaðningavíg, eins og hv. þm. orðaði það, sé ég ekki ástæðu til. Ég vil aðeins taka það fram á sama hátt og þá, að ég hefi ekki séð mér annað fært en að vera andvígur frv. eins og það liggur fyrir.

Ef beitzt er fyrir því af alúð, að börn fái sem ódýrastar skólabækur, sem ég tel bæði rétt og nauðsynlegt, álít ég, að hægt sé að ná þeim tilgangi á annan veg á frjálsari menningarinnar vettvangi en frv. ætlast til. Langréttast og þægilegast væri, að fræðslumálastjóri ákvæði og samþykkti hámark útsöluverðsins, eins og bækurnar sjálfar. *Þessi lausn væri í alla staði hin* bezta, því að með henni væri komizt hjá annmörkum frv., en haldið kostum þess, þeim, að bókaútgefendur hafi ekki ágóða, þar sem sízt skyldi, á kostnað barnanna og fátækra foreldra.

Ég vil ekki fara að vekja umr. um málið á ný. En ég verð að láta þá skoðun mína í ljós, að ritnefnd sú, sem á að hafa yfirstjórn kennslubókanna á hendi, verði ekki annað en ný skriffinnskustofnun, og fræðslumálastjórnin sé fullkomlega fær um að hafa yfirstjórn og eftirlit útgáfunnar á hendi vegna aðstöðu, kunnáttu og vilja. Mér finnst þessi nýja ritnefnd lykta af því nýja bitlingakerfi, sem sífellt hefir verið að færast í aukana hin síðari árin.

Ég hefi sagt það, og endurtek það, að nauðsynlegt er, að við samningu og val kennslubókanna gildi eins mikið frjálslyndi og unnt er, og að þeir verði styrktir til samningar bókanna, sem þeim vanda eru vaxnir, en fræðslumálastjórn ráði því hinsvegar, hvað borið er á borð fyrir börnin. En þetta er ekki aðferð frv.

Mér hefði þótt gaman að minnast á ýmsa einstaka liði frv., en verð að sleppa því að mestu. *Þó get ég ekki stillt mig um að minnast á einn.* Í frv. er lagt blátt bann við því, nema með leyfi ráðh., að skólabækur gangi kaupum og sölum. Ég minnist þess nú um sjálfan mig, þegar ég var félitill nemandi í menntaskólanum, að mér þótti oft gott að geta fengið keyptar bækur af eldri skólabræðrum mínum með vægu verði. Ég trúi því varla, að það sé tilgangur frv. að banna slík viðskipti milli eldri og yngri barna, en ef svo er, þá svei því! En ef átt er við það, að ekki megi pranga með þessar bækur, á þetta ákvæði auðvitað rétt á sér. Hitt er heimskulega einhliða, að fyrirskipa, að bækurnar skuli vera séreign hvers barns, sem það megi ekki láta af hendi, nema sem gjöf, nema leyfi ráðh. komi til.

Ég hefi nú gert grein fyrir því, að ég tel það höfuðatriði, að í þessum efnum verði allt svo *frjálst sem unnt er*, svo allir þeir geti spreytt sig við samningu bókanna, sem þess eru um komnir, og að rétt sé og eðlilegt, að settur verði *hámarkstaxti á verð bókanna*, svo að ekki sé fé haft af börnunum eða foreldrum þeirra með óhæfilegri álagningu. Ég er þess fullviss, að foreldrum úti um sveitir landsins fellur sú tilhögun betur heldur en að þetta sé allt bundið og hafi jafnframt í för með sér nýtt lögtaksgjald, eins og ákveðið mun vera í þessum lögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:11 atkv.

2.—16. gr. samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, FJ, GG, HV, JörB.

nei: SK.

JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, TT, EE, GSv, GÍ greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (JÓl, PO, SE, BJ, EystJ, GÞ, HannJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.

nei: SK, GSv, GÍ, JJós, JónP, JS, PHalld, TT, EE, JakM greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (BJ, EystJ, GÞ, HannJ, JÓl, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 247, 480).

***Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson):** Herra forseti! Ég hefi ekki átt kost á að vera hér við fyrri umr. þessa máls og því ekki getað sagt neitt um þetta frv., sem fyrir liggur. En ég hefi ásamt hv. 11. landsk. leyft mér að bera fram brtt. við frv. á þskj. 480 og skal halda mig aðallega við að ræða um þær. Þær fara fram á

það í fyrsta lagi, að fella niður síðustu setninguna í 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að í skrá þeirri, sem ráðh. gefur út um námsbækur, að fengnum till. fræðslumálastjóra, skuli greina, hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar. Mér finnst það ekki eiga við að setja fyrirmæli um slíkt, því það verður að vera á valdi þeirra, sem bækurnar semja og leggja handrit fyrir n. til þess að velja úr. Það er ekki svo gott að segja fyrir um það, hver efnismeðferð er hentugust fyrir slíkar bækur, sem hér er um að ræða. Til skýringar á þessu atriði skal ég leyfa mér að segja frá því, sem ég nýlega las í ensku blaði, þar sem bókaforleggjari einn segir frá nokkrum endurminningum í sínu útgáfustarfi. Einu sinni kom til hans heldur óálitleg eldri kona með ósköp óálitlegt handrit og afhenti honum það og sagði: „Viljið þér gefa þetta út?“ Hann athugaði þetta handrit í tómi og lét kunnáttumann fara yfir það. Niðurstaðan varð sú, að þetta handrit tók hann til útgáfu, þó það væri útlitsljótt og höfundurinn óálitlegur. En þegar bókin kom út, vildi svo til, að maður, sem hafði með fræðslumál fyrir London að gera, sá þessa bók á sýningu, sem haldin var á skólabókum, og honum leizt svo vel á hana, að hún var tekin til allra skóla í London. Og þessi óálitlega kona kom til með að hafa svo mikið upp úr samningu þessarar óálitlegu bókar, að hún gat nú hætt að kenna, því að hún fékk svo álitlega fjárupphæð fyrir þessa bók sína. Ég er viss um, að svona lagað kemur ekki fyrir, þegar n. manna fer að fjalla um þessi mál og segja til um, hvernig þeim skuli hagað. — 2. brtt. fer fram á, að orðalagi 2. gr. verði breytt þar, sem talað er um að dreifa bókunum út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu. Það er áreiðanlegt, að þessi aðferð mun reynast dýr, og hún mun stefna í þá átt að gera þetta dýrara fyrir þjóðfélagið og auka eyðslu fyrir það, og það svo freklega, að allar líkur eru til, að þetta fái ekki staðizt lengi. Mér virðist þarna verið að hvetja til óþarfa eyðslu, sem ekki á að eiga sér stað, hvorki í þessu efni né öðru. Mér virðist orðalagið á 2. gr. vera þannig, að það líti út fyrir, að tilgangurinn sé að sóa sem mestu og að þar séu engin takmörk sett. Það var af þessum ástæðum, að ég bar fram þessa brtt. Mér þykir hóflegra orðalag það, sem hún gerir ráð fyrir, og það orðalag gefur að minnsta kosti ekki til kynna, að ætlazt sé til, að þessu verði sóað stjórnlaust og umfram allar þarfir. — 3. brtt. fer fram á að við 4. gr. bætist, að prentsmiðjustjóri ríkisprentsmiðjunnar skuli hafa þóknun fyrir sitt starf sem forstöðumaður þessa fyrirtækis, og skal ráðh. ákveða, hvað há hún á að vera. Mér þykir rétt, að þetta komi fram vegna þess, að ef ríkisprentsmiðjustjóranum er ekki ætluð sérstök þóknun fyrir þetta, þá er það til þess fallið að fela einn kostnaðarliðinn, og það gæti með tímanum réttlætt þessa útgáfustarfsemi. Nú er talað um í frv., að tilgangurinn eigi að vera sá, að gera þetta kostnaðarminna fyrir ríkið. En mér finnst það þurfa að koma ljóslega fram, hver kostnaðurinn er, og ekki megi fela neinn kostnaðarliðinn undir öðrum ríkisstofnunum. Því fer vel á því, að það komi hér fram, að þóknun er nauðsynleg fyrir þetta framkvæmarstjórastarf, og þá ættu að vera ákvæði í l. um, að ráðh. ákvæði þóknunina. — Næsta brtt. er við 7. gr. Hún er dálítið veruleg breyt. frá tilgangi frv. Í 7. gr. segir: „Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum l., lætur ríkisstjórnin innheimta námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5—8 kr. á heimili og innheimtast á manntalsþingum samkvæmt skrám, er sveitar- eða bæjarstjórnir semja fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og lagðar eru fram samtímis skattskrám.“ Ég vil benda á, að mér þykir þetta þunglamalegt fyrirkomulag, og þetta verður til þess, að stjórnarvöldin þurfa að láta gera eina skrána enn þá til þess að afhenda innheimtumönnum ríkisins til þess að innheimta eftir. Það fer hraðvaxandi þetta skráafargan, sem nauðsynlegt er til þess, að hægt sé að framkvæma ýms lagaákvæði. Hér er rétt ein slík á ferðinni, og hún felur í sér svo verulegan kostnaðarauka fyrir þetta fyrirtæki, að það væri gott að geta fellt það niður, ef önnur lausn fyndist á þessu máli, sem væri hentugri. Nú er það líka ranglátt, sýnist mér, að láta aðra borga námsbókagjald heldur en þau heimili, sem einhverja námsbók hafa fengið á því ári. Mér finnst sanngjarnt, að menn geti sloppið við gjaldið, ef farið er svo vel með bækurnar á einu heimili, að bækurnar endist þar betur. Það hvetur líka til betri meðferðar á þessum hlutum, og mér finnst full ástæða til að brýna það fyrir mönnum. Því ef engin takmörk verða sett, hvað mikið heimta má af þessum ókeypis námsbókum, sem kallaðar eru, þá þykir mér líklegt, að eyðslan verði svo ógurleg, að það komi fljótt í ljós, að það verði að leggja þetta niður. Mér þykir hæfileg lausn á því máli, að skólanefnd fyrir tilstuðlan skólastjóra eða kennara geri skýrslu um, hverjir hafi fengið námsbækur, og þeir séu svo látnir greiða námsbókagjald, en hinir ekki, sem fyrir góða meðferð bókanna eða aðra sparneytni komist hjá því að gjalda námsbókagjaldið það árið. Ég sé ekki betur en að þetta sé sanngjarnara heldur en að öll heimili, sem börn hafa, borgi, hvort sem þau hafa fengið nokkra bók eða ekki. Þetta virðist vera ósköp einfalt, en að vísu viðbót við störf skólastjóra og skólanefnda, en þó ekki óhæfilegt. — 5. brtt. er um það, að 9. gr. falli niður, en hún segir, að ekki megi án heimildar ráðh. selja þessar bækur, sem gefnar eru, og eru við lagðar 10—100 kr. sektir fyrir að selja þær. Ég skil ekki, hvers vegna þarf að hafa þetta í l. Það er auðsætt, að ef nógur forði er allsstaðar fyrirliggjandi af þessum bókum, kemur ekki til, að þær verði seldar. Og ég sé satt að segja ekki, að það þurfi að varða sektum, þó að einhver afhendi afnotaréttinn á bók til annars, ef svo stendur á, að það er þægilegra einhverra hluta vegna. Ég sé ekki betur en það megi láta alveg frjálst. Ég fæ ekki betur séð en að þarna sé hugsunarvilla, sem gerir það að verkum, að 9. gr. er eins og hún er orðuð í frv. Það virðist svo sem þetta sé önnur ráðstöfun til þess að tryggja, að enginn fari vel með bækurnar. Ég get ekki betur séð en að þetta

ákvæði sé í alla staði þarflaust. — 6. brtt. er við 10. gr., samskonar og við 2. gr., um að þar sem talað er um að dreifa bókunum út, þar komi að afhenda bækurnar. Mér finnst þetta viðkunnanlegra orðalag í lagamáli, og það er í samræmi við breyt. á 2. gr. — 7. brtt. er við 15. gr., um að síðasti málsliðurinn falli niður, þar sem talað er um bann 9. gr., en hann þarf að falla niður, ef 9. gr. verður felld niður.

Þetta eru þær brtt., sem við höfum leyft okkur að gera við frv. Ég verð að líta svo á, að þær séu allar til bóta, og vona, að hv. þm. fallist á það með mér. Ég tel ekki þörf á að ræða mikið um principatriði þessa máls. Mönnum er ljóst, hvert stefnir með þessu, og að það er margt við það að athuga frá ýmsum sjónarmiðum. Ég vil sérstaklega benda á eitt sjónarmið núna. Það er það, að þetta er beinlínis ráð til þess að stuðla að óhæfilegri eyðslu fyrir þjóðfélagið á þessu sviði. Og ef eyðsla og fyrirhyggjuleysi viðgengst á einu sviði og það er stuðlað að því á allan hátt að útbreiða það af ríkisvaldinu, þá er hætt við, að það breiðist óðum út á fleiri sviðum þjóðfélagsins. Annars skal ég bæta því við, að mér sýnist ekki á ýmsu, sem fram hefir komið upp á síðkastið, að ríkisútgáfan sé nein lausn á þessu máli; það er langt frá því. Fyrir tilviljun rakst ég nýlega á skrá yfir bækur, sem útvarpsskrifstofan hefir gefið út; það eru kennslubækur í málum, íslenzku, dönsku, ensku og þýzku. Maður skyldi nú halda, að hér væri um að ræða stóran markað fyrir þessar kennslubækur, og ég tel víst, að svo sé, en verðið á þessum bókum er svo hátt, að ég tel ekki neinn sóma í því fyrir ríkið hvað þessa útgáfustarfsemi snertir. Það er sízt lægra verð heldur en mundi vera og almennt er hjá einstökum útgefendum. En þetta er það, sem þeir menn, sem nú fara með völdin í þessu landi, vilja knýja í gegn, og við því er ekkert annað að segja heldur en að hlíta því, sem meiri hl. Alþingis vill, jafnvel þó það sé þvert ofan í staðreyndir og alla reynslu. Við því er ekki hægt að gera annað en að benda á agnúana á þessu og hvað betur má fara. Það er náttúrlega ekkert annað en blekking í sjálfu sér að leggja í sambandi við þetta frv. á sérstakan skatt. Ég sé ekki, að ríkið þurfi að leggja sérstakan skatt á, þó að það vilji fara að gefa allar námsbækur. En það virðist vaka fyrir þeim, sem að þessu standa, að tollarnir séu nú orðnir svo háir, að ekki verði lengur unað við að hækka þá almennt, heldur verði að bæta við svona smásköttum, sem eigi að koma til uppbótar hinum almennu sköttum. Ég þykist vita, að þetta sé aðeins byrjun á nýrri skattaálagningu ofan á þá, sem fyrir eru. Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar að sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 480,1 felld með 14:9 atkv.
— 480,2 felld með 15:12 atkv.
— 480,3 felld með 15:12 atkv.
— 480,4 felld með 15:12 atkv.
Brtt. 480,5 felld með 15:13 atkv.
— 480,6 felld með 15:12 atkv.
— 480,7 felld með 15:12 atkv.

Frv. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ,[1]) BÁ. BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

nei: ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JónP.

Fimm þm. (BJ, JJós, JÓl, JS, MT) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 564).

9. Útflutningur á kjöti.

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (þmfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta mál er gamalkunnugt hér á þingi og er þess efnis að fá framlenging á gildi laga um eitt ár.

Þegar þær takmarkanir, sem nú gilda, urðu á sölu á kjöti til Noregs og Englands, voru samin lög, sem eru nr. 90 frá 19. júní 1933, sem ákveða um það, hvernig stjórnarráðið skuli skipta þeim útflutningi, sem verða má til þessara landa, milli þeirra manna, sem áður fluttu kjöt á þennan markað. Þessi lög hafa síðan verið framlengd frá ári til árs, og til þess að þau gildi áfram, þarf að framlengja þau nú.

Ég legg svo til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 29).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég sé eiginlega ekki ástæðu til að tala neitt um þetta frv. N. hefir orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. — Það hefir legið fyrir undanförnum þingum, og allar þær ástæður, sem voru fyrir því á þinginu 1933, að það þótti nauðsynlegt að láta þurfa leyfi til þess að flytja út kjöt til Noregs og jafna útflutninginn á milli útflytjenda, eru til staðar enn.

Hv. þm. þekkja því gang þessa máls og þurfa þess vegna ekki að eyða tíma í að ræða það. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

1) **ÁÁ:** Ég hefi engar brtt. borið fram um þetta mál og hefi greitt atkv. gegn brtt. annara, svo að málið þyrfti ekki að fara á milli deilda svo seint á þingi. En það þýðir ekki, að ég hefði ekki viljað koma fram ýmsum brtt. við frv. Annars þarf efalaust að breyta frv. innan skamms við fengna reynslu, og þar sem aðaltilganginum verður að teljast náð með þessu frv. eins og það liggur fyrir, greiði ég atkv. með því og segi já.

ATKVGR.
1. gr. samþ., með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 10).
Á 11. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 94).

Frsm. (Páll Hermannsson): Það þarf fátt eitt um þetta mál að segja. Þegar l. um útflutning á kjöti voru sett 1933, þá var meginorsök þeirrar lagasetningar sú, að sölutregða var mikil bæði í Englandi og Noregi á kjöti og takmarkað það, sem þangað mátti flytja, og varð því að hafa eftirlit með útflutningnum hér heima. Þau l. giltu aðeins til eins árs, en hafa síðan tvívegis verið framlengd, og er farið fram á, að þau verði nú framlengd í þriðja sinn. Ástæðurnar eru þær sömu fyrir hendi og árið 1933. Landbn. þessarar d. vill fallast á, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Þorsteinn Briem: Ég vil aðeins skjóta því til landbn., hvort hún telji ástæðu til, eins og nú horfir við, að framlengja þessi l. til eins og eins árs í senn. Það má búast við, að þessi saga endurtaki sig hvert þingið eftir annað. Vildi ég því beina því til landbn. að athuga, hvort ekki væri rétt að breyta frv. á þann veg, að meðan þær takmarkanir eru á freðkjöti til Englands, sem nú eru, þá skuli l. þess vera í gildi.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég get náttúrlega lofað hv. 10. landsk. því, að þetta verði athugað í n. fyrir 3. umr. Það er rétt, sem hv. þm. segir, að það eru nokkrar líkur til þess, eftir því, sem séð verður nú, að það þurfi að framlengja þessi l. oftar en í þetta skipti, fyrst þau gilda frá ári til árs. Annars ætla ég, að þegar þessi l. voru sett, þá hafi engu síður verið hafður í huga saltkjötsmarkaðurinn norski.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það kom til orða við 2. umr., hvort ekki væri rétt að láta þessi lög gilda lengur en til eins árs í senn. Síðan hafa ekki verið haldnir reglulegir fundir í landbn., en ég hefi fært þetta í tal við annan nefndarmanna, og hefir ekki þótt ástæða til að koma með brtt. í þá átt að þessu sinni, en hinsvegar eðlilegt, að þetta verði athugað, ef lögin þarf að framlengja á næsta þingi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 122).

---

10. Botnvörpuveiðar.

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (þmfrv., A. 21).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Á árinu, sem leið, var lítilsháttar byrjað að stunda rækjuveiðar á Vestfjörðum, og eftir því, sem fiskirannsóknir hafa leitt í ljós, munu rækjur vera til mjög víða hér við land. Rækjuveiðar eru mestmegnis stundaðar með einskonar botnvörpum, sem dregnar eru hægt, oftast með smábátum, og eru því að áliti fiskifræðinga óskaðlegar nytjafiski. Hinsvegar getur verið, þó það sé ekki víst, að veiðar þessar komi í bága við l. um botnvörpuveiðar, og er vissara að fá úr því skorið af Alþingi, hvort svo er. Í l. um bann gegn botnvörpuveiðum er svo tiltekið, að ekki megi stunda fiskiveiðar með botnvörpu í landhelgi. Nú má segja, að rækjan sé ekki fiskur, heldur krabbategund, og er því ekki víst, að rækjuveiðarnar komi í bága við lögin. En til þess að taka af allan vafa er frv. flutt, því ef það sýnir sig, að eins mikið er af rækju við strendur landsins eins og rannsóknir benda til, þá er hér um útflutning að ræða, sem á skömmum tíma gæti skipt hundruðum þúsunda eða jafnvel milljónum kr. Rækjuveiðar hafa verið stundaðar í Noregi síðan árið 1897, og álíta fiskifræðingar þar, að veiðarnar séu óskaðlegar nytjafiski.

Á þessum tíma, þegar mest ríður á að stunda sem mest annan veiðiskap heldur en þorskveiðar, af því svo erfitt er að selja þorskinn, þá vænti ég, að þetta mál fái góðar undirtektir á Alþingi, og óska ég, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

***Pétur Ottesen:** Ég vildi gera þá fyrirspurn til hv. flm., hvort þær kampalampaveiðar eða rækjuveiðar, sem byrjað var á hér á síðastliðnu ári, hafa ekki verið stundaðar með slíkri botnvörpu, sem hér er um að ræða, og hvort nokkuð

hefir verið gert af hálfu þeirra stjórnarvalda, sem líta eiga eftir, að lögunum sé framfylgt, til þess að stöðva þessar veiðar. Því ef þær koma í bága við gildandi lög, virðist hér hafa verið um lagabrot að ræða, og finnst mér ástæðulaust að fara til Alþingis með þetta mál áður heldur en fengizt hefir úr því skorið, hvort svo sé. Hafi veiðin verið framkvæmd á þann hátt, sem meiningin er eftirleiðis, virðist yfirvaldið á staðnum a. m. k. álíta, að hún komi ekki í bága við l. um bann gegn botnvörpuveiði, því ella hefði hann gert ráðstafanir til að hefta það, að l. væru brotin á þann hátt.

Um gagnsemina af notkun þessarar vörpu eða þau áhrif, sem hún kann að hafa gagnvart öðrum fiski, og þá sérstaklega ungviði nytjafiskjarins, skal ég náttúrlega ekkert segja. Hv. flm. frv. minntist á álit fiskifræðinga í því efni og að þeir litu svo á, að af þessu gæti engin hætta stafað fyrir nytjafiskana eða ungviði þeirra. Nú er það alkunnugt hér á landi, að a. m. k. álit annars af þeim tveimur fiskifræðingum sem hér hafa fengið viðurkenningu sem slíkir, að því, er snertir notkun hinna alkunnu dragnóta. hefir rekizt ákaflega ónotalega á við álit sjómanna víðsvegar með ströndum landsins, sem byggt er á reynslu þeirra í þessu efni um langt skeið. En ég þekki ekkert það veiðarfæri, sem hér er um að ræða, og skal engan dóm á það leggja. Að sjálfsögðu gerir n., sem fær þetta mál til meðferðar, sér fulla grein fyrir því, hvort hér er um árekstur við l. um bann gegn botnvörpuveiðum að ræða, og ef svo álízt vera, hvort af notkun þessa veiðarfæris getur ekki stafað nein hætta fyrir ungviði nytjafiskjarins. Ef hér er um að ræða atvinnurekstur, sem getur fært landsmönnum nokkrar tekjur, þá er sjálfsagt að hlynna að því á allan hátt, en þó svo, að ekki sé fyrirfarið e. t. v. öðru eins eða meira verðmæti heldur en menn geta gert sér vonir um að fá í aðra hönd.

Flm. (Finnur Jónsson): Ég get fullvissað hv. þm. Borgf. um það, að ég hefi engu síður en hann mikinn áhuga fyrir því, að landhelgin sé varin og friðaður þar sá nytjafiskur, sem þjóðin hingað til hefir haft sína aðalatvinnu af. Hinsvegar vil ég ekki loka augunum fyrir þörfinni á að koma hér á ýmiskonar nýbreytni í veiðiskap. Ég tók það fram í upphafi, að ég væri í rauninni ekki viss um, hvort ástæða væri til að flytja þetta frv., en ég taldi fulla nauðsyn á að fá úr því skorið af Alþingi, og í þeim tilgangi er frv. flutt. Ég væri alveg jafnánægður með það, ef Alþingi gerði ályktun um, að þessi veiði kæmi ekki í bága við l. um bann gegn botnvörpuveiði, eins og að fá undanþáguna samþykkta. En hvort sem heldur er, tel ég mjög mikla nauðsyn á að fá úr þessu skorið, þannig að þeir, sem veiði þessa stunda, geti gert það í fullu öryggi, án þess að eiga á hættu að málaferli verði úr. Ég skal taka það fram, að sú tilraun, sem búið er að gera með þessa veiði, fór fram innfirðis, á firði, sem gengur inn úr Ísafjarðardjúpi, þar sem enginn annar veiðiskapur er stundaður. Eftir þeim rannsóknum, sem gerðar hafa verið hér við land, eru þessar skepnur víða við strendurnar, m. a. í firði einum hér nærlendis, þar sem ég veit ekki til, að neinn veiðiskapur sé stundaður, Hvalfirði. Væri ekki óhugsandi, ef hv. d. sýndist svo, að binda þessa undanþágu við einhver viss svæði og vissa stærð báta.

Ég hefi hér fyrir mér álit fiskifræðingsins dr. Hjort í Norsk fiskeritidende 1929, þar sem hann fullyrðir, að þessi veiðarfæri geti alls ekki spillt annari fiskveiði. Ég veit, að hv. þm. Borgf. telur sig mjög fróðan í öllu, sem að fiskveiðum lýtur, og að álit hans á þeim efnum kemur að mörgu leyti í bága við skoðanir annara fiskifræðinga. En meðan hann ekki sýnir yfirburði sína yfir þá fiskifræðinga, sem hann greinir á við, verð ég að leyfa mér að leggja meira upp úr því, sem þeir segja um þessi efni, heldur en hann.

Ég sé ekki ástæðu til að vekja sérstakar deilur um þetta mál nú; það gefst væntanlega tími til að ræða það nánar við 2. og 3. umr. Vil ég aðeins endurtaka þá ósk, að frv. verði vísað til sjútvn. Ég álít hér um merkilegt mál að ræða, sem geti orðið mörgum sjómönnum og smábátaeigendum til hagsbóta.

***Pétur Ottesen:** Ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. Ísaf. var að gera lítið úr áliti mínu og sjómanna yfirleitt, þ. e. a. s. þeirra manna, sem ekki hafa prófvitnisburð upp á vasann fyrir því, að þeir séu svo eða svo miklir vísindamenn, benda honum á, að enn sem komið er hefir Alþingi, eða meiri hluti þess, sýnt, að það er á öndverðum meiði við skoðanir þessara fiskifræðinga, með því að samþ. og halda í gildi l. um bann gegn dragnótaveiðum. Hinsvegar hefir það byggt á skoðunum og reynslu sjómanna og annara leikmanna, sem álit sitt á þessu efni hafa látið í ljós. Ég tek þetta fram til að minna á, að ég er ekki sá eini, sem lít öðruvísi á heldur en sá margumræddi fiskifræðingur, sem hv. þm. Ísaf. og fleiri, sem skerða vilja á ýmsan hátt það öryggi, sem felst í verndun hinnar íslenzku landhelgi, bera fyrir sig sem skjöld í því miður þarfa starfi sínu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 85).

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég get að mestu leyti vísað til grg. frv. og þess, er ég sagði við 1. umr.

Reynslan af þessum veiðum er ekki mjög mikil hér við land, en bendir þó til þess, að kampalampinn sé mjög víða, og þá ekki síst í fjörðum og flóum, þar sem ekki fara aðrar fiskveiðar fram. Ég benti á við 1. umr., að til þessara veiða mætti nota skip, sem til annara veiða kannske ekki reyndust nothæf, þar sem veiðin fer að mestu fram innfjarða.

Hér er um að ræða dýrmæta útflutningsvöru fyrir landsmenn. Það er að vísu ekki mikil

reynsla fengin á söluna ennþá, en þó má geta þess, að reynslusending, sem nýlega var send, af kampalampa, sem veiddur var við Ísafjarðardjúp, seldist fyrir kr. 1,50 kg. í Englandi. En norskur og danskur kampalampi seldist á sama markaði talsvert hærra, svo að búast má við, að hér sé um talsvert dýrmæta útflutningsvöru að ræða.

Sjútvn. mælti einróma með því, að frv. væri samþ., þó með dálitlum breytingum, þannig að veiðin verði leyfð á tilteknum svæðum, svo að allrar varúðar verði gætt, og að ekki komi til mála, að þessi veiði á nokkurn hátt geti truflað aðrar fiskveiðar.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en vænti, að hv. d. vísi frv. til 3. umr. og samþ. brtt. sjútvn.

***Pétur Ottesen:** Ég sé á þessari aths. frá sjútvn., að hún hefir litið svo á, að þessi veiðiaðferð, sem hefir verið notuð, sé óheimil samkv. lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, og að því leyti, sem þessi veiði hafi verið stunduð hingað til, þá hafi bann gegn botnvörpuveiðum verið brotið. Það felst í því, að n. leggur til að veita hér undanþágu með að stunda þessar veiðar, að hennar skilningur á löggjöfinni um þetta er þannig, að þessi veiðiaðferð sé óheimil. Þó að n. leggi til, að þessi veiðiaðferð skuli heimiluð, þá felst í brtt. hennar viðurkenning fyrir því, að hér geti verið um varhugaverða veiðiaðferð að ræða að því er snertir fiskveiðar, því að hún vill setja inn ákvæði um það, að þessi veiði verði þó ekki stunduð nema á tilteknum svæðum. Og mér skildist, eftir því, sem hv. frsm. skýrði þetta, að það væri eingöngu um að ræða svæði, þar sem engar fiskveiðar færu fram, eða ekki væru skilyrði fyrir hendi til þess að stunda aðrar fiskveiðar.

Nú virðist mér, að þetta sé ákaflega óskýrt, hvað meint er með þessu að öðru leyti en því, sem þessi skýring hv. frsm. fól í sér, að þetta skyldi því aðeins leyft, að engar aðrar fiskveiðar fari fram á þessum svæðum, og ekkert er talað um, hver eigi að tiltaka þessi svæði, sem á að leyfa þessar veiðar á. Þess vegna virðist mér að þetta þurfi enn nánari athugunar við hjá hv. n., og að það þurfi að koma fram, hver á að fella úrskurð um, hvar þessar veiðar skuli leyfðar, og ennfremur að taka upp í frvgr. það, sem hv. frsm. sagði, að heimila aðeins þessar veiðar þar, sem engar aðrar fiskveiðar væru stundaðar.

Ég vildi skjóta þessu hér að, ef hv. n. vildi athuga það fyrir 3. umr.

Frsm. (Finnur Jónsson): Það er ekki rétt hjá hv. þm. Borgf., að sjútvn. hafi lagt með flutningi þessa frv. neinn dóm á um það, hvort þessar veiðar væru heimilar eða ekki samkv. núgildandi lögum. En n. þótti varlegra að setja þessa heimild í lögin, svo að ekki komi til þess, að nokkur yrði dæmdur fyrir þessar saklausu veiðar, sem landsmönnum geta orðið að miklu gagni. Það er ekki á neins annars færi en hæstaréttar að skera úr því, ef svo færi, að einhver yrði kærður fyrir þessar veiðar, hvort veiðin væri heimil eða óheimil samkv. núgildandi lögum. Á það hefir n. engan dóm lagt með því að koma með þetta frv. Ekki hefir n. heldur á nokkurn hátt lagt dóm á, að þessi veiðiaðferð væri á nokkurn hátt varhugaverð, heldur þvert á móti liggja fyrir allar upplýsingar um það, að þessi veiðiaðferð sé að engu leyti varhugaverð. En vegna þeirra, sem kynnu að vera hræddir við, að þetta veiðitæki spillti fyrir annari veiði, þá taldi n. rétt, að svæðin, sem þessi veiði væri leyfð á, væru tiltekin, og það felst í brtt. n. og frvgr., eins og hún er orðuð, að það sé ráðh., sem á að tiltaka veiðisvæðin.

Eins og ég sagði áðan, er þessi veiði á tilraunastigi, en það er ákaflega sennilegt, að það komi í ljós, að veitt verði á ýmsum stöðum innfjarða, og mjög víða þar, sem engar aðrar veiðar eru stundaðar. Ég skal geta þess, að tilraunaveiði hefir verið rekin við Ísafjarðardjúp á Hestfirði, þar sem engar aðrar veiðar eru stundaðar. Þar með er ekki sagt, að kampalampinn finnist ekki annarsstaðar við landið. Af rannsóknum dr. Bjarna Sæmundssonar á þessum hlutum hefir komið í ljós, að nokkuð mikið af kampalampa er inni á Hvalfirði, og er mér ekki kunnugt um, að nein veiði sé stunduð þar. **(PO:** Jú, jú). Það er sjálfsagt rétt, fyrst hv. þm. Borgf. upplýsir það, en n. vildi sem sagt fara mjög varlega í þetta, meðan væri verið að gera tilraunir á þessum málum, og eins meðan þeir, sem kynnu að álíta, að órannsökuðu máli, að þetta veiðarfæri spillti fyrir annari veiði, væru að sannfærast um, að svo væri ekki. Taldi n. því rétt að hafa þetta form fyrir þessari undanþágu.

***Pétur Ottesen:** Ég held, að ómögulegt sé fyrir hv. þm. að koma n. undan því, að hún með því að leggja til, að frv. verði samþ., lýsi því yfir sem sinni skoðun, að þessi veiðiaðferð sé brot á lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum, því að í frv. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er ráðh. að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu, til þess að stunda kampalampaveiðar með venjulegri kampalampavörpu."

Ef þetta væri ekki brot á þessu banni, hvað þýddi þá að veita undanþágu frá því? Þetta er skýr yfirlýsing frá n. hálfu um það, og það verður ekki undan því komizt. Og eftir því, sem hv. frsm. sagði í sinni framsöguræðu, á þetta eingöngu við þar, sem engar fiskveiðar aðrar væru stundaðar.

Hv. frsm. kom með skýringar á þessu mjög ófullkomna orðalagi frv., að ráðh. veiti þessa undanþágu, en það stendur ekki nokkur stafur fyrir því, að ráðh. eigi að tiltaka svæðin.

Þó að kannske megi leggja þann skilning í þetta, finnst mér réttara að taka þetta fram, og ef n. ekki skýrir þetta nánar, vil ég flytja brtt. á grundvelli þeirrar skýringar, sem hv. frsm. gaf í sinni framsöguræðu.

Frsm. (Finnur Jónsson): Það má vel vera, að betur færi að segja „með venjulegri kampalampavörpu á svæðum, sem ráðherra tiltekur", en n. áleit þess enga þörf, þar sem eng-

inn hefir leyfi til að veita þessa undanþágu nema ráðh. sjálfur.

Ég hefi ekki sagt, að ég ætlaðist til, að þessar veiðar væru eingöngu stundaðar þar, sem engar aðrar veiðar væru stundaðar. (**PO:** Ég skildi það svo). Ég sagðist ætlast til, að þessar veiðar væru leyfðar þar, sem vissa væri fyrir, að þær spilltu ekki veiði annara nytjafiska. Og ég álít, að það sé svo fylgzt með í því, sem heitir landhelgi og landhelgisveiðar, hér á voru landi, að það sé alveg óhætt að fela þeim ráðh., sem fer með þessi mál á hvaða tíma sem er, og hvaða flokki sem hann kann að tilheyra, að veita þessa undanþágu, því að það verður aldrei liðið, að svona veiðarfæri verði notað í landhelgi til þess að spilla fyrir veiði annara nytjafiska, að hvaða ráðh. sem er hafi ekki aðhald um það.

Ég legg áherzlu á það, að þetta er mikið nauðsynjamál, og getur orðið til þess að útvega mörgum atvinnu og aukið gjaldeyrinn í landinu. Ég legg því áherzlu á, að frv. nái fram að ganga, og endurtek ég það ennþá, að ég er alls ekki viss um, að það væri í rauninni brot á lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi að nota þetta veiðarfæri, af ástæðum, sem ég hefi þegar tekið fram og ég hirði ekki um að endurtaka.

ATKVGR.

Brtt. 85 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GÍ, JS, JG, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, BÁ, BB, EE, JörB.

nei: JakM, PO.

Fimmtán þm. (EystJ, GÞ, GG, GSv, HannJ, HV, JJós, JÓl, JónP, MT, ÓTh, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, EmJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 108, 113).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 113. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Brtt. þessi er í samræmi við skoðun þá, sem fram kom við 2. umr. um þetta mál, að tilætlunin væri hjá sjútvn. Og ég skírskota til þess, sem fram kom þá.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég held, að þessi brtt. frá hv. þm. Borgf. verði þessum veiðum heldur til skaða, ef samþ. verður, því að það ákvæði er ákaflega teygjanlegt, sem felst í þessum orðum till.: „þar sem ekki eru stundaðar aðrar fiskiveiðar". Ég tók það fram við 2. umr. þessa máls, að af hálfu landsmanna væri höfð svo góð gát á því, sem gerðist í landhelginni, að hvaða ráðh., sem færi með þessi mál, í hvaða stj., sem hann starfaði, mundi vera trúandi til að sjá um, að þetta yrði ekki á neinn hátt misnotað. Enda eru veiðarfærin, sem notuð eru við kampalampaveiðar, þannig, að ekki kemur til mála, að þau spilli öðrum veiðum, sem stundaðar eru á sömu slóðum.

Ég vil þess vegna eindregið leggja til, að þessi brtt. verði felld.

***Pétur Ottesen:** Ég fæ ekki skilið, hvernig hv. flm. getur sagt, að þessi brtt. sé teygjanleg. Ég hélt, að hún tæki alveg út yfir það, sem hann sagði, að tilgangurinn væri hjá sjútvn. Brtt. inniheldur ekkert annað en það, sem hv. flm. sagði sjálfur, og ég einnig fellst á, að rétt sé.

Hér er um svo varhugavert málefni að ræða, að allur er varinn góður í þessu efni. Auk þess er það miklu auðveldara fyrir ráðh. að veita þessar undanþágur með því að styðjast við ákveðnara orðalag heldur en það var frá hálfu n. Og þessi brtt. mín miðar að því að gera orðalagið ákveðnara. Hv. flm. gaf þá skýringu við 2. umr. á stefnu frv., sem gekk í sömu átt og brtt. n. Vænti ég því, að hv. d. samþ. brtt. mína.

Páll Þorbjörnsson: Mér skilst tilgangur hv. þm. Borgf. með þessari brtt. vera sá, að ganga alveg á milli bols og höfuðs á frv. Því að eins og hann orðar það í brtt., þá má ráðh. (samkv. brtt.) leyfa „kampalampaveiðar á ,tilteknum svæðum, þar sem ekki eru stundaðar aðrar fiskiveiðar." Mér er ekki kunnugt um, hvar það er inni á fjörðum hér við land, sem ekki eru stundaðar einhverjar aðrar fiskiveiðar en kampalampaveiðar. Þó að víða hér við land séu ekki beinlínis verstöðvar, þá er þar samt víða farið fram með grásleppunet, sem ég hélt, að hv. þm. Borgf. ætti að vera kunnugt. Ég fæ því ekki séð, hvernig nokkur ráðh. ætti að geta nokkurs-staðar hér við land veitt undanþágu til kampalampaveiða, ef brtt. hv. þm. Borgf. yrði samþ., því að það mundi vera erfitt að tilgreina þau svæði hér við land, þar sem engar fiskiveiðar væru stundaðar.

Legg ég því eindregið á móti því, að þessi brtt. hv. þm. Borgf. verði samþ., sem mun vera vanhugsuð frá hans hendi, því að ég hefi ekki skilið það svo, að það væri virkilega meining hans að ganga á milli bols og höfuðs á frv.

***Pétur Ottesen:** Eftir upplýsingum, sem hv. frsm. sjútvn., hv. þm. Ísaf., gaf hér við 1. umr. þessa máls, þá hafa, enn sem komið er, þessar veiðar verið eingöngu stundaðar á þeim stöðum, þar sem ekki hefir verið um aðrar veiðar að ræða. Og þar sem svo stendur á, finnst mér skaðlaust að leyfa þessar veiðar. En það hinsvegar, að fara að opna möguleika til þess að nota nót innfjarða, þar sem aðrar fiskiveiðar eru stundaðar, álít ég mjög varhugavert.

En út af því, sem hv. 3. landsk. hélt, að þetta ákvæði í brtt. minni mundi rekast á við það, ef menn vildu veiða rauðmaga og grásleppu, þá skal ég upplýsa það fyrir þeim hv. þm., að þær veiðar er ekki hægt að stunda annarsstaðar en þar, sem er stórgerður þarabotn. En ég ætla, að erfitt muni vera að trolla með þessa kampalampavörpu eftir graðhestaþönglum og þess háttar sjávargróðri, þar sem grásleppan og rauðmaginn halda sig. Svo að þetta rekur sig ákaflega mikið á hjá hv. þm. Hann hefir ekki skyggnzt um öll undirdjúp sjávarins, og ferst þess vegna ekki að vera að tala til mín um van-

hugsaðar till. í sambandi við fiskveiðar hér við land.

Páll Þorbjörnsson: Sem betur fer hefi ég verið ofansjávar hingað til.

En um gráðhestaþönglana er það að segja, að víða hagar svo til um sjávarbotninn hér við land — það veit ég, þó að ég sé ekki kafari á við hv. þm. Borgf. — að þó að þönglar vaxi í botninum á vissum svæðum, þá eru aftur á milli svæði, þar sem er sendinn botn. Þetta getur skipzt á, þannig, að ekki sé þægilegt fyrir ráðh. að ákveða nákvæm takmörk um svæði, þar sem kampalampaveiðar megi stunda. Því að ekki er svo vel, að draga megi kritarstrik á sjóinn né heldur girða eftir honum og segja svo: Hingað og ekki lengra. Nei, ef brtt. hv. þm. Borgf. verður samþ., þá er loku skotið fyrir, að löglegt sé lengur að nota þetta veiðarfæri.

ATKVGR.
Brtt. 113 felld með 15:5 atkv.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 108).

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 136).

***Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, er sú, að á síðustu árum hafa af tveim mönnum verið stundaðar kampalampaveiðar við Ísafjarðardjúp. Veiðar þessar eru stundaðar með vörpu, sem dregin er eftir botninum. En þar sem við þessa vörpu þurfa að vera festir smáhlerar til þess að halda henni við botninn, þá er nauðsynlegt, til þess að ekki verði um það deilt, hvort veiðar þessar séu brot á l. um botnvörpuveiðar í landhelgi, að fá þessa breyt. á l. um það efni. Annars eru þetta örsmáir hlerar og léttir, sem spilla ekki botngróðri né dýralífi á botninum á nokkurn hátt. Og varpan er dregin svo hægt, að það er viðburður, ef fiskur, sem liggur við botninn, eins og sandkoli t. d., kemur í hana. En kampalamparnir eru við botninn, og þess vegna eru hlerarnir á vörpunni nauðsynlegir, til þess að halda henni við botninn. Hinsvegar hefir verið reynt að veiða kampalampa með vörpu, sem dregin hefir verið í miðjum sjó, en mjög lítinn árangur borið, þannig að ekki er viðlit að stunda veiðina á þann hátt.

Búizt er við, að nokkur atvinnuauki verði að þessum veiðum, þegar fram líða stundir og hægt er að fá markað fyrir þessa framleiðslu í öðrum löndum. Og einkum er búizt við því vegna þess, að kampalamparnir eru smáir, og þess vegna hlýtur að verða nokkuð mikil vinna við það í landi að plokka þá og leggja í dósir og sjóða þá niður.

Það er álit sjútvn., að sjálfsagt sé að veita heimild þá, sem farið er fram á í frv., og leyfðar verði vélbátum þessar veiðar, sem má álita alveg skaðlausar með tilliti til annara veiða, en geta komið að miklu liði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 160).

---

11. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (þmfrv., A. 109).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á það, að gildi l. um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands framlengist um 2 ára skeið, þannig, að það njóti áfram þess skattfrelsis, sem það hefir notið á undanförnum árum. En það skattfrelsi, sem gilt hefir samkv. þeim l., sem nú eru í gildi, fellur niður við næstkomandi áramót.

Eimskipafélagið hefir snúið sér til Alþingis og beðið um framlengingu skattfrelsis áfram. Þessu erindi hefir verið vísað til fjhn., og hefir hún orðið sammála um að flytja frv. þetta um framlengingu skattfrelsisins fyrir árin 1937 og 1938, með þeim skilyrðum, sem upphaflega voru í l., að Eimskipafélagið léti af hendi 60 ókeypis farmiða til ráðstöfunar fyrir ríkið. Gildir því áfram sú kvöð, sem hvílt hefir á Eimskipafélaginu að undanförnu eftir þessum skattfrelsislögum.

Ég vænti þess, að hv. d. geti orðið sammála um þetta mál, og þar sem það er flutt af fjhn., þá er ekki ástæða til að vísa því til n., og legg ég því til, að það fari umræðulaust til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 109).
Á 25. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 109, n. 158).

Frsm. (Magnús Jónsson): Á þinginu 1934 var þessi skattaívilnun fyrir h/f Eimskipafélag Íslands framlengd fyrir árin 1935 og 1936. Þar sem engin breyt. hefir orðið á þeim fjárhagslegu ástæðum félagsins, sem urðu þess valdandi, að þessi lög voru sett, þá hefir félagið nú farið fram á, að þessi lög væru framlengd um tvö ár enn, eða fyrir árin 1937 og 1938. Frv. er borið fram af hv. fjhn. Nd., en fjhn. þessarar hv. d. hefir athugað frv. og borið saman við þau lagaákvæði, sem til er vitnað, og leggur fjhn. einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 213).

---

12. Útflutningsgjald (frv. PÞ).

Á 3. fundi í Sþ., 19. febr. var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (þmfrv., A. 16).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Á haustþinginu 1934 var lögum um útflutningsgjald af beinum og hausum breytt þannig, að útflutningsgjaldið af þessu hráefni var hækkað úr 1 kr. í 3 kr. af hverjum 100 kg. af þessari vöru. Af formælendum þessarar breyt. var því þá haldið fram, að þetta ætti að vera til þess að vernda fiskimjölsiðnaðinn íslenzka, en yrði ekki til skaða fyrir þá, sem fisk veiða og selja hráefni þessi til verksmiðjanna, sem vinna úr þeim, og til útflutnings, eins og verið hefir. Á síðasta þingi var svo hér til umr. frv., sem gekk í þá átt, að þessum l. yrði aftur breytt, þannig að tollurinn væri lækkaður aftur. En það frv. náði ekki fram að ganga. Það fékk þá meðferð í sjútvn. þessarar d., ef ég man rétt, að 3 af hv. nm. töldu, að ekki væri rétt að breyta tollinum aftur að svo komnu, með því að ekki væri fengin næg reynsla fyrir því, hvernig hann verkaði. Þó að þessum hv. nm. og fleiri hv. þm. hafi kannske á síðasta þingi ekki verið kunnugt um það, hver áhrif þessi hækkun útflutningsgjaldsins hefir haft, þá mun nú svo vera úr því skorið, að ekki leiki vafi á lengur, að þessi útflutningsgjaldshækkun hefir haft í för með sér stórkostlega verðlækkun á þessari vöru til framleiðenda. Það má að vísu segja, að á sama tíma hafi orðið verðlækkun á fiskimjöli. En verðlækkunin á þessum hráefnum nemur miklu meira hlutfallslega heldur en verðlækkuninni á fiskimjölinu. Þegar þetta mál var hér til umr. á síðasta þingi, sýndi ég og aðrir, sem töluðu fyrir lækkun útflutningsgjaldsins, fram á, hvernig samræmið væri á milli verðlækkunarinnar á þessu hráefni og verðlækkunarinnar á fiskimjölinu. Og færðum við gild rök fyrir því, að fiskimjölsframleiðendurnir íslenzku hefðu tekið upp samkomulag við Norðmenn um verðlag á beinunum, þannig, að þeir hafa ekki keypt þau yfir visst hámarksverð eftir þessu samkomulagi. Hefir þetta haft verulega lækkun á verði fiskbeinanna í för með sér. Á þessu ári hefir svo verzlunin með þetta hráefni versnað enn fyrir framleiðendur, svo að við borð liggur, að hætt verði að nokkru eða öllu leyti að hirða þessar afurðir.

Þessi útflutningsgjaldshækkun hefir aldrei verið hugsuð sem leið til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, heldur hefir verið látið í veðri vaka, að hún væri gerð til verndar innlendum iðnaði. Þegar það nú liggur við borð, að hætt verði að hirða þetta hráefni, er það sýnilega yfirvofandi, að vinnsla og útflutningur fiskimjöls muni hverfa, og við svo búið getur ekki staðið. Þess vegna fer ég fram á þá niðurfærslu á þessum tolli, sem ég hefi lýst.

Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál nú, því að það er hv. þdm. kunnugt frá umr.

um það á síðustu þingum. Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

*Pétur Ottesen: Það hefir atvikazt þannig, að við hv. 3. landsk. höfum flutt hér sitt frv. hvor alveg um sama efni, og fara þau náttúrlega bæði til sjútvn.

Ég hefi ekki neinu við það að bæta, sem hv. 3. landsk. sagði um þetta mál.

Í sambandi við mitt frv. vil ég taka það fram, að inn í það hefir slæðzt prentvilla, eða það hefir misritazt í handriti. Þar á að standa „óunnum“ í staðinn fyrir „óþurrkuðum“.

*Jónas Guðmundsson: Það er nú svo mikill áhugi fyrir þessu máli, að ekki dugar um það eitt frv., heldur verða þau að vera tvö, til þess að reyna að koma fyrir kattarnef þeim litla stuðningi, sem fenginn var samþ. á Alþingi til handa þessari iðngrein.

Ég sé ekki að svo stöddu ástæðu til að fara að ræða frv., en vil mega vænta þess af hv. þd., að hún taki nákvæmlega eins á málinu nú og á síðasta þingi, nefnilega að hún felli málið hreinlega. Skal ég ekki setja mig á móti því, að málið verði látið fara til n. til athugunar. Því að ef eitthvað hefir gerzt síðan um miðjan desember s. l., þegar þessu frv. var slátrað hér í hv. d., sem réttlætir það að taka málið upp nú, þá er rétt, að það komi fram í dagsljósið. Mér er ekki kunnugt um, að svo sé, heldur mun iðnaður þessi, fiskimjölsiðnaðurinn, þurfa enn meiri stuðning frá ríkinu vegna miklu meira verðfalls á þessari iðnaðarvöru erlendis en þá var fram komið.

Ég vil því mæla með því, að þessi tvö frv. fái nákvæmlega sömu afgreiðslu og þetta frv., sem nú liggur hér fyrir til umr., fékk á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 82).

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Sjútvn. hefir orðið sammála um að leggja það til, að frv. þetta verði samþ. með lítilvægum breytingum, sem eiginlega mega teljast aðeins leiðréttingar. Þannig er lagt til, að orðin „þurrkuðum og“ falli burtu, því að n. taldi það nægilega skilgreiningu, að um óunnin bein og hausa væri að ræða. Ennfremur vil ég geta þess, að ártal hafði misprentazt í frv., og leiðréttist það einnig.

Um þetta efni hafa legið fyrir tvö frv., annað frá mér og hitt frá hv. þm. Borgf. Frv. þessi voru bæði mjög áþekk að efni og formi, en sjútvn. varð sammála um að afgreiða það þeirra, sem fyrr kom fram, sem var mitt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi þess. Reynslan hefir sýnt það, að hinn hái tollur á þessum afurðum hefir orðið til þess að lækka verð framleiðendanna, enda hafa nú orðið þau straumhvörf í n. frá því á síðasta þingi, að hún er nú samhuga um afgreiðslu málsins, í stað þess, að síðast voru aðeins tveir af hinum sömu nm. því fylgjandi. Að vísu er einn nm., hv. þm. Vestm., enn ókominn, en þar sem hann var fylgismaður málsins á síðasta þingi, er óhætt að segja það, að n. standi nú óskipt með frv.

*Pétur Ottesen: Ég vil aðeins þakka n. fyrir afgreiðslu málsins frá hennar hálfu og láta í ljós ánægju mína yfir því, að útlit er fyrir, að sjómenn fái í þessu efni leiðréttingu sinna mála, svo að þeir þurfi ekki framvegis að greiða hærri toll til ríkissjóðs af þessari framleiðslu sinni en 10 kr. á smálest, sem virðist vera meira en nóg eftir því útliti að dæma, sem er um verð á fiskbeinum um þessar mundir.

*Jónas Guðmundsson: Það var af vangá hjá mér, vegna þess að ég vissi ekki, að þetta mál var á dagskrá í dag, að ég tók ekki með mér gögn varðandi þetta mál, sem ég hefði viljað leggja fyrir hv. deild. En þrátt fyrir það get ég ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um málið við þessa umr., til að láta í ljós undrun mína yfir þeim hringlandahætti, sem n. hefir sýnt í þessu máli. En gögn þau og skýrslur, sem ég myndi hafa lagt fram nú, hefði ég vitað, að málið yrði til umræðu, mun ég leggja fram fyrir 3. umr.

Fyrir ekki lengri tíma en tveim mánuðum lagði n. á móti þessari tolllækkun. Nú hefir hún alveg skipt um skoðun í málinu og færir það eitt til sem ástæðu, að verð vörunnar hafi fallið stórlega á erlendum markaði. Þetta er rétt, en þetta verðfall gefur einmitt ríka ástæðu til þess að hagnýta vöruna heima fyrir fremur eftir en áður. En lækkunin á þessum verndartolli miðar auðvitað til hins gagnstæða.

Mér þætti annars fróðlegt að heyra form. n. og hv. 6. þm. Reykv. gefa skýringu á þessum snarsnúningi sínum á þeim stutta tíma, sem liðinn, er síðan n. hafði þetta mál til meðferðar.

Það er alveg furðulegt, að mönnum skuli yfirsjást það, að framleiðendur vörunnar greiða aldrei þennan toll, heldur kaupendur hennar. Hugsum okkur nú, að hv. þm. Borgf. ætli að selja kindur í héraði, þar sem sláturfélögin ráða kjötverði yfirleitt. Ef útlendingur kæmi nú í þetta hérað til að kaupa sauðfé — er þá ekki sennilegt eða alveg víst, að hann myndi miða tilboð sín við verð sláturfélaganna? Hann myndi sjálfsagt bjóða litið eitt hærra en þau, ef honum væri áhugamál að fá kindur hv. þm. Borgf. keyptar, en hann færi aldrei óneyddur að bjóða tugum króna meira en keppinauturinn.

Ég veit, að hv. þm. Borgf. skilur það, að þetta er alveg eins ástatt í þessu máli. Anám tollsins miðar beint að því, að eyðileggja þann iðnað í þessari grein, sem fyrir er í landinu. Samkv. hagtíðindunum hafa verið flutt út frá hérlendum verksmiðjum 3800000 kg. fyrir 867000 kr. árið 1935. En á sama tíma hafa verið flutt út 1200000 kg. af óunnum beinum fyrir 134000 kr. Mismunurinn á þessu verðgildi er svo mikill,

að öllum hlýtur að vera ljóst, að með því að grafa undan iðnaðinum, eins og gert er með því frv., sem hér liggur fyrir, er verið að fleygja á glæ hundruðum þúsunda króna fyrir alveg ímyndaðan hagnað, því að það er alveg óhætt að fullyrða, að innlendu verksmiðjurnar greiða eins hátt verð og þeim er unnt, enda hafa þær ekki grætt, þrátt fyrir góðan markað undanfarið. Hinsvegar veita þessar verksmiðjur mikla atvinnu, og einmitt vegna þess verðfalls, sem orðið hefir á afurðum þeirra á erlendum markaði, ætti hið opinbera að telja sér skylt að veita þeim frekari stuðning en áður, í stað þess að vega að þeim, eins og gert er með þessu frv. Hitt ætti engum að vera torskilið, að verðfall framleiðslunnar hlýtur að leiða til þess, að verð á hráefnunum lækkar.

Ég býst ekki við því, að frekari umræður hafi þýðingu á þessu stigi málsins. Ég mun leggja fram nánari skýrslu við 3. umr. þess, ef það kemst svo langt, sem er að vísu ótrúlegt, en þó ekki óliklegt, eftir hringsnúningi nm. að dæma. En það tel ég mér óhætt að fullyrða, að þótt þessi tollur verði afnumninn, leiðir það ekki til eins eyris verðlækkunar fyrir sjómenn eða útgerðarmenn. Hinsvegar má vera, að umboðsmenn hinna erlendu kaupenda geti grætt á þessu nokkrar þúsundir. En þó verða það hinar innlendu verksmiðjur, sem að mestu leyti ráða verðlaginu hér eftir sem hingað til.

***Sigurður Kristjánsson:** Afstaða mín í vetur í þessu máli var svo skýr, að hún hefði átt að vera hverjum meðalgreindum manni, sem með málinu fylgdist, alveg ljós. En annaðhvort hefir hv. 6. landsk. ekki fylgzt með því, sem í málinu gerðist þá, eða þá að einhver undarleg hringrás hefir átt sér stað í hans eigin heila.

Þegar þetta mál lá fyrir þinginu í vetur, voru liðnir aðeins nokkrir mánuðir síðan tollurinn var lagður á. Afstaða mín í þessu máli var því sú, að ég vildi fá einhverja reynslu fyrir því, að þessi tollálagning væri vanhugsuð, áður en ég féllist á það að afnema hana. Því vildi ég láta úrslit málsins bíða fram yfir áramótin. Þar sem ég vissi, að frv. um afnám tollsins myndi þá verða flutt aftur. En ég tók það jafnframt alveg skýrt fram, að ég teldi alla útflutningstolla á afurðum sjávarútvegsins óréttmæta, eins og hag hans er nú komið, nema því aðeins, að fullvist væri, að erlendir kaupendur greiddu í raun og veru tollinn. Þessi skoðun mín stendur alveg óhögguð enn. Þegar fiskimjöl er í háu verði, eru það kaupendur hráefnanna, sem greiða tollinn, en þegar það stendur illa á erlendum markaði, er boðið svo lítið í beinin, bæði af erlendum og innlendum kaupendum, að menn hætta að verka þau, að óbreyttri þeirri tollalöggjöf, sem nú er í gildi.

Það mun vera alveg rétt hjá hv. 6. landsk., að fiskbeinaiðnaðurinn stendur sig ekki vel. En hann má ekki vera svo þröngsýnn að ætla sér að hjálpa þeim atvinnuvegi, þótt hann sé illa staddur, á kostnað annars atvinnuvegar, sjávarútvegsins, sem er enn verr staddur, en miklu fleiri menn hafa þó atvinnu af.

Það er vitanlega ekkert nema fáránleg fjarstæða að skattleggja útflutningsvörur atvinnuvegar, sem allir vita, að ber sig alls ekki fjárhagslega. Þótt ég gengi hinsvegar ekki svo langt í þessu máli sem ég hafði ætlað í fyrstu, að leggja til, að þessi tollur yrði ekki hærri en tollur á saltfiski, var það af því einu, að tollur á síldarmjöli hefir ekki enn verið lækkaður, en ekki af því, að ég telji í raun og veru nokkurn toll réttmætan á sjávarafurðunum eins og hagur sjávarútvegsins er nú.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Ég vil taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að viðhorfið í þessu máli er nokkuð breytt frá því á síðasta þingi, eða í des. s. l. Því að eins og hv. 6. landsk. er kunnugt, kemur megnið af afla okkar á land fyrra hluta ársins, og þá sérstaklega sá afli, sem þessi úrgangur fæst úr. Það var því ekki vitað á síðasta þingi, hversu langt mundi vera hægt að ganga í að taka á þessu ári þennan verndartoll af þessari vöru til þess að hækka verðið til framleiðendanna. En nú er komið í ljós, að það mun eiga að hækka til svo mikilla muna verðið á beinum og hausum, að framleiðendur munu ekki í ár fá nema helming af því verði, sem greitt var fyrir vöruna á síðasta ári, og kom þó til greina nokkur lækkun á verðinu þá strax.

Hv. 6. landsk. var að lesa hér upp úr hagskýrslum um útflutning á fiskimjöli og fiskbeinum og gera samanburð á verði, sem fengizt hefði fyrir þessar vörutegundir. Það er náttúrlega engum blöðum um það að fletta, að það eru fleiri krónur, sem fást fyrir hvert kg. af fiskimjöli heldur en af fiskbeinum óunnum. En hvorki sá hv. þm. né nokkur annar getur haldið því fram, að þetta eingöngu beri að leggja til grundvallar, því að öllum er það kunnugt, að mikill kostnaður leggst á þessa vöru, áður en hún er möluð og komin til útlanda. Og talsvert af þeim kostnaði er ekki vinnulaun, heldur kostnaður, sem krefur erlendrar valútu, svo sem greiðsla fyrir pöka til umbúða utan um mjölið og annað slíkt.

Því hefir verið haldið fram, að fiskimjölsiðnaðurinn skapi geysimikla atvinnu í landinu. En þau tíðindi hafa verið að gerast í bænum nú síðustu dagana, sem taka af öll tvímæli í þessu efni og sanna, að það eru ekki svo ákaflega margir, sem atvinnu hafa af þessari mölun. Það hefir staðið deila hér í bænum á milli verkamannafélags og beinaframleiðenda um það, hvað margir menn eigi að vinna við þetta á hverri vöku. Og einmitt gegnum þær deilur hefir fengizt úr því skorið, hve margir menn hafa haft atvinnu við fiskimjölsframleiðsluna hér í bænum.

Þá vil ég vekja eftirtekt á því hér, að hv. 6. landsk. sagði, að það yrðu alltaf íslenzku verksmiðjurnar, sem réðu verðinu á þessu hráefni, hvað sem tollinum liði. En ég spyr þá: Hver er þá ástæðan til þess að hafa þennan verðtoll á þessari vöru, ef íslenzku verksmiðjurnar þurfa hans ekki við, til þess að ráða verðinu á hráefninu? Þegar þessi tollhækkun var leidd í lög, sem lagt er til í frv., að afnumin verði aftur, þá var því haldið fram, einmitt af hv. 6. landsk., að tollhækkunin þyrfti að komast á, til þess að

íslenzku verksmiðjurnar gætu staðizt samkeppnina við Norðmenn. Nú heldur sami hv. þm. því fram, að tollurinn hafi ekkert að segja hvað verðið snerti.

Þá vill hv. 6. landsk. halda því fram, að það séu ekki framleiðendur beinanna og hausanna, sem greiði tollinn. Ég veit nú ekki, hvernig hann hyggst að sannfæra hv. þdm. um það, að það hafi engin áhrif á verð hráefnisins, hvort af því er greiddur 10 kr. tollur pr. smálest, eða tollurinn er 30 kr. af sama vörumagni. Ég býst við, að erfitt muni vera að sannfæra fleiri en mig um, að það hafi engin áhrif, hvor þessi leið er farin í álagningu tollsins.

Ég hygg, að engum heilvita manni geti blandazt hugur um, að hvað sem rétt hefir verið að gera, þegar tollurinn var hækkaður, þá sé nú sú reynsla komin af tollinum, að ekki geti komið til nokkurra mála að láta hann standa lengur eins og hann er. Það má slá því föstu, að ef tollur þessi helzt eins og hann nú er og hráefnið verður í því verði, sem það er nú í í skjóli tollsins, þá verður mikið, sem fellur til af beinum, sem ekki verður hirt. Og við það er loku skotið fyrir, að sá gjaldeyrir fáist, sem annars mundi fást fyrir vöruna, ef framleiðendunum væri ekki gert ómögulegt að hirða hráefnið.

Hagur smáútvegsins, sem aðallega leggur þetta efni til, stendur ekki svo föstum fótum nú, að það geti verið réttmætt að leggja á hann þunga skatta til þess að halda uppi nokkrum verksmiðjum, sem af aðstandendum þeirra er haldið fram, að hafi ekki getað borgað sig, og vitað er um, að eru svo skuldum hlaðnar, að þær geta ekki nokkurntíma gengið í samkeppni við aðrar fiskimjölsverksmiðjur á skynsamlegum grundvelli.

*__Jónas Guðmundsson:__ Varla tekur að tala hér yfir tómum stólum um þetta mál. Þó vildi ég minnast á fáein atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann hefir víst skilið mína ræðu þannig, að ég meinti, að hann væri eitthvað taugaveiklaður og þarfnaðist hælisvistar. Ég vil taka það fram, að það var ekki meining mín, heldur fór ég sæmilega kurteislega fram á, að hann gerði grein fyrir þessum snúningi sínum, sem áreiðanlega er ekki hægt að komast hjá að viðurkenna, að átt hafi sér stað hjá honum, þó að hann hafi reynt að klóra í bakkann og færa nokkur rök fyrir því, hvers vegna hann hafi snúizt. Og rök hans eru þau, að honum hafi um miðjan des. s. l. ekki þótt nægar sannanir fyrir hendi um það, hvernig tollurinn mundi koma til með að verka í framtíðinni. En nú í marzbyrjun segir hann þessar sannanir vera fyrir hendi. Ég verð að leyfa mér að líta á þetta sem harla veigalítil rök. Frá því í des. s. l. og þangað til nú hefir mér vitanlega ekkert gerzt í þessu máli annað en það, að vitneskja hefir fengizt um það, að Þjóðverjar mundu borga minna fyrir þessa vöru heldur en þeir gerðu í fyrra. Og þess vegna finnst mér ennþá meiri ástæða til þess, að sem mest af þessu hráefni haldist inni í landinu til vinnslu og sé ekki flutt út óunnið.

En hv. 6. þm. Reykv. sagði mjög svo eftirtektarverða setningu, sem ég vil undirstrika og bæta ofurlitlu við. Hann sagði, að ef mjölið stæði hátt á erlendum markaði, þá yrðu erlendir kaupendur beinanna greiðendur tollsins. En þetta er bara alveg eins, hvort sem verðið á erlendum markaði er hátt eða lágt. Þeir verða í öllum tilfellum greiðendur tollsins. Það selur enginn framleiðandi vöruna út úr landinu fyrir lægra verð en það, sem hann getur fengið fyrir hana hjá íslenzkum verksmiðjum, að viðbættum tollinum. Þess vegna verða erlendir kaupendur þessarar vöru í öllum kringumstæðum greiðendur tollsins, en ekki hinir íslenzku framleiðendur. Það er viðurkennt af öllum, og það var meira að segja aðalatriðið í hinu merkilega skjali, sem hér var lagt fram í des. s. l. frá Fiskifélaginu, þar sem sagt var, að þá fyrst þegar íslenzku verksmiðjurnar fóru að geta notið sín í þessu efni, fór verðið að hækka. Það er sýnt, að það voru þær, sem hækkuðu verðið, og það verða þær, sem halda verðinu uppi. Það verð, sem þær geta greitt, er það verð, sem allir landsmenn fá fyrir þetta hráefni. Norðmenn og aðrir, sem koma til greina um þessi kaup, þeir fara ekki að gefa frá sér vitið í þessu efni. Þeir fara ekki að borga hærra fyrir vöruna en þeir þurfa. Þeir kannske borga 5 kr. hærra fyrir tonnið heldur en íslenzku verksmiðjurnar, og tollinn að auki, ef þeir endilega vilja fá þessa vöru. En sá mismunur verður aldrei það, sem þjóðhagslega nemur því, sem tapast við það, ef íslenzku verksmiðjurnar hætta að geta unnið úr þessu hráefni og skapað þar með verðmæti til útflutnings. Þetta er svo augljóst mál, að hver meðalgreindur þm. hlýtur að skilja þetta, þegar hann leggur þetta niður fyrir sér. Það er svo barnalegt að ímynda sér, að útlendir kaupendur færu að borga tugum króna hærra verð fyrir tonnið af þessari framleiðsluvöru heldur en íslenzku verksmiðjurnar geta boðið. Og því hærra verð geta íslenzku verksmiðjurnar boðið, því meira vörumagn sem þær fá til að vinna úr. En með þessu frv. er stefnt að því, að þær fái sem minnst af þessari vöru og að af henni tapist sem mest.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði líka það, að iðnaðurinn stæði nú svo illa, að hann gæti búizt við því, að hann stöðvaðist, og að hann vildi ekki skattleggja annan verr stæðan atvinnuveg til þess að halda þessum iðnaði uppi. Þetta er rétt hugsað, ef tollurinn er skattur á útgerðinni. En ég er margbúinn að sýna fram á, að útgerðin er alls ekki skattlögð með þessum tolli. Þeir einu af landsmönnum, sem geta tapað á þessum tolli, eru örfáir millilíðir, sem erlendir menn hafa hér á leigu til þess að kaupa þetta hráefni fyrir sig. Og ef þeir eiga fullt af formælendum hér í hv. d., þá finnst mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn.

Út af ræðu hv. 3. landsk. hefi ég eiginlega ekkert að segja. Þar kom ekkert fram nýtt til viðbótar því, sem áður hefir verið rætt, nema hvað hv. þm. sagði, að viðhorfið væri breytt í þessu efni frá því í des. s. l. Og það er rétt að þessu leyti, að verðið hefir lækkað. En það er bara ástæða til þess að láta íslenzku verksmiðjurnar fá ennþá meira að gera. Ég vil leyfa mér að skjóta fram einni spurningu. Hv. 3. landsk., sem er í stj. síldarverksmiðja ríkisins, gerir allt,

sem hann getur til þess, að þær fái sem allra mest síldarmagn til að vinna úr. Og það er ekki nóg, að hægt sé að hafa eina stóra og góða síldarmjölsverksmiðju starfandi á Siglufirði, heldur þarf að kaupa verksmiðjur annarsstaðar til þess að geta tekið við sem mestu af síld til vinnslu. Hvernig getur hann nú haldið því fram, hv. þm., í fullu samræmi við sjálfs sín skoðun, að það beri að reyna að koma því hráefni, sem íslenzku fiskimjölsverksmiðjurnar vinna úr, burt úr landinu óunnu? Þarna eru svo svipaðar kringumstæður, að það er blátt áfram hneyksli, að sami maður skuli bera þetta hvorttveggja fram, að sem mest hráefni fáist í síldarverksmiðjurnar, en sem minnst í fiskimjölsverksmiðjurnar. Hv. þm. ætti alveg eins að geta ályktað svo, að því meira hráefni sem fiskimjölsverksmiðjurnar fá, því meiri líkur séu til þess, að þær geti borgað hærra verð fyrir hráefnið. Þetta er svo hliðstætt, að ekki þarf um að fjölyrða. Ef síldarverksmiðjur ríkisins fá 400—500 þús. mál, þá geta þær borgað meira fyrir síldina heldur en ef þær fá aðeins 100 þús. mál, því að í fyrrnefnda tilfellinu dreifist kostnaðurinn við þetta mikla verksmiðjubákn á meira hráefnismagn.

Þá spurði sami hv. þm., hvers vegna ástæða væri til þess að setja þennan verndartoll á og halda honum, fyrst íslenzku verksmiðjurnar réðu verðinu, eins og ég hefði sagt. Og í öðru lagi sagði hv. þm., að þegar tollurinn var settur á árið 1934, þá hafi ég haldið því fram sem ástæðu fyrir því að setja tollinn á, að íslenzku verksmiðjurnar ættu erfitt í samkeppninni við útlendinga.

Þetta er alveg rétt, að íslenzku verksmiðjurnar eiga erfitt í samkeppninni við útlendinga, því að þeir hafa betri aðstöðu til þess að vinna úr þessu hráefni heldur en við. Þess vegna er rétt að láta þá borga hærra fyrir hráefnið en okkur, og það er það, sem gert er með verndartollinum. Þar með er verið að láta erlenda kaupendur borga þann mismun, sem er á kostnaði við að vinna úr þessu hráefni þar ytra og að vinna úr því hér heima.

Það er misskilningur að álíta, að þessi tollur hafi valdið því á nokkurn hátt, að verð þessa hráefnis hefir lækkað. Einasta ástæðan til þess, að svo hefir orðið, er blátt áfram verðfall á fiskimjölinu, því að verðið á því hefir nú á fáum árum fallið úr 300 kr. pr. tonn á erlendum markaði og niður í 190—220 kr. pr. tonn, eins og það er nú.

Finnur Jónsson: Hv. 6. landsk. beindi þeirri spurningu til mín í sinni fyrri ræðu, hvernig stæði á því, sem hann kallaði snúning í meiri hl. sjútvn. Hv. 6. þm. Reykv. hefir svarað því að nokkru og bent á, að hér er ekki um snúning að ræða. Ástæðan fyrir því, að meiri hl. sjútvn. vildi ekki fallast á það á síðasta þingi, að beinatollurinn yrði lækkaður þá, var sú, eins og nál. á þskj. nr. 609 frá síðasta Alþingi ber með sér að ekki lágu fyrir neinar upplýsingar um það, að tollhækkunin hefði orðið til þess tjóns fyrir sjávarútveginn, er réttlætt gæti það að breyta l. þá þegar og lækka tollinn aftur. Afstaða meiri hl. sjútvn. á síðasta Alþingi er mjög skýrt tekin fram í þeirri rökst. dagskrá, sem samþ. var þá um málið, og við það þarf ekki að bæta.

Hv. 6. landsk. sagði, að ekkert hefði vitnazt í þessu sambandi, síðan á síðasta Alþingi, þessu máli viðkomandi annað en það, að Þjóðverjar hefðu greitt nokkru minna verð fyrir mjölið heldur en á síðasta ári. Síðar í ræðu sinni upplýsti hann það, að það, sem Þjóðverjar greiddu minna fyrir mjölið, næmi um 80 kr. fyrir smálest, þannig að mjölið hefði fallið úr 300 kr. og niður 220 kr. pr. tonn. (JG: Ekki í ár). En hvað hefir gerzt viðvíkjandi beinaverðinu? Það hefir fallið um 50%. Ég veit, að blaut bein hafa í mínu byggðarlagi fallið úr 60 aurum og niður í 30 aura nú í ár fyrir hverja körfu. Ég álít, að þetta séu næg rök fyrir því, að nú beri að afnema þessa hækkun á beinatollinum, sem sett var 1934, til þess að gefa mönnum tækifæri til að geta selt beinin þurrkuð og óunnin til útlanda, ef svo skyldi vera, að fyrir þau fengist meira á þann veg. Beinaverðið er nú orðið svo lágt, að mikil hætta er á því, að menn hætti að hirða og þurrka beinin, eins og nú standa sakir. Og þegar við höfum á milli þess að velja, að beinin verði ekki hirt, og þannig verði alls engan útflutning hægt að skapa, ef tollurinn helzt eins og hann nú er, og hins, að nokkuð meira verði flutt út af þeim þurrkuðum og óunnum, ef tollurinn verður lækkaður, heldur en verið hefir, þá segi ég það fyrir mig, að ég get ekki varið það að halda verndarhendi yfir þessum háa verndartolli, sem lögleiddur var á Alþingi 1934. Ég mótmæli því algerlega, að ég eða meðnm. minir komum fram í þessu máli sem umboðsmenn útlendinga. Það er mjög fjarri því, að svo sé. En við höfum athugað þetta mál út frá algerlega sanngjörnu sjónarmiði, sjónarmiði ísl. sjómanna, og við höfum því verið umboðsmenn þeirra. Fyrir okkur er þetta mál ekkert trúaratriði. Á meðan ekki var hægt að færa sönnur á, að beinatollurinn væri til skaða, vildum við ekki afnema hann. En þegar það er sýnt, að beinatollurinn veldur sjómönnum og útgerðarmönnum miklu tjóni, þá er ekkert annað réttara en að samþ. þá breyt. á l., sem komið hefir fram. Hirðing á beinum var orðin það mikil, að það má ekki og á ekki að láta þennan verndartoll, sem lagður hefir verið á beinin, verða þess valdandi, að landsmenn hætti að hirða þetta hráefni. En það er það, sem menn hafa um að velja, að afnema tollhækkunina, eða að hætt verði að öðrum kosti að hirða beinin.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er ekki rétt, sem hv. 6. landsk. sagði, að það væru erlendir kaupendur beinanna, sem greiddu þennan toll. Ég undirstrika það enn, að það er í þessu efni eins og alltaf, að framleiðendurnir verða að borga hann. Og það er vitanlegt, að undanfarin ár hafa ísl. verksmiðjurnar hagað sínu verði eftir því, sem Norðmenn hafa greitt fyrir þetta hráefni. Norðmenn hafa svo miðað við, hvað þeir gætu greitt fyrir beinin með því að greiða þennan 30 kr. toll pr. tonn. Svo að ef aðstaða er svipuð hjá Norðmönnum og Íslendingum, þá

hafa ísl. verksmiðjur stungið í sinn vasa sem nemur tollinum.

Þá vil ég út af því, sem hv. 6. landsk. sagði um síldarmjölsverksmiðjurnar, og bar þær saman við fiskimjölsverksmiðjurnar, vekja athygli á því, að það er mjög mikill munur á þeirri atvinnu, sem vinnsla síldar í síldarmjölsverksmiðjunum veitir, og þeirri atvinnu, sem fiskimjölsverksmiðjurnar skapa við mölun beina. Ef t. d. er tekin verksmiðjan á Sólbakka, sem vinnur úr afla þriggja botnvörpuskipa, þá munu jafnmargir menn hafa atvinnu í landi við að vinna úr aflanum eins og þeir, sem eru á sjónum til þess að sækja þennan afla.

Mjölverðið hefir, eins og tekið hefir verið fram, lækkað á þýzkum markaði, og nemur sú lækkun 15% á síðastliðnu ári. En ísl. fiskimjölsverksmiðjurnar hafa lækkað verðið á hráefninu um 50%. Á sama tíma sem fiskimjölið lækkar aðeins úr 225 n. kr. og niður í 190 n. kr. tonnið, þá lækka verksmiðjurnar verðið á hverri körfu af blautum beinum úr 60 aurum og niður í 30 aura. Og þar, sem verðið hefir verið eitthvað lítið eitt hærra eða lægra, þar hefir lækkunin verið hlutfallslega sú sama. Ég hygg, að það þætti nokkuð slæm útkoma hjá síldarmjölsverksmiðjunum, ef þær fyrir 15% verðfall á síldarmjölinu færu að lækka verðið á síldarmálinu úr 4 kr. í fyrra niður í 2 kr. í ár. Nú er það vitanlegt, að síldarmjölið hefir lækkað og kemur til með að lækka hlutfallslega á við fiskimjölið. En ég er alveg viss um, að að þeim hluta, sem síldarmjölið er hluti úr framleiðslu síldarmjölsverksmiðjanna, þá kemur ekki verðið á hráefninu til með að lækka um 50% að þeim hluta á móts við 15% lækkun á síldarmjölsverðinu á þýzkum markaði.

Þó að hv. 6. landsk. sé að taka hér fram tölur eins og að verð á beinamjöli hafi 1930 og 1931 verið 300 kr. tonnið og svo nú 190 kr. tonnið, þá er rétt að fara eftir lækkuninni á síðasta ári aðeins og taka það verð, sem greitt var fyrir hráefnið á síðustu vertíð og bera það saman við það verð, sem nú er greitt fyrir það, og hinsvegar einnig að bera saman verðið á fiskimjölinu í Þýzkalandi á sama tíma og athuga verðlækkunina á hvoru fyrir sig. Útkoman á þeim samanburði er eins og ég hefi tekið hér fram.

Ef á að fara að láta fiskimenn greiða 20 kr. í verndartoll til þess að verðlauna verksmiðjurnar fyrir að lækka afurðir þeirra (þ. e. fiskimanna) í verði um 50%, þá fer að færast skörin upp í bekkinn.

***Jónas Guðmundsson:** Hv. þm. Ísaf. sagði, að nú væri um annaðhvort að velja að hætta að verka beinin eða að afnema tollinn. Þetta er alrangt. Því að þó að tollurinn væri afnuminn og verðið lækkaði, yrði samt ekki hætt að hirða og verka beinin. Í því atvinnuleysi, sem þjóðin á nú við að búa, þá reyna menn að gera sér sem mest úr þeim vörum, sem þeir hafa á milli handa, hvort sem þeir fá mikið eða lítið fyrir. Ég gæti meira að segja frekar trúað því, að það mundi frekar flýta fyrir því, að hætt yrði að verka beinin, ef hætta er annars á því, ef tollurinn yrði afnuminn, af því að þá væri þeim aðilja, sem líklegastur er til að halda verðinu uppi, ísl. verksmiðjunum, gert svo erfitt fyrir um að starfa, að hann mundi sennilega gefast upp. Og þá get ég ímyndað mér, að svo færi, að menn hættu að verka beinin. En á meðan ísl. verksmiðjurnar hafa möguleika til að ná þessu hráefni og geta haldið áfram fiskimjölsframleiðslunni, þá eru áreiðanlega möguleikar á því fyrir fiskimenn að skapa sér atvinnu með því að þurrka beinin og að fá vöruna borgaða.

Sami hv. þm. baðst undan því að vera talinn umboðsmaður erlendra millilíða, heldur þóttist hann vera umboðsmaður sjómanna. Ég skal ekki vera að hafa af honum þann heiður. En það eru þó fyrst og fremst íslenzkir sjómenn og útgerðarmenn, sem hafa hagnað af þessu, en ekki verksmiðjurnar. Að tollurinn valdi þessum mönnum tjóni, er rangt, því að þeir greiða hann ekki, heldur kaupendurnir.

Hv. 3. landsk. hefir oft sagt, að það væru hinir innlendu framleiðendur, sem greiddu tollinn. Þetta er rangt. Hver, sem vill selja bein, spyr fyrst íslenzku verksmiðjurnar: Viljið þið kaupa? Ef svo kemur Norðmaður og býður hærra verð, þá er honum auðvitað seld varan. En þegar tollurinn er afnuminn, munu erlendir kaupendur aðeins bjóða lítlu hærra í tonnið en það, sem hér er boðið. Verksmiðjurnar standast ekki samkeppnina, og fellur þá niður öll sú innlenda vinna, sem þær hafa haldið uppi. Afleiðingin verður sú, að verðið lækkar, menn hætta að hirða beinin og við töpum miklu af erlendum gjaldeyri.

Hv. þm. sagði, að verðfall hráefnisins næmi 50% miðað við verð það, sem var í fyrra. Þetta er rangt, að svo miklu leyti, sem ég þekki til um blautbeinakaup. Hinsvegar hefir mjöl fallið um 15% eða meira á erlendum markaði. En þó ber að taka tillit til þess, að þó að mjöl hafi síðan 1931 fallið um 100 kr. tonnið á erlendum markaði, þá hefir verðið ekki breytzt í innlendri sölu.

— Nú er ég dauður í þessu máli. Ég get reyndar búizt við, að ég fái enn gusu, en það verður þá að bíða til 3. umr., að ég svari fyrir mig.

***Pétur Ottesen:** Ég ætla ekki að nota mér það, að hv. þm. er dauður. En það er sagt, að sá dauði hafi sinn dóm með sér, og eftir okkar trúarbókstaf getur hann ekki komizt klakklaust gegnum eilífðina, ef hann hefir lifað svo, að mjög skorti á. Hann verður þá að gjalda þar fyrir. Og í þessu máli hefir framkoma hv. þm. verið sú, að ástæða væri til að taka honum tak. Þó mun ég ekki gera það nema lítillega.

Hann sagði, að engin rök hefðu verið færð fyrir því, að þessi mikli tollur lækkaði verðið fyrir framleiðendurna, þ. e. sjómenn og útvegsmenn. Frá umr. hér á síðasta þingi og svo í dag mætti hann muna, að það hefir verið sýnt og sannað, að þessi tollur bitnar eingöngu á framleiðendum. Það liggur í því, að útlendingar, sem hingað koma til þess að kaupa þessar afurðir, verða að greiða 30 kr. hærra verð fyrir tonnið en innlendar verksmiðjur, til þess að geta orðið samkeppnisfærar við þær, því að þeir verða að borga í ríkissjóð 30 kr. af hverju tonni.

Nú er í frv. ekki farið fram á, að tollurinn

sé niður felldur, heldur er gert ráð fyrir, að verksmiðjurnar séu látnar njóta þeirrar verndar, sem 10 króna tollurinn veitir. En þessi 20 króna mismunur, sem annars fer beint í ríkissjóð, færi þá beint til framleiðenda. Þegar hv. þm. segir, að þessi mismunur færi í milliliði, þá er það ekki til annars en að slá ryki í augu manna. En þetta ryk rennur furðu fljótt úr augum þeirra aftur, og hann þreifar nú þegar á því, að þessi blekkingarvefur er sundur rakinn fyrir honum.

Nei, þessi mismunur er nú tekinn beint af framleiðendum. Skyldi það ekki vera einmitt af því, að þessir menn standa einhuga á móti þessum tolli? Eða ætlar hv. þm. að halda því fram, að þeir séu slíkir skynskiptingar, að þeir skilji ekki, hvernig í hlutunum liggur? Nei, honum þýðir ekkert að ætla að gera svo lítið úr sjómannastétt landsins.

Þá ber og á það að líta, að ekki er einungis samkeppni milli útlendinga, er hingað koma, og innlendu verksmiðjanna, heldur á sér líka stað samkeppni milli útlendinganna innbyrðis. Þessi samkeppni er venjulega réttastur mælikvarði á hið raunverulega verðlag. En þessa samkeppni vill hv. þm. kveða niður með því, að ríkisvaldið leggi á þessa vöru svo háan toll, að allir standi þar höllum fæti nema verksmiðjurnar. Miðað við verð það, sem var á þessum afurðum síðasta ár, nemur tollurinn nálægt þriðjungi, en miðað við verðlag nú mun hann vera orðinn allt að helmingi af verðmæti vörunnar. Er þá ekki langt í land til þess að taka vöruna alla af framleiðendum.

Eins og bent hefir verið á, hlýtur fyrsta afleiðingin af slíkum tolli að verða sú, að menn hætta að hirða beinin. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að nú stefndi að því, að það svaraði varla kostnaði að verka vöruna. Og þetta er af því, að ríkisvaldið gengur svo langt, að það tekur helming verðmætisins í toll.

*__Pétur Halldórsson:__ Það fer ef til vill ekki vel á því, að ég sé að blanda mér í þetta deiluatriði, en mér finnst þó skylt, að þeir, sem eru sammála hv. 6. landsk., taki við, er hann er dauður, eins og kallað er.

Við þessar umr. hefir ekkert komið fram, sem breyti þeirri skoðun minni, að það sé ekki til gagns fyrir framleiðendur að lækka þennan toll, og það má bæta við: Þótt undarlegt megi virðast. Ég held, að hv. 6. landsk. hafi rétt fyrir sér í því, að ekki séu líkur til, að verð á efninu í þetta fiskimjöl hækki, þó að tollurinn sé afnuminn. Það, að erlendir menn geta borgað meira fyrir þessa vöru en íslenzku verksmiðjurnar, kemur til af því, að næsta stig meðferðar vörunnar, sem sé í verksmiðjunum, er ódýrara erlendis en hér. Segjum, að þeir geti borgað nokkru hærra, eftir sem áður, þó að tollurinn verði afnuminn. En þá er alls ekki víst, að þeir geri það. Sumir hv. þm. virðast halda, að norsku verksmiðjurnar borgi eins hátt verð og þær geta hæst borgað. En sannleikurinn er auðvitað sá, að þær borga aðeins það verð, sem íslenzku verksmiðjurnar neyða þær til að borga. Þær hafa ekki enn hætt að kaupa þessa vöru, enda þótt þær verði að greiða 30 króna toll, og það sýnir, að þær geta vel borgað það verð, sem þær láta af hendi. Það er rétt hjá hv. 6. landsk., að þegar samkeppni íslenzku verksmiðjanna er horfin, þá geta þær norsku komið sér saman um verðið og þrýst því niður eins langt og tök eru á. En nú er þessi 20 eða 30 króna munur aðstöðumunur norsku og íslenzku verksmiðjanna, og þessar 30 krónur renna í ríkissjóðinn. Þetta er mjög svo athyglisvert. Það mætti líta svo út sem þessar 30 kr. rynnu annars til framleiðenda, eins og meðhaldsmenn frv. halda fram, en það er þó enganveginn víst. Að íslenzku verksmiðjurnar tóku að keppa um þessa vöru, hækkaði verðið, en áður var hún flutt út fyrir náðarverð norsku verksmiðjanna.

Þetta er fræðilegt mál, og það dugar ekki að spyrja hv. þdm., hvort þeir álíti ekki, að íslenzkir sjómenn hafi eins mikið vit á þessu og hv. 6. landsk. Það er ekkert svar. Það er heldur ekki rétt, að samkeppnin milli innlendu og erlendu verksmiðjanna sé kveðin niður með þessum tolli, heldur er hún jöfnuð, því að Norðmenn geta, eins og sýnt hefir verið, borgað miklu hærra verð en innlendir menn.

Af þessum ástæðum held ég, að það sé rétt hjá hv. 6. landsk., að þótt tollurinn félli niður, þá bætti það ekki verðið, sem framleiðendurnir fá fyrir hráefnið, nema þá rétt um stund. En þegar innlenda samkeppnin væri horfin, myndi verðlagið brátt lækka að miklum mun.

*__Pétur Ottesen:__ Hv. síðasti ræðumaður komst að þeirri niðurstöðu, að Norðmenn gætu ef til vill borgað hærra verð fyrir þessar vörur en Íslendingar, af því að vinna hjá þeim væri ódýrari, og því gætu þeir verið samkeppnisfærir, þrátt fyrir tollinn. Já, en hvað er þá um þessar 20 kr., sem fyrir tollinn fara í ríkissjóð, en annars færu beint til framleiðenda? Heldur hv. þm., að Norðmenn borgi þennan mismun bara af því að hann fer í ríkissjóð, en ekki til framleiðenda? Ætli þeim sé ekki sama, hvort heldur er? En framleiðendum er ekki sama. Á þessu veltur mikið fyrir þá. Og á þessu er krafa þeirra byggð um lækkun tollsins.

En að því leyti sem hv. þm. virtist gera lítið úr því, að til sé samkeppni um þessa vöru, verð ég að vona, að það sé ekki af því, að hann sé búinn að missa trúna á frjálsu samkeppnina.

*__Ólafur Thors:__ Ég verð að lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum, sem þetta mál hefir fengið hjá hv. sjútvn.

Ég held, að ég hafi nokkuð góða aðstöðu til að skilja báða parta. Þegar þessi tollalækkun var fyrst til meðferðar hér á þingi, hafði ég tilhneigingu til að líta á málið eins og andstæðingar frv. gera nú. Ég áleit, að verð á þessari vöru ylti á því, að innlendu verksmiðjurnar yrðu reknar. Ég áleit, að ef Norðmenn gætu brotið hér niður þessa starfsemi, myndu þeir láta okkur endurgreiða sér margfalt það verð, sem þeir urðu að greiða fyrir þessa vöru, meðan þeir voru að drepa hina innlendu starfsemi á þessu sviði.

Ég vil nú gefa þá viðurkenningu, að þessi

kviðbogi minn er ekki í burtu numinn. Ég verð að játa það, að ég hefi enga örugga vissu fyrir því, að framgangur þessa máls verði, þegar til lengdar lætur, sjómönnum og framleiðendum, sem við, er að frv. stöndum, berum fyrir brjósti, til hagsbóta. En hitt verð ég að segja, að eins og reynsla síðasta árs var, er ekki lengur hægt fyrir Alþingi að standa gegn kröfum hlutaðeigandi framleiðenda og sjómanna um það, að mega, eins og aðrir framleiðendur þessa lands, verða aðnjótandi þess hæsta verðs, sem fáanlegt er fyrir vöruna. Þetta mál snertir mjög hagsmuni þeirra manna, sem ég er umboðsmaður fyrir. Ég hefi varla hitt einn einasta mann í minu kjördæmi, sem ekki er alveg ákveðinn í að standa að baki þeirri kröfu, sem í fyrra var borin fram af hv. þm. Borgf. og nú er borin fram af honum og hv. 3. landsk. og studd af allri sjútvn. Ég segi þess vegna það, að min afstaða til málsins markast ekki af því, að ég sé kviðalaus um afleiðingar þess, að rekstur hinna innlendu verksmiðja kynni að leggjast í rústir, en ég hefi ekki fundið frambærileg og sannfærandi rök gegn þeim mönnum, sem hér eiga hlut að málum. Með reynslu síðasta árs fyrir hugskotssjónum get ég ekki staðið gegn þessu frv. Ef ekki hefðu aðrir menn gerzt til þess að flytja þetta frv., hefði ég gert það sjálfur, en enganveginn af kaldranalegri hugsun til hinna innlendu manna, sem að þessu standa, þ. e. a. s. þeirra, sem eiga verksmiðjurnar, og þeirra, sem hafa atvinnu við þær, heldur af þeim ástæðum, sem ég hefi greint, að það er ekki hægt að standa gegn þessari kröfu.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en endurtaka ánægjuyfirlýsingu mína til sjútvn., og ekki sízt til þeirra manna í n., sem ekki vildu í fyrra aðhyllast þessa kröfu, en nú hafa látið að óskum þeirra sjávarútvegsmanna, sem sannast að segja standa svo höllum fæti, að full ástæða er fyrir þá að segja: „Við megum ekki við því í dag að borga iðgjöld framtíðarinnar. Við erum vissir um, að með því að afnema þennan hluta tollsins berum við hærra frá borði, hærra en ella mundi vera, og það verðum við að fá.“

ATKVGR.

Brtt. 82 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, FJ, GÞ, GÍ, JS, ÓTh, PÞ.

nei: SigfJ, SE, BÁ, EE, JakM, JG, PZ, PHalld, JörB.

Þrettán þm. (ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, GG, GSv, HannJ, HV, JJós, JÓl, JónP, MT) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 11:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:6 atkv.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Jónas Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti umr. til morguns.

Forseti (JörB): Þar sem þetta er 3. umr. um málið og ósk er komin fram um frestun á umr., tek ég málið út af dagskrá í dag, en það verður tekið fyrir á morgun.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 16, 82).

***Jónas Guðmundsson:** Ég fór fram á það í gær, að umr. yrði frestað, og var það gert. Vil ég þakka hæstv. forseta fyrir það, að hann varð við þessum tilmælum minum.

Frá sjútvn. hefir komið brtt. í tveim liðum. Annar er einungis leiðrétting, en um hina, að fella niður orðin „þurrkuðum og“ er það að segja, að það atriði skiptir litlu máli. Finnst mér jafnvel betra, að þetta sé eins og í frv. stendur, og það stóð þar áður en lögunum var breytt.

Eftir afgr. málsins við síðustu umr. virðast likur til, að þingið hafi breytt svo um skoðun á því, að málið fái framgang. En síðan ég talaði síðast í málinu, hefir ýmislegt komið fram, sem ég vildi víkja að nú.

Aðalatriðið fyrir mér er að sýna fram á, að þjóðinni getur enginn skaði orðið að því að hafa þennan toll. Tollurinn hefir ekki lækkað verðið á þessari vöru. Árið 1934 var verðið á fiskimjölinu, komnu til Þýzkalands, 330 kr. tonnið. 1935 var þetta verð fallið niður í 247 kr. tonnið. Nú í dag er verðið á því, sem selt verður, 209 kr. tonnið. Allt er þetta reiknað í isl. kr. — Annars liggja fyrir upplýsingar eftir skeytum frá Þýzkalandi um það, að verðið á síldarmjöli nemi nú 160 kr., á karfamjöli 170 kr. og á fiskimjöli 190 kr., og likur eru til, að verðlækkun þangað til í mai n. k. muni nema 10—20 kr.

Eins og sést á undanförnum tölum, nemur verðfall á fiskimjölinu frá því í nóv. 1934 og þar til nú 121 kr., og í mai n. k. mun verðlækkun þessi nema 143 kr. á hvert tonn, verði verðlækkun sú effektiv, sem gert er ráð fyrir.

1934 var greitt fyrir hráefnið þurrt hér á landi 130—150 kr. Nú svarar það til 82 kr. verðs á tonninu. Hefir því verðlækkunin orðið 58—68 kr., miðað við verð, sem nú er gefið fyrir hráefnið þurrt í Vestmannaeyjum og hér við Faxaflóa. Á sama tíma, sem verðfall á mjölinu hefir numið 121 kr., hefir hráefnið aðeins lækkað um 58—68 kr.

1935 var greitt fyrir hráefnið 105 kr. á tonn. Nú er verðið 82 kr. á tonn. Lækkunin hefir því á þessu tímabili numið 23 kr. á tonn. Lækkun á markaðsverði fiskimjölsins frá því í fyrra úr 247 kr. niður í 209 kr. nemur 38 kr. á tonn. Hefir því verðið á hráefninu lækkað um 23 kr. á einu ári, en verð á mjöli um 38 kr.

Í Vestmannaeyjum eru nú gefnar 9 kr. fyrir úrgang úr 1000 fiskum, en 14 kr. í fyrra. Svarar það til 36 kr. á tonn af þurru hráefninu. Hér við Faxaflóa hefir verðfall orðið meira, af því að meira var gefið hér fyrir hráefnið í fyrra. Fari nú svo, að verðið lækki á þessu ári niður í 187 kr., úr 330 kr. haustið 1934, er óhjákvæmilegt, að á þessum atvinnuvegi verði gerðar mikl-

ar breytingar, ef hann á að geta staðizt framvegis.

Það, hvernig þetta hefir verkað í Vestmannaeyjum, skiptir mestu máli. Vestmannaeyjar hafa ekki greitt þennan toll, því að þar var ákveðið, að vörugjaldið í bæjar- og hafnarsjóð skyldi dregið frá honum. Vestmannaeyjar hafa því nærri jafnhátt gjald dregið frá honum og sjálfur tollurinn nemur. Því ætti verðið ekki að hafa lækkað í Vestmannaeyjum, ef tollurinn einn hefði lækkað verðið. Jafnframt ber þess að gæta, að hvergi á landinu er jafnmikil samkeppni af hálfu útlendinga og þar. Þar hafa jafnan verið að minnsta kosti tveir útlendir kaupmenn, sem kepptu við Íslendinga. Samt hefir verðfall þar verið svipað og annarsstaðar á landinu. Ef nú tollurinn yrði afnuminn og vörugjaldið héldist áfram í Vestmannaeyjum, stæðu Vestmannaevingar verr að vígi en aðrir landsmenn, og þar yrðu það hinir innlendu framleiðendur, sem myndu tapa.

Þetta dæmi sannar betur en flest annað það, sem ég hefi haldið fram, að tollurinn geti ekki haft önnur áhrif en þau að hækka verðið innanlands og gera innlendar verksmiðjur hæfari til að kaupa vöruna. En ef íslenzkar verksmiðjur verða að gefast upp vegna verðfallsins á erlenda markaðinum, þá mun verðið á hráefninu falla svo mjög að menn geta ekki hirt það hvort sem er.

Hv. þm. Borgf. hélt því fram um daginn, að ég hefði farið með blekkingar í þessu máli. Spurði hann, hvort ég héldi, að allir sjómenn og útgerðarmenn væru þeir skynskiptingar eða jafnvel umskiptingar, að þeir fylgdu honum allir með tölu, en ekki mér, ef þeir skildu ekki hvernig í málunum liggur. Ég held nú ekki, að sjómenn séu meiri skynskiptingar en aðrir menn. En fyrst mér hefir ekki tekizt að sannfæra hv. þm. Borgf. um mitt mál hér í d., hvernig ætti ég þá að geta sannfært alla sjómenn landsins, sem ég hefi ekki talað við og næ ekki til?

Þetta er ekki talið flokksmál, en þó hafa blöð og fundir verið notuð til að vinna á allan hátt gegn því, því að sumir menn álíta alla tolla þannig vaxna, að þeir hljóti að lenda á innlendum mönnum.

Ég hefi átt tal við stj. ísl. fiskimjölsframleiðenda, sem í fyrra gerði ýtarlega grein fyrir áliti sínu. Stj. þessa félags hefir beðið mig að lýsa yfir eftirfarandi fyrir sína hönd:

„Vegna þeirrar mótspyrnu, sem löggjöf um verndartoll fyrir fiskimjölsiðnaðinn hefir mætt á undanförnum þingum, og þeirrar óánægju, sem einstakir menn hafa vakið gegn þeirri löggjöf, og vegna þeirrar trúar manna, að tollurinn lækki verðið innanlands, sem við þó höfum sýnt fram á með rökum, að er algerlega rangt, þá vill stjórn félagsins taka það fram, að hún telur rétt, að tollurinn verði færður niður, eins og ráðgert er í fyrirliggjandi frv., því þó með því verði hinum íslenzka fiskimjölsiðnaði neitað um þann stuðning, sem minnst kostar þjóðarheildina og einstaklinga hennar að láta í té, þá vilja fiskimjölsframleiðendur ekki, að þeim verði um það kennt, að hafa í skjóli verndartollsins lækkað verð þessarar vörutegundar, ef svo fer, að hún fellur svo í verði, að ekki svarar lengur kostnaði að vinna hana."

Þessa skyldu við félagið tel ég mér skylt að inna af hendi, og geta svo hv. þm. ráðið því, hvað þeir gera við atkv. sitt. En ég mun greiða mitt atkv. gegn frv., því að ég álít, að það eina, sem bjargað getur þessum iðnaði, sé það, að hann fái alla framleiðslu hérlenda til vinnslu, því að þá fyrst getur hann dreift kostnaðinum á stærra kvantum og gefið framleiðendum hærra verð. Þetta er mín sannfæring.

Ég hefi lýst yfir því, að fiskimjölsframleiðendur vilja, að tollurinn sé færður niður, svo að þeim verði ekki kennt um verðfallið á þessari vöru, og að þeir hafa beðið mig að taka þetta fram. Að öðru leyti fjölyrði ég ekki um málið. Ég geri ráð fyrir, að ekki verði miklar deilur um málið héðan af. Munu margir hafa greitt þessum tolli atkv. sitt í upphafi af því, að þeir töldu, að fiskimjölsiðnaðinum yrði hann til hagsbóta.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Þegar þetta mál var til umr. á síðasta þingi, hafði ég við höndina tölur um verðlag á mjölinu og hinsvegar hráefninu. Þessar tölur hefi ég ekki nú við höndina, en dm. munu vera þær nokkuð kunnar, síðar við umr. á síðastl. þingi. Þá sýndi ég fram á ósamræmið í verðfallinu á mjölinu erlendis og verðfallinu á hráefninu innanlands. Ég tók það líka fram við 2. umr., hve mikið þetta ósamræmi væri orðið nú, þar sem nú er greitt 50% minna fyrir blauta hausa en á síðustu vertíð.

Hv. 6. landsk. hefir alltaf verið að klifa á því, að það væru kaupendur, en ekki framleiðendur, sem yrðu að greiða þennan toll. Ég hefi ekki trú á því, að hann geti sannfært nokkurn mann, utan þings eða innan, um, að það hafi ekki áhrif á útflutningsverð varnings, hvaða tollur á hann er lagður.

Hér hafa oft verið á döfinni tollar á útflutningsvöru, og hafa menn alltaf verið á móti þeim, af því að verðlagið á vörunni væri þannig, að hún mætti ekki við því að fá tollinn á sig, og að framleiðendur myndu fá baggann á sig, sem af tollinum myndi leiða. Hér er sama máli að gegna. Það eru fyrst og fremst framleiðendur, sem verða að bera þennan toll.

Hv. 6. landsk. nefndi nokkrar tölur um mjölverðið frá 1934—1936. Verðið 1934 kemur málinu ekki mikið við. Hann fór nokkurnveginn rétt með verðið á mjölinu nú. Þó held ég, að 211—212 kr. sé sönnu nær en 209 kr. á tonnið, en það skiptir ekki miklu máli. Hann blandaði hér inn í verði á síldarmjöli, en þar er verðið 8 sterlingspund, sem er meira en 160 kr., nema hann hafi þá átt við norskar krónur. (JG: Ég átti við það).

Þá sagði hann, að í fyrra hefðu verið greiddar 14 kr. fyrir þúsundið af hausum. Ef hann væri kunnugur í Vestmannaeyjum, myndi hann vita, að verðið fer mjög eftir staðháttum, eftir því hversu hagar til um flutning á hausunum. Yfirleitt mun verðið hafa verið um 17 kr. þúsundið. Ég skal ekki segja um það, hvort verðið er komið niður í 9 kr. nú, því að ég var farinn frá Vestmannaeyjum, er til þess kom, að verðlag

væri ákveðið, en mér er kunnugt um, að sunnanlands hefir verðið fallið um 50%.

Þá sagði hv. þm. einnig, að Vestmannaeyingar hefðu alveg losnað við að greiða tollhækkunina. Þetta er ekki rétt, en hitt skal viðurkennt, að þeir hafa ekki greitt af henni nema kr. 1.25 á smálest.

Hann var að tala um samkeppni í Vestmannaeyjum í þessari grein. En í Vestmannaeyjum eru ekki nema 3 keppendur, og er það minna en víða annarsstaðar.

Ég get verið ánægður yfir þeirri yfirlýsingu, sem hann las upp frá Félagi fiskimjölsframleiðenda, sem hann er aðili í. Vegna tollhækkunarinnar eru menn hættir að hirða beinin, þótt hausar séu enn hirtir. Þetta hlýtur að leiða til þess, að verksmiðjurnar hafa minna að vinna úr eftir en áður, og hafa því séð sitt óvænna og vilja nú losna við tollinn.

***Jónas Guðmundsson:** Mér finnst rétt að benda hv. 3. landsk. á það, að raddir hafa komið fram um það að fella einnig niður toll af öðrum fiskafurðum. Þetta er auðvitað rétt um þá vöru, sem flutt er fullverkuð út úr landinu, enda hafa ávallt verið uppi raddir um það, að skaðlegt væri og óviðeigandi að senda út óverkaðan fisk. (**PÞ:** Má þá leggja toll á óverkaðan saltfisk?). Ef til vill ekki eins og stendur. En annars ber auðvitað að keppa að því marki með öllum ráðum, líka tollum, að engin vara sé flutt óverkuð út úr landinu.

Viðvíkjandi tollgreiðslu Vestmannaeyinga held ég, að svar hv. 3. landsk. hafi verið byggt á misskilningi. Vestmannaeyingar hafa aldrei greitt tollhækkunina, þótt hann hafi gilt í heilt ár, og þrátt fyrir það hefir verðið lækkað þar sem annarsstaðar. Þetta sýnir það og sannar, að tollurinn einn út af fyrir sig veldur ekki verðlækkun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var enn fram haldið 3. umr. umr. frv.

ATKVGR.

Brtt. 82,1 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PHalld, PO, SE, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, EmJ, FJ, GG, GSv, HannJ.

nei: JG, MT, ÓTh, PZ, SigfJ, BÁ, BB, GÞ, GÍ, JakM, JÓl, JörB.

JónP, JS, HV greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (BJ, EE, EystJ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 82,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PÞ, PO, SE, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, FJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, HannJ.

nei: JakM, JÓl, JG, MT, PZ, PHalld, SigfJ, BÁ, BB, EE, EmJ, HV, JörB.

JónP, JS greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BJ, EystJ, JJós) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 126).

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 174).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv. var flutt í hv. Nd., og hefir legið fyrir sjútvn. Eins og sjá má á nál. á þskj. 174, þá hefir n. einróma fallizt á, að frv. verði samþ. óbreytt. Efni frv. er í stuttu máli það, að tollur af fiskbeinum, sem nú er samkv. lögum 3 kr. af 100 kg., verði lækkaður niður í 1 kr. af hverjum 100 kg. Ástæðan fyrir þessari lækkunartill. er sú, að það hefir almennt vakið mikla óánægju, hvað þessi tollur er hár. En hinsvegar hefir, að minnsta kosti í bráðina, orðið talsvert verðfall á beinunum, sem stafar af verðfalli á beinamjöli. Þess vegna er nokkur hætta á því, að ef tollurinn er hár, þá dragi það úr því, að beinin verði hirt og hagnýtt. Af þessari ástæðu hefir n. fallizt á, að tollurinn verði lækkaður niður í 1 kr. af 100 kg. — Ég hygg, að hv. d. geti fallizt á þetta frv. og samþ. það, eins og ástæður eru nú fyrir hendi og horfur í útvegsmálum. Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, nema tilefni gefist til þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 224).

---

13. Eftirlit með útlendingum.

Á 11. fundi í Ed., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með útlendingum (þmfrv., A. 61).

Á 14. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. um eftirlit með útlendingum er flutt af meiri hl. allshn. eftir tilmælum hæstv. dómsmrh. Frv. er

samið af ríkisstj. Allshn. er stefnu frv. algerlega fylgjandi og taldi því rétt að flytja frv. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj. Hinsvegar hefir n. ekki unnizt tími enn til að athuga frv. svo sem æskilegt er, og áskilur hún sér rétt til að koma með brtt. við frv. og hafa óbundnar hendur til brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Frv. þetta er viðauki við og breyt. á l. um sama efni, sem þegar eru í gildi, og er í grg., sem fylgdi frv. frá hæstv. ríkisstj., gerð nokkur nánari grein fyrir því.

Eins og ég gat um, er málið flutt af meiri hl. allshn., þ. e. a. s. af 4 nm. En þar með er það ekki sagt, að hv. 10. landsk., fimmti maðurinn í n., sé frv. mótfallinn, heldur tók n. ákvörðun um að flytja frv. á fundi þegar hv. 10. landsk. var ekki viðstaddur.

N. mun á milli umr. athuga frv. nánar, og koma fram með brtt. við það, ef henni þykir þurfa.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að láta fylgja frv. fleiri orð fyrir hönd n. N. leggur til, að málið verði látið ganga til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, 121).

Magnús Guðmundsson: Allshn. flytur hér á þskj. 121 fáeinar brtt. við frv., og skal ég með örfáum orðum gera nokkra grein fyrir þeim. — Fyrst er dálítil orðabreyt. á 2. gr. N. virtist, að eins og 2. gr. er orðuð í frv., gæti hún valdið misskilningi. Það er auðséð, að ekki er ætlazt til þess, að ákvæði gr. geti átt við alla menn, sem hingað koma, heldur er aðeins átt við útlendinga, og þess vegna er af hálfu n. ætlazt til, að gr. orðist þannig: Útlendingum, sem koma hingað til lands, er óheimilt að fara í land til dvalar, nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

Allshn. ætlast til, að það sé fellt burt, að skylt sé að hafa vegabréf, en hafa aðeins ákvæði um fullnægjandi skilríki. Það, sem fyrir n. vakir, er það, að hún vill helzt komast hjá því að gera vegabréf að skyldu. Þó er þannig frá þessu gengið af n. hálfu, að ríkisstj. er heimilt að gera vegabréf eitt af þeim skilríkjum, sem hlytu að falla undir ákvæði þessarar gr. En fyrir n. vakir að forðast vegabréfaskylduna eins lengi og unnt er. Í öðrum löndum er hún sumsstaðar upphafin, og n. lítur svo á, að bezt sé að forðast hana í lengstu lög.

Þá er önnur brtt. n., sem er við 3. gr. frv., og er hún aðeins til að leiðrétta orðalag. — 3. brtt. er við 4. gr. frv.; tilgangur hennar er að kveða skýrt á um það, að annaðhvort farþegaskrá eða útdráttur úr farþegaskrá sé alltaf sent til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans í hverju héraði, þar sem útlendingar koma á land eða fara úr landi, en eftir því, sem frv. er orðað, lítur út fyrir, að aðeins eitt afrit af farþegaskrá eigi að senda, og þá til lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem skip eða loftfar kemur fyrst við land eða fer síðast frá landi. Þetta þótti n. ekki eins hentugt eins og að hver lögreglustjóri fái að vita í hvert skipti, hverjir útlendingar koma í land og fara úr landi í hans lögsagnarumdæmi. Það er t. d. ekki nóg, að lögreglustjóri Vestmannaeyja fái að vita um það, hverjir koma til Reykjavíkur. Náttúrlega er hægt að skipa þessu með reglugerð, en n. þótti réttara að setja þetta í lögin sjálf. Þá er síðari hluti brtt., sem er aðeins breyt. á orðalagi. Það er ekki viðkunnanlegt að segja, að menn skuli framfylgja skyldum þeim, sem á þeim hvíla; er sjálfsagt venjulegra að segja, að þeir eigi að fullnægja þeim, og er þessi brtt. því í samræmi við málvenju.

Við 5. gr. er dálítil brtt., sem þó er ekki verulег. Er farið fram á að fella burt 2. málsgr. N. sá ekki annað en að sama regla gæti verið um alla þá útlendinga, sem hér á land koma. Það gæti verið spursmál um, hvort ekki væri rétt að fella niður orðin „fast aðsetur“, og verður það athugað í n. fyrir 3. umr. En mér finnst ekki óviðfelldið, að sama regla gildi um alla útlendinga, og sé ekki, að til of mikils sé mælzt, þótt það sé heimtað, að þeir geri grein fyrir sér innan viku. — Svo eru orðabreyt. við 6. og 7. gr., þar sem talað er um fátækrastyrk og sveitarstyrksþurfa, því að samkv. hinum nýju framfærslulögum á þar að vera framfærslustyrkur og framfærslustyrksþurfi, og er þessi brtt. því aðeins til samræmingar.

Þá er lítilfjörleg brtt. við 1. málsl. 12. gr. N. gerir ekki ráð fyrir, að það sé lögmælt eftirlit, þar sem menn koma, og gengur n. út frá, að útlendingar megi fá að fara í land þar, sem þeir ekki ætla að setjast að. Það er undarlegt, ef farþegar mega ekki stiga í land án þess að vera háðir þessu eftirliti, þótt þeir hafi ekki leyfi til að dvelja í landinu án þess. Það er svo í öðrum löndum, t. d. í Englandi, að þar fá farþegar að fara í land án þess að gera grein fyrir sér, og er þó eftirlit strangt þar. Skipverjar geta verið dögum og jafnvel vikum saman í landi án þess að við því eigi nokkuð að gera, því að það er eðlilegt, að menn, sem eru á skipum, hvort sem það eru farþegar eða skipverjar, hafi mök við land. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, og vil ég vona, að brtt. verði samþ.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Frá mínu sjónarmiði eru sumar af þessum brtt. leiðréttingar, eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, t. d. brtt. við 6. og 7. gr. frv., sem setja „framfærslustyrk“ í stað „fátækrastyrks“ og „framfærslustyrksþurfi“ í stað „sveitarstyrksþurfi“; það er vitanlega sjálfsögð breyt.; sama er að segja um brtt. við 12. gr., að í stað orðsins „samkvæmt“ komi „á“. En að öðru leyti virðist mér því miður, að brtt. hv. n. séu í höfuðatriðum til hins verra. Þetta frv. er sniðið eftir lögum, sem gilda á Norðurlöndum í þessum efnum, og er þar fengin nokkur reynsla í eftirliti með útlendingum, og einmitt það atriði, sem hv. frsm. minntist á og er í 2. gr. þessa frv., er verulegt atriði í lögunum; brtt. hv. n. við þessa gr. hljóðar þannig, að út-

lendingum, sem koma hingað til lands, sé óheimilt að fara í land til dvalar nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru. Þessa breyt. tel ég alls ekki til bóta, heldur þvert á móti. Það er beinlínis til þess ætlazt með þessum lögum, að hér eftir verði heimtað af útlendingum, sem hingað koma, að þeir hafi einmitt vegabréf, því að önnur skilríki heldur en vegabréf geta mjög sjaldan fullnægt á sama hátt og vegabréfin. Vegabréf, sem útlendingar hafa með sér, eru ein fullkomin skilríki fyrir því, að hlutaðeigandi útlendingur sé ekki strokumaður eða önnur sú tegund af mönnum í sínu heimalandi, að honum sé yfirleitt ekki veitt vegabréf, og það er mjög stórt atriði. Við vitum það nú af þeim skýrslum, sem hér eru til um útlendinga, að það hefir komið nokkuð oft fyrir, að hingað hafa komið menn, sem hafa ekki fengið vegabréf í heimalandi sínu, og dvalið hér langdvölum, og eru sumir búsettir hér enn. Að sum ríki hafi hætt við að nota vegabréf, kann að styðjast við einhver rök, en ég verð að viðurkenna, að ég þekki þess ekki dæmi, nema ef vera kynni á Norðurlöndum, en þar er gerður sérstakur samningur, sem þessi lög mundu vitanlega ekki breyta á neinn hátt, um ferðir milli Norðurlanda, þannig að menn þurfa ekki önnur skilríki en svokölluð ferðaspjöld, sem eru látin nægja. Ég held, að við eigum með tilliti til þess, að þetta frv. er samið á sama grundvelli og nýjustu lög um þetta efni hjá Norðmönnum, að koma því hiklaust á hjá okkur, að heimtuð verði vegabréf af þeim útlendingum, sem hingað koma, því að það er eitt af því, sem menn eru hissa á, þegar þeir koma hingað til lands, að það skuli ekki vera heimtað af þeim vegabréf. Þótt maður sýni skírteini fyrir því, hver hann er, eins og tekið er fram í brtt., þá er það allt annað en það, sem ætlazt er til í þessu upphaflega frv., og ég segi fyrir mig, að ég vil eindregið mælast til þess við þessa hv. þd., að hún fallist á það, að ákvæðið um vegabréf í þessu frv., en ekki skilríki eins og skírnarvottorð eða bílskírteini, verði látið haldast. Það er aðaltilgangur þessa lagafrv.

Ég sé ekki, að 2. brtt. hv. n., við 3. gr. frv., skipti neinu verulegu máli, en svo kem ég að 3. brtt. Mér sýnist hún vera meinlaus, en hinsvegar er hún alveg þýðingarlaus af þeirri ástæðu, að samkv. ákvæðum 5. gr. getur útlendingur ekki flutzt milli lögsagnarumdæma öðruvísi en með því að tilkynna lögreglustjóra bæði, hvaðan hlutaðeigandi maður kemur og hvert hann fer. Þetta er í samræmi við þær reglur, sem gilda bæði í Noregi og annarsstaðar um þetta efni. Það verður að tilkynna lögreglustjóra, ef maðurinn ætlar úr landi eða á milli lögsagnarumdæma. Á þann hátt er hægt að fylgjast með manninum, enda er það tekið fram í 5. gr., hvernig fer um þann mann, sem ætlar sér að setjast hér að. Í samræmi við þetta stendur í 12. gr., að brot gegn ákvæðum 2. gr. varði sektum eða fangelsi, ef miklar séu sakir, einkum ef menn skjóta sér undan lögmæltu eftirliti, þegar þeir stíga á land. Það er í samræmi við aðaluppistöðu frv., að refsivert sé að skjóta sér í land án þess að hafa vegabréf, og reyna á þann hátt að komast undan eftirliti, sem ætlazt er til, að haft verði með útlendingum samkv. þessu frv., og sem vantar enn í þessu landi. Þess vegna er það einkum álitið refsivert, ef menn brjóta gegn þessu meginatriði laganna. Þetta ákvæði tekur þó ekki til þess, ef menn stíga á land hérna á sama hátt og maður stígur t. d. á land í Englandi og dvelur þar aðeins stutta stund; menn fá að vísu ekki að stíga þar í land, nema þeir hafi þar til gerð skírteini frá tolleftirlitinu, sem afhenda þarf aftur, þegar farið er um borð. Hér er ekki átt við slíkt tilfelli, því að samkv. 5. gr. gildir þetta ákvæði aðeins um þá, sem ætla að hafa hér aðsetur, en það á ekki við þá, sem koma aðeins við hér á landi, eins og t. d. farþega, sem koma með skemmtiferðaskipunum hingað á sumrin. Ég vil því vekja athygli hv. þd. á því, að með þessari brtt. við 2. gr. er í raun og veru breytt þeim tilgangi, sem bak við frv. liggur; hv. d. þarf því að taka afstöðu til þess, hvort hún vill, að dregið verði verulega úr tilgangi þessarar löggjafar um eftirlit með útlendingum með því að heimta einhver skilríki í staðinn fyrir venjuleg vegabréf.

Magnús Guðmundsson: Það er ekki hægt að segja, að hæstv. forsrh. taki brtt. n. vel. Hann vill þó sýna þá náð að samþ. leiðréttingarnar, en annað ekki. Nú vil ég drepa dálítið nánar á þetta heldur en ég gerði áðan. Í 2. gr. frv. stendur: „Mönnum, sem koma hingað til lands, skal óheimilt að stíga á land, nema þeir hafi vegabréf eða önnur skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.“ Sem sagt er öllum mönnum, samkv. orðalagi þessarar gr., óheimilt að stíga hér á land, nema þeir hafi vegabréf eða önnur skilríki. Þetta gildir bæði um Íslendinga, sem koma hingað frá útlöndum, og farþega á skipum, sem koma hingað til lands; þetta gildir undantekningarlaust um alla menn, sem hingað koma. Ég verð að segja það, að ég skil varla, að unnt sé að orða hugsun á öllu óheppilegri hátt en hér er gert, því að frv. ber það að öðru leyti með sér, að hér er í rauninni átt við útlendinga aðeins, þótt orðalag gr. bendi til þess, að vegabréf eigi að heimta af Íslendingum líka. Samkvæmt þessu orðalagi yrði að heimta skilríki af sjálfum forsrh., sem sýndi, hver hann væri, þegar hann kæmi hingað til lands af konungsfundi.

Það hlýtur að liggja í augum uppi, að þetta er skakkt orðalag, og mér finnst, að hæstv. forsrh. ætti að taka þessari leiðréttingu með þökkum í stað þess að taka henni illa. Svo hefir hann misskilið það, sem ég sagði viðvíkjandi skilríkjunum. Ég sagði, að n. legði þann skilning í sína brtt., að vegabréf væri eitt af þeim skilríkjum, sem væri hægt að heimta, en hún vildi ekki tala beinlínis um vegabréf af því að hún vildi forðast í lengstu lög að heimta vegabréf. Það getur hver ráðh., sem er, gefið út reglugerð samkv. 11. gr. þessa frv. og heimtað þessi skilríki af útlendingum, sem hingað koma, og vitanlega eins vegabréf, ef hann vill, en samkv. 2. gr. er ekki eingöngu átt við vegabréf; það var ekkert annað, sem vakti fyrir n. en það, að

henni þótti ekki heppilegt, að það væri heimtað það skilríki, sem heitir vegabréf. Mér finnst brtt. n. við 2. gr. frv. ekki raska neitt því, sem hægt er að gera samkv. þeirri gr., nema að því leyti, að samkv. brtt. er ekki hægt að heimta þessi skilríki af Íslendingum, enda hefir það heldur aldrei verið meiningin. En svo er það allt of sterkt til orða tekið að segja: „mönnum, sem koma hingað til lands, skal *óheimilt að stiga á land* ....“ Það er hvergi farið að á þennan hátt, eins og ég hefi tekið fram. Ég hefi t. d. á yfirstandandi ári komið við í Englandi, farið í land og verið þar heilan dag, án þess að nokkurt skilríki hafi verið heimtað af mér.

Þá kem ég að brtt., sem hæstv. ráðh. sagði, að væri meinlaus, og mér skildist hann ekki vera beinlínis mótfallinn henni; það er brtt. við 4. gr. frv., og skal ég ekki fara langt út í það mál, en ég vil bara benda á, að það er að sjálfsögðu miklu betra og tryggilegra, að lögreglustjórar fái strax að vita, eftir að skip er komið eða farið, frá skipstjóra sjálfum, hvaða farþegar séu settir á land eða fluttir úr landi í lögsagnarumdæmi hans, þar sem þeir eiga innan viku að tilkynna, í hvaða tilgangi þeir séu komnir. Auðsætt er, að ekki er tilgangurinn að bíða eftir því, að það komi tilkynning um þetta frá öðrum lögreglustjóra í landinu. Ég vil gjarna spyrja hæstv. ráðh., eftir hvaða lögum á Norðurlöndum þetta frv. er tilbúið. Hann upplýsti sjálfur, að vegabréf væru ekki lengur viðhöfð á milli Norðurlanda; þess vegna getur þetta ákvæði um vegabréfin ekki verið tekið þaðan. Ég lít svo á, að það sé miklu heppilegra fyrir hæstv. ráðh. að fá lög, sem eru þannig úr garði gerð, að hann er óbundinn um það, hverskonar skilríki hann heimtar. Þá gæti hann heimtað vegabréf eða önnur skilríki eftir vild. Hæstv. ráðh. sagðist ekki vita, hvaða önnur skilríki gæti verið um að ræða, en hann nefndi samt sjálfur skilríki, sem hann benti á, að Norðurlönd létu sér nægja. Hvers vegna skyldum við ekki geta gengið inn á sömu braut? Ég finn á orðum hæstv. ráðh., að hann hefir algerlega misskilið þetta atriði. Út af brtt. við 1. málsgr. 12. gr. vil ég benda á það, að hún er engin efnisbreyt.; orðin „einkum ef“ ... o. s. frv., sem í frv. standa, eru alveg óþörf. Þessi orð þurfa ekki að hafa minnstu áhrif á niðurstöðu dóms um refsingar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Ég held, að það sé óþarft fyrir okkur hv. 1. þm. Skagf. að vera með æsing út af því, þótt við séum ekki sammála um nokkur atriði í þessum lögum. Enda þótt hv. 1. þm. Skagf. telji vera mikið um vitleysur í þessu frv., þá verð ég að segja það, að enda þótt það standi „fátækrastyrkur“ í stað „framfærslustyrk“ á tveimur stöðum, þá væri betur gengið frá frv. hér á þingi heldur en verið hefir, ef þau væru ekki verr undirbúin en það, sem hér liggur fyrir, því að það er hingað komið úr höndum færustu manna. En viðvíkjandi lagasetningunni um þetta efni vil ég taka það fram, að fyrir nokkrum árum, er ég var lögreglustjóri og hafði veitt því athygli, að hingað höfðu komið menn, sem sekir höfðu orðið um stórkostleg afbrot erlendis og byrjuðu strax að fremja hér stórkostlegustu innbrot, sem framin hafa verið hér á landi, þá vakti ég athygli dómsmrn. á því, að nauðsynlegt væri að setja lagasetningu sem þessa; fékk ég svo löggjöf frá Noregi og sendi dómsmrn. hana, en það gat ekki komið því í kring, að heimtuð væru vegabréf af útlendingum, sem hingað koma. Norska og danska löggjöfin um þetta efni hefir verið tekin til fyrirmyndar við samningu þessa frv. af þeim lögfræðingum, sem það er samið af. Það er áreiðanlega út í bláinn sagt hjá hv. 1. þm. Skagf., að ég hafi misskilið það, sem í frv. stendur, vegna þess að það er útilokað, að þingnefnd, sem hefir ekki kynnt sér þessa löggjöf, sem frv. er samið eftir, og aðeins haft 2—3 klst. til þess að fara í gegnum það, sé eins vel inni í málinu og lögfræðingarnir, sem sömdu frv.

Skal ég svo drepa aðeins á þau atriði, sem okkur greinir á um, og ætti okkur að vera vorkunnarlaust að komast að réttri niðurstöðu, því að þetta er vissulega ekki pólitískt mál. Ég er hissa á því, að hv. 1. þm. Skagf. skuli nota þá röksemdaleiðslu, sem hann gerir, þegar hann er að tala um ákvæði 2. gr. frv., sem fjallar um það, hvernig eigi að koma fyrir eftirlitinu með útlendingum. Hann segir, að ákvæði 2. gr. myndu valda því, að íslenzkir menn, sem hingað koma, verði að sýna vegbréf — þeir hafa nú flestir vegabréf, þegar þeir fara til útlanda — en svo viðurkennir hann, að bæði fyrirsögn frv. og svo hvert atriðið eftir annað beri það með sér, að með þessum „mönnum“ sé aðeins átt við útlendinga; það er sama, hvort þarna stendur „mönnum“ eða „útlendingum“. Slík röksemdafærsla er alls ekki viðeigandi, þegar reynt er að komast að niðurstöðu um það, hvernig eftirlitinu með útlendingum verði bezt komið fyrir. Viðvíkjandi hinu atriðinu, hvort rétt sé að heimta vegabréf eða skilríki eða ekki, þá er það að segja, að það er mjög mikill munur á því, eins og hv. þm. geta séð, hvort heimtuð eru vegabréf eða önnur skilríki, sem vitanlega er ekki hægt að skilja öðruvísi en vegabréf eða skilríki, sem samsvarar vegabréfi, ellegar einhver önnur skilríki, sem samsvara ekki vegabréfum. Ef þessi umþráttaða gr. væri ekki einmitt orðuð eins og hún er orðuð, þá tæki Alþingi enga afstöðu til þess, hverskonar skilríki það eru, sem heimtuð eru af útlendingum, en léti stj. um það, hvaða skilríki ætti að heimta, en eins og gr. er nú orðuð, þá liggur það í augum uppi, að það er átt við vegabréf eða önnur skilríki, sem jafngilda þeim. Þetta er sá mikli munur á því, hvort orðið vegabréf er haft eða tekið burt. Það er rökleysa að halda því fram, að Norðurlönd heimti ekki vegabréf; hv. þm. getur ekki bent á neitt land, sem ekki krefst vegabréfs, en það, sem hv. þm. virðist vera að rugla með, er það, að Norðurlönd hafa gert samning innbyrðis um það, að sérstök ferðaskirteini skuli gilda milli hinna einstöku ríkja Norðurlanda, en þessi ríki heimta öll vegabréf gagnvart öðrum þjóðum. Viðvíkjandi því atriði, sem stendur í 12. gr., að refsing verði einkum þung, ef menn stiga á land án þess að þeir hafi vegabréf eða önnur jafngild skilríki, vil ég

segja það, að þetta atriði frv. er ekki rangt, og það hlýtur hv. þm. að sjá, ef hann vill fallast á rök. Þetta eftirlit, sem talað er um í 12. gr., er lögmælt samkv. ákvæðum 5. gr.; það þarf náttúrlega ekki lögmælt eftirlit með þeim mönnum, sem ætla ekki að verða hér lengur en 1—2 daga.

Þetta, sem ég hefi nú nefnt, sýnir það, að hv. þm. hefir alls ekki verið með í því, sem talað er um í lögunum, og þá er ekki von, að vel fari, þegar verið er að gera brtt. við frv.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. sagði síðast, að það væri ekkert lögmælt eftirlit með mönnum, þegar þeir stíga á land, og þess vegna kvaðst hann vera á móti því, að felld yrðu burt orðin: „einkum ef menn skjóta sér undan lögmæltu eftirliti, þegar þeir stíga hér á land.“ Hver getur skilið þetta? Það er rétt, að það er ekki fyrirskipað eftirlit, þegar menn stíga hér á land; þeir eiga að skýra hlutaðeigandi yfirvöldum frá fyrirætlun sinni innan tiltekins tíma. En hvaða vit er þá í því að vísa í 12. gr. til þess sem brots af hálfu útlendings að stíga í land án þess að sýna skilríki? Það er vitleysa og ekkert annað, einmitt af því að það er ekki brot að stíga í land án þess að sýna skilríki.

Um brtt. n. við 2. gr. verð ég að segja, að mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. hefir ekki skilið afstöðu nefndarinnar, en hún er sú, að gefa honum sem frjálsastar hendur, þar sem till. hennar gengur út á, að ráðh. skilgreini sjálfur, hverskonar skilríki hann heimtar, og ef hann kýs að heimta vegabréfið, þá getur hann það. Till. n. er um að fella burtu úr gr. orðin „vegabréf eða önnur“, sem stóðu í frv., eins og það kom frá hæstv. ráðh., m. ö. o., brtt. n. hagga í engu upphaflegri meiningu eða skerða vald ráðh. um eftirlitið, því að það er lagt í hans vald, hverskonar skilríki skuli heimta. Ég get því ekki með minum bezta vilja skilið hæstv. ráðh., er hann telur þetta aðalatriði, því hér er sagt í brtt. nákvæmlega það sama og í frv., aðeins með öðrum orðum, en honum finnst þetta stórt atriði, bara af því hann er að snúa út úr. Þá var hann og að snúa út úr því, er ég benti á um upphaf 2. gr., að ef Íslendingar ættu að teljast með mönnum, sem ég tel engan vafa, þá hefðu þeir komið undir ákvæði 2. gr., eins og orðalagið er í frv., og fannst ná því réttara að hafa þar útlendingar, en ekki orðið menn.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en held fyrir hönd n. fast við till., því að ég sé ekki, að hún ryri gildi frv. í einu eða neinu.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. tók fram, að í stað þess, að þingið setji ákvæði um, hverskonar skilríki skuli sýnd, er það eftir till. n. lagt í vald ráðh. En ég vildi vekja athygli hv. þdm. á því, sem stendur hér í brtt.: „Útlendingum, sem koma hingað til lands, er óheimilt að fara í land til dvalar, nema þeir hafi skilríki, sem *sýni* á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.“ Það er, eftir þessu nægir, að útlendingar sýni fæðingarvottorð, eða bifreiðastjóraskírteini, til þess að þeir sýni, hverjir þeir séu. En þar stendur ekkert um, hvort þeir séu fangar nýsloppnir úr tukthúsi eða hvað. (**MG:** Það stendur hér: „á fullnægjandi hátt“). Það er þýðingarlítið að samþ. frv. með þessari breyt., sem hér liggur fyrir, því þá er aðalatriðinu algerlega sleppt, sem sé að krefjast vegabréfs, og eins og ég hefi bent á, getur hvaða stj. sem er lagað þetta í hendi sér og t. d. aðeins gert kröfu um bifreiðastjóraskírteini, því þau eiga að sýna, hver eigandinn er. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. hélt fram, að með þessu er algerlega lagt í vald ráðh., hvaða skilríki skuli heimtuð.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að hæstv. ráðh. hafi gleymt því, að hér stendur: „skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt“, en það þarf skírnarvottorð alls ekki að gera. — Annars skil ég ekki, hvers vegna hæstv. ráðh. er svona hörundssár, því ég er einmitt að segja honum, að hann geti sjálfur ákveðið í reglugerð, hver skilríki skuli heimtuð. (**Forsrh.:** Ég á nú ekki víst að vera alltaf við völd.) Ég býst nú samt við, að hann verði það svo lengi, að tími vinnist til að setja reglugerð. (**Forsrh.:** En þeirri reglugerð getur ráðh. breytt.) Það er alveg rétt, en hann getur það hvort sem er, þó að stæði „vegabréf eða önnur skilríki“ í lögunum. (**Forsrh.:** Þ. e. a. s. einhver slík skilríki, sem væru jafngild vegabréfi, því enginn mundi skilja l. öðruvísi en þau yrðu að vera jafngild.) Er ráðh. búinn með sína ræðu? (**Forsrh.:** Já, ég býst ekki við að tala aftur, svo að ég ætla að leiðrétta jafnóðum.)

Ráðh. var eitthvað að tala um, að skírnarvottorð eða önnur vottorð bæru ekki með sér, hvort maður hefði verið í fangelsi, en ég vil segja það, að hingað geta komið menn með vegabréf, sem hafa verið í fangelsi eða tekið út einhverja hegningu, án þess að það verði séð á vegabréfinu, því það er alls ekki siður að taka slíkt fram í vegabréfum, svo að með þeim er engin fullkomin trygging fengin um slíkt. (**Forsrh.:** En þau eru fullkomnasta tryggingin.) Já, það skal ég viðurkenna, en úr því að Norðurlöndin með samningum sín á milli hafa getað látið sér nægja önnur skilríki, þá sé ég ekki annað en við getum það líka.

***Magnús Jónsson:** Mér skilst, að þessi deila snúist aðallega um brtt. við 2. gr. frv. Ég er nú satt að segja dálítið í vafa um, hvernig skuli snúast gegn henni. Ég er þeirrar skoðunar, að heimta beri fullkomið vegabréf eða „legitimation“, þ. e. skjal, sem sannar fullkomlega, hver eigandi þess er, og það er alls engin fjarstæða, að slíkt skjal ætti hver maður að bera; það er ákaflega þarft, og meira að segja jafnvel innanlands. (**MG:** Það endist ekki nema um ákveðinn tíma.) Já, það er alveg rétt, og það er sá ósiður, sem gerir óþægilegt að hafa vegabréf, að þurfa sífellt að endurnýja áritunina.

En mér skilst nú, að n. hafi engu haggað, þó hún í brtt. sinni hafi sleppt orðinu vegabréf; það er nú ekki heldur ákaflega karmannlega orðað í frv., þar sem stendur „vegabréf eða önnur skilríki“. Það er allt frjálst. En að einu leyti

dregur þó brtt. úr, því að í henni stendur „fara í land til dvalar“, en í frv. er: „óheimilt að stiga á land“. Ég veit náttúrlega ekki, hvað n. á við með þessum orðum „til dvalar“, en ég sé ekkert á móti því, að hver útlendingur, sem stígur hér á land, skuli skyldaður til að hafa vegabréf; að þessu leyti finnst mér brtt. heldur til hins lakara.

En ég mun þó greiða henni atkv., og það er af annari ástæðu. Mér finnst nefnilega allt of stift að heimta vegabréf af Íslendingum, sem eru að koma heim. **(Forsrh.:** Það er ekki meiningin.) Já, maður skyldi halda það, en eftir því, sem kemur síðar, þá sést, að þetta er ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að maður geti ekki þýtt annað en útlendingur, því maður er notað um alla; skil ég ekki, að hæstv. ráðh. geti neitað því, og ef hann neitaði því, að það ætti við Íslendinga, þá er það rangt. **(Forsrh.:** Það þýðir aðeins útlendingar þarna). Það er einkennilegt, að þá skuli standa í grg. við 2. gr. aftan við frv., að þessi skylda sé lögð öllum á herðar, „hvort sem þeir eru íslenzkir eða erlendir ríkisborgarar“. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti ekki að tala um, að aðrir læsu illa. En mér finnst það of langt gengið, og ég held það sé óvanalegt, að menn þurfi vegabréf til að komast heim til sín, enda er það fjarstæða ein, og ekki beint ástæða til að gefa sjálfum sér slíkt vegabréf.

Ég hefði unað bezt við að setja „útlendingum“ í stað „mönnum“ í upphafi 2. gr. frv., en af því ég sé ekki, að brtt. n. dragi verulega úr ákvæðunum, mun ég af þessari ástæðu greiða henni atkvæði.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. 1. þm. Reykv. benti hér á, að í grg. við 2. gr. frv. væri skilgreint, að orðið „mönnum“ tæki til útlendra og íslenzkra ríkisborgara. Það er rétt, að þetta tekur til íslenzkra manna að því leyti, að þeir þurfa að sanna, að þeir séu Íslendingar, svo að þeir þurfi ekki vegabréf.

Hitt, að Íslendingar þurfi vegabréf til að komast inn í landið, er fjarstæða ein; þess þarf aldrei. Það stendur því óhaggað, að átt er við, að útlendingar þurfi vegabréf. Annars vil ég gjarnan gera það samkomulag við hv. 1. þm. Reykv., að í stað „mönnum“ komi „útlendingum“, áður en frv. þetta fer gegnum d.

Hv. 1. þm. Reykv. er það ljóst, þó e. t. v. ekki fullkomlega, að það er verulegur munur á frv. og brtt. n., þar sem hann fellst á, að óheppilegt sé að fella burtu ákvæðið um vegabréfsskylduna, því að eftir brtt. n. er því slegið föstu, að þingið fallist á vegabréfsskylduna, og verður þess vegna hæpið eða vafasamt, að ráðh. geti heimtað vegabréf, eftir að þingið hefir fellt það niður úr frv. Ég vil því mjög gjarnan gera samkomulag við 1. þm. Reykv. um þessa breyt., því að fyrir mér er það aðalatriðið, að vegabréfsskyldunni sé haldið.

Eins og hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á, er ákvæðið fellt burtu af n., af því hún vill ekki taka ábyrgðina, en láta hana hvíla á ráðh., og vil ég að lokum undirstrika, að það er mjög vafasamt, hvort ráðh. vill taka á sig þá ábyrgð að ákveða um vegabréfsskylduna, ef brtt. verður samykkt og þar með fellt burtu þetta orð úr frv.

Magnús Guðmundsson: Ég vil leiðrétta það, sem ráðh. sagði enn, er hann kemst að niðurstöðu um, að orðið „vegabréf“ sé fellt burtu í till. n. í þeim tilgangi að firra sig ábyrgð. Tilgangurinn með brtt. er, eins og ég hefi margtekið fram, að láta ráðh. frjálst eða gefa honum í sjálfsvald, hvort heimta skuli vegabréf eða ekki. Að öðru leyti skal ég ekki ræða þetta atriði.

Ég vil segja hv. 1. þm. Reykv., að það virðast vera fullar líkur til, að hann geti fengið það vegabréf, sem honum þykir svo gott að hafa, en ég hefi rekið mig á ýms óþægindi, sem fylgja því að hafa vegabréf, m. a. og e. t. v. einkum þau, að sífellt þarf að fá þau endurnýjuð. En af hverju skyldi vegabréf hafa verið fellt niður með samningum milli Norðurlanda, ef vegabréfsskyldan þætti ekki valda óþægindum?

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 121,1 (ný 2. gr.) samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, JAJ, MG, MJ, PM, SÁÓ, ÞBr, ÞÞ.

nei: BSt, HG,[1]) HermJ, JJ, EÁrna.

IngP,[2]) PHerm greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JBald) fjarstaddur.

Brtt. 121,2 samþ. með 9:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 121,3.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 121,3.b samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 121,4.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 121,4.b samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 121,5 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 121,6 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

8.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 121,7 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 121,8 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

13.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 131, 140).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 140. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Eins og háttv. dm. muna, varð nokkur ágreiningur við 2. umr. þessa

1) **Atvmrh.:** Ég tel, að eftir frv. eins og það er sé ekki vegabréfsskylda, heldur sé það á valdi ráðh., hvort hann krefst þess eða lætur nægja önnur skilríki, er hann telur fullkomin. Hinsvegar tel ég, ef brtt. verður samþ., ekki hægt, eða a. m. k. mjög hæpið, að unnt sé að heimta vegabréf, og segi því nei.

2) **IngP:** Ég hefði gjarnan viljað, að brtt. yrði tekin aftur til 3. umr., því þótt ég sé henni samþykkur, hefði ég til samkomulags getað fallizt á aðra smærri breyt., sem minnzt hefir verið á, og greiði ég því ekki atkv.

máls hér í d. um vegabréfin. Var því haldið fram af hálfu hæstv. forsrh. og fleiri hv. þm., að vafasamt væri, hvort hægt væri að fyrirskipa, að ferðamenn hefðu vegabréf, ef orðið „vegabréf“ væri strikað út úr 2. gr. frv., eins og gert var. Til þess að ráða bót á þessu, þá hefir allshn. komið fram með brtt. á þskj. 140, þar sem það er tekið fram, að ráðh. sé heimilt að ákveða, hvort og hvenær ferðamenn skuli hafa vegabréf. N. væntir þess fastlega, að allir hv. dm. geti sætt sig við brtt. þessa og samþ. hana.

ATKVGR.
Brtt. 140 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 141).
Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 194).

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Frv. þetta er flutt í Ed. og samkv. ósk hæstv. dómsmrh. Var því breytt í d., þó ekki mikið. Allshn. þessarar d. hefir athugað frv. og leggur með því, að það nái fram að ganga svo að segja óbreytt. Aðeins er ein lítil brtt. við 5. gr., að í stað orðanna „flytur úr einu lögsagnarumdæmi í annað“ komi „skiptir um bústað,“ þegar um tilkynningu til lögreglustjóra er að ræða. — Yfirleitt er tilgangur þessa frv. að skerpa eftirlitið með útlendingum, en því hefir verið ábótavant.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 194 samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
6.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 210).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 210).
Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 258).

---

14. Vinnumiðlun.

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun (þmfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þetta litla frv. þarf ekki mikilla útskýringa við. Grg. frv., þó ekki sé löng, skýrir, hver er tilgangur þess, sem er sá, að vinnumiðlunarskrifstofurnar geti haft sem bezt gögn við höndina til þess að geta gefið upp sem ábyggilegastar upplýsingar um atvinnuháttu og atvinnuleysi verkamanna, sem þangað leita. Það hefir verið nokkur skortur á því, að nægileg gögn væru fyrir hendi, sérstaklega á vinnumiðlunarskrifstofunni hér í bænum, til þessara hluta. Og það er tilætlunin með þessu frv. að bæta úr því, þar sem það er lagt til, að atvinnurekendur, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, láti vinnumiðlunarskrifstofunum í té afrit af kaupgjaldsskrám sínum vikulega. Með þessu móti mundu vinnumiðlunarskrifstofurnar geta fengið allgott yfirlit yfir vinnu verkamanna. Hinsvegar er það tiltölulega fyrirhafnarlitið og kostnaðarlitið fyrir atvinnurekendur að láta slík afrit af höndum, því viðast hvar hér í bænum mun það vera svo, að þessar kaupgjaldsskrár eru vélritaðar á þar til gerð eyðublöð, og er það þá lítil fyrirhöfn að bæta við einu afriti, sem síðar sendist vinnumiðlunarskrifstofunni. Mér er og kunnugt um það, að a. m. k. sumir atvinnurekendur hér í bæ, sem eru í Vinnuveitendafélagi Íslands, munu senda skrifstofu þess slíkt afrit af kaupgjaldsskrám sínum, og ætti þá að vera lítil aukin fyrirhöfn, þó bætt sé við einu afriti til þess að senda vinnumiðlunarskrifstofunni til þess að vinna úr. Ég veit, að þetta mundi verða nokkur aukin vinna hjá vinnumiðlunarskrifstofunum, að vinna úr þessum skrám, en til þess eru þær stofnaðar, að þær geti gefið sem nánastar upplýsingar um þessi efni. Hér í Rvík er skráning atvinnulausra manna hagað þannig á vinnumiðlunarskrifstofunni, að menn eru skráðir þar eftir því, sem þeir gefa sig fram og gefa upplýsingar um. Skrifstofan hefir ekki annað á að byggja en upplýsingar verkamannanna sjálfra og getur ekki á annan hátt fengið fyllri upplýsingar. Ef verkamenn koma ekki aftur innan viku til þess að láta skrá sig atvinnulausa áfram, þá eru þeir strikaðir út af atvinnuleysisskrá. Það mundi því gera skráninguna auðveldari og réttari, ef þessar kaupgjaldsskrár eru við höndina til þess að vinna úr. Og ég ætla, að það mundi vera allmikill fengur fyrir bæjarstjórn Rvíkur, sem hefir með höndum þessi mál, hvað snertir atvinnubóta-

vinnu, að eiga það nokkurn veginn víst af svo fullkomnum gögnum sem hægt er að fá, að skráning atvinnulausra manna væri rétt og ábyggileg. — Framkvæmdarstjóri vinnumiðlunarskrifstofunnar hér í bænum hefir eindregið óskað eftir því, að þetta væri gert.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 130).

***Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Allshn. hefir athugað þetta frv. og ber fram við það nokkrar brtt., sem hún leggur til, að samþ. verði ásamt frumvarpinu.

Brtt. þessar eru við 1. gr., að í stað orðsins „vikulega" komi: eigi sjaldnar en mánaðarlega. Það er að vísu ekki hægt að fylgjast eins fljótt með því fyrir vinnumiðlunarskrifstofuna, ef eitthvað kann að vera ábótavant við kaupgreiðslur atvinnufyrirtækja fyrir þessa breytingu, en þó er hægurinn hjá að finna það jafnan eftir á, ef eitthvað hefir miður farið í þeim efnum. Þá leggur n. til, að aftan við 1. gr. komi ný málsgrein á þessa leið: „Vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að fengnum till. frá Vinnuveitendafélagi Íslands, láta útbúa form fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis". Af þessu ætti ekki að þurfa að verða mikill kostnaður, en n. þótti eðlilegt, að form þessi væru lögð til ókeypis og að skýrslurnar væru eins frá öllum atvinnurekendum.

Þá er loks lagt til, að lögin gangi ekki í gildi fyrr en 1. júlí. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða um frv. eða brtt. Frv. er flutt til þess, eða á að stefna að því, að gera vinnumiðlunarskrifstofum auðveldara fyrir að fylgjast með atvinnurekstrinum í landinu og sömuleiðis því, hvernig atvinnan skiptist milli verkamannanna.

ATKVGR.
Brtt. 130,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 130,2 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (146, 145).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 145 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 159).

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 159, n. 225).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta mál hefir legið fyrir allshn. þessarar d., og er þangað komið frá Nd. Eins og nál. greinir, hefir n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir. Efni frv. er í 1. gr. þess, og skýrir hún sig sjálf. Það hefir komið í ljós, að vinnumiðlunarskrifstofum er nauðsyn á því að geta gert grein fyrir því, hvaða verkamenn vinna hjá einstökum atvinnurekendum og hverjar eru tekjur þeirra, svo að þær geti úthlutað vinnunni sem réttlátlegast. N. hefir orðið sammála um nauðsyn frv. Þó hefir hún lagt til, að upplýsingar þessar verði ekki gefnar nema mánaðarlega, í stað þess, að í upphafi var ætlazt til vikulegra upplýsinga. Að öðru leyti sá allshn. sér ekki fært að gera breytingar á frv., og telur hún það til bóta frá því, sem nú er. Með þessu frv. ættu að vera tryggðar upplýsingar, sem ættu að geta verið hjálp við réttlátа úthlutun vinnu. Vænti ég þess, að hv. d. fallist á till. n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 265).

---

15. Prestsmötusala.

Á 10. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 38 27. júní 1925 [Sala á prestsmötu] (þmfrv., A. 60).

Á 12. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi. Það var upphaflega borið fram í nokkuð annari mynd, en var í meðförum n. breytt í svipað horf eins og það nú er í. Okkur virðist sú breyting á verði prestsmötu, sem gerð er með því að kapitalisera hana með 8% í stað-

inn fyrir 5%, nokkuð svipuð því, sem við hugsuðum okkur upphaflega með frv. í fyrra, en með því þetta er einfaldara og minni röskun á eldri lagaákvæðum, varð samkomuleg um að breyta frv. í það horf. Fyrir eitthvert óskiljanlegt athugunarleysi hjá okkur í n. dagaði málið upp í fyrra, en nú flytur n. það eins og hún hafði gengið frá því.

Einnig gerðum við þá breyt. að láta verðlækkunina á prestsmötukvöðinni ná til þeirra, sem keypt hafa prestsmötu á síðustu árum og fengið gjaldfrest samkvæmt ákvæðum eldri laga, sem mun hafa verið 10 ára afborganir. Er ætlazt til, að *sá hluti prestsmötunnar, sem er ógreiddur*, komi undir ákvæði þessara l. og lækki þannig um ⅗ hluta. Þetta verð á prestsmötunni, sem ákveðið er í frv., er miðað við það verð, sem nú er á kúgildunum, sem prestsmatan er reiknuð af, og þannig í fullu samræmi við verðlagið í landinu. Vænti ég, að hv. d. taki máli þessu vel og að það fái skjóta afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 60).
Á 19. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 230).

Frsm. (Páll Hermannsson): Á mörgum jörðum í þessu landi hefir hvílt sú kvöð, sem kölluð er prestsmata. Með lögum nr. 38 frá 27. júní 1925 var jarðeigendum heimilað að kaupa af sér þessa kvöð. En þeim ákvæðum, sem um það fjalla, er snertir verðlag á þessari kvöð, er þannig háttað, að verðlagið er langt fyrir ofan það, sem getur kallazt eðlilegt. Þetta frv. felur í sér að lækka verð prestsmötunnar um ⅜ verðs, ef bændur vilja kaupa hana af jörðum sínum. Það eru enn margar jarðir, sem þessi kvöð hvílir á; samkv. skýrslu frá biskupi landsins eru þær 77, og þau kúgildi, sem hvíla á þessum 77 jörðum, eru samkv. sömu skýrslu 651½. Það má ganga út frá því, að þeir, sem jarðirnar eiga, reyni eftir megni að kaupa af þeim þessa kvöð, ef það er fáanlegt fyrir viðunanlegt verð. Sú leiga, sem hefir verið tekin fyrir þessi kúgildi, hefir oft verið svo há, að það gengur okri næst.

Þetta mál hefir verið afgr. í hv. Nd., og landbn. mælir með því, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 270).

16. Herpinótaveiði.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. um samþykktir um herpinótaveiði (þmfrv., A. 150).

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Finnur Jónsson): Sjútvn. hefir borizt áskorun frá fiskiþinginu um að afnema þau lög, sem ræðir um í 1. gr. þessa frv., og sjútvn. hefir orðið við þessari áskorun af því, sem segir í grg., að lög þau, sem hér um ræðir, eru fyrir löngu orðin dauður bókstafur. Að vísu var einhverntíma samþ. að banna herpinótaveiði á Skagafirði, en sú samþykkt er nú fallin, þar sem hún er orðin meira en 10 ára gömul og hefir aldrei verið endurnýjuð. Það er líka vitað, að Skagfirðingum er það áhugamál, að veitt sé þar á firðinum sem mest af síld í herpinót, en sú veiði sé ekki heft, þar sem nú hefir verið sett upp söltunarstöð á Sauðárkróki. Í Eyjafirði hafa þessi lög aldrei verið notuð. Á Húnaflóa hafa verið bönnuð stór svæði, og er svo að vísu enn, að nafninu til; en það er algerlega hætt að fara eftir því, og ég veit ekki til, að yfir því hafi verið kært, enda er það viðurkennt, að herpinótaveiði spilli ekki annari veiði. — Það er þess vegna ekki um annað að ræða með frv. en

að afmá dauðan lagabókstaf til hagsbóta fyrir almenning. Sjútvn. hefir því leyft sér með þessu frv. að leggja til, að lög þessi verði afnumin.

Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 150).

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 150, n. 253).

Sigurjón Á. Ólafsson: Frsm. þessa máls, hv. þm. N.-Ísf., er ekki viðstaddur, svo ég vil fara um það örfáum orðum. Frv. er komið frá hv. Nd., og var flutt þar af sjútvn., og fer fram á að nema úr gildi l. um samþykktir um herpinótaveiði.

Reynslan hefir verið, að eftir þessum samþykktum og lögum hefir ekki verið farið. Menn hafa veitt síldina þar, sem þeir hafa séð hana vaða, og þeir, sem hafa haft kærurétt, hafa ekki notað hann. Lögin eru ekki notuð og eru orðin úrelt og dauður bókstafur. Sú skoðun er almennt ríkjandi, að þau beri að fella úr gildi og hafa engar lagahömlur gegn því, að innlendir menn megi taka síldina þar, sem hún næst.

N. hefir athugað frv. og leggur til, að það sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 286).

---

17. Þingsköp Alþingis.

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum (þmfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*__Flm. (Jörundur Brynjólfsson):__ Frv. þetta er samhljóða frv., sem ég flutti á síðasta þingi hér í þessari hv. d. og þá komst til 2. umr. Það komu þá þegar fram óskir um það, að stjórnmálaflokkarnir reyndu að semja sín á milli um þau atriði, sem í frv. felast og skiptar skoðanir eru um. Bjóst ég því satt að segja við, að tíminn á milli þinganna hefði verið notaður til þessara hluta, en nú hefi ég heyrt, að svo muni ekki hafa verið, og að um málið hafi ekkert frekar verið rætt, og tel ég það verr farið.

Hvað málið snertir, þá vildi ég gjarnan, að um það mætti nást samkomulag, þó vitanlega þannig, að auðveldara yrði hér eftir um afgreiðslu mála í þinginu en oft hefir viljað verða að undanförnu.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta á þessu stigi; það er í sama búningi og á síðasta þingi, en þá gerði ég ýtarlega grein fyrir því.

Að umræðunni lokinni legg ég til, að frv. verði vísað til allshn.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Ég skal ekki lengja mikið störf þingsins með umr. um frv. þetta nú. Mér hafði skilizt svo í fyrra, þá er mál þetta var hér til umr. í hv. d., að samkomulag hefði orðið um það, að flokkarnir kysu 1 eða 2 menn hver til þess að vinna að máli þessu og reyna að finna þá lausn á því, sem við mætti una. Að minnsta kosti kaus Sjálfstfl. mann af sinni hálfu í þessu skyni. Mér þykir því leitt, að þeir, sem kosnir voru til þess að fjalla um málið, skulu ekkert hafa látið til sín heyra. Að sjálfsögðu skiptir þetta atriði út af fyrir sig ekki miklu máli, ef nú yrði hægt að finna viðunandi lausn á því, eins og t. d. að fella niður þau ákvæði frv., sem jafnvel kynnu að brjóta í bága við stjskr., sem ekki virðist útilokað, að finna megi í frv.

Annars er mér ekki grunlaust um, að framkoma frv. þessa sé í beinu framhaldi af skrif-

um og ræðum hæstv. forsrh., þar sem hann hefir haldið því fram, að eins og þingsköpin séu nú, þá hafi andstöðuflokkar núv. stj. notað þau til þess að tefja um of störf þingsins og eyðileggja framgang ýmsra mála. En þetta er vitanlega alveg út í loftið, því að ég veit ekki be'ur en að þau þing, sem núv. stjórnarflokkar hafa haft aðstöðu til að ráða að öllu leyti, hafi verið mun lengri en flest önnur þing; þannig var t. d. þingið 1935 lengsta þing, sem haldið hefir verið. Það sem því fyrir stjórnarflokkunum vakir með frv. þessu er að reyna að útiloka öll áhrif andstöðuflokkanna úr þinginu. Lengd þingtímans fer ekki nema að litlu leyti eftir því, hvert ræður þm. eru svo og svo mikið takmarkaðar, heldur miðast hann að mestu við afgreiðslu fjárlaganna; þetta sést bezt á því, að nær öllum þingum er svo að segja nær strax slitið, þegar fjárlögin hafa verið afgr. frá þinginu.

Það eina, sem kasta mætti fram til stuðnings því, að þingsköp þau, er nú gilda, hefðu yfirleitt áhrif á lengd þingtímans, væri helzt það, að þau hefðu áhrif á störf fjvn., þannig að þau á einn eða annan hátt tefðu störf hennar. En nú er þessu alls ekki til að dreifa. Fjvn. hefir alveg fastan fundartíma, sem þingfundir eru aldrei látnir ganga neitt inn á. Breyting á þingsköpunum myndi því á engan hátt hafa áhrif á störf hennar. Að mínu áliti er því aðeins hér um blekkingu að ræða, þegar verið er að reyna að telja kjósendum trú um, að þingtíminn muni styttast og þingin verða ódýrari, ef ný þingsköp yrðu sett. Reynslan mun fá bezt úr þessu skorið, og ég er viss um, að hún verður á þá leið, sem ég nú hefi lýst. Ég þarf a. m. k. að fá sterkari rök en enn hafa komið fram fyrir því, að störf fjvn. minnki við það, að umr. séu takmarkaðar frá því, sem er, og rök fyrir því einnig, að þingtíminn þurfi ekki í framtíðinni að takmarkast við afgreiðslu fjárlaganna.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég átti sæti í allshn. á síðastl. þingi, er þingskapafrv. var hjá þeirri n., og ég kannast ekki við, að nokkurt samkomulag hafi þar átt sér stað í n. um það að skipa sérstaka n. til þess að athuga það mál. Að minnsta kosti hefir ekkert slíkt samkomulag verið gert af hálfu stjórnarflokkanna við Sjálfstfl., því það er kunnugt um alla hv. þm. þess flokks, að þeir eru á móti frv. Þeir menn hafa staðið fyrir málþófinu hér á Alþingi á undanförnum þingum, og þeir vilja allir auka það málþóf, en ekki minnka. Það er því hart að heyra þessa menn vera að tala um, að óþarft sé að takmarka umr., og hefir sá hv. þm., sem síðast talaði, sízt aðstöðu til þess að tala svo, því það er kunnugt, að hann einn hefir með sínu óþarfa málþófi lengt hvert þing a. m. k. um 2 vikur. Hann var að tala um það, að fjárlögin afmörkuðu lengd þingsins. Hann ætti þó að vita, að ef þingið hefði ekki önnur mál til meðferðar en fjárlögin, þá mundi það verða styttra. Hann ætti einnig að skilja það, þegar málþófið stendur dag eftir dag fram á kvöld, að þá tapast tími á eftirmiðdögunum fyrir n. þingsins til þess að vinna sín störf. Það er kunnugt, að Sjálfstfl. er mótfallinn öllu þingræði og lýðræði, og er því skiljanlegt, þó hann sé mótfallinn öllum endurbótum á þingræðinu, en við, sem viljum byggja á lýðræðinu, getum ekki unað við þá galla á þingræðinu, sem lagfæra á með þessu frv. Þess vegna munum við fylgja því til úrslita í fullri alvöru.

***Garðar Þorsteinsson:** Það er ekki von, að hv. 2. þm. Reykv. vilji kannast við það, að samkomulag hafi orðið um meðferð þessa frv. í allshn. á síðasta þingi. Eftir því, sem mig minnir, var þátttaka hans sem formanns n. í afgreiðslu frv. sú, að hann rauk inn á fundinn, s'engdi frv. á borðið og spurði, hvort n. væri með eða móti frv. Er aðrir nm. vildu lesa frv. og bera það saman við gildandi lög, sagði þessi hv. formaður: „Nei, atkvgr. skal fram fara, ég er með frv.“ Þannig var framkoma þessa ráðríkasta ofstopamanns þingsins í þessu máli. Þannig er framkoma hans alstaðar. Það er kunnugt, að hann flæmdist úr formannssæti Dagsbrúnar af þessum ástæðum. Hann ber í borðið og hótar, það er hans aðferð. Hv. þm. þekkja það, hvernig hann hagar sér hér í þinginu. Undir atkvgr. gengur hann milli sinna manna og hótar þeim, ef þeir ekki greiði atkv. eins og hann vill; getur hv. þm. Mýr. sjálfsagt borið vitni um slíkt framferði þessa hv. þm. Hann hefir hótað hv. þm. Mýr., að hann skyldi rétt fá fyrir ferðina, ef hann ekki greiddi atkv. í vissu máli eins og hv. 2. þm. Reykv. vildi vera láta. Svo er þessi hv. þm. að kenna sig við lýðræði. Hann veit vel, að samkomulag varð á síðasta þingi milli flokkanna að kjósa sérstaka n. til þess að athuga málið, þó hann kannist ekki við það nú. Og ég veit ekki betur en hv. fyrri þm. Skagf. hafi af hálfu Sjálfstfl. verið skipaður í þá n. og hv. þm. S.-Þ. af hálfu Framsfl. Það er vitað, að við hv. 2. þm. Reykv. þýðir ekkert að tala um samkomulag í málum, hann neitar jafnan öllu samkomulagi, en hv. 2. þm. Árn., flm. frv., játaði þó, að þetta samkomulag hefði átt sér stað. Það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þó frv. fari til hv. allshn. Það er fyrir fram vitað, hvernig afgreiðslu það fær þar. Form. fleygir því á borðið og heimtar atkvgr., neitar að lesa það og bera saman við gildandi l. Ég geri ráð fyrir því, að honum sé sama, hvort það verður afgr. með samkomulagi við Sjálfstfl. eða ekki. Ég veit ekki til, að hann hafi nokkru sinni hirt um samkomulag í einu einasta máli á þingi, ég veit ekki betur en hann hafi í hvert skipti glaðzt yfir því, ef honum hefir tekizt að eyðileggja samkomulagstilraunir um mál. Ég veit ekki betur en sú væri reynslan um verkamannabústaðina á sínum tíma, er hv. þm. Barð. kom með till. í því máli, er fór bil beggja milli till. Sjálfstfl. og Alþfl. Því hvernig fór með þá till.? Hv. þm. getur sjálfsagt upplýst það, hvernig hv. þm. Barð. varð vegna samþykktar í sínum flokki og samninga þess flokks við Alþfl. að ganga gegn sinni eigin till. Það þarf því engan að undra, þó hótanir heyrist frá hv. 2. þm. Reykv., en við sjálfstæðismenn munum ekki kikna fyrir slíkum hótunum, við munum alls ekki koma neinn bónarveg til hans í þeim efnum. — Hv. þm. sagði, að ég

hefði lengt síðustu þing um 2 vikur. Ég get verið stoltur af því, ef það er satt, — stoltur yfir því, að hann hefir þó ekki meira vald en það innan sinna flokka, að hann getur ekki hindrað mig í því að starfa að málum þjóðarinnar hér á Alþingi. Það er blátt áfram hlægilegt að heyra því haldið fram, að afgreiðsla fjárl. fari eftir því, hvernig gengur með afgreiðslu annara mála í þinginu. Hv. þm. veit það vel, að þegar líður að afgreiðslu fjárlaganna á hverju þingi, er þeim málum frestað til næsta þings, sem eru það skammt komin áleiðis, að sýnilegt er, að þau verði ekki afgr. jafnsnemma fjárl., því þegar fjárlögin eru afgr., er þingi jafnan slitið. Hann veit það eins vel og aðrir, að málþóf það, er hann kallar svo, getur ekki haft önnur áhrif á störf þingsins en þau, að meira starf er framkvæmt á hverjum degi en annars mundi verða gert, en það fjölgar alls ekki dögum þingsins. Ég veit, að hv. þm. þykir það leiðinlegt, en við það verður hann þó að sætta sig, að með þessum einföldu rökum eru slegnar niður þær sífelldu blekkingar, sem Alþfl. og Framsfl. hafa farið með í þessu máli. Ef hann hinsvegar vildi í alvöru vinna að því að stytta þingið, þá ætti hann að skjóta geiri sínum til samstarfsmanns síns, hv. þm. S.-Þ., sem verið hefir form. fjvn. og mestu hefir getað ráðið um lengd þingsins.

***Héðinn Valdimarsson:** Það hefir áreiðanlega eitthvað ruglazt til í kollinum á þeim hv. þm., sem nú var rétt að setjast. (**GÞ:** Ég settist ekki, ég stend ennþá). Jæja, sem síðast talaði.

Það var víst fyrir 2 árum, sem byrjað var að tala um að breyta þingsköpunum í þeim tilgangi að stytta þingtímann, og þá mun hafa verið skipuð n. til þess að athuga það mál, en vegna þess að sú n. hefir aldrei starfað neitt, en málþóf sjálfstæðismanna hefir fremur aukizt en minnkað, var það ráð tekið af þeim mönnum, sem áhuga höfðu fyrir málinu, að bera fram þetta frv. En að kosin hafi verið n. á síðasta þingi til að athuga málið, er mér með öllu ókunnugt um. (**GÞ:** Hvað viðurkenndi þó ekki hæstv. forseti áðan?). Það hlýtur að vera einhver misskilningur. Viðvíkjandi samstarfi við sjálfstæðismenn, þá er það mín reynsla, að það hafi jafnan gefizt illa, og ætið verið til ógagns, ef reynt hefir verið. Það á ekki að reyna samstarf við þann flokk, það þarf ekki annað en benda á framkomu fulltrúa þess flokks í utanrmn. til þess að sanna það. Við slíkan flokk er ekki annað að gera en að halda honum sem mest niðri og leyfa honum ekki að vaða uppi. Þó þeim sé eitthvað lofað að tala, þá dugar ekki, að það sé ótakmarkað. Auðvitað er það eins og hver önnur vitleysa, sem hv. þm. hélt fram, að það tefði ekki eða lengdi þingið, að mikið væri talað. Eins og allir vita, eru þó aldrei nema 24 tímar í hverjum sólarhring, og liggur í augum uppi, að það hlýtur að hafa áhrif á störf þingsins, hve margir tímar á hverjum degi fara í umr. Slík rök og þau, að lengd umr. hafi engin áhrif á lengd þingsins, sýna aðeins að Sjálfstfl. er á móti því, að fyrirkomulag þingsins og störf séu bætt, og vill ekki lúta eðlilegum þingræðisreglum. — Hv. þm. var að tala um, að ég hefði hrökklazt úr stjórn Dagsbrúnar, en þetta er alrangt, eins og annað hjá þessum hv. þm., því að ég var einu sinni ekki í kjöri við síðustu stjórnarkosningu. En hv. þm. ætti að minnast þess, hve mikið fylgi hans flokkur hafði við þá kosningu. Sjálfstfl. gekk þar í kosningabandalag við kommúnista, og þeir höfðu til samans 10% atkv.

Ég vil ekki leggja mig í það að svara því, sem hv. þm. þóttist vera að upplýsa frá nefndarfundum. Það, sem sagt er á lokuðum fundum, er ekki hægt að sanna, nema með vitnaleiðslum, og læt ég því eins og vind um eyru þjóta hans ómerkilega kjaftæði.

***Jakob Möller:** Ég vil beina athygli hv. þdm. að þeim galla á frv., er það var flutt á síðasta þingi, og ég benti á, að frv. fæli í sér ákvæði, sem væru greinilegt brot á stjórnarskránni. Þetta stóð óhrakið þá, og stendur það enn, enda óhrekjanlegt. Ég ætla ekki að rifja upp rökin fyrir því að þessu sinni, því tækifæri mun gefast til að gera það nánar síðar. En þetta er einmitt augljósasta sönnunin fyrir því, að það er allt annað, sem vakir fyrir stjórnarflokkunum með þessu frv., en það að vernda þingræðið, því það liggur í augum uppi, að aðferðin til þess að vernda þingræðið er ekki sú að fótum troða stjórnarskrána. Það er augljóst, að allt annað liggur á bak við, þó það hafi ekki verið opinberlega játað fyrr en í síðustu ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði þar, að ekki kæmi til mála að hafa samvinnu við andstöðuflokka stjórnarinnar um þingmálin, við þá flokka væri ekki annað að gera en reyna að halda þeim niðri. Þetta er nú andi þeirra manna, sem telja sig forvígismenn lýðræðisins, og það er alveg augljóst, að það er hinn sami einræðis- og ofbeldisandi og ríkir í þeim löndum, þar sem einræðisstefnan hefir náð hámarki sínu. Þar er það takmarkið að halda andstæðingunum niðri, jafnvel að banna þeim að vera til. Þetta er því byrjun stjórnarflokkanna til þess að ná hér algerðu einræði, það á að byrja á því að banna andstæðingunum málfrelsi, og halda síðan áfram eins og hæstv. forsrh. boðaði í sínum nýársboðskap. Það á ekki að láta staðar numið með það að svipta þm. málfrelsi, næsta sporið á að verða að hefta ræðu- og ritfrelsi manna utan þings. Þetta er í samræmi við það, sem annar stjórnarfl. hefir lýst yfir, að hann ætli að beita sér fyrir, en það er að herða mjög á hegningarákvæðum laganna gagnvart opinberum skrifum um landsmál. Það á að þvinga refsingar við því, að ráðizt sé eða deilt á stjórnarvöldin fyrir það, hvernig þau stjórna landinu. Ég hefi engar yfirlýsingar séð frá jafnaðarmönnum um það, hvernig þeir taka þessum boðskap hæstv. ráðh., en það er kunnugt, að sá flokkur hefir í nálægum löndum einmitt átt drýgstan þátt í því að milda slík refsiákvæði og koma því til leiðar, að leyfðar væru yfirleitt opinberar umr. um mál þjóðanna, án þess að yfir mönnum vofði fangelsanir og pyndingar, þó ekki verði sannað hver stafur af því, sem skrifað væri. Það er vitanlega hægt að færa rök að því, að mönnum eigi ekki að haldast uppi með að fara með vísvitandi róg um stjórnarvöldin á hverjum

tíma, en ákvæði um þetta efni er vitanlega hægt að hafa svo ströng, að í skjóli þeirra megi bæla gersamlega niður alla andstöðu gegn ríkjandi stj. Tilgangurinn bak við allt þetta er hjá stjórnarflokkunum enginn annar en sá að bæla gersamlega niður alla opinbera gagnrýni á núv. stjórnarflokka, og er sú lýðræðisstefna þessara flokka ákaflega ólík slíkum stefnum í öðrum löndum, því hún er gersamlega eins og einræðisstefnan í öðrum löndum, og það er athyglisvert, að það eru einmitt stjórnarfl., en ekki andstæðingar þeirra, sem fylgja þessari einræðisstefnu. Þetta frv. er fyrsti angi einræðisins, en stjórnarfl. ætla að færa sig upp á skaftið, því að þeir ætla blátt áfram að banna alla opinbera gagnrýni.

Hv. 2. þm. Reykv. er oft óheppinn í ræðum sínum; þess vegna er það skiljanlegt, að hann af persónulegum ástæðum vilji gjarnan láta takmarka umr. á Alþingi. Það var ekki það eina, sem hann sagði, að það þyrfti að halda stjórnarandstæðingum niðri. Hann sagði annað síðar í ræðu sinni, sem ekki var síður óheppilegt fyrir hans málstað og hverjum manni hlýtur að vera ljóst, að voru rök gegn því, sem hann vildi halda fram. Hann sagði, að Sjálfstfl. væri á móti því að hlíta venjum og reglum þingsins. En hvernig stendur þá á því, að stjórnarflokkarnir skuli nú vera að bera fram frv. um það að breyta þessum reglum? Sýnir það ekki einmitt, að það eru þessir flokkar, en ekki Sjálfstfl., sem ekki vilja hlíta þingreglum. — Hv. samþm. mínum, 2. þm. Reykv., hefir orðið það á að undirstrika hvað eftir annað það, sem lá á bak við þetta frv., en ekki átti að segja frá, en það er einræðishugur og ofbeldisstefna stjórnarflokkanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, 56, n. 101).

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Eins og sést á nál. á þskj. 101, hefir öll allshn. komið sér saman um að bera fram nokkrar brtt. við frv., en leggur að öðru leyti til, að meginákvæði þess verði samþ.

Þess ber fyrst að geta, að frv. hefir að geyma nokkrar leiðréttingar á ívitnunum í stjórnarskrána, sem leiðir af því, að stjórnarskránni hefir verið breytt, eftir að þingsköp voru samþ., og við það hafa ívitnanirnar raskazt, og er ekki nema sjálfsagt, að það sé leiðrétt, enda hefir engin deila um það staðið í n., og ekki heldur, svo ég viti, þegar frv. var til meðferðar á síðasta þingi. N. hefir farið allrækilega yfir núgildandi þingsköp í sambandi við frv. og leyft sér að gera nokkrar brtt. við frv., sem allflestar eru smáleiðréttingar, sem fallið hafa niður. Þannig er um þá brtt., að fella niður tilvitnun um varamann ráðh., sem er frá þeim tíma, þegar ráðh. var einn. Í frv. er ætlazt til, að þetta sé afnumið, en hefir sézt yfir það á tveimur stöðum, og um þetta er 9. og 13. brtt. á þskj. 101. — Sömuleiðis flytur n. brtt. við 1. gr. frv., þar sem talað er um rannsókn á kjörbréfum þm.; hefir n. lagt til, að bætt verði þar við orðunum: „og varamanna.“ Eins og vitað er, eiga bæði landsk. þm. og þm. Reykv. varamenn, og geta kjörbréf þeirra vel komið til athugunar á Alþingi.

Sömuleiðis leggur n. til, að á eftir 2. gr. komi ný gr. þess efnis, að á eftir orðunum „kærur yfir kosningum“ í fyrri málsgr. 4. gr. l. komi: „eða kjörgengi“. Getur að sjálfsögðu eins komið fyrir, að vafi leiki á, hvort maður sé kjörgengur og hafi rétt til þingsetu, og það leitt til kærumála.

Þá hefir n. tekið upp að mestu leyti þær brtt., sem hv. þm. Snæf. flutti um haustið 1934 um skipun Ed., en þar var lagt til, að í Sþ. skuli þeir flokkar, sem sæti eiga á þingi, velja menn til Ed. í réttu hlutfalli við flokksstyrk sinn í Sþ., en n. hefir skotið því nýju hér inn, sem ekki var í brtt. hv. þm. Snæf., að ef einhver flokkur skýtur sér undan þeirri skyldu að velja menn til Ed., þá skuli forseti Sþ. tilnefna mennina fyrir flokksins hönd. N. var öll sammála um að leggja til, að þessi brtt. yrði samþ., því þess er að sjálfsögðu full nauðsyn, að Ed. sé skipuð í réttu hlutfalli við skipun flokka á Alþingi á hverjum tíma, því að öðrum kosti gæti farið svo, að alvarlegir árekstrar yrðu milli d., sem stafaði eingöngu af misskiptingu flokkanna í d., en ekki af eðlilegri afstöðu flokkanna, og væri það mesta óhagræði fyrir þingstörfin. Í áframhaldi þessa má geta um 6. brtt. n. á þskj. 101, sem líka er tekin óbreytt úr brtt. hv. þm. Snæf. á haustþinginu 1934. Er hún um það, að ef sæti Ed. þm. losnar og annar maður er kosinn í hans stað, þá tilnefni sá þingflokkur, sem sætið hafði, einn mann úr sínum flokki til Ed. Áður gilti það ákvæði, að Sþ. kysi mann í slíkt sæti, en við það gæti hlutfallið í d. raskazt, en það væri jafnóeðlilegt og óhagstætt eins og þótt hlutfallið hefði verið rangt í upphafi. N. telur þessa brtt. til bóta og miða að því að halda réttu hlutfalli á milli flokkanna í deildum.

4. till. n. er ekki annað en vísbending um, að ef þingflokkarnir kæmu sér saman um það, þá gætu þeir skipað sér í sæti án þess að draga. N. vildi ekki gera till. um að lögbjóða það, að skipa sæti eftir flokkum, en vildi hinsvegar láta vera opna leið í þingsköpunum til þess að hafa þá skipun. Ég vil aðeins bæta því við sem minni persónulegu skoðun, að ég álít, að heppilegt væri að skipa sæti eftir flokkum, en að dráttur væri ekki framkvæmdur. Þetta hefir verið gert í hv. Ed. nú á síðustu þingum, en í þessari hv. d. hefir dráttur verið látinn ráða að svo miklu leyti, sem hrossakaup hafa ekki ráðið á eftir. — Þetta er aðeins vísbending til þingflokkanna, að þeim sé heimilt að skipa í sæti á þennan hátt, ef þeir kjósa þá aðferð.

5. brtt. á þskj. 101 er aðeins orðabreyt. eða leiðrétting, því það má vel hugsa sér, að sama Alþingi sitji fleiri en eitt almanaksár. Vel gæti farið svo, að þing hefði ekki verið kvatt saman fyrr á ári en svo, að það hefði ekki lokið störfum fyrir áramót, og héldi áfram á næsta ári. Í þingsköpum hefir að þessu verið gert ráð fyrir, að sama þingið sitji á einu og sama ári, en þessi orðabreyting er gerð vegna þess mögu-

leika, sem er til þess, að sama þingið sitji á fleirum en einu almanaksári.

Í 7. brtt. er gert ráð fyrir 7 varamönnum í utanrmn., og höfum við í n. tekið þessa einu n. út úr sakir þess, að hún starfar á milli þinga, eins og alkunna er; en vel má búast við, að einhverjir nm. geti orðið forfallaðir, og ráðuneytið geti ekki kallað nógu marga þeirra á fund, og sýnist því nauðsyn, að þá sé hægt að kalla aðra í stað þeirra, sem forfallaðir eru.

Þá er með 8. brtt. gerð smá málfarsbreyt. og lagt til, að í stað orðanna: „alþjóðlegt málefni" komi orðið: „landsmál", og þykir n. það eiga betur við.

Ég hefi þá getið helztu brtt. Þær eru ekki mikilvægar og valda væntanlega ekki miklum ágreiningi, enda hefir n. orðið fyllilega sammála um þær.

Vik ég þá að þeim tveimur atriðum, sem hafa í sér fólgna mestu breyt. og mest er um deilt. Annað ákvæðið er um styttingu ræðutímans, en hitt atriðið er reglur um greiðslu atkv. á Alþingi. Fyrra atriðið, um heimild til að takmarka ræðutíma, er það, sem 16. gr. fjallar um. Hefir orðið samkomulag um það á milli allra nm. og í samræmi við það flytjum við brtt. 11 á þskj. 101. Er hún öðruvísi orðuð en frvgr. og breytir efni hennar að nokkru.

Í frv. er gert ráð fyrir, að forseti og þm. megi leggja til, að umr. í ákveðnum málum sé lokið eftir ákveðinn tíma, en umr. standi þá ei skemur en tvær klst. Þetta átti að vera gert samkv. till. forseta eða ákveðins fjölda þm. í Ed., Nd. eða í Sþ. N. hefir fyrst og fremst lagt til, að því ákvæði yrði bætt inn í gr., að forseti geti úrskurðað, að ræðutími hvers þm. skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, þ. e. a. s., ef umræður dragast úr hófi fram; þetta er nýmæli í þingsköpum Alþingis, en hér er samt ekki um nýmæli að ræða frá almennu sjónarmiði séð, því að það er kunnugt, að það er mjög algengt hæði í félögum og á fundum almennt, að fundarstjóri tiltekur ákveðinn stuttan ræðutíma, ef sýnt þykir, að örðugt verði að ljúka umr. á fundinum, ef ræðutíminn er ótakmarkaður. N. telur, að þetta atriði gæti orðið til mikilla hagsbóta við umr. á Alþingi, því að þegar það hefir komið í ljós, að umr. ætla að verða mjög langar og margir taka til máls, en málið hefir hinsvegar þegar verið skýrt með ræðu frsm., þá væri í rauninni eðlilegast, að forseti fengi heimild til þess að ákveða, að þar á eftir skuli enginn þm. fá að tala nema tiltekinn tíma, þannig að ræðutími hvers þm. yrði styttur frá því, sem hann var fyrst, en vitanlega yrði engum þm. meinað að taka til máls, ef hann héldi sér innan þeirra tímatakmarka, sem forseti hefir úrskurðað. Með þessu móti fæst meiri tilbreyting í umr., en hinsvegar fá allir þm. nægan ræðutíma til þess að rökstyðja sín mál og svara því, sem þeim þykir ástæða til að svara, því að gera verður ráð fyrir, að forsetinn, hver sem hann er, noti þessa heimild sína með varúð og skynsemi. Þessi regla tíðkast víða hjá erlendum þingum og hefir eftir því, sem ég bezt veit, gefizt mjög vel og orðið til þess, að umr. hafa orðið mjög skemmtilegar, fleiri þátttakendur, og snarpar, stuttar og skemmtilegar ræður í lok umr. Ég ætla því, að þessi breyting geti orðið til mikilla bóta, ef henni verður framfylgt af skynsemi og réttsýni af forsetum Alþingis, hverjir sem þeir eru, sem ekki þarf að draga í efa, að gert verði.

Í annan stað hefir n. komið sér saman um, að hinn almenni ræðutími, sem í 16. gr. frv. var ákveðið, að ekki mætti vera skemmri en tveir klukkutímar um hvert mál, skuli lengdur upp í þrjár klukkustundir; um þetta varð samkomulag, svo að ekki þyrfti að verða neinn ágreiningur í þessu efni, því að vitanlega er það aðalatriðið, að gerðar séu einhverjar ráðstafanir, sem á almennan hátt takmarki mjög langdregnar ræður. Í 16. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðh. væru utan við þetta ákvæði, en það varð samkomulag í n. um það, að ráðh. skyldu einnig falla undir þetta ákvæði, af því að búast má við, að andstæðingar þeirra á hverjum tíma, sem er, þættust óréttí beittir, ef þeir hefðu bæði ráðh. utan við almennan ræðutíma og flokksmenn þeirra innan þessa tiltekna tímabils gegn sínum málefnum. Ég ætla, að þetta þurfi ekki að vera óhagræði fyrir ráðh. og þá flokka, sem styðja þá á hverjum tíma, sem er, því að ætla má, að ráðh. verði yfirleitt hlynntir því, að komið verði í veg fyrir óþarfar málalengingar eftir því, sem unnt er.

Hefi ég þá lýst 11. brtt. n., sem á við 16. gr. frv. og fjallar um takmörkun ræðutímans á Alþingi; er ég þá einnig búinn að lýsa öðrum helztu brtt., sem n. hefir orðið sammála um, en eins og sést á nál., hefir orðið ágreiningur innan n. um tvær gr. frv., þá 10. og 20., sem báðar fjalla um atkvgr. á þingi. Hv. minni hl. n., hv. 8. landsk. og hv. þm. Snæf., lögðu gegn þessum tveimur gr., af því að þeir telja, eins og fram er tekið í nál., að þær eigi ekki stoð í stjskr. Þetta atriði bar á góma á síðasta þingi, þegar þetta frv. var til umr., og við 2. umr. málsins hér í þessari hv. d. gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu okkar, sem fylgjum þessu máli og teljum, að þessar gr. brjóti ekki í bága við stjskr. á nokkurn hátt. Ég mun því að þessu sinni hafa umr. um þetta atriði mjög stuttar, en þó þykir mér rétt að drepa á aðeins örfá atriði, sem snerta þetta deilumál.

Í tveimur gr. stjskr., sem 10. og 20. gr. frv. vísa til, eru reglur um atkvgr. á Alþingi, í 40. gr. stjskr. er rætt um Sþ. og í 48. gr. um d. Í 40. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þm. úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt á atkvgr. — — —" Og í 48. gr. stendur: „Hvorug þd. getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur dm. manna sé á fundi og greiði þar atkv."

Nú vill hv. minni hl. allshn. halda því fram um þetta ágreiningsatriði, að það sé óheimilt í frv. að mæla svo fyrir, að þm., sem eru á fundi, en greiða ekki atkv. án lögmætra ástæðna, teljist taka þátt í atkvgr., og byggja þeir þessa skoðun sérstaklega á fyrirmælum 48. gr., sem segir, að meira en helmingur dm. þurfi að vera á fundi og greiða þar atkvæði, til þess að hægt sé að gera samþykkt um mál. Enda þótt ég hafi skýrt þetta ákvæði á síðasta þingi, tel ég rétt að drepa

á það nú og taka fram, til hvaða róta þetta ákvæði á að rekja. Stjskr. okkar frá 1874 er að því, er snertir almenn ákvæði, orðrétt þýðing á grundvallarlögunum dönsku; í þeim lögum var ákvæði um atkvgr. manna á ríkisþinginu danska. Í 60. gr. í núverandi grundvallarlögum, sem eru óbreytt frá því, er lögin voru sett, hvað snertir þetta atriði, stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Intet af Tingene kan tage nogen Beslutning, naar ikke over Halvdelen af dets Medlemmer er til Stede og deltager i Afstemningen."

Það var 36. gr. stjskr. frá 1874, sem var þýðing á þessari gr., og sést það bezt, þegar athugaður er danski textinn á stjskr. frá 1874, en eins og kunnugt er voru öll íslenzk lög fram til ársins 1911 útgefin bæði á íslenzku og dönsku og staðfest að þessu leyti á þessum tveim tungumálum, og mátti oft leita skýringa á íslenzkum lagaákvæðum í danska textann á samskonar löggjöf, en allt frá árinu 1874 hefir þessi gr. staðið í stjskr. 36. gr. stjskr. frá 1874 hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þm. í fundi greiði þar atkv."

Í dönsku þýðingunni voru orðin: „greiði þar atkvæði" þýdd: „deltager i Afstemning". Það er ísl. þýðingin, „greiði þar atkv." í 36. gr. stjskr. frá 1874, sem helzt allt til þessa dags í 48. gr. núgildandi stjskr. okkar; samskonar ákvæði og þetta, sem var í stjskr. frá 1874, hefir þá verið í stjskr. okkar frá árinu 1874 og fram á þennan dag, að því breyttu, að það þarf ekki lengur $^2/_3$ þm. til þess, að skipun þd. sé lögmæt, heldur nægir nú helmingur, og kom sú breyt. með stjórnskipunarl. frá 1903. Í samræmi við þessa ísl. stjskr. frá 1874 hafa fyrst og fremst verið sett þingsköp 1876 og síðar 10. nóv. 1905; í báðum þessum þingsköpum var svo fyrir mælt, eins og hv. þm. er kunnugt um, að ef menn tækju ekki þátt í atkvgr., án þess að þeir gerðu fyrir því lögmæta grein, þá teldust þeir með meiri hl., m. ö. o. var svo ákveðið í þingsköpunum, að þeir, sem ekki tækju þátt í atkvgr., án þess að geta fært fram lögmætar ástæður fyrir því, fylgi meiri hl., sem greiðir atkv. í það og það skiptið. Þessu var svo breytt með þingsköpunum frá 1915, en nú er lagt til, eins og hv. þm. hafa séð, að gerð verði sú skýring á þátttöku þm. við atkvgr., bæði í Sþ. og í d., að þm., sem greiða ekki atkv., án þess að færa fram lögmætar ástæður, teljist taka þátt í atkvgr. Samskonar ákvæði hefir verið sett í þingsköpin dönsku í samræmi við grundvallarlögin þar í landi.

Það er því auðsætt fyrst og fremst af þessu, að það hefir verið talið gilt hér á landi frá 1874 til 1915 að skilja svo ákvæði stjskr. um atkvgr. þm., að þeir þm., sem neita að greiða atkv., án þess þó að hafa nokkrar lögmætar ástæður sér til afsökunar í því efni, teljist samt taka þátt í atkvgr.; alveg á sama hátt hafa grundvallarlögin dönsku verið skilin. Fyrir utan þessa skýringu, sem gilt hefir um svo langt árabil, bæði hér á landi og í Danmörku, virðist mér ekkert athugavert við þetta atriði frá almennu og lögfræðilegu sjónarmiði. Við verðum að hafa það í huga, að það, sem stjskr. á við með 48. gr., þar sem talað er um að greiða atkv., er það sama og átt er við í 40. gr. hennar, þar sem talað er um að taka þátt í atkvgr., og menn geta venjulega tekið þátt í atkvgr. á þrennan hátt, svo sem kunnugt er, í fyrsta lagi með því að greiða atkv. með máli, í öðru lagi með því að greiða atkv. á móti því, og í þriðja lagi með því að neita að greiða atkv., án þess að hafa réttmætar og gildar ástæður til þess; út frá þessu sjónarmiði er það einmitt, sem menn geta samkvæmt 10. og 20. gr. frv. tekið þátt í atkvgr. á þrennan hátt. Að sjálfsögðu þarf ekki að ræða um, að það er í alla staði mjög óeðlilegt, að þm. geti skotið sér undan þeirri almennu þingmannsskyldu, sem hvílir á þeim, að taka afstöðu til mála, eftir að þau hafa verið reifuð og rakin á Alþingi; það er því mjög eðlilegt, að sett séu einhver ákvæði, sem tryggja það, að þm. geti ekki brugðizt þessari þingmannsskyldu sinni, og þar sem við í meiri hl. n. teljum, að þau ákvæði, sem lagt er til, að lögfest verði með 10. og 20. gr. frv., brjóti á engan hátt í bága við stjskr., þá leggjum við til, að þessi ákvæði verði samþ., en um þessar gr. einar hefir staðið deila innan n.; að öðru leyti er n. sammála, eins og ég hefi drepið á. Vil ég svo vænta þess, að hv. þd. fallist á brtt. þær, sem n. hefir öll borið fram um þetta mál, og í annan stað vona ég, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. frv. allt eins og það liggur fyrir með þeim breyt., sem við leggjum til, að á því verði gerðar, að meðtöldum 10. og 20. gr.

*__Magnús Torfason:__ Ég hefi kvatt mér hljóðs einungis til þess að vekja athygli á því, að ákvæði þessa frv. um útvarpsumræður eru ekki að öllu leyti í fullu samræmi við ákvæðin um málfrelsi þm. yfirleitt. Yfirleitt hefir hver þm. málfrelsi eftir því, sem hann orkar, ef ekki er tekið fram fyrir hendurnar á honum af þingvaldinu. Mér finnst þessari reglu ekki vera fylgt, þegar verið er að skipa niður útvarpsumræðum í þessu frv. Í b-lið 24. gr. þessa frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti veitir þm. utan flokka færi á að eiga þátt í útvarpsumræðu að einhverju leyti."

Með þessu er því slegið föstu, að utan flokka þm. hafi engan lögmæltan rétt til þess að taka þátt í útvarpsumræðum; þetta finnst mér ekki vera hendulegt; mér finnst rétt að lögskipa slíkum mönnum ræðutíma til jafns á við hverja aðra þm., og það er alveg víst, að þeir hafa hver fyrir sig rétt til þess að hafa tiltölulega jafnmikinn ræðutíma við útvarpsumræður eins og fyrir utan þær. Ég hefi því viljað mælast til þess, að hv. n. athugaði þetta atriði betur og breytti þessu ákvæði þannig, að utan flokka þm. verði einnig veittur lögmæltur réttur til þess að taka til máls við útvarpsumræður. Ég þykist nú vita, að gegn þessari réttlætiskröfu verði færð fram þau rök, að með þessu móti geti orðið örðugt að skipa niður ræðutímanum í útvarpinu, sem er tímabundið, svo sem kunnugt er. Ég skal ekki neita því, að svo geti farið, en ef þess þætti þörf, þá sé ég ekki betur en að það mætti skipa þessu á einhvern annan hátt. Útvarpsumræður eru miðaðar við flokka, en flokk-

ar eiga, hvað það snertir, alls ekki meiri rétt á sér tiltölulega heldur en hver einstakur þm.; nú geta og flokkar verið misstórir, og því getur þetta orðið hálfkátbroslegt í sumum tilfellum; t. d. er því svo háttað í þessari hv. deild, að hér eru tveir utan flokka menn, en hinsvegar á viss flokkur ekki nema einn mann í d.; sá maður hefir samkvæmt ákvæðum frv. rétt til þess að njóta fullra flokksréttinda 15 þm. í þessari hv. deild, ef virðist þessum réttindum þá vera nokkuð misskipt. Ég hygg því, að það hefði getað komið til mála, ef þörf þætti á því að takmarka ræðutímann, að setja reglur um það, hversu margir menn þurfa að vera í flokki til þess að hafa fullkomin flokksréttindi; það er gamallt mál, að fimm séu flokkur, og mætti sjálfsagt miða við það, en ég býst ekki við, að svo langt verði gengið, og skal heldur ekki leggja það til; en mér fyndist mega kveða svo á, að fullan flokksrétt hefðu ekki færri en t. d. þrír menn; með því móti gæti komizt nokkur jöfnuður á. Sem utan flokka maður mun ég ekki bera fram brtt. um þetta, en ég vil skjóta því til hv. n., að hún reyni að finna ráð til þess að lagfæra þetta, sem vissulega fer illa á og mér finnst satt að segja höggva nokkuð nærri stjskr.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Við hv. þm. Snæf. höfum haft, eins og hv. frsm. skýrði frá, nokkra sérstöðu innan allshn. að því, er snertir tvö atriði þessa frv. Ég minntist á það við 1. umr. málsins, að ég teldi, að aðalhvötin, sem lægi á bak við flutning þessa máls, væri ekki út af fyrir sig sú, að núgildandi þingsköp væru óviðunandi, heldur taldi ég hitt meira ráða, að sá orðrómur hefði gengið, að þau þing, sem núverandi hæstv. stj. hefir ráðið, hafi ekki orðið styttri en þing þau, sem áður hafa verið haldin. Þrátt fyrir það þó þessir flokkar hafi eindregið lýst yfir því, að þeir mundu í öllu gæta ýtrasta sparnaðar. Til þess að finna svo afsökun fyrir hinum langa þingtíma, hefir undanfarið borið mjög mikið á því, að stjórnarblöðin hafa haldið því fram, að Sjálfstfl. ætti aðalsökina á hinum löngu þingum.

Það þarf auðvitað ekki að koma með neinar sérstakar tilvitnanir, því það er öllum landslýð kunnugt, að það hefir verið sízt lengra andóf nú á síðustu þingum en t. d. á árunum 1924—1927, að ekki séu nefndar hinar óþreytandi löngu ræður sérstakra manna á þingunum 1928—'30. Það er því alveg út í bláinn sagt, ef einhverjir halda því fram, að sjálfstæðismenn hafi með málþófi lengt störf þingsins úr hófi fram. Þarf ekki annað en gera nokkurn samanburð á ræðufjölda og ræðulengd flokkanna á undförnum þingum. Ég er þess vegna sannfærður um, að þetta frv., þó það sé að ýmsu leyti gott, er ekki fyrst og fremst borið fram af knýjandi nauðsyn til þess að breyta þingsköpunum, heldur af knýjandi nauðsyn stjórnarflokkanna til þess að blekkja almenning. En þeir virðast hafa gleymt því, að lengd þinga miðast að engu leyti við ræðulengd, heldur við afgreiðslu fjárl. Ef menn vilja fletta upp í þingtíðindum, geta þeir séð, að þingi hefir jafnskjótt verið slitið og fjárl. hafa verið afgr. Þessu hefir verið haldið sem meginreglu í svo ríkum mæli, að mál, sem hafa verið óafgr., þegar fjárl.afgreiðslu var lokið, hafa verið geymd til næsta þings. Þetta er sannanlegt, og því verður ekki mótmælt. En bomban, sem stjórnarflokkarnir hafa þurft að koma inn í frv., er heimildin fyrir forseta að ákveða í upphafi umr., að umr. skuli ekki standa lengur en 3 stundir, jafnframt heimild til þess að miðla ræðutíma milli þm. og flokka nokkuð eftir eigin geðþótta. En þetta atriði var leyst með samkomulagi í allshn., því vitanlega hefir Sjálfstfl. enga löngun til þess að halda uppi lengri umr. en aðrir flokkar. Þá má gjarnan bæta því við, að ýms fleiri atriði hafa verið leiðrétt í allshn., t. d. að aðeins fyrirfram ákveðnir menn hefðu heimild til þess að taka til máls, en aðrir aðeins heimild til þess að koma með fyrirspurnir. Átti þetta að vera til þess að stytta umr., eins og gert er í nágrannalöndunum. En ekki virðist ástæða til að taka það ákvæði upp, þar sem vitað er, að í þingsköpum er ákvæði, sem leyfir að stytta umr., ef ákveðinn fjöldi þm. krefst þess við forseta og d. samþ.

Þetta ákvæði hefir nokkrum sinnum verið notað, en þó ákaflega takmarkað, eins og eðlilegt er. Ég geri því ráð fyrir, að þessi heimild forseta eftir þessu frv. til þess að takmarka eða skera niður umr. verði sjaldan notuð, og með sömu takmörkunum og sú heimild, sem fyrir er. Enda þarf í báðum tilfellum að bera það undir samþykki d.

Í upphaflega frv. voru ráðh. undanþegnir takmörkun á ræðutíma, og gat afleiðing af því orðið sú, að eftir að ræðutími þm. andstöðuflokkanna hafði verið takmarkaður og þeir dauðir, gátu þrír ráðh. hver af öðrum haldið svo langar ræður sem þeir vildu. Það getur vel verið, að það hafi ekki mikið að segja fyrir afgreiðslu mála, en eigi að gefa þm. kost á að færa rök fyrir málunum, verður að gefa þeim tækifæri til að tala bæði með og móti, og ef skorður eru settar um ræðulengd, verða þær að gilda jafnt fyrir alla. Það skal fúslega játað, að stjórnarflokkarnir sáu sér ekki annað fært en ganga inn á þessa sjálfsögðu leiðréttingu á frv. Sjálfstfl. getur því gengið inn á þetta atriði um breyt. þingskapanna. Að ég samt sem áður fer þessum almennu orðum um þessi atriði, er sú bomba, sem stjórnarflokkarnir hafa kastað út í blöðum, á fundum og í útvarpi, að nauðsynlegt væri að takmarka ræðutímann vegna þess, að sjálfstæðismenn hafi með málþófi lengt þingtímann að miklum mun, sem vitanlega er ekki annað en hreinasta blekking. Þau atriði hinsvegar, sem við sjálfstæðismenn höfum ekki fallizt á eða getað sannfært stjórnarflokkana um, að væru óréttmæt, eru ákvæðin í 10. og 20. gr. frv., sem sé, að þegar atkvgr. fer fram og þm. greiðir ekki atkv., hvorki með því að segja já eða nei eða rétta upp hönd, þá skuli þm. samt teljast hafa tekið þátt í atkvgr. — Sjálfstæðismenn líta svo á, að þetta ákvæði brjóti í bága við þau ákvæði stjskr., sem um þetta fjalla, sbr. 40. og 48. gr. Hv. 1. landsk. sagði áðan, að það yrði að leggja sama skilning í báðar gr., 40. og 48. gr. stjskr. Þessu get ég verið sammála með nokkrum fyrirvara. Ef skilja á gr. þannig, er eina leið-

in að skilja þær á þann veg, sem gengur lengst. Þá verður að skýra orð 40. gr. með hliðsjón af því, hvernig 48. gr. er stíluð. Ef hv. þm. og aðrir telja, að báðar gr. beri að skilja eins, verður að takmarka þann skilning við það, að þm. greiði atkv., og að 40. gr. beri að skilja í samræmi við 48. gr. Þessi skilningur er nauðsynlegur, eigi að leggja báðar gr. út á sama veg, eins og hv. 1. landsk. gerir, því þá er óhjákvæmilegt að leggja til grundvallar þá gr., sem gengur lengra.

En nú er alls ekki víst, að báðar gr. beri að skilja á sama hátt. 40. gr. hefir sérákvæði um afgreiðslu mála í Sþ., og er þar tekið fram, að meira en helmingur þm. úr hvorri þd. þurfi að vera á fundi og eiga þátt í atkvgr., til þess að mál fái afgreiðslu. Eins og þingið er nú skipað, er því ekki nóg, að 25 þm. tækju þátt í atkvgr. í Sþ., heldur þyrftu það að vera 9 þm. úr Ed. og 17 þm. úr Nd.; með því einu móti væri hægt að fá fullnaðarafgreiðslu mála.

Þegar stjórnarskrárgjafinn hefir sett þetta ákvæði um, að ekki væri hægt að ljúka máli á löglegan hátt, nema meira en helmingur þm. úr hvorri þd. væri á fundi, er ekki víst, að þetta beri að skilja svo, að þeir þurfi að greiða atkv. E. t. v. er þetta orðalag: að meira en helmingur þm. úr hvorri þd. þurfi að eiga þátt í atkvgr. (deltage), notað að yfirlögðu ráði og tekur ekki til þess að greiða atkv.

Það má e. t. v. segja, að sá skilningur geti staðizt, að þm., sem er á fundi og viðstaddur atkvgr., hafi tekið þátt í henni, þó hann ekki greiði atkv. Niðurlag gr.: „nema tveir þriðjungar atkv. þeirra, sem greidd eru, séu með þeim" virðist benda til þess, að sá skilningur sé réttur. Þess vegna væri hugsanlegt, að 10. gr. væri ekki stjórnarskrárbrot.

En orðalag 48. gr. er alveg ótvírætt. Þar er beinlínis sagt: „meira en helmingur þdm. sé á fundi og greiði þar atkv." Þar er ekki nóg „að taka þátt í atkvgr.", eins og sagt er í 40. gr., heldur þarf einnig að greiða atkv. Það fær mig enginn til þess að trúa því, að íslenzkan hafi verið svo fátæk af orðum, að stjórnarskrárgjafinn hafi óviljandi blandað því saman að greiða atkv. og vera á fundi.

Ég lít svo á, að stjórnarskrárgjafanum hafi verið vel ljós munur á því að greiða atkv. og taka þátt í atkvgr. Hvers vegna er þetta ekki eins í báðum gr., eigi að skilja þær á sama hátt? Eftir íslenzkri málvenju hefir það að greiða atkv. aldrei verið skilið nema á einn veg. En hvernig sem á þetta er litið, getur ekki verið um það deilt, að frv. sé brot á 48. gr. stjskr., og að því verði ekki slegið föstu með almennum l. um þingsköp, að þm., sem ekki greiða atkv., teljist hafa greitt atkv. Það brýtur í bága við ákveðið orðalag stjskr. og alla heilbrigða skynsemi. Nú ætla stjórnarflokkarnir að reyna, eins og hv. 1. landsk. tók fram, að varna því, að mál tefjist, með því að telja þá, sem ekki greiða atkv., með meiri hl. En þessi leið er alveg þýðingarlaus vegna þess, að þeir, sem ekki vilja afgr. mál eða vilja tefja það, þyrftu ekki annað en ganga til hliðar út úr d. meðan atkvgr. færi fram, og gæti forseti þá ekki talið þá með. Og hverju væri þá forseti nær? Afgreiðsla gengi nákvæmlega eins og nú. Afleiðingin af þessu yrði því engin önnur en sú, að þm. færu aðrar leiðir til þess að skjóta sér undan að greiða atkv.

Mér þykir ákaflega einkennilegt, ef löggjafarvaldið fer að leika sér að því að setja í l. ákvæði, sem mikill vafi er um, hvort þau ekki brjóti í bága við stjskr. Afleiðingin mundi verða sú, að því yrði skotið undir úrskurð dómstólanna, hvort l., sem afgr. væru á þennan hátt, væru löglega sett.

Ég vil því leggja til, að 10. og 20. gr. verði felldar, vegna þess að hvorki stjórnarflokkarnir né aðrir ná nokkrum árangri af því, að þau ákvæði verði sett. Þeir, sem á annað borð vilja tefja málin, fara aðra leið, og árangurinn verður enginn annar en sá, að Alþingi setur l., sem engum manni blandast hugur um, að eru brot á 48. gr. stjskr.

*Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að svara hv. 8. landsk. mörgum orðum, en út af því, sem hann vék að ræðu hv. 2. landsk., vil ég taka fram, að allshn. mun taka til athugunar þátttöku utanflokkamanna í útvarpsumr.

Hv. 8. landsk. minntist í ræðu sinni, þegar hann talaði almennt um breyt. á þingsköpunum, á bombu, sem stjórnarflokkarnir hefðu kastað út í þessu máli. En bomban er ekki frá stjórnarflokkunum, heldur frá andstæðingum stj., sem hafa haldið því fram, að með þessu frv. væri verið að taka málfrelsið af stjórnarandstæðingum. En að slíkt glamur hafi ekki við mikið að styðjast, hefir bezt sýnt sig á því, að í allshn. var gott samkomulag um að setja ákvæði, sem koma í veg fyrir, að umr. dragist úr hófi fram.

Hv. 8. landsk. reyndi að leiða rök að því, að 10. og 20. gr. frv. brytu í bága við 48. gr. stjskr. En í fyrri ræðu minni færði ég rök að því, sem hv. 8. landsk. hefir ekki tekizt að hnekkja, að orðalagið í ákvæðum 48. gr.: „og greiði þar atkvæði" og orðalag 40. gr.: „eiga þátt í atkvæðagreiðslu" merki nákvæmlega það sama. Ég færði þau rök meðal annars fyrir því, að þetta var upprunalega sett inn í stjskr. frá 1874; og í 11. gr. stjórnskipunarlaganna frá 1903 er í íslenzka tekstanum „greiða atkvæði", en í danska tekstanum „deltage i Afstemningen". Frá upphafi vega merkir þetta í stjskr. ekki annað en að taka þátt í atkvgr.

Ég vil því mega ganga út frá því, að í 40. og 48. gr. sé átt við, að þm. taki þátt í atkvgr. Kemur þá að því, sem ég sagði í frumræðu minni, að hægt er að gera það á þrennan hátt. Í brtt. þessari á þingsköpum er fjallað um einn, sem sé að neita að greiða atkv. án lögmætra ástæðna. Ég benti á, að þetta stendur skýrt í danskri löggjöf í samræmi við grundvallarlögin dönsku. Og ég vil bæta því við, að í fræðibókum, sem Knud Berlin, prófessor í lagadeild Hafnarháskóla, hefir ritað um þetta mál, hefir hann ekkert talið að athuga við að setja þau ákvæði um þetta efni, sem gilda, sem eru nákvæmlega þau sömu sem lagt er nú til, að verði hér upp tekin. Ég verð því hiklaust að halda fram, að það sé á misskilningi einum byggt, að telja þetta brot á stjskr.

Hv. 8. landsk. hélt fram, að þetta yrði lítil bót á ástandinu frá því, sem er, því að þeir, sem ekki vildu greiða atkv., gengju þá af fundi. En ég vil mega vænta þess, að hv. þm. skjóti sér ekki svo undan þingmannsskyldu sinni, að þeir gangi af fundi svo að segja á hverjum degi við atkvgr. Ég vil og benda á, að slíkt brýtur í sjálfu sér algerlega 3. málsgr. 44. gr. núgildandi þingskapa um þetta atriði, sem ég skal lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er þm., hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkv., nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi."

Með því að bjóða sig fram til þings og hafa náð kosningu hafa þeir gengizt undir þá skyldu að taka þátt í löggjöfinni yfirleitt. Það er því hálfgerð uppreisn gegn þingræðinu í landinu að ganga af fundi á hverjum degi til þess með því að hindra framgang máls, og þá er fyrst farið að beita ofbeldi á Alþingi. Ég vil því mega vænta þess af stjórnarandstæðingum, að þeir grípi ekki til þess óyndisúrræðis, eftir að þessi breyt. er lögfest, sem nú liggur fyrir Alþingi.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég minntist nú ekkert á það, sem hv. þm. aðallega byggði á, sem er hin eldri löggjöf um þetta. En nú er það vitanlega þessum hv. þm. vel ljóst, ekki sízt þar sem hann er lögfræðingur, að þótt einhver ákvæði hafi verið í þingsköpum, sem brutu í bága við þágildandi stjskr., þá bætir það ekki vitund úr skák í þessu tilfelli. Það, sem mestu máli skiptir hér, er það, að Alþingi hefir leiðrétt þingsköpin til samræmis við stjskr. En það, sem stjórnarflokkarnir vilja gera, er að nema sjálfa leiðréttinguna burt og setja hina fyrri villu í staðinn, þá villu, sem þessi hv. þm. er að skírskota til. Það, sem á að skera úr, er sá rétti og gildandi skilningur á þingsköpum eins og þau eru nú. Ég fæ ekki séð, hvers vegna settur er þessi skilningur inn í núgildandi þingsköp, ef ekki af þeirri ástæðu, að löggjafinn, sem þau þingsköp setti, sá, að hinn fyrri fór í bága við stjskr.

Um tilvitnun hv. þm. til Knuds Berlins skal ég ekkert segja, hvort hann hefir þessi ummæli í bók sinni. En það er annað, sem bendandi er á. Í stjskr. dönsku stendur aðeins „deltage i Afstemningen". Er það ákvæði samhljóða 40. gr. hér, að „eiga þátt í atkvæðagreiðslu". Hinsvegar er ekkert orðalag í dönsku stjskr. tilsvarandi því hjá okkur í 48. gr. „að greiða atkvæði." Enda þarf það að „greiða atkv." og að „taka þátt í atkvgr." alls ekki að vera það sama. Þetta er í fullu samræmi við skilning Knuds Berlins, að samkv. dönsku stjórnskipunarlögunum sé heimilt að setja þingsköp á þennan hátt, að telja þá þm. með við atkvgr., sem ekki hafa greitt atkv., aðeins ef þeir eru á fundi og hafa á þann hátt „deltaget" — tekið þátt í atkvgr. Sá skilningur gæti staðizt í samræmi við 40. gr. íslenzku stjskr. og 10. gr. þessa frv. og, en slíkt gildir alls ekki um 20. gr. frv., vegna 48. gr., þar sem ekki er lengur notað orðið að „taka þátt", heldur er gripið lengra og heimtað, að greitt sé atkv.

Þessi mismunur á orðatiltækjum er í samræmi við það, að stjskr. vill með sérstöku ákvæði tryggja, að ekki sé hægt í Sþ. að afgr. mál nema meira en helmingur hvorrar deildar sé á fundi. Með því er tryggt, að hlutföll innan þingsins haldist í Sþ. á sama hátt og í deildunum, eða a. m. k. má gera ráð fyrir því. Þess vegna var ekki ástæða fyrir stjórnarskrárgjafann að setja jafnströng ákvæði í 40. gr. um sameinað þing þegar um þetta ákvæði um „kvalifiseraðan" meiri hl. er að ræða, eins og í 48. gr., vegna þess að þá sitja d. á fundi.

En það hefir ekki verið sýnt, að neitt ákvæði í samræmi við 48. gr. stjskr. sé í dönsku stjskr. Þar er notað orðið að „deltage", sem er í samræmi við 40. gr., en ekki 48. gr. Auk þess sem hin eldri villa gerir ekki hina nýju að neinu leyti betri.

***Jakob Möller:** Stjórnarflokkarnir hafa nú upp á síðkastið tamið sér það mjög að vitna í lýðræði og þingræði og allar slíkar fagrar hugsjónir, sem þeir ekki treysta sér til að leggja á móti í orði, og reyna þess vegna að láta líta svo út sem þeir vilji framfylgja þeim, þó að þeir í verkinu afneiti öllum slíkum hugsjónum mjög kröftuglega.

Ef maður nú í sambandi við þetta mál athugar, hvað er meint með lýðræði, þá er óhjákvæmilegt að gera sér það ljóst, að með þeirri breyt., sem hér er um að ræða að gera á þingsköpum, er stefnt alveg í þveröfuga átt við lýðræði. Lýðræði táknar það, að meiri hl. þjóðarinnar ráði löggjöfinni. Þjóðin velur sér fulltrúa til að taka sæti á Alþingi til þess að fara með þennan rétt sinn. Það er auðvitað tilgangur grundvallarlöggjafar hverrar þjóðar, sem býr við lýðræði, að engin lagasetning nái fram að ganga, nema það sé svo tryggt sem unnt er, að hún hafi fylgi meiri hl. þjóðarinnar. Fylgi meiri hl. þjóðarinnar getur ekki komið fram í þessu sambandi nema á þann hátt, að meiri hl. þm. *lýsi sig* fylgjandi þeirri löggjöf, sem um er að ræða.

En höfuðtilgangur þessa frv. er að koma því til leiðar, að unnt sé að setja löggjöf, sem *ekki* hafi fylgi meiri hl. þm., og þess vegna ekki meiri hl. þjóðarinnar.

Það er blátt áfram hlægilegt að vera að vitna til löggjafar annara þjóða, sem að vísu er talið, að hafi lýðræðið í heiðri, löggjafar, sem kemur þessu máli að öðru leyti ekkert við. Hv. frsm. allshn. vísaði til þess, að sú breyt., sem hér er aðallega um að ræða, sé í samræmi við það, sem gildir í þessum efnum í Danmörku, og í samræmi við það, sem hefir gilt áður hér samkv. l. þeim, sem hér voru sett og sniðin eftir danskri venju. En hvað kemur þetta málinu við, ef sýnt er, að það að framfylgja slíkum skilningi á l. þýðir að ganga á móti aðalhugsjónum og kenningum lýðræðisins?

Þegar þetta frv. var borið fyrst fram, þá var slegið á þá strengi af stjórnarflokkunum, að það miðaði fyrst og fremst að því að takmarka hið „óstjórnlega málæði" andstöðuflokka stj. Vitanlegt var, að þetta var ekkert annað en fyrirsláttur og ekki höfuðtilgangur lagabreyt.; eins og nú er komið á daginn, er ágreiningsefnið ekki það, sem miðar að því að takmarka umr. á þingi,

heldur þau ákvæði, sem snerta formlega meðferð á málum og fullnaðarsamþykkt þeirra á þingi. Það, sem blátt áfram er miðað að, er að breyta kröfunum, sem gerðar eru í sambandi við fullnaðarsamþykkt lagasetningar á Alþingi.

En af því að hv. frsm. meiri hl. vék að því, hvernig andstöðuflokkar stj. hefðu tekið þessu frv. í sambandi við þann rökstuðning, að það miðaði að því að takmarka umr. á þingi, þá vil ég benda á það, að mjög eðlilegt var, að andstöðuflokkar stj. tækju slíkri nýbreytni fálega, þegar því var opinberlega kastað fram, að brýna nauðsyn bæri til að takmarka málfrelsi þm. Því að öll takmörkun á málfrelsi þm. stefnir líka í þveröfuga átt við tilgang lýðræðis. Og þess vegna var það sjálfsagt og skylt þeim mönnum, sem virkilega halda lýðræðið í heiðri, að risa hart gegn þeirri kenningu, að það væri nú orðin brýnasta nauðsynin í sambandi við löggjöfina að takmarka málfrelsi þm. á þingi. Hinsvegar hefir það sýnt sig, að þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, eru miklu minna virði en ráða hefði mátt af því, sem var látið fylgja frv. af hálfu stjórnarflokkanna, þegar það kom fram. Því að eins og það var fram borið, var í raun og veru enginn munur á ákvæðum þess og gildandi löggjöf annar en sá, að bæta nýrri heimild til forseta til þess að bera upp fyrir þingdeild eða sameinuðu þingi till. um það, að umr. um einstök mál skuli takmörkuð fyrirfram, án þess að skera hana niður. Það er í raun og veru ekki farið fram á annað en að breyta dálitið framkvæmd á því, sem þegar er heimild til í þingsköpum, sem sé að takmarka umr., ef meiri hl. þm. fellst á. Þessi breyt. er því ákaflega lítils virði, sem sjá má líka á því, að n. hefir nú öll orðið sammála um að mæla með því, að þau ákvæði verði ekki samþ., því að n. gengur lengra en frv. upprunalega, þar sem hún gerir ráð fyrir, að hægt sé að takmarka ræðutíma hvers einstaks þm.

Ég tel þessar breyt. óheppilegar. Ýmsir stjórnarandstæðingar hafa ekki fundið ástæðu til þess að leggja á móti þeim, sem er auðvitað af því, að þeir telja þær óverulegar. En það er hægt að færa rikar sannanir fyrir því, að það sé óhugsandi, að stjórnarflokkarnir telji í alvöru, að stjórnarandstæðingar hafi misbeitt aðstöðu sinni á þingi með því að teygja umr. og tefja þingstörf. Ef borin er saman framkoma núverandi stjórnarandstæðinga og fyrrverandi stjórnarandstæðinga á fyrri þingum, þá kemur í ljós, að umr. hafa teygzt margfalt á við það, sem tíðkast í tíð núverandi stj. Ég skal færa orðum mínum stað með því að vísa í skýrslu, sem birt er í þingtíðindunum um ræðuhald einstakra þm. á hverju þingi. Í þeim samanburði kemur í ljós það, sem ég hefi sagt.

Ég hefi tekið tvö kjörtímabil, 1924—'27 og 1928—'31, og tekið saman ræðufjölda og ræðulengd 4 þm. þeirra, sem mest og lengst hafa talað úr hvorum herbúðunum fyrir sig, stjórnar og stjórnarandstöðu. Árin 1924—'27 fóru með völdin þeir menn, sem mynda nú í aðalatriðunum stjórnarandstöðuna, en 1928—'31 þeir, sem nú skipa eða ráða stj. Árið 1931 eru bæði vetrarþingið og sumarþingið talin með, sem gerir samanburðinn óhagstæðan fyrir þáverandi stjórnarandstæðinga. Þá voru ræður þessara 4 fulltrúa, sem ég hefi gert skýrslu um, að lengd 2574 dálkar í Alþt. Árið 1924 var engin skýrsla gerð um ræðulengd. En ræðulengd 4 stjórnarandstæðinga á þessum 3 þingum af kjörtímabilinu 1924—'27 var 3658 dálkar, eða meira en eitt þúsund dálkum lengri en ræðuhöld stjórnarandstæðinga á seinna tímabilinu.

Það er af þessu alveg augljóst, að núverandi stjórnarflokkar þurfa sízt að kvarta yfir því, að núverandi stjórnarandstæðingar misnoti málfrelsi sitt í samanburði við það, sem þeir sjálfir gerðu meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. Sviðað hlutfall kemur út ef tekinn er ræðufjöldinn. Á fyrra tímabilinu eru þær hjá þáverandi stjórnarandstæðingum 1830 öll árin til samans, en á seinna tímabilinu hjá núverandi stjórnarandstæðingum 1660. Það er þess vegna alveg auðsé, að um málþóf bera núverandi stjórnarflokkar svo langsamlega af núverandi stjórnarandstæðingum.

Þetta styður enn þá skoðun, að það hefir ekki getað verið neitt höfuðatriði eða réttmætt höfuðatriði a. m. k. hjá þeim, sem beittu sér fyrir, að þetta frv. var borið fram, að koma í veg fyrir málþóf. Þessi samanburður nær ekki til allra síðustu þinga, með því að ekki liggja fyrir skýrslur nema frá einu þingi síðan síðustu kosningar fóru fram. En 1934 var ræðulengd þeirra 4 stjórnarandstæðinga, sem mest töluðu, 610½ dálkur, en á þinginu 1927 1428½ dálkur, eða sem sagt töluvert meira en helmingi meiri ræðuhöld, sem þáverandi stjórnarflokkar standa fyrir. Það skal játað, að þingið 1934 var nokkru styttra en þingið 1927, en ekki nándar nærri eins og þessum mismun nemur. Það var líka fyrsta þing eftir kosningar, og hefði mátt búast við töluvert meiri ræðuhöldum hjá stjórnarandstæðingum en annars.

Það er því deginum ljósara, að þessi fyrirsláttur stuðningsmanna þessa frv. um það, að frv. sé borið fram í þeim tilgangi að hamla óhæfilegu málþófi stjórnarandstæðinga, á ekki við hin minnstu rök að styðjast. Hitt er líka augljóst, eins og ég sagði áður, að höfuðtilgangurinn með frv. er allur annar.

Því er nú borið við, að tilgangurinn með breyt. á ákvæði viðvíkjandi samþykkt mála sé einnig sá, að greiða fyrir þingstörfum, vegna þess að stjórnarandstæðingar gripi til þess ráðs til að tefja þingstörfin, að taka ekki þátt í atkvgr., þegar svo ber undir. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það er að sjálfsögðu ekki höfuðtilgangurinn með slíkri framkomu stjórnarandstæðinga að tefja þingstörfin. Það er blátt áfram tilgangurinn *að hindra framgang mála*, sem þeir telja skaðleg og vilja beita öllum ráðum til að koma í veg fyrir, að nái samþykki. Og er auðvitað, að stjórnarandstaðan hefir fullan rétt til að beita hverri löglegri aðferð, sem hún ræður yfir, til að hindra framgang máls.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að óeðlilegt væri, að þm. gætu skotið sér undan að greiða atkv. Því fer fjarri. Það er ekkert óeðlilegra en hitt, að *hann* greiði atkv. *á móti* ákveðnu máli. Það er því ekki annað en rökþjófnaður, er hv. þm. seg-

ir þetta. Það er **fullkomlega** réttmætt að skjóta sér hjá því **að greiða atkv.** og í fullu samræmi við **tilgang lýðræðisstefnunnar**, því að ekkert **mál á að ganga** fram, nema tryggt sé, að það **hafi fylgi** meira hl. þings og þjóðar.

Frv. miðar að því fyrst og fremst að brjóta niður tryggingar þær, sem til eru í gildandi l. gegn því, að minnihlutaflokkur geti komið fram löggjöf, sem ekki nýtur fylgis meira hluta þjóðarinnar.

Ég skal svo ekki teygja umr. um málið, en vil aðeins vekja athygli á tveim atriðum í brtt. n., sem mér virðast geta verið nokkuð vafasöm. Það á raunar aðallega við um annað atriðið.

6. brtt. n. á þskj. 101 er um það, hvernig skipa skuli autt sæti í Ed., ef þm. fellur frá. Er svo fyrir mælt, að sætið skuli skipað af þeim flokki, er þm. tilheyrði. Mér virðist þetta vafasamt. Eðlilegra væri að láta þetta fara eftir því, hvort uppkosning, sem farið hefir fram, hefir breytt styrkleikahlutfalli flokkanna. Ef flokkur hefir misst rétt til að hafa jafnmarga menn í d. og áður, ætti hann ekki að fá manninn, heldur sá flokkurinn, sem við endurkosningu hefir fengið flest atkv. Ég vænti þess, að n. taki þetta til athugunar.

Hitt atriðið er í sambandi við 11. brtt. n. Þar segir svo: „Eigi má þó, meðan nokkur þm. kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við neina umræðu meira en svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls". Þetta er leiðinlegt orðalag. Maður þarf lengi að velta þessu fyrir sér til þess að skilja það. Sannleikurinn er sá, að orðunum „meira en" er blátt áfram ofaukið, og er einfaldasta ráðið að fella þau alveg niður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 101,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 101,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

— 56,1 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

— 56,2—9 lýstar samþ. án atkvgr. jafnóðum og þær koma fyrir.

— 101,3 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

— 101,4—6 (nýjar gr., verða 6.—8. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

4. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 101,7 (ný gr., verður 10 gr.,) samþ. með 25 shlj. atkv.

5.—9. gr. (verða 11.—15. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

10. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, JörB.

nei: GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.

Tveir þm. (BJ, JJós) fjarstaddir.

11. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 101,8 (ný 12. gr., verður 18. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 101,9—10 (nýjar gr., verða 19.—20. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

13. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

14.—15. gr. (verða 22.—23. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 101,11 (ný 16. gr., verður 24. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

17.—19. gr. (verða 25.—27. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

20. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

nei: GSv, GÍ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ.

Tveir þm. (BJ, JJós) fjarstaddir.

21.—23. gr. (verða 29.—31. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 101,12 samþ. án atkvgr.

24. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 101,13 tekin aftur.

25.—27. gr. (verða 33.—35. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 101,14 samþ. með 20 shlj. atkv.

28. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

29. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 127, 138, 139).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 138 og 139. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Á þskj. 138 hefi ég leyft mér að flytja þrjár brtt. við frv. Ég hafði í raun og veru ætlað mér að koma fram með þær í allshn., en svo stóð á í gær, að fundur féll niður í n. — Þrátt fyrir það sá ég ekki annað fært en að bera þær hér fram í þd., án þess að hafa borið mig saman við samnm. mína. Ég veit ekki um afstöðu þeirra allra, en við suma þeirra hefi ég þó rætt um brtt., og hafa þeir lýst sig samþykka þeim.

Fyrsta brtt. er fólgin í því, að heimilað er að ganga frá og afgreiða till. á Alþingi án þess að atkvæðagreiðsla þurfi að fara fram um þær með handauppréttingu, þegar sýnilegt er, að ekki hefir orðið neinn meiningamunur um þær. Í 47. gr. þeirra þingskapa, er nú gilda, eru nokkur ákvæði um þetta, en mér þótti ástæða til, að þau yrðu gerð nokkru fyllri, og taldi ég þá sérstaklega praktiskt, að ekki þyrfti að greiða atkv. með handauppréttingu um hverja smávegis brtt., t. d. við fjárl., sem vitanlegt er, að allir muni vera sammála um. En að sjálfsögðu

geta allir þm. krafizt atkvgr. með handauppréttingu um hvaða till. sem er. Slík afgreiðsla á einstökum till., sem hér er stungið upp á í brtt. minni, er algeng á þingum í öðrum löndum, að það er ekki látin fara fram formleg atkvgr. um till., sem enginn ágreiningur hefir komið fram um.

Önnur brtt. mín snertir ákvæði um útvarpsumræður frá Alþingi. Hún er fram komin út af aths. hv. 2. landsk., er hann bar hér fram við 2. umr., um að þm., sem væru utan flokka, fengju að taka þátt í þeim. Ég hefi því stungið upp á, að þm., sem væri utan flokka, fengi þar ræðutíma, en þó aldrei meira en helming af þeim tíma, sem hver einstakur þingflokkur hefir til umráða við þessar umræður. Og til þess að koma í veg fyrir of mikla tímaeyðslu, ef utanflokkaþm. eru fleiri en einn, þá hefi ég sett þau takmörk, að samanlagt mættu þeir aldrei hafa meiri ræðutíma en hver einstakur þingflokkur. Með þessu móti er fyrir það byggt, að utanflokkaþm. geti samtals fengið lengri ræðutíma í útvarpsumræðum en einn þingflokkur, og finnst mér það sanngjarnt. Hv. 2. landsk. gerði glögga grein fyrir þessu við 2. umr., og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það. — Loks kem ég að 3. brtt., en hún er aðeins leiðrétting, því að eins og orðalagið er á 37. gr., fékk hún vart staðizt, eftir að búið var að gera þær breytingar á frv., sem samþ. voru við 2. umr. — Ég skal svo aðeins endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að þessar brtt. eru fluttar af mér einum, af því að mér vannst ekki tími til að bera mig saman við meðnm. mína í allshn., og vænti ég, að ekki verði verulegur ágreiningur um þær. Ennfremur skal ég geta þess, að hvorki ég né meðnm. mínir hafa fengið aðstöðu til að athuga brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 139, enda verður ekkert um þær sagt frá hálfu allshn. fyrr en hv. flm. hefir gert grein fyrir þeim.

***Pétur Ottesen:** Það urðu endalok þessa máls á síðasta þingi, að það var þá dregið til baka með það fyrir augum, að unnið yrði að því á milli þinga að fá samkomulag milli þingflokka um þau atriði frv., sem þá var mestur ágreiningur um. Nú var því lýst yfir af hv. flm., 1. þm. Árn., við 1. umr. málsins, að úr þessu samstarfi flokkanna um frv. hefði ekkert orðið. En hinsvegar hefir í hv. allshn. orðið samkomulag á milli fulltrúa stjórnarflokkanna og fulltrúa Sjálfstfl. um sum af þeim ágreiningsatriðum, er deilt var um á síðasta þingi. Þó eru enn eftir nokkur atriði í frv., sem sjálfstæðismenn telja, að rekist á ákvæði stjskr.; um þessi atriði hefir því ekki náðst samkomulag við fulltrúa Sjálfstfl., hvorki í allshn. eða í þd. Þessi skoðun Sjálfstfl. var mjög vel og ljóslega rökstudd við 2. umr. af hv. 8. landsk. og hv. 3. þm. Reykv. Ágreiningurinn er byggður á því, að einstök ákvæði þessa frv. samrýmast ekki ákvæðum stjskr.; t. d. ákvörðun frv. um, að þeir þm., sem sitja hjá við atkvgr., geti talizt greiða atkvæði eða taka þátt í atkvgr. Hv. 1. þm. Árn. vill skýra þetta þannig, að þeir, sem sitja hjá við atkvgr., skuli teljast þátttakendur í atkvgr. — Það er nú sennilegt, að skilningur sjálfstæðismanna á þessu atriði, eins og hann kom fram við 2. umr., verði ofurliði borinn, og að þetta frv. verði knúð fram, enda þótt þetta atriði sé í fullu ósamræmi við stjskr. En þó að þessu sé sleppt, þá get ég ekki betur séð en að á öðrum vettvangi í frv. hv. 1. þm. Árn. sé einnig skýlaust stjórnarskrárbrot. Það er í 10. gr. frv., eins og það var upphaflega, en nú í 16. gr., eins og það var afgr. við 2. umr. Í 16. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf til þess, að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þm. að vera á fundi og eiga þátt í atkvgr.“ En í 40. gr. stjskr. segir svo um þetta: Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þm. úr hvorri þingd. að vera á fundi“ o. s. frv. Mér virðist, að í 16. gr. frv. sé því gersamlega brotið í bág við þessi ummæli stjskr. Og auk þess er hér einnig brotið í bág við núgildandi þingsköp; því að þar stendur í 26. gr., að í sameinuðu Alþingi „þurfi meira en helmingur þm. úr hvorri þingd. að vera á fundi“ til þess, að fullnaðarákvörðun verði tekin um mál.

Við nánari athugun á þessu máli sé ég, að þetta hefir skolazt til í sérprentun þeirri, sem gerð hefir verið af þingsköpum Alþingis, því að hún inniheldur sama orðalag og hv. 1. þm. Árn. hefir tekið upp í frv. sitt. En þetta er algerlega gagnstætt ákvæði stjskr. og núgildandi lögum um þingsköp, eins og þau eru birt í stjórnartíðindunum. Ég hefi þess vegna flutt brtt. um það, að inn í þessa frvgr. verði tekið samskonar ákvæði eins og er í núgildandi þingsköpum, og sem er í samræmi við ákvæðin í 40. gr. stjskr., og það leiðir vitanlega af sjálfu sér, að það verður að samræma stjskr. og þingsköpin að þessu leyti, þar sem þetta ákvæði er alveg skýlaust og getur ekki valdið neinum ágreiningi.

Þá hefi ég ennfremur flutt litla brtt. við 24. gr. þessa frv., um það, að felld verði burt úr 3. málsl. fyrri efnisgr. orðin: „meira en“, sem mér virðist vera alveg ofaukið í þessu sambandi, og sé bara hortittur í málinu, sem getur ef til vill raskað réttri hugsun; en þegar þessi orð eru felld burt, þá verður málsl. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi má þó, meðan nokkur þm. kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umr. svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls.“

Ég hefi ekki flutt fleiri brtt. við þetta frv.; ég er samþykkur þeim brtt., sem hér liggja fyrir, að öðru leyti en því, sem kom fram í ágreiningi þeim, sem sjálfstæðismenn hafa gert að því leyti, að þeir álíta ekki, að sú breyt., sem gerð er með frv. á atkvgr., samræmist ákvæðum stjskr. um sama efni, auk þess sem þeir álíta, að af þeirri breyt. geti líka leitt ýmislegt, sem sé ekki heppilegt eða rétt að ýta undir, en af því að það mál er orðið svo þrautrætt, þá sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það.

Til viðbótar þessu vil ég þó minnast á það ákvæði þessa frv., sem gerir ráð fyrir, að lagt verði í hendur forseta, mikið meira en verið hefir, vald yfir umr. á Alþingi, þannig að hann hefir það mjög mikið á sínu valdi, að vísu innan vissra takmarka, hvernig umræðum skuli hagað að ýmsu leyti, og getur skorið þær niður ýmist

með ákvörðun um það fyrir fram eða á hvaða stigi máls, sem er, svo að hann hefir umr. yfirleitt mjög mikið á valdi sínu. Um þetta atriði varð þó samkomulag í n., enda fengust ýmsar lagfæringar á frv. Samkv. frv. átti t. d. skerðing á umr. ekki að neinu leyti að ná til ráðh.; þeir áttu að hafa óskertan umræðurétt, þótt umræðuréttur þm. væri skertur; innan n. fékkst samkomulag um það, að það sama skyldi gilda um þá í þessu efni eins og um aðra þdm., og er það vitanlega spor í rétta átt, að það skuli hafa tekizt að fá þetta atriði lagfært.

En ég vil benda á það, að ef slíkt vald er í höndum harðdrægs forseta, sem vitanlega er skipaður af meiri hl. Alþingis og hefir þess vegna hin pólitísku ráð yfir gangi mála á Alþingi miklu meira í sinni hendi heldur en áður var, þá hefir forseti mjög mikið vald í þessu efni, ef hann vill beita því. Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að þótt slíkt vald hafi komizt í hendur forseta í þingum nágrannaþjóðanna, t. d. í Danmörku, Noregi og ef til vill í Svíþjóð, þá er þar allt öðru máli að gegna vegna þess, að forsetarnir þar eru valdir með allt öðrum hætti heldur en hér; hér er það svo, að það er meirihlutavaldið á Alþingi, sem ræður því algerlega á hverjum tíma, hver skipar forsetasæti, en í þessum löndum, sem ég nefndi, er farið eftir stjórnmálaflokkum þeim, sem sæti eiga á þinginu, án tillits til meirihlutavaldsins, og í Danmörku, ætla ég, að þessu sé þannig háttað, að aðalforsetinn er valinn af stærsta þingflokknum, en hann þarf vitanlega ekki að vera ráðandi þingflokkur. Eftir þessari reglu yrði þetta þannig hjá okkur, að Sjálfstfl. ætti að skipa fyrsta forseta. Þegar tekið er tillit til þess, að minnihluta flokkum á Alþingi er mjög mikill styrkur í því að eiga mann í forsetastól, þá liggur það í augum uppi, að völd hans má ekki miða við völd forsetanna í nágrannaþingunum, því að kosning þeirra byggist á allt öðrum grundvelli heldur en kosning á forsetum Alþingis, eins og ég minntist á áðan. Ég vil benda á þetta atriði í sambandi við það, að það getur komið á daginn, að það sé ekki áhættulaust fyrir minni hl. á þingi í hvert skipti að hafa lagt eins mikið vald í hendur forseta og gert er með þessari breytingu, nema því aðeins að sú breyting fylgi í kjölfarið, að allir flokkar þingsins fái að ráða einhverju um það í sameiningu, hverjir verði skipaðir forsetar.

Það er sýnilegt, að þetta frv. gengur fram, og það er óneitanlega margt í því, sem stefnir til bættrar skipunar frá því, sem nú er, enda kemur þetta fram sem afleiðing af þeim breyt., sem gerðar hafa verið á ýmsum lögum, og það er því ekki annað, sem skilur í þessum málum, en það, sem ég gerði grein fyrir við 2. umr., og það, sem ég hefi nú bent á í þessu sambandi.

*__Hannes Jónsson:__ Ég hafði ekki ástæðu til þess að taka þátt í umræðum um þetta mál, þegar það var til 2. umr., en ég veitti því strax eftirtekt, að breyt. sú, sem gerð er á þingsköpunum með 5. gr. frv., nær ekki þeim tilgangi, sem ég býst við, að ætlazt sé til með því að gera þessa breytingu á þingsköpunum. Samkvæmt ákvæðum 5. gr. er það skýlaust fram tekið, að hver flokkur eigi að tilnefna jafnmarga menn til Ed. eins og hann hefir atkvæðamagn til í þinginu; þetta er skýlaust tekið fram; það er ekkert talað um það t. d., að tveir flokkar geti sameinazt og fullnægt í sameiningu hlutdeild sinni í skipun Ed.; um þetta stendur ekkert í ákvæðum gr., heldur er einungis miðað við hvern flokk út af fyrir sig. Ég gæti fært augljóst dæmi fyrir því, að svo gæti verið háttað um skipun þingsins, að ósamræmi það, sem á að sneiða hjá um skipun deildarinnar, yrði jafnáberandi eftir sem áður. En það þarf ekki einu sinni til. Við getum tekið þingið, eins og það er nú skipað, sem dæmi. Ég vil spyrja: Hversu marga menn ætti hver núverandi þingflokkur að senda upp í Ed., ef kosning færi fram til þeirrar deildar t. d. í dag? Framsfl. gæti sent 5 menn og fengi 3 atkv. á hvern kosinn mann, jafnaðarmenn fengju 3 menn kosna og 3⅓ atkv. á hvern og Sjálfstfl. gæti tilnefnt 7 menn og fengi þá 2⅖ atkv. á hvern mann; þá eru komnir 15 menn í d., og vantar þá einn mann í hana, svo að hún geti talizt fullskipuð. Hver á að tilnefna hann? Ef Framsfl. bætir við sig einum manni, svo að þeir verði 6, þá fá þeir 2½ atkv. á mann; ef jafnaðarmenn bæta við sig einum, þá hafa þeir líka 2½ atkv. á hvern fulltrúa, og ef sjálfstæðismenn senda einn til í Ed., þá hafa þeir einnig 2½ atkv. á hvern sinna manna. Útkoman verður því sú, að þessir flokkar standa allir jafnt að vígi með útnefningu 16. mannsins. Hvernig á að fara að í þessu efni? Það er ekki hægt að fara öðruvísi að samkvæmt orðalagi gr. en að láta hlutkesti ráða því, hvaða flokkur skuli senda 16. manninn til Ed., en þá gæti svo farið, að þeim tilgangi frv. yrði ekki náð, að meiri hl. þingsins hefði meiri hl. í Ed.; hlutkestið gæti t. d. fallið þannig, að Sjálfstfl. fengi að tilnefna 16. manninn, svo að hann ætti 8 menn alls í Ed.

Ekki er þetta frv. nú betur hugsað en svo, að á því er svona stórt gat frá þeim, sem hafa undirbúið það, áður en það var lagt fyrir þingið, og hv. þd. gengur þannig frá frv. við 2. umr., að þetta gat helzt. Nú þykir mér ekki óráðlegt fyrir þá hv. n., sem hefir málið til meðferðar, að hún fái málinu frestað til frekari athugunar á því, svo að hún geti troðið í götin, sem á því eru.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 138 undir tölul. 2 vil ég segja það, að ég teldi sanngjarnt, að réttur utanflokkaþm. til þátttöku í útvarpsumræðum væri á nokkurn annan veg en hér er ætlazt til. Ég skal náttúrlega ekki mæla á móti því, að utanflokkamenn hafi rétt til þátttöku í útvarpsumræðum, en mér finnst réttast að haga þessu þannig, að hver utanflokkaþm. hafi rétt á móts við hvern þingflokk, deilt með þeirri tölu utanflokkaþm., sem sæti eiga á þingi. Þetta er sú eina rétta leið, og fullkomlega réttmæt gagnvart þessum mönnum, því að samkvæmt till. hv. 1. landsk. er gert ráð fyrir því, að enginn einn utanflokkaþm. fái meiri tíma en til hálfs á við heilan flokk, en hinsvegar gæti svo farið, að tveir eða fleiri utanflokkaþm. hefðu þá ólíkar skoðanir, að þeir yrðu engu bættari hver út af fyrir sig, þótt þeir fengju að nafninu til

allir í sameiningu rétt til þátttöku í útvarpsumræðum á við heilan flokk.

Þetta ákvæði í brtt. hv. 1. landsk., held ég, að beri að skilja þannig, að ef utanflokkamennirnir eru t. d. 3, þá eigi þeir hver um sig að fá $^1/_3$ af ræðutíma þeim, sem þeim er öllum skammtaður í sameiningu, en ekki t. d. einn af þeim helming ræðutímans og hinir tveir $^1/_4$ af honum; en um þetta atriði er samt ekkert tekið fram beinlínis, svo að ég tel hyggilegra að ákveða greinilega fyrirfram, hvernig skipta skuli umræðutímanum á milli utanflokkamanna. Það getur líka oft komið fyrir, að sumir utanflokkamenn séu stuðningsmenn stj., en aðrir aftur andstæðingar hennar; í því tilfelli þyrfti að vera fyrirfram ákveðið, hvernig ætti að skipta ræðutímanum á milli utanflokkamannanna; það gæti t. d. komið til mála að skipta honum þannig, að þeir, sem eru utan flokka, fengju að taka þátt í útvarpsumræðum á þann veg, að þeir, sem eru stuðningsmenn stj., fengju helming af ræðutímanum á móts við heilan flokk, og andstæðingarnir hinn helminginn.

Mér sýnist ástæða til þess að athuga þetta nokkuð nánar, og vildi ég því vænta þess, að hv. n. tæki þetta mál til nánari athugunar, ef umr. verður frestað, sem mér sýnist varla unnt að komast hjá, svo að hægt sé að fá í 5. gr. frv. skýlaust ákvæði til þess að ná því takmarki, sem mér virðist vera stefnt að með þessari gr.

*Garðar Þorsteinsson: Ég vil taka undir það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að réttast væri, að umræðunum um þetta mál yrði frestað, málið tekið af dagskrá og lagt fyrir allshn. á ný til athugunar. Við 2. umr. kom hv. 2. landsk. fram með þá till., að tekið yrði meira tillit til utanflokkamanna á þingi, þannig að þeir hefðu sama rétt og flokkur, jafnvel til þess að taka þátt í útvarpsumræðum; hv. 1. landsk., sem þá var frsm. meiri hl. allshn., lofaði að athuga þetta og leggja það fyrir n., en í stað þess að gera eins og hann hafði lofað, hleypur hann til og ber fram brtt. í þá átt að tryggja utanflokkamönnum þennan rétt, og jafnvel meiri rétt en hv. 2. landsk. hafði nokkurn tíma látið sig dreyma um, að hann gæti fengið. Ég vil ekki taka afstöðu til þessa máls núna vegna þess, að þetta atriði liggur nú nýtt fyrir og hefir ekki verið rætt innan Sjálfstfl., en hinsvegar get ég sagt það frá minu eigin sjónarmiði, að mér finnst óeðlilegt að víkka þessa heimild frekar en gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, en þar er ætlazt til þess, að utanflokkamenn fái málfrelsi í útvarpsumræðum með leyfi forseta, sem mundi væntanlega eiga að skiljast þannig, að þingflokkarnir kæmu sér saman um það, hvernig þessu skyldi hagað. Eins og ég sagði áðan, hefði mér fundizt viðkunnanlegt, að hv. 1. landsk. hefði staðið við orð sín og lagt þetta mál fyrir n. í stað þess að hlaupa til og bera fram till. um þetta atriði; auðvitað kemur hann þar fram sem þm., en mér finnst það lítlu skipta.

Viðvíkjandi till. frá hv. þm. Borgf. vil ég taka það fram, að ég er henni samþykkur; það er rétt, að orðin „úr hvorri deild" eru í samræmi við stjskr.

Að því, er það atriði snertir, að fá mann kosinn til Ed., ef sæti losnar þar, þá finnst mér það út af fyrir sig byggjast á misskilningi hjá hv. þm. V.-Húnv., að það sé óeðlilegt, að hlutkesti sé látið ráða úrslitum, ef svo fer, að tveir flokkar eiga jafnan rétt á útnefningu mannsins að því, er þingmannatölu snertir. Vitanlega verður sú hending að ráða í þessu tilfelli sem öðrum, þegar hlutkesti er viðhaft. (BÁ: Er flokkum óheimilt að bera fram sameiginlegan lista?). Eftir ákvæðum gr. ætti það að vera. Annars má nú benda á það í þessu sambandi, að þessi hæstv. stj., sem nú situr, hefir tórt aðeins fyrir þá sök, að hlutkestið varð henni hliðhollt. Eins og hv. 3. þm. Reykv. hefir bent á, er ákvæði þessarar gr., sem hér um ræðir, ekki nógu ýtarlegt, og geri ég ráð fyrir, að fram komi brtt. um það efni. Viðvíkjandi brtt. hv. 1. landsk. um utanflokkaþingmenn skal ég taka það fram, að mér finnst of langt gengið í þessari brtt.; þetta segi ég frá eigin brjósti, en ekki í nafni flokks míns; ég fæ ekki séð, að utanflokkamenn eigi að hafa jafnan rétt í þessu efni og flokkarnir, og heldur ekki að hálfu, en auk þess hefi ég verið að velta því fyrir mér, hversvegna hv. 2. landsk. hefir komið fram með þessa till; ég veit ekki, hvort því veldur hans meðfædda réttlætistilfinning, til þess að veita þeim útskúfuðu rétt, því að naumast geta eiginhagsmunir þar ráðið, þar sem hv. þm. er að sjálfs sín sögn ekki utan flokka, heldur hinn eini sanni bændaflokksmaður.

*Jörundur Brynjólfsson: Ég get verið allri hv. allshn. þakklátur fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, en sérstaklega þó hv. meiri hl. hennar, sem fallizt hefir á öll höfuðatriði frv., og einnig hv. minni hl. fyrir að fallast á mörg helztu atriðin. Það er aðeins eitt atriði, sem hv. minni hl. hefir ekki getað fallizt á, og er það viðvíkjandi því, hverjar skyldur hv. þm. hafa gagnvart atkvgr. á þingi. Hv. 8. landsk. sagði við 2. umr., að hann gæti fallizt á mörg ákvæði frv., og taldi þau til bóta, enda efast ég ekki um það, að hver viti borinn maður, sem nokkra þekkingu hefir á þessum efnum, geti verið sammála okkur um þau atriði. Því undarlegra þótti mér, þegar hv. þm. sagði, að einhver annar tilgangur væri með þessu frv. heldur en sá að reyna að ráða bót á því, sem miður fer í þessu efni, og það gott, sem frv. hefði í sér fólgið, væri ekki flutt með það fyrir augum að gera bætur á þingsköpum og löggjöf í þessu efni. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. fer að finna þetta út úr þessu máli, og þykir það harla einkennilegt. Hitt þykir mér leiðinlegt, að andstæðingar þessa máls skuli halda svo fast við sem þeir gera, að það sé um stjórnarskrárbrot að ræða í sambandi við ákvæðin í 10. og 20. gr., sérstaklega þegar þess er gætt, að það má rekja þessi ákvæði til þess, er við fyrst fengum stjskr. Og þó að þessi ákvæði séu ekki fullkomlega eins, eða þó annað orðalag sé á núgildandi ákvæðum, þá er áreiðanlegt, að þar er um athugaleysi í þýðingu að ræða, og annað ekki, því að þessar 2 gr. stjórnarskrárinnar lúta báðar nákvæmlega að því sama. Til frekari rökstuðnings má á það benda, að ákvæði þingskapanna voru upphaflega miðuð við stjórnarskrána frá 1874, sem var mjög rækilega gerð grein fyrir á

síðasta þingi, og enda nú einnig af hv. 1. landsk. og ætla ég ekki að fjölyrða um það frekar. Þau fyrstu þingsköp, sem sett voru eftir þeirri stjórnarskrá, giltu hér þangað til 1905, og voru sett af þeim mönnum eða mörgum af þeim, sem tóku við hinni nýju stjskr. og voru því allra manna kunnugastir, hvernig skilja bæri þessi ákvæði. En 35. gr., sem ræðir um þetta efni, var breytt frá því, sem áður var ákveðið, og sett um þetta fyllri ákvæði. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa þá gr. upp, svo að menn geti séð orðalag hennar:

„Hvorug þd. má gera ályktun um neitt mál, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þm. séu á fundi og greiði atkv. Skyldur er hver þm. að vera viðstaddur, þegar atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (42. gr.). Nú greiðir þm. ekki atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og er hann þá skyldur að leiða rök að því, hversvegna hann ekki greiðir atkv. Ber forseti þá undir þing eða þingd., hvort ástæður þm. skuli gildar taka. Ef þing eða þd. ógildir ástæður þessar, skal svo álíta, að þm. hafi greitt atkv. með meiri hlutanum. Sama á sér stað, ef hann skorast undan að gera grein fyrir aðferð sinni. Þó er honum heimilt að láta bóka málavöxtu. Afl ræður við atkvæðagreiðslur, nema þar um öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni og þingsköpunum."

Það er enginn vafi á því, að þeir þm., sem samþ. þingsköpin eftir stjórnarskránni frá 1874, hafa skilið ákvæðin þannig, að þm. væri gefin kostur á að taka þátt í atkvgr. Og ég hefi athugað, að þeir menn, sem sömdu þingsköpin og tóku við stjskr., eru margir hinir sömu og einmitt þeir menn, sem miklu hafa ráðið um afgreiðslu mála á þeim tíma, og hafa haft fullkomna þekkingu á ákvæðum stjskr. og hvernig þau bæri að skilja. Þó að ég eins og ég sagði við umr. þessa máls á síðasta þingi, hefði kosið, að ákvæði stjskr. einmitt um þetta atriði hefðu verið fyllri, þá er ekki nokkur vafi á því, hver meiningin hefir verið upphaflega í þessum sökum. Orsökin til þess, að við viljum nú ákveða þetta í því upphaflega formi, er sú, að það hefir ósjaldan komið fyrir, að menn hafa komið sér hjá að greiða atkv., sem hefir þó orðið til þess meira að tefja fyrir afgreiðslu mála heldur en að það geti ráðið úrslitum þeirra. Ég get fallizt á brtt., sem liggja hér fyrir frá hv. 1. landsk. og hv. þm. Borgf. Ég þarf ekki um þær að fjölyrða. Aðeins vil ég benda hv. þm. Borgf. á það, að það er of mælt hjá honum, að það sé um stjórnarskrárbrot að ræða, þó að 16. gr. væri samþ. eins og hún hljóðar í þessum þingsköpum. Það er ekkert í þeirri gr., sem kemur í bága við ákvæði stjskr. um þetta efni. Hitt er annað mál, að þau eru ekki tæmandi, og það er sennilega óviljaverk, að þetta ákvæði hefir fallið niður við endurprentun þingskapanna 1920, því þetta hefir staðið í þingsköpunum, og á að standa þar; þó eru ákvæðin ekki tæmandi. En úr því að ekkert er í þeim, sem brýtur í bága við ákvæði stjskr., þá er það ekki stjórnarskrárbrot. Hinsvegar er ég sammála hv. þm. Borgf. um það, að það færi betur á því, að þetta stæði þarna. Og að gr. hefir verið prentuð svona, er fyrir sömu vangá, eins og þegar ákvæðin féllu niður. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar af minni hálfu.

*__Jakob Möller:__ Ég er hræddur um, að þessi ræða hæstv. forseta hafi misst marks, svo um muni. Hann hefir verið að lesa hér upp úr gömlum l. misskildar útskýringar á ákvæðum stjskr., og þær misskildu útskýringar hafa ekkert sönnunargildi í þessu máli. Mér þykir leitt, að hæstv. forseti skuli vera farinn af fundi, því að það, sem ég ætlaði að segja, stóð í beinu sambandi við ræðu hans. Ég gæti náttúrlega farið að teygja lopann eitthvað annað, en mér finnst það harla óviðeigandi, þar sem engin ágreiningur er um það. (GSv: Þingsveinn gæti kannske sótt hæstv. forseta). Ég held það þýði ekki, hann er sjálfsagt að gegna þýðingarmeiri störfum en hann hefir hér. Ég verð þá að treysta því, að einhver verði til þess að flytja honum skilaboð um það, hvað ég hefi við ræðu hans að athuga. Þessi útskýring á ákvæðum stjskr. er svo vitlaus, að það er þraut fyrir menn, sem eiga að teljast með fullri skynsemi, að tala um þetta á hverjum fundi eftir annan. Það má auðvitað útskýra í vitleysu hvert einasta atriði stjskr. með því að segja, að þetta og þetta ákvæði eigi ekki að þýða þetta heldur eitthvað annað. Nú skulum við taka atriði, sem liggur miklu nær. Hér er um það rætt, að til þess að lögmæt samþykkt máls fari fram, þá þurfi meira en helmingur þm. að vera á fundi og greiða atkvæði. Ef þm. greiðir ekki atkv. og tilgreinir ekki ástæðu, þá telst hann eigi að síður greiða atkv. Eina ráðið fyrir mann, sem ekki treystir sér að greiða atkvæði um mál, er að ganga af fundi. Næsta óhjákvæmilega sporið er því að slá varnagla við þessu og bæta við gr. ákvæði um það, að þm., sem sé farinn af fundi, án þess að boða forföll, hann teljist eigi að síður vera á fundinum og greiða þar atkv., og það er í rauninni alls enginn munur á þessu tvennu. Mér datt í hug út af aths. hv. þm. Borgf., sem er náttúrlega ómótmælanlegt, að ákvæði 16. gr. eru ekki sambærileg við ákvæði stjórnarskrárinnar um það, að til þess að lögmæt samþykkt sé gerð, þurfi meira en helmingur þm. í hvorri d. að vera á fundi, en frv. segir, að meira en helmingur þm. þurfi að vera á fundi. Þarna þarf að bæta við og segja, að meira en helmingur hvorrar d. þurfi að vera á fundi, annars er ákvæðið alls ekki fyllilega í samræmi við ákvæði stjskr. Tilgangur stjórnarsinna er vissulega enginn annar en sá að breyta þessu af því, að þetta passar ekki í þeirra kram, og ef reynslan verður sú, að þetta dugar ekki, ef stjórnarandstæðingar finna t. d. upp önnur ráð til þess að hindra framgang mála, t. d. ganga af fundi, þá halda þeir áfram með skýringarnar og segja, að maður, sem ekki er á fundi, skuli þó teljast viðstaddur og greiða þar atkv., svo framarlega sem hann hefir ekki boðað lögmæt forföll.

*__Pétur Ottesen:__ Hv. fyrri þm. Árn. hefir að vísu fallizt á það, að sjálfsagt væri að samþ. brtt. mína við 16. gr., þó að hann hinsvegar teldi það ofmælt, að það væri stjórnarskrárbrot,

ef svo væri ekki gert. Ég sagði, að það kæmi í bága við ákvæði stjskr., en ég sagði aldrei, að þar væri brot á henni. Ég skil satt að segja ekki í því, hvers vegna hæstv. forseti er að reyna að komast í kring um svo skýlaust ákvæði eins og þetta er, þó það hafi nú tekizt svo til fyrir honum, þegar hann flutti þetta frv., að hann kafaði ekki dýpra en það, að hann fór eftir sérprentun þingskapanna, sem fyrir liggur, en gætti ekki í þingsköpin, eins og þau eru birt í Stjórnartíðindunum, en þar ber ekkert á milli ákvæða stjórnarskrárinnar og þingskapanna um þetta efni. En mér skilst tilgangur stjskr. með því að kveða svona á vera skýlaus út frá þeirri staðreynd, að hvor d. Alþingis er sjálfstæður aðili, sem hefir sjálfsákvörðunarrétt án tillits til hinnar d. um afgreiðslu mála. Stjskr. vill tryggja, að sameinað þing sé byggt upp á sama grundvelli, þannig að engin ályktun frá því sé gild, nema meiri hluti hvorrar d. sé á fundi. Hitt er augljóst, að með ákvæðinu eins og það er í frv., og eins og það hefir misprentazt í sérprentun þingskapanna, getur þetta raskazt og orðið miklu meiri munur á tölu þm. í hvorri d. heldur en nú er. Þetta ákvæði þarf að laga og heimfæra við þingsköpin, eins og gert er ráð fyrir í till. minni. Ég vildi aðeins taka þetta fram út af því, að hv. 1. þm. Árn. var að gera lítið úr þeim mismun, sem er á ákvæðum stjskr. og frv., eins og það liggur hér fyrir. Að öðru leyti þarf ég ekki að fara lengra út í það. Ég vildi gera dálitla fyrirspurn til flm. og líka til hv. allshn., og hún er í sambandi við breyt., sem þeir hafa lagt til, að gerð verði á útvörpun umræðna. Þeir hafa sem sé lagt til að gera þá breyt. frá því, sem nú er, að leyfa utanflokkamönnum að taka þátt í útvarpsumræðum. Hingað til hefir þessi heimild verið bundin einungis við flokka. Ég skal engan dóm á það leggja út af fyrir sig, en ég vil spyrja, hvort það sé meiningin, að sú þátttaka, sem utanflokkamenn fá, eigi að ganga út yfir þann tíma, sem flokkunum er ætlaður samkvæmt þessu frv.? Mér skilst eftir orðalaginu, að tíminn sé miðaður við það, sem flokkarnir hafa haft að undanförnu. En niðurstaðan af því verður sú, að tími utanflokkamannanna kemur fram sem stytting á þeim tíma, sem flokkunum hefir verið ætlaður. Hér stendur t. d. um 1. umr. fjárlaganna, að í fyrstu umferð eigi að vera ein stund fyrir hvern flokk, síðan hálf stund 3 umferðir og enn aðrar 3 hver um sig fjórðung stundar. Þetta skiptist á þá 3 klukkutíma sem varið er til umr. Svo stendur, að eftir þetta skuli útvarpsumræðum um fjárlögin lokið. Eftir að þær hafa staðið í 3 tíma með þeirri skiptingu, sem er á milli flokkanna, á umræðunni að vera að fullu lokið. Eftir brtt. getur þetta orðið allveruleg skerðing á tíma flokkanna við útvarpsumræður, þar sem gert er ráð fyrir, að ef um 2 utanflokkamenn er að ræða, þá geti þeir öðlazt jafnlangan tíma og hverjum flokki er ætlaður. Það þarf vitanlega að vera skýrt, hvað við er átt með þessu, og hvort réttmætt er að leyfa utanflokkamönnum þátttöku í útvarpsumræðum, ef það kemur þannig niður á flokkunum. Ef allshn. tekur þetta mál til athugunar, þá vænti ég, að hún athugi einnig þetta atriði.

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég ætla ekki að blanda mér verulega inn í umr. á þessu stigi málsins. Ég get lýst yfir því, að þeir allshn.-menn, sem staddir eru á fundinum, eru sammála um, að málið verði í dag tekið af dagskrá, til þess að n. gefist færi á að athuga það nánar til morguns. Ég vil þó taka það fram út af orðum hv. 8. landsk., að framkomnar brtt. mínar, sem hafa verið ræddar nokkuð, eru fluttar vegna þess, að málið var tekið út af dagskrá í gær með það fyrir augum, að það væri athugað í allshn. Þegar svo átti að halda fund í gær, varð ekki af honum, en ég sá mér ekki annað fært vegna þess, að málið var á dagskrá í dag, en að koma með þessar brtt., svo að hægt væri að vekja menn til athugunar um þær. Ég vænti svo, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, og sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það að sinni.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 127, 138, 139, 143, 144).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 143 og 144. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Umr. um þetta frv. var frestað í gær, og hefir allshn. síðan athugað þær brtt., sem þá lágu fyrir. Meiri hluti n. er sammála um að leggja til að brtt. 138 verði samþ. Ég hygg, að öll n. sé sammála um 1. og 3. brtt., en aftur á móti er hv. minni hluti andvígur 2. brtt., enda hefir hann borið fram brtt. á þskj. 144 í hennar stað. Þá hefir meiri hluti n. orðið ásáttur um að leggja til, að breytt verði 16. og 28. gr. frv. á þann hátt, sem lagt er til á þskj. 143. Þær breyt. eru í því fólgnar, að nafnakall skuli fram fara við atkvgr., áður en þm., sem viðstaddur er og ekki greiðir atkv. án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvgr. Minni hluti n., hv. 8. landsk. — hv. þm. Snæf. var ekki á fundi — vildi ekki vera með þessari brtt. Ekki fyrir þá sök, að minni hlutinn væri brtt. í sjálfu sér mótfallinn, heldur vegna þess að hann er andvígur bæði 16. og 28. gr. frv. og vill ekki hafa þær í frv., hvernig sem þær væru útbúnar. En meiri hluti n. telur réttara, að nafnakall fari fram við atkvgr., er ákvæði þessara greina nái til, og þeir, sem ekki greiða atkv., án þess að færa fram löglegar ástæður, eru taldir með meiri hlutanum.

Út af brtt. 8. landsk. á þskj. 144 finnst meiri hlutanum eðlilegt, að utanflokkaþm. sé tryggður nokkur réttur til þess að eiga þátt í útvarpsumræðum, en finnst hinsvegar rétt, að sú þátttaka fari ekki úr hófi fram. Meiri hluti n. er því mótfallinn þessari brtt. og leggur til, að samþ. verði 2. brtt. á þskj. 138, og ef miðað væri við ástand líðandi stundar, þá er það svo, að í einum þingflokkinum eru ekki nema tveir þm., en utanflokkaþm. eru jafnmargir. Sýnist því ekki ósanngjarnt, að þessir tvennir tvímenningar eigi jafnan rétt til þátttöku í úrvarpsumræðum frá Alþingi. N. sá sér ekki fært að fara út á þá braut að takmarka þátttöku þingflokka, þó fámennir væru, heldur að láta alla þingflokka hafa jafnan ræðutíma. Eins og ég hefi áður sagt, vill meiri

hl. ekki fallast á þá till. minni hl., að láta það vera undir náð þingflokkanna komið á hverjum tíma, hvort og hvern þátt utanflokkaþingmenn eiga í slíkum umr. Finnst meiri hl. það óviðkunnanlegt, að þeir fái ekki eins og aðrir þm. að gera grein fyrir skoðunum sínum á þeim vettvangi.

Ég skal að lokum geta þess, að n. athugaði lauslega till. hv. þm. Borgf. á þskj. 139 og hefir ekkert við þær að athuga. Fyrri brtt. gengur út á það að færa ákvæði þingskapanna til nákvæmlega sama horfs og er í stjskr. N. var að vísu á einu máli um það, að ákvæði stjskr. hefði í sjálfu sér gilt, þó ekki væri nákvæmlega tekið fram um það í sjálfum þingsköpunum, sem þó væri eðlilegast, og því væri þessi brtt. til bóta. — Hin brtt. hv. þm. Borgf. miðar að því að gera 24. gr. frv. skýrari. Það mun stafa af misgáningi, að gr. varð svona eftir 2. umr., því forseti lýsti því yfir, að gr. skoðaðist samþ. með þessari leiðréttingu, sem hv. þm. Borgf. leggur til, að gerð sé á henni. En þess hafði þó ekki verið gætt við uppprentun frv., og því er mjög gott, að þessi brtt. skuli hafa komið fram, og sjálfsagt, að hún verði samþ.

***Hannes Jónsson:** Ég tók eftir því, að hv. frsm. n. vék ekki neitt að því, sem ég hafði að athuga við 5. gr. frv., eins og það er, og þykir mér það einkennilegt, því ég hafði ekki gert ráð fyrir því, að n. ætlaðist til, að slíkt ósamræmi geti komið fyrir, sem sumir telja, að Bændafl. hafi viljað skapa á sínum tíma hér á Alþingi með því að stuðla að því, að stjórnarfl. kæmust í þá aðstöðu að hafa ekki meirihlutavald í báðum d. Nú hefi ég sýnt fram á það með glöggum rökum, að eins og þingið er skipað nú í dag, þá getur orðið þannig ástatt, að minni hl. fái synjunarvald í Ed. — Náttúrlega skal ég ekki út af fyrir sig leggja mikið kapp á þetta atriði, en ég hafði búizt við því, að þegar ég hefði gefið þessum mönnum bendingu til þess að ná því takmarki, sem þeir stefndu að, þá myndu þeir taka henni, eða að minnsta kosti gera tilraun til þess að benda á, að rök mín væru ekki eins sterk eins og ég hafði haldið fram. — Ég bið nú átekta að heyra eitthvað frá hv. frsm. um þetta atriði, því ég trúi því varla, að hann mundi liggja svo fast á þeim rökum, sem hann hefir fram að færa gegn því, sem ég hreyfði hér, að hann muni láta það liggja í láginni, að bera það fram hér á Alþingi, nema það sé meiningin, að slá því föstu með lagasetningu, að það hafi verið rangt farið að með skipun Ed. í byrjun þessa kjörtímabils, því ef þetta á að ganga fram óbreytt, þá er það ekkert annað en lögfesting á því, að forseti Sþ. hafi brotið lög á þinginu og þm. En vitanlega hefi ég ekkert á móti slíkri yfirlýsingu frá Alþingi.

Ég skal þá aðeins víkja að brtt. á þskj. 138, um rétt utanflokkaþm. til þátttöku í útvarpsumr. Ég get vel fallizt á, að þessum mönnum verði sköpuð aðstaða til að standa fyrir sínu máli við útvarpsumr., en út frá því er heldur ekki nema eðlilegt að taka það til athugunar, hvort hér kunni ekki að vera dálítið misjafnt á komið með þm. utan flokka. Þeir utanflokkaþm., sem hafa boðið sig fram til þings utan flokka og náð kosningu þannig, hafa dálítið svipaða aðstöðu eins og flokkur og eiga þess vegna meiri rétt til þátttöku í útvarpsumr. heldur en þeir, sem komizt hafa í þá aðstöðu að vera utan flokka á annan hátt. Ég sé, að hv. þm. sumir hverjir brosa, og ég býst við, að þeir geri ráð fyrir, að ég sé að beina þessu skeyti í einhverja sérstaka átt, en svo er þó ekki. Ég vil benda hv. þm. á, að það gæti orðið óskemmtilegur hráskinnaleikur hér á Alþingi út af þessu atriði. Við skulum hugsa okkur, að einhver þingflokkur þættist þurfa að fá meiri styrk heldur en hann á rétt á við útvarpsumr., og væri þá auðvelt að ná í hann aðeins með því að láta einhvern þm. segja sig úr flokknum á meðan á umr. stæði. Slík aðferð sem þessi væri kannske ekki sem bezt rómuð, en möguleiki er samt til þess að misnota þetta ákvæði. Það er líka ástæða til þess að athuga það í þessu sambandi, hvern rétt menn hafa skapað sér eftir því, hvort þeir hafa boðið sig fram í sérstökum flokki eða ekki. Ef t. d. maður býður sig fram í ákveðnum flokki og nær kosningu sem slíkur, þá hefir hann skapað þeim flokki viss réttindi og skyldur strax á fyrsta þingi. Þessi maður, sem þannig býður sig fram í flokksnafni, afsalar sér til flokksins þeim réttindum og þeim skyldum, sem á honum hvíla fyrir það að hafa verið í framboði fyrir hann og náð kosningu. Og það er ekki nema eðlilegt, að það verði öðruvísi ástatt um hann, þegar hann kannske flyzt úr sínum flokki, e. t. v. um stundarsakir, eða e. t. v. til langframa, heldur en um þann utanflokkamann, sem komið hefir fram við kosningarnar sem slíkur og náð þannig kosningu.

Það má kannske líka segja um þessa utanflokkaþm., að nokkur ástæða sé til þess — eins og reyndar er gert hér — að skerða nokkuð réttindi þeirra við útvarpsumr. á móts við það, sem þingflokkarnir hafa, þar sem þeir uppfylla náttúrlega ekki þau skilyrði, sem t. d. nýr flokkur þarf að uppfylla til þess að komast að sem fullgildur flokkur við kosningar. Ég get því ekki á annað fallizt en að nokkur ástæða sé til þess að takmarka þennan rétt hjá þm. utan flokka, þó hann hafi boðið sig fram sem slíkur og náð þannig kosningu, og að sjálfsögðu, ef þeir væru 2 eða fleiri, væri ekki hægt að hafa þetta á annan veg heldur en hér er gert ráð fyrir, að þeir samanlagt hafi ekki meiri rétt heldur en einn þingflokkur. En þá sýnist mér ekki nægilega gengið frá því, hvernig þessi réttur ætti að skiptast innbyrðis á milli þessara manna. Það er sagt, að enginn einn megi hafa meiri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefir til umráða, og ef fleiri eru, þá samanlagt ekki lengri tíma en hver einstakur þingflokkur. En það er ekki beint sagt um það, að þessir menn skuli hafa sama rétt innbyrðis hver gagnvart öðrum. Þetta gæti e. t. v. leitt til þess, að forseti teldi sig hafa rétt til þess að úrskurða um það, hvernig þessi umræðuréttur skyldi skiptast á milli utanflokkaþm., og gæti út af því risið ágreiningur, sem ástæðulaust væri að stofna til, ef hægt væri að komast hjá því, og það sýnist mér auðvelt á þann hátt að taka það skýrt fram, að ef þm.

utan flokka eru fleiri en einn, þá skuli tíminn skiptast jafnt á milli þeirra.

Ég vænti svo, að hv. frsm. vilji svara því, hvert álit n. hefir á þeim aths., sem ég hefi gert á 5. gr. frv., og einnig viðkomandi ákvæðunum um umræðurétt utanflokkaþm. við útvarpsumr. Ég hefi ekki komið fram með neina till. í þessu efni til breyt., en ég vildi þó skjóta þessu fram til athugunar við n., þó það sé kannske þýðingarlaust, ef hún vill ekki taka neitt til greina þær athugasemdir, sem fram eru færðar, þó að á fyllstu rökum séu byggðar.

*__Garðar Þorsteinsson__: Áður en ég fer inn á einstakar brtt., sem fram hafa komið við þetta frv., vil ég með örfáum orðum víkja að því atriði, sem hv. 1. þm. Árn. fór inn á við umr. þessa máls í gær. Hann furðaði sig á því, að ég hafði talið, að annar tilgangur lægi á bak við flutning þessa máls heldur en sá eini að fá einhverjar bætur á löggjöfinni, sem um þetta mál fjallar. Og hann sagðist ekki skilja, hvað ég meinti og hversvegna ég viðhefði slík ummæli. Við fyrri umr. þessa máls skýrði ég nokkuð nánar frá því, hvað ég hafði þar til míns máls, og þessi hv. þm. hefir ekki með einu orði hrakið það, sem ég þá sagði um þetta atriði. Um hitt skal ég vera honum sammála, að það er atriði, sem kannske skiptir litlu um afgreiðslu málsins hér á Alþingi, en hlýtur þó hinsvegar út á við að hafa nokkur áhrif, hvort það sé vitað, að hér sé um verulegar réttarbætur að ræða, eða hvort hér er fram komið frv. til þess að vera í samræmi við þær margendurteknu yfirlýsingar, sem stjórnarblöðin hafa gefið í sambandi við afgreiðslu mála hér á Alþingi. Þessi hv. þm., og heldur ekki hv. 1. landsk., hefir ekki með einu orði andmælt því, að starfslengd þingsins miðaðist við afgreiðslu fjárl., enda er það vitanlegt, að svo er. Og hefir hv. 3. þm. Reykv. með tölum sýnt fram á, að það er síður en svo, að umr. hafi verið dregnar meir úr hófi fram á síðustu þingum af andstæðingum stj. heldur en áður. Að hv. 1. þm. Árn. skilji ekki hvað ég meina með því, að annar tilgangur liggi á bak við flutning þessa máls heldur en aðeins sá að bæta lagabókstafinn, það fæ ég ekki skilið, að geti verið af hreinskilni sagt, þar sem hann veit, að þessar blaðagreinar hafa komið með fyrirheit um það frá stjórnarflokkunum, að það skyldi verða borið fram frv. til þess að takmarka hinar löngu og mörgu ræður, sem fluttar væru hér á Alþingi. Að vísu skal ég viðurkenna, að þetta frv. felur í sér nokkrar umbætur á afgreiðslu mála hér á Alþingi, en hinn raunverulegi tilgangur þess er eigi að síður sá, sem ég hefi nú talað um.

Að því, er það snertir, hvort í 10. og 20. gr. frv. komu fram atriði, sem væru brot á 40. og 48. gr. stjskr., þá hafa þessir 2 þm., hv. 1. þm. Árn. og hv. 1. landsk. alltaf viljað halda því fram, að þetta væri ekki stjórnarskrárbrot, og það væri augljóst af því, að þetta hefði alltaf frá 1874 verið skilið á þann veg, að það væri heimilt að telja þá menn, sem ekki greiddu atkv. með meiri hl. Vildi hv. 1. þm. Árn. í gær telja, að það, að ekki væri fullt samræmi að orðum til í 40. og 48. gr. stjskr., stafaði af því, að þýðandinn hefði ekki í síðari tilfellinu munað, hvernig hann þýddi samskonar atriði í fyrri gr. Og af ræðu þessa hv. þm. hefði mátt skilja, að þetta hefði verið einróma álit allra þeirra manna, sem stóðu að þessari lagasetningu 1874 og 1875, og sagði hann því til staðfestu, að það hefðu verið svo að segja sömu mennirnir á þingi 1874 og 1875. — Nú vil ég taka hér fram nokkur atriði, sem sýna, að þessi hv. þm. fór ekki með allskostar rétt mál. Á Alþingi 1875, þegar þingsköpin voru lögð fyrir, var 36. gr. þingskapanna á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Hvorug þingd. má gera ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þm. séu á fundi og greiði þar atkv.“ — Í þessari gr., og heldur ekki í öðrum gr. þingskapanna, er ekki minnzt á það einu orði, að hægt sé að telja atkv. þeirra þm., sem sitja hjá við atkvgr., með meiri hl. M. ö. o., að þeir, sem stóðu að undirbúningi og flutningi þessa máls í upphafi, töldu eðlilegt og sjálfsagt, að þetta ákvæði væri haft þannig. Þegar þetta mál svo kemur til n., afgreiðir hún það með ýmsum breyt., og að því, er snertir þessa gr., þá setur hún inn ákvæði á þá leið, að ef þm. greiðir ekki atkv., þá skuli hann leiða rök að því, hversvegna hann ekki geri það, og skuli forseti bera það undir þd., hvort ástæðan sé gild, og ef þd. ógildir ástæðuna, þá skuli þm. teljast að hafa greitt atkv. með meiri hl. Um ástæðuna fyrir þessari breytingu segir n. svo: N. virðist nauðsynlegt, að í svo fámennu þingi sem hér væri hverjum þm. gert að skyldu yfirhöfuð að greiða atkv. í hverju máli, nema hann færi gildar ástæður fyrir neitun sinni.“ Þegar þetta kom svo til umr. innan þingsins, þá kom fram í Ed. brtt. frá 5 þm. um það að nema burtu þessa brtt. n. við þingskapafrv. og taka upp gr. eins og hún var í stjfrv. Um þetta segir t. d. Benedikt Kristjánsson, að hann skilji ekki, hvernig menn ætluðu að hafa not af þessari ákvörðun, nema ofan í skýlaus orð stjskr., þar sem sagt væri, að tveir þriðjungar þm. þyrftu að vera á fundi til þess, að gild ályktun yrði gerð í einhverju máli. En það væri sitt hvað, að greiða atkv., og hitt, að manni væri gert atkv. — Og Jón Pétursson segir, að fyrir sitt leyti geti hann ómögulega betur séð en að breytingaruppástunga þessi komi beinlínis í bága við stjskr., sem gengi út frá því, að þm. þyrftu ekki að greiða atkv. sitt, ef þeim þætti það við eiga. — Við atkvgr. fór þannig, að brtt. var felld með 6:5 atkv. Það má því segja, að í Ed. 1875 hafi nær helmingur þm. álitið, að einmitt það sama ákvæði, sem nú á að lögfesta, hafi brotið í bága við stjskr. — Samskonar till. er svo síðar tekin upp í n., og þá koma fram sömu rökin gegn henni, sem sé, að hún brjóti í bága við stjskr. Og segir þá Benedikt Sveinsson t. d., að hann vonaðist eftir því, að þm. hugsuðu sig vel um, áður en þeir greiddu atkv. með þessu, og ef vafi væri á, hvort það kæmi í bága við stjskr. eða eigi, þá væri það eigi samboðið sóma þingsins, að

gefa því þegar atkv., því nógur tími væri til þess að koma breyt. fram. —

Nú skilst mér á þessum 2 hv. þm., sem standa að flutningi þessa frv., sem það hafi verið einróma skilningur þeirra þm., sem stóðu að þessari lagasetningu 1874 og 1875, að þetta hafi verið í fullu samræmi við stjskr., og hv. 1. þm. Árn. sagði því til staðfestingar, að á þingi 1875 hefðu setið svo að segja sömu þm. og 1874. En það er bara þess að gæta, að sá hinn rétti aðili, sem flutti frv. 1874, hefir vel athugað þetta, og þess vegna setti hann ákvæði, sem er í fullu samræmi við þingsköpin eins og þau eru nú og í samræmi við stjskr.

Í síðasta lagi er það af n. fært sem rök fyrir þessu, að þingið sé oft fámennt, og þetta sé ákvæði, sem knýi menn til þess að greiða atkv. með eða móti.

Ég læt þetta nægja til þess að sýna fram á, að það er síður en svo, að frá upphafi þessarar lagasetningar hafi menn verið sammála um, að ákvæði slíkt sem þetta bryti ekki á bága við stjskr. Það kemur þvert á móti ljóslega fram, að menn álitu það. Þó að þessu hafi síðar ekki verið breytt, þá getur það stafað af ýmsu. Það getur stafað af því, að það hafi fyrnzt og menn ekki athugað það lengur, eða þá að menn hafi ekki haft neina sérstaka löngun til þess að breyta ákvæðinu af öðrum ástæðum, ef til vill pólitiskum. En á þinginu 1915 er þessu síðan breytt, og er þar í nál. þingskapan. á þinginu 1915 tekið fram af þeim, sem að því nál. stóðu — en þeirra á meðal voru Hannes Hafstein og Jón Magnússon — að það sé rétt að krefjast þess, að ekki sé gerð nein ályktun nema meiri hluti þm. greiði henni atkv. Þá er þessu ákvæði kippt burtu úr þingsköpunum og sett það ákvæði, sem gildir enn þann dag í dag. Það kemur ekki fram í umr. á Alþingi 1915, hvort þeir, sem stóðu að þessari breytingu, hafi gert það beinlínis vegna þess, að þeir álitu, að ákvæðið væri stjórnarskrárbrot. En það er líklegt, að það hafi verið svo. Og það er, eins og Benedikt Sveinsson sagði 1875, mjög varhugavert, ef meiri hl. þm. notar ákvæðið til þess að knýja fram samþykkt á ákvæði, sem er vafi um, hvort brýtur ekki í bága við stjskr., svo að ég segi ekki meira. Og það er dálítið undarlegt, eftir að búið er að upplýsa, að frá upphafi hafi leikið vafi á því, hvort það væri ekki stjskr.brot, og búið að leiðrétta það í þingsköpunum 1915, ef nú á að fara að setja ákvæði, sem að mínu áliti brýtur tvímælalaust í bága við stjskr.

Hv. 1. þm. Árn. sagðist álíta, að þetta misnunandi orðalag 40. og 48. gr. stjskr. væri vegna ónákvæmrar þýðingar, og að þýðandinn hafi ekki haft hið fyrra orðalag í huga, þegar hann þýddi hina síðari gr. Ég tel þetta mjög vafasamt og hæpið að vilja halda slíku fram, því að það nær engri átt, ef beinlínis er verið að þýða samskonar ákvæði, að þýðandi hafi 8 gr. síðar ekki munað, hvernig hann þýddi hið fyrra ákvæðið, eða gætt að því, hvernig hann þýddi það. Og því óskiljanlegra er það, að þetta hafi ekki verið sett af ásettu ráði, þegar þess er gætt, að það var ekki aðeins undir þýðandanum komið, heldur líka því, hvernig löggjafinn gekk frá því við 3. umr. Það hlýtur að hafa verið þm. algerlega ljóst, að 40. og 48. gr. höfðu mismunandi orðalag að því, er þetta snertir, þar sem annarsvegar er talað um að „eiga þátt í atkvgr.“, en hinsvegar „að greiða atkv.“ Nú skal ég ekki um það deila við hv. 1. þm. Árn., hvort ekki kunni svo að vera, að sama merking sé í þessu tvennu, en ef svo er, þá verður að leggja þá merkinu í orðin, sem gengur lengra og er í fullu samræmi við allar skýringar á lögum.

Ég benti á það við 1. umr., að það er alls ekki sjálfsagt að þetta tvennskonar orðalag í þessum 2 gr. þýði það sama, því að í 40. gr. er búið að fullnægja öðru ákvæðinu til öryggis því, að mál gangi ekki fram of fljótt, með því að krefjast, að í Sþ. greiði meira en helmingur beggja d. atkv. Og það er tvímælalaust, að í 48. gr. getur orðalagið „að greiða atkv.“ aldrei þýtt annað en að segja já eða nei, því að hitt hefði brotið í bága við heilbrigða skynsemi og íslenzkt mál, enda sagði hv. 1. þm. Árn., að hann hefði kosið annað orðalag, og ég skil það vel. Ef hann vill halda því fram, að þetta sé ekki stjskr.brot, og að mismunandi orðalag sé samskonar orðalag, þá skil ég, að hann hefði kosið annað orðalag, en löggjafinn hefir ekki vitað um þessa síðar fram komnu ósk þm. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að menn hefðu í seinni tíð komið sér undan því að greiða atkv. En það er engin nýlunda á þingi, að menn hafi komið sér undan því. Það hefir löngum gengið svo til á Alþingi, og eflaust mikið lengur en þann tíma, sem hv. 1. þm. Árn. hefir setið á þingi, og hefir hann þó setið lengi á þingi. Þetta er t. d. augljóst af nál. 1875 og umr. þá á þingi, sem gengu í þá átt, að menn hefðu komið sér undan því að greiða atkv. Þetta er atriði, sem kemur fyrir á hverju einasta þingi. Þm. hlýtur að vera það frjálst að greiða ekki atkv., þó með þeirri takmörkun, að þeir verða að greina ástæður fyrir því. En ef þeir gefa ekki upp ástæður, þá gæti það valdið því, að þeir yrðu fyrir vítum, eða misstu þingkaup sitt o. s. frv. En þetta getur aldrei náð þeim tilgangi að forða því, að þeir, sem á annað borð vilja aftra framgangi máls með þessum hætti, geti það ekki nákvæmlega eins eftir sem áður. Það er þess vegna að mínu áliti ákaflega röng leið, sem farið er inn á með því að setja ákvæði, sem brýtur jafnvel í bága við stjskr., til þess að ná þessum árangri, sem þó ekki næst vegna þess, að það er önnur leið opin fyrir þá þm., sem ekki vilja greiða atkv., en það er að fara út úr deildinni.

Hv. meiri hl. allshn. hefir borið fram brtt. á þskj. 143 við ákvæðið um, að það megi telja þá þm. með, sem ekki greiða atkv., þess efnis, að það gildi aðeins, þegar nafnakall er viðhaft. Ég sé, að þeir eru heldur að draga niður seglin að þessu leyti, og það gleður mig. Ég er því samþykkur, að þetta ákvæði sé sett, og mun því greiða atkv. með brtt., en hinsvegar gat ég ekki, eins og hv. 1. landsk. tók fram, verið með í því að flytja brtt. við gr., sem ég tel, að þrátt fyrir brtt., brjóti í bága við stjskr. En þessi breyt.,

sem fyrirhuguð er á þessari gr., gengur ekki lengra heldur en til jafns við það ákvæði, sem áður var. Það hefir í fyrri þingsköpunum ekki verið venja að telja þá þm. með við atkvgr., sem ekki hafa greitt atkv., ef ekki hefir verið nafnakall. Svo að þetta er í samræmi við það, sem áður var.

Það hefir verið rætt nokkuð um það í allshn., og einnig hér á þinginu, hvernig aðstaða þeirra, sem eru utanflokka, eigi að vera við útvarpsumræður. Í reglum, sem eru fyrir útvarpsumræðum og eru settar af forsetum Alþingis með samkomulagi við flokkana, hefir þetta verið svo, að forseti Sþ. eða d., eftir því, hvort hefir verið útvarpað frá Sþ. eða d., hefir leyfi til þess að heimila utanflokkamanni að tala í útvarp, og reyndin hefir verið sú, að utanflokkamenn hafa fengið tækifæri til þess. Ég veit, að hv. þm. V.-Ísf. hefir talað í útvarp, ekki fyrir flokk, heldur sem utanflokkaþm., að minnsta kosti tvisvar sinnum. Nú hefði ég vel getað unað því, að þetta ákvæði stæði áfram, ekki í reglum fyrir útvarpi, heldur að það kæmist inn í lögin og þingsköpin, að forsetar heimiluðu utanflokkaþm. einhvern nánar tiltekinn ræðutíma, sem vitanlega væri ákveðinn í samráði við hina ýmsu flokka, sem að umr. stæðu. Ég hafði ekki álitið fyrr en í gær og í dag, að það væri ágreiningur um þetta atriði. Og ágreiningurinn kemur fram við það, að hv. 2. landsk. kemur fram með þau tilmæli, að utanflokkaþm. sé veittur aukinn réttur til þátttöku í útvarpsumræðum, og stjórnarflokkarnir, að minnsta kosti hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Árn., hafa lýst því yfir báðir, að þeir vildu styðja þessi tilmæli 2. landsk., og hv. 1. landsk. hefir borið fram brtt. þar að lútandi og hv. 1. þm. Árn. tjáð sig fylgjandi þeirri brtt. Ég er á móti þessari brtt. Ég fæ ekk séð neina ástæðu til þess, þar sem það verður lögbundið, að umr. við útvarp megi ekki fara fram úr ákveðnum tíma, og þar sem sá tími, sem upphaflega var settur inn í reglurnar, hefir ekki verið lengdur, þá hlýtur þessi brtt. eða sá tími, sem utanflokkaþm. fá samkv. henni, að minnka þann tíma, sem þingflokkarnir annars ættu að hafa. Nú er það eflaust svo, að það má færa nokkur rök fyrir því, að utanflokkaþm. eigi sanngirniskröfu til þess að fá að taka til máls og ræða um afstöðu sína til einstakra mála innan Alþingis, og er ég út af fyrir sig sammála þeim ummælum, sem hv. þm. V.-Húnv. hafði áðan, að það gilti sérstaklega um þá þm., sem bjóða sig fram utan flokka, að þeir ættu rétt á að fá tækifæri til þess að taka þátt í útvarpsumræðum. En ég sé ekki, að það þurfi að samþykkja hið viðbætta ákvæði á þskj. 138 til þess að tryggja þessum utanflokkaþm. þennan rétt. Þeir hafa hann samkv. fyrri ákvæðum, og mundu hafa hann, þó frv. væri samþ. óbreytt. En hinsvegar verður að líta á það, að utanflokkamenn eru annaðhvort í stjórnarandstöðu eða með stj. Þeirra afstaða í útvarpsumræðum hlýtur í höfuðdráttum að vera sú sama eins og hún er innan þingsins að því, er snertir afstöðu þeirra til stj. Við útvarpsumræður hljóta þeir því að vera í stjórnarandstöðu eða með stj., en í báðum tilfellum finnst mér, að það raski því jafnvægi, sem annars er við útvarpsumræður milli hinna einstöku flokka. Það er líka eitt atriði í þessu, sem verður að taka til athugunar, og það er, hver eigi að úrskurða um það, hvort þm. er utan flokka eða ekki. Er nægilegt, að það komi fram yfirlýsing þm. sjálfs um það, að hann sé utan flokka, eða þarf hann að hafa lýst því áður yfir, eða er nóg að gera það, þegar útvarpsumræður fara fram? Eða á Alþingi að úrskurða um það, hvort einhver þm. við útvarpsumræður á að skoðast utan flokka. Eða eiga forsetar að ákveða það? Mér virðist, að þarna hljóti að koma fram ýms atriði, sem valda deilum og ágreiningi, þegar útvarpsumr. eiga að fara fram. Þó þm., sem hefir boðið sig fram utan flokka, ætti því að öllu óbreyttu að eiga nokkra sanngirniskröfu til þess að fá að tala í útvarp, þá gæti svo farið, að aðstaða hans væri á þinginu, næst eftir að framboð fór fram, orðin svo breytt, að þó að hann að nafninu til væri utan flokka, þá væri hann þó í raun og veru flokksmaður. Það er sagt, að hv. þm. V.-Ísf. telji sig enn utan flokka, en sé þó í mjög nánu samstarfi við annan stjórnarflokkinn, nefnilega jafnaðarmenn. Mér er sagt, að hann sé í kosningabandalagi við þá og að hann sæki flokksfundi hjá þeim. Hann skrifaði líka undir samninginn, sem stjórnarflokkarnir gerðu með sér. Hver verður nú afstaða þessa hv. þm., þegar til útvarpsumræðna kemur? Á að skoða hann sem utanflokkamann, af því að hann bauð sig einu sinni fram sem slíkur, og vegna þess að hann hefir ekki gefið það beinlínis upp, að hann væri genginn í flokk? Á ekki afstaða hans að skoðast með tilliti til hins nána sambands við annan stjórnarflokkinn? Þegar til útvarpsumræðna kemur, þá fá jafnaðarmenn sinn ákveðna tíma, en auk þess óskar hv. þm. V.-Ísf. eftir að fá að tala líka. Hann fær eftir l. hálfan tíma á við flokk. Að sjálfsögðu tekur hann upp stefnu þess flokks, sem hann er í kosningabandalagi við og sækir flokksfundi hjá. Jafnaðarmenn myndu því fá hálfu lengri tíma við útvarpsumræður en aðrir þingflokkar. Það er að minnsta kosti ekki ósanngjarnt að setja einhverjar hömlur við því, að þetta eigi sér stað. Ég hefi þess vegna borið fram brtt. í þá átt, að utanflokkaþm. sé að sjálfsögðu heimilað að tala í útvarp, en að sá réttur þeirra takmarkist við það, að það sé einhver þingflokkur, sem veiti þeim hluta af sínum tíma til þess að tala í útvarp. Ég skal geta þess, að till. hefði mátt orðast betur. Orðið „þeim“ vísar til „þingflokka“, en ekki „þingmanna“. Ég vona, að þetta misskiljist ekki, enda er hægt að breyta því síðar. Það hlýtur alltaf að koma fram ágreiningur um það, hvernig eigi að skilja afstöðu slíkra manna. Þegar afstaða þeirra er orðin breytt gagnvart stj. og flokkunum frá því þeir buðu sig fram, þá verður að taka tillit til þess. Ég geri ráð fyrir, að þetta væri tekið þannig af andstöðuflokki, að ef sú aðferð yrði viðhöfð, sem hv. þm. V.-Húnv. drap á, þá ætti það sér stað, ef til vill, að einn eða fleiri þm. segðu sig úr flokki og segðust vera utan flokka og heimtuðu að fá að tala í

útvarp. Ég fæ ekki séð, að það væri hægt að meina þessum mönnum það. Það væri reyndar neyðarúrræði, ef til þess kæmi, að gripið væri til slíkra ráða til þess að ná því jafnvægi, sem annars á að vera við útvarpsumr. Mér er það alveg ljóst, að það hlyti að vera ágreiningur t. d. um það, hver væri afstaða hv. þm. V.-Ísf. við útvarpsumræður. Er hann utanflokkaþm. eða svo nátengdur jafnaðarmönnum, að hann verði að skoðast sem hold af þeirra holdi.

Svo er annar utanflokkaþm., sem ætti þó að vera nefndur innan gæsalappa, og það er hv. 2. landsk. Hver er afstaða hans við útvarpsumræður? Á fundinum við Ólfusá, sem haldinn var fyrir alllöngum tíma, lýsti hann því yfir, og einnig hefir hann lýst því yfir hér í þinginu, að hann væri alls ekki genginn úr Bændafl. En í bréfi til stjórnar Bændafl. segir hann, að hann hafi slitið samvinnu við flokkinn. Hann upplýsti síðar, að hann hefði ekki sjálfur farið úr flokknum og að hann ætti orðið að kunna, hvernig menn eigi að fara að því að segja sig úr flokki. Hann sagði, að með orðalaginu, sem var á bréfinu, þá hefði hann aldrei sagt sig úr flokknum. Og hann endurtók það á þinginu, að hann væri hinn eini rétti og sanni bændaflokksmaður. Er hv. þm. í Bændafl. eða er hann utan flokka? Eða eru þeir hv. þm. V.-Húnv. og hv. 10. landsk. utan flokka? Annaðhvort hlýtur að vera, ef þeir eru ekki saman í flokki. (**MT:** Hv. þm. skilur víst ekki sjálfan sig). Ég fæ ekki séð, hvernig færi við útvarpsumræður, þegar þessi hv. þm. segist í öðru orðinu vera ákveðinn flokksmaður, en í hinu orðinu myndi hann óska þess að fá að tala sem utanflokkaþm. í útvarp. Og ef það er rétt, sem Bændafl. segir, að þessi hv. þm. sé flokkssvikari, þá fæ ég ekki séð, að Framsóknarfl. ætti, ef dæma má eftir fyrri afstöðu hans til slíkra manna, að vera það ljúft, að settur sé hár púði undir höfuð flokkssvikara. Ég sé ekki, að fyrri afstaða þeirra réttlæti það að veita hv. 2. landsk. sérstakt virðingarsæti við útvarpsumr. Ég get ekki séð, hvernig þeir geta réttlætt það að leyfa honum að tala sem utanflokkaþm., ef það er rétt, sem Bændafl. segir, að hann sé flokkssvikari. Hvernig sem þessu er varið, þá er það erfitt, að draga línu fyrir því, hver er utan flokka, og hver er það ekki. Og ég er viss um, að það koma fram mótmæli gegn því, að útvarpsumræður slíkra manna séu leyfðar. En hitt vil ég taka fram, að mér hefði fundizt aðstaða hv. þm. V.-Ísf., ef hann væri ekki svo tengdur jafnaðarmönnum, allt önnur en hv. 2. landsk., vegna þess að hann bauð sig fram sem utanflokkamaður. En hv. 2. landsk. komst aftur á móti að á atkv. Bændafl. Hans vera á þingi er því fyrir náð Bændafl., og til hvaða manna á hann svo að tala, þegar hann er genginn úr flokknum? Aðstaða hans á þingi er því mjög einkennileg. Mér virðist að það þyrftu að koma fram mjög ákveðnar línur fyrir því eða reglur um það, hvenær og undir hvaða kringumstæðum mætti skoða slíka menn sem hv. 2. landsk. og hv. þm. V.-Ísf. sem raunverulega utanflokkaþm., sem ættu að öðlast þann rétt, sem farið er fram á, að þeim sé veittur með brtt. hv. 1. landsk. (**MT:** Ég skal svara hv. þm. í útvarpið). Ég hugsa, að það fari ekki svo fyrir mér, að ég vinni til að svíkja minn flokk til þess að fá að tala í útvarpið.

ATKVGR.

Brtt. 139,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 143,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 139,2 samþ. án atkvgr.
— 143,2 samþ. án atkvgr.
— 138,1 samþ. án atkvgr.
— 144 felld með 17:12 atkv.
— 138,2 samþ. með 17:10 atkv.
— 138,3—4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 16. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 147).

Á 26. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 245, 254, 255).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. til l. um breyt. á þingsköpum Alþingis hefir gengið í gegnum Nd., og virtist vera þar lítill ágreiningur um meginhluta þeirra breyt., sem í því felast. Þó að þetta frv. sé í mörgum gr., þá eru flestar þeirra aðeins leiðréttingar og samræming á þingsköpunum, sem leiðir af aðalbreytingunum. En í nokkrum gr. frv. felst samt allveruleg efnisbreyting frá núverandi þingsköpum. Allshn. þessarar d. hefir haft frv. til athugunar og tekið það til rækilegrar yfirvegunar. Hefir n. orðið sammála um að afgr. frv. til d. og gera á því nokkrar breyt. Aftur á móti hafa tveir hv. nm. flutt brtt. á sérstöku þskj., sem mun verða gerð grein fyrir.

Þær breyt., sem allshn. er sammála um að leggja til, að gerðar verði á frv., eru að vísu sex að tölu, en þær eru ekki miklar efnisbreyt., nema tvær þeirra. Hinar má frekar telja leiðréttingar eða til samræmingar vissra gr. í frv.

Skal ég þá fara örfáum orðum um þessar brtt., sem öll n. flytur.

Fyrsta brtt., sem er við 5. gr. frv., fer fram á tvenns konar efnisbreyt. Í fyrsta lagi er í brtt. gert ráð fyrir, að flokkar þingsins geti sameinazt um lista til kosningar til Ed. Í frv., eins og það er nú, er svo ákveðið, að hver þingflokkur skuli vera skyldur til að tilnefna þá tölu þm. til Ed., sem honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í Sþ. N. lítur svo á, að það a. m. k. geti orkað mjög tvímælis, hvort eftir þessari gr., eins og hún er í frv., sé heimilt fyrir tvo þingflokka að tilnefna sameiginlega á lista við þessar kosningar. Sumir af nm.

líta svo á, að eftir frv. sé þetta heimilt. En allshn. þessarar d. var sammála um, að þetta gæti valdið ágreiningi, og sumir hv. nm. hafa skilið orðalag frv. svo, að þingflokkunum bæri skylda til hverjum út af fyrir sig að tilnefna þá tölu, sem þeim bæri að tilnefna eftir atkvæðamagni sínu í Sþ., og að þeir mættu ekki tilnefna nema sína eigin flokksmenn. N. kom saman um, að þetta væri sanngjörn lagfæring, að flokkum skyldi heimilað að sameina sig um lista til kosningar til Ed. — Ennfremur er í þessari brtt. gert ráð fyrir, að þeir menn, sem sæti eiga á Alþingi og eru utan flokka, geti einnig sameinað sig þingflokki eða flokkum um kosningu til Ed. Það virðist í alla staði rétt, að þessi möguleiki sé opinn. — Þá er annað atriði í þessum brtt., að þar er lagt til, að ef svo vill til, að tveir eða jafnvel fleiri flokkar eða kjöraðiljar hafa jafnan rétt til að tilnefna mann í eitt sæti í Ed., þá skuli hlutkesti ráða úrslitum í því efni, eftir að hvor (hver) þeirra hefir tilnefnt mann í vafasætið.

Þá er önnur brtt., við 8. gr. frv., að í stað orðanna „sætið hafði“ komi: „skipa á sætið eftir reglu 6. gr.“ Í þessari gr. frv. er sem sé gert ráð fyrir því, hvernig fara skuli að, ef sæti losnar í Ed. á kjörtímabilinu og nýr maður er kosinn í sætið. Frvgr. gerir ráð fyrir, að sá þingflokkur, sem sætið átti í Ed., skipi mann í það aftur. En með brtt. n. er lagt til, að þegar svona kemur fyrir, þá sé sætið skipað eftir þeim reglum, sem um getur í brtt. okkar nr. 1, m. ö. o. eftir reglum 6. gr. þingskapa. En 5. gr. frv., sem brtt. nr. 1 á þskj. 255 er við, á að verða 6. gr. þingskapa.

Vel má vera, að mönnum í fljótu bragði þyki orka tvímælis, hvort þessi breyt. sé til bóta. En ég hygg, og n. var öll sammála um það, að Ed. yrði fremur skipuð sem næst pólitísku fylgi flokka í þinginu eftir ákvæðum brtt. okkar heldur en eftir ákvæðum frv. í þessu efni. Því að maður getur hugsað sér, að Ed. væri skipuð þannig, að stjórnarflokkur, eða yfirleitt stuðningsmenn stjórnarinnar á þingi, ætti rétt aðeins meiri hl. þm. í Ed., en sæti stjórnarmanns þar losnaði. Þótt svo færi við nýjar kosningar að kosinn væri stjórnarandstæðingur, ætti stjórnarflokkurinn að skipa sætið samkv. frv., en við það röskuðust hlutföllin á milli þingflokkanna í d. Þetta kemur náttúrlega ekki til, nema þegar svo stendur á, að ríkisstj. á þeim tíma hefir ekki nema aðeins meiri hl. á þingi. Ef hún hefir efalausan meiri hl., t. d. 27 atkv. í Sþ., þá kemur slík röskun í hlutföllum af þessum sökum ekki til greina. En ef hún hefir 25—26 atkv. í Sþ., og 26 atkv. þarf hún að hafa í Sþ. til þess að geta haft meiri hl. í báðum d., þá getur þessi röskun komið til greina. Ég hygg, að ekki sé þörf á að setja þetta dæmi upp skýrar, því að ég hygg, að hv. dm. geti áttað sig á því, að það verður alltaf réttlætanleg aðferð að skipa autt sæti í Ed. eftir sömu reglum og d. er skipuð í byrjun eftir almennar kosningar.

3. brtt. er nánast orðabreyt., en þó er þar efnisbreyt. að vissu leyti. Þar er lagt til, að í stað orðanna „og skal þá forseti skipta sem jafnast“ komi: „og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast.“ Það getur nefnilega staðið svo á, að ef ekki er strax í upphafi skipt tímanum sem jafnast á milli flokkanna, þá geti komið fram nokkurt misræmi. Þess vegna telur n. réttara að nota þetta orðalag, að forseti skuli skipta sem jafnast umræðutímanum í heild. Þetta gildir sem sé um það, þegar ræðutími er styttur.

Þá er 4. brtt., við 33. gr. frv., stafl. b, sem aðeins er leiðréttíng, þannig að lagt er til, að í stað orðanna „ef fleiri eru en einn“ í síðasta málsl. komi: „ef fleiri eru en tveir“. Er þetta ákvæði um utanflokkamenn. En samkv. ákvæðum gr. getur ekki komið til greina að skipta ræðutímanum á milli þeirra, vegna þess að þeir hafa fullan ræðutíma, þó að þeir séu tveir. Það kemur aðeins til greina, þegar utanflokkamenn eru þrír; þá verður ræðutíminn svo stuttur, sem þeim er ætlaður, ef styttar eru umr., að skipta verður honum á milli þeirra, þannig að séu þeir 3 eða fleiri, fái þeir samt ekki allir samanlagt meiri tíma til umr. heldur en hver þingflokkur.

5. brtt. er aðeins til skýringar. Þar er tekið fram, svo að ekki geti orkað tvímælis, hvað er umferð í útvarpsumr. N. virtist nauðsynlegt að taka þetta fram, af því að búið er í gr. að ákveða, að utanflokkamenn skuli hafa rétt til að taka þátt í útvarpsumr.

Þá er 6. brtt. við 33. gr. d., 54. gr. þingskapa, sem er um það, að þegar útvarpað er umr. um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fái hver þingflokkur til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptist í tvær umferðir. Ákvæðin í 33. gr. frv. undir stafl. d. geta ekki staðizt, eftir að þingflokkar eru orðnir a. m. k. 4 og einhverjir þm. utan flokka, þ. e. ákvæðin um það, að ekki megi útvarpsumr. standa lengur en 3 stundir um þau mál, sem þar segir, og að flokkarnir fái þó ræðutíma, eins og þar segir. Þess vegna hallaðist n. að því ráði að ákveða bara tímalengdina, sem hver flokkur eða aðili fær, sem tekur þátt í útvarpsumr., en n. sá sér ekki fært að ákveða tímalengdina í heild, því að slíkt gæti valdið þeim árekstri, sem ég hefi getið.

Um staflið b. í þessari brtt. okkar er það að segja, að n. varð sammála um að lengja þetta lágmarkstakmark viðvíkjandi styttingu ræðutíma í útvarpsumr. úr 2 klst. í 3.

Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt., né heldur ræða um brtt. á þskj. 254, sem þeir hv. 1. þm. Skagf. og hv. 10. landsk. flytja, fyrr en þeir hafa gert grein fyrir þeim. Ég vil aðeins geta þess, að í Nd. komu fram brtt. mjög svipaðar að efni og þær, sem fluttar eru á þskj. 254. en náðu ekki samþ. þar.

Magnús Guðmundsson: Eins og hv. frsm. n. tók fram, þá var ekki samkomulag í allshn. um öll atriði þessa máls, og þess vegna flyt ég og hv. 10. landsk. nokkrar brtt. á þskj. 254. Þessar brtt. eru fjórar, en í rauninni standa þær allar í sambandi við eina og sömu breyt. á þingsköpunum, sem sé þá, er felst í 16. og 28. gr. þessa frv., um það, að ef einhverjir þm. eru á fundum og taka ekki þátt í atkvgr. við nafnakall, þá

skuli það teljast svo, að þeir taki þátt í atkvgr. Við lítum svo á, að slíkt sé ekki samrýmanlegt ákvæðum stjskr. Í 40. gr. stjskr. stendur:

„Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þm. út hvorri þingd. að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál, ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frv. til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim."

Svo stendur í 48. gr. stjskr., að hvorug þingd. geti gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingd. sé á fundi og greiði þar atkv. Hér er það m. ö. o. sagt skýrt í 48. gr. stjskr., sem áreiðanlega liggur í 40. gr. hennar, að það þarf meira en helmingur þdm. að greiða atkv. til þess að samþykkja mál. Ef maður tekur t. d. þessa hv. d., þar sem eru 16 þm., þá þurfa fyrst og fremst 9 þm. að vera á fundi til þess, að hægt sé að samþ. mál. Og ef þeir greiða allir atkv., þá er nóg að 5 séu með, þó að 4 séu á móti, til þess að mál sé samþ. En eftir þessari breyt. skilst mér, að það skipti engu máli, hversu margir eru með, ef bara einhver er með, og ef hinir ekki greiða atkv. Ég sé ekki betur en að eftir orðalagi 16. gr. frv. þá sé það nóg, ef einn einasti maður greiðir atkv. með máli, þó að allir hinir sitji hjá, því að eftir ákvæðum 16. gr. frv. eru þeir taldir taka þátt í atkvgr. hvort sem þeir greiða atkvæði eða ekki. Það eitt er sagt í gr., að afl atkv. ráði um einstök málsatriði. Og svo er síðar í mgr. felld burtu sú skilgreining, sem segir fyrir um, hvað sé afl atkvæða. Í þingsköpum er sagt, að við nafnakall sé það að greiða atkv., að gera annaðhvort að játa eða neita. En hér á að ráða þesskonar afl atkvæða, að e. t. v. greiði aðeins einn þm. atkv. með máli, en hinir allir sitji hjá. Mér finnst það alls ekki vera ströng krafa, sem nú er gerð í þingsköpum til þess, að mál nái samþykki í Ed., að 5 þdm. séu með, þó að 4 séu á móti, ef ekki eru nema 9 á fundi. En þessi krafa er nú mjög sett niður með áminnstu ákvæði. Þetta atriði gæti þó kannske verið athugunarvert, ef ekki stæði svo á, að skýrum stjskr.ákvæðum um þetta atriði verður ekki breytt með einföldum lögum, eins og allir vita.

Það er kunnugt, að ástæðan til þess, að lagt er til, að þetta ákvæði verði sett inn í þingsköpin, er sú, að það hefir stundum komið fyrir, að andstæðingar máls hafa neitað að greiða atkv. við nafnakall og einnig neitað að gera grein fyrir því, hvers vegna þeir greiddu ekki atkv.,, þegar þeir sáu, að þeir gátu með því stöðvað mál í bili. En er þetta nú svo hættulegur hlutur? Mér er ómögulegt að sjá að svo sé, því að ef virkilega er til í þinginu eða d. meiri hl. fyrir máli, þá kostar þetta ekkert annað en það, að atkvgr. um málið verður að dragast til næsta dags, þangað til allir geta verið á fundi, sem fylgja því. Sé sá meiri hlutí aftur á móti ekki til, á málið að falla.

Það má í þessu sambandi minna á, að það er skyldi þm. yfirleitt að vera á þingfundum og greiða atkv. Það segja þingsköp. Þess vegna er skyldubrot að greiða ekki atkv. og líka að vera ekki á fundi. Svo er sett kórónan á alla þessa málsmeðferð með því, að samtímis því að það á að þvinga menn til að greiða atkv., þá er jafnframt numið í burtu það refsiákvæði, sem tiltekur viðurlög við því að greiða ekki atkv. Eitt er þó víst, og það er, að þeir menn, sem eru á móti máli, geta náð nákvæmlega sömu niðurstöðu eins og með því að greiða ekki atkv., þegar þeir eru staddir á fundi, nefnilega með því að ganga af fundi, og það var algengt áður fyrr. Ég get þess vegna ekki séð, hvað hv. meiri hl. vill vinna á með því að setja þetta ákvæði inn í þingsköpin, því að aldrei er hægt að neyða þá menn, sem eru á móti máli, til þess að vera viðstaddir, þegar atkvgr. fer fram. Til þess eru engin meðul. Það eina meðal, sem hingað til hefir verið til í þessu efni, er að taka af þm. þingpeningana. En nú á að nema þann möguleika burt. En það, sem verst er í þessu efni og með öllu óhafandi, er það, að þessi ákvæði frv. geta alls ekki samrýmzt stjórnarskránni. Þar er gerð krafa til, að ákveðinn hluti þm. greiði atkv., en svo koma þingsköpin og segja, að þó þm. greiði ekki atkv., teljist hann hafa greitt atkv. Þess vegna er það skoðun mín og hv. 10. landsk., að með öllu sé ófært að setja ákvæði sem þetta inn í þingsköpin. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, ef hæstv. forseti telur þetta samrýmanlegt stjskr., eða telur heimilt að snúa orðum hennar þannig alveg við og segja þveröfugt við það, sem hún segir, eins og ég hefi sýnt fram á, og þetta er það, sem tvær fyrstu brtt. okkar hv. 10. landsk. þm. á þskj. 254 eru stílaðar við.

Með 3. brtt. er tilætlunin að fella burtu 31. gr. frv., því í þingsköpum verður að vera skilgreining á, hvað sé afl atkvæða. A. m. k. verður þessi gr. að falla niður, ef 16. og 28. gr. frv. verða ekki samþ. og enda hvort sem er, því það er ekki hægt að kalla það afl atkvæða, ef menn gera hvorki að segja já eða nei, en eru taldir greiða atkvæði.

Ef farið yrði að nota þessa nýju þingskaparegla á almennum fundum, þá yrði það talið nægja, að einn maður greiddi atkv. með till., en allir aðrir sætu hjá. Þá ætti að telja, að afl atkv. hefði ráðið, því allir fundarmenn væru taldir með, ef fylgja ætti þeim reglum, sem nú á að setja á Alþingi. (**Forseti:** Þegar viðhaft er nafnakall). Já, við getum hugsað okkur, að nafnakall sé notað hvar sem er, og ef slíkt fylgi er talið nægilegt, þá fer að verða lítið byggjandi á meirihlutasamþykktum, og ekki væri undarlegt, þó að slíkt fyrirkomulag þætti hlægilegt. Þó er sá mikli munur, að ekki er því til að dreifa á almennum fundum, að hafa ákvæði stjskr. að engu, því að þar gildir hún ekki. Stjskr. heimtar, að meira en helmingur greiddra atkv. þurfi að vera með máli til þess að það sé löglega samþykkt.

Þá er síðasta brtt. okkar, um að 35. gr. falli burt. — Við sjáum enga ástæðu til, að þingvítin falli burt; er engin ástæða til að hlífa þeim mönnum víð þingvítum, sem láta dragast úr hömlu að sinna þingstörfum. Það er rétt, að þessum ákvæðum hefir ekki verið framfylgt hér á þingi, en það er ekki til að auka agann, þegar þessi ákvæði um refsingu eru alveg felld burt.

En undarlegra er þó, þegar þessir sömu menn, er vilja neyða þm. til að greiða atkv., vilja fella niður vítin við því, að þm. gangi burt af fundi fyrir atkvgr. Þetta munu menn því gera framvegis, ef þeir sjá, að þeir geta með því hindrað framgang máls í bili eða til lengdar. Við þessu er ekkert að segja, því að þm. mega beita öllum löglegum ráðum til þess, að mál, sem þeir eru á móti, gangi ekki fram. En ef meiri hl. er í raun inni til fyrir máli í þingdeild, kemst það fram næsta eða næstu daga, þegar allir eru við, sem sæti eiga í deildinni. En ef ekki er meiri hl. til, á málið að falla. Ég vil þess vegna vona, að brtt. okkar hv. 10. landsk. á þskj. 254 verði samþ., því ég tel, að þingsköpin komi alveg nákvæmlega að sama haldi, þó það verði gert, og að það geti ekki valdið neinum töfum eða erfiðleikum við þingstörfin, þó að það verði gert. Eitt vil ég benda á í þessu sambandi, og það er, að ef frv. verður samþ. eins og það er nú, þá getur stjórnarflokkur komið fram málum á þennan hátt, þrátt fyrir það, þó ýmsir úr þeim flokki væru þeim mótfallnir. Þá verður aðferðin sú, að þeir af þægð við stjórnina láta vera að sækja fund, til þess að þurfa ekki að greiða atkvæði.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Þó að ég hafi ekki mikinn þátt tekið í umr. um frv. þetta til laga um breytingar á þingsköpum, þá átti ég nokkurn þátt í því á sínum tíma að fá forseta Alþingis, ásamt skrifstofustjóra þess og tveimur lögfræðingum, til þess að taka þingsköpin til athugunar. Árangurinn af samstarfi þessara manna er svo frv. það, sem nú er rætt um hér í d. — Það, sem aðallega hefir verið rætt um hér í hv. d., eða haldið mjög fram af hv. 1. þm. Skagf., er ákvæðið um, að þeir þm., sem ekki greiða atkv., skuli teljast sem þeir hafi greitt atkv., þó að þeir hafi setið hjá, og telur hann, að þetta sé brot á 48. gr. stjskr. Eins og bent hefir verið á, þá er þetta ákvæði sett hér til þess, að þm. geti ekki skotið sér undan þingskyldu sinni um að greiða atkv. 48. gr. stjskr. segir, að afgreiðsla mála sé lögmæt, ef meira en helmingur dm. eða þm. allra í Sþ. sé mættur á fundi og greiði atkvæði, en það er barnaleg misnotkun á þessari gr., eins og er í þingsköpunum, að sleppt er aðalatriðinu eða því, sem skiptir mestu máli, að þm. getur skotið sér undan að greiða atkv. án lögmætra ástæðna. En hvers vegna skyldi þm. ekki greiða atkv., ef hann getur ekki fært fullnægjandi rök að ástæðum, ef það væri ekki gert einmitt í þeim tilgangi að tefja framgang máls, — tefja fyrir störfum þingsins á óleyfilegan hátt?

Ég skal svo, til þess að eyða ekki löngum tíma í að þræta um þetta, benda á það, sem fram hefir verið tekið við umr. þessa máls í Nd., að þetta ákvæði er nákvæmlega eins í stjskr. Dana og þingsköpum þeirra, — og í stjskr. annara Norðurlanda, því að þær eru yfirleitt líkar allar —, og um þetta ákvæði í þingsköpum Dana hafa fjallað beztu lögfræðingar þeirra, og ég veit ekki til, að neinum manni þar í landi hafi dottið í hug að halda því fram, að það væri stjórnarskrárbrot. Ég sé ekki heldur, að hér sé verið á neinn hátt að brjóta anda stjskr., heldur er þvert á móti verið að auka öryggið, þar sem verið er að skylda þm. til að rækja skyldur sínar.

Það hefir verið talað um, að þm. mundu ganga út. Ef svo er, þá er bezt, að þeir geri það; það er gott, að þjóðin sjái, hverjir það eru, sem neita að gera skyldu sína, og það er ekki nema gott, að það sjáist, hvað slík vinnubrögð verða vel liðin. Ég býst við, að það muni enginn flokkur gera nema einu sinni.

Ég skal svo ekki lengja umr. meira, en vildi aðeins benda á, hvílíkar fjarstæður það eru hjá hv. 1. þm. Skagf., þegar hann er að tala um stjórnarskrárbrot í þessu sambandi, og ég skil satt að segja ekki í, að honum, jafnskynsömum manni, og jafnframt lögfræðingi, skuli detta í hug að halda slíkri fjarstæðu fram, eða hvers vegna hann gerir það.

__Magnús Guðmundsson__: Það er vitanlega mjög langt frá því, að hæstv. forsrh. hafi sannfært mig, þó að hann tali um barnaskap og fjarstæðu, því það eru engin rök. Hann talaði um danska stjórnarskrá og dönsk þingsköp, en ég veit ekki til, að þau gildi hér. Ég hefi lesið hér upp íslenzka stjskr., og fer eftir henni, en ekki danskri. Hann segir, að þetta umdeilda ákvæði sé sett til þess að neyða menn til að greiða atkv., en hann viðurkenndi þó, að menn eiga annan útveg, sem sé þann að ganga út. Og er þá ekki alveg þýðingarlaust og unnið fyrir gýg að misþyrma stjskr. eins og hér er gert?

Hann sagði, að það væri rétt, að þjóðin fengi að vita, hverjir það væru, sem ekki greiddu atkv., með því að ganga af fundi, en þjóðin fær alveg á sama hátt að vita, hverjir það eru, sem ekki greiða atkv., þegar viðhaft er nafnakall.

Það er alveg rétt, sem ég sagði, að stjskr. heimtar það, sbr. 48. gr., að meira en helmingur þm. í hvorri deild sé viðstaddur og greiði atkv. En svo eiga að koma þingsköp, sem segja, að þeir, sem ekki greiða atkv., skuli teljast hafa greitt atkv. Ef þetta er ekki að snúa við hlutunum, þá veit ég ekki, hvað er að snúa þeim við og umhverfa þeim. Ef við berum saman 48. gr. stjskr. og þá staði aðra, sem um þetta fjalla, þá er skýrt og greinilegt, að beinlínis er átt við það, að þm. hafi greitt atkv. með því að svara játandi eða neitandi, eða m. ö. o., það eitt er talin þátttaka í atkvgr. að svara beint með **já** eða **nei**, en hér er átt við í þessu frv., að þeir, sem engu hafa svarað, þeir skuli teljast hafa sagt já eða nei, eða m. ö. o., það á að telja, að þeir hafi gert allt annað en þeir gerðu. En vitanlegt er, að afleiðingin af því, þó að það sé látið óátalið, að menn greiði ekki atkv., getur ekki orðið önnur en sú, eða valdið öðru en því, að draga afgreiðslu málsins til næsta dags.

Í þingsköpunum stendur, að þm. megi ekki vera fjarverandi nema með leyfi forseta. En hvenær er þessa gætt? Hvernig er þetta framkvæmt? Maður sér d. oft hálftómar. Með þessu nýja þingskapaákvæði er ýtt undir þetta. Þrátt fyrir þetta blæs hæstv. ráðh. sig upp og lætur sem það sé einhver stórglæpur, þó maður greiði ekki atkv. um mál, sem hann er á móti, til þess að það gangi ekki í gegn. Er nokkur von til þess, að menn séu að hjálpa máli, sem þeir eru á móti?

Ef málið hefir meiri hluta fylgi, þá getur þetta ekki valdið fresti lengur en til næsta dags, því þá hlýtur að vera hægt að ná saman öllum þeim mönnum, sem eru málinu fylgjandi. Eftir þessum nýju þingsköpum fæst afl atkv. nægilegt til afgreiðslu máls með því að einn þm. segi já, en allir hinir sitji hjá. Fer þá að verða lítil trygging fyrir, að málin hafi meiri hluta fylgi, ef slíkt getur talizt samþ. — Ég hirði svo ekki um að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en tek það fram, að mér er ómögulegt að sjá annað en að þetta sé beinlínis brot á 48. gr. stjskr.

***Pétur Magnússon:** Ég felli mig ekki alskostar vel við 1. brtt. á þskj. 255, þar sem segir: „Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þm. sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi.“ Það er um kosningu til Ed. E. t. v. má hártoga þetta, en a. m. k. er ekki alveg augljóst, hvernig á að skilja orðin „honum ber“ o. s. frv. Líklega á þó að skilja það þannig, að flokkurinn hafi skyldu til þess, ef hann hefir atkvæðamagn til að koma þm. í Ed. En kannske má líka segja, ef þingflokkur hefir 2 þm., að honum beri að láta annan þeirra eiga sæti í Ed. (**IngP:** Nei, það ber ekki að skilja svo.) Þetta er náttúrlega algert aukaatriði, en ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að þetta má hártoga.

En mér þykir sérstaklega óviðfelldið að láta forseta tilnefna menn til Ed., ef þingflokkar skorast undan, því að það er ekki í samræmi við önnur völd, sem forseta er falið að hafa á hendi. Ef til þessa kemur, finnst mér einna eðlilegast að láta fara fram hlutbundna kosningu um mennina og láta þannig Alþingi ráða þeim. Þessa leið benti ég á, þegar deilt var hér á haustþinginu 1934, en stjórnarflokkarnir héldu þá, að ég væri að veiða þá í einhverja gildru og lögðust á móti þessari aðferð. Ég fyrir mitt leyti hefði kosið, að ákvæði yrðu sett í þingsköpin þess efnis, að meiri hl. Alþingis veldi þá menn í Ed., sem á vantaði.

Annars kvaddi ég mér hljóðs aðallega til að segja nokkur orð út af deilum þeim, sem hér hafa orðið um ákvæðið viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni. Það má raunar segja, að óeðlilegt sé, eins og nú háttar högum á Alþingi, að deila mikið um, hvað felist í hugtakinu: að greiða atkv. Atkvgr. í þingsölunum er raunar ekki orðið annað en skripaleikur, en málin eru í rauninni afgreidd utan þingsalanna. Þingmenn hafa afsalað sér réttinum til að greiða atkv. eftir sannfæringu sinni, þeir hafa lagt sannfæringuna í vald flokkanna. Atkvgr. í þingsölunum er því ekki annað en form, sem frv. verða að ganga í gegnum til þess að geta orðið að l. Þó verður auðvitað að hafa greinileg ákvæði um þetta form. Hafa í þessu efni komið fram tvö sjónarmið, frá hv. 1. þm. Skagf. annarsvegar og hv. frsm. n. og hæstv. forsrh. hinsvegar, og hafa hvorir tveggja nokkuð til síns máls. En ég held, að til sé auðveldari millivegur. Ég tel það rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að óeðlilegt sé að láta mál ná samþykki d. með því, að örfáir greiði atkv. með því, en hinir sitji hjá. Það, sem verið er að sýna með atkvgr., formlega að minnsta kosti, er það, hvaða skoðun þm. hafa á málinu og hvort þeir vilja stuðla að því, að það nái fram að ganga eða ekki. Þeir mega ekki bara vera passivir í þessu efni, heldur ber þeim að vera aktivir, þeir verða að sýna vilja sinn til að stuðla að framgangi málsins. Því verður það að teljast óeðlilegt, að örlítill minni hl. geti með atkv. sínu orðið þess valdandi, að mál fái afgreiðslu sem l. frá Alþingi. Hinsvegar álít ég það jafnóeðlilegt, sem stundum hefir komið fyrir, að mál hefir fallið, þótt meiri hl. einstakra þm. hafi greitt því atkv., en hefði náð samþ., ef hinir hefðu sett sig í aktiva andstöðu í stað þess að sitja hjá. En fyrst svo og svo margir þm. í d. eru passívir, greiða ekki atkv., þá fellur málið. Þetta er vitanlega anomali, sem eðlilegt er, að menn vilji komast hjá. Og til þess er hægt að benda á mjög auðfæra leið. Fyrst verður auðvitað að setja reglur um það, hvenær Alþingi eða einstakar d. skuli teljast ályktunarfærar. Nú er svo ákveðið, að til þess að d. sé ályktunarfær, þá verði meiri hl. þm. að vera viðstaddur, en í Sþ. meiri hl. þm. úr hvorri d. um sig. Ef nú d. eða Alþingi er ályktunarfært, tel ég eðlilegast, að það mál nái fram að ganga, sem meiri hl. **viðstaddra** þm. greiðir atkv. Þá myndi t. d. mál ná framgangi í Ed., ef 9 væru á fundi og 5 greiddu því atkv., en 4 móti. Þetta er eðlilegast, ef d. er talin ályktunarfær, sé meiri hl. þm. á fundi, en um það held ég, að ekki hafi verið deilt. Ef hinsvegar er höfð sú aðferð, sem nú er í gildi, þó að eitthvað hafi kannske verið hvikað frá henni, sérstaklega í þessari d., þá félli mál, ef 12 væru á fundi, og 8 greiddu því atkv., en 4 sætu hjá. Þetta er óeðlilegt. Ég skýt því hér með til hv. n. að athuga þessa till. mína, og vildi ég þá láta fresta þessari umr., svo að hægt sé að íhuga málið nánar. Finnst mér allir ættu að geta unað við þessa lausn á málinu.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um hina hógværu aths. hv. 2. þm. Rang. út af brtt. n. undir 1. lið. Hann felldi sig ekki vel við orðalagið á brtt. og taldi það geta valdið misskilningi. Ég held, að þetta sé ekki rétt, því að atkvæðamagn þingflokka ákveðst í Sþ. í hlutfalli við þm.-töluna. Þá hefir t. d. flokkur, sem á 2 menn í Sþ., ekki atkv.magn til að koma manni til Ed., en flokkur, sem á 3 menn í Sþ. hefir alltaf atkv.magn til þess. En eins og frvgr. er orðuð hér, er flokkur, sem hefir færri en 3 menn í Sþ., útilokaður frá að taka þátt í kosningu til Ed. Þessu vildi n. bæta úr með því að gefa slíkum flokkum kost á að ganga saman til kosninganna 2 eða 3. — Um hitt hefir ekki verið deilt, að flokkur, sem hefir 3 menn í Sþ., hefir möguleika til að koma manni í Ed. Ég held, að ekki sé auðvelt að finna leiðir, sem tryggi það betur en þessi, að Ed. verði skipuð sem næst þeirri pólitísku skipun, sem er í þinginu í heild.

Þá er annað atriði. Hv. þm. taldi óviðfelldið að gefa forseta rétt til að tilnefna menn, ef þingflokkar brygðust þeirri skyldu sinni. En ég, og raunar öll n., að ég ætla, lít svo á, að í

því sé ekkert óréttlæti, ef litið er á það, hvað á að nást með skipun Ed., sem sé það, að skipun hennar sé sem nákvæmust spegilmynd af pólitískri heildarskipun þingsins. En með því að láta meiri hl. ráða er það ekki tryggt, að Ed. verði rétt skipuð, því að meiri hl. hefir ekki alltaf hag af því. Í því tilfelli, sem hv. þm. nefndi, hygg ég, að Sjálfstfl. myndi hafa ráðið 16. manninum, ef hver flokkur hefði kosið út af fyrir sig. Auðvitað hefði getað hugsazt, að stjórnarflokkarnir hefðu sameinazt um þetta. En allir sjá, að við þetta getur hlutfallið raskazt í Ed. Yfirleitt getur þetta tekið ótal breytingum í teóríunni. Ef það er rétt, að með þingsköpum eigi að tryggja það, að Ed. sé á öllum tímum skipuð sem mest í samræmi við pólitísk hlutföll í Sþ., þá held ég, að engin aðferð sé réttari en sú, sem n. stingur upp á. Annars er gott, að hv. dm. velti þessu máli fyrir sér og bendi á hugsanlegar leiðir. Ég hefi hér sérstaklega í huga lausn þá, sem hv. þm. benti á. Ég fyrir mitt leyti er fús til að athuga möguleikana á því að taka upp hans fyrirkomulag. Þessi lausn hans kemur væntanlega ekki í bága við stjskr. Ég ætla ekkert að dæma um það, enda er ég ekki lögfræðingur. Ég segi bara fyrir minn part, að ég vil athuga þetta með velvilja. Svo sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta mál. Ég vil heldur ekki blanda mér í deilu þeirra hv. 1. þm. Skagf. og hæstv. forsrh., né ræða þá staðhæfingu hv. 1. þm. Skagf., að ákvæði frv. komi í bága við stjórnarskrána, en vil þó benda á það, að sannað virðist vera, að í stjskr. og þingsköpum Danmerkur eru sömu ákvæði og þau, sem hér er gert ráð fyrir, að lögfest verði. Er af því auðsætt, að Danir líta ekki svo á, að þessi ákvæði í þingsköpum þeirra brjóti í bága við stjórnarskrána. Það er að vísu rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að við búum ekki undir dönskum l., en hinsvegar ætti okkur ekki að þykja það nein hneisa, þótt eitthvað væri líkt í löggjöf okkar og Dana.

Annars vil ég benda á, að ákvæði þessu lík hafa verið í gildi hér frá 1874—1915, og man ég ekki til, að nokkurntíma hafi verið rætt um stjórnarskrárbrot í því sambandi. Þegar því litið er á það, að um þetta eru samskonar ákvæði í stjórnarskrá Dana og Íslendinga, og að í þingsköpum Dana eru sömu ákvæði og þau, sem hér er farið fram á að lögleiða, og þegar þess er ennfremur gætt, að þessi ákvæði hafa verið hér í gildi áður, þá er ekki líklegt, að hægt sé að sýna fram á, að þau komi í bága við stjórnarskrána.

Forseti (EÁrna): Ég skýt því til þeirrar hv. n., sem hefir haft mál þetta til meðferðar, hvort hún vill ekki taka til athugunar till. hv. þm. Rang., því að gott væri, að álit kæmi frá henni áður en atkvgr. fer fram um málið. Mun ég því taka málið af dagskrá, þangað til þessi athugun hefir farið fram.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 147, n. 245, 254, 255, 272, 274).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 274. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá, til þess að n. geti borið sig saman um miðlunartill. þá, sem hv. 2. þm. Rang. bar hér fram í gær. N. hefir fund svo snemma á morgun, að þá er óhætt að taka málið á dagskrá aftur. Ég sé ekki, að það geti verið hættulegt að fresta málinu um einn dag.

Jónas Jónsson: Ég sé enga ástæðu til þess að taka málið út af dagskrá. Ef frv. verður breytt hér, þá fer það til Nd. aftur, og þær brtt., sem hv. þm. vilja bera fram, er hægt að bera fram við 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Það er ekkert annað en tvíverknaður að ræða málin bæði við 2. og 3. umr., ef hægt er hjá því að komast. Auk þess veit hv. þm. ekki, hvernig sú brtt. yrði, sem fram kynni að vera borin. Það gæti hugsazt, að hún yrði þannig, að ekki væri hægt að samþ. hana, eftir að 2. umr. er búin. Ég sé ekki, að það geti gert nokkuð til, þótt þessari umr. sé frestað um einn dag, þegar í n. liggja stórmál, sem allir flokkar eru sammála um, að eigi að ganga fram á þessu þingi. Það er ekkert annað en óþarfa stífni að vilja ekki verði við þeirri beiðni minni að taka málið út af dagskrá, og ég held fast við þá ósk mína, enda sagði hæstv. forseti hér í gær, að hann óskaði eftir því, að n. bæri sig saman, en til þess hefir ekki unnizt tími ennþá.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vildi óska þess, að málinu yrði ekki frestað. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að það sé nú afgr. til 3. umr. Það er hægt fyrir hv. n. að athuga það nánar milli umr., ef henni finnst þörf á því. En málið er nú búið að vera svo lengi í n., að óþarft er að tefja það. Ég legg áherzlu á, að málinu verði flýtt, svo að það hafi fengið fullnaðarafgreiðslu fyrir páska. Verður þá strax leitað staðfestingar konungs á því, svo að lögin geti komið til framkvæmda þegar að afstöðnu páskafríi, og gæti það orðið til þess að stytta að mun seinni hl. þings og spara þannig fé. Af þessari ástæðu er ég því algerlega mótfallinn, að málið sé nú tekið út af dagskrá.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Meiri hl. n. sér enga ástæðu til að fresta málinu að þessi sinni vegna þeirrar uppástungu, sem hér kom fram í gær frá hv. 2. þm. Rang., Meiri hl. lítur svo á, að þetta megi taka til athugunar á milli umr., og verði þá samkomulag um það, megi bera fram brtt. við 3. umr. Hinsvegar er ég ekki viss um það, ef málið er nú tekið út af dagskrá, til þess að n. geti athugað það á fundi, sem hún heldur á morgun, að málið geti þá komið á dagskrá aftur fyrr en eftir tvo daga. Ég get trúað því, að hv. 1. þm. Skagf. tefji ekki málið við 3. umr. En hvað gera hinir hv. þdm.? Er hann viss um alla hv. flokksbræður sína?

Ef málið er tekið af dagskrá nú, þá getur það

orðið til að tefja framgang þess um tvo daga, og ég sé enga ástæðu til þess vegna þessarar till., en hinsvegar sjálfsagt að athuga hana á milli umr.

Magnús Guðmundsson: Mér skilst, að ekki muni fást að taka málið út af dagskrá, en það er fjarstæða, sem hér hefir verið talað um, að það þurfi að tefja málið meira en um einn dag. Það er vel hægt að taka málið á dagskrá á morgun, þótt það verði athugað á nefndarfundi í fyrramálið. Það er algengt, að veitt séu afbrigði um mál, og ég skal mælast til þess við mína flokksmenn, að þeir veiti afbrigði um þá till., sem náðst hefir samkomulag um í n. Það er ekkert stórspursmál, þótt þetta dragist þá einum degi lengur, þar sem það er vitað, að í n. liggja stórmál, sem ekkert er farið að eiga við, en allir flokkar viðurkenna, að eigi að ganga fram á þessu þingi. Það er því ekkert annað en óþarfa stífni og ósanngirni að halda þessu máli áfram í dag.

ATKVGR.
Till. 1. þm. Skagf. um að taka málið af dagskrá borin undir deildina og felld með 8:6 atkv.

***Pétur Magnússon):** Ég vil minna á það í sambandi við þá atkvgr., sem nú fór hér fram, að við minnihl.flokkar hér í hv. Ed. höfum án undantekninga samþ. afbrigði frá þingsköpum og sýnt það þannig í verkinu, að við höfum gert það, sem í okkar valdi stóð, til að greiða fyrir um afgreiðslu mála hér á þingi. En þegar hv. stjórnarflokkar sýna svo takmarkalausa ósanngirni að neita um, að mál sé tekið út af dagskrá, þegar farið er fram á, að n. fái tíma til að ræða um framkomna till., og það sýnt, að sá frestur, sem þar með væri veittur, tefði ekki framgang málsins — og ef fallizt væri á till. mína, þá ekkert annað en ambögu háttur að vera búin að samþ. annað fyrst, — þegar slík fádæma óbilgirni er sýnd af hv. meirihl.flokkum, þá þurfa þeir ekki að vænta þess, að minnihl.-flokkar verði sérstaklega liðlegir með að samþ. afbrigði til þess að greiða fyrir framgangi þeirra mála, sem hv. meirihl.flokkar bera hér fram. (**JJ:** Þetta mega víst heita hótanir). Hv. þm. S.-Þ. má kalla það hvað sem hann vill. Ég vil aðeins benda á danska málsháttinn: „Som man raaber i Skoven faar man Svar." (**JJ:** Ég býst við, að það séu engir hræddir við hótanir þessa hv. þm.). — Hv. þm. S.-Þ. hefir verið talið annað betur gefið en kjarkurinn.

Ég var búinn að kveðja mér hljóðs hér í gær út af brtt. allshn., og aðeins til að gera litla aths. út af ræðu hv. frsm., sérstaklega viðvíkjandi 1. brtt. á þskj. 255. Hann hafði það eftir mér, að ég hefði talið það óviðfelldna tilhögun, að ætlast til þess, að forseti nefndi menn til Ed., ef þingflokkar vanræktu að nefna þangað þá tölu, sem þeim bæri að kjósa. Ég benti á, að það er að öllu leyti eðlilegt og viðkunnanlegt fyrirkomulag, að meiri hl. þings réði því, hverjir eru valdir til Ed. Frsm. n. svaraði þessu með því að segja, að meirihl.kosning til Ed. gæti ruglað hlutföllin milli flokkanna. Þetta finnst mér, að sé á misskilningi byggt hjá honum. Mér finnst, að það sé öruggt, ef meiri hl. þings ræður því, hverjir eru valdir til Ed., að þá geti það aldrei ruglað þannig, að það hafi áhrif á úrlausn þingmála. Meiri hl. sér sér auðvitað hag í því að velja menn til Ed. eftir flokkaskiptingu, þannig að hann hafi meiri hl. í báðum d. Ég skal játa, að það er nokkurnveginn trygging fyrir því sama, þó að forseti sé látinn nefna menn til Ed., en þó vil ég minna hv. frsm. á það, að það er hugsanlegur möguleiki, að forseti sé af öðrum flokki en meiri hl. þings. Það hefir komið fyrir, að forseti hafi verið af öðrum flokki en meiri hl. Ég veit, að með þeirri hörðu flokkaskiptingu, sem nú er á þingi, eru litlar líkur til þess, að það komi fyrir. En það, sem einu sinni hefir komið fyrir, getur komið fyrir aftur. Það er hugsanlegur möguleiki, að einhver maður njóti þeirrar virðingar innan þings, að meiri hl. þings sýni honum það traust, að gera hann að forseta Sþ. Það er því að mínu áliti frekar möguleiki á því, að það geti orðið til þess að rugla flokkaskiptinguna, ef forseta er falið þetta vald, heldur en af meiri hl. þings hefir það. Það er að mínu viti alveg rétt, ef flokkur notar ekki þann rétt, sem hann hefir til þess að setja mann á lista við hlutfallskosningu til Ed., að þá sé það Sþ., sem ræður því, hver valinn er.

Að öðru leyti hefi ég ekki neina ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Hv. frsm. tók vinsamlega undir þær uppástungur, sem ég gerði til þess að miðla málum í þessari d., en þær voru viðvíkjandi atkvgr. eða því, hvað menn vilji, að útheimtist til þess, að þm. greiði atkv. Ég vænti þess, að hv. n. fallist á þessar uppástungur mínar, því að þær eru eðlileg lausn á þessu máli.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég ætla ekki núna að fjölyrða um hinar ýmsu gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Ég hefi komið fram með brtt. á þskj. 274, sem fjallar aðeins um breyt. á einni gr. þingskapanna. Brtt. mín er fólgin í því, að í staðinn fyrir, að það er lögbundið í l. um þingsköp, að það skuli prenta umræðupart þingtíðindanna, er því með till. breytt þannig, að það er ekki lögbundið á þann hátt, að það sé ófrávíkjanlegt, heldur þarf þá að koma á hverjum fjárl. heimild til þess að umræðuparturinn verði prentaður. Ég hefi valið þá leið að láta þetta vera bundið við fjárveitingu, og þar sem alþingiskostnaður er á fjárl. ósundurliðaður, þá þótti mér ekki rétt að sundurliða það, að koma með „klásúlu" við þann lið. Mér þótti réttara, að það kæmi fram á 22. gr. fjárlaganna, þar sem heimildir eru veittar, og að þar væri þessa getið. Það þarf ekki að fara ýtarlega út í að ræða þetta. Það var rætt um þetta á síðasta þingi, og þessi hv. d. var þá á þeirri skoðun, þegar þetta var borið undir hana, að það ætti skilyrðislaust að fresta prentun umræðupartsins árið 1936 eða fyrir yfirstandandi ár, en þegar kom til kasta Nd., þá var þessi ákvörðun Ed. felld. Ég geri ráð fyrir því, að hv. dm. séu á sömu skoðun nú og þeir voru þá, að það sé ekki þörf á því að prenta þessar umræður, því manni sýnist horfur á því, að það sé ekki meira fé fyrir hendi núna heldur en var þá, eða að fjárhagsástand

ríkissjóðs sé ekki glæsilegra en fyrir áramótin, þegar þetta mál var til umr. Ég vænti því, að þessu máli verði sæmilega tekið í hv. d., þar sem ekki er úr því skorið, þó brtt. verði samþ., hvort prenta skuli umræðupartinn eða ekki. Það er aðeins það skilyrði sett til þess, að hann verði prentaður, að heimild sé veitt til þess á fjárl.

Ég ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta atriði, en mig langar til þess að heyra álit hv. dm. um það, og þá sérstaklega þeirrar n., sem fjallað hefir um þetta mál.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Allshn. hefir flutt lítils háttar brtt. við frv., og er hún á þskj. 272. Sú brtt. er þess efnis, að við útvarpsumræður skuli þm. jafnframt nefndir fullu nafni, þó að þar sé vikið frá reglunni um það, að þm. séu ekki nefndir með nöfnum, heldur kenndir við kjördæmi sitt. Brtt. fer í þá átt, að þeir skuli jafnframt því, sem þeir eru kenndir við kjördæmi sitt, nefndir fullu nafni við útvarpsumræður. Þessi regla hefir þegar verið tekin upp við útvarpsumræður, og er hún eðlileg, þar sem um nýja áheyrendur er að ræða, sem ekki eru alltaf glöggir á að vita, hverjir eru þm. hinna einstöku kjördæma, og því síður glöggir á númer þeirra, sem eru uppbótarþm. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. fallist á, að þessi brtt. er ekki annað en eðlileg leiðrétting.

Þá hefir hv. þm. Dal. borið fram brtt. á þskj. 274. Eins og að líkindum lætur, þá hefir þessi brtt. ekki verið tekin til meðferðar í n., en ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég tel, að hún sé sízt til bóta. Það kann að vera, að aðrir hv. dm. hafi aðra skoðun, en ég álít, að það sé engin ástæða til þess að vera að torvelda það í þingsköpunum, að Alþingistíðindin verði prentuð, því mönnum er það í minni frá umræðunum á síðasta þingi, að það voru deildar skoðanir um það, hvort það ætti í þetta eina skipti að fresta prentuninni. Ég álít, að það sé rétt, ef meiri hl. er fyrir því í þinginu á einhverjum tíma, að sá meiri hl. taki ákvörðun um það, en að það sé ekki ástæða til þess að binda það í þingsköpunum, að það sé ekki heimilt að prenta umræðupart þingtíðindanna, nema gefin sé sérstök heimild til þess í fjárl. Ég er þess vegna strax á móti þessari brtt., en ég get að öðru leyti ekki svarað fyrir hönd n.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að þeim aths., sem hv. 1. þm. Rang. kom hér með í framhaldi af ræðu sinni í gær út af 1. brtt. n. Ég get ekki fundið það, að hans skilningur sé réttur á því, að frekar sé hætta á, að hlutföllin raskist við það, að forseti úrskurði menn á lista þess flokks, sem vanrækir að tilnefna menn á lista. Ég lít svo á, að það verði ekki skilið öðruvísi en að forseti sé bundinn við að tilnefna menn úr þeim flokki, sem átti að skipa á listann. En það er gefinn hlutur, ef meiri hl. Sþ. á að ákveða þetta, að þá getur farið svo, að atkv. falli þannig, að það verði alls ekki maður úr þeim flokki, sem hefir rétt og skyldu til þess að útnefna á listann, og þá raskast hlutföllin. Við höfum nærtækt dæmi frá því, er síðast var kosið til Ed., því þá var það svo, að flokkur, sem hafði rétt til þess að setja mann á lista til Ed., gerði það ekki. Ef þá hefði átt að fara fram meirihl.kosning um þennan eina mann, virðist mér, að það hefði getað orðið til þess að raska hlutföllunum. Ég get ekki fundið annað en að svo hljóti að fara, ef kosinn er maður úr meirihl.flokknum, að hlutföllin raskist. (PM: Hvað kallar hv. þm. meirihl.-kosningu?) Þar sem meiri hl. atkv. ræður. Ef meiri hl. tekur ekki mann úr þeim flokki, sem bar að skipa á listann, þá raskast hlutföllin. Ég lít svo á, að eftir anda frv. sé forseta ekki annað heimilt en að tilnefna mann úr þeim flokki, sem vanrækir að skipa á lista til Ed. Það er forseti, sem fær þetta vald, að skipa á lista, ef flokkur vanrækir það, og hann á að vera bundinn við það, að skipa mann á listann úr þeim flokki, sem hafði rétt til þess, en notaði sér ekki réttinn. Ef það er ekki gert, þá hljóta hlutföllin að raskast. Ef flokkur, sem getur komið t. d. 3 mönnum upp í Ed., tilnefnir ekki nema 2, og þriðji maðurinn er þá kosinn með meirihl.kosningu, þá geta hlutföllin raskazt. En einmitt af því, að ég lít svo á, að forseti sé bundinn við það að taka einhvern mann úr þeim flokki, sem hafði rétt til þess að setja mann á lista, en ekki uppfyllti þann rétt, þá er það tryggt, að hlutföllin raskast ekki. Ég held, að það hafi ekki verið ágreiningur um þetta í n., nema að einn nm. hafði þar nokkra sérstöðu. Hann lét í ljós þá skoðun, að maður væri kosinn í óskipað sæti, en ekki skipaður. En þó að hann líti svo á, þá sjá allir, að með því móti er ekki trygging fyrir því, að hlutföllin raskist ekki. (PM: En það er hættulaust). Nei, það er ekki, af því að ég lít þannig á, að einn flokkur geti tekið á lista mann úr öðrum flokki. Þá getur orðið tvískinnungur úr þessu, en allt kemur í sama stað niður, ef tekinn er maður úr þeim flokki, sem ber skylda til þess að skipa á listann. En þegar forseta eru gefnar reglur um þetta, þá er það aðeins mannavalið, sem getur tekið breyt., en annað ekki. Það kemur skýrt fram, að þessum lista ber sætið, og úr þeim flokki verður forseti að taka mann í sætið. Hinsvegar sjá allir, að það getur raskað hlutföllunum, ef kosið er til Ed. úr allt öðrum flokki. Ég held því, að með brtt. n. sé hægt að komast sem næst því, að Ed. sé skipuð í réttu hlutfalli við skipun Sþ., því ég held, að forseta beri tvímælalaust að tilnefna mann úr þeim flokki, sem á rétt til sætisins, og þá geta hlutföllin ekki raskazt. En ef kosið er, þá minnkar tryggingin fyrir því. Ég held því, að þessi aðferð sé betri en sú, að meirihlutakosning skuli skera úr um það, hver hlýtur sætið.

***Þorsteinn Briem:** Það var ég, sem hreyfði því í n., að það mundi eiga allt eins vel við, að í 1. brtt. á þskj. 255 væri kveðið svo á, ef svo stæði á, sem segir í 3. málsgr., að þá kæmi þar til greina meirihl.kosning, en ekki tilnefning af hálfu forseta. Hv. frsm. n. hefir skýrt frá því, að það sjónarmið hafi ekki orðið ofan á í n., en ég hefi samt sem áður ekki getað sannfærzt, og eigi að heldur þrátt fyrir þau rök, sem hv. frsm. n. færði nú fram. Hann heldur því fram, að mér skilst, að meirihl.kosning eða það, sem hann nefnir meirihl.kosningu, eigi ekki við vegna þess,

að því, er mér heyrðist, að hann gekk út frá því, að meiri hl. þings í þessu tilfelli yrði að kjósa mann úr sínum eigin flokki eða úr meiri hl. En ég tel það ekki gefið, að svo þurfi að vera, heldur geti meiri hl. Sþ. kosið hvern þann mann, sem meiri hl. þóknast, til þess að fara í Ed. Hann heldur því fram, að í þessu tilfelli hefði forseti einn rétt til þess að tilnefna þm. úr þeim flokki, sem skýtur sér undan þeirri skyldu, að tilnefna menn til Ed. Mér er það ekki ljóst, á hvern veg það verður varið, að forseti hafi í þessu tilfelli meiri rétt en Sþ. sjálft, því að forseti hefir fengið rétt sinn frá Sþ., og mér skilst, að sá, sem veitir réttinn, hafi meiri rétt en sá, sem þiggur hann. Það mun hafa verið skýrt tekið fram af hv. 2. þm. Rang., þegar hann talaði um þetta, að hann ætlist til, þegar svo stendur á sem í 3. málsgr. 1. brtt. segir, að þá séu hlutaðeigandi menn kosnir óhlutbundinni kosningu af Sþ., og kemur þá ekki til greina, frekar en Alþingi sjálfu sýnist, að taka menn eftir flokkum. Mér skilst, að þetta hafi aðallega þýðingu, þegar meiri hl. er ekki nema 25 þm., því að þá er það náttúrlega í þessu tilfelli á valdi meiri hl. Sþ., í hvorri d. hin stjórnmálalega þungamiðja verður, og mér finnst það ekkert aðalatriði, hvort hún verður í Ed. eða Nd. Í því tilfelli, að þm. séu ekki nema 25 í meiri hl., þá verður það á valdi þess meiri hl., í hvorri d. sú stjórnmálalega þungamiðja þingsins verður.

Annars vil ég ætla, að það mæli og með till. hv. þm. Rang., að með þeirri aðferð, sem hann stingur upp á, er komizt fram hjá því neyðarúrræði, sem hér verður ekki framhjá komizt í þessari brtt., en það er að láta hlutkesti ráða úrslitum í vissum tilfellum. Ég skal játa, að með þeim brtt., sem allshn. flytur, er nokkuð stefnt fram hjá hlutkestinu, a. m. k. í fleiri tilfellum en er í frv. sjálfu, og er það allmikill kostur, og einmitt fyrir það gerði ég ekki ágreining um þessa brtt. En eftir till. hv. 2. þm. Rang. þá skilst mér, að til hlutkestis þurfi ekki að koma, og tel ég það mikinn kost. (**SÁÓ**: Hvar er sú till.?). Ég komst kannske ekki rétt að orði með því að kalla það till. En það er að minnsta kosti komin fram uppástunga um það, og till. getur það kallazt, þó að það sé borið fram munnlega og liggi ekki formlega fyrir. Tillögumaðurinn mun hafa treyst þeirri sanngirni meiri hl., að málið yrði tekið af dagskrá núna, og hann mun hafa haft ástæðu til þess að treysta þeirri sanngirni, þar sem minni hl. í þessari d. hefir, að ég ætla oftast, ef ekki alltaf, sýnt meiri hl. fulla sanngirni í því að veita afbrigði, þegar á hefir þurft að halda. (**PM**: Hann hefir alltaf gert það). — Það er víst óhætt að segja alltaf, a. m. k. man ég ekki annað.

Þá skal ég með örfáum orðum víkja að þeim brtt., sem ég er meðflm. að ásamt hv. 1. þm. Skagf. Það hefir verið deilt um það, hvort þm., sem greiða ekki atkv., geti talizt taka þátt í atkvgr., ef miðað er við orðalag stjskr., eins og það er í 48. gr. En í þeirri gr. stendur, að hvorug þd. megi gera samþykkt, nema meira en helmingur þm. sé á fundi og greiði atkv. Nú er í þessu frv. lagt til, að þetta verði túlkað svo, að sá, sem ekki greiðir atkv., skuli talinn greiða atkv. Ég vil þá segja, að það mætti alveg eins hafa þau ákvæði í þingsköpunum, að sá, sem ekki væri viðstaddur í d., án lögmætra ástæðna skyldi teljast vera viðstaddur. Mér virðist það vera jafnmikil fjarstæða, hvort heldur er. Samkv. núgildandi þingsköpum nær mál samþykki í d., ef 5 eru með, en 4 á móti. En eftir frv., eins og það liggur fyrir, þá virðist ekki annað að sjá en að frv. nái samþykki, ef einn greiðir atkv. með og enginn á móti. Og virðist þá komið svo nálægt fjarstæðu, að ekki sé á það bætandi. Hv. frsm. n og hæstv. forsrh. vitnuðu báðir í það, að í dönsku þingsköpunum og dönsku stjskr. væru svipuð ákvæði eins og eru í okkar stjskr. og okkar þingsköpum. En ég ætla, að þetta sé ekki nákvæmlega rétt, og að þar sé ekki eins fast ákvæði um þetta og í okkar stjskr. Ég hygg, að þar sé komizt svo að orði, að sá, sem ekki greiðir atkv., teljist hafa tekið þátt í atkvgr., en ekki eins og hér á að slá föstu, að sá, sem ekki greiðir atkv., hafi greitt atkv. Mun það gert til þess að látast fullnægja 48. gr. stjskr.

Hæstv. forsrh. fordæmdi þm. mjög sterklega fyrir að greiða ekki atkv. Það má vel vera, að rétt sé að dæma það hart, en þeir ættu bara ekki að dæma, sem í glerhúsum búa. Er þess skammt að minnast, að stjórnarsinnar skeyttu lítið þeirri þm.skyldu að greiða atkv. Ég tel lítilsvert að setja reglur sem þessar um skyldir þm., ef þeim verður opin leið að ganga af fundi, sem verður eftir sem áður, þó þetta frv. verði samþ. Er þá aðeins farið úr öskunni í eldinn, ef minni hl. þarf ekki annað en ganga af fundi, vilji hann ekki greiða atkv., og kemur sínu þó jafnt fram. Hv. þm. Rang. talaði í gær um, að sanngjarnt gæti verið að hafa í þingsköpum ákvæði um, að mál væri samþ., ef meira en helmingur þdm. væri á fundi, og meira en helmingur viðstaddra þm. greiddi því samþykkisatkv. Get ég fallizt á, að þetta sé sanngjörn leið, a. m. k. hefir hún stórmikla yfirburði yfir það, sem í frv. er lagt til. En ég er ekki við því búinn að segja, hvort það er heimilt eftir 48. gr. stjskr., og væri því æskilegt, að þd.meirihl. gæfi frest, áður en atkv. fara fram í d. Finnst mér kenna of mjög kapps um afgreiðslu þessa máls, en vænti þess, að kappið verði ekki til enda meiri en sanngirnin.

Magnús Guðmundsson: Ég skal ekki vera langorður, því það hefir ekkert nýtt komið fram síðan ég talaði í gær, enda hefir hv. meðflm. minn fært ýtarleg rök fyrir okkar till. En það, sem gaf mér tilefni til að standa upp, voru þau orð hæstv. forsrh., að ákvæði 16. og 28. gr. frv. væru shlj. dönsku stjskr. En þar stendur í 60. gr.: „Intet af Tingene kan tage nogen Beslutning naar ekki over Halvdelen af dets Medlemmer er til stede **og deltager i Afstemningen**". Þetta þýðir á íslenzku: „Hvorug þingdeildin getur gert nokkra ályktun nema meira en helmingur meðlima hennar sé á fundi **og taka þátt í atkvæðagreiðslu**." — Við nafnakall þar er svarað já eða nei, eins og hér á landi, en af þingm. vill hvorki vera með eða móti: „Jeg stemmer ikke" = „Ég greiði ekki atkv."

Í 48. gr. okkar stjskr. stendur: „Hvorug þing-

deildin getur gert ályktun um mál nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.“

Þetta sýnir, að orðalagið er ekki hið sama, hvað sem hæstv. forsrh. segir. Ísl. stjórnarskráin heimtar, að þingmenn **greiði atkvæði**, en sú danska lætur nægja, að þingmenn **„taki þátt í atkvæðagreiðslu“**, og það geta þeir gert með því að svara: „Ég greiði ekki atkvæði.“ Allir hljóta að sjá og skilja, að það er ómögulegt að segja, að sá maður **greiði atkvæði**, sem svarar: „Ég greiði **ekki** atkvæði.“ Þetta sýnir, að ef frv. verður samþ. eins og það er, er 48. gr. stjskr. þverbrotin.

Það er alveg rétt, sem hv. 10. landsk. sagði, að það er ekkert verra að telja, að sá þm., sem ekki er á fundi, hafi verið á fundi, en að segja, að sá, sem ekki greiddi atkvæði, hafi gert það. Hvorttveggja er ósatt. Þau þingsköp, sem þannig eru úr garði gerð, að ef einn þm. í d. greiðir atkv., en hinir ekki, og málið skoðast á þann hátt samþ., þau þingsköp eru vægast sagt hlægileg.

Eftir því, sem ég skil dönsk þingsköp, er þess krafizt, að til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál, þá þurfi meiri hl. að vera á fundi í hvert sinn og segja annað hvort **já, nei** eða: **Greiði ekki atkvæði.** Þeir, sem svara, að þeir greiði ekki atkvæði, skoðast hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Það má segja alveg það sama um kosningu til þings, að sá, sem skilar auðum seðli, hefir tekið þátt í atkvgr., þó að hann greiði ekki atkv. (**InæP:** Hann hefir gert það á skakkan hátt). Það hefir enginn þm. rétt til þess að segja um annan, að hann hafi greitt atkv. á skakkan hátt.

Ég skal svo fyrir mitt leyti segja, að ég er samþ. brtt. hv. þm. Dal., enda skilst mér, að það hafi sýnt sig í vetur, að meiri hl. í þessari d. væri með því, að ekki væri skylda að prenta þingtíðindin, og verður brtt. því sjálfsagt samþ. Ég verð að segja, að mér finnst það harla undarlegt, að hv. stjórnarflokkar skuli ekki vilja sveigja neitt til í þessu máli til þess að jafna ágreininginn. Ég vil fullyrða, að margir finna í hjarta sínu, að með þessu er stjskr. brotin, eða a. m. k. gengið mjög nærri henni. Og þar sem stjórnarandstæðingar hafa gengið til samkomulags um flest annað í þessu máli en þetta atriði, virðist sanngjarnt, að sveigt sé til hér. Það verður einnig að teljast mjög óviðkunnanlegt að setja reglur um störf Alþingis, sem jafnmikill hluti þingsins er andvígur eins og er þessum ákvæðum.

Eins og ég sýndi fram á í gær, hefir þetta bragð — að sitja hjá — ekki verið notað nema einu sinni eða tvisvar til þess að fella frv. Og það getur einungis komið fyrir á þann hátt, að *forseti sé ekki nægilega vakandi og athugull* um, að atkvgr. fari ekki fram á þeirri stundu, þegar fylgismenn málsins eiga ekki nægilegt atkvæðamagn á fundi. En sé svo, að meirihlutafylgi sé ekki til á Alþingi, þá á málið ekki að ganga fram. Annars er vitanlegt, að forseti getur frestað atkvgr., þegar honum sýnist, þar til stuðningsmenn málsins allir, sem til eru, eru viðstaddir. En það er ískyggilegt, eigi að nota þetta ákvæði til þess að koma fram málum, sem ekki eiga meiri hl. í d. eða Sþ.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Tveir hv. þdm., sem hafa talað, hafa látið í ljós undrun sína yfir því, að umr. um þetta mál skuli ekki vera frestað. En nú er auðsætt, að útvarpsumr. um fjárl. liggja fyrir, og verður því að hraða málinu, eigi það að komast af fyrir páska. Þetta má eins athuga milli umr., og er e. t. v. ekki rétt að vera að svara því, vegna þess að það er auðsjáanlega borið fram til þess að tefja málið. (**MJ:** Hefir málið verið tafið?). Já, vegna þess að hér er verið að endurtaka það, sem búið er að segja áður.

Hv. þm. hafa verið að tala um að fella niður eða jafna þann ágreining, sem nú er um málið, sem að vísu virðist ekki vera mikill. En fyrst þegar þetta frv. kom fram, **byrjuðu** andstæðingar stj. að þyrla upp í blöðum og á mannfundum allskonar svívirðingum um, að með þessu væri verið að stofna til einræðis.

Um hitt atriðið, hvort ástæða sé til þess að setja ákvæði um það í þingsköpin, að þeir, sem ekki greiða atkv., án þess að færa fyrir því gildar ástæður, skuli teljast hafa greitt atkv., er því til að svara, að það er alveg ástæðulaust að gefa þm. færi á því að tefja mál með því að greiða ekki atkv., eða eins og hv. þm. sagði, að stundum hefði verið gert með brellum. Enda höfum við *reynslu fyrir*, að það hefir verið gert; þótt það hafi ekki verið í þessari hv. d., þá hefir það komið fyrir. Er skemmst á að minnast, að síðasta þingi lauk á þann veg. Með þessu frv. er ætlazt til að koma í veg fyrir, að þm. geti drepið mál með því að gera ekki skyldu sína. Það ætti að duga sem nægileg rök fyrir þessu máli.

Þá sagði hv. þm., að það væri einkennilegt að vera að vitna í dönsk þingsköp. Það er alveg rétt, að það er óþarft, því það er nægilegt að vitna í okkar stjskr., en ég gerði það aðeins til þess að styrkja mitt mál, vegna þess að okkur stjskr. er að mestu þýðing úr þeirri dönsku, og þessi gr. nákvæmlega, og get ég lánað hv. þm. hana á eftir.

Hv. þm. hefir lesið hér upp þann kafla, sem máli skiptir og stendur í 60. gr. dönsku stjskr. og 39. gr þingskapanna. Geta svo þeir hv. þm., sem betri eru í dönskunni en hv. 1. þm. Skagf. og ég, lesið textana og borið saman og úrskurðað, hvor okkar hefir á réttu að standa. Hv. þm. segir, að „at deltage i Afstemning“ þýði „að taka þátt í atkvgr.“, en ekki „að greiða atkv.“ En hvernig er hægt að taka þátt í atkvgr. án þess að greiða atkv.? Það er bersýnilegt, að þetta þýðir það sama, enda alltaf notað þannig í mæltu máli. Að taka þátt í atkvgr. þýðir því að greiða atkv. með eða móti, og svari þm.: „Ég greiði ekki atkv.“ —, er skýring á því samkvæmt þessum nýju þingsköpum, að heimilt sé að líta svo á, að hann hafi greitt atkv., að hann sé „Deltager i Afstemning.“

Ég skal svo ekki eyða tíma í að deila um þetta atriði, en ég *skil* ekki, hvernig hægt er að vera „Deltager i Afstemning“ án þess að greiða atkv. eða teljast hafa greitt atkv.

Þetta ákvæði er sett í þingsköpin til þess, að þm. geti ekki skotið sér undan þeirri þm.-skyldu að greiða atkv. um mál, og til þess að fyrirbyggja, að það endurtaki sig, að hægt sé að fella mál með slíkum brellum. Nákvæmlega sama ákvæði liggur fyrir í dönsku stjskr., sem sjálfsagt kemur til af því, að þm. hafa þótt líklegir til að misnota aðstöðu sína þar eins og hér.

*__Magnús Jónsson:__ Ég hefi því miður látið undir höfuð leggjast, að sækja um leyfi til hæstv. forsrh. til þess að fá að taka til máls, þó ég geti ekki ábyrgzt, nema að ég segi eitthvað það, sem sagt hefir verið áður, vegna þess að það vill oft fara svo í rökræðum, að andstæðingarnir höggva nærri hver öðrum.

Hæstv. forsrh. segir, að með því að fara fram á að fresta málinu sé aðeins verið að gera tilraun til þess að tefja það. Ég vil minna á, að frsm. minni hl. allshn., hv. 1. þm. Skagf., hefir gefið loforð um að greiða fyrir málinu með afbrigðum, ef það fengist tekið af dagskrá nú. Það er þess vegna dálitið skrítið, að því skuli vera slegið fram, að verið sé að tefja málið, þegar búið er að bjóða afbrigði. Hér er vitaskuld ekki um annað að ræða en hreint og beint ofríki meiri hl. við atkvgr. Hitt er annað mál, hvort svona ofríki borgar sig, þar sem svo er nú fyrir séð í þingsköpum, að meiri hl. þingsins, og þá væntanlega ríkisstj., getur alltaf komið sínum málum fram. Er oft svo, að heppilegra er að eiga samvinnu við minni hl. um, að flýta fyrir málum. En mér skilst, að með því að sýna svona ofríki sé d. að afsala sér þeim möguleika, og þykir mér vafasamt, að það borgi sig fyrir svona smávægilegt atriði. Það má segja, að þetta sé hótun, en bergmálið kemur af því, að kallað er.

Viðvíkjandi breyt. um skipun til Ed. verð ég að segja, að mér finnst hún mjög einkennileg. Mun það vera vegna eins atviks, sem kom fyrir í byrjun fyrra þings, að mönnum finnst þörf á að setja ákvæði um þetta atriði, en ég sé enga ástæðu til að óttast, þó flokkarnir séu frjálsir um skipun í d.

Það getur að vísu stundum komið sér illa fyrir meiri hl., að minni hl. hafi þennan rétt. En ég er ekki svo hrifinn af þessum meirihlutarétti á þingi, að ég vilji stuðla að því, að hann geti öllu ráðið. Mér finnst heldur mega stemma eitthvað stigu við honum með ákvæðum í þingsköpum. En það er auðséð, að öll ákvæði í þessu frv. eru sett í þágu meirihl.einræðisins. Þetta kemur auðvitað skýrar fram, þar sem þing eru skipuð tveim deildum, sem kosið er til beint. Annars er ekki enn búið að útkljá þetta mál allsstaðar í heiminum, og það eru til menn — og þeim fer fjölgandi — sem álita, að ekki sé rétt að trúa alltaf á flokka og flokkaeinræði. Í Danmörku hefir mjög verið um það rætt, að afnema þurfi þá ógurlegu stofnun, Landsþingið, svo að opinn skeiðvöllur sé fyrir flokka þá, sem meiri hl. hafa á þingi, að koma öllu sínu fram. Slíkt er náttúrlega gott og blessað, ef tilgangurinn er sá að greiða götu þess, að flokkseinræði komist á eftir hverjar kosningar. En ég er ekki sannfærður um, að það sé hyggilegt. Þó að til séu nokkru fleiri menn, sem hafa eina skoðun en aðra, eða þó að önnur skoðunin fái fleiri atkv., þá hafa hinir líka hagsmuna að gæta, og er þá ekkert á móti því, að einhverjar stíflur séu settar við því, að meiri hl. ráði öllu einn. Ég álít það ekki nema heilbrigt, að meiri hl. verði ofurlítið að leita samkomulags við hina flokkana og að stilla í hóf æstum flokkskröfum. Hver flokkur og þm. yfirleitt eiga að vera frjálsir um það, hvernig þeir haga sínum þingstörfum, og er því ekki ástæða til að vera að setja bein ákvæði um það, hvernig deildum skuli skipað.

Eftir því, sem hér er farið fram á, á t. d. eins manns meiri hl. að hafa allt valdið, en eins manns minni hl. ekkert. Nú drýgir einhver minnihl.flokkur þann glæp að vilja ráða því, hvar þm. hans sitja. Ef hann framfylgir þessu, má refsa honum með aðför að l., eins og þá er menn greiða ekki skuldir sínar. Ef flokkur vill hafa sína skoðun um það, hvernig honum beri að kjósa til Ed. og tilnefnir ekki mann þangað, er þessu skipað á allraeinræðisfyllsta hátt sem hugsanlegur er, þannig að einn maður er látinn skipa mennina í deildina.

Á uppástungu hv. 2. þm. Rang. og þessu er að vísu ekki mikill munur, en þó er það hóti skárra, því að samkvæmt því eiga allir þm. að vera kosnir, en ekki bara sumir kosnir og aðrir forsetakjörnir. Ég vil, ef fara á að flytja menn upp í Ed. að viðlagðri aðför að l., að þeir séu þá heldur kosnir þangað en skipaðir af forseta. Mér skildist á hv. frsm., að hann teldi það geta raskað réttu hlutfalli milli flokkanna, ef kosning ætti að fara fram. Þetta get ég ekki séð. Eins og forseti væri bundinn við að skipa menn úr ákveðnum flokki, eins væri vitanlega um kosninguna. Þetta yrði bundin kosning. Munurinn á þessu tvennu er sá, að annarsvegar er um að ræða venjulega kosningu, en hinsvegar um embættisveitingu af hálfu eins manns, sem annars þekkist ekki innan þingsins. Það er að öllu leyti ólíkt andanum í okkar þingsfyrirkomulagi að fela einum manni að kjósa menn í deildir og minnir meira á það, sem okkar vitru forfeður gerðu, þegar þeir fólu einum manni að gera um málin. En þegar maður er nú staddur hér á höfuðvettvangi lýðræðisins, verður það að teljast skrítið að fara að þjóta svona út undan sér og taka upp þetta einræðisbrölt.

Þá er í 8. gr. annað ákvæði, sem fer í svipaða átt. Þar er ákveðið, að ef sæti efri deildar þm. losnar, þá skuli sá þingflokkur, er sætið hafði, skipa mann úr sínum flokki til Ed. í hans stað. Þetta gæti valdið miklu óréttlæti. Það gæti t. d. staðið svo á, að þingflokkur ætti ekki nema einn þm. eftir, og yrði hann þá að útnefna sjálfan sig til Ed.

Fer ég svo ekki frekar út í þau atriði, sem hér hafa verið mest rædd. Þó vil ég svara hæstv. forsrh. nokkrum orðum. Hann sagði, að það hefði verið blásið mjög upp í ýmsum blöðum, að með till. þeim um takmörkun á ræðutíma á þingi, sem í frv. felast, væri verið að stefna að hroðalegasta flokkseinræði. Þetta er al-

veg rétt. Með þessu á að gefa stjórnarflokkunum tækifæri til að stinga alveg upp í andstæðingana. taka af þeim réttinn til að segja sína skoðun á þingi með svo mörgum orðum sem þeir vilja. svo lengi sem þeir vilja og eins margir og vilja. Þessar litlu leifar af réttindum, sem minni hl. á enn eftir, á nú að taka af honum. Meiri hl. getur samkvæmt upphafl. frv., hvenær sem hann vill, ákveðið, að umr. skuli ekki standa lengur en 2 stundir um hvert mál. Og svo kemur þetta merkilega ákvæði, að ræðutími ráðh. teljist ekki hér með, og að umr. framlengist sem samsvarar ræðutíma þeirra. Þessu veika tísti, sem hægt er að koma fram frá minni hl., á að vera hægt að drekkja í óþrjótandi ræðuflaumi ráðh. Við þetta getur umr. lengzt upp í 4, 5 eða 7 tíma. Er ekki hægt að ganga lengra í því að skerða réttindi þingminnihl., nema ákveðið sé, að forseti geti beinlínis bannað stjórnarandstæðingum að tala, og er þó raunar ekki mikill munur á þessu tvennu. Nú er reyndar búið að lengja þennan tíma um 1 klst., upp í 3 klst., og ræðutími ráðh. reiknast í þessu. Er það mikill munur. En að hæstv. forsrh. skyldi hneykslast á því, að nokkur maður skyldi minnast á gerræði í sambandi við upphaflega frv., sýnir, hve gegnsýrður hann er sjálfur af þessu einræðisbrölti.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það væri sama að taka þátt í atkvgr. og að greiða atkv. Þetta er vitanlega ekki rétt. Annað hugtakið er víðara en hitt. T. d. er ekki hægt að segja annað um þm., sem við nafnakall segir: „Ég greiði ekki atkv.“, en að hann taki þátt í atkvgr., en hitt verður ekki sagt, að hann greiði atkv. Þykir mér leitt til þess að vita, að í ráðherrastóli skuli sitja maður, sem heldur því fram, að að greiða ekki atkv. sé sama og að greiða atkv. Hvernig ætti ég að svara manni, sem spyrði mig, hvernig ég hefði greitt atkv. í einhverju máli, þar sem ég hefði setið hjá? Ef ég segði, að ég hefði ekki greitt atkv., þá ætti það að vera sama sem að ég hefði greitt atkv., og ég væri þá að skrökva að manninum með því að svara honum svona.

Hæstv. forsrh. talaði um, að þessi nýju þingskapaákvæði væru til þess að koma í veg fyrir, að menn gætu með brellum fellt frv. Þessar brellur væru þá ekki í öðru fólgnar en því að sitja hjá við atkvgr. og láta ekki nást full úrslit um málið, enda þótt ákveðinn meiri hl. gæti skorið úr um það. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri hart að menn skyldu geta fellt mál með því einu að bregðast þingskyldu sinni. En það er ekki hægt að fella mál á þennan hátt, nema meiri hl. vanræki að sækja þingfund. Hér í Ed. eru þeir 9, og þeir geta alltaf komið sínum málum í gegn, ef þeir eru allir viðstaddir. Það er því fjarstæða að vera að tala um, að minni hl. bregðist skyldum sínum, þegar meiri hl. bregzt fyrst og fremst sínum skyldum. Þá er líka þess að gæta, að ef maður hefir fengið leyfi til að vera fjarstaddur af fundi, þá getur forseti alltaf frestað atkvgr., þar til allir eru viðstaddir.

Það er talað um það, að óviðkunnanlegt sé, að minni hl. skuli geta fellt mál með því að sitja hjá. En er þá ekki alveg eins óeðlilegt, að hann skuli geta bjargað málinu með því að greiða atkv. gegn því?

Í till. þeirri, sem hv. 2. þm. Rang. hefir lagt fram, er heilbrigðari aðferð höfð en í frv. Fyrst er því slegið föstu, hvenær fundur geti talizt lögmætur, og síðan er ákveðið, að einfaldur meiri hl. ráði úrslitum.

Þar sem svo er að orði kveðið í stjskr., að þm. skuli greiða atkv. til afgreiðslu mála, þá er ekki hægt að slá því föstu í þingsköpum, að sá þm., sem ekki greiðir atkv., teljist greiða atkvæði.

Ég sé, að eftir kröfum tímans hefir verið felldur inn í þetta frv. kafli um tilhögun útvarpsumræðna frá Alþingi, sem í raun og veru er rétt að hafa. Hinsvegar hefi ég ekki gefið mér tíma til að rannsaka þann kafla fremur en annað í frv. — En það hefir tíðkazt, að sumir þm. geta flutt 3—4 ræður við sömu umræðu máls í útvarpi, ef þeir eru í fámennum flokki, eða önnur aðstaða gerir það að verkum, að sama þm. er máske teflt fram hvað eftir annað af sínum flokki. Í útvarpsumræðum er einnig vikið frá þeirri reglu, að kenna þm. við sitt kjördæmi, og þeir þá nefndir með nöfnum; ætti því að setja inn í frv. undantekningarákvæði um það. Samkvæmt hinum almennu ákvæðum þingskapa mega þm. ekki taka nema tvisvar til máls við hverja umr. En sjálfsagt er að rýmka um þetta ákvæði þingskapanna, þegar útvarpsumr. fara fram, eins og venjan bendir til, að hentara sé. Ég hefi ekki tekið eftir, að það sé gert í c-lið 53. gr., sem ræðir um framhald 1. umr. fjárl. — Þar sést hvergi neitt um það, hversu oft sami þm. megi tala, en eftir hinum almennu ákvæðum má hann ekki tala nema tvisvar við hverja umr. En það er mjög óeðlilegt, að beita þeim í þessum umr.; þær takmarkanir, sem settar eru um ræðutíma flokkanna við útvarpsumræður, eru alveg nægilegar. Það er eðlilegt, að hver flokkur fái að ráða því, hve oft hver flokksmaður tekur þar til máls. Það er hægt að heimila með einföldu undantekningarákvæði, að við útvarpsumræður skuli vikið frá hinum almennu ákvæðum þingskapa um ræðufjölda einstakra þingmanna.

Ég vil svo að lokum minnast með örfáum orðum á brtt. hv. þm. Dal., að umr. á Alþingi skuli því aðeins prenta, að veitt sé sérstök heimild til þess í fjárl. Mun ég greiða atkv. með þessari till., og stafar það fyrst og fremst af því, að þó ég sé ekki ánægður með, að hætt verði að gefa út þingræðurnar, þá hneigist ég að því á þeim erfiðu tímum, sem nú eru, að sá kostnaður, sem leiðir af prentun þingtíðindanna, verði sparaður. Það er að vísu leiðinlegt að falla út úr þeirri almennu venju, sem ríkir í nágrannalöndunum um prentun þingtíðinda; en fleira verður að gera en gott þykir á þessum þrengingatímum, og það hefir orðið að skera ýmislegt niður, sem meiri eftirsjá er að.

Ég hefi hvað eftir annað gengið í gegnum Alþingistíðindin og komizt að þeirri niðurstöðu, að eins og skjalaparturinn er mikilsverð og ábyggileg heimild, þá er umræðuparturinn

tiltölulega mjög lítilsnýtur sem heimild um meðferð þingmála. Þegar ekki er hægt að gefa út allra nauðsynlegustu bækur, eins og t. d. námsbækur, þá er verið að gefa út þingræður, fyrir ærna peninga, sem hafa mjög misjafnt gildi, enda eru þær að nokkru leyti skrifaðar af mönnum, sem ekki eru hraðritarar, og því meira og minna ónákvæmar. Ég er kominn á þá skoðun, að það sé rétt að fella niður prentun á þingræðum vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs, en semja heldur fyllri grg. með frv. og ýtarlegri nál. en nú tíðkast. Þó að skjalaparturinn verði þá nokkru dýrari, þá yrði hann margfalt meira virði. Það má oft finna þær upplýsingar í nál., sem að öðrum kosti þarf að leita eftir í mörgum löngum ræðum, ef n. skila ófullkomnum álitum og vísa til væntanlegra umr.

En um það er ekki að ræða í þessari brtt. að fella skuli niður prentun þingræðna, heldur að þingið skuli í hvert sinn með pósitívri ákvörðun í fjárlögum heimila fjárframlag til prentunar á ræðunum, í stað þess að nú er það fastákveðið í þingsköpum, og löggjafarvaldið þarf því að grípa inn í og breyta lögum til þess, að prentun þingræðna megi niður falla.

Það er alveg réttmæt regla, að hvert fjárlagaþing fái tækifæri til að veita svo tugum þúsunda króna skiptir til prentunar á jafnmerkilegri bók og þingræðurnar eru!

Ef þm. eru ákaflega hrifnir af ræðum sínum, þá veita þeir náttúrlega fé til þess að gefa þær út, þó það megi teljast dýrt spaug. En hitt væri þó enn skemmtilegra, ef þeir yrðu ekki alltof hrifnir af ræðunum; þá kynnu þeir að láta farast fyrir að prenta þær, og gætu það líka, án þess að gera um það sérstaka samþykkt eða lagabreytingu. Mér skilst, að það sé snúið við þeim ákvæðum, sem um þetta hafa gilt, þannig að nú á ekki, samkv. þessari brtt., að prenta annað en þingskjöl og atkvgr., nema að veitt verði sérstaklega fé til þess á fjárl.

*__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Ég býst ekki við, að hv. þdm. mótmæli þessari brtt., sem ég hefi flutt við frv. á þskj. 224. Ég verð að segja það, að sú till. er þannig bæði að efni og orðalagi, að það er ekki ástæða til þess, jafnvel fyrir þá þdm., sem eru meðmæltir prentun á þingræðunum, að setja sig á móti henni. Hv. frsm. gat þess, að meiri hl. hvers þings ætti að ráða því, hvort þingtíðindin yrðu prentuð eða ekki. En það er einmitt þetta, sem ég vildi segja með minni till. Ég vil, að meiri hl. hvers þings ráði þessu. En það, sem skilur á milli okkar, hv. frsm. meiri hl. og mín, er það, hvaða leið verði farin í þessu efni.

Ef farið verður að vilja hv. frsm., þá verður með sérstöku lagaboði að fresta prentun á þingræðunum, og smeygja fyrirmælum um það inn í „bandorminn“ eða aðra slíka vanskapninga, sem ganga aftur á hverju þingi. En ég álít, að það sé miklu óþinglegri aðferð heldur en að veita í hvert sinn fé til þess á fjárl., ef þingið vill láta prenta þingræðurnar. Ég veit, að okkur hv. frsm. greinir á um það, hvort heldur á að prenta þingræðurnar eða ekki. En ég get lýst því yfir, að ég tel það ekki annað en fráleita firru að prenta þingræðurnar, þegar svo er komið, að þingtíðindin koma ekki út fyrr en ári eftir, að þingið var haldið. Þá eru orðin allt önnur mál uppi á teningnum, og ný viðfangsefni ríkjandi í meðvitund manna. Þar af leiðandi eru menn skeytingarminni um það, hvað sagt hefir verið um málin áður, og hirða ekki um að lesa þingtíðindin. Í sumum sýslum eru það ekki nema örfáir menn, sem lesa ræðurnar. Ég hefi átt tal um þetta við þingmannsefni í einu kjördæmi stjórnarflokkanna, og hann var í vafa um, hvort það væri nokkur annar en hann einn í því kjördæmi, sem læsi þingtíðindin. (__IngP:__ Hann las þau þó?). Já, hann var sé eini í þeirri sýslu, sem las þau. En svo er það annað, sem nú er farið að tíðkast, að þegar þingtíðindin koma nú loksins til kjósendanna, og þeir ætla að kynna sér ræður þm., þá stendur venjulega í upphafi ræðanna: „óyfirlesið“ —, og er þá um leið fengin skýringin á því, hversu ófullkomið sönnunargagn þingræðurnar eru. Setjum svo, að kjósandi spyrji þm. kjördæmisins, hvað hann hafi lagt til í einu eða öðru máli, og að kjósandanum þyki það ekki koma heim við það, sem þm. hafði sagt í þingræðu; þá getur þm. borið fyrir sig þann skjöld, að hann hafi ekki lesið yfir eða leiðrétt ræðuna, og beri því ekki ábyrgð á því, sem þar stendur, heldur þingskrifararnir. Á þennan hátt getur þm. komizt undan því að bera ábyrgð á þeim orðum, sem þessir menn vilja láta hann hafa sagt og prentuð eru í þingtíðindunum. Eins og nú er háttað, tel ég það þess vegna mjög vel til fallið, að útvarpað sé umræðum frá þinginu um þau mál, sem almennur áhugi er fyrir. Það er mikill greiði við hlustendur, að umræðum um þingmál sé útvarpað. Og ef það yrði tíðkað, þá mætti stytta dagskrána og sleppa að mestu umræðum um hin smærri mál, sem almenningur hefir lítinn áhuga fyrir að hlusta á. En umræður um aðalmálin gætu borizt á sömu stundu út um hinar dreifðu byggðir landsins til alls þorra kjósendanna. En það, sem þeir þannig hafa heyrt, kæra þeir sig ekki um að lesa aftur í þingtíðindunum.

Nú eru fréttir fluttar frá þinginu á hverju kveldi í útvarpinu, og þar er skýrt frá atkvæðagreiðslum í hverju máli og nafnaköllum, sem fram fara. Er það ólíkt því, sem áður tíðkaðist, þegar slíkar fréttir bárust almenningi á mánaðarfresti í blöðunum.

Áður voru þingtíðindin lesin upphátt á kvöldvökum á sveitaheimilum, enda komu þau þá líka miklu fyrr út, eða stuttu eftir að þinginu var slitið. Viðhorfið í þessum efnum er nú stórum breytt frá því, sem áður var, og þó að bent sé á það, að á þeim harðindaárum, sem áður gengu yfir þjóðina, hafi ekki verið hvikað frá því, að prenta Alþingistíðindin og senda þau út, þá má geta þess, að umræðuparturinn, sem kom aðeins annað hvort ár, var ekki nema 25% af því, sem nú tíðkast, að fyrirferð, og þó kemur umræðuparturinn nú út á hverju ári. — Ég veit, að skjalaparturinn verður mun lengri, ef hætt verður við að prenta þingræðurnar. Þingskjölin verða ýtarlegri. Þingmenn hafa þá lengri grg. með frumvörpum, og jafnvel líka fyrir einstökum

brtt., er þeir bera fram, en þó verður þar stillt í hóf. — Með þessu yrði lesendum jafnframt gerður sá greiði, að í stað þess, sem þeir þurfa nú að þvæla í gegnum langar skammaræður til þess að leita að skýringum mála, þá gætu þeir gengið að þeim í skjalapartinum. Enda er það miklu þægilegra en að elta þær uppi á mörgþúsund blaðsíðum, þar sem erfitt er að finna meininguna í þvælingslegum og flóknum umbúðum.

Ég kem svo að því aftur, að ég sé ekki annað en að vilja hv. 2. þm. S.-M. verði fullnægt, þó að brtt. mín verði samþ. Því að eins og hann tók fram í ræðu sinni, þá á meiri hl. á hverju þingi að ráða því samkvæmt till. minni, hvort þingræðurnar verða prentaðar eða ekki. Þetta kemur til meðferðar á hverju þingi, ef till. mín verður samþ.

Hv. 2. þm. S.-M. gaf það í skyn, að hann væri ekki á meðal þeirra þdm., sem segðu eitt í dag og annað á morgun. Hann fylgdi sósialistum á síðasta þingi dyggilega í þessu máli, og það er ekki við því að búast, að hann fari nú að snúa baki við hálfbræðrum sínum. En hins vil ég mega vænta, að þeir hv. þdm., sem á síðasta þingi vildu hætta að prenta þingræðurnar, fylgi nú hiklaust og ákveðið þessari brtt. minni.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. talaði um, að hann vildi að þetta mál yrði afgreitt frá þinginu fyrir páska. Þetta er mér alveg nýtt. Ég hefi ekki heyrt það nefnt fyrr, að ætlunin væri sú. En ég býst við, að það sé hægt að sjá um, að málinu þurfi ekki að seinka um eina mínútu, þó að leyfður verði frestur á þessari umræðu til morguns. Verði því neitað, þá er það ekki nema mannlegt, þó að við í minni hl. verðum ekki eins liprir í samningum um framgang mála eftir sem áður.

Ég þarf ekki að svara því, sem hæstv. forsrh. sagði um einræði og fleira í sambandi við frv., eins og það var upphaflega, þegar það kom inn í þingið; það hefir hv. 1. þm. Reykv. gert. En ég get tekið það fram, að ég er samþykkur frv. eins og það nú er orðið, að undanteknum þeim stjórnarskrárbrotum, sem í því eru. Ég tel að vísu ekki þörf á að rifja þau upp aftur, en úr því það hefir verið gert, þá þykir mér rétt að benda á, að sum ákvæði frv. voru í byrjun alveg óhæfileg. — Það er rétt, að ég sagði, að það mætti líta á það sem brellu af þingm. að greiða ekki atkvæði um mál. En hún er ekki stærri en það, að þm. viðhafa daglega samskonar undanbrögð. Þeir eru ekki við, þegar málin eru rædd. Sumir þm. úr stjórnarliðinu hér í d. eru svo að segja aldrei í þingsæti sínu, og þegar atkvæðagreiðslur fara fram, þarf að smala þeim eins og kvikfé inn í d. Og verð ég að telja, að þeir svíkist á þennan hátt meira undan þingmannsskyldu sinni heldur en þó að andstæðingar stj. greiði stundum ekki atkv. um mál, sem þeim eru ógeðfelld. — Ef það á að fyrirbyggja þesskonar brellur, þá er bezt um leið að skylda þm., að viðlögðum miklum vítum, til að vera á þingfundum. En með þessu frv. er einmitt numin burt sú refsing, sem við því lá samkv. eldri þingsköpum. — Það er ekki rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að á síðasta þingi hefði verið fellt frv. í þinglokin af því, að stjórnarandstæðingar tóku þá ekki þátt í atkvgr. Það féll vegna þess, að sumir fylgismenn frv. voru farnir af þingi og að það var ekki til í þinginu nægilegur meiri hluti fyrir því að koma málinu fram. — Nú á með þessu frv. að fyrirbyggja þetta. En afleiðingin verður sú, að nú er hægt að afgreiða málsatriði með svo fáum atkvæðum sem verkast vill, ef minni hl. tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu; jafnvel einn maður, sem greiðir atkvæði, getur myndað meiri hl. á þingfundi og afgreitt málsatriði, ef hinir greiða ekki atkv. Svona eru þessi nýju þingsköp vitlaus.

Ég held fast við það, að hér er um alveg skýlaust brot að ræða á 48. gr. stjskr., og ég er undrandi yfir því, að ekki skuli fást leiðrétting á málinu.

Forseti (EÁrna): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið, en áður en atkvgr. fer fram, mun ég gera stutt fundarhlé.

Jón Auðunn Jónsson: Í haust var frestað atkvgr. 23 sinnum á einni nóttu vegna þess, að stjórnarsinnar voru ekki við, bekkir þeirra nær tómir, eins og oftast er, nema þegar þeim er smalað sérstaklega.

Jónas Jónsson: Þegar svo leiðinlegar ræður eru haldnar eins og þessi hv. þm. flytur og hans samherjar, þá er fullkomin ástæða til að vera **burtu.**

Stutt fundarhlé.]

Forseti (EÁrna): Í tilefni af ummælum, sem fallið hafa um það, að fyrirmæli í þessu frv. snertandi atkvgr. þingmanna á þingfundum brjóti í bága við ákvæði stjskr., vil ég taka þetta fram:

Samkv. 3. mgr. 44. gr. gildandi laga um þingsköp Alþingis er hverjum þm. skylt, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkv., nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.

Í 3. mgr. 40. gr. stjskr. segir, að þegar Alþingi skipar eina málstofu, þurfi meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og **eiga þátt í atkvgr.** til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál, og samkv. 48. gr. stjskr. getur hvorug þingdeildin gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkv. Nú er, samkv. stjskr., almenna löggjafanum í sjálfsvald sett og fullkomlega leyfilegt, að setja í þingsköpum ákvæði um það, hvað teljast skuli þátttaka í atkvgr. að því, er varðar þá þm., sem á fundi eru mættir og ekki hafa lögmæt forföll og því er að lögum skylt að taka þátt í atkvgr. Neiti þingmaður, sem þannig er ástatt um, að greiða atkvæði með eða móti málefni, sem undir atkvæði er borið, hefir hann með því tekið **þá afstöðu til málefnisins** að láta hlutlaust, hvort það gengur fram eða ekki.

Það verður því ekki talið fara í bága við nefnd

ákvæði stjskr., þótt slík afstaða sé í þingsköpum talin þátttaka í atkvæðagreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 255,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 255,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 254,1 felld með 9 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 272 samþ. með 9 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 255,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 254,2 felld með 9 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 254,3 felld með 9 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 255,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 255,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 255,6 samþ. með 9 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 274 felld með 8:1 atkv.
— 254,4 felld með 9 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
36.—38. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 280).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og endursent Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 280).
Á 43. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til *einnar umr.*
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PP, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, JörB.
nei: PHalld, SK, GSv, GÍ.
PG, TT, EE, GÞ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (BJ, JJós, ÓTh) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 304).

Við nafnakallið um frumvarpið urðu þessar umræður:

Thor Thors: Ég er hlynntur ýmsum ákvæðum frv., en tel önnur þeirra vera skýlaust brot á stjskr., og mun því ekki greiða atkv. um það.

Garðar Þorsteinsson: Ég álít, að sum ákvæði frv. séu augljóst brot á stjskr., og tel því, að forseta hafi borið skylda til þess að neita því að bera það undir atkv. Ég mun því ekki greiða atkv. um slíkt frv.

Forseti (JörB): Ég mótmæli því algerlega, að frv. þetta sé augljóst brot á stjskr. Þvert á móti ber frv. það með sér, að það sé henni samkvæmt.

Jakob Möller: Það hafa nú verið færð svo ljós rök fyrir því, að frv. þetta sé stjskr.brot, að *fylgismenn þess hafa fyrir löngu algerlega gefizt upp* við að þræta fyrir það. Ég tel forseta ekki heimilt að bera það upp, og sé mér því ekki *fært að greiða atkv. um frv.*

18. Alþýðutryggingar (frv. allshn. Nd.).

Á 43. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um frestun á framkvæmd 2. og 3. málgr. 62. gr. l. nr. 26 1. febr. 1926, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 293).

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og af skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og frv. þetta ber með sér, er það flutt af allshn. eftir beiðni hæstv. atvmrh. Í grg. þeirri, er fylgir frv., er frá því skýrt, hversvegna það er flutt, og hefi ég engu við það að bæta. Samkomulag hefir líka orðið um það í allshn. að mæla með því, að leyfð yrðu afbrigði, svo að mál þetta gæti gengið í gegn í einni lotu, þar sem lög þessi eru gengin í gildi fyrir 6 dögum og nauðsyn ber til, að breyting þessi sé þegar gerð, eins og bent er á í grg.
Vil ég svo fyrir hönd allshn. mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

Thor Thors: Eins og hv. 1. landsk. tók fram, er frv. flutt af allshn., og aðaltilgangur þess er að sporna við því, að menn geti nú þegar tekið innstæður sínar úr lífeyrissjóði, sem nú er heimild fyrir í 60. gr. l. um alþýðutryggingar. En af því að heimild þessi er nú í lögum, munu margir hafa vænzt þess að fá þetta fé til umráða nú eftir 1. apríl, og geri ég ráð fyrir, að margir hafi sótt um það nú þegar. — Ég vildi því beina því til hæstv. ríkisstj., að þeir fái greitt úr sjóðnum, sem þegar hafa sótt, þar sem þeir hafa þegar gert ráðstafanir til eyðslu þessa fjár og þurfa á því að halda. En eins og ég tók fram, er aðaltilgangurinn sá, að sporna við því, að menn taki mikið fé út úr lífeyrissjóði nú þegar, þar sem mikið af fé hans er frosið fast.

*Pétur Ottesen: Úr því að komin er fram breyt. á l. um alþýðutryggingar, vildi ég benda á það, að mörg fleiri atriði er ástæða til að athuga í l. þessum, ef ekki verður ráðin bót á ágöllum þeirra á annan hátt en með lagabreytingum.

Ég vil taka eitt atriði fram hér. Mér skilst eftir ákvæðum laganna um ellistyrk og lífeyri, að þeir menn, sem eru á aldrinum 60—67 ára, séu sviptir styrks úr ellistyrktarsjóðum, eins og um ákvæði laganna er búið.

Mér finnst það ákaflega ósanngjarnt, að þessir menn séu sviptir styrk úr þeim sjóði, sem þeir eru búnir að greiða lengi til, og þeir eiga kröfu á að fá. Vildi ég a. m. k., að það kæmi fram við þessa umr., ef það telzt fært án lagabreytingar að bæta úr þessum órétti; ella virðist mér, að ekki verði hjá því komizt að breyta lögunum, svo að þessir menn fái a. m. k. þann styrk, sem þeir hefðu orðið aðnjótandi samkv. l. um ellistyrktarsjóði.

*Jónas Guðmundsson: Út af þessu, sem hv. þm. Borgf. minntist á, skal ég geta þess, að ég hefi átt tal við forstjóra tryggingarstofnunar ríkisins um þetta atriði, þar sem flestir munu skilja svo þessa gr. í l., að ekki skuli aðrir fá styrk en þeir, sem orðnir eru 67 ára að aldri, en að hans dómi er sá skilningur ekki réttur, þó að eftir orðalaginu megi skilja þetta á báða vegu. En þar sem flestir skilja þetta á þann veg, að menn á aldrinum 60—67 ára séu sviptir ellistyrk, það ég hann, sem hann lofaði, að senda bréf, ásamt reglugerð, sem nú er verið að ganga frá, til hreppstjóra og sýslumanna um allt land, þar sem tekið skuli skýrt fram, hvernig skilja beri þetta ákvæði.

Ég vildi skjóta þessu fram, og ég held, að það sé óþarfi að koma með breytingu nú við lögin um þetta atriði.

Ég veit, að bæði forstjórinn og hæstv. atvmrh. munu leggja fyrir næsta þing þær breytingar, sem reynslan sýnir, að nauðsynlgt er að gera á l. þessum.

Viðvíkjandi frv. því, sem hér liggur fyrir, vil ég ekki segja annað en það, að vitanlega er nauðsyn að fresta framkv. þessa ákvæðis, meðan fé lífeyrissjóðs er fast og verið er að losa það.

*Pétur Ottesen: Mér skilst nú eftir því, sem hv. 6. landsk. upplýsir, að það eigi að framkvæma þessi lög, þrátt fyrir orðanna hljóðan, á þann hátt, að þeir menn verði ekki sviptir ellistyrk, sem eru á aldrinum 60—67 ára.

Ég býst nú heldur ekki við, að það hafi verið tilgangurinn, enda hefði það verið hin mesta ósvinna.

En ég veit, að það er fleira, sem þörf er á að breyta. T. d. vantar alveg ákvæði um gjalddaga í einum af 4 köflum frv., og fleira er það, sem menn munu reka sig á, að auðsælega þyrfti breytingar við. Væri skemmtilegast, að það væri gert nú, úr því að verið er að gera breytingar, en hv. 6. landsk. talaði um, að það yrði gert á næsta þingi, en framkvæmdavaldið sigldi um brim og boða ills frágangs þetta ár, og má vel vera, að það takist.

Mér þykir vænt um að heyra, að framkvæma eigi ákvæðið um ellistyrktarsjóðina þannig, að mennirnir á aldrinum 60—67 ára missi einskis í.

*Avmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég var ekki við, er þessar umr. hófust. En ég vil benda hv. þm. Borgf. á 1. málsgr. 52. gr. þessarar l. Þar segir: „Örorkulífeyrir greiðist á aldrinum 16—67 ára, en sá telst öryrki samkvæmt lögum þessum sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara lífskröfum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum ...“ o. s. frv. En sú skilgreining er gerð á, að til þess að verða aðnjótandi örorkulífeyris þurfi viðkomandi að hafa glatað tilteknum hluta starfsorku sinnar. Eftir því, sem ég hefi fengið upplýsingar um, munu flestir þeir, sem njóta nú styrks úr ellistyrktarsjóðum, falla undir þetta ákvæði eða þessa skilgreiningu laganna á öryrkju.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að koma með breyt. nú á l. þessum, eða ekki fyrr en reynsla er fengin um þau í framkvæmdinni. Ég er yfirleitt andvígur því að breyta fleira en því, sem aðkallandi er, og þó ýmislegt þurfi breyt. við, er það ekki aðkallandi, og tel ég ekki neinu stefnt í voða, þó að það bíði til næsta þings. Vænti ég þess, að hv. þm. veiti frv. þessu fljóta afgreiðslu.

*Hannes Jónsson: Eftir því, sem fram hefir komið, m. a. hjá einum nm., eru einstaka menn búnir að ráðstafa þessu fé nú þegar, er þeir áttu von á að fá úr lífeyrissjóði, og kom fram frá honum ósk um, að þeir fengju það fé greitt. Nú getur vel verið, að fleiri séu búnir að ráðstafa þessu fé en þeir, sem þegar eru búnir að senda umsókn, og mér finnst, að það hljóti að vera sameiginleg krafa, að öllum þessum mönnum verði greitt sitt. Mér finnst satt að segja einkennilegt, að eina leiðin, sem ríkisstjórnin finnur til að bæta úr göllum, sem hefði mátt sjá fyrir fram, skuli vera þessi að koma með brtt. við l. þegar á næsta þingi; mér finnst það vera dálítið hjákátlegt.

Má segja, að stjórnin sé varla búin að hneppa upp um sig, þegar aftur þarf að bregða brókunum, og má hún segja við þingið, eins og karlinn við kerlinguna, að koma nú og hirða klessuna.

Mér finnst ólykt af öllu þessu atferli.

*Pétur Ottesen: Ég vildi út af ummælum hæstv. atvmrh. taka það fram, að mér skilst, að með orðinu örorka sé átt við afleiðingar slysa eða óstarfhæfi af þeim orsökum, en það á ekkert skylt við ellilasleika. En úr því að hæstv. ráðh. telur fært að komast yfir þennan ágalla í l. með þessu móti, þá er gott, að það sé gert. En þegar gerð verður breyting á þessum l., þarf það að koma skýrt fram, að mönnum á aldrinum 60—67 ára sé tryggður a. m. k. ekki lægri lífeyri en þeir fá nú greiddann ellistyrk.

*Gísli Sveinsson: Ég skal ekki lengja þessar umr., sem eru einkennilega til komnar, eða bara fyrir þá sök, að hér liggur fyrir frv., sem

þarf að ná framgangi nú þegar. En ég vil taka það fram, að mér finnst ófyrirsynju, að lögin um ellistyrktarsjóði gildi ekki, þar til þessi lög um alþýðutryggingar eru komin í gildi. Ég tel því ólöglegt það, sem hæstv. atvmrh. gerði, er hann sendi bréf til sýslumanna í jan. sl. og mælti þar fyrir um, að gerð yrði skrá fyrir gjaldskylda menn eftir þeim lögum, sem ekki voru komin í gildi og bæði mér og öðrum var kunnugt um, að varð ekki framkvæmt nema út í bláinn.

Þá var eitt atriði, sem hér hefir komið fram, að ætlazt var til, að þeir menn yrðu ekki aðnjótandi ellistyrks á þessu tímabili, sem eru á aldrinum 60—67 ára, en það var síður, að sama fólkið fengi ellistyrk ár eftir ár, og áttu menn á þessu reki rétt á að fá þennan styrk til 1. apríl. Eins og kunnugt er, átti þetta fólk rétt á að fá ellistyrk samkv. l. um ellistyrktarsjóði, og á heimtingu á að fá þann styrk. En nú er það komið fram, að hér er atriði, sem þarf úr að bæta. Og á framkvæmdin því að verða á ólöglegan hátt, þar sem á að setja þetta undir ákvæði um örorku, sem er algerlega óskiljanlegt. Er óviðkunnanlegt, og í rauninni óhæfilegt, að framkvæma þannig lög, og þó sérstaklega, að slík fyrirskipun komi frá ráðh. Ég teldi betra og viðkunnanlegra að taka þau helztu atriði, sem þarf að breyta, nú þegar. Ég vildi beina því til hæstv. ráðh., hvort ekki sé hægt að koma inn nú um leið breytingu um þetta atriði.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Það er alveg rangt, að menn eigi nokkurn rétt á ellistyrk, og áður en l. komu átti enginn rétt til hans. Og það hefir enginn tryggingu fyrir ellistyrk í fleiri ár í röð. Úthlutun hans fer eftir því, hvernig umsóknir liggja fyrir í hvert skipti. En þetta er lífeyrir, hvort sem örorkan stafar af veikindum, slysum eða elli. Ég vil því mælast til þess við hv. þdm., að þeir fari ekki að tefja málið með brtt., sem ég sé ekki, að sé nein ástæða til að afgr. á þessu þingi. Að sjálfsögðu verður, eins og ég áðan sagði, að athuga margt í l. á næsta þingi, eftir að l. hafa verið í framkvæmd um tíma. En það verður ekki þetta atriði, sem sérstaklega veldur örðugleikum. Hv. þm. V.-Sk. drap á það, að ríkisstj. hefði farið fram á það við sýslumenn að fremja ólöglegan verknað í undirbúningi undir framkvæmd alþýðutrygginganna. Þetta er nú tæplega rétt. Það er rétt, að ráðuneytið skrifaði sýslumönnum og óskaði, að þeir semdu skrá yfir gjaldendur til lífeyrissjóðs, sem gert var ráð fyrir 1. febr., þó að l. kæmu ekki í gildi fyrr en 1. apríl. En þetta voru aðeins tilmæli, sem allir undantekningarlaust hafa orðið við. Að gengið hafi verið á svig við l. með því að viðhafa þennan undirbúning og leggja til við sýslumenn að semja skrárnar þannig — því að það var ekki beint lagt fyrir þá — hygg ég sé í alla staði ofmælt.

Hv. þm. V.-Húnv. þarf ég litlu að svara. Hann var eitthvað að tala um stj. og að hneppa upp um sig buxunum — hans venjulega smekkvísi í ræðum hér á þingi. Þessi hv. þm. hefir sýnt það, að það er þýðingarlaust fyrir hann að hneppa upp um sig, því að það er ekki nema ferð og gangur.

*Gísli Sveinsson: Aðeins út af orðum hæstv. ráðh. Það var tilkynnt í símskeyti til sýslumanna, að l. um tryggingar yrðu framkvæmd, en ekki ellistyrktarsjóðsl., og það var á þeim tíma meðan ellistyrktarsjóðsl. giltu. Og þær athafnir, sem gerðar eru á þeim árstíma, var tilkynnt, að mættu ekki eiga sér stað, heldur yrði að breyta þeim undirbúningi undir hin l. Þetta taldi ég rangt, og sjálfsagt fleiri. Það varð að fyrirskipa oddvitum að gera þetta, framkvæma undirbúning ekki gildandi l. samkv., heldur samkv. l., sem ekki voru í gildi.

Það er skýrt tekið fram í ellistyrktarsjóðsl., að allir þeir, sem komnir eru yfir sextugt, eigi rétt til að fá ellistyrk og koma til greina við úthlutun, svo sem l. ákveða. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að þeir hafi ekki réttinn. Hitt er rétt, að menn hafa enga tryggingu fyrir því þetta og þetta árið að fá ellistyrk; en **rétturinn** er til.

Nú er með þessum l. sagt, að þessir menn hafi engan rétt til að koma til greina, hvorki samkv. eldri ákvæðum né nýrri ákvæðum í lífeyrissjóðslögunum nýju; svo að þeir eru búnir að vera. Það er líka verið að tala um að bjarga þeim með örorku. Veit ég ekki, undir hvaða ákvæði þeir eiga að koma, líklega gr., sem hann las upp og hljóðar um þá, sem ekki eru færir um að vinna fyrir sér. En það er kunnugt, að eins og gengur víða, geta menn unnið fyrir sér á þessum aldri. Ellistyrksveiting hefir og færzt nokkuð í það horf, að þeim væri veitt, sem verst eru settir og ástæður á heimili einna lakastar. Margt annað kemur til greina, en menn þurfa alls ekki að vera örorka. Enda gera l. sjálf ráð fyrir því, að þeir, sem orðnir eru 67 ára, séu upp til hópa á örorkulífeyri, en það gefur að skilja, að ekki eru nærri allir þessir menn öryrkjar. Hvernig ráðh. vill framkvæma þetta, verður hann sjálfur að bera ábyrgð á; ef hann vill gera það á ólöglegan hátt, þá verður hann líka að bera ábyrgð þar á. Ég hefi bent á, að eðilegast sé að setja bráðabirgðaákvæði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd. s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbirgði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Þær gr., sem í frv. þessu er lagt til, að frestað verði, hljóða þannig:

„Heimilt skal þó hverjum embættismanni eða barnakennara, sem yngri er en 40 ára, þegar lög þessa taka gildi, að hætta iðgjaldagreiðslum til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, og er hann þá tryggingarskyldur hjá lífeyrissjóði Íslands. Embættismaður eða barnakennari, sem notar heimild þessa, skal fá endurgreidd iðgjöld sín úr hlutaðeigandi sjóði, án vaxta.

Þeir embættismenn og barnakennarar, sem stöðu fá eftir að lög þessi öðlast gildi, eru tryggingarskyldir hjá lífeyrissjóði Íslands. Þó er þeim, sem stöðu fær síðar, heimilt að losna við tryggingarskylduna, með því að greiða iðgjöld til hinna sérstöku lífeyrissjóða, enda sé hann ekki yngri en 40 ára, þegar lög þessi öðlast gildi."

Síðan l. um alþýðutryggingar voru afgr. á síðasta þingi, hefi ég fengið tilmæli frá nokkuð mörgum barnakennurum og embættismönnum um að gangast fyrir þeirri breytingu, að lífeyrissjóður geti haldið áfram að starfa sem áður, með skyldutryggingum þeirra, sem tryggingarnar áttu að ná til. Ég var á móti því, að gerð yrði breyting á l., áður en þau gengu í gildi, en það var ekki fyrr en 1. þ. m. — einkum með tilliti til þess, að séð er, að þegar á næsta ári verður áreiðanlega ástæða til að taka eitt og annað í l. til endurskoðunar. En margir þessara manna óska þess, að lífeyrissjóður haldi áfram að starfa sem hingað til. Þá er og auðséð, að óheppilegt væri á þessu millibilsástandi að heimila fjölda manns að taka úr sjóðnum iðgjöld þau, er þeir eru búnir að greiða þangað, þannig að þeir þyrftu að fara að hefja iðgjaldagreiðslur á ný.

Ég hefi hugsað mér, ef þetta gengur í gildi, að snúa mér til þessara manna og fá álit þeirra og till. Verða þær þá lagðar fyrir næsta þing nógu snemma til þess, að hægt sé að afgreiða þær.

Með þessu frv. er lagt til, að frestað verði um eitt ár gildistöku lagagr., sem að þeim tíma liðnum verður þá ef til vill búið að breyta.

Ég skal bæta því hér við, að við athugun á því, hve margir menn þarna komi til greina og hve miklar fjárhæðir geti verið um að ræða, hefir komið í ljós, að jafnframt þeirri kvöð að greiða þetta fé úr sjóðunum er nauðsynlegt að setja nokkur ákvæði um það, hve freklega sé hægt að ganga eftir þessu fé, til að fyrirbyggja það, að menn, í trausti þess, að þeir eigi þarna svo og svo mikið fé í vændum, geri ráðstafanir, sem þeir geta svo ef til vill ekki risið undir.

Ég hefi farið fram á það við þingflokkana, að þeir geri sitt til að málinu verði hraðað gegnum þingið með afbrigðum, þannig að því geti orðið lokið í dag og að það geti fengið staðfestingu konungs á morgun.

Magnús Guðmundsson: Ég tek það fram, að ég tel frv. þetta réttmætt, og mun ég greiða atkv. með því. — Ég tók það fram í fyrra, að þessi gr. um lífeyrissjóð barnakennara og embættismanna væri óviðunandi. Mér skildist þá á hæstv. atvmrh., að hann ætlaði fyrir næsta þing að undirbúa og flytja brtt. um þetta, því að auðvitað er, að sú aðferð, sem ráðgerð er í l., er með öllu ófær. Embættismenn og barnakennarar hafa síðan 1920 safnað fé í sjóð með allþungum árlegum skatti á tekjur sínar, og svo á nú með einu pennastriki að fara að gera þessa sjóðsstofnun lítils virði með því að framselja hana annari stofnun. Þessi sjóður embættismanna mun nú vera orðinn um $1^1/_2$ millj. kr., og er það eingöngu skattur af launum þessara manna, að undanteknum 50 þús. kr., sem ríkið lagði til sjóðsins í byrjun. Svo á að fara að taka þennan sjóð og láta hana renna inn í almennan ellitryggingarsjóð, sjóð, sem gefur miklu minna af sér en þessi sjóður gefur nú, eftir þeim reglum, sem um hann gilda. Ég get ekki ímyndað mér, að hæstv. ráðh. þurfi að spyrja þá menn, sem hér eiga hlut að máli, um vilja þeirra, að hann þurfi að spyrja þá, hvort þeir vilji láta taka af sér sjóð, sem þeir hafa stofnað sér með miklu erfiði og þungum álögum.

Ég skil, að það muni liggja á að samþ. þetta frv., því að hætta er á því, að þeir menn, sem vantar fé og ekki eru komnir yfir aldurstakmarkið heimti aftur peninga þá, er þeir hafa lagt í sjóðinn, og er þá sjóðurinn ekki undir það búinn að inna af hendi allt það fé. Nokkrir hafa nú þegar farið fram á endurgreiðslu. Getur það stundum verið allmikið fé, sem menn eiga þannig inni, einkum ef þeir hafa lagt í sjóðinn allt frá 1920. Menn vilja margir gjarna fá peningana, jafnvel þó að þeir svipti sig með því ellitryggingum. En ég er á því, að það sé nokkuð stuttur frestur til 1. apríl, ef þing kemur saman 15. febr., og hefði verið varlegra að hafa frestinn nokkru lengri, t. d. til 1. maí eða 1. júní.

Mér skildist á hæstv. ráðh. í fyrra, að honum væri ljóst, að í frv. væri rangt að farið. Nú skilst mér hann ætla að fara að spyrja aðilja þessa máls um álit þeirra, spyrja þá, hvort sér leyfist að gera það, sem í sjálfu sér er rangt. Annars veit ég ekki, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að spyrja t. d. embættismennina. Ég veit ekki, hvort þeir hafa með sér samskonar félagsskap og barnakennarar. Mér er ekki kunnugt um, að slíkur félagsskapur sé lengur til. Auk þess held ég ekki, að þörf sé að spyrja embættismenn um þetta, því að gefið er, að þegar búið er að stofna $1^1/_2$ millj. kr. sjóð, þá vilja þeir ekki taka hann og skella honum inn í annan sjóð, sem gefur miklu minni tryggingu en hinn.

Annars sakna ég þess, að hæstv. ráðh. skuli ekki leggja til að breyta fleiri atriðum í þessum lögum, því að honum var í fyrra bent á ýms atriði, sem þörf væri á að breyta, en ekki fékkst

breyting á, að því er sagt var af því að of áliðið væri þingsins. Ég benti honum t. d. á það, að ekki væri tiltekinn neinn gjalddagi á ellistyrktarsjóðsgjaldinu, og það, að þeir menn, sem eru á aldrinum 60—67 ára, njóti ekki ellistyrks samkv. þessum l. nema þeir séu örorka. Nú heyrði ég í Nd. í dag, að hæstv. ráðh. ætlaði að bjarga þessu með því að telja örorkumenn alla þá, sem komnir eru yfir sextugt. En það fer í bága við l., sem segja, að menn geti ekki fengið styrk vegna elli fyrr en þeir eru 67 ára gamlir, og það getur ekki verið af öðru en því, að menn hafi ekki verið álitnir óvinnufærir fyrr en þetta.

En af því að mér er ljóst, að ekki þýðir að ræða um frekari breytingar á l. að þessu sinni, *lýsi ég hér með yfir því, að ég mun greiða atkv.* með frv.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get ekki komizt hjá að láta það í ljós, að ummæli hv. 1. þm. Skagf. um ákvæði 62. gr. l. eru á misskilningi byggð. Því fer fjarri, að ætlazt sé til, að sjóðurinn verði tekinn af embættismönnum og barnakennurum. Þeir eiga auðvitað rétt til þess fjár, sem þeir hafa greitt í sjóðinn, en myndu aðeins missa vextina af því. Hinir, sem halda áfram að greiða til sjóðsins, fá svo ellistyrk úr honum eftir þeim reglum, sem settar eru í samþykkt sjóðsins. Í því einu tilfelli gæti komið til mála, að embættismenn misstu nokkurs, að það sýndi sig, að iðgjöldin hefðu verið svo varlega áætluð, að sjóðurinn ætti fé umfram, er þeim hefði verið greitt, sem inni eiga í sjóðnum. En um þetta er engin reynsla komin enn, þar sem sjóðurinn er ekki búinn að starfa lengur en 16 ár.

Ég tek þetta fram af því, að hv. þm. sagði, að það ætti að svipta menn fé því, sem þeir eiga löglega.

Hv. þm. kvað það óþarft að leita álits barnakennara og embættismanna. Um það er ég ekki á sama máli og hann. Nú þegar hafa ýmsir óskað að fá endurgreidd úr sjóðnum iðgjöld sín, og bendir það til þess, að þeir vilji losna við þessa árlegu kvöð og fá peninga sína endurgreidda, enda þótt þeir yrðu að láta af hendi tryggingar sínar, en það er hverjum manni frjálst. Hinsvegar tel ég líklegt, að mikill meiri hl. vilji halda áfram greiðslum til sjóðsins.

Félagsskapur embættismanna mun ekki lengur vera til. Hinsvegar er til sérfélag póst- og símamanna og fleiri slík félög. En ríkisstj. mun hafa ráð með að leita álits embættismanna, þótt þeir hafi ekki með sér neinn allsherjarfélagsskap.

Viðvíkjandi því, að fleiri atriði í frv. hefðu þurft breytinga við, fullyrði ég, að ekkert atriði er þar, sem eins aðkallandi var að breyta og þetta.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. ráðh. lét sem ég hefði gert of mikið úr því ranglæti, sem ætti að bæta þær tvær stéttir, sem um er að ræða, því að ekki ætti að taka réttindi af þeim, sem lagt hefðu fé í sjóðinn og vildu vera í honum áfram. Það er rétt. En þegar að því kæmi, að allir, sem nú eru yfir 40 ára, væru búnir að fá styrk samkvæmt þessum l., yrði áreiðanlega eftir mikið fé í sjóðnum, en þetta fé tapaðist alveg með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir. Eftir 2—3 ár væri sjóðurinn orðinn um 2 millj. kr., og vextir af því fé nema um 100 þús. kr. á ári, en það er nóg til að borga h. u. b. 20 embættismönnum árlegan styrk, en *í fyrirsjáanlegri* framtíð verða þeir ekki fleiri, sem styrksins þarfnast, svo að sjóðurinn gæti haldið áfram að vaxa. Ég álít iðgjöld þau, sem sett voru 1920, of há. En þau voru sett svona há í byrjun til *þess að tryggja sjóðnum nægilegar tekjur.* Ef þessum háu iðgjaldagreiðslum yrði haldið, yrði sjóðurinn á nokkrum árum margar milljónir, sem rynnu svo til almennra ellitrygginga í landinu. Væri það ósanngjarnt að vera búinn að taka svona mikið af þessum stéttum og láta þær síðan sitja eftir við verri kjör en þær hafa búið sér.

Ég get auðvitað ekki bannað hæstv. ráðh. að spyrja þessa menn um álit þeirra, en ég er ekki í neinum vafa um svar þeirra. Að vísu eru til menn, sem eru þannig skapi farnir, að þeir vilja ná í peninga, þótt þeir með því afsali sér elliryggingu, en þeir eru ekki margir.

Um menn frá 60—67 ára er það að segja, að ég er viss um, að með réttum skilningi á elliryggingarlögunum eru þeir útilokaðir frá styrk, nema þeir séu örkumlamenn, en það eru, sem betur fer, fæstir þeirra. En víða í sveitum hefir þessu fólki verið haldið frá sveit með nokkrum styrk úr ellistyrktarsjóði.

Þetta kemur að vísu ekki við því litla frv., sem hér liggur fyrir, en mér finnst skrítið, að haft skuli vera á móti því, að þetta sé *smíðagalli á* lögunum. Og hæstv. ráðh. veit vel um þennan smíðagalla sjálfur, því að mér er sagt, að hann hafi þegar sent út fyrirskipun um það, að menn frá 60—67 ára skuli fá ellistyrk. Þetta út af fyrir *sig sannar*, að hæstv. ráðh. hefir orðið þess var, að ýmsir, svo að ekki sé fastar að orði komizt, hafa skilið lögin svo, að menn á þessum aldri séu samkv. þeim útilokaðir frá ellistyrk.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég hefi enga fyrirskipun gefið um það, að taka til greina menn á aldrinum 60—67 ára samkv. 6. kafla frv., og mun ekki gera. En af því, sem fyrir liggur, er það ljóst, að flest af því fólki, sem fengið hefir ellistyrk áður á umræddum aldri, hafi þegar tapað helming starsforku sinnar og eigi því rétt á örorkustyrk. Ég hefi því lagt fyrir sveitarstjórnir að láta fara fram athugun um þetta atriði.

Ég skal játa það, að aldurslágmarkið í elliryggingunum, 67 ár, er allt of hátt, en hefði það verið lækkað niður í t. d. 60, hefði orðið að *hækka iðgjöldin að stórum mun.* En vegna þeirra ákvæða í örorkutryggingarbálknum, að þeir, sem hafa misst starfsorku sína að hálfu eða meira, líka sökum elli, skuli fá styrk, verður þetta lágmark þolanlegt í bili.

Magnús Guðmundsson: Ég vil benda á það, að með síðustu ræðu sinni viðurkennir hæstv. ráðh. að einhverjir muni verða útundan. **(Atvmrh.:** Það er hugsanlegt). Það er meira en hugsanlegt. Það er auðsær hlutur, en þetta sýnir, að

lögin eru vanhugsuð og afturför frá því, sem var áður samkv. lögum um alm. ellistyrk.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 307).

19. Veðmálabækur.

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (þmfrv., A. 125).

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta frv. er flutt af því, að í ýmsum lögsagnarumdæmum hefir ekki verið notuð heimild frá 1933 til þess að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum með einum dómi um öll mál. Frv. er flutt eftir ósk bæjarfógetans á Ísafirði og fleiri. Enn eru víða greiddar veðskuldir óútmáðar í veðmálabókum, en dýrt og óþægilegt að verða að fá dóm í hverju máli fyrir sig. Ég veit t. d. um bónda, sem stóð í veðmálabókum frá 1905 og 1907, og varð fyrir skömmu að fá dóma um afmáningu með miklum kostnaði (eitthvað á 2. hundrað kr.). Menn kinoka sér eðlilega við að fá dóm í hverju einstöku máli, þegar slíkt kostar þá svo mikið.
Frv. er í raun og veru aðeins áréttíng og endurtekning á eldri lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 177).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er shlj. lögum, sem sett voru á þinginu 1933, um sérstaka heimild til þess að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum. Ástæðan til þess að það er hér flutt, er sú, að í sumum lögsagnarumdæmum hefir ekki verið notuð sú heimild, sem veitt var í lögunum frá 1933. Og þar sem það verður að teljast nauðsyn að hreinsa úr veðmálabókunum þau skuldabréf, sem hér um ræðir og flest eru ónýt eða úr gildi gengin, þá hefir hv. flm. talið rétt að endurnýja heimildina. Og allshn. er honum sammála um þetta og telur rétt, að þessi aðferð sé viðhöfð í öllum lögsagnarumdæmum landsins.
N. flytur aðeins eina brtt. við frv. þess efnis, að sú hreinsun, sem ætlazt er til, að gerð verði í veðmálabókunum, þurfi ekki að fara fram á ný í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem hún nú hefir verið framkvæmd samkv. heimild í lögunum frá 1933. N. telur ekki ástæðu til þess t. d. hér í Reykjavík, þar sem þessari hreinsun er nú lokið. N. hefir því orðið ásátt um að leggja til, að orðin „og í Reykjavík lögmaður" falli burtu, en í staðinn komi: í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem ekki voru afmáðar veðskuldbindingar úr veðmálabókum samkv. lögum nr. 20 1933. — Þetta raskar ekki, að því er n. finnst, tilgangi hv. flm. með frv., og er því sjálfsagt að samþ. brtt.

Jón Auðunn Jónsson: Ég þakka hv. n. fyrir undirtektir hennar við frv. og get fallizt á brtt. þá, er hún flytur, sem er sjálfsögð. Ég hafði ekki athugað það, að heimildin í lögunum frá 1933 hefir verið notuð í einstökum lögsagnarumdæmum, og þess vegna er ekki ástæða til að taka hana upp þar.

ATKVGR.
Brtt. 177 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 206).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 206).
Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 206, n. 276).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): N. hefir athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþ.

Frv. þetta er að efni til samhljóða l. frá 1933 um ógildingardóm á veðmálaskuldbindingum í veðmálabókum fyrir 1. apríl 1934. En þar sem mörg lögsagnarumdæmi hafa látið það hjá líða að nota sér þá heimild, er nú frv. um þetta flutt að nýju. Að vísu hefði nægt að flytja frv. um breyt. á dagsetningunni einni, en n. telur eins heppilegt, að nýtt frv. verði samþ.

Þar sem nauðsynlegt er, að þessar gömlu veðskuldir verði afmáðar, mælir n. einróma með frv. eins og það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 316).

Á 43. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 358).

---

20. Löggilding Hjarðardals.

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði (þmfrv., A. 249).

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 249).

21. Dómþinghá í Djúpárhreppi.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu (þmfrv., A. 214).

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 252).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 214).

Á 43. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 308).

Sigurjón Á. Ólafsson: Um þetta mál er fátt eitt að segja. N. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Er frv. fram komið vegna þess, að einum hreppi í Rangárvallasýslu hefir verið skipt, og er því tvímælalaust rétt og nauðsynlegt að setja sérstaka dómþinghá í hinum nýja hreppi. N. hafði ekkert við frv. að athuga, en var einhuga um að mæla með, að það yrði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 359).

---

22. Eyðing svartbaks.

Á 3. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) (þmfrv., A. 19).

Á 5. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Svipað frv. þessu, sem hér liggur fyrir, kom fram á síðasta þingi og fékk hér í hv. d. fljóta og góða afgreiðslu, var síðan sent til hv. Nd., en dvaldist þar nokkuð lengi í allshn., því að þaðan kom það aldrei, heldur sofnaði þar út af. Það var borið fyrir, að í þeirri n. væru svo mörg mál meira varðandi en þetta, hver svo sem orsökin kann að hafa verið fyrir því, að málið fékk þessa meðferð þar.

Raddir komu fram um það á síðasta þingi, að ekki væri rétt að lögbjóða eitrun til útrýmingar fugli þessum, þó illur væri. Hefi ég í þessu frv. horfið frá því ákvæði. Aftur á móti eru skotmannslaun ákveðin hærri í þessu frv. heldur en í frv. í fyrra, og eins sekt þeirra manna, sem uppvísir verða að því að sýna skeytingarleysi og vanrækslu í því að eyða eggjum svartbaks í þeirra landi. Einnig er hér ákveðið, að ⅔ hl. af slíku sektarfé verði greitt til uppljóstrarmanna, í staðinn fyrir að áður var ákveðinn helmingur af því til þeirra. — Þetta eru meginbreyt., sem gerðar hafa verið á frv. því, sem hér var til umr. um þetta efni á fyrra þingi. Eftir þeim undirtektum, sem þetta mál fékk hér á síðasta þingi, vænti ég þess, að það fái mjög fljóta afgreiðslu og sæmilega hér í hv. d.

Það leikur ekki á tveim tungum, a. m. k. á Breiðafirði, að verði ekki tekið í taumana til þess að vinna gegn fjölgun þessa fugls, þá er ein af framleiðslugreinum okkar, dúnframleiðslan, í algerðum voða, og öll líkindi til, að hún hverfi að mestu eða öllu leyti. Það hefir einnig verið tekið fram, að fugl þessi hefir ill áhrif á veiði fiskjar í fersku vatni og spillir henni mjög. Auk þess, þegar átuleysi er við sjóinn, leitar hann mjög upp til sveita og leggst á unglömbin í vorharðindum. Voru nokkur brögð að því á síðasta vori.

Dúnframleiðslan og laxframleiðslan virðast vera meðal þeirra fáu framleiðslugreina okkar, sem ekki eru enn sem komið er háðar miklum söluörðugleikum. Þess vegna tel ég enn meiri nauðsyn á að vernda þessar atvinnugreinir og stuðla að vexti og viðgangi þeirra. Í því augnamiði er eitt af því fyrsta, sem þarf að gera, að vinna að útrýmingu þessa vargfugls, sem nú er þeim mjög til eyðileggingar.

Orðlengi ég þetta svo ekki frekar, ef ekki koma fram nein andmæli gegn frv., en vænti þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 83).

***Frsm. (Þorsteinn Briem):** Allshn. er á einu máli um það, að þau l., sem nú eru í gildi til verndar æðarvarpi fyrir ágangi og eyðileggingu, sem því stafar af svartbaknum eða veiðibjöllunni, séu algerlega ófullnægjandi. Það eru lagaákvæði frá 1892, sem gilda aðeins fyrir eitt hérað, eða sveitirnar kringum Breiðafjörð, og ná einungis til þess, að jarðarábúendum sé skylt að eyða svartbakseggjum í landi sínu, og þó ekki nema þeir, sem varplönd eiga eða búa ekki fjær en í mílufjarlægð frá friðlýstu varplandi. Nú er vitað, að svartbakurinn verpir uppi í háfjöllum, þar sem mönnum er eigi fært að komast að hreiðri hans, og verður því eigi, þótt öll alúð sé við lögð, vargfugli þessum eytt með því einu að spilla eggjum hans. Þetta hefir reynslan sýnt, og þess vegna hefir ekki á seinni árum verið lögð alúð við að eyða honum á þennan hátt. Þess vegna var allshn. fylgjandi því frv., sem hv. þm. Dal. bar fram á síðasta þingi, og því fremur er n. því fylgjandi nú, þegar af því hafa verið sniðnir þeir aðalagnúar, sem þá þóttu á því, og er þar átt við ákvæði um að eyða þessari vargfuglstegund með eitrun. Allshn. gerði þá tilraun til að gera þau á-

kvæði mildari, en sá sér ekki fært að fella úr frv. öll ákvæði í þá átt, en nú hefir hv. flm. sjálfur fellt þau úr frv., og er n. sammála um, að frv. sé mannúðlegra í því formi, sem það nú hefir, og líklegra til framgangs. — Aðalbreyt. á því frv., sem nú liggur fyrir, og því, sem fram var borið á síðasta þingi, er í því fólgin, að öll ákvæði um að eyða þessari vargfuglstegund með eitrun eru felld burtu. Fyrst og fremst aðalákvæðið úr 1. gr., og svo þau ákv. 3. gr. og 5. gr., sem að því lutu. Jafnframt þessu eru nokkrar aðrar breyt. gerðar á frv., sérstaklega á 4. gr., þar sem talað er um skotmannalaun; er þeim hér hagað á annan hátt heldur en var í frv. því, sem hér lá fyrir á síðasta þingi og þá var afgr. frá þessari hv. d. Þá var gert ráð fyrir, að sýslusjóðir, sveitarsjóðir og ríkissjóður greiddu hver um sig ⅓ hluta, en nú er ætlazt til, að ríkissjóður greiði skotmannalaunin að hálfu, en sýslusjóðir og sveitarsjóðir ¼ hvor. Jafnframt er hámarksgreiðsla úr ríkissjóði hækkuð um helming, eða úr 10 aurum upp í 20 aura. Jafnvel þótt þessi breyt. sé nokkur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð, þá er n. sammála um, að þetta séu svo mikilsverð lög, og svo arðvænlegur atvinnuvegur sé hér í veði, að þessi breyt. stefni í rétta átt. Þá hefir sú breyt. verið gerð á frv. frá því á síðasta þingi, að sektarákvæði 6. gr. hafa verið hækkuð, og í stað þess að þá var gert ráð fyrir, að sektirnar væru 20—200 krónur, er nú gert ráð fyrir, að þær verði 50—300 kr., og ákvæðin um eyðingu svartbakseggja eru sömuleiðis fyllri og víðtækari. Ennfremur er smávægileg breyt. á 7. gr. frá því, sem áður var. Var þar svo til ætlazt, að sektarfé rynni að hálfu til uppljóstrunarmanns, en að hálfu til sveitarsjóðs. En í þessu frv. er svo fyrir mælt, að ⅔ renni til uppljóstrunarmanns og ⅓ til sveitarsjóðs.

N. hefir orðið sammála um það, að frv. athuguðu, að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 19, 106).

Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi leyft mér að koma fram með brtt. um það, að færa tölu þeirra, sem þurfi til að óska samþykkta, úr 10 niður í 5. Það stendur sem sé þannig á, að í sumum sýslum eru ekki nema 5 eða ef til vill færri varpeigendur. Það er þannig í Norður-Ísafjarðarsýslu, og hefir sú sýsla þó verið með dúntekjumeiri sýslunum. Ég óska því, að hv. d. samþ., að þessi tala sé færð þetta niður, eins og fram á er farið með till.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í 4. gr. þessa frv. er svo ákveðið, að ríkissjóður greiði helming skotmannslauna, ef ákveðið er að eyða svartbak með skotum, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. En ég get ekki séð ástæðu til þess, að ríkissjóður taki þátt í þessum kostnaði, þar sem þetta er fyrir einstök héruð, og að verulegu leyti í þágu þeirra manna, sem á þessum svæðum búa, og þess vegna finnst mér eðlilegt, að sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður beri þennan kostnað að öllu leyti. Ég hefi því leyft mér að semja skrifl. brtt. um þetta, og vona ég, að hv. d. leyfi að hún komi til úrslita við atkvgr. um málið. Brtt. er við 4. gr., og er um það, að fyrri málsgr. orðist þannig: „Nú er ákveðið í samþykkt að eyða svartbak með skotum, og greiðir þá sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn helming skotmannslauna hvor."

Forseti (EÁrna): Til þess að hin skrifl. brtt., sem hæstv. fjmrh. hefir nú lesið upp og afhent mér, megi koma hér til meðferðar, verður að veita tvöföld afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 115) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég verð að segja, að þessi síðasta brtt., sem kom fram frá hæstv. fjmrh., kom mjög flatt upp á mig. Eins og tekið hefir verið fram í fyrri umr., þá er hér verið að bjarga atvinnuvegi, sem er kominn á fallanda fót vegna ásóknar af vargfugli. Hann er kominn svo, að það er víða ekki nema hálf dúntekja á við það, sem áður var, og einmitt vegna þess, hvað nú er orðið erfitt fyrir dúnframleiðendur, þá er nauðsynlegt að fá styrk frá því opinbera til aðstoðar við eyðingu þessa vargs, sem ásækir varpið. Í fyrra frv., sem ég flutti á síðasta þingi, þá var ætlazt til þess, að notað væri eitur, sem er miklu kostnaðarminna og gengur fljótlegar að varginum með því, og ef það útrýmingarmeðal væri notað, þá þyrfti ríkissjóður ekki að borga neitt fyrir þann fugl, sem þannig væri drepinn. Nú kom fram andúð gegn þessu útrýmingarmeðali, og þar sem andúð kom fram hér á þinginu gegn því að nota það meðal, sem er hagkvæmast, þá finnst mér rétt, þegar krafizt er sérstakra aðferða, að löggjafarvaldið styðji með dálitlu fjárframlagi að því að ryðja þessum vargi úr vegi. En með þessari brtt. er gjaldinu öllu smellt á sýslu- og hreppssjóðina. Ég verð að segja, að það getur verið virðingarvert af hæstv. fjmrh. að hugsa um ríkissjóðinn einan, en það er líka athugavert að pína bæði sýslu- og hreppssjóðina. Það hefir verið venja, að þegar sérstök héruð hafa orðið fyrir skakkaföllum, þá hefir landið allt hlaupið undir bagga til þess að hjálpa, en hér er héruðunum sjálfum ætlað að berjast einum móti þessum vargi. Og þetta verður dýrara, ef á, eins og leit út fyrir í vetur og ef til vill er á uppsiglingu núna, að takmarka vopnaburð manna. Það verða þá kannske eingöngu útvaldir stjórnarmenn, sem mega hafa þessi vopn, og verður þetta þá dýrara, ef þarf að ráða þá sérstaklega til þessa starfs. Þegar þetta er svona takmarkað á alla lund, þá finnst mér

það ekki að ástæðulausu, að ríkið leggi dálitið til útrýmingarinnar, enda leit hv. allshn. sanngjarnlega og réttilega á þetta mál, og var hún sammála um, að þetta gjald skyldi vera, og geri ég ráð fyrir, og veit það líka fyrirfram, að hún muni ekki hvika frá því. Ég þarf ekki að eyða orðum að því að sýna, að það er eins og ríkið megi ekki styðja neitt nema það, sem kemur til góða vissum sýslum, og þá helzt Múlasýslum. (**Fjmrh.**: En hvernig er það með Dalasýslu?). Það var gott, að hæstv. ráðh. minntist á Dalasýslu, því ég verð að segja það, að ef hæstv. ráðh. hefir lagt sína köldu hönd á nokkra sýslu, þá er það sú sýsla. Það má í því sambandi fyrst nefna fé til vega, sem ekki var 6. hluti af fé því, er veita átti eftir till. vegamálastjóra til vegaframkvæmda, og nú þegar farið er fram á, að hún ásamt nokkrum öðrum héruðum fái dálitinn styrk til þess að verjast hinum fiðraða tvífætling, þá fær hún ekki hinn minnsta styrk.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég heyri mér til mikillar undrunar, að hv. þm. Dal. er mjög mótfallinn þessari till. Ég hafði satt að segja vænzt þess, að hann væri svo fullur af ábyrgðartilfinningu gagnvart afkomu ríkissjóðs, að hann vildi flest til vinna til þess, að henni mætti halda í lagi. Það má segja um hann eins og svo marga aðra menn, að þeir eru fúsir til þess að vera með öllum útgjaldatillögum og leggja skatta á ríkissjóðinn og koma svo heim í héruðin og hrósa sér af því, að þeir hafi getað útvegað þetta eða hitt. En svo standa þessir sömu menn á móti því, að ríkissjóður afli sér tekna. Þetta er undarleg afstaða, en þannig er það samt. Það er venjulega svo, að þeir, sem eru skeleggastir í því að standa á móti því, að ríkissjóður fái tekjur, eru líka skeleggastir í því að gera til hans kröfur. Það getur verið, að þetta geti litið nógu laglega út í augum þeirra, sem ekki hafa sett sig inn í málið og geta ekki dæmt um afstöðu þessara þm., en það gæti skeð, að það færi af þeim riddaramennskan, þegar athuguð væri afstaða þeirra til fjáraflatillagna, sem komið hafa fram fyrir ríkissjóðinn. (**MJ**: Hvernig er það með fiskimálan.?) Ég vil benda hv. þm. á það, að fiskimálan. er ekki til umr. núna. En þó að hún væri lögð niður, þá verður ekki breytt kostnaðinum við störf n., heldur yrði kostnaðurinn færður yfir á fiskimennina sjálfa. En það mál er ekki til umr. hér.

Þá var hv. þm. Dal. að kvarta undan afstöðu minni til Dalasýslu. Ég veit ekki betur en að ég hafi stutt hann til þess að fá fullkomlega eðlileg fjárframlög til Dalasýslu við afgr. fjárlaganna. (**ÞÞ**: Við sjáum til á þessu þingi). Ég held, að hv. þm. þurfi ekki að kvarta eða vera með skæting til Múlasýslna, því þær munu þola samanburð, ef tekið er tillit til tekna hverrar sýslu fyrir sig. Hv. þm. ætti að bíða með hnútur sínar, þangað til séð verður, hvernig afstaða mín og hans verður til till., sem fram hafa komið.

Ég ætla svo ekki að fara lengra út í að ræða þetta mál, en ég verð að halda fast við það, að ég get ekki séð sérstaka ástæðu til þess að setja á ríkissjóð nokkurn hluta af þessum kostnaði. Ég verð að líta svo á, að þeir, sem eiga að hafa not af þessum ráðstöfunum, eigi að bera kostnaðinn, en það eru hlutaðeigandi héruð.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla ekki að lengja mikið umr. um þetta mál. En með því að hæstv. ráðh. var með almennum orðum að beina því að mér, að ég hafi verið skeleggur í fjvn. í því að eyða, en ekki í því að spara, þá verð ég að vísa þessu algerlega frá mér, nema þá að reynt sé að færa einhver rök fyrir því. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki haft það til mín að segja í samvinnunni á síðasta þingi í fjvn., að ég tæki ekki þeim sparnaðartill., sem fram komu, og reyndi að stuðla að því að spara á fjárl. eftir því, sem hægt var, allt fram að þeim tíma, að hinir stóru skattar komu fram, og þegar maður sá, að ekki varð við neitt ráðið, þá sleppti maður taumhaldinu og hætti að skipta sér af því, hvort sparað var eða ekki. Ég vil fá að heyra það, hvort hæstv. ráðh. hefir verið að beina því til mín persónulega, að ég hafi verið einn af eyðsluseggjunum í fjvn. Ég kannast alls ekki við það. En eins og ég hefi haldið fram, þá finnst mér sanngjarnt, þegar einhver hnekkur kemur fyrir sérstök héruð, að þá hlaupi ríkið undir bagga. Það hefir gert það áður, þar sem sérstök héruð hafa orðið fyrir skakkaföllum, eins og var þegar jarðskjálfta- og ofviðrisskemmdirnar urðu fyrir norðan. Og þó að þetta sé ekki samskonar, þá held ég, að það sé réttmætt, að ríkið leggi til nokkurn hluta af kostnaðinum við að útrýma þessum vargi. Það má auðvitað deila um, hvað mikill hluti það eigi að vera, en ég tel sjálfsagt, að ríkissjóður láti einhvern hluta af hendi, og það því fremur sem það var samþ. á síðasta þingi í þessari hv. d., og vænti ég, að það verði einnig gert nú.

ATKVGR.
Brtt. 106 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 115 felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JJ, EÁrna.
nei: JAJ, MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL.
IngP,[1]) PHerm, PM, SÁÓ greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (HG, HermJ) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 116).
Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

---

1) **IngP**: Ég er ekki með því, að það sé fellt alveg niður, að ríkissjóður taki þátt í útrýmingu svartbaks, og greiði því ekki atkv.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 116, n. 205, 215, 216).

*Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Allshn. hefir athugað þetta mál allýtarlega og einstakar gr. þess, og hún mælir með því, að þetta frv. verði samþ., en þó með einni allverulegri breyt. Samkv. 1. gr. frv. er svartbakur réttdræpur hvarvetna. Allshn. þykir rétt að taka það upp í þessa gr., að það sé ekki leyft að eyða svartbaki um varptímann, því að það þykir ekki vera mannúðlegt að fara með vopnum að þessum fugli, meðan hann situr á ungum sínum. En jafnvel þótt þetta atriði yrði ekki tekið upp í frv., þá mundi þessi gr., eins og hún er nú orðuð, í rauninni ekki heldur fá staðizt, því að það leiðir af sjálfu sér, að svartbakur getur ekki verið réttdræpur hvarvetna, nema innan þeirra takmarka, sem lög mæla fyrir, að heimilt sé að drepa þennan fugl; það er t. d. bannað að skjóta í varplandi eða selalátrum, svo að það leiðir af sjálfu sér, að þessi fugl er ekki réttdræpur hvarvetna, þ. e. ekki með skotum í varplandi eða selalátrum.

En hinsvegar má segja, að 1. gr. fái staðizt að þessu leyti, ef gengið er út frá því, að hægt sé að læðast að fuglinum og hengja hann í greip sinni.

Í öðru lagi hefir n. orðið sammála um að leggja til, að það sé bannað að eyða svartbak með eitri. Það er að vísu svo, að í l. er það hvergi berum orðum bannað að drepa svartbak með eitri, en í frv. eins og það kom fram í fyrra er beinlínis heimilað að eitra fyrir þennan fugl. Í þessu frv. er ekkert tekið fram um það, hvort það sé tilætlunin, að svartbakurinn sé eitraður eða ekki. En í 2. gr. er heimild til að setja reglugerð um eyðingu svartbaks almennt. Mér er ekki grunlaust um, að það hafi verið meiningin að smeygja þar inn ákvæðum um eyðingu með eitri. Allshn. er sammála um þetta, er mér óhætt að segja. Það getur verið, að fyrirvari hv. 1. þm. Árn. eigi að skoðast þannig, að hann sé ekki ráðinn í, hvort hann vilji leyfa eitrun eða ekki, en a. m. k. hinir nm. munu vera sammála um, að það sé rétt að banna að drepa þennan fugl með eitri. Er margt, sem ber til þess. Í fyrsta lagi er það ákaflega hrottaleg aðferð að drepa fuglinn á eitri og láta hann kveljast af misjafnlega sterku eitri. Frá mannúðlegu sjónarmiði er slík aðferð óforsvaranleg. Í öðru lagi er það vitað, að slíkri eitrun mundi ekki vera hægt að koma þannig fyrir, að þessi fugl yrði fyrir henni einn. Það er vitað, að ernir t. d. mundu útrýmast, ef þessi eitrun ætti sér stað, og ekki er ótrúlegt, að hundar mundu glepjast af sliku æti. Það er vitanlegt, að þeir hafa drepið sig á eitri, sem sett hefir verið fyrir refi, og er það þó látið inni í óbyggðum, en þessi eitrun mundi fara fram í byggðum niður við sjó eða úti í eyjum, þar sem það væri aðgengilegra fyrir aðrar skepnur. Veit ég það ekki heldur og hefi ekki spurt lækna að því, en það er ekki víst, nema þetta geti verið hættulegt mönnum, þannig að fugl, sem væri búinn að taka eitrun, væri skotinn og étinn, og að slík eitrun gæti komið fram í þeim, sem neyttu fuglsins. Mér er sagt, að það hafi jafnvel orðið slys af, þegar eitrað hefir verið fyrir refi, og ætti þó að vera minni hætta á því. Ég veit, að það er litið á þennan fugl sem mjög mikinn varg, sem eyðileggur varplönd manna og tínir upp í sig æðarkolluunga. Mér er sagt, að ein slík skepna mundi yfir varptímann geta drepið upp undir 200 unga. Ég veit ekki, hvað þær tölur eru áreiðanlegar, en þrátt fyrir það álít ég ekki rétt að hafa þessa aðferð. Þá er á það að líta, að það eru ýmsir, sem hafa allverulegar tekjur af þessum fugli, og frá þeirra sjónarmiði væri friðun eins æskileg eins og eitrun, og ég veit, að þessi fugl er seldur fyrir sæmilegt verð. Að því alveg slepptu, þá verð ég að álíta þessa aðferð til að útrýma þessum fugli ódrengilega og ósamrýmanlega því, að menn keppa nú yfirleitt að því að fara sem bezt með skepnur. (PZ: Hvernig er með rotturnar?). Hvernig er með lýsnar? má segja. Það eru ýmsar skepnur, sem eru drepnar á mismunandi hátt, en ég álít ekki samjöfnuð á því, hvað rottur eru ógeðslegri og óþarfari en svartbakur, auk þess sem rottueitrun er ekki hættuleg öðrum skepnum eða mönnum, svo að það er ekki hægt að bera þetta saman hér. N. er hinsvegar samþ. því að heimila hreppum að ráða sérstakar svartbaksskyttur þar, sem mikið er um þennan varg. N. getur ekki heldur fallizt á, að það sé réttmætt að sekta menn allt að 500 kr., þó þeir reyni í verki að varna því, að eyðing svartbaks fari fram í samræmi við samþykktir, sem gerðar hafa verið. Þetta minnir mig á njósnaramálin svokölluðu. Við skulum segja, að maður sjái skyttuna nálgast hóp svartbaka, sem sitja niðri á túninu hjá honum; maðurinn vill ógjarnan láta skjóta fuglana og sigar því hundunum niður túnið. Af því að hann gerði þetta, hefir hann hindrað skyttuna í að skjóta fuglana. En af því að hann gerir þetta á að sekta hann um 500 kr. Mér finnst það mætti ná nokkrum árangri með þessari löggjöf, þó ekki séu sett í hana svona bandvitlaus ákvæði. N. vill hafa hóf á þessu og láta sektina vera 10 og upp í 100 kr. Í 6. gr. eru ákvæði um það, að eigandi jarðar sé skyldur að gera allt, sem hægt er, til þess að eyða svartbak í þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir. Ella skal hann, ef um vanrækslu á þessu er að ræða, greiða 50—300 kr. sekt. N. leggur til, að þessi gr. verði felld burt. Ekki vegna þess, að í svona löggjöf sé ekki nauðsynlegt að hafa einhver ákvæði, sem skyldi menn til þess að eyða svartbak, en hinsvegar telur n. þetta ákvæði ekki eiga heima í l. sjálfum, heldur í reglugerð, sem gert er ráð fyrir, að verði sett samkvæmt 2. og 3. gr. frv. Fer betur á, að slíkt ákvæði sé sett rúmt í l., en ráðh. aftur á móti gefin heimild til að setja um þetta nánari fyrirmæli eftir því, hvar þetta er o. s. frv. Í 7. gr. er ákveðið, að sektir, sem inn komi, eigi að renna að ⅔ til uppljóstrarmanns, en að ⅓ til sveitarsjóðs. N. getur ekki fellt sig við þetta, að það sé verið að ýta undir menn að kæra og njósna um menn. N. vill þess vegna láta allt fé renna í sveitarsjóð. Þá er það ákvæði í frv., að greiddir séu úr ríkissjóði 20 aurar fyrir hvern skotinn svart-

bak. Við þetta hefir hæstv. fjmrh. fundið ástæðu til að gera brtt. *En ég sé nú satt að segja* ekki, að þetta sé sú upphæð, að það hefði verið nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðh. að fara að gera brtt. við það. Hann hefir kannske athugað, hvað bæjarsjóður greiðir margar kr. fyrir rottuskott, og hefir kannske komizt að þeirri niðurstöðu, að það mundi setja Reykjavíkurbæ á hausinn þessir 10 aurar, sem hann borgar fyrir skott, og yrði því ókleift, ef ríkissjóður ætti að fara að borga 20 aura fyrir hverja fuglslöpp. Ég skal *ekkert um þetta segja, en ég veit, að þetta er af* sparsemi gert fyrir ríkissjóð, og er það þakkarvert og betra heldur en að eiga kannske von á nýjum sköttum til þessara útgjalda.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég á brtt. á þskj. 215, um að kostnaður við eyðingu svartbaks verði greiddur úr hreppssjóðum og sýslusjóðum. Mér finnst þetta á allan hátt eðlilegt, vegna þess að eyðingin á að vera til þess að viðhalda hlunn*indum í héruðunum.* — Úr því að hv. 8. landsk. fór að tala um rottuskott, þá skal ég segja mína skoðun á því. Ég hygg, að það sé nógu hvimleitt fyrir bæjarskrifstofuna að hafa menn gangandi um með rottuskott, þó að ekki verði því bætt við, að farið verði að stefna mönnum viðsvegar að með svartbaksnef til þess að fá greiðslu fyrir þau hjá ríkisféhirði.

Bjarni Ásgeirsson: Ég sé nú, að vargfuglinn *hefir fengið virðulegan* verjanda, þar sem hv. 8. landsk. er, og er hann víst þar í samræmi við meiri hl. allshn. En ég er hræddur um, að hvernig sem á það er litið, þá hafi þeir valið sér vafasaman málstað. Aðaltilgangurinn með þessu frv. er vitanlega sá, að reyna að útrýma þessum versta vágesti okkar skemmtilegasta og þjóðlegasta atvinnuvegar, æðarvarpsins. Æðardúnninn er einhver tryggasta útflutningsvara þjóðarinnar. — Það er því gróði fyrir okkur, ef við getum aukið varplöndin í landinu og fengið þar með ætið vissan gjaldeyri fyrir þessa vörutegund. Það er víst, að þó að við gætum aukið svartbakinn, sem væri auðvitað einstökum mönnum til hagsbóta, þá verður hann aldrei útflutningsvara. Hv. þm. lagði mikla áherzlu á það, að þær aðferðir við útrýmingu veiðibjöllunnar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, væru ómannúðlegar. Það má kannske segja, að það sé yfirleitt ómannúðlegt að útrýma hvaða lifandi kvikindi, sem er, sérstaklega þeim, sem hafa heitt blóð. En ég veit ekki betur en það sé óhikað beitt eitrun við rottuna, og ég efast um, að hún sé tilfinningaminni heldur en svartbakur, og þó að frsm. þyki hún ógeðsleg, þá efast ég um, að mér þyki hún ógeðslegri en svartbakur. — Ég skal svo snúa mér að einstökum brtt. n. — 1. brtt. er *um að banna að eyða svartbakinum um varp*tímann. Nú er það vitað, að svartbakurinn verpir um líkt leyti og æðarfuglinn, og það er einmitt um varptímann, sem svartbakurinn gerir mestan usla, því þá þarf hann mesta fæðu, þegar hann er að koma ungunum upp. Mér þykir því skörin fara að færast upp í bekkinn, ef ætlazt er til, að menn horfi á það þegjandi, að hann rífi í sig unglömb og æðarfugl, án þess að mega senda honum kúlu. Mér finnst, að ef ekki á á annað borð að snúa þessu frv. upp í friðunarfrv. fyrir svartbakinn, þá sé leyft að eyða honum á öllum tíma árs, og ekki sízt á þeim tíma, sem hann er aðgangsharðastur. Um eitrunina skal ég taka það fram, að ég vil láta mönnum vera heimilt að eitra, ef þeir skoða það nauðsynlegt og hagkvæmt. Ég álít ekkert meiri hættu á að eitra fyrir svartbak heldur en fyrir t. d. refi. Ef á að banna að eitra fyrir svartbak, álít ég réttast að banna að eitra fyrir hvaða skepnu sem er. Það er enginn mælikvarði á aðferðina í minum augum, hvort dýrið er minna eða stærra. Svartbakurinn á ekkert meiri tilverurétt heldur en lúsin, þó hann sé stærri. Hv. þm. var að tala um, að af því gæti stafað hætta mönnum og skepnum, ef eitrað væri fyrir veiðibjöllur. Það mun vera venja, að þegar eitrað er, þá er það auglýst á viðkomandi stöðum og varað við að hirða þessar skepnur. Ég geri ráð fyrir, að ef eitrað væri fyrir þessa fugla, yrði það gert í útskerjum eða *eyjum*, þar sem önnur dýr komast ekki að því. Ég vil leyfa mér sem gamall varpmaður og kunningi veiðibjöllunnar, og svo sem dýravinur, með tilliti til, hversu svartbakurinn er mikill vargur fyrir önnur dýr, að leggja til, að brtt. n. verði felldar og frv. samþ. óbreytt.

***Sigurður Einarsson:** Hv. 8. landsk. eyddi miklum hluta af þessari ræðu sinni til að tala gegn því, að eitrað yrði fyrir svartbak, enda þótt það sé hvergi fyrirskipað í frv. eins og það liggur fyrir. Talaði hann fastlega móti þessari aðferð, enda þótt alls ekki sé gert ráð fyrir, að hún skuli notuð. Og svo mikil hefir umhyggjusemi hv. allshn. verið fyrir þessum fugli, að hún vill beinlínis banna þessa aðferð, og hún vill ganga lengra, því hún vill banna að drepa svartbakinn um varptímann, sem þýðir sama sem að friða hann næstum algerlega.

Ræða hv. 8. landsk. verkaði á mig eins og hún væri flutt frá fagurfræðilegu sjónarmiði, en frá sjónarmiði bændanna, sem búa á varplöndum, er ekkert fagurfræðilegt í þessu atriði, heldur hagsmunaleg þýðing. Frv. þetta er flutt fyrir áskoranir fjölda bænda. Mér er kunnugt um, að fjöldi bænda við norðanverðan Breiðafjörð telur sjálfsagt að drepa þennan fugl, vegna þess hvílíkt tjón hann bakar á varpi þeirra í *eyjunum*. Og ég get fullvissað hv. allshn. um, að þessir bændur bera eins vel skyn á að gæta sinna þörfu húsdýra, hunda og katta, og hv. allshn., þegar hún situr hér í sínu herbergi og ræðir þessi mál. Og eins og hv. þm. Mýr. tók fram, þá eru margir staðir í varplöndum þeirra, þar sem hægt er að koma fyrir eitrinu án þess að skaði hljótist af fyrir önnur dýr. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. við brtt. n., 1. lið, þar sem ég er því *andvígur að þessi fugl sé friðaður um varptím*ann, og það eru í sjálfu sér ákaflega léttvæg rök gegn þessu frv. að velta vöngum yfir þeirri hrellanlegu meðferð, sem svartbakurinn eigi að sæta, því eins og færð hafa verið rök fyrir, er hann hreinasta morðvél á alla minni fugla. Ég veit ekki, hvað er satt í því, sem hv. frsm. allshn. sagði, að hann geti grandað 2 þús. æðarfuglaungum, en bændurnir við Breiðafjörð hafa

sagt mér, að þegar æðarkollurnar koma með unga sína á flot, veikburða og varnarlitla, þá komi svartbakurinn, hvolfi sér yfir hópinn og bókstaflega tíni þá upp, svo að til algerðrar auðnar horfir í varplöndunum.

Eins og menn vita, er ákaflega örðugt að byggja þessar eyjar, sem sumar hverjar eru í byggð, en það, sem gerir þær byggilegar, eru hlunnindin, dúntekja og selveiði, og ef þessi hlunnindi eru ekki vernduð, þá má gera ráð fyrir, að fólkið gefist upp við að búa þarna og flytjist burtu. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að ef hv. allshn. ætti þess kost að sjá og þekkja af reynslunni, hvernig svartbakurinn fer að herja varplöndin, þá mundi henni renna meir til rifja — af því þetta eru nú viðkvæmir menn — þær þjáningar, sem svartbakurinn skapar öðrum fuglum, heldur en tortíming hans.

Það er alveg rétt, sem tekið hefir verið fram, að þó ekki sé hægt að mæla eitruninni bót, þá má nota hana við fleiri en eina dýrategund, en nú er hún notuð til útrýmingar dýrum, sem valda óþægindum; af því rotturnar angra Reykvíkinga, og allir, sem hér búa, telja þær til óþæginda, líka þeir Reykvíkingar í hv. allshn., sem standa að svartbaksfriðuninni, þá þykir þeim sjálfsagt að útrýma rottum með eitri, en þó verður ekki við fljótlega athugun ljóst, hvort viðskilnaður rottunnar við þennan heim er kvalaminni en svartbaksins eftir sömu aðferð. En eins og Reykvíkingar líta á rotturnar, líta bændurnir á svartbakinn. Það má vel vera, að einstaka menn hafi tekjur af eggjum svartbaksins, en það mun hverfandi á móts við gagnið af æðarfuglinum, en það gagn vex ekki, og helzt ekki einu sinni við, ef ungviðið nær ekki að vaxa upp. Það hafa bændur og aðrir kunnugir menn sagt mér, að stórmunur sé á, hve nú er miklu minna af ungum fugli, geldfugli, en var fyrir fáum árum, og hafa þó engir harðindavetur verið undanfarið, svo fuglinn félli af þeim ástæðum. Ég vildi benda hv. d. á, að ég skoða það sem réttast og mannrænulegast að fella 1. brtt. hv. allshn., og ber að skoða mína till. sem varatill.

Ég vil líka benda á, að nokkrir bændur norður í Þingeyjarsýslu urðu fyrir því, að jarðir þeirra spilltust af flóðum, og þótti sjálfsagt að hjálpa þeim; þess vegna þykir hér undarlegt, ef ætti að fara að telja eftir að hjálpa bændum gegn svartbaknum.

Þá þótti hv. frsm. skrítið og vildi gera úr því gaman, að menn kæmu með svartbaksnef til ríkisféhirðis til að krefja verðlauna, en ég veit ekki betur en þeir hafi vandasamari störf með höndum en þetta og ekki haft orð á til gamans.

*__Jörundur Brynjólfsson:__ Ég hefi því miður ekki heyrt allar umræðurnar frá byrjun, og veit því ekki, hvað kann að hafa verið sagt, áður en ég kom inn í deildina. En ég hefi heyrt á umræðum manna, að þá undrar, að allshn. skuli hafa gert þessar brtt., og þá líka, hvernig þær eru. Ég vil nú vænta þess, að hv. þd. sjái, að allshn. stendur ekki óskipt að brtt. þessum, og höfum við 2 nm. gert fyrirvara, sem sýnir það, að við erum þó a. m. k. ekki sammála hv. meiri hl. n. í öllum atriðum. Ég veit nú ekki, hver er fyrirvari hv. 2. þm. Reykv., eða um hversu mörg atriði, en hann mun sjálfur kunna að gera grein fyrir því síðar.

Ég vil þá aðeins víkja nokkrum orðum að mínum fyrirvara og gera grein fyrir í stuttu máli, hvað fyrir mér hafi vakað.

Í höfuðatriðum er ég frv. þessu fylgjandi. Mér er vel ljóst það, sem bent hefir verið á, að svartbakurinn er vargur í varpi og gerir þar usla eigi lítinn. En hitt má engu síður telja, og er alls ekki litið atriði, að fugl þessi veldur tjóni á sauðfénaði. Þegar vorhart er og lítil fiskiganga í vötn, þá leggst hann á lömb, og þekki ég dæmi þess, að svartbakur hefir drepið 20 unglömb á sama bæ á einu vori, og mundi það eigi þykja lítill skattur á einn bónda. Minn fyrirvari lýtur því að brtt. hv. meiri hl. n. við 1. gr. frv., um að banna eitrun. Ég vil á engan hátt draga úr vorkunnsemi hv. meiri hl. gagnvart þessu dýri, en ég vil taka undir með öðrum hv. þm., að þetta dýr sparar ekki harðfylgi sitt og hirðir ekki um þær kvalir, er það skapar öðrum dýrum, þegar það veitir þeim aldurtila.

Þar sem þetta er stórvægilegt hagsmunamál, verður ekki hjá því komizt að leyfa þessa leið, þó að leiðinlegt sé, ef á að útrýma þessum fugli.

Nú er engan veginn svo, að verið sé að koma þessu ákvæði inn í lög núna, því nú þegar er slík heimild sem þessi til í lögum, og ég vil láta þá heimild standa. Það ákvæði hv. meiri hl. að banna að eyða fugli þessum um varptímann mundi valda því, ef samþ. yrði, að eyðingin yrði ekki framkvæmd, ef hún mætti ekki fara fram þann tíma, sem hún er hægust, og þegar hann gerir mest spjöll, um varptímann. Minn fyrirvari lýtur því að þessum tveimur meginatriðum, sem skipta miklu máli um afgreiðslu þessa máls. Ég vil því vona, að hv. þdm. fallist ekki á þessa brtt. hv. meðnm. minna, og ég vil ekki sæta ákúrum að ósekju mér til handa vegna þeirra brtt., sem ég hefi fyrirvara um.

Um hinar brtt. n. þarf ég ekki að fjölyrða. Um þá brtt. við 6. gr., að hún verði felld niður, held ég að vísu, að ekki sé þörf á að ákvæðið standi, en sektarákvæði þessarar gr., sem og alls frv., finnast mér allt of há. Er engin ástæða til að hafa þessar sektir eins háar og frv. tekur til. Tel ég og bezt fara á því, og er n. þar sammála, að sektir þessar renni til viðkomandi sveitarsjóðs, en ekki til uppljóstrunarmanns.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en er sannfærður um, að ef samþ. verða þessar margumdeildu brtt. hv. meiri allshn. við 1. gr., þá verður þetta frv. ekki samþ. á þessu þingi, og þá getur hvorki hv. meiri hl. allshn. eða aðrir gengið að því að eyða svartbaknum frekar en nú er gert, sem ég þó ætla, að sé allra vilji, að verði.

*__Eiríkur Einarsson:__ Ég skal ekki teygja úr þessum umræðum.

Því hefir verið lýst, og enda ætti það að vera á allra vitorði, hvílíkur vágestur svartbakurinn er og að hann gerir margfaldan skaða á við það litla gagn, sem hægt er að reikna einstaka mönnum af tilveru hans. Þess vegna er nauðsyn að útrýma þessum skaðræðisfugli, því það horfir til þjóðnytja, ef því yrði við komið. Annars var það

ekki þetta, sem knúði mig til þess að láta álit mitt í ljós, heldur var það eitt fyrirkomulagsatriði í frv., sem gerir það vafasamt, hvort þessi ákvæði um útrýmingu fái notið sín eða ekki. Það er, að hér með þessu frv. er útrýmingarstarfsemin gerð að heimild, þannig að sýslunefndum eða bæjarstjórnum er heimilað að gera samþykktir um útrýminguna eftir þeim aðferðum, sem frv. gerir ráð fyrir, og skal sú samþykki síðan fá staðfestingu ríkisstjórnar. — Nú skulum við segja, að þessi samþykkt hafi verið gerð í einu sýslufélagi, sem er svartbaknum fjandsamlegt, en þá getur staðið svo á, að við hlið þess sé annað sýslufélag, sem ekkert skeytir um að gera slíka samþykkt. Við skulum t. d. taka héruð, þar sem stór á skilur á milli, eins og er um sýslumörk Árness- og Rangárvallasýslu, og að samþykkt yrði gerð í Árnessýslu, en alls ekki í Rangárvallasýslu. Hver gæti orðið afleiðingin af því?

Ég held, að þegar farið yrði að iðka skothríð vegna verðlaunanna, þá gæti vel verið, að vel yrði tekið á móti fuglinum hinum megin af einstaka mönnum, sem e. t. v. hefði af honum einhverja gagnsemi, t. d. eggver. En það er alveg víst, að fugl þessi er ekki heyrnarlaus, né heldur það miklu heimskari en aðrir fuglar, að hann mundi flytja sig og fljúga þeim megin árinnar sem friðlýst væri. Svo er um allt líf, að það leitar friðar og öryggis fyrir þeim, er á það herja.

Ég játa fúslega, að ég er enginn sérfræðingur um lifnaðarháttu svartbaks, en ég vildi benda á þá hættu, sem mér finnst vera fyrir hendi, ef látið er ráðast, hvar þessar samþykktir eru gerðar, og gæti þá svo farið, að öll útrýming yrði handahóf. Svartbakurinn reikaði til undan skotunum, en kæmi aftur eftir 1—2 ár, líkt og fór þegar útrýma átti fjárkláðanum með allsherjar þrifaböðun, svo sem minnzt hefir verið á hér á stundum.

Ég ætla ekki að flytja neina brtt. um þetta, en vil að lokum segja það, að hér gildir annaðhvort — eða, en ekkert kák, eins og sjást mun betur síðar, hvert stefnir, en allur er varinn góður. — Ég mun svo láta frv. þetta afskiptalaust eða liggja milli hluta, en ef þetta ákvæði yrði fært í fastara horf af öðrum, þá mundi ég fúslega fylgja því.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Hv. 8. landsk. ræddi mest um 1. brtt. n. Ég get verið sammála hv. n., að leiðinlegt er að útrýma þessum fugli með eitri, ef það væri unnt á annan hátt. En ég hygg, að þessi aðferð kæmi helzt að notum, ef hafa á eitthvað upp úr þessu frv. Vel má vera, að verðlaunin séu of lág. Ég held, að á því geti enginn vafi leikið, að þó örfáir menn njóti gagns af svartbaksvarpi, þá er það ekkert á móts við það tjón, sem víst er, að hann gerir á ýmsum stöðum í æðarfuglavarpi, auk þess sem hann leggst á unglömb og aðra sér minni máttar fugla og dýr. En þó sannarlega sé nauðsyn að útrýma honum, þá vildi ég heldur, að gerð yrði tilraun til þess með hærri verðlaunum fyrir skot og séð, hvernig tækist, áður en horfið yrði að eitruninni. Náttúrlega nær það alls engri átt að ganga eins langt og hv. allshn. gerir, því það er satt, sem einn hv. þm. sagði, að með því er verið að friða svartbakinn, eða sama sem friða, þegar bannað er að eitra og bannað er að skjóta hann um varptímann. Það er alveg satt, að þetta er að friða hann að mestu leyti í framkvæmdinni, eða líklega öllu. Ef því þetta er gert af mannlund, eða réttara sagt af ímyndaðri mannlund, sem sé að þeim finnst hart að myrða dýr, sem eru að ala upp afkvæmi sín, þá vil ég benda hv. allshn. á, að hún hefði átt að hugleiða það, sem hv. frsm. talaði um, að einn svartbakur myndi drepa eða gæti drepið 2000 æðarfuglaunga á einu vori eða um varptímann. Mér finnst það vera misskilin ást á svartbaknum að ætla að friða hans líf, til þess að einn svartbakur geti haft ráðrúm til að myrða eitthvað um tvö þúsund önnur dýr. En ég er ekki svo harðbrjósta, að ég gangi inn á að útrýma þessum fugli með eitri, ef ekki er álitið hægt að útrýma honum með skotum. Þess vegna vil ég ekki fylgja till. hv. þm. Mýr. og 9. landsk., sem mér virðast hata svartbakinn óeðlilega mikið. Það er rétt eins og þetta væri keppinautur, þegar þeir eru að tala um þetta veslings dýr.

Ég vil sem sagt losna við svartbakinn, en á sem mannúðlegastan máta. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. við fyrstu brtt. allshn., á þá leið, að liðurinn orðist sem hér segir: „Aftan við 1. gr. bætist: Þó er bannað að eyða honum með eitri“. Þar með er fellt burt úr brtt. að banna að eyða svartbaknum um varptímann.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 243) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 116, n. 205, 215, 216, 243).

*__Jón Pálmason:__ Ég kvaddi mér hljóðs í gær, eftir að frsm. allshn. hafði talað fyrir brtt. n. Eftir það fluttu ýmsir hv. þm. ræður í deildinni, og tóku sumir þeirra að mestu af mér ómakið með það, sem ég ætlaði að segja, eins og t. d. þeir hv. þm. Mýr. og hv. 9. landsk.

Ég verð nú að segja það, að mér þótti harla undarlegt, að hv. allshn. skyldi snúa frv. þessu svo mjög við með till. sínum, að gera það að friðunarfrv. fyrir svartbak, í stað þess að vera frv. til laga um eyðingu hans, en svo myndi sannarlega verða, ef brtt. yrðu samþykktar.

Það vita allir, sem fugl þennan þekkja, að hann er hinn mesti vargur, sem á ýmsan hátt gerir meira og minna tjón, og mun því almenn ósk þeirra, sem undir ágangi hans verða að búa, að honum sé eytt eftir því, sem föng eru á. Samkv. brtt. hv. allshn. á að banna að eyða vargi þessum um varptímann, og alls ekki með eitri. Það yrði því ekki unnt að koma tilgangi frv. í framkvæmd á annan hátt en með því að eyða eggjum hans og ungum. Annars fannst mér skörin fara að færast upp í bekkinn, þegar farið var að tala fyrir brtt. þessum með hjartnæmum orðum með tilraunum um að slá á strengi mannúðar og manndóms, þegar það

er vitað, að þessi fugl er hinn mesti vargur í véum, sem eyðir lífi allskonar ungviða á hinn miskunnarlausasta hátt. Þessu var lýst hér nákvæmlega í gær af hv. þm. Mýr., hvernig þessi fugl hagar sér með tilliti til æðarvarps, en ég get bætt því við, að það er ekki eingöngu að hann rífi í sundur unga og egg í hreiðrum, heldur hefi ég líka verið sjónarvottur að því, að svartbakar hafa ráðizt á kollur, sem hafa legið á eggjum, og rifið þær í sundur. En það er ekki eingöngu miðað við þennan eina atvinnuveg, sem þessi vargfugl er skaðlegur, heldur er hann einnig hættulegur vargur þar, sem er lax- eða silungsveiði. Hann er kallaður veiðihjalla, og það nafn hefir hann fengið af því, að hann lifir á laxa- og silungaseiðum, og þar sem lax- og silungsveiði er, er hann engu minni vargur en selurinn, og er það fullkunnugt, hve góður gestur hann er á þeim stöðum. Það er líka kunnugt, að þar sem svartbakur heldur sig, leggst hann oft á vorlömb, og þeir menn, sem mest tala um mannúð, ættu að vera þar viðstaddir, þegar hann ræðst á lömbin, áður en þau komast á fætur, og rífur þau á hol og rekur úr þeim garnirnar, eða þegar hann étur tunguna úr lambinu á meðan það er í burðarliðnum. Þetta ættu þeir að sjá, sem nú tala mest um mannúð, og hugleiða svo, hve mikil mannúð er í því að hlífa slíkum vargi.

Ég skal svo ekki fara um þetta öllu fleiri orðum, en með tilliti til þeirra andmæla, sem hafa komið fram gegn því að eitra fyrir þennan fugl, er vert að geta þess, að það er mjög orðum aukið, *hvílík hætta stafi af því fyrir aðra fugla.* Að vísu er til annar fugl, sem eitrunin getur orðið hættuleg, og það er hrafninn, en ég held ekki, að það geti talizt sá skaði skeður fyrir það, þótt hann eyddist nokkuð, að þess vegna sé ástæða að hafa mjög mikið á móti eitrun.

Í þessu sambandi er vert að minnast á það, að þeir, sem vilja, að frv. verði breytt og það gert að friðunarlögum *fyrir svartbakinn*, vilja þó líklega, að eitrað sé fyrir rottur; en svartbakurinn er á sínu sviði eins skaðlegur eins og rottan á sínu sviði, svo þeir, sem vilja friða svartbakinn, ættu að vera sjálfum sér samkvæmir og láta líka friða rottuna.

***Guðbrandur Ísberg.** Það er að bera í bakkafullan lækinn að auka mikið við þær umr., *sem hafa farið fram um þetta litla frv.*

Frv. er kallað frv. til l. um eyðingu svartbaks, og er skýrt frá því í frv., á hvern hátt er ætlazt til, að honum sé eytt. Nú hefir hv. allshn. borið fram ýmsar brtt. við þetta frv., en einni brtt. hefir hún þó gleymt, og það er brtt. við fyrirsögn frv., því frá því að vera frv. til l. um eyðingu svartbaks, hefir hv. allshn. nú með brtt. sínum komið því í það horf að verða frv. til l. um friðun svartbaks. Það er vitað, að þessi vargfugl er ekki drepinn á öðrum tíma en um varptímann, eða frá því snemma á vorin og fram í júnímánuð, það er mér kunnugt, því ég hefi átt heima þar, sem hann er.

Það hefir verið bent á það af öðrum hv. dm., hve nytsamur þessi fugl er, sem svartbakurinn einkum eyðir, og á annan skaða, sem svartbakurinn gerir, svo sem dráp unglamba og eyðileggingu á veiði, þ. e. a. s. eyðingu á ungviði lax og silungs. Nú er það till. hv. allshn. sérstaklega að banna að eyða svartbaki með eitrun, en frv. gefur ekkert tilefni til ákvæðis um þetta. Það er látið algerlega hlutlaust í þessu frv. Í því frv., sem um þetta efni var flutt á síðasta þingi, var farið fram á, að það mætti eyða honum með eitri, en nú hefir því ákvæði verið kippt í burtu, og þess vegna engin ástæða til að vera að rifja það upp á nokkurn hátt eða setja sérstakt ákvæði gegn því. Ég vil annars taka það fram, að ég get verið fylgjandi 2., 3. og 5. brtt. allshn., sem sé að hreppsnefnd ráði svartbaksskyttur, en ekki sýslumaður, og í öðru lagi, að sektirnar færist niður úr 50—500 kr. í 10—100 kr., og í þriðja lagi, að sektirnar renni til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Hinsvegar er ég því ekki samþykkur, að 6. gr. falli burt, sem skyldar menn til að eyða eggjum svartbaksins. Ef nokkuð á að verða ágengt í því að eyða þessum ránfugli, ætti sízt að amast við því, að eggjum hans sé eytt. Tæplega þarf að bera kviðboga fyrir því, að þau kveljist svo mikið, að frá mannúðar sjónarmiði sé það ámælisvert. — Annars er ég hissa á því, að hv. allshn. skuli sjá sér það fært að taka svartbakinn svo upp á arma sína sem hún gerir með brtt. sínum. Það verður að viðurkennast, að samkvæmt óbreyttum l. er svartbakurinn friðlaus fugl allt árið vegna þess, hver vargur hann er. Það verður að draga þá ályktun út af afstöðu hv. allshn. *til málsins, að hún hafi orðið fyrir* svo sterkum utanaðkomandi áhrifum, að hún hafi ekki athugað málið nægilega vel. Það er líka vitað, hvaðan þessi áhrif hafa komið. Svokallað Dýraverndunarfélag Íslands hefir ekki linnt látum með að mæla þessum ránfugli bót og fá hann friðaðan. Um þetta dýraverndunarfélag er að vísu ekki nema gott eitt að segja, að svo miklu leyti, sem það starfar samkvæmt skyn*samlegu viti. En það hefir viljað brenna* við, að í það hefir safnazt ýmislegt fólk, sem svo langt hefir gengið, að engu lífi mætti eyða, hversu mikill vargur sem það væri fyrir aðrar lífsverur. Þessar hysterísku konur hafa gert félaginu og starfsemi þess skaða — það gildir einu, hvort heldur þær klæðast í kvenmannsföt eða karlmanna — og þær hafa nú haft alveg furðuleg áhrif á hv. allshn.

Ég vil *nú* vænta þess, að hv. allshn. falli frá villu síns vegar og hætti að sporna við því, að svartbakurinn verði drepinn á varptímanum, og bera þannig fram vörn fyrir þennan varg, sem lifir á lífum annara og vinnur tjón unglömbum, veiði og varpi. — Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vænti þess, að brtt. hv. allshn., og þá sérstaklega sú fyrsta, verði felldar.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

***Sigurður Einarsson:** Ég get ekki skilizt svo við umr. þessa máls, að bæta ekki nokkrum orðum við það, sem ég hefi sagt áður.

Ég hefi verið svo heppinn undanfarna daga að ná tali af tveimur bændum við Breiðafjörð, sem eru vitanlega gerkunnugir öllu, er lýtur að varpi o. s. frv. Annar þeirra, Þórður Jónsson, hreppstjóri í Múlahreppi, segir mér svo, að í þeim hreppi hafi varpið farið hraðminnkandi síðustu 5—6 árin vegna ágangs svartbaksins. Þessir menn, sem eiga varplönd við Breiðafjörð, og ýmsir annarsstaðar af landinu, þeir sjá ekki annað en varpið muni eyðast og hverfa, svo að horfi til auðnar, ef ekki er hafizt handa með allsherjarsókn á hendur svartbaknum. Og þessir menn skilja ekki, hvers vegna Alþingi vill ekki heimila þeim að útrýma þessum skaðsemdarvarg með hverskonar venjulegum aðferðum.

Ég verð að láta það í ljós sem mína skoðun og taka ábyrgðina á því, þó að það verði kallað ómannúðlegt tal, að ég tel það ekki annað en tilfinningavellu og kák eitt, ef á að fyrirbyggja það, að gripa megi til þeirra ráða eða útrýmingaraðferða, sem öruggastar eru, ef þær aðferðir ná samþykki í sýslunum.

Það er áður búið að sýna fram á það í umræðunum, að svartbakurinn kvelur hverja skepnu, sem hann nær í og er honum minni máttar, og þess vegna mega menn ekki láta sér til hugar koma, að þjáningum dýranna verði útrýmt með því að friða svartbakinn, — síður en svo.

Ef við tökum nú dæmi af Múlasveit, sem er sú sundurskornasta og ógreiðfærasta sveit á landinu, sem ég þekki, þá sjáum við, að það eina, sem gerir fært að búa í þessari sveit, er, að hver bóndi hefir hlunnindi af æðarvarpi, eða frá 15—70 pd. árlega af æðardún. En þegar svo þessir menn sjá fram á, að þessar tekjur muni ganga til þurrðar af völdum svartbaksins, þá furða þeir sig á því, ef Alþingi vill ekki gera þeim fært að losa sig við þá plágu, því það horfir ekki annað við þessum bændum en yfirgefa þessa sveit, ef lífvænlegasta tekjugrein þeirra eyðist og hverfur.

Ég vil að lokum skjóta þessu máli til drengskapar og velvilja hv. þm. og vænta þess, að þeir láti meira ráða hagsmuni bændanna en áróður Reykvíkinga þeirra, sem aldrei hafa séð svartbak.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Ég undrast, hve mikill vængjaþytur hefir orðið hér í d. út af þessu máli, eða réttara sagt út af nál. allshn. Manni gæti dottið í hug, að hv. þm. lægju hér á eggjum, sem þeir óttuðust, að allshn. vildi hremma og eta.

Það eru menn, sem skilja ekki afstöðu allshn., er álíta, að hún vilji koma í veg fyrir, að svartbakurinn verði drepinn, með því að banna eitrun, en það, sem vakir fyrir allshn., er, að hún telur ósæmilegt að dreifa út slíku eitri, þar sem það mundi alveg eins granda saklausum dýrum, bæði öðrum fuglum og svo húsdýrum manna, eins og t. d. hundum. Menn ættu að muna það, að þegar eitrað var fyrir refi, þá drápust hundar manna hópum saman.

Ég veit ekki, hvernig það getur talizt sambærilegt að skjóta fuglinn eða leggja fyrir hann eitur, sem getur kvalið hann dögum saman.

Ég nenni ekki að eltast við hvern einstakan þm., en það má segja hv. þm. Mýr. til hróss — en hann talaði fyrstur —, að hinir 5 eða 6, sem töluðu á eftir honum, voru allir sammála og tóku allir upp eftir honum það, sem hann sagði. (**ÓTh:** Það hefir verið sigildur sannleikur). Hann talaði um — eins og hinir gerðu líka —, að enginn hneykslaðist á því, þó eitrað væri fyrir rottur. En munurinn er nú sá, að fyrir rottuna er eitrað innanhúss, og af því stafar engin hætta fyrir aðrar skepnur, og rottueitrið skaðar því ekki aðrar skepnur. Ég hefi nú ekki kynnzt eins náið þessum dýrum og hv. þm. Mýr., sem sagði, að eftir nána viðkynningu, sem hann hefði haft af þessum dýrum, þá hefði hann komizt að þeirri niðurstöðu, að rottan væri ógeðslegri en svartbakurinn. Það gleður mig, að þessi hv. þm. skuli hafa kynnzt þeim svo náið, því þá mun hann sjá, hve mikill munur er á að eitra fyrir rottúr innanhúss eða eitra fyrir svartbak úti á víðavangi, þar sem stór hætta stafar af fyrir fleiri skepnur og ekki er hægt að varna því, að fleiri skepnur, þar á meðal ýmsir aðrir fuglar, komist í eitrið.

Læknir einn, sem ég átti tal við í morgun, sagði mér, að fugl, sem étið hefði eitur og væri síðan skotinn og matbúinn, gæti orðið hættulegur fyrir þann, sem neytti kjötsins, svo að heilsutjón eða jafnvel bani gæti af hlotizt. (**PO:** Þetta eru sterkar röksemdir!). Ég hugsa nú, að það muni enginn hv. þm. fást til að hengja bjölluna á köttinn eða leggja líf sitt eða heilsu í hættu til að prófa þetta með því að gerast tilraunadýr. Eflaust eru það fleiri en hæstv. dómsmrh., sem hafa skotið æðarkollu, og sem hafa étið hana, en ef æðarkollan hefði áður náð að éta eitrið, sem svartbaknum er ætlað, þá gæti þetta orðið nokkuð mikil áhætta. En hv. þm. Mýr. kom með ágætt ráð, því þegar eitrað væri, þyrfti ekki annað en setja upp auglýsingu á staðnum um, að hér væri eitrað, og þá yrði engin hætta fyrir hunda eða önnur húsdýr. Ég veit nú ekki, hvað menntunin kann að vera orðin viðtæk í Mosfellssveitinni; má vera, að skólaskyldan nái þar til ýmsra húsdýra. En ég býst ekki við, að svo sé langt komið skólamálum í Dalasýslu eða Barðastrandarsýslu, jafnvel þó hv. 9. landsk. sé góður kennari fyrir börn, að hundar og önnur húsdýr séu þar orðin læs á bókmál. (Hlátur).

Ég álít, að þessi röksemdaleiðsla sé lítils virði, og ef dýrin tækju nú upp á því að læra lestur, þá býst ég við, að svartbakurinn sé ekki það heimskari en önnur dýr, að hann mundi líka læra að lesa, og mundu þá auglýsingarnar hafa litla þýðingu og verða lítið úr þessum röksemdum hv. þm.

Þá skal ég víkja að öðrum 2 þm., sem talað hafa gegn brtt. allshn., þeim hv. 9. landsk. og hv. þm. Ak. — Annar þeirra hefir síðan sagt við mig, að hann ætlaðist alls ekki til, að viðhöfð yrði eitrun, þó að sér fyndist óþarft að setja bann við því í lögin. Og hv. 9. landsk. sagði í gær, að í frv. væri alls ekki gengið út frá því, að eitrun yrði notuð. En í dag segir hann, að það sé fávíslegt af þm., ef þeir ætli að láta tilfinningarnar ráða, svo að bannað verði að nota þá aðferð, sem sé heppilegri og öruggari, ef þörf krefst; hann var þá búinn að gleyma því, sem hann sagði í gær. Mér er nú spurn, ef þessi

hv. þm. álítur ekki rétt að eitra fyrir svartbakinn, hvers vegna er hann þá á móti því, að sett sé ákvæði í lögin, sem banni eitrun? Ég sé ekki neina skynsamlega ástæðu til þess, ef hv. þm. er því mótfallinn, að þessi aðferð sé notuð.

Í fyrra, þegar svipað frv. var borið fram hér á Alþingi, þá var tekið fram, að eitra mætti fyrir fuglinn. Þá varð flm., og þeir, sem að þessu frv. stóðu, varir við, að þm. höfðu andstyggð á þessu ákvæði. Þess vegna var tekin sú leið að lauma inn í frv. heimild til ráðh. að leyfa eitrun, ef sýslunefndir settu það í samþykktir. Þeir gátu ekki lengur farið beina leið, heldur varð að fara krókaleið, er þeir fundu mótvilja þm. gegn þessu ákvæði. Ég vona því, að þm. verði sammála allshn. um að banna eitrun, svo að óvandaður ráðh. geti ekki eftir till. ennþá óvandaðri sýslunefndar sett slíkt ákvæði inn í samþykktir.

Hv. 9. landsk. sagði, að bændur vissu allvel, hvernig bæri að haga sér með eitrunina, svo að engin hætta væri á, að hundar þeirra dræpust; ég hefi bent á, að þetta er ekkert einsdæmi, þar sem hundar hafa drepizt af því eitrað var fyrir refi og þeir náðu í eitrið.

Þá talaði hann um, að jarðir myndu leggjast í auðn, ef þetta yrði samþ. eftir brtt. allshn. Þetta er nú vitanlega ekkert annað en slagorð, sem þessi hv. þm. er ávallt vel birgur af, og bregður því ekki mær vana sínum.

Allir voru þessir hv. þm., andmælendur allshn., sammála um, að með brtt. væri verið að friða svartbakinn, eins og hún væri orðuð. Ég skal fyrir mitt leyti — og ég hygg, að svo sé *um meiri hl. allshn.* — fallast á brtt. hv. 6. þm. Reykv., um að fuglinn verði ekki friðaður um varptímann, en ég get ekki fallizt á annað en banna eitrunina.

Það má segja um hv. þm. A.-Húnv., að hann kom þó fram með eitt nýtt. Mér skildist á honum, að hann þekkti persónulega einn svartbak — eða hefði af honum álika náin kynni og hv. þm. Mýr. — og að þessi svartbakur hefði drepið eina æðarkollu, einn lax, eitt lamb, einn silung og 2000 æðarunga. Hann vildi líka slá tvær flugur í einu höggi með frv. þessu, því hann vildi láta drepa hrafninn líka, en guð hefnir fyrir hrafninn, og ekki mun ég fyrir mitt leyti gefa atkv. mitt til samþykktar lögum með þeim tilgangi að útrýma hrafninum með eitri.

Þessir hv. þm. mega allir fyrir mér ráða sig fyrir svartbaksskyttur og taka fyrir há laun úr ríkissjóði. — En hv. þm. verða að skilja það, að allshn. er ekki á móti því, að svartbakurinn verði skotinn, heldur vill hún ekki, að fuglinn flækist um veikur af eitri og hálfdauður í marga daga, áður en hann drepst, og um leið sé bakað tjón og hætta öðrum dýrum, og þar á meðal æðarfuglinum, sem þessir hv. þm. þykjast bera mjög fyrir brjósti.

Ég nenni svo ekki að eltast frekar við ræður hv. þm., en út af ummælum hæstv. fjmrh., að á bæjarskrifstofunum væri fjöldi manna með rottuskott, þá gerði ég mér ferð í morgun upp á skrifstofurnar og sá þar ekki einn einasta mann með skott. (Hlátur).

En ég skildi nú, hvað hæstv. ráðh. átti við, hann vildi losna við að borga 20 aura fyrir hvert svartbaksnef, og forða mönnum frá því að drepa svartbakinn með því að telja þeim trú um, að fyrir þeim mundi fara eins og banamönnum rottunnar, en þeir gengju allir með rottuskott.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Það er nú með hálfum huga, að ég stend upp til að tala í alvöru, eftir hina ágætu frammistöðu hv. frsm. allshn. — Mér skilst, að hv. þm. sé alveg sama, hvernig þetta mál veltist, eða það lítur svo út, ef dæma skal eftir því, hvernig hann talar, að hann vilji aðeins úr þessu máli gera glens eða halló. En það er of mikil alvara bak við ákvæði frv til þess, að gefið sé tilefni til að fara með eintómt glens eða gaman.

Ég skal þá víkja að þeirri brtt., sem helzt er ágreiningur um. Skal þess þá fyrst getið, að frv. þetta er komið gegnum Ed., og er komið í það horf, sem sú deild gat sætt sig við, og sem ég get ekki ímyndað mér annað en meiri hluti Nd. geti gengið inn á. Almenningur í ýmsum — og óhætt að segja langflestum — sveitum landsins fer fram á, að fugli þessum sé eytt, og mér skilst, að í rauninni séu allir þm. á einu máli um það, en greini aðeins á um leiðir. Hv. allshn. hefir ekki aðgætt það, að með þessari brtt. setur hún svartbakinn heldur ofar öðrum fuglum. Ef fuglar eru ekki friðaðir, þá er leyfilegt að drepa þá, en um svartbakinn áttu að gilda sterkari ákvæði; með frv. þessu var ætlazt til þess, að róttækum aðgerðum yrði beitt til útrýmingar honum, sem sé að hann yrði hvarvetna réttdræpur, sem sé, hann yrði skotinn, hvar sem væri, og notaðar yrðu aðrar aðferðir, sem samkomulag næðist um innan héraðs og ríkisstjórnin leyfði, eins og t. d. eitrun.

Brtt. allshn. eyða alveg þessum tilgangi. Þar er gengið út frá að banna að eyða honum um varptímann, þó ekki sé heppilegri tími til eyðingarinnar, og hættulegasti tími hvað snertir tjölgun fuglsins.

Hugsandi mönnum hlýtur að vera það ljóst, að ef fuglinn á að vera réttdræpur, eins og stendur í 1. gr., og eins og allir virðast sammála um, þá er öfugur tilgangur í því ákvæði að friða hann um varptímann, enda fullar líkur til, að þá mundi þetta éta sig upp, ef honum yrði leyft að unga út, og getur því svo farið, að eyðingin yrði þá alls engin. Þess vegna tel ég, að 1. gr. frv. beri að samþ. eins og hún er, og það verði að eyða fuglinum um varptímann; að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta ákvæði, en vík þá að því, að ég sé enga ástæðu til að undanþiggja svartbakinn því að verða drepinn með eitri, þar sem það er ekki heldur beinlínis ákveðið, að honum skuli eyða með eitri. Menn hneykslast dálítið á þessu, og þó sérstaklega þeir, sem teljast í dýraverndunarfélaginu og hv. allshn., þó að amtmanninum undanteknum, þ. e. þeim hv. þm., sem hefir lýst öðru yfir, — en eins og bent hefir verið á, þá er eitrað í húsum inni fyrir rottur, og stafar af því hætta fyrir aðrar skepnur; samt virðast allir með því og engir mótfallnir.

Svo virðist sem menn hafi gleymt því, að það er eitrað fyrir refi. Það hefir verið, er og verður eitrað fyrir þá, og af því hefir enginn skaði

hlotizt, nema einstaka hundur hefir drepizt, og svo hrafninn. Ég er þessu nákunnugur, því að eitrað hefir verið í Skaftafellssýslu, og þótt borga sig, þar sem refunum hefir verið útrýmt, þó einstaka hundur hafi drepizt. En nú er refurinn kominn aftur, sennilega flökkurefur, sloppinn úr haldi, og mun eitrið því verða tekið upp aftur, hvernig sem gengur með það nú, þar sem framleiðsla þess er orðin misjöfn og sumt svikið eða ekki gott.

Af því að eyða refum með eitri stafar sáralítil hætta, þar sem allajafnan er eitrað langt frá bæjum.

Nú skilst mér, að eitrun fyrir svartbak fari fram langt frá bæjum, ef sýslu- eða hreppsnefndir samþ. þá aðferð, og er vitað, að þessi aðferð mun verða notuð með sérstakri varúð og allri aðgætni undir öllum kringumstæðum, og er mér því óskiljanlegt, ef af þessari eitrun mundi stafa frekari hætta en af eitrun fyrir refina. Er óskiljanlegt, að af því geti stafað nein hætta framar en hefir viðgengizt. Ég vil leggja til, að felldir verði báðir málsl., sem n. vill bæta aftan við 1. gr., að banna að eyða svartbaknum um varptímann og banna að eyða honum með eitri.

Þá er brtt. við 4. gr. frá n., þar sem lagt er til, að hreppsnefnd ráði svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp.

Frá hæstv. fjmrh. er svo till. um það, að þetta tillag úr ríkissjóði skuli ekki greiðast, heldur skuli kostnaður við skotmenn greiðast úr sýslusjóði og sveitarsjóði. Þó að maður sé ekki beint á móti því, að ríkissjóður komi til skjala í slíkum tilfellum, þá er þess að gæta, að þetta er ekki vanalegt. Undir líkum kringumstæðum, t. d. um eyðingu dýra, eru það sýslu- og sveitarsjóðir, sem borga, og það er afskaplega eðlilegt. Því ætti þá ríkissjóður að borga fyrir svartbakinn? Ég tel það ekki eftir héruðunum, enda eðlilegast, að þau borgi. — Og það er sérstaklega varhugavert — með allri virðingu fyrir öllum hreppum — að fela þeim að ráða þessu eins og þeir vilja. Ég tel, að sýslumaður eigi að ráða skyttur, ef þurfa þykir, og þar eð sýslumaður er umboðsmaður ríkisvaldsins, sé nokkur trygging fyrir því, að hann ráði ekki neitt að óþörfu. Þess vegna tel ég, að ef till. ráðh. er ekki samþ., þá eigi að fella till. allshn. um, að hreppsn. taki þetta í sínar hendur.

Um lækkun sektar ætla ég ekkert að segja; læt það ákvæði hlutlaust. En um 4. brtt., við 6. gr., þá skil ég ekki tilgang hennar. Það er eitt af því alsjálfsagðasta að eyða eggjunum, og hélt ég, að enginn karl eða kona vildi banna þessa eggjatöku. En annars er þetta bara gamalt ákvæði, þó að það verði tekið upp nú. 6. gr. á að standa.

Þá er komið að síðustu brtt. frá n., sem sé um það, að allar sektir renni í sveitarsjóð. Hefir n. haft það mjög á hornum sér, að viss hluti af sektarfénu renni til uppljóstrunarmanns. En hér er sami tilgangurinn og í allri annari löggjöf, að örva til þess, að l. sé hlýtt, og hefir verið talinn vísari árangur í framkvæmdinni, ef allir legðust á eitt og heldur væri hlynnt að þeim, sem gengju vel fram í því, að l. væru haldin; þess vegna ætti að standa í þessum l., eins og svo mörgum öðrum, að hluti af sektarfé rynni til uppljóstrunarmanns; hér er ⅓ og ⅔ í samræmi við það, sem víða er í l., sumsstaðar er það helmingur. Þetta er því svo langt frá því að vera óvanalegt, að það er í öllum l., sem fjalla um líkt efni, svo að ég skil ekki, hvað hv. allshn. vill vera að setja sig á háan hest og telja þetta óviðeigandi. Ég skal benda á, að í l. um selaskot á Breiðafirði frá 1925 er þetta ákvæði um ⅔ til uppljóstrunarmanns látið halda sér, í l. um friðun fugla og eggja frá 1913, l. um friðun æðarfugls sama ár, einnig í l. um eyðingu svartbakseggja frá 1892. Í fuglasamþykkt í Vestmannaeyjum frá 1894 er helmingur til uppljóstrunarmanns, einnig í l. um friðun lax frá 1886, einnig í l. um auðkenni á eitruðum rjúpum frá 1895, sömuleiðis í l. um friðun héra frá 1914, — allsstaðar helmingur. Í l. um ófriðun sels frá 1912 er gefið frjálst að ákveða í samþykkt, hve mikið af sekt renni til uppljóstrunarmanns. Undantekningarlaust hefir löggjöfin fyrr og síðar haft þessi ákvæði, og alveg með réttu, til þess að herða á að tilgangur l. náist sem bezt.

Eins og ég gat um áðan, er ég á móti því, að hreppar ráði skyttur, ef þeim skal borga úr ríkissjóði; það er nú svo, að það er að jafnaði ekki farið eins varlega í kostnaðarsakir, ef í hlut á einhver opinber sjóður, reikningar gerðir ríflegir o. s. frv. En í sveit hverri og sýslu hafa forráðamenn nokkur tök á málinu, að ekki sé eytt í neinn óþarfa, t. d. ekki ráðnir skotmenn, nema brýn þörf sé.

Af þessu leiðir, að till. á þskj. 216, að málsl. við 1. gr., um að eitrun sé bönnuð, falli burt, er ekki næg. Ég tel, að öll brtt. n. eigi að falla. Alveg sama er að segja um brtt. hv. 6. þm. Reykv. á þskj. 243, þar sem hann vill orða alla till. þannig, að aðeins sé bannað að eitra. Því að það er svo komið, að e. t. v. dugar ekkert nema eitrun, — það verður að segja það eins og það er. Mannúðarhugmyndir manna eru auðvitað yfirleitt á rökum byggðar og lofsverðar, en hinu er ekki að leyna, að til er ofsi í dýraverndun, sem ekki á rétt á sér. Þess þarf jafnan að gæta, að stilla öllu þess háttar í hóf og gera ekkert ófyrirsynju né með nokkrum hroðaskap.

*Frsm. (**Garðar Þorsteinsson**): Ég skal játa, að ég sló ýmsu í nokkurt gaman í minni ræðu að því gefna tilefni, hvernig hver þm. á fætur öðrum stóð upp og ræddi þetta mál, og þótti mér varla vert að svara því öðruvísi.

Það er margtekið fram af mér, að það er alls ekki tilgangur allshn. að varna á nokkurn hátt, að þessi fugl sé drepinn. Meiri hl. hefir hinsvegar komizt að þeirri niðurstöðu, að dráp hans eigi ekki að fara fram með eitri. Ég hefi í því sambandi bent á samþykkt Dýraverndunarfélags Íslands frá 13. marz 1936 gegn þessu frv. Og þó að hv. þm. Ak. hafi hneykslazt á því, að nokkurt tillit skuli tekið til þess, sem aðrir segja um þetta mál, sérstaklega þó stjórn dýraverndunarfélagsins, þá hygg ég, að þetta sé þó sá félagsskapur, sem enginn maður þarf að bera kinnroða fyrir að vera eitthvað við riðinn. Ég hygg, að sá félagsskapur vilji með alúð leita eftir því, hvað er réttlátt, hvað er mannúðlegt, hvað er

sæmilegt í meðferð dýra. Og ég veit, að sá félagsskapur hefir gert mjög mikið gagn bæði beint og óbeint, með hjúkrun og aðhlynningu dýra, og ekki síður með því að koma börnum og unglingum í skilning um það, að þeir eigi ekki að fara illa með dýr. Og ég fæ ekki séð, að það eigi meiri rétt á sér að gefa fugli seigdrepandi eitur og láta hann flögra og velkjast marga daga dauðsjúkan heldur en t. d. að pikka reiðskjóta sinn með tituprónum til þess að koma honum betur áfram. Ég finn ekki, að svartbakurinn eigi minni kröfu á, að hann sé ekki eltur af eiturvörgum. Hitt er annað mál, hvort má sín meira, nauðsyn þess að vernda búskap varpeigenda, eða nauðsyn þess að drepa ekki fuglinn á hrottalegan hátt. Það er nokkurt matsatriði. Og n. vill ekki setja neitt í veginn fyrir það, að fuglinn sé skotinn. Hún getur aðeins ekki gengið inn á að viðhafa þessa aðferð, sem öllum siðuðum mönnum er ósæmileg. Því fer svo fjarri, að það séu rök í þessu máli, þegar minnzt er á rottueitrun, því að það eru engar aðrar skepnur í hættu fyrir þeirri eitrun, ekki einu sinni kötturinn, sem étur rottuna með eitrinu í. Allt annað mál er með fuglana, þar sem bæði saklausir og sekir verða fyrir eitrinu. Mér er sagt, að fjöldi hunda hafi á hverju ári drepizt af eitri, meðan eitrað var fyrir refi. Og meira að segja fór eitrun fram með þeim hætti áður, að dýrið, sem notað var fyrir agn, var sjálft látið deyja af eitri, og hafði þá blóðið auðvitað flutt eitrið um allan líkama þess, svo að agnið varð áhrifameira.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að eitrunin færi fram fjarri bæjum. Misjafnlega fjarri, meðal annars niður við sjó, bæði á eyjum á Breiðafirði og á landi, bæði fjarri og nærri bæjum, eftir því hvernig varplandið liggur. Það er ekki hægt að koma með neinar öryggisráðstafanir gegn því, að þessi eitrun verði öðrum dýrum að grandi.

Hv. þm. skildi ekki, hvers vegna n. gerði till. um, að 6. gr. félli niður. Það skiptir ákaflega litlu máli, hvort gr. stendur eða ekki. Það, sem fyrir n. vakti, er, að hún taldi, að í 2. og 3. gr. frv. væri nægileg heimild til þess að setja ákveðna reglugerð, og það hygg ég sé. Ráðh. getur aðeins sett ákvæði í reglugerð.

Allar hinar mörgu tilvitnanir hv. þm. í ákvæði eldri löggjafar, að viss hluti sektar renni til uppljóstrunarmanns, hafa engin áhrif á mig. Mér finnst það óeðlilegt, að verið sé að ýta undir, að menn komi með kærur og klaganir á nágranna sína, til þess að geta snapað sér nokkrar krónur. Það hefir aldrei þótt kostur á manni að vera lepja og slúðra og kæra nágranna sína. Löggjöfin á ekki að ala á slíku. Ef almenningur hefir ekki sjálfur tilfinningu fyrir því að halda lögin, þá finnst mér engar sterkar stoðir renna undir framkvæmd l. með slíkum fyrirheitum um ákveðinn hluta sektar í vasa uppljóstrunarmanns. Mér finnst bezt fara á því, að nema slík ákvæði burt úr löggjöfinni, en bæta ekki fleirum inn.

Að lokum vil ég endurtaka, að þeir, sem álita, að meiri hl. n. sjái ekki nauðsyn á að drepa fuglinn, þeir misskilja n. Það eina atriði, sem vakir fyrir n., er að drepa hann ekki á eins ómannúðlegan hátt eins og í frv. er gert ráð fyrir. Hinsvegar get ég fyrir mitt leyti fallizt á að nema burt það ákvæði, að svartbakurinn sé friðaður um varptímann, og mun þess vegna greiða atkv. með brtt. hv. 6. þm. Reykv., en að sjálfsögðu á móti brtt. hv. 9. landsk. um að fella ákvæðið um eitrunina burt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37., 38., 39., 40. og 41. fundi í Nd., 30. og 31. marz, 1., 2. og 3. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 243 felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, TT, BB, EmJ, GÞ, HV, JakM, JJós, JG, PÞ, PO.

nei: StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, EE, EystJ, FJ, GG, GSv, GÍ, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PZ, SigfJ, SE, JörB.

HannJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, PHalld) fjarstaddir.

Brtt. 216 tekin aftur af flm., en tekin upp af GÞ og HV og samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PZ, PO, SE, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, EE, EystJ, GG, GSv, GÍ, JörB.

nei: JG, PÞ, PHalld, SigfJ, SK, StJSt, TT, BB, EmJ, FJ, GÞ, HV, JakM, JJós.

HannJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 205,1, svo breytt, felld með 17:15 atkv.

1. gr. samþ. með 19:9 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 215 felld með 16:11 atkv.

— 205,2 samþ. með 16:14 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 205,3 samþ. með 16:10 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 205,4 felld með 17:11 atkv.

6. gr. samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 205,5 samþ. með 18:9 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 291).

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Það var talsvert rætt um þetta mál við 2. umr. Þá komu fram till. um að færa frv. í það horf, sem sæmilegt er að samþ. það í. Aðalatriðið í þeim till. var það að banna að eyða þessum fugli með eitri. Nú sýndi atkvgr. það, að meiri hl. hv. þdm. vildi ekki fallast á, að þetta ákvæði væri sett inn í l., þ. e. beint bann við þessari aðferð. En ýmsir hv. þm., sem í málinu töluðu, lýstu því beint yfir, að þeir skildu ekki

tilgang frv. á þann veg, að það væri tilætlunin að eyða þessum fugli með eitri.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að hann teldi það ekki felast í frv., að sú aðferð yrði notuð, og taldi hinsvegar ónauðsynlegt að setja inn í l. ákvæði á móti því. Það er gert ráð fyrir því í 2.—3. gr. frv., að sett sé reglugerð um eyðingu svartbaks innan ákveðins svæðis, ef 5 eða fleiri varpeigendur innan þess svæðis krefjist þess, og þessi reglugerð sé síðan send ráðh. til staðfestingar, og að hann staðfesti reglugerðina, ef hún brýtur ekki í bága við gildandi lög. Nú hefir meiri hl. allshn. komið sér saman um að flytja brtt. við 3. gr. frv., að á eftir orðunum „gildandi lög eða reglugerðir" komi: eða heimilar ómannúðlegar eyðingaraðferðir. — Það er sem sagt svo nú, eins og frv. er, að ef reglugerð kemur frá einhverju því svæði, sem samkv. því hefir leyfi til að setja reglugerð um eyðingu svartbaks, og það stendur í reglugerðinni, að heimilt skuli að eyða svartbak með eitri, þá má segja, að það brjóti ekki í bága við gildandi lög, og getur þá ráðh. ekki komizt hjá því að staðfesta slíka reglugerð, en með því að setja þetta ákvæði inn í frv. væri fengin heimild fyrir ráðh. til þess að synja reglugerð staðfestingar, ef í henni væri gert ráð fyrir ómannúðlegum eyðingaraðferðum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Ak., sem tók það fram við 2. umr. þessa máls, að hann gæti ekki fallizt á, að leyft yrði að útrýma svartbaknum með eitri, geti fallizt á, að ráðh. eigi ekki að vera bundinn við að staðfesta reglugerð, ef hún brýtur ekki í bág við gildandi lög, þótt hún sjáanlega brjóti í bága við mannúðlegar aðferðir.

Mér hefir verið skýrt frá því, að sumstaðar hér á vesturlandi, þar sem menn eru í sífelldri herferð gegn þessum fugli, hafi verið tekin upp sú aðferð að klippa blikkplötur í litla ferstrenda eða þrístrenda búta, og setja þessa búta svo í æti, og setjast þessir bútar svo í hálsinn á fuglinum og draga hann til dauða fyrr eða síðar. Ég get ekki hugsað mér, að nokkur hv. þm. vilji greiða atkv. með því, að fuglinn verði drepinn á þennan mjög svo ómannúðlega hátt, en þessi aðferð brýtur ekki í bága við lög, því það er hvergi tekið fram í lögunum, að ekki megi hafa hana, og ég þykist viss um, að þessu frv. óbreyttu, ef að lögum verður, að ef t. d. einhverjir 5 æðarvarpseigendur fengju samþykkta reglugerð, þar sem ákveðið væri, að fuglinn mætti drepa með þessari aðferð, þessum plötuslætti, að þá væri ráðh. skyldugur til að staðfesta þá reglugerð. Ef hinsvegar þessi smuga er höfð fyrir ráðh., þá getur hann synjað um staðfestingu á þeim reglugerðum, sem ákveða einhverjar þær eyðingaraðferðir, sem eru þannig, að enginn hvítur maður getur verið þekktur fyrir að nota þær. Ég veit, að þessi saga, sem ég sagði áðan, er sönn, og sú eyðingaraðferð, sem ég lýsti þar, er svo ómannúðleg, svo dýrsleg, að ég er hissa á því, að hún skuli vera til. En samkv. löggjöfinni er heimilt að beita henni og sömuleiðis eitrun, og þess vegna leyfi ég mér, ásamt þeim hv. 2. þm. Reykv., hv. 1. landsk. þm. og hv. þm. Snæf., að bera fram þá brtt., að á eftir orðunum „gildandi lög eða reglugerðir" komi: eða heimilar ómannúðlegar eyðingaraðferðir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 324) leyfð og samþ. með 20:1 atkv.

***Sigurður Einarsson:** Það er næsta undarlegt innræti meiri hl. hv. allshn. til þeirra manna, sem árum saman hafa verið í vandræðum með að verja vörp sín gegn þeim versta vargi, sem til er hér í landi. Við fyrri umr. þessa máls hefir verið lýst svo vel nauðsyn þess, að varpeigendur væru ekki hindraðir í því af löggjöfinni sjálfri að eyða þessum vargi, að það hefði verið sennilegt, að nú hefðu ekki verið bornar fram nýjar till., sem stefna að því að gera þetta frv. að engu, og ég er þess fullviss, að það er í fullri óþökk hv. d., að meiri hl. hv. allshn. fer nú að búa til þessa smugu fyrir ráðh., til þess að hann geti smeygt sér framhjá því að staðfesta þær reglugerðir, sem settar verða. Þarna þarf enga smugu, og þarna á engin smuga að vera. Þeim mönnum, sem eiga að verja vörp sín, er betur trúandi fyrir því að meta, hvað eru ómannúðlegar aðferðir, heldur en Rvíkingum, sem aldrei hafa í æðarvarp komið og ekkert þekkja til eðlis þessa máls, og hvað þessum brtt. viðvíkur, þá ber hv. dm. að fella þær, þar sem beinlínis er búið að lýsa því yfir, að þær séu ætlaðar til þess að höggva gat á frv., svo að það geti ekki komið að notum.

Hv. 8. landsk. sagði hér mikla reyfarasögu af því, hvernig Breiðfirðingar færu að því að blikka fuglinn til bana. Ég hefi aldrei heyrt um þessa aðferð talað, en sagan er ljót, ef hún er sönn. En mér þykir ótrúlegt, að gripið sé til svo seinvirkra ráða, og því aðeins er það gert, að varpeigendur megi ekki nota aðrar hraðvirkari aðferðir til þess að verja sig fyrir þessum vargi.

Ég verð að beina þeirri áskorun til hv. dm., að þeir felli þessa brtt. og sýni á þann hátt, að þeim er annara um þá bændur, sem vilja verja varp sitt fyrir þessum skaðlega vargi, heldur en um varginn sjálfan.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Ég vissi það, að hv. 9. landsk. mundi taka til máls, því ég heyrði hann kveðja sér hljóðs. En þegar ég minntist á, hvað hv. þm. Ak. hefði sagt um eitrun, þá lét ég hjá líða að geta um það, sem hv. 9. landsk. sagði við 2. umr. Þá sagði hann, að alls ekki væri gengið út frá því, að eitrun yrði viðhöfð. Nú er hann búinn að gleyma þessum ummælum sínum frá fyrri umræðu, og leggur nú mesta áherzluna á það, að þeim, sem varplönd eiga, sé betur trúandi fyrir að ákveða aðferðir til að eyða fuglinum heldur en þeim, sem aldrei hafi í varplönd komið. Það er eins og þessi hv. þm. sé alinn upp af veiðibjöllum, eða þá af æðarkollum, því svo er að sjá sem hann telji, að sérstaklega náin kynni þurfi að hafa af þessum fuglum til þess að vera dómbær á það, hver meðul séu réttmæt til þess að

eyða svartbak. En þetta er alls ekki höfuðatriðið. Höfuðatriðið er það, að Alþingi afgreiði ekki þetta mál á þann hátt, að það verði þjóðinni til skammar. En það er til skammar að heimila ómannúðlegar aðferðir, svo sem eitrun eða að setja blikkplötur í æti, eins og ég gat um áðan, að sumstaðar væri gert, því það hlýtur að hafa í för með sér langvinnan og kvalafullan dauðdaga.

Ég þykist vita, að æðarvarpseigendur semji reglugerðir um eyðingu fuglsins, og ég hefi ekkert á móti því, að þeir eigi frumkvæði að slíkum reglugerðum. En aftur á móti vil ég, að það sé á valdi ráðh., hvort hann samþ. þessar reglugerðir, og hann sjái um, að ekki sé þar gert ráð fyrir öðrum eyðingaraðferðum en þeim, sem sæmilegar eru. En það þarf ekki að fylgjast að, að varpeigendur hafi áhuga fyrir því að eyða veiðibjöllu, og hitt, að þeir sjái svo um, að þær eyðingaraðferðir séu sæmilegar, sem heimilaðar eru í hverju einstöku tilfelli, og þetta skilur hv. 9. landsk. vel, og við 2. umr. kom það greinilega í ljós, að hann fann það, að allir myndu hafa andstyggð á að kvelja lífið úr fuglinum með eitri eða blikkplötum. Hann fann, að ekki myndi rétt að fylgja því fram, svo að margir heyrðu, að slíkar aðferðir væru notaðar, og þess vegna sagði hann við 2. umr., að ekki væri til þess ætlazt, að fuglinum væri eytt með eitri. Nú stendur þessi hv. þm. hér upp og flytur ræðu, og er þá svo að heyra; að honum finnist engin aðferð of ómannúðleg eða grimmdarleg, ef æðarvarpseigendur samþ. hana, og þess vegna sé sjálfsagt að rígbinda ráðh. við að staðfesta hverja þá reglugerð, sem þeir kunna að gera, hversu ómannúðleg sem ákvæði hennar yrðu. Ég hélt, að traust þessa hv. þm. á núv. atvmrh. væri svo mikið, að hann slægi því ekki föstu, að bændur þar vestra hefðu meira vit á þessum málum heldur en ráðh., og á meðan þessi hv. þm. hefir jafngreiðan gang að hæstv. atvmrh. eins og hann hefir nú, þá ætti ekki að vera hætta á því, að ráðh. færi ekki eftir till. æðarvarpsnotenda. Hv. þm. gleymir því, að meiri hl. allshn. er ekki að mæla því bót, að ekki megi eyða fuglinum, heldur er hann aðeins að takmarka eyðingaraðferðirnar innan þess ramma, sem hvítir menn geta aðhyllzt. Það er sjálfsagt, að leyfilegt sé að eyða fuglinum með skotum, en það er svo mikill stigmunur á því að skjóta fuglinn og á því að eyða honum með eitri eða blikkplötum, að það er ekki sambærilegt.

Hv. 9. landsk. og aðrir þeir, sem vilja samþ. þetta frv., hafa lýst því yfir, að þeir vilji ekki, að fuglinum sé eytt með eitri, og hv. 9. landsk. vildi bera fram till. um, að það yrði ekki gert með blikki. Það er því allundarlegt, ef þeir vilja ekki fella inn í lögin ákvæði, sem er vörn gegn því, að ómannúðlegum eyðingaraðferðum sé beitt. Hvers vegna vill hv. 9. landsk. það ekki? Hvers vegna segir hann það hér í ræðu, að hann vilji ekki, að notaðar séu ómannúðlegar aðferðir, en ætlar svo að stuðla að því eða opna því leið með atkv. sínu, að það verði gert? Ég held, að hv. þm. leggi of mikið ofurkapp á þetta mál. Ég veit ekki, hve margir af kjósendum hans eiga afkomu sína undir æðarvarpi. Ég held, að það sé ekki af meðfæddri grimmd hv. þm., sem hann vill eyða þessum fugli þannig, heldur hitt, að hann búist við að vinna nokkur atkv. með þessari framkomu, en ég held, að það hefni sín.

*__Sigurður Einarsson:__ Ég get ekki fallizt á það, að þetta frv., eins og það nú liggur fyrir, sé þjóðinni til skammar, en það er annað, sem er þjóðinni til skammar. Það er þjóðinni til skammar, ef varp og varptekjur Íslendinga eru látnar ganga eins úr sér eins og verið hefir að undanförnu vegna þess, að löggjöfin hafi ekki dáð í sér til að aðstoða varpeigendur eins vel og með þarf. Ég kann ekki heldur við það, og finnst það hlægilegt, þegar hv. 8. landsk. er að tala um meðfædda grimmd, og svo er hann að tala um aumingja fuglinn, en um æðarvarpseigendur talar hann eins og þeir væru kvikindi. Hann talaði um þá með djúpri fyrirlitningu, sérstaklega ef þeir væru ekki fleiri en fimm saman. — En ég vil segja þessum hv. þm. það, að hann má tína saman æðimarga svartbaka, ef ég á að meta þann hóp meira en fimm æðarvarpseigendur. Það sýnir bezt, að málið er sótt af allmiklu kappi, að farið er að tala um mennina eins og þeir væru auðvirðileg kvikindi, en kvikindin — varpfuglinn, sem á að eyða vegna þess, hve hann er skaðlegur, er orðinn að heilögu dýri.

Þá þótti mér allt blikkplötuhjal hv. 8. landsk. allóviðfelldið. Af ræðu hans mætti halda, að Breiðfirðingar stæðu við það dögum eða jafnvel vikum saman út um klappir og sker að klippa blikkplötur ofan í svartbak, en það er öllum sanni fjarri. Það getur verið, að einhverntíma hafi það komið fyrir, að varpeigandi, sem hefir átt erfitt með að verja varp sitt fyrir ágangi þessa vargs, hafi í úrræðaleysi gripið til þess að klippa ofan í þá eina eða tvær plötur, en það hefir þá verið vegna þess, að sá maður hefir verið hálfsturlaður af ergelsi vegna þess skaða, sem þessi vargur hefir unnið honum.

ATKVGR.

Brtt. 324 felld með 14:9 atkv.

Frv. samþ. með 16:4 atkv. og endursent Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 291).

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

*__Jón Baldvinsson:__ Það er nú nokkur vandi að fara að tala í þessu máli, frv. til l. um eyðingu svartbaks, eftir að öll gáfnaljós Nd. hafa rætt um það af miklu andríki dögum saman. Ég ætla ekki að fara út í allt, sem skeð hefir í þessu máli, síðan það kom fyrst fram; það hefir átt býsna örðugt uppdráttar þar til nú, að það virðist ætla að ná fram að ganga.

Það er ein brtt., sem kom fram í Nd., er mér finnst ástæða til að hreyfa hér. Og þó ég hafi verið svo óforsjáll að láta ekki prenta hana

upp fyrirfram, og beri hana því fram skrifl., vona ég, að hún fái að koma til atkv., svo það sjáist, hvernig hv. þm. taka henni. Þetta er brtt. við 3. gr. í þá átt, að ekki megi fyrirskipa í reglugerð hverskonar eyðingar- eða refsiaðgerðir gegn svartbaknum sem vera skal, heldur hafi ráðh. dálitið svigrúm til að neita að staðfesta reglugerðir og fá þeim breytt, ef honum sýnist svo og í þeim er gert ráð fyrir miög ómannúðlegum drápsaðferðum. Samskonar till. var borin fram við 3. umr. í Nd., og er öllum hv. þm. kunnugt, hvað í henni felst. Tel ég slíkt ákvæði vanta í frv., því það er ekki að vita, nema menn finni upp á hinum fáránlegustu hlutum til eyðingar svartbaknum, eftir því, sem hv. neðrideildarmenn töluðu um þessa hluti.

Mun ég svo afhenda hæstv. forseta till. án frekari ummæla.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. við frv. til l. um eyðingu svartbaks frá hv. 4. landsk.:

„Við 3. gr. Á eftir orðunum „gildandi lög eða reglugerðir“ komi: eða heimilar ómannúðlegar eyðingaraðferðir.“

Þar sem till. þessi er borin fram nú á fundinum og er skrifleg, þarf um hana tvennskonar afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 365) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í að karpa lengi um þetta mál. Það var gert af kappi í hv. Nd. af mælskurikari mönnum. Þessi hv. d. afgreiddi málið fljótt og samhljóða og sendi það til Nd. Þar var málið tekið til athugunar, og lenti í talsverðu þófi um það, en endirinn varð sá, að aðeins smávægilegar breytingar voru gerðar á frv. Aðalbreyt. voru þær, að í staðinn fyrir, að í 4. gr. stóð, þegar frv. fór héðan: „Sýslumaður ræður svartbaksskyttur“ o. s. frv., stendur nú: „Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp.“ Í 5. gr. voru sektarákvæðin lækkuð nokkuð, og 7. gr. var breytt þannig, að sektirnar, sem áður var ákveðið, að rynnu að $^2/_3$ til uppljóstrunarmanna, en $^1/_3$ til viðkomandi sveitarsjóðs, eiga nú allar að renna til sveitarsjóðanna. Sumar þessar breyt. eru frekar til baga að mínu áliti, en færa frv. nokkuð í áttina til óska þeirra manna, sem heldur vilja halda verndarhendi yfir þessum fugli. Þó frv. komi svona frekar skemmt frá Nd., þá get ég eftir öllum atvikum gert mig ánægðan með það, og mun ekki gera till. um neinar breyt. á því, heldur óska, að það verði afgr. eins og það liggur fyrir. Ég veit, að hv. allshn. óskar ekki heldur eftir að fá málið til umsagnar nú.

Þessi afturgengna brtt., sem hv. 4. landsk. hefir vakið hér upp, átti eitthvað fjóra feður í Nd., en er nú hér eingetin af honum. Vonast ég til, að eins og hún á nú færri feðurna en áður, eins fái hún ennþá minna fylgi hér en í Nd.

***Sigurjón Á Ólafsson:** Það er rétt, að allshn. óskar ekki eftir að fá þetta mál til sín aftur. Breyt., sem frv. tók í Nd., eru nauðalitlar og nánast í þá átt, sem ég get sætt mig við. — Út af brtt. þeirri, sem hér er borin fram og ekki náði samþykki í Nd., vildi ég segja örfá orð. Raunar gefur hún tilefni til þess að tala langt mál, því ef út í þá sálma er farið að koma í veg fyrir ómannúðlegar aðferðir gagnvart lifandi verum, — hve langt getur slíkt ekki náð? Ég hygg, að það mætti fara nokkuð víða, ef tala ætti um allar þær ómannúðlegu drápsaðferðir, sem leyfðar eru í lögum eða viðhafðar, án þess að það sé samkvæmt nokkrum lögum. Það er ekki ávallt viðhöfð mikil mannúð gagnvart öllu, sem lifsanda dregur. Við skulum segja, að það væri skemmtilegt að samþ. þessa brtt. og að hún yrði ekki til skaða fyrir þá stefnu frv., sem hefir gert mig því fylgjandi, að vernda atvinnugrein, sem allmargir stunda, en sem er í stórhættu vegna þessa ránfugls. Hver er þá miskunnsemin gagnvart æðarungunum, sem vargfuglinn hremmir hvern af öðrum og rífur sundur? Þetta gengur sumsstaðar svo langt, að menn telja, að það þurfi að eyða eggjum æðarfuglsins, til þess að mæðurnar hafa ekki of marga unga að verja. Það, sem farið er fram á í þessu frv. er aðeins það, að gerðar séu ráðstafanir til, að fuglinn sé skotinn, auk þess sem eggjum hans á að eyða. Hvaða aðferðir aðrar einhverjir miður réttlátir menn kunna að viðhafa til að eyða svartbaknum, kemur ekki þessu frv. við. Ef einhverjir grimmúðugir menn vilja nota slíka hluti til að sálga svartbaknum með, sem talað var um í Nd., blikkplötur og annað þesskonar, býst ég við að þeir gerðu það jafnt, þó þessi brtt. væri samþ. En ég vona, að harðýðgin nái ekki svo langt, að menn fari að elta fuglinn á þann hátt, og ég býst við, að slíkt væri ekki leyfilegt samkv. gildandi lögum. Hinsvegar er ekki hægt að koma í veg fyrir með neinum lögum, að menn fari ómannúðlega að því að aflífa ýms dýr, ef menn vilja það viðhafa. Er það t. d. ekki ómannúðlegt, þegar fuglar eru særðir með skotum, og svo berjast þessir vesalingar við dauðann dögum saman? En þetta er það, sem daglega kemur fyrir, og við það getum við ekki ráðið. Grimmd og drápslöngun mannsins er svo mikil, að hann langar til að drepa. (**JBald:** Drápslöngun!) Já, maðurinn er nú einusinni með drápslöngun, og hér á landi beita menn sinni drápslöngun gegn skepnunum.

Við skulum segja, að d. vildi nú samþ. þessa brtt., sem ég býst við, að mundi gera frv. frekar máttlaust til þess að ná þeim tilgangi, sem stefnt er að. Þá yrði málið að koma fyrir Nd. á ný, og mér finnst, að það væri farið illa með þann stutta tíma, sem þing á eftir að sitja, ef jafnvel heilum degi enn væri eytt í að rífast um þetta litla mál. Ég get ekki verið með því að flækja málinu milli deilda fyrir ekki stærra atriði, og ég er hissa á jafnþroskuðum mönnum sem þessa samkomu sitja, að þeir skuli vera að leika sér að slíku máli sem þessu, eins og mér virtist koma fram í háttv. neðri deild.

*__Jón Baldvinsson:__ Það er eins og einhver hiti sé í sumum hv. þm. út af þessu máli, og þeir tala mjög hátíðlega um þessa hluti, en málið er í sjálfu sér einfalt og ætti að vera hægt að tala hispurslaust um það. Við viljum ekki, ýmsir af þm., gefa hreppsnefndum eða mönnum í einstökum héruðum, sem ef til vill eru orðnir sljóvgaðir fyrir meðferðinni á svartbaknum vegna þess skaða, sem hann hefir gert þeim, heimild til að finna upp á hvaða aðferð, sem þeim dettur í hug til þess að eyða þessum fugli. Það er náttúrlega svo, að í náttúrunni gengur á ýmsu, og svartbakurinn er ekki verri eða grimmari en margar aðrar skepnur, svo ég sé ekki ástæðu til að setja löggjöfina í gang til þess að heimta sérstaklega grimmúðlegar aðferðir til þess að eyða þessum fallega fugli. Ég vil ekki segja, að svartbakurinn sé alveg nytjalaus fugl. Það eru þó nokkrar tekjur, sem bændur hafa af því ekki óvíða á landinu að hirða svartbakseggg. Ef búið væri að útrýma svartbaknum, hætti hann sennilega að verpa, — eða ætli það ekki? — Það er því enginn leikur með málið, þó komið sé inn í frv. ákvæði, sem gerir ráðh. mögulegt að varna því, að einstrengingslega sinnaðar hreppsnefndir geti fundið upp á að setja samþykktir um hvaða drápsaðferðir, sem þeim sýnist. (__PM:__ Hvaða aðferðir gætu þeir komið með?). Ég þori nú varla að fara út í það, en það var farið mjög nákvæmlega út í þetta alltsaman í Nd., allt til þeirra aðferða að veiða svartbakinn á öngul eða láta hann éta glerbrot, niðurklippt blikk o. s. frv. Það er ástæða til að hafa hemil á þessum hlutum og að ráðh., sem er hlutlaus í þessu efni, geti komið í veg fyrir, að hreppsnefndir, sem þættust eiga einhvers að hefna á svartbaknum, setji svívirðileg ákvæði gegn honum, sem ráðh. gæti ekki verið þekktur fyrir að samþ. Það verður að gera ráð fyrir, að ráðh. myndi heldur ekki gera mönnum ókleift að halda uppi vörnum gegn svartbaknum, ef hann gerist sérstaklega nærgöngull, þannig að hann mundi leyfa mönnum að viðhafa eyðingaraðferðir, sem að gagni koma. Annars skil ég ekki í öðru en að menn hefðu samtök um að halda uppi vörnum gegn þessum fugli, ef hann gerir eins mikið og almennt tjón eins og látið er í veðri vaka þarna fyrir vestan. Ef menn væru sammála um, að það eigi að útrýma svartbaknum, mundi það vera gert án sérstakra lagafyrirmæla. Því er ástæða til að ætla, að þetta sé mönnum ekki eins mikið áhugamál almennt eins og látið er í veðri vaka. Ég vil því halda fast við brtt. mína, og tel, að það væri mikil lagfæring á frv. að samþ. hana.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að flytja brtt. til lagfæringar á frv. að öðru leyti. Í 4. gr. stendur t. d.: „Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur“. Ég veit ekki, hvort þessi „svartbakur“ er sérstakur fugl. Þetta þyrfti að leiðrétta, ef hér er átt við svartbak, en þá þyrfti málið líklega að fara til Nd. aftur.

__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Mér heyrist á hv. 4. landsk., að prentarinn væri kominn ofarlega í hann aftur. Hann er að líta hér yfir, hvernig hans fyrrverandi samverkamenn inna starf sitt af hendi, og sér, að eitt a hefir eitthvað aflagazt eða ekki orðið eins greinilegt eins og vera ber. Hann um það. Ég held nú samt, að hv. þm. misskilji ekki þetta orð að neinu leyti og geti lesið það eins og það á að vera.

Hv. 4. landsk. talaði um, að sumir hv. þm. tækju þetta mál svo hátíðlega og væru heitir fyrir því. En mér finnst satt að segja þessi hv. þm. ekki heitur fyrir því að lesa frv. rétt. Hann talaði tvívegis um það, að hreppsnefndir færu að setja samþykktir um eyðingu svartbaks. Ég veit ekki, hvar það stendur. Í frv. er talað um, að sýslunefndir og bæjarstjórnir geti gert þetta. Það virðist því fljótaskrift á lestri frv. hjá hv. þm.; hann hefir bara fengið þetta fóstur frá þeim í Nd. til þess að bera það hér fram, að því er virðist án þess að setja sig rækilega inn í málið. En hvað sem líður þessum grimmúðlegu eyðingaraðferðum, þá finnst mér, að á meðan hv. þm. á trúbróður sinn í ríkisstj., hæstv. núv. atvmrh., þurfi hann ekki að óttast, að farið verði að setja í samþykktir, sem hann á að yfirlesa og staðfesta, grimmdarfullar eyðingaraðferðir fram yfir það, sem tíðkast um önnur samskonar dýr. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég treysti hæstv. atvmrh. mjög sæmilega til þess að líta eftir, að ekki séu framin lögbrot í þessu efni. Að með frv. í heild sé verið að gera einhverja ógurlegri árás á þetta fuglstetur heldur en áður hefir heyrzt um, er ekki annað en fjarstæða. Hér er aðeins leyft, að sýslunefndir setji samþ. um eyðingu svartbaks, sem svo er skotið til stjórnarráðsins til athugunar og staðfestingar. Það er hvergi talað um sérstakar drápsaðferðir í þessu frv., nema hvað gert er ráð fyrir að ráða svartbaksskyttur til þess að skjóta fuglinn og veita verðlaun fyrir. Þetta er aðalákvæði frv. um dráp vargfuglsins, en svo hafa menn verið að vekja upp hálfgerða drauga í sambandi við þetta, segja, að þetta mundi verða svona og svona. Þó svo færi, að farið yrði að setja einhverjar eitursamþykktir gegn svartbaknum, yrði það ekki verra en hefir verið eftir gildandi lögum, þar sem hver einstakur maður getur eitrað þar, sem honum sýnist, og er það vitanlega hættulegra heldur en að gera þetta á skipulegan hátt. Ég hélt eftir anda hv. 4. landsk., að hann mundi ekki hafa á móti skipulagningu á þessu sviði fremur en öðrum. Þarna horfir skipulagningin líklega til bóta, en þá hendir það ólán hv. þm. að snúast öfugur gegn henni.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):__ Ég vil í sambandi við ummæli hv. þm. Dal. taka það fram, að mér sýnist í 3. gr. frv. mjög vera kreppt að valdi ráðh. til þess að fá samþykktum sýslunefnda breytt eða neita að staðfesta þær. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er samþykkt send ráðh. til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir, og synjar þá ráðh. staðfestingar“. Að öðrum kosti verður ráðh. að staðfesta samþykktina. (__ÞÞ:__ Er ekki svo um allar samþykktir?). Ég verð mjög að efa það, því það er á valdi ráðh. í mörgum tilfellum að segja til um, hvort hann vill staðfesta sam-

þykktir, þó þær fari ekki í bága við gildandi lög. En hér er ráðh. beinlínis skylt að staðfesta samþykktir, ef þær ekki fara í bága við gildandi lög. Einmitt með tilliti til þess, hvað takmarkað vald ráðh. hefir í þessu efni, finnst mér eðlilegt það, sem í brtt. felst, að ef um ómannúðlegar aðferðir er að ræða, sé hægt að synja um staðfestingu. Ég tel eitrun fyrir svartbak, eins og hún var og sennilega mundi verða framkvæmd, ákaflega mikið öðruvísi en ætti að vera, svo ég noti mjög vægileg orð.

*__Pétur Magnússon:__ Af því þetta er fyrsta hitamálið, sem kemur fyrir d. á þessu þingi, kann ég ekki við að sitja þegjandi undir umr. Annars eru það orð hæstv. ráðh., sem gefa mér tilefni til þess að beina til hans fyrirspurn. Ef hv. þm. Dal. skyldi fá sýslumanninn í Dalasýslu til þess að telja sýslunefndina á að gera samþykkt um þá eyðingaraðferð að klippa niður blikk eða brjóta niður brennivínsflöskur, væntanlega tómar, og láta svartbakinn éta, — hvort mundi þá hæstv. ráðh. telja sér skylt að samþykkja slíka reglugerð? Ég efast ekki um, að slík eyðingaraðferð mundi brjóta í bága við almenn landslög, jafnvel hegningarlögin, svo ég er sannfærður um, að hæstv. ráðh. mundi neita að staðfesta slíka samþykkt, þegar af þeirri ástæðu, að bannað er að kvelja dýr að óþörfu.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):__ Ég verð að játa, að mér er örðugt um að svara þessari spurningu. Ég hefi ekki rannsakað svo nákvæmlega hegningarlögin eða þær drápsaðferðir, sem hér hefir verið lýst, að ég geti sagt um þetta án þess að leita álits vel fróðra manna. En svo sleppt sé öllu spaugi, þá sýnist mér, að ef frv. er samþ. óbreytt, þá hafi ráðh. ekki vald til að neita að staðfesta samþykkt, þó í henni séu t. d. fyrirmæli um að eitra fyrir fuglinn, en það teldi ég æskilegt að gera og vil því gjarna fá það ákvæði, sem í brtt. felst, inn í lögin.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég er ekki einn af þessum léttúðugu mönnum, sem geta verið að láta menn brosa, þegar þeir taka til máls.

Hv. 4. landsk. kom fram með það sem rök í þessu máli, að það yrði e. t. v. útrýmt öllum svartbak, svo engin egg fengjust. Það vill nú svo vel til, að svartbakurinn heldur til víðar en á Breiðafirði, eða þar sem æðarvarp er; hann heldur sig oft nálægt fjöllum, þar sem ekkert varp er, og þar fær hann sennilega að vera í friði, svo varla eyðist allur svartbakur.

Samkv. frv. eiga ekki hreppsnefndir, heldur sýslunefndir að hafa vald í þessum efnum. En ég vil undirstrika það, að ég treysti hvaða ráðh. sem er, af hvaða flokki sem hann er, til þess að samþ. ekki reglugerð, sem gengur í þá átt að leyfa ómannúðlegar aðferðir til þess að eyða þessum fugli. Hér er ætlazt til, að fugli þessum verði eytt með skotum í fyrsta lagi. Og hvað viðvíkur því að eitra fyrir hann, þá veit ég ekki betur en að eitrað sé fyrir refi, sem hafa tilfinningu alveg eins og svartbakurinn. Þá má einnig minna á það, að skyttur fara upp um fjöll og heiðar til að skjóta rjúpur. Það þykir ekkert athugavert við það. En samt sem áður er það víst, að margar rjúpur særast af skotum og kveljast lengi helsærðar af þeim orsökum. Og ekki er bannað að skjóta rjúpur. Og það mætti telja margt fleira þessu líkt. Þess vegna skil ég ekki andúð manna gegn því að reyna að vernda atvinnuveg bænda, kannske fátækra bænda, í vissum héruðum landsins, sem hafa varplönd. Hrafninn er kallaður vitur fugl og skemmtilegur. En þó er hann réttdrepur hvar sem er, ef menn vilja það við hafa að sálga krumma-greyinu. Mín afstaða í þessu máli afmarkast af því, að ég vil vernda varplönd bænda fyrir þessum skaðlega ránfugli fyrst og fremst.

*__Jón Baldvinsson:__ Ég heyri á öllu, að þeir hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Dal. eru slegnir ótta, og verða það sjálfsagt á meðan nokkurt svartbakstetur flögrar yfir þessu landi. Svo að það er fullkomin ástæða til þess að ætla, að hv. þm. Dal., sem góða aðstöðu hefir til að ráða miklu um samþykkt viðvíkjandi framkvæmd þessara lagaákvæða hjá sér, muni og gera það. Því að það þarf ekki meira en að fimm eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda krefjist þess, að samþykktir þær verði gerðar, sem um getur í frv., til þess að skylt sé að setja þær. Því mun það ekki fjarri sanni, að hreppsnefndir geti ráðið hér allmiklu um.

Ég skil satt að segja ekki þessa hv. þm. Það er eins og komið sé við hjartað í þeim, ef inn í frv. á að koma ákvæðum, sem girða eiga fyrir það, að jafnmannvonzkufullri aðferð sé beitt við útrýmingu þessa fugls og eitrunin er. Þeir vilja koma í veg fyrir, að ráðh. geti hindrað, að ákvæði um slíka eyðingaraðferð verði sett í reglugerð.

Hv. þm. Dal. hefir fundizt ég vera of mikill skipulagningarmaður. En hér hefir hann þó hafið sjálfur skipulagða árás á veslings svartbakinn og vill útrýma honum úr landinu. Ég efa nú, að hv. sjálfstæðismenn vilji nú styðja þennan flokksbróður sinn á þessari skipulagningarbraut, þó að kannske fáeinir bændur við Breiðafjörð, sem hafa nytjar af æðarkollunum, hafi eitthvað gott af þessu máli. (__PM:__ Laxveiðamenn verða líka fyrir skaða af völdum svartbaksins). Ég skil ekki þann ógnar hita, sem hefir gripið menn út af þessari góðlátlegu brtt. minni, sem gerð var til þess að koma í veg fyrir mannvonzkuleg hrekkjabrögð, sem menn kynnu að finna upp gegn þessum fugli.

Ég er á móti því, að prentararnir hafi ekki leyst sitt starf vel af hendi við prentun á þessu þskj., þar sem orðið „svórtbakur“ er að finna í. En ég gæti frekar trúað, að í því moldviðri, sem þyrlazt hefir um þetta mál, hafi prófarkalesarinn kannske haldið, að hér væri búið að skapa nýja tegund af fugli, sem héti „svortbakur“. (__ÞÞ:__ Þeir hafa líklega lesið skakkt blessaðir prentararnir, eins og fleiri prentarar).

ATKVGR.

Brtt. 365 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

__já:__ JBald, JJ, GL, HG, EÁrna.

nei: MG, MJ, PHerm, PM, SÁÓ,[1]) ÞBr, ÞÞ, BSt, IngP.

Tveir þm. (HermJ, JAJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 366).

23. Útsvör.

A 3. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör** (þmfrv., A. 18).

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jakob Möller):** Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, rétt um þinglokin, og var afgr. frá þessari hv. d. með afbrigðum. Það þótti svo augljóst, að rétt væri að samþ. frv., að afbrigðin um það voru leyfð umræðulaust. En svo strandaði það.

Hv. þdm. er kunnugt efni þessa frv., enda fylgir því ýtarleg grg., svo að ég þarf ekki mikið um það að segja. Efni frv. er aðallega heimild til þess að mega leggja útsvar á tekjur yfirstandandi árs þegar útsvarið er lagt á, hjá mönnum, sem búast má við að flytji úr landi og ekki náist útsvar af, ef lagt er útsvar á þá eftir venjulegum reglum, að leggja á tekjur undanfarins árs. Í öðru lagi er hér um að ræða breyt. á fyrirmælum um skiptingu útsvara á milli sveitarfélaga. Og svo eru ákvæði um afstöðu hjóna til útsvarsgreiðslna. — Þá eru og ákvæði í frv., sem er leiðrétting á villu í l. frá 1934, þar sem það ákvæði var sett inn í l., að sveitar- og bæjarfélögum væri ekki heimilt að áfrýja úrskurði yfirskattan. til æðra stigs. Vitanlega var þetta ekki meiningin, heldur hefir þetta ákvæði komið af vangá inn í lögin.

Það er gömul venja að vísa málum sem þessu til allshn. Þótt þetta frv. lægi fyrir fjhn. á síðasta þingi, virðist mér rétt að fylgja hinni gömlu venju og legg til, að því verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (JörB): Níunda málið á dagskránni í dag, frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör, var á dagskrá tekið vegna þess, að í málaskrá hafði ritazt, að málinu hefði verið vísað til sjútvn. á 6. fundi d., og höfðu komið fram tilmæli um það, að kostur gæfist að leiðrétta þetta og vísa málinu til allshn., þar sem því ber að vera. Nú hefir hinsvegar komið upp við athugun gerðabókar, að málinu var aldrei vísað til sjútvn., heldur til allshn., og er því þar með fallin burt ástæðan til þess, að málið var á dagskrá tekið, og verður það því nú tekið af dagskrá og bíður væntanlega þar til nál. kemur frá allshn.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 18, 104, n. 156).

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar og komið sér saman um að mæla með því, að það verði samþ. Hún hefir þó viljað láta þess getið, að útsvarslöggjöfin er að ýmsu leyti ekki í því formi, sem hún ætti að vera, og n. telur engan efa, að mörg ákvæði mætti færa til betri vegar. Hún telur því þessa breyt., sem fram er komin að mestu fyrir tilhlutun ríkisskattan., sjálfsagða, en þó sem bráðabirgðabreyt. og að nokkru leyti sem leiðréttingu á l. eins og þau voru, sérstaklega að því er snertir 9. gr., þar sem blandað er saman gjaldári og útsvarsári. N. telur, að sú nefnd, sem situr nú á rökstólum til þess að semja frumv. um tekjuöflun sveita og kaupstaða, eigi einmitt í sambandi við þau mál að koma með eitthvert frv. til lagfæringar á útsvarslögunum, því að það er ljóst, að þessi tvö mál eru svo nátengd. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fara nánar inn á þetta. Sem sagt, breyt. eru fremur til bráðabirgða heldur en sem varanleg bót á þessu máli. N. hefir hinsvegar viljað verða við þeim tilmælum, sem hafa borizt henni frá bæjarstj. Rvíkur um að heimila ríkisstj. að setja reglugerð, sem skyldi kaupgreiðendur til að halda eftir hluta af kaupi fastra starfsmanna til greiðslu útsvars. Þetta er alveg hliðstætt heimild ráðuneytisins. Og samkv. henni hefir verið sett reglugerð um að halda eftir af kaupi til greiðslu tekju- og eignarskatts. Er ekki ástæða til að gera upp á milli þessara tveggja hluta. En það eru mjög mikil þægindi við innheimtu, sérstaklega í hinum stærri kaupstöðum, ef kaupgreiðendur halda eftir hluta af kaupi manna til útsvarsgreiðslu, eftir þar að lútandi nánari ákvæðum. Auðvitað þarf í slíkum reglugerðum að setja fyrirmæli um það, að ekki sé hægt að halda eftir nema ákveðnum hluta í hvert sinn, og fari eftir efnum og ástæðum einstaklingsins.

N. hefir ekki sem slík tekið afstöðu til þeirra brtt., sem liggja fyrir á þskj. 104 frá hv. þm. Mýr., að þeir menn verði útsvarsskyldir, sem eiga húseign eða sumarbústað í sveit, sem bakar hlutaðeigandi sveit aukin útgjöld til almenningsþarfa. 4 af 5 nm. eru á móti þessari brtt. N. tók ekki sem slík neina ákvörðun, en ég hygg ég hafi ekki farið rangt með um afstöðu nm., og ef til vill eru þeir allir á móti. Ef heimilað er að leggja á menn, búsetta í kaupstað og útsvarsskylda þar, ný útsvör í sveit vegna húseignar þar, þá er komið inn á þá leið, sem hingað til hefir ekki þótt fært að fara inn á. Það hefir hér í Reykjavík einu sinni verið lagt á húseign, þar sem eigandinn var búsettur utan Reykjavíkur, og rök-

1) **SÁÓ:** Þar sem ég tel, að í frv. felist fullkomið öryggi fyrir því, að ekki verði ómannúðleg drápsaðferð viðhöfð gagnvart þessum fugli, segi ég nei.

fært með því, að eigandinn hefði allverulegar tekjur af þessari húseign, og því ekki ósanngjarnt, að bærinn fengi einhverja útsvarsgreiðslu. Þetta var lagt fyrir dómstóla og úrskurðað óheimilt. Og ég veit ekki betur en að við endurskoðun útsvarslaganna áður hafi einmitt verið athugaður þessi möguleiki til að leggja á menn, sem ættu húseign á staðnum, og það ekki hingað til verið talið af löggjafanum rétt að fara inn á þá leið. Enda er ljóst, að það mundi útiloka, að kaupstaðarbúar, sem gjarnan vilja reyna að dvelja úti í sveit með fjölskyldum sínum yfir sumarið, ef þeir þurfa ekki nauðsynlega að vera í kaupstað, leggi á sig nokkurn kostnað til að byggja sumarbústað, ef þeir eiga þar að auki á hættu að verða að greiða svo og svo há opinber gjöld.

Það getur hinsvegar verið rétt, að viðkomandi sveit þurfi að greiða örlítið gjald vegna slíkra húseigna. En á það er og litandi, að það er beinn hagnaður fyrir viðkomandi sveitarfélög, að sumarbústaðir komist upp. Þeir gefa ætíð nokkrar tekjur fyrir þá, sem þar búa nær. Slíkar fjölskyldur kaupa mjólk og egg og nýmeti af bændum í grennd. Og sá hagnaður, sem þannig kemur einstaklingnum í sveit, er vitanlega hagnaður fyrir sveitina sjálfa.

Það er alveg ljóst, að ef d. gengur inn á að samþ. þessar brtt. hv. þm. Mýr., þá er þar með komið inn á þá leið, sem er í raun og veru ekki fyllilega séð, hve langt muni leiða. En það mundi að sjálfsögðu leiða til þess, að komið yrði inn fyllri ákvæðum, þar sem kaupstöðum er heimilað að leggja útsvör á þær eignir bæjarmanna, sem ekki eru í bænum. Í Reykjavík yrði það ekki lítil upphæð, sem menn utan Reykjavíkur yrðu að greiða. Það hefir ekki þótt fært hingað til að leggja útsvar á fasteign nema í einu einasta tilfelli, og það er þegar útlendingar eiga. Ég fyrir mitt leyti vil þess vegna mótmæla þessari till. sem gangandi í bága við það princip, sem löggjafinn annars hefir um svipað atriði.

*__Jörundur Brynjólfsson:__ Ég hefi skrifað undir þetta mál með fyrirvara. Minn fyrirvari er ekki í því fólginn, að ég geti ekki fallizt á þessa breyt., sem farið er fram á að gera á útsvarsl., bæði að því, er snertir frv. sjálft eins og það nú er hér flutt, og einnig þá brtt., sem allshn. nú flytur við frv. Á þetta atriði get ég einmitt fallizt.

Minn fyrirvari er út af aðstöðu n. til brtt. hv. þm. Mýr. Það er eins og hv. frsm. skýrði frá, að að vísu er ekki bein ákvörðun tekin gegn þessari till. í n., en meiri hl. n. vildi þó ekki á það fallast að mæla með henni. En ég get lýst yfir, að ég er einmitt þessari brtt. fylgjandi. Ég get að vísu viðurkennt, að það hefði verið æskilegra, ef þetta ákvæði hefði komið inn í þá löggjöf, sem ákvarðar, hvernig beri að haga þessum gjöldum, t. d. fasteignagjöldum til sýslusvegasjóða. En fyrir svona smávægileg atriði eigum við þess ekki kost að gera þessa breyt. á þeim l. Mér finnst það of lítilvægt að fara að hreyfa við þeirri löggjöf aðeins út af þessu einu. Hinsvegar á þessi breyt. fullkomlega rétt á sér. Það er allt of mikið úr því gert hjá hv. frsm., að þessi gjöld, sem af slíkum fasteignum stafa, muni vera létt. Því að þar sem eru komin heil hverfi af byggingum í sama sveitarfélaginu, sem kaupstaðarbúar eiga, — sem ég er síður en svo að amast við á neinn hátt, — þá dregur eitt sveitarfélag allverulega um að greiða fasteignagjald af þessu hverfi, sem því hér um bil að engu leyti kemur neitt við. Þetta hækkar opinberu gjöldin hjá viðkomandi sveitarfélagi, svo að tilfinnanlegt getur orðið. Því að það er sú stefna uppi, sem ég tel mjög æskilega að mörgu leyti, að bæjarbúar byggi sér hús til sveita til dvalar að sumarlagi með fjölskyldu sinni. — En brtt. hv. þm. Mýr. er þannig stillt í hóf, að eftir orðalagi hennar er ekki leyfilegt að leggja útsvar á þessar fasteignir umfram það, sem beinlínis nemur þessum gjöldum, sem eru bundin í opinberar þarfir.

Það kveður sennilega mest að þessum byggingum í tveimur sveitum hér í grennd, Mosfellssveit og Ölfusi í Árnessýslu. Í Ölfusinu er komið upp heilt hverfi af byggingum, og þessi hreppsfélög dregur það ekki óverulega að þurfa að standa straum af þessum gjöldum. En ég er alveg sannfærður um, að eigendur þessara bygginga telja þau ekki eftir sér.

Ég vil á engan hátt fara út í meting um þá hagsmuni, sem sveitamenn kunna að hafa af því, að þessir menn dvelji að sumarlagi uppi í sveit, og fara að reikna út, hvern hagnað sveitamenn kunna af því að hljóta. Ég hygg, að það kunni að vera áhöld um það og þann hagnað, sem kaupstaðarbúar hafa af því að dvelja í sveit að sumarlagi, því þó að þeir borgi meira fyrir nauðsynjar þær, sem þeir fá hjá sveitamönnum, heldur en sveitamenn annars myndu fá fyrir þær, þá hygg ég samt, að þeir fái þær alltaf við vægara verði en þær kosta í kaupstöðunum, svo að þeir hafi vinning af þessu, og er síður en svo, að ég telji það eftir, og vil ég, að í þessu efni fari enginn metingur fram. En ég minnist sérstaklega á þetta af því að hv. 8. landsk. vék lítillega að þessu í framsögu sinni.

Ég vil því beina því til hv. dm., að þeir fallist á brtt. hv. þm. Mýr. Hún á rétt á sér, og ég er sannfærður um, að enginn góður drengur telur það eftir sér, að greiða þetta litla gjald. Það er lítið hjá hverjum einstaklingi, en það safnast, þegar saman kemur, og það getur verið tilfinnanlegt fyrir fátæk sveitarfélög að þurfa að standa straum af þeim.

__Bjarni Ásgeirsson:__ Ég get verið fáorður um þessa till. eftir ræðu hv. 1. þm. Árn. Mér þykir það leitt, að hv. n. hefir ekki séð sér fært að taka tillit til hennar. Ég held, að allir, sem lesa hana rólega, hljóti að sjá, að hún er mjög sanngjörn og réttmæt. Þegar ákveðinn hluti opinberra gjalda, eins og t. d. sýslusjóðsgjalds, er miðaður við og tekinn af fasteignum þeim, sem eru innan sveitarinnar, þá eiga þau gjöld að koma niður á þá menn, sem eiga viðkomandi fasteign. Í þeim sveitum, þar sem mikið er af slíkum byggingum, en það er sérstaklega í þeim tveim sýslum, sem hv. 1. þm. Árn. minntist á, þá dregur það ekki svo lítið fyrir fátæk sveitarfélög að taka á sig þessi gjöld vegna

manna, sem búsettir eru annarsstaðar og engin gjöld greiða til opinberra þarfa þar.

Hv. 8. landsk. hélt því fram, að hér væri verið að byrja á nýrri stefnu í útsvarsmálum með því að leggja útsvör á húseignir manna, sem búsettir eru utan byggðarlagsins. En þó að þetta sé sett í útsvarslögin og nefnt útsvar, þá er það í rauninni ekki undir venjulegum kringumstæðum útsvar. Það er tekið fram, að ekki sé leyfilegt að leggja á þessa menn almennt útsvar, heldur aðeins þau gjöld, sem viðkomandi sveit verður að borga fyrir eignir viðkomandi manna, sem búa utan sveitarinnar. Þetta raskar í sjálfu sér á engan hátt reglum, þeim, sem gilda í almennum útsvarsmálum.

Hv. 8. landsk. talaði mikið um það, hvaða hagnað sveitirnar hefðu af slíkum byggingum vegna aukinna viðskipta af hálfu þeirra manna, sem ættu sumarbústaðina. Ég get svarað eins og hv. 1. þm. Árn. Ég býst við, að hagnaðurinn af þessum sumarbústöðum sé líkur hjá báðum. Ég býst við, að þeir, sem í sumarbústöðunum búa, fái það, sem þeir kaupa af bændum, fyrir lægra verð en á markaðinum í Reykjavík, þó að það sé kannske hærra en það, sem bændur annars fá. Ég vil benda hv. þm. á það, að það er meira en þetta, sem dregur á eftir sér dilk fyrir viðkomandi sveitir, að fá þessar fasteignir inn í sveitirnar, t. d. þegar verið er að skipta útsvörum, sem sérstaklega eru farin að tíðkast samkv. útsvarslögunum, milli Rvíkur og þessara sveita hinsvegar, útsvörum manna, sem að einhverju leyti njóta atvinnu í Rvík, þá er einn liður í útreikningnum, hve hátt sé fasteignaverð í viðkomandi sveitum, og því hærra sem það er, því lægri verður þessi hlutinn af þeim hluta útsvaranna, sem því ber, svo að þessar fasteignir draga sveitarfélögin niður í þeim skilningi. Og samkv. framfærslulögunum frá síðasta þingi þá á, þegar farið er að bæta sveitarfélögunum upp nokkurn hluta þeirra útsvara, sem eru fram yfir meðaltal útsvara í landinu, að reikna út til fasteignaverðs fasteignir í viðkomandi sveit. Því hærra sem það er, því lægri verður hluti viðkomandi sveitarfélags í hinum almennu uppbótartekjum, og verða þessar fasteignir því til þess þar líka að draga niður viðkomandi sveitarfélög. Ég efast einnig um, ef reikningarnir væru gerðir upp, að þá væri mikill hagur að því almennt fyrir sveitarfélögin að fá slíkar eignir inn í sveitirnar. Og ég er sannfærður um, að þeir menn, sem hafa ráð á því að byggja sumarbústaði og eiga þá, munu líka telja sig hafa ráð á því að greiða þann beina skatt, sem fellur á sveitarfélagið vegna þeirra sjálfra. Hv. þm. talaði um, að það hefði verið gerð tilraun til þess að leggja útsvar á húseignir manna, sem ekki eru búsettir hér í Rvík, en það hefði ekki staðizt dóm. Ég veit ekki betur en að það hafi fallið dómur um, að maður væri útsvarsskyldur hér, sem á heima annarsstaðar. En hann á hér húseignir, en hefir ekki neina aðra beina atvinnu hér. Þessi dómur er nýlega fallinn í hæstarétti. Annars er þetta aukaatriði og kemur ekki við hinum venjulegu útsvarslögum. Hér er eingöngu um það að ræða, að sýslusjóðsgjaldið, sem lagt er á þessar byggingar, komi á herðar þeirra, sem byggingarnar eiga og hafa þeirra not, en ekki þeirra, sem hafa engar beinar tekjur af þeim.

*Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Þeir ber saman um það, hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Mýr., að hér sé um gjöld að ræða, sem eru mjög lág, og þeir telja, að þeir menn, sem vilji vinna það til að leggja í nokkurn kostnað til þess að geta komizt með fjölskyldu sína upp í sveit, myndu ekki telja það eftir sér að greiða þessi lágu gjöld. Þessi gjöld geta verið misjafnlega lág eða há, en mér skilst þó, að ef það eiga að vera rök í þessu máli, að gjöldin séu svo lág, að einstaklinga, sem hafa lagt í kostnað við að byggja sumarbústaði, muni ekki um að greiða þau, þá hljóti það líka að vera rök, að sveitarfélögin muni ákaflega lítið um að greiða þau. (BÁ: Safnast þegar saman kemur). Það má vera, að svo sé. En það, sem hv. þm. gleymir, er það, að þeir, sem eiga sumarbústaði frá Rvík og Hafnarfirði, greiða ekki svo lítið gjald beinlínis til þeirra, sem eiga grunninn. Ég hygg, að það séu borgaðar frá 17—27 kr. á ári í grunnleigu. Ég get nefnt dæmi, þar sem grunnurinn kostar 50 kr., 100 kr. og upp í 180 kr. Þetta getur auðvitað verið misjafnt, og fer það eftir því, hvar grunnurinn er. Ef svo er, að grunnleigan er frá 50—180 kr., þá er það ekki svo lítil upphæð, sem þeir, sem eiga sumarbústaðina, greiða til þeirra, sem í sveit eiga heima og eiga þessi lönd. Og það er vitanlega sjálfsagður hlutur, að við niðurjöfnun útsvara í viðkomandi sveit myndu útsvör þeirra manna, sem hafa tekjur af því að leigja slíka grunna, en þeir eru venjulega litlir að flatarmáli og annars lítið notaðir af eigendum jarðanna, verða þeim mun hærri, sem næmi þeirri upphæð, sem þeir hefðu annars orðið að greiða í sýslusjóðsgjald af húsunum. Það fer því í sveitarsjóðinn, sem getur þó ekki beinlínis tekið þetta gjald af fasteigninni, sem um er að ræða. Sveitarsjóðurinn fær þetta á annan veg, sem sé með því, að eigandi sumarbústaðarins greiðir svo og svo háa leigu til þess, sem á landið, en hann verður svo að borga hærra útsvar. Hv. þm. Mýr. hefir alveg gleymt þessum lið. Auk þess er það líka á annan hátt til hagsmuna fyrir sveitarfélögin, að byggingar komi í sveitirnar og því fólki fjölgi, sem hefir viðskipti við bændur þar í kring. Hitt er annað mál, að þeir, sem þar búa og eiga sumarbústaðina, myndu vitanlega ekki leggja í slíkan kostnað, ef þeir hefðu ekki einhvern hag af því sjálfir. En þeir hafa ekki fjárhagslegan gróða af því. Ég hygg, að það sé enginn maður, sem fær sér sumarbústað af því, að hann hafi fjárhagslegan gróða af því. Þeir verða venjulega að hafa sína íbúð ónotaða og borga eftir hana fulla leigu, en ef þeir eiga hús, þá hafa þeir engan arð af íbúð sinni yfir sumarið. Auk þessa verða þeir að kaupa sumarbústaðinn eða leigja hann, en slík leiga nemur verulegri upphæð, og það er þess vegna ekki hagur fyrir þá að öðru leyti en því að dvelja í sveit í hollara lofti. Það er venjulega gert vegna barnanna. Hv. þm. Mýr. veit, að fátækir fjölskyldufeður leigja sér ekki sumarbústaði til þess að spara sér húsaleigu eða njóta ódýrari matarkaupa. Margir stunda líka atvinnu

í Rvík og verða því að kaupa sér far með þeim farartækjum, sem ganga til þessara sumarbústaða, og þau útgjöld eru ekki heldur svo lítil. Ég hygg, að hv. þm. Mýr., sem á land undir sumarbústöðum, viti, að sumir, sem þar búa, verða að fara daglega til Rvíkur að morgni og heim aftur á kvöldin. Ég hygg, að kostnaður við það muni vera upp undir 2 kr. á dag. Það er því síður en svo, að það sé fjárhagslegur gróði fyrir þessa menn. Það er því aðeins atriði, sem menn *leggja upp úr vegna betra loftslags og að það er* að öllu leyti heilsusamlegt fyrir fjölskyldur manna. Hagurinn er hinsvegar eingöngu þeirra megin, sem eiga löndin og fá greidda háa leigu fyrir þau, auk þess sem þeir fá viðskipti við þá, sem þar búa. Það er því ósanngjarnt að gera þeim mönnum, sem leggja á sig fjárhagslegar kvaðir til þess að koma börnum sínum í heilsusamlegra loft, skylt að greiða hein útsvör til viðkomandi sveitar. Útsvarið fá sveitarsjóðirnir vegna hinna auknu tekna þeirra, sem eiga löndin og hafa leigu eftir þau. Þó að þessi gr. sé orðuð svo, að það eigi að takmarkast við þessi auknu útsvör viðkomandi sveitarsjóðs, þá er það þannig venjulega, að þegar tekið er í litla fingur, þá er líka kippt í aðra fingur. Hér er þetta að vísu takmarkað við þessa reglu, en í framkvæmdinni yrði henni væntanlega ekki stranglega fylgt, vegna þess að það er vandfundið, hve mikið ætti að greiða í þessu tilfelli. Í öðru lagi er það víst, að önnur sveitarfélög, sem þannig stæði á um, að þar væru húseignir manna, sem annars væru ekki útsvarsskyldir þar, myndu vitanlega koma á eftir og heimta, að eigendur þessara húseigna, sem sveitarfélögin hefðu annars verulegar tekjur af, ættu að greiða gjald til viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Þó að þetta sé í þessu tilfelli *fjárhagsatriði, þá er það líka stefnuatriði, sem* hlýtur að draga þann dilk á eftir sér, að önnur sveitarfélög fara sömu leið.

Þar sem hv. þm. Mýr talaði um, að þetta hefði áhrif á skiptingu útsvaranna, þá er það svo lítilfjörlegt atriði, að ég efast um, að hann geti reiknað það út í aurum, þó hann gæti nefnt dæmi um skiptingu útsvara milli Mosfellssveitar og Rvíkur, auk þess sem sú regla er ekki framkvæmanleg eftir bókstaf laganna. Það liggur undir mati ríkisskattanefndar, hvernig þessi hluti skiptist. (**BÁ**: Það fer eftir vissum formúlum). Já, en þær eru ekki svo einskorðaðar, að það megi ekki breyta um eftir því, sem á stendur. En auk þess eru þessar reglur um skiptingu útsvaranna ekki svo mjög heppilegar.

Að síðustu skal ég geta þess viðvíkjandi þeim dómi, sem hv. þm. minntist á, að útsvarsheimildin byggðist ekki á því, að það væri heimilt að leggja á fasteignina, heldur á því, að viðkomandi maður var ekki talinn eiga heimili annarsstaðar en í Reykjavík. Og á því var dómurinn byggður.

Páll Zóphóníasson: Ég vil þakka hv. allshn. fyrir það, að hún hefir mælt með þessari sjálfsögðu breyt. á útsvarslögunum, sem við flm. fórum fram á með því að flytja þetta frv. Þær eru allar sjálfsagðar og nauðsynlegar og þurfa að komast fram, hvað sem annars líður breyt. á útsvarslögunum, sem ég geri ráð fyrir, að verði óhjákvæmilegar, ef hér á þinginu verða samþ. einhver l. um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Þessar breyt. raska ekki grundvellinum, sem er undir útsvörunum.

Hv. þm. Mýr. hefir komið með brtt. á þskj. 104, og hefir sú brtt. valdið ágreiningi. Út af henni vil ég benda á það, að mér skilst, að hann hafi með till. farið út fyrir það, sem hann ætlaði sér með henni. Hann ætlar sér að ná í sumarbústaðina, en í till. segir hann: „Ef hann á sérstaka húseign, svo sem sumarbústað.“ En þar getur verið um aðrar húseignir að ræða, sem eru leigðar út og aðrir búa í, en ég efast ekki um, að hann ætlast ekki til þess, að þær komi *hér til greina, því til þeirra er hægt að ná með* þeim grundvelli, sem hingað til hefir verið farið eftir. Þess vegna held ég, að það sé hægt að ná því, sem hv. þm. Mýr. vill ná, með því að breyta till. nokkuð og setja í staðinn fyrir það, sem nú er: Ef hann á sérstakan sumarbústað. Það er ekki meiningin með till. að ná öðru en þessu. — En það, hvort nauðsynlegt er að leyfa sveitarstjórnum að ná útsvari af eigendum sumarbústaða, hygg ég, að sjáist bezt með því að taka Ölfushrepp og athuga hann. Hv. 1. þm. Árn. minntist áðan á hann. Húseignir allar í hreppnum eru um 4700 hundraða, og af því eru sumarbústaðir 1600 hundraða, eða hér um bil ⅓. Sýslusjóðsgjaldinu er jafnað niður á hreppa sýslunnar að ⅓ hluta eftir fasteignum, og þess vegna fer þarna ⅓ þess hluta af sýslusjóðsgjaldinu sem lagt er á eftir fasteignamati húsanna, hækkandi vegna þessara 1600 hundraða í sumarbústöðum, sem eru þar. Það hækkar, og sú hækkun nemur ⅓ af húseignunum. Það er þess vegna kringum 1/9 hluti af öllu sýslusjóðsgjaldinu, sem liggur á eignum, sem hreppurinn á ekki, og eru *þessar eignir aldrei notaðar, nema þennan stutta* tíma að sumrinu. En mér finnst, að það þurfi að breyta till. hv. þm. Mýr., svo að hún nái einungis til sumarbústaðanna, því það er réttlátt að leggja á þá. *Það er ástæðulaust að láta, eins og nú er,* bæði sýslusjóðsgjald og sýsluvegagjald, sem að nokkru leyti hvílir hvorttveggja á fasteignum og sveitarbúar verða að jafna niður á alla í sveitinni, hækka eins og nú er, án þess að þeir geti á neinn hátt náð því frá þeim, sem í raun og veru eiga eignirnar, sem gjaldinu er jafnað niður eftir. Ég held, að hv. þm. Mýr. ætti að breyta upphafinu á till. og einskorða hana við sumarbústaðina. Með því nær hann því, sem hann vill ná, og með því er ekki farið inn á það svið, sem aðrir vilja hafa friðhelgað.

***Pétur Ottesen:** Í nál. er talað um samhliða því, sem n. leggur til, að frv. verði samþ., að það sé nauðsynlegt, að fram fari gagngerð endurskoðun á útsvarslögunum, sem við nú búum við og hafa gilt síðan 1926. Ennfremur er þar talað um, að það myndi vera heppilegt, að n. sú, sem nú starfar að undirbúningi löggjafar um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, tæki þetta mál til athugunar. En mér er ekki kunnugt um, að nein n. starfi núna að þessum málum. Á síðasta þingi var samþ. þál. um það að skora á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta Alþingi, nefnilega þetta þing, frv. til l. um tekjustofna

fyrir bæjar- og sveitarfélög. Það var skipuð n. til þess að undirbúa þetta frv., og þessi n. hafði alveg lokið sínum störfum, áður en þingið kom saman, og strax í byrjun þessa þings var þetta frv. n. lagt fram á Alþingi. Ég held því, að þessi n., sem skipuð var, hafi innt af hendi það, sem fólst í áskorun þeirri, sem samþ. var á síðasta þingi, um að undirbúa frv. til l. um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, en það er ekkert orð í þessari áskorun um það, að þessi n. ætti að taka til athugunar útsvarslögin út af fyrir sig. Þessi áskorun var sprottin af því, að með þeim útsvarsaðferðum, sem nú gilda, eða með því að leggja á eftir efnum og ástæðum, hagaði því svo til, að ýms sveitarfélög voru þannig á vegi stödd, að ekki var hægt að fullnægja þörfum þeirra með því móti. Þess vegna átti að reyna að finna nýja tekjustofna eða fara eftir öðrum leiðum til þess að ná tekjum í bæjar- og sveitarsjóði. Það er því alls ekki um neina starfandi n. að ræða, eða neinn þingvilja á bak við skipun nokkurrar n. til þess að taka útsvarslögin til athugunar. Ef það á að gera, þarf að koma fram þingvilji fyrir því. Þótt fjórir menn úr n., og þar af einn með fyrirvara, láti í ljós, að þeir telji heppilegt, að slík endurskoðun fari fram, er það enginn þingvilji. Og þó sú breyt. á útsvarslögunum, sem hér er farið fram á að gera, verði samþ., gefur það enga bendingu um þingvilja fyrir endurskoðun á l. í heild, heldur hið gagnstæða, því að ef endurskoðun lægi svo nærri, væri minni ástæða til að gera nú þær breyt., sem felast í þessu frv., þó sjálfsagðar væru ella.

Ég vildi taka þetta fram, því að ég lít svo á, að gildandi útsvarslöggjöf hafi, þó að einhverjir ágallar kunni á henni að vera, eins og yfirleitt allri löggjöf, reynzt heldur vel, eins og sjá má af því, að hún hefir staðið hér um bil óbreytt síðan 1926. Er það fátítt um löggjöf síðari þinga, að hún hafi staðið svo lengi. Þó frá einstökum stöðum hafi heyrzt raddir um breyt. á þessari löggjöf, sérstaklega frá Siglfirðingum, þá eru engar almennar óskir meðal landsmanna um gagngerðar breyt. á henni.

Ég vildi taka þetta fram að því, er nál. snertir, að það nær ekki nokkurri átt, nema það komi fram ákveðinn þingvilji fyrir því, að farið verði að skipa n., eða á nokkurn hátt undirbúa gagngerða endurskoðun á útsvarslögunum.

*__Hannes Jónsson:__ Það er lítilsháttar aths. út af brtt. hv. þm. Mýr. á þskj. 104, sem hefir mætt hér nokkrum andmælum, er mér virðast þó ekki að öllu leyti á rökum byggð. Ég hefði e. t. v. kosið, að brtt. væri að nokkru leyti öðruvísi orðuð, en það skiptir ekki miklu; aðalatriði er, að það komi fram, sem með till. er ætlað. Og ef flett er upp í l. um sýsluvegasjóði frá 1933, sér maður, að til hins nákvæmlega sama er ætlazt með þeim l. Samkv. þeim er hægt að innheimta sýsluvegasjóðsgjald hjá eigendum slíkra fasteigna, þar sem sýsluvegasjóðssamþykktir eru, svo að það sýnist samræmi í að ákveða, að þar sem ekki eru sýsluvegasjóðssamþykktir, sé hægt að innheimta þessi gjöld líka hjá hlutaðeigandi aðiljum. Ég sé því ekki ástæðu til að mæla gegn þessari brtt. Ef rétt er að láta húseigendur greiða gjöld sem þessi, þar sem sýsluvegasjóðssamþykktir hafa verið gerðar, liggur í hlutarins eðli, að ekki er ástæða til að undanskilja aðra frá því, þó að þeir eigi hús á stöðum, þar sem slíkar samþykktir hafa ekki verið gerðar. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp part af 2. gr. nefndra l.: „Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er hreppsnefnd þá heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum.“ Það hefði verið nákvæmlega jafnéðlilegt að láta gjald sem þetta lenda á hreppunum, en við þessa lagasetningu hefir það þó ekki þótt sanngjarnt og því sleginn sá varnagli, að hægt væri að innheimta þetta gjald hjá hlutaðeigandi mönnum sjálfum. Virðist í fullu samræmi við það, að önnur gjöld, sem verða til þess að íþyngja sveitarfélögunum á sama hátt, verði einnig endurgreidd af hlutaðeigendum, eins og gert er ráð fyrir í þessari till. Það verður að taka tillit til þess, að það er ekki hægt að losa menn undan þessum kvöðum á vissum stöðum, eða þar sem sýsluvegasjóðssamþykktir eru; því er hér að mínu áliti um samræmingu að ræða, en ekki neitt, sem ekki hefir áður átt sér stað. Ákvæði þessara laga er alls ekki bundið við vissa tegund fasteigna, eins og sumarbústaði, og því varla hægt að fara að taka þær eignir sérstaklega út úr, enda sýnist mér það ekki á frambærilegum rökum reist. — Ég sé því ekki ástæðu til þess að láta þessa brtt. sæta annari meðferð við þessa lagasetningu heldur en sömu ákvæði hafa áður sætt í sambandi við afgreiðslu sýsluvegasjóðslaganna.

__Forseti (JörB):__ Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. við brtt. á þskj. 104, svo hljóðandi:

„a-liður orðist svo: Ef hann á sérstakan sumarbústað, sem bakar hlutaðeigandi sveit útgjöld til almenningsþarfa, svo sem hækkun á sýslusjóðsgjaldi, enda fari útsvarið ekki fram úr því, er þeirri gjaldhækkun nemur.“

Brtt. þessi er of seint fram komin og skrifl., og þarf því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

__Bjarni Ásgeirsson:__ Það var aðalefni síðustu ræðu hv. 8. landsk., frsm. n., að þessi gjöld, sem um er að ræða í brtt. minni, ættu samkv. eðli sínu að hvíla á þeim mönnum, sem leigja út land undir sumarbústaði, því það væri svo mikill hagur fyrir þá fjárhagslega að leigja slík lönd. Taldi hann, að blettir undir sumarbústaði væru leigðir fyrir 50—200 kr. Ég held, að þetta sé hrein og bein fjarstæða, nema því aðeins að einhver sérstök hlunnindi fylgi, eins og ég veit, að er um bústað hv. þm. sjálfs á Álafossi, þar sem hann fær heitt vatn. Undir slíkum kringumstæðum má vera, að leigan sé hærri heldur en ég minntist á, en algengast mun, að þessi gjöld séu 25—50 kr. Og ég er

sannfærður um, að það er enginn ofhaldinn af þeirri leigu. Þetta er ekki aðeins leiga eftir þann litla blett, sem bústaðirnir standa á, því þeim fylgir vitanlega ætíð mikill umgangur um lönd jarðareigandans. Ég er sannfærður um, að ef öll óþægindi eru tekin til greina hjá þeim sem hafa mikið af sumarbústöðum á landi sínu, þá er enginn ofhaldinn af þessari leigu. Enda veit ég ekki til, að yfirleitt sé sótzt eftir að leigja land undir sumarbústaði. Það er ekki gert af því viðkomandi menn áliti sér fjárhagslegan hagnað að því, heldur er það undir flestum kringumstæðum gert í greiðaskyni við þá, sem sumarbústaðina hafa. Mönnum finnst það sanngjarnt, sem og er, að þeir, sem vilja komast úr bæjunum yfir sumarið, fái land til að dvelja á, en að það sé leigt í gróðaskyni, er fjarri sanni, enda veit ég, að enginn hagur er að því að leigja land undir sumarbústaði fyrir slíkt gjald. Þess vegna sé ég ekki, að það sé að neinu leyti sanngjarnt að ætlast til, að þeir menn, sem *lána þessa bletti*, beri þessi gjöld fyrir viðkomandi menn. Hv. 2. þm. N.-M. benti á einn hrepp, þar sem svo væri komið, að þessir sumarbústaðir, sem hrepparnir *hafa engar beinar tekjur af*, hækkuðu gjaldið um 12%. Sjá menn því, að þó hér sé ekki um stórar upphæðir að ræða fyrir hvern mann, þá getur fátæk sveitarfélög munað um þetta.

Um það, að hér sé verið að smeygja inn litlafingri og á eftir komi svo, að farið verði að leggja útsvör á þá, sem eiga sumarbústaðina, er það að segja, að það er skýrt ákveðið í frv., að slíkt geti ekki komið til greina, og meðan svo er, er ekki ástæða til að búa til grýlur út af því.

Þeim, sem virðast till. minni samþ. í aðalatriðum, en hafa eitthvað út á formið að setja, vil ég segja það, að ég vil heldur taka hana aftur til 3. umr. og ræða hana við þá heldur en að skrifl. brtt. komi þegar til atkv., og geri ég það hér með.

*__Frsm. (Garðar Þorsteinsson)__: Ég þarf litlu að svara hv. þm. Mýr., en vil aðeins benda á, að það er rangt hjá honum, ef hann vill halda fram, að það sé í beinu greiðaskyni gert, er landeigendur leigja mönnum úr Rvík land undir sumarbústaði fyrir verulegar upphæðir. Það land, sem þar er um að ræða, er venjulega mjög lítið að flatarmáli, og þó ekki sé greitt meira fyrir þessa litlu bletti, sem annars eru varla nema örlitið notaðir, heldur en hv. þm. upplýsti, að greitt væri fyrir þann sumarbústað, sem minnzt var á áðan, hygg ég það a. n., k. ekki tap fyrir landeigandann að leigja þá.

Hv. þm. Borgf. taldi ástæðu til að taka til máls út af því, að í nál. er komizt svo að orði, *að n. telji rétt*, „að gagngerð endurskoðun fari fram á útsvarslögunum, og telur heppilegt, að n. sú, er nú starfar að undirbúningi löggjafar um tekjuöflun sveita og bæja, taki einnig þetta mál til athugunar“. Hann taldi, að í fyrsta lagi væri þessi n. alls ekki starfandi. Í öðru lagi væri ekki vitað, að það lægi neinn almennur vilji á bak við það, hvorki innan þings eða utan, að útsvarslögin væru endurskoðuð, og heyrðist mér að honum fyndist allshn., sem skilaði þessu áliti, fara nokkuð villt í þessu efni. En ég held einmitt, að hv. þm. hafi ekki athugað þau atriði, sem telja má upplýst um þessi mál. Hann talaði um útsvarslögin sem mjög heppilega löggjöf, eins og þau eru nú, en hann gat þess í innskoti, að Siglfirðingar mundu þó sérstaklega óánægðir með þau. Ég ætla ekki að draga neinar dulur á það, að Siglfirðingar eru eflaust óánægðir með útsvarslögin. Ég veit ekki, hvort Akurnesingar eru sérstaklega ánægðir með þau, en ef marka má afstöðu hv. þm., má gera ráð fyrir, að svo sé. En ég held þó, að það sé almennt álitið, að útsvarslögin séu orðin úrelt og að það þurfi að breyta þeim gagngert við fyrsta tækifæri.

Í fyrra kom fram þáltill. um skipun n. milli þinga til þess að *athuga tekjuöflun bæja* og sveita og þá einnig athuga útsvarslögin. Ég verð til þess að sýna, að hv. þm. Borgf. hefir farið villur vegar, að lesa upp, með leyfi hæstv. *forseta, það sem þessi n. sjálf segir um þetta:*

„Það, sem vakti fyrir flm. þáltill. frá 2. des. f. á., var það, að sú tekjuöflunarlöggjöf, sem bæjar- og sveitarfélög nú hafa við að búa — *sem er þá sérstaklega útsvarslögin* — yrði endurskoðuð gaumgæfilega og breytt í það horf, er betra þætti en nú er, og að jafnframt væru sveitar- og bæjarfélögum fengnir nýir tekjustofnar, sem gætu borið nokkuð af byrðum þeim, sem útsvörin verða nú að standa undir. N. varð þegar í upphafi ljóst, að sá rúmi mánuður, sem hún hafði til umráða til þess að gera till. sínar og semja frv. fyrir næsta Alþingi, nægði hvergi nærri til þess að gera það hvorttveggja, að endurskoða útsvarslögin og koma fram með ný tekjuöflunarfrv. Varð það því að samkomulagi að reyna heldur að finna leiðir, sem veittu sveitar- og bæjarfélögum nýjar tekjur, þ. e. aðrar tekjur en útsvörin, en láta endurskoðun á útsvarslögunum bíða næsta þings.“

Af þessu verður þegar ljóst, að fyrir flm. vakti þetta tvennt, að fram kæmu till. um nýjar tekjur sveita og bæja, og hinsvegar að athuguð væru útsvarslögin. N. hefir sjálf skilið þetta þannig, því að hún treysti sér ekki til að inna þetta hvorttveggja af hendi og valdi þann kostinn að koma fram með till. um tekjur sveita og bæja, en láta útsvarslögin bíða. Svo heldur n. þannig áfram:

„Þó er rétt að taka það fram strax, að n. er öll á einu máli um, að ekki megi lengur dragast en til þingsins 1937, að fram fari gagngerð endurskoðun á útsvarslögunum. N. telur, að þegar að þessu þingi loknu ætti að hefja endurskoðun útsvarslaganna, svo að fyrir næsta Alþingi geti legið vel undirbúið frv. um það *efni. Ætti ekki að þurfa sérstaka þál. um það*, þar sem starf þessarar n. getur ekki talizt nema nokkur hluti þess starfs, sem ætlað var, að framkvæmt yrði eftir þál. frá 1935.“ — Ég veit ekkert um það, hvort n. segir nú, að hún hafi hætt störfum um leið og hún skilaði frv. um tekjur sveita og bæja, en hitt er víst, að hún hefir ekki litið svo á, þegar hún skilaði áliti sínu, að starfi hennar væri lokið fyrr en báð-

ir þættir þessa tvískipta starfs væru afgr. Það er því misskilningur hjá hv. þm. Borgf., ef hann telur ekki nægan þingvilja á bak við það að láta athuga útsvarslögin, þar sem þáltill. gerir beinlínis ráð fyrir slíkri athugun. Og það er líka misskilningur, ef hann heldur, að starfi n. sé lokið með því, að hún hefir skilað frv. um tekjustofna sveita og bæja, þar sem n. tekur sjálf fram, að svo sé ekki, og að ekki þurfi nýja þáltill. til þess, að athugun á útsvarslögunum sé hafin þegar að loknu þessu þingi. Það er því algerlega óréttmætt, þegar hv. þm. finnur sig knúðan til að standa á fætur og ávíta allshn. fyrir það, þó hún láti það sama í ljós sem meiri hl. þings í fyrra, í fullu samræmi við það, sem kemur fram í grg. n. þeirrar, er ég tel starfandi að þessum málum.

*__Pétur Ottesen:__ Mér finnst hv. 8. landsk. ganga harla langt og lengra en góðu hófi gegnir í því að túlka og teygja til samræmis við sínar siglfirzku hugsanir — því vitanlega er það, sem hann hefir lagt til málanna á Alþingi, síðan honum skaut hér upp sem 8. landsk., ekki annað en bergmál frá Siglfirðingum — það, sem felst í þeirri áskorun, sem samþ. var á síðasta þingi og er grundvöllurinn undir skipun þeirrar n., er skipuð var að þingi loknu til að athuga möguleika fyrir því að fá nýja tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfélög. Því hvað segir svo þessi áskorun? Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hana upp. Í henni felst sá þingvilji, sem hér er um að ræða; tekur hún yfir tvær línur í skjalaparti þingtíðindanna og hljóðar þannig: „Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til l. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.“ Það getur verið, að með hæfileika hv. 8. landsk. til þess að leggja frítt út mætti telja, að undir þetta gætu heyrt breyt. á útsvarslögunum. En þegar maður les grg., sem fylgir þessari þáltill., kemur í ljós, að hún snýst eingöngu um það að finna nýja tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfélög til viðbótar við þann tekjustofn, sem þau hafa nú, sem eru útsvör eftir efnum og ástæðum. Í þessari grg. felst ekkert orð um, að það eigi að taka útsvarslögin til athugunar út af fyrir sig, heldur er talað um að leita eftir leiðum til þess að finna nýja tekjustofna til þess að fylla í þau skörð, sem ekki er hægt að fylla í á grundvelli núgildandi útsvarslaga. Hitt er svo allt annað mál, hvað n., sem skipuð var samkv. þessari þáltill., hugsar sér að færa sitt starf út á víttt svið; um það skal ég ekkert segja. Það er rétt, að í nál. þessarar n. er vikið að því, að hún væri náttúrlega til með að bæta því við það, sem Alþingi ætlaðist til að hún gerði — og þá sjálfsagt ríkisstj. líka, svo framarlega að hún hafi verið í samræmi við vilja Alþingis —, að glugga eitthvað í útsvarslögin og vita, hvort hún gæti ekki fundið þar eitthvað sér til dundurs til að breyta. Nú vil ég spyrja hv. 8. landsk., hvort hann álítur það nokkurn þingvilja, þó að þriggja manna n. líti svo á, að það væri e. t. v. ekki ástæðulaust, að hún færi að eiga eitthvað við útsvarslögin. Ekki fremur en það, að þrír menn af fimm í allshn. koma hér fram og segja, og ætla að gera það að þingvilja, að það sé bráð nauðsyn á því, að gagngerð endurskoðun fari fram á útsvarslögunum, og bæta því svo við, að þeir telji heppilegt, „að n. sú, sem nú starfar að undirbúningi löggjafar um tekjuöflun sveita og bæja, taki einnig þetta mál til athugunar“. Nú skulum við athuga þetta í því ljósi, að það hafi verið tilætlun Alþingis, eins og hv. þm. heldur fram, að n. ætti að athuga útsvarslögin sérstaklega. Hvers vegna er þá hv. allshn. að koma fram með þessa ósk nú, að það væri æskilegt, að mþn. tæki þetta mál til athugunar? Hún vill nota tækifærið, af því að búið er nú að skipa þessa n., og láta hana líka fara að athuga þetta mál. Skilur ekki hv. 8. landsk., að í þessu felst algerð mótsögn við það, þegar hann er að ryðjast hér fram með þá útleggingu sína á vilja Alþingis, að þetta hafi upphaflega verið tilætlunin. Þetta sýnir, að það er rétt, sem ég hefi haldið fram, að þáltill. fól ekkert annað í sér en það, að n. ætti að athuga möguleikana fyrir því að finna nýja tekjustofna handa sveitum og bæjum til viðbótar við það, sem aflað er með útsvörunum. Ég skil satt að segja ekki í því, að hv. 8. landsk. skuli ekki hafa athugað, eða ekki séð fyrirfram, að nál. er í mótsögn við þá staðhæfingu hjá honum, að ætlazt sé til, að n. taki útsvarsmálin til athugunar. — Ég skal ekki frekar fara út í þetta, en ég veit ekki, hvað það er, sem þessi n. getur lifað á, eftir að hún hefir skilað áliti og er búin að ljúka því verki, sem henni var falið að vinna, nema ef það væri þá vonin um að geta fengið útsvarslögin til athugunar. Ég ætla, að hún álíti sjálf, að hún sé búin að ljúka störfum, og hefi ég fyrir mér í því ummæli eins nm., — og þarna fæ ég viðurkenningu annars nm. á því; ég sé, að hann drúpir höfði til samþykkis.

Ég skal svo segja það til viðbótar, að ég tel ekki, þrátt fyrir allan Siglufjarðaráróður um þessi lög, neina ástæðu til eða knýjandi nauðsyn að breyta þessari löggjöf. Það hafa ekki legið fyrir Alþingi neinar óskir um að breyta henni, og þó að hv. þm. gangi nú í að blaða í öllum þingmálafundargerðum frá 1926 og öllum þskj. frá sama tíma, þá getur hann ekki fundið þar nein plögg, sem sýni almennan vilja til breytinga. Ég veit, að hann mun öðruhverju reka sig á áskoranir frá Siglufirði í þessu efni, en það er líka það eina, sem hv. þm. gæti fundið.

*__Frsm. (Garðar Þorsteinsson):__ Ég skal ekki tala lengi. Það er eðlilegt, að hv. þm. Borgf. þyrfti að flytja snarpa ræðu, þar sem búið var að hrekja fyrri ræðu hans lið fyrir lið. — Ég skal ekkert um það segja, hvort ég sé útblásinn af Siglufjarðarútsvarsanda, en hv. þm. hefir dregið þá ályktun út frá sjálfum sér, þar sem hann er haldin af Akranesútsvarsanda. En það vita allir, að hans afstaða í þessu máli takmarkast og einskorðast við það, sem hann álítur heppilegast fyrir Akranes. Læt ég hv. þdm. dæma um það, hvort það muni heppilegt að láta skoðanir sínar takmarkast svo við lítið svæði,

Ég vil segja það, að mér finnst gleðilegt, að Siglufjarðarandinn hefir náð vítt yfir og rutt sér til rúms. Siglfirðingar álita, að breyta þurfi útsvarslögunum; ég álít það líka, og þingheimur álítur, að þess sé þörf. Ég skal ekki deila um, hvað almenningur í öðrum hreppsfélögum álítur, en hv. þm. las upp þáltill. þá, er samþ. var á þingi í fyrra, og hún er á þá leið, að n. beri að athuga og gera till. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Nú er vitað, að einn aðaltekjustofn bæjar- og sveitarfélaga er einmitt útsvörin, og útsvarslögin eru sá rammi innan löggjafarinnar, sem fellur um þennan tekjustofn. Það er því vitanlega útilokað, að hægt sé að samþ. þáltill. án þess um leið að slá því föstu, að breyta skuli útsvarslögunum. Jafnvel þó að gert sé ráð fyrir nýjum tekjustofnum, þarf að breyta útsvarslögunum í samræmi við það. Auk þess er vel hægt að hugsa sér þann möguleika, að engir tekjustofnar yrðu til nema útsvörin, og þá var sjálfsagt að breyta l. þar um, eins og n. taldi heppilegast. Þess vegna er það ákaflega mikill misskilningur, og ég fæ ekki skilið, hvernig jafnskynsamur maður og hv. þm. Borgf. fer að blanda þessu saman; mig furðar á því um jafngreindan mann.

Það hefir komið fram hjá n., að hún skilur þetta greinilega, að verkefnin voru tvenn, en *henni vannst ekki tími til að afgr. þau bæði.* Á því áliti byggði allshn. álit sitt, og það er misskilningur, að allshn. áliti, að n. sé búin að ljúka störfum. (**PO:** Hún segist ekki taka þau til athugunar). Hvað segir nál.? Það telur, að taka þurfi útsvarsl. til gagngerðra breyt., og færir það sem ástæðu fyrir, að því verki sé ekki lokið. *Þetta telur allshn. rétt, en vill ekki* gera þetta sjálf, heldur telur, að hin n. eigi að taka þetta til athugunar; í því er ekkert ósamræmi, heldur samræmi, þar sem það er eðlilegt, að sú n., er um þetta hefir fjallað, safnað skýrslum og gögnum og þekkir þetta út og inn, taki við þessu máli til undirbúnings, en ekki allshn., sem hefir nægum öðrum störfum að sinna. Að öðru leyti hefi ég ekki meira að segja. (**PO:** Mþn. segist vera búin að ljúka störfum). Ekki sést það á grg.

ATKVGR.

Brtt. 104 og 195 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 156 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

9.—11. gr. (verða 10.—12. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 196, 104, 195).

Bjarni Ásgeirsson: Ég á eina brtt. við frv., sem ég tók aftur við 2. umr., og liggur hún nú fyrir til atkvgr. Það hefir komið fram brtt. við hana frá hv. 2. þm. N.-M., og verð ég fyrir mitt leyti að leggjast á móti þeirri brtt. Hann talaði um, að ákvæðið, sem um getur í minni brtt., gæti náð út fyrir sumarbústaðina. En mér virðist, að ef hans brtt. er samþ., þá sé hægt að fara í kringum ákvæðið með því að leigja þessa sumarbústaði á veturna á einhvern hátt og segja, að það séu ekki sumarbústaðir, heldur venjulegir bústaðir, og nær ákvæðið þá ekki til þeirra. — Ég verð því að halda fast við það, að min brtt. verði samþ., en brtt. hv. 2. þm. N.-M. verði felld.

Páll Zóphóníasson: Ég benti á það við 2. umr. þessa máls, að ef brtt. hv. þm. Mýr. væri samþ., þá nær hún lengra en hann ætlast til. Hún nær til húsa, sem menn eiga í öðrum sveitarfélögum, þó að þau séu leigð þar út, en það er ekki ætlun hans, að það sé farið að leggja á þessar eignir, því að það borga þeir, sem húsin hafa til afnota. Ætlun hans er aðeins að ná til þeirra sumarbústaða, sem eru í einstökum hreppum og eru orsök til þess, að viðkomandi sveitarfélög fá á sig vegna þeirra meira sýslusjóðsgjald, og þetta aukna sýslusjóðsgjald næst með minni till. Ég efast um, að menn fari að reyna að leigja hús sín til þess að sleppa hjá þessu gjaldi. En ef það er gert, þá er kominn fastur maður í sveitina, sem ber sitt útsvar. Og er það í samræmi við ýmislegt annað, að svo sé. Það er t. d. leyfilegt að leggja útsvar á þann, sem hefir landsnytjar í sveit, þó að hann byggi jörðina ekki að fullu, en það er ekki leyfilegt að leggja á hann vegna jarðar, sem hann á í öðrum hreppi, hafi hann ekki landsnytjar. Í samræmi við þetta er lagt útsvar *á mann, ef hann á hús og notar það sjálfur*, en ekki ef hann á hús og leigir það út, en býr í annari sveit. — Ég vil þess vegna vona, að brtt. mín verði samþ., því að ef brtt. hv. þm. Mýr. er samþ., þá nær hún út yfir það, að hægt er að leggja útsvar á mann á Blönduósi, ef hann á hús þar, sem hann leigir út þó að hann sé sjálfur búsettur í Reykjavík. Ég hygg, að hann hafi ekki ætlazt til þess með brtt. sinni, og ég verð þess vegna að leggjast á móti því, að hún verði samþ.

***Gísli Sveinsson:** Ég kann ekki við það, að þessi umr. fari svo, að ekki sé bent á fáein atriði, sem hér koma mjög til greina. Það er þó ekki út af sjálfu frv. og ákvæðum þess, eins og þau eru, heldur út af brtt. þeim, sem fram hafa komið og fluttar eru á þskj. 104 af hv. þm. Mýr., og svo brtt. þar við á þskj. 195 frá hv. 2. þm. N.-M. Mér er ekki vel ljóst, hvernig á því stendur, að þessir hv. þm., aðallega þó hv. þm. Mýr., sem að því er virðist hefir fengið stuðning hv. 1. þm. Árn., sem er í þeirri n., sem fjallaði um málið, fara þessa leið, ef fyrir þeim vakir það eitt að koma samræmi á með þann mælikvarða, sem viðhafður er, þegar jafnað er niður sýslusjóðsgjaldi í sveitum og héruðum. Mér skilst, að það, sem er þeim þyrnir í augum, sé það, að það er svo komið á örfáum stöðum, þó aðeins í námunda við höfuðstaðinn, og þá væntanlega aðeins sunnanlands, að það eru nokkrar fasteignir, sem eru taldar með í þeirri undirstöðu, sem höfð er til

þess að jafna niður sýslusjóðsgjaldi í hverri sýslu. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er ⅓ hluta sýslusjóðsgjaldsins í héruðum jafnað niður á sveitirnar eftir samanlögðu skattamati fasteigna í hverjum hreppi. Þetta er að vísu mælikvarði, sem er tekinn að nokkru leyti af því, að það er ekki annar handbærri til þess að miða við. ⅓ hluta er jafnað niður eftir tölu verkfærra manna og loks eftir skuldlausum eignum og tekjum manna, sem eru taldar saman. Ef það eitt vakir fyrir hv. þm. að leiðrétta það misræmi, sem gæti komið fram milli hreppanna innan sömu sýslu að því er snertir þennan ⅓ hluta, þá er það ekki rétta leiðin að koma með brtt. við útsvarslögin, því þau koma ekki þessu máli við. Hér er aðeins um það að ræða að breyta þessu með þeim hætti að gera breyt. á sveitarstjórnarlögunum með viðauka við þau, eða 44. gr. þeirra l., sem einmitt ákveður þennan mælikvarða. En ef það er hinsvegar tilætlunin hjá þeim að fara inn á þá breyt. að leggja gjöld og útsvör á þessa menn, sem ekki eiga þar heimili, og útsvarslögin leyfa því ekki, að lagt sé á í hreppunum, fyrir þá skuld eina, að þeir eiga þar sumarbústaði, sem þeir eru aðeins í í nokkra mánuði eða jafnvel nokkrar vikur á sumrin, þá tel ég það óhæfu að ætla sér að brjóta þannig í bága við tilgang útsvarslaganna og smeygja þessu atriði inn, sem getur haft viðtækari afleiðingar en þessir hv. þm. vilja gefa í skyn. En það er það, að meiri hl. sveitarstj. fengi með þessu vald til þess að *jafna niður útsvörum á menn úr kaupstað*, sem eins og kunnugt er myndi verða mjög þægilegt fyrir sveitirnar, og myndu þær þá ekki þyrma þessum mönnum um of. Útsvarslögin segja, eins og kunnugt er, að það á að leggja á mann þar, sem hann á lögheimili, og þar á hann yfirleitt að greiða sitt útsvar, og annarsstaðar ekki. Hér eru gerðar undantekningar, en þær eru ákveðnar og allar á einn veg. Það er sem sé í 8. gr., þar sem undantekningarnar eru, að það megi leggja á gjöld á fleiri stöðum en einum. Nú er tilgangur flm. till. að bæta við þessa liði, sem þar eru taldir, og skjóta þessu þar inn, en tilgangur útsvarslaganna með þessar undantekningar er sá, að það er því aðeins hægt að gera þetta, að maður eigi eignir, sem eru arðbærar. Nú tel ég ekki, að það sé svo ástatt um sumarbústaðina. Ef svo væri, mundu þeir jafnvel geta komizt undir ákvæði núgildandi laga. En ég tel ekki, að það hafi verið tilgangur laganna að taka gjald af slíkum eignum, sem eingöngu eru praktiskt talað til útgjalda fyrir eigandann, en *engan veginn til þess að gefa arð*, því að *menn* hafa sitt húsnæði annarsstaðar og bæta þessu við ef þeir þykjast hafa efni á eða telja nauðsynlegt sínu fólki að komast undir þert loft í sveit einhvern tíma yfir sumarið. Að vísu er ákveðið svo, að ef menn hafa lögheimili á fleiri stöðum, megi leggja á þá á hverjum stað, en það er hið eina, sem vikið er frá þeirri meginreglu, að ef leggja á á menn annarsstaðar en þar, sem þeir hafa fast heimili, þá verði menn að hafa þar einhvern arð. Þetta væri líka sjálfsagt, ef *maður ætti lögheimili á fleirum en einum stað*, eða kæmi til með að dvelja svo lengi, að hann yrði að telja til heimilis á viðkomandi stað. Það væri raunar eðlilegt, að brtt. hv. 2. þm. N.-M. væri tekin til greina, ef málið á annað borð *væri tekið inn á þessa braut, sem ég tel þó ekki rétt*. Þessi brtt. við brtt. er það réttari, að hún tekur af allan vafa um það, hvað hér er verið að tala um. Hitt hlyti að leiða til málaferla og úrskurða, þegar farið væri að eltast við framandi menn, þó þeir dveldu tíma og tíma í þessum bústöðum. Hv. þm. Mýr. vill hafa þetta eitthvað óákveðið, því að svo geti farið, að þetta verði ekki eingöngu sumarbústaðir, þeir geti t. d. verið leigðir út heila vetur. En þá kemur viðkomandi maður til með að verða gjaldskyldur sem heimilisfastur á þeim stað. — *En ef þetta er tilgangurinn*, sem ég vil trúa, aðeins að jafna til milli hreppa með því að gera mælikvarðann, sem greitt er eftir, réttari, þá ætti að gera það með viðauka við sveitarstjórnarlögin, þannig að áður en jafnað væri niður sýslusjóðsgjaldinu, væri dregið frá fasteignamati fasteigna hvers hrepps matsverð sumarbústaða utanhreppsmanna. Þetta væri ekkert óeðlilegt, og væri ekki verið að hlífa þessum mönnum neitt með því, því að þeir borga fasteignaskatt og eignaskatt af þessum byggingum sínum, sitt á hvorum stað að vísu, og svo loks sýsluvegasjóðsgjald, þar sem sýsluvegasjóðssamþykktir eru. Það er enganveginn tilætlunin með þessu sýslusjóðsgjaldi, að það eigi að geta lagzt á nokkurn mann, sem ekki á heima í sýslunni. Hitt er aðeins mælikvarði á það, hvernig gjaldið skuli skiptast á hreppana, með öðrum orðum, útkoman er hin sama eins og er, gjaldið kemur niður á mönnum innan sýslunnar; sumarbústaðirnir geta aðeins orðið til þess, að það komi misjafnlega niður á hreppana. Það er því ekkert rangt við það, að eignir þessara manna, sem eiga heima í kaupstöðunum, séu dregnar út úr mælikvarðanum fyrir skiptingu sýslusjóðsgjaldsins. Þeir inna af hendi öll sín skil vegna eigna sinna, eins og vera ber. Það er áreiðanlega tekið fullt tillit til þess, sem menn eiga, þegar jafnað er niður útsvörum, t. d. hér í Reykjavík, hvar sem það er. Þess vegna er sú leið ekki réttlát að breyta útsvarslögunum á þennan hátt; það á ekki að leggja á þessa menn á þessum stöðum. En hitt nær tilganginum, ef hann er sá óeigingjarni aðeins að leiðrétta mælikvarðann, ef slíkur viðauki er settur við sveitarstjórnarlögin frá 1927.

Ég vænti, að hv. dm. taki þessari aths. á tilhlýðilegan hátt og fari ekki að samþ. till., sem brýtur þannig í bága við tilgang útsvarslaganna og er algerlega óréttmæt, þegar tilganginum má ná með öðrum miklu réttari hætti.

Bjarni Ásgeirsson: Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Það er orðið töluvert rætt. En þessi ýtarlega og að mörgu leyti rétta ræða hv. þm. V.-Sk. snerti í sjálfu sér lítið mína till., vegna þess að með henni er ekki farið fram á að raska neitt hinum venjulega grundvelli útsvarslaganna. Eins og tekið hefir verið fram, er hér aðeins farið fram á að taka af umræddum eignum þessi föstu, ákveðnu gjöld, sem á þeim hvíla. Það mun yfirleitt vera venjulegt að taka af eigendum húseigna öll sérstök gjöld, sem við þær eru miðuð, þó þeir séu ekki útsvarsskyldir á

staðnum. Það er alls ekki meiningin að fara að seilast eftir venjulegum útsvörum til þessara manna, aðeins þessu sérstaka gjaldi. Það getur verið aukaatriði, í hvaða l. þetta ákvæði er sett; ég sé ekki annað en það megi alveg eins koma inn í útsvarslögin eins og t. d. sveitarstjórnarlögin.

Það, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði út af sinni brtt., get ég ekki viðurkennt, því að í till. minni, eins og hún er orðuð nú, er eingöngu talað um sérstakar húseignir, eins og sumarbústaði, með öðrum orðum, sem eru sama eðlis eins og sumarbústaðir. Það getur ekki átt við venjuleg íbúðarhús.

Annars skal ég ekki lengja umr. meira, en verð að svo komnu að halda fast við mína brtt., eins og hún er borin fram.

Magnús Torfason: Það er ekki mikið mál, sem deilt er hér um, hvort það eigi að leggja það mikið á þessa sumarbústaði aðallega, að hreppar nir hafi ekki sérstaka þyrði af þeim. Ég býst við, að það dragi ekki mikið, eins og sumarbústaðirnir eru nú gerðir hér. En þó verð ég að mæla með þessari brtt., því hún fer áreiðanlega í rétta átt. Ég skal fúslega játa það, að hreppar nir hafa óbeinlínis ýmislegt gagn af þessum sumarbústöðum, en ég veit það hinsvegar, að sveitirnar hafa lika ógagn af þeim. Við vitum það, að oft á tíðum kemur í þessa sumarbústaði fólk, sem þarf að fá sér hvíld og gott loft, og er þá oft haldið einhverjum sjúkdómum, og ég þekki fyllilega dæmi um það, að sjúkdómar hafa borizt frá svona bústöðum inn á heimili, og það svo magnaðir, að stór skörð hafa orðið eftir fyrir bragðið. Því held ég fram, að það sé rétt, sem hv. þm. Mýr. sagði, að ekki sé vert að fara út í að metast um gagnið af þessum sumarbústöðum, en það, að ég er með þessari till., og það óbreyttri eins og hún kom frá hendi hv. þm. Mýr., er af því, að hér liggur eiginlega annað að baki. Þetta er bara eylitill vottur þess, að það princip, sem á bak við liggur, hafi nokkurn rétt á sér. Við vitum það, að menn eiga að greiða útsvör ef þeir hafa jarðnæði til ábúðar í sveitum, þó lítið sé. Jarðnæði er vitanlega fasteign, og frá því sjónarmiði virðist ekki óeðlilegt, að yfirleitt væru lögð útsvör á fasteignir, einnig á þessar húseignir sérstaklega. Þetta getur haft jafnvel afarmikla þýðingu fyrir sum pláss, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem jörðum er skipt niður og leigðar út á erfðafestu. Ég get tekið það til dæmis, að á Eyrarbakka og Stokkseyri munu vera goldnar 13—15 þús. kr. til jarðeigenda og húseigenda, sem annarsstaðar búa. Ég man eftir einum stórum jarðeiganda á Eyrarbakka, sem kvartaði undan útsvari sínu, og það var rétt, að tiltölu við efni hans var útsvarið allt of hátt. Maðurinn gat ekki borgað útsvarið, sem var 250 kr., en þegar farið var að aðgæta þetta betur, nægði ekki einu sinni sú upphæð til þess að borga sýslusjóðsgjaldið af fasteigninni, sem hann átti. Nú er svo komið, að miklu meira af jarðeignum er komið í hendur annara heldur en þeirra, sem þar eru búsettir; sumar hafa verið í höndum banka, og eru nú komnar í hendur ríkissjóðs. Fer mönnum þá vitanlega að skiljast, að það er ekki svo litið, sem þessir hreppar borga fyrir þessa jarðeigendur. Ég hygg það muni láta nærri, að þessir hreppar borgi í sýslusjóð Árnessýslu nálega 1000 kr. fyrir jarðeigendur annarsstaðar að. Því tel ég í rauninni, að það hefði átt að fara miklu lengra en hér er stungið upp á í þessu efni. En þótt þetta sé lítið, er það spor í rétta átt og getur orðið til þess, að síðar meir haldi menn lengra á þessari braut, eins og rétt er. Ég býst við, að a. m. k. þeir hv. þm., sem eru úr sveit, kunni virkilega að meta, hvernig ástatt er, þegar mestur hluti jarðarafgjalda og leigu eftir húseignir fer til manna utan viðkomandi sveitarfélags. Og það er víst, að meðan leiguábúð var viðtækari heldur en nú er, skar það talsvert úr um það, hvernig hreppar stóðu sig, hvort fólkið innan sveitar átti fasteignirnar þar eða utansveitarmenn. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en mæli sem bezt með því, að brtt. hv. þm. Mýr. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 195 felld með 15:4 atkv.

— 104 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, HannJ, JÓl, JónP, JS, JG, MT, PO, ÞorbÞ, BÁ, BB, EE, EystJ, JörB.

nei: GÞ, GSv, GÍ, HV, JakM, ÓTh, PZ, PÞ, SE, StJSt, TT, ÁÁ, EmJ, FJ.

Fimm þm. (JJós, PHalld, SigfJ, SK, BJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um brtt. 104 gerði einn þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Ólafur Thors: Ég er efnislega samþykkur þessari brtt., en það hefir verið upplýst hér í umr., að það fari betur á því og sé e. t. v. eina rétta leiðin að ná sama tilgangi með breyt. á sveitarstjórnarlögunum. Ég mun því, ef þessi till. fellur, flytja breyt. við 1. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, ef flm. hennar gerir það ekki sjálfur, sem efnislega miðar að þessu sama, og segi því nei við þessa atkvgr.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 196).

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 290).

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Það eru engar stórvægilegar breyt. á útsvarslögunum, sem felast í þessu frv., og þegar þetta frv. var lagt fram, fylgdi því ýtarleg grg., svo ég tel ekki þörf á að fjölyrða um það nú. — Ég skal þó nefna helztu breyt.

Í 1. gr. er því slegið föstu, að leggja megi útsvar á útlendinga á sama árs tekjur, eða þær tekjur, sem þeir fá á því ári; annars er það venja að leggja á tekjur næsta árs á undan, eins og öllum er vitanlegt. Þessi breyt. er gerð til öryggis um, að útsvör þessara manna innheimtist, ef þau eru lögð á, en oft vill verða svo, að þeir flytji burtu aftur, og næst þá ekkert af þeim. Jafnframt er því slegið föstu, að þetta ákvæði nær aðeins til erlendra manna. — Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að skjóta megi til ríkisskattanefndar þeim úrskurðum, sem felldir eru af skattanefndum, og nær heimild þessi til beggja aðilja, hreppsnefnda og gjaldþegna. — Í 8. gr. er sett ákvæði um, að hjón beri ábyrgð á útsvarsgreiðslum hvors annars, ef þau búa saman, þegar útsvarsálagningin fer fram. Þetta hefir áður verið talið vafasamt. — Í 9. gr. er nýmæli, er mælir svo fyrir, að ríkisstj. geti sett í reglugerð ákvæði um, að kaupgreiðendur séu skyldir til að halda eftir af kaupi þeirra, er skulda útsvar.

Þetta ætla ég, að séu aðalbreytingarnar, og í 11. gr. er svo fyrir mælt, að þegar lög þessi hafi öðlazt staðfestingu konungs, þá skuli fella texta þeirra ásamt öðrum lögum, sem gerð hafa verið til breyt., inn í útsvarslögin frá 1926 og prenta þau síðan upp í heilu lagi. Því var hreyft í Nd., að búast mætti við, að gera þyrfti fleiri breyt. á þessum l. en hér er gert, og á þetta var einnig bent í allshn. þessarar d. Allshn. leggur þó engan dóm á, hvort svo muni verða, en hún taldi rétt að halda þessu opnu, þannig að heimila ráðh. að láta prenta lögin upp, en hafa ekki beint skyldu-ákvæði þar um. Er þá hægt að sleppa niður prentun, ef vænta má nýrra breyt. bráðlega, eins og heyrzt hefir, að megi vænta, ef mþn. sú, er skipuð var til að gera till. um tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga, tekur þessi l. til athugunar.

Ég vil svo að öðru leyti geta þess, að allshn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

Forseti (EÁrna): Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 311, og þarf að leita afbrigða til þess að hann megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það var á síðasta þingi öndverðu, að ég kom fram með frv. til l. um breyt. á útsvarslögunum, og var það samskonar breyt. og nú liggur fyrir á þskj. 311. Þá var máli þessu vísað til allshn., er tók það til athugunar, og af því leiddi, að fram kom þáltill. um, að stj. skyldi leggja fyrir næsta þing frv. til l. um heimilisfang, og var gert ráð fyrir, að það fæli í sér ákvæði frv., eða þessarar brtt. Frv. þetta kom ekki þá fram, eins og ætlast mátti til, en hæstv. atvmrh. lofaði, að frv. skyldi liggja fyrir þessu þingi, og réð mann til að semja það. En þar sem þetta frv. er ekki komið fram enn, þá hefi ég viljað nota tækifærið, úr því á annað borð á að gera breyt. á útsvarsl., og bera fram þessa brtt., þar sem mjög nauðsynlegt er, að slík breyt. verði gerð og nái sem fyrst fram að ganga.

Síðan frv. mitt kom fram, hefi ég séð í sýslufundagerðum ýmsum óskir um, að samskonar breyt. yrði gerðar á útsvarsl. og farið var fram á í nefndu frv. mínu, svo að ég geri ráð fyrir, að það sé víðar en í mínu kjördæmi, sem menn vilja fá skýrari ákvæði um þetta. Enda hefir það sýnt sig á undanförnum árum, að þetta er plága fyrir sum sveitarfélög, er hafa þurft að leggja á há útsvör, og þar hefir farið svo, að sumir hærri gjaldendurnir hafa flúið þá sveit á þann hátt, að þeir hafa talið sig til heimilis í annari sveit, en þó lítið eða ekkert dvalið þar, heldur verið í sömu sveitinni áfram og stundað þar sína atvinnu.

Það má segja, að með því að leita dómstólanna, þá megi fá þetta leiðrétt, en það eru mörg hreppsfélög, sem hika við að fara þá leið, því hún er allkostnaðarsöm, og oft jafnvel dýrari en það, sem fæst. Þess vegna er ekki lagt á þessa menn og þeir hafa sloppið sumir alveg, og hefir þetta leitt til svo stórra vandræða, að sumir leysa sig alveg undan þeirri skyldu að eiga lögheimili. — Ég segi nú ekki, að þessi brtt. kippi þessu algerlega í lag, en mjög ætti þó að verða til bóta slík breyt á l., og menn ættu fremur að kjósa sér lögheimili eftir en áður. — Ég held, úr því sem komið er, að það sé illa farið, að ekki skuli vera til ákvæði í þessa átt. Auðvitað má breyta þessari till., ef henni yrði nú vísað til allshn. og hún teldi henni í einhverju ábótavant; ég er ekkert á móti því. Mér þætti í rauninni heppilegast, ef n. vildi athuga þessa till., að afgreiðslu málsins yrði frestað og það tekið út af dagskrá.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Út af orðum hv. þm. Dal. get ég upplýst, að fyrir liggur þáltill. um undirbúning löggjafar um heimilisfang. Hefir nokkuð verið unnið að því þegar að semja frv. um þetta efni. En ég sé ekki ástæðu til að hlutast til um, að það verði nú lagt hér fyrir d. Mér hefir skilizt á n., sem skipuð var til að gera till. um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga, að hún myndi snúa sér að því að athuga útsvarslistana, og mætti þá um leið taka til athugunar l. um heimilisfang.

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Frá hv. þm. Dal. hefir komið brtt. Hún er þannig löguð, að um allmikla gerbreytingu er þar að ræða frá reglum þeim, sem farið hefir verið eftir undanfarið. Allshn. hefir ekki getað athugað þessa brtt., þar sem hún er komin fram hér á fundinum. Mér sýnist brtt. þessi íhugunarverð, með því líka að nokkuð er síðan þessi sami hv. þm. hróflaði við hinu sama atriði hér í d. Tel ég því rétt að óska eftir því við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá, svo að n. gefist tækifæri til að athuga till., áður en til atkvgr. kemur um málið.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 196, n. 290, 311).

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Síðast þegar þetta mál var til umr., var það tekið út af dag-

skrá, sérstaklega vegna þess, að þá lá fyrir nýútkomin brtt. á þskj. 311 frá hv. þm. Dal. Var litið svo á, að það væri e. t. v. heppilegt, að allshn. fengi hana til athugunar, áður en hún fengi afgreiðslu hér. Nú hefir meiri hl. allshn. haft þessa till. til meðferðar á fundi sínum í gær Ég var ekki á þeim fundi, var fjarverandi sökum lasleika, en mér hefir verið skýrt svo frá, að sá hl. n., sem mættur var, mæli gegn þessari till. Náttúrlega verður ekki komizt hjá því að veita því eftirtekt, að þessi brtt. er spor aftur á bak, er stefnir að því, sem áður var, þegar leyft var að leggja á menn víðar en í einum stað. En nú undanfarin ár hefir það verið aðalregla að leggja útsvarið á þar, sem gjaldandi hefir átt heimili. — Ég veit, að þetta getur verið álitamál, en f. h. allshn. mæli ég gegn því, að brtt. þessi verði samþ.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það kemur ekki flatt upp á mig, þó að andmæli komi frá hv. allshn. gegn till. minni. Að vísu voru ekki mættir nema 3 af 5 nm. við útför þessarar brtt., eða voru sammála um að fella hana, og tel ég það verr farið, að slík ákvörðun var tekin af n. Samskonar ákvæði voru í fátækralögunum eldri, sem á sínum tíma var bætt inn í til að gera tilraun um að fyrirbyggja, að menn slyppu alveg undan útsvari, eftir langa leit, ég held 12 ár, því ef ég man rétt, var þetta ákvæði sett inn 1919, en það var mjög svipað þessari till. Eftir að þetta ákvæði var komið inn, virtust menn una allvel við, eða a. m. k. var svo þar, sem ég þekki til. Nú hefir ýmsum ákvæðum verið breytt til hins verra, og er haldið utan um þær breyt. eins og einhverja fullkomnun, sem ekki megi breyta. Ég er á öðru máli. Ég tel rétt, að þar sem smíðagallar finnast, þá eigi að bæta úr. Eins og ég hefi tekið fram við fyrri hl. þessarar umr., þá er ástandið í ýmsum hreppum þannig, að þeir gjaldendur, sem bera hæstu útsvörin, fara úr sveitunum að formi til, láta skrifa sig annarsstaðar, en dvelja síðan eftir sem áður í sinni sveit. Af þessu leiðir stundum, að ekki er hægt að koma við álagningu á þessa menn, eða ná inn því, er þeim ber að greiða, nema þá með málshöfðun, sem flestar sveitarstjórnir hlífast við. En þegar stíflan er losnuð og straumurinn skollinn yfir, þá er erfiðara að stöðva, en ég tel, að með þessari till. megi kippa nokkru í lag, þó að ekki verði fullkomið, og megi þá síðar búa svo um, að menn geti ekki alveg sloppið undan útsvarsgreiðslunni.

Þá get ég ekki orðið sammála hv. frsm. um, að það sé spor aftur á bak, þó að þessi breyt. yrði gerð. Það hafa komið raddir úr fleiri héruðum en mínu í þessu efni. Ég man eftir áskorunum, sem gerðar hafa verið um að samþ. frv., sem var shlj. þessari brtt. Ef brtt. nær ekki fram að ganga, sem ég er vondaufur um, þegar þessi stórveldi leggjast á móti henni og hafa varalið mikið, þá álít ég nauðsynlegt, að fram komi hið allra fyrsta frv. til l. um heimilisfang, svo að unnt verði á annan hátt að stöðva þennan hringlanda í fólkinu.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf ekki að vera margorður um þetta mál, en vil bara svara hv. þm. Dal. örfáum orðum. Mér skildist, að hann væri að hæla gömlu útsvarslögunum, gömlu aðferðinni, að leggja á menn bæði í dvalar- og atvinnusveitum, eins og var fyrir 1926. Ég man, að á þingunum fyrir þann tíma var allt annað en að þm. og aðrir væru ánægðir með útsvarslögin. Þá var talið, að útsvarsl. væru svo víðtæk, að beinlínis væri eignarán, sérstaklega á þeim mönnum, er ynnu víðar en á einum stað.

Ég tel vafalaust, að það væri spor í öfuga átt, ef nú ætti að taka upp svipaðar reglur um útsvarsálagningar og giltu hér fyrir 1926. Útsvarsálagningaraðferðirnar eru mjög viðkvæm mál, þar sem útsvörin eru hæsti skatturinn, er menn verða að greiða, en það er sannfæring mín, að ekki náist betri árangur með þessari brtt. hv. þm. Dal. en eftir gildandi lögum. Það stoðar ekkert, þó að sagt sé í l., að taka skuli fullt tillit til þess við álagningu, ef maður ber útsvar eða er útsvarsskyldur í 2 hreppum, því að bæði heimilishreppur og dvalar- eða atvinnuhreppur vilja hugsa um sig, og fyrir það verður gjaldandinn að blæða. Ég veit, að það er rétt hjá hv. þm. Dal., að talsvert ber á því, að menn vilja telja heimili annarsstaðar en þeir raunverulega eiga heima, ef útsvar er hátt í heimilissveit. En þar til er því að svara, að úr því má bæta með nýrri löggjöf. Hefi ég samið frv. um þetta, en það hefir ekki fundið náð fyrir augum hæstv. stj. Ég mun samt flytja það, áður langt líður.

Bernharð Stefánsson: Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. minntist á, að ekki hefðu allir verið sammála um útsvarsl. fyrir 1926, vildi ég minna á, að ekki voru heldur allir ánægðir með þær breyt., sem þá voru gerðar. — Það kann að vera svo, að fram að 1926 hafi verið fulllangt gengið um að elta menn uppi með útsvarsálagningu víðar en í heimilissveit, en heimild hafði verið fyrir því veitt af þinginu, og þar af leiðandi er sýnt, að þingvilji lá fyrir. Það varð ofan á á þingi 1926 fyrir forgöngu hv. 1. þm. Skagf., sem þá var ráðh. og hafði með þessi mál að gera, að sett voru ný útsvarslög, er ákváðu, að heimilissveit ein skyldi hafa rétt til útsvarsálagningar, nema ef stundaður væri atvinnurekstur annarsstaðar. En þess í stað var svo ákveðið og til ætlazt, að atvinnusveitin fengi hluta af útsvarinu eftir reglum, sem þar um voru settar. Hygg ég, að þetta ákvæði hafi orðið pappírsgagn, sem ekkert er farið eftir, og held ég, að innheimtan gangi mjög erfiðlega fyrir atvinnusveitinni og sé tæplega möguleg. En það var einmitt þetta ákvæði, sem átti að réttlæta breyt., sem gerð var 1926, þegar skertur var réttur atvinnusveitarinnar. Nú, þegar kunnugt er orðið, að ákvæði þetta kemur ekki að notum, eða hefir ekki reynzt í framkvæmdinni eins og til er ætlazt, þá er ekki nema eðlilegt og réttmætt, að fram komi till. til að rétta við aftur réttindi atvinnusveitar. Þó að skammt sé gengið í brtt. hv. þm. Dal., er hún þó spor í rétta átt. Það er vitanlegt, að víða stendur svo á, að fólk leitar atvinnu um stuttan tíma árs. Ég get nefnt t. d. Siglufjörð um síldveiðitímann, og svo er um fleiri staði. Er vitanlegt, að þegar svo stendur á um bæi og kauptún, að þeir hafa ýmsan kostnað af, vegna

þessa aðstreymis fólksins, er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þeir fái gjöld frá þessu fólki. Þetta átti líka að verða svo samkv. áðurnefndu ákvæði í útsvarsl., en það hefir orðið þýðingarlaus bókstafur. Ég vildi því segja það, sem ég hefi tekið fram í sambandi við annað mál, að ég tel brýnustu þörf á að athuga útsvarsl. bráðlega, helzt fyrir næsta þing, og þá verði athugað rækilega, hvernig verði komið fyrir útsvarsálagningunni, svo að réttlátt sé milli atvinnu- og heimilissveitar. Þrátt fyrir það þótt ég telji þörf þessarar endurskoðunar, þá mun ég, þar sem ég tel brtt. hv. þm. Dal. vera til bóta, og þar sem ég veit ekki, hvað úr endurskoðun þessarar löggjafar kann að verða, greiða henni atkv. mitt.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf ekki að svara hv. 1. þm. Eyf. mörgu. Það er náttúrlega rétt, að ekki voru allir sammála um breyt., sem gerðar voru á útsvarsl. 1926. Ég man, að hann barðist manna mest á móti sumum þessara breyt., og ég hygg, að menn viti, af hvaða ástæðu. Það var vegna eins hluta úr kjördæmi hans, Siglufjarðar, sem sakaður var um að leggja nokkuð ranglátlega á utansveitarmenn, eða þótti ganga nokkuð langt í því efni. Þó að ekki væru allir sammála 1926, var ekki verra samkomulag þá en áður hafði verið, meðan verið var að breyta útsvarsl. Ég man, að á árunum 1916—1923 komst stöðugt fram breyt. á reglum um álagningu útsvara, og þetta er kannske ekki nema eðlilegt, því að þessi skattur er hár og mönnum því viðkvæmur.

Ég er hv. 1. þm. Eyf. alveg sammála um, að nauðsyn beri til að endurskoða lög þessi. Þau eru *nú orðin 10 ára gömul, og er það næg ástæða*, en ég vil ekki brjóta gegn þeirri meginreglu, sem útsvarslögin 1926 eru byggð á. Það mun rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., sem hann sagði, að reglurnar um skiptingu útsvara milli sveita komu ekki að miklum notum, en ég er ekki viss um, að það sé lögunum að kenna, heldur því, að bæjar- og sveitarstjórnir hafa ekki litið nægilega eftir, að þessum ákvæðum væri fylgt.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get ekki mælt með því, að þessi brtt. verði samþ. Get ég að ýmsu leyti tekið undir það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði. Auk þess skal ég geta þess, að ég geri ráð fyrir, að leitað verði til mþn. þeirrar, er skipuð var til að athuga um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga, og henni verði falið að athuga þessi lög. Mun ég fara fram á það við þá menn, er ég skipaði í þessa n. fyrir þetta þing, að þeir haldi áfram starfi sínu í n., og tel ég því hæfilegra, að slík brtt. sem þessi verði látin bíða.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég get verið hæstv. atvmrh. þakklátur fyrir það, að hann vill, að mál þetta fái einhvern framgang, og ég lít svo á, að þörf sé á endurskoðun, og hann hefir lofað, að það verði gert, og tel ég það vel farið, því mér er ljóst, að fleiri ákvæðum útsvarsl. þarf að breyta en þessu, þó að ég flytji ekki um það brtt. nú.

Þá er annað, sem mig langar til að spyrja hæstv. atvmrh. um, hvort ekki sé von á, að hann leggi fram frv. til l. um heimilisfang. Tel ég, að það þurfi að koma um leið og útsvarslagabreyt. Ég játa, að gerður hefir verið dálítill undirbúningur í þessu, *en ekkert frv. hefir komið fram.* Mér þætti vænt um, ef séð yrði til, að það yrði ekki látið dragast til næsta þings.

Annars ætla ég ekki að þæfa þetta mál fremur en önnur, sem ég tala í. Ég verð að segja, að mér finnst það ekki skilorðslaust mæla gegn brtt., þó að hún kunni að brjóta í bága við þá reglu, sem sett var í l. 1926. Þó að sett sé einhver regla, þá er sjálfsagt að gera breyt., ef hún reynist ekki rétt. — Um hitt atriðið hjá hv. 1. þm. Skagf., að ekki sé annað en leita dómstólanna, er það að segja, að það er nú þannig, að eftir að dómar eru komnir, læra menn að smjúga í kringum lögin á þann hátt að forðast þann möskva, er dómarinn telur, að orðið hafi hinum að falli. Ég fell því ekki frá þessari brtt., sem ég hefi borið fram, því ég tel hana til stórra bóta.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get ekki gefið fullákveðið svar við fyrirspurn hv. þm. um frv. til l. um heimilisfang. Eins og ég hefi lýst yfir í sambandi við annað mál, þá tel ég ýms tormerki á, að það verði gert nú á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir, að samhliða því sem útsvarsl. verða athuguð, verði þetta einnig tekið til athugunar. En hvort það ráð verður tekið, að heimilisfang verði definerað í sambandi við útsvarslöggjöfina eða sett verði sérstök ákvæði um heimilisfang, um það skal ég ekkert fullyrða, en að sjálfsögðu verður málið í heild tekið til athugunar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 311 felld með 10:3 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 290 samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 355).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 355).
Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 383).

24. Skotvopn, skotfæri o. fl.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau (þmfrv., A. 179).

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv.

Á 32. og 33. fundi í Nd., 24. og 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

***Pétur Ottesen:** Það var verið að tala um það áðan í sambandi við annað málið á dagskránni (frv. til l. um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu), að aldrei hefði verið talað fyrir því hér í d. Ég held, að það sama megi segja um þetta frv. Ég veit ekki til, að meiri hl. allshn., sem flytur frv. fyrir hönd dómsmrh., hafi gert nokkra grein fyrir því, og ekki ríkisstj. heldur. Mun dómsmrh. ekki hafa verið við í þau tvö skipti, sem málið hefir verið tekið til meðferðar. En þar sem með frv. er verið að gera viðtækar ráðstafanir og ihlutun um, hvað fólkinu í landinu er leyfilegt að gera, jafnvel þegar það ætti líf sitt að verja, er vissulega fullkomin ástæða til þess að fara fram á, að gerð sé grein fyrir, hvað raunverulega í frv. felst og hvað viðtækar ráðstafanir er hugsað til að gera, en þær gerir frv. ráð fyrir, að flestar verði ákveðnar með reglugerð. Ég vil því bera fram fáeinar fyrirspurnir, sem ég býst við, að allshn. eða hæstv. forsrh., sem nú er viðstaddur, svari.

Í 1. gr. frv. er dómsmrh. gefin heimild til þess að ákveða með reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum og skotum, sem fyrir eru í landinu. Hvernig verður t. d. um þær blýbirgðir, sem til eru í landinu? Má ekki hreyfa þær, til hvers sem á að nota þær, nema eftir settum reglum? Ennfremur má segja það sama um stál. Skotvopnin eru að nokkrum hluta úr stáli, og þess vegna getur það fallið undir 1. gr. (**BÁ:** En tré?), Jú, það má nota í sköft. Það er sem sagt allt mögulegt, sem tilheyrir skotvopnum eða hægt er að nota við tilbúning þeirra. Það er allt komið undir dómsmrh., hvað honum þóknast að kalla bannvöru. Það getur náð til flestra hluta, eins og hv. þm. Mýr. benti á, og er því ástæða til að fá skýringu frá hæstv. ráðh. um, hve víðtæk ákvæði hann muni setja og til hvaða hluta þau muni ná. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þeir einir fái heimild til þess að verzla með þessa hluti — hvort sem þeir eru úr málmi eða tré —, sem sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Ennfremur er í 2. gr. gert ráð fyrir, að haldin sé skrá yfir alla þá menn, sem verða fyrir þeirri náð að fá að hafa þessa hluti í vörzlum sínum. Mér skilst eftir þessu, að gera þurfi allsherjartalningu í landinu á öllum, sem slíka hluti hafa undir höndum, svo sem skotfæri, byssur og aðra þá hluti, sem undir þetta falla. Svo yrði að skrá hvað út af fyrir sig á nafn þess manns, sem hlutinn ætti.

Í frv. stendur ekkert um, hverjir eigi að semja þessar skrár eða með hverjum hætti þeirra skuli aflað. Það hefir sem sagt ekkert komið fram, hvorki um það né annað, sem felst í frv., þar sem ekki eitt einasta orð hefir verið um það sagt og engin grg. látin fylgja því. Að vísu hefir verið vitnað í grg., sem fylgdi frv. á síðasta þingi, en þá strandaði það í n., eða kom a. m. k. aldrei á dagskrá í Nd. Málið er því algerlega forsvarslaust hér í þessari hv. d. Þess vegna er því meiri ástæða til þess að óska skýringa um, hvað viðtækar ráðstafanir eigi að gera. Það sýnist vera talsvert umfangsmikið starf að safna öllum þessum skýrslum. Þó menn stundi ekki dýraveiðar, eru til l., sem banna að aflífa dýr öðruvísi en með skoti, og þess vegna eru til um allar sveitir landsins ein eða fleiri kindabyssur á hverjum bæ, sem þarf að skrásetja, ef bókstaflega á að fylgja frv.

Ég skal ekki dæma um, hve víðtækar ástæður liggja til þess að hefja þessa eftirgrennslan. Hvort þetta er byggt á hættu á því, að menn fari að gerast djarftækir með slík vopn eða verkfæri eða ímyndaðri stríðshættu af baráttulöngun fólksins, skal ég ekkert um segja, eða hvort ástæða er til að gera svo viðtækar ráðstafanir, sem kosta jafnmikið ómak og hér er lagt út í við að safna öllum þessum skýrslum, og fylgjast svo með því ár frá ári, hverjar breyt. verða á byssueign landsmanna. Þá væri einnig fróðlegt að vita, hverjir eiga að framkvæma slíka skýrslusöfnun og hvort þeim, sem það eiga að gera, er séð fyrir greiðslu fyrir ómakið. Frv. gerir ekki ráð fyrir fjárútlátum, og þess vegna er e. t. v. ætlazt til, að slíkt verði borgaraleg skylda. Þá er gott að fá að heyra, hverjir það eru, sem eiga að fá að taka á sig þá borgaralegu skyldu.

Þá er það ekki fleira, sem ég vildi segja, en ég óska aðeins eftir, að grein sé gerð fyrir tilgangi frv. og hvaða ástæður eru fyrir slíkri löggjöf.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Vegna þess að hv. þm. Borgf. spurði um, hvaða tilgangur væri með þessu frv., og jafnframt, hvort gert mundi upptækt blý og stál, skal ég gefa nokkra skýringu á því, hvernig frv. er hugsað. Er mér óhætt að fullyrða, að hvorki blý, stál eða timbur verði gert upptækt.

Frv. er borið fram vegna þess, að það hefir sýnt sig, að það er full ástæða til þess fyrir okkur að hafa samskonar l. og nágrannaþjóðir okkar hafa um þessi efni. Þar er talið nauðsynlegt, að þeir, sem hafa slík tæki undir höndum, þurfi að fá til þess sérstakt leyfi. Þessara leyfa er krafizt vegna þess, að reynslan hefir sýnt þar eins og hér, að unglingar og jafnvel börn fara með þessi vopn, og er skemmst á að minnast, að slys hlauzt af á Akureyri. Það hefir verið svo, að unglingar hafa getað gengið inn í hvaða búð, sem verzlar með þessar vörur, og keypt þar byssur og skotfæri, og hefir slíkt oft valdið slysum. Í öðru lagi hefir allmikið borið á því síðustu árin, að innbrotsþjófar hafi borið á sér skotvopn, einkum skammbyssur, og þá marghleypur. Virðist engin ástæða til að leyfa þessum afbrotamönnum að kaupa slík vopn í hvaða búð sem er. — Þessi varúðarráðstöfun gegn glæpamönnunum er önnur aðalástæðan fyrir nauðsyn þessa frv. En ég býst ekki við, eins og sakir standa, að ástandið sé nú svo í landinu gagnvart ofbeldisflokkum, að ástæða sé til slíkra ráðstafana þeirra vegna. Um þetta atriði má að vísu deila, því maður veit aldrei, hvenær að því kann að koma, og þær ástæður hafa vakað fyrir mönnum annarsstaðar, og þykir mér einnig öruggast að hafa þetta ákvæði í l., ef þeir skyldu færa sig upp á skaftið.

Þá vil ég benda á, að þessar skrár, sem frv. gerir ráð fyrir, er lítið verk að halda; þeim má safna með öðrum skýrslum hreppstjóra og sýslumanna, og á skránum verða sáralitlar breyt. frá ári til árs, því skotvopnin endast lengi. Þess vegna er frá mínu sjónarmiði sjálfsagt að samþ. frv., þar sem í því eru aðeins ákvæði, sem hefir sýnt sig annarsstaðar, að eru nauðsynleg. Og það er engin hætta á, að gert verði upptækt blý, stál eða timbur.

*__Guðbrandur Ísberg__: Hv. þm. Borgf. hefir að nokkru leyti tekið af mér ómakið, því það voru nokkuð svipaðar fyrirspurnir, sem ég vildi bera fram. En hæstv. forsrh. gaf ekki fullnægjandi svar og upplýsti ekki sumt af því, sem ég hefði óskað að fá skýringu á.

Í 1. gr. frv. segir svo: „Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi.“ Nú getur það valdið nokkrum misskilningi, hvað undir þetta heyrir, hvað við er átt með orðinu „skotvopn“, hvort þar er aðeins átt við vopn eins og skammbyssur og herriffla, eða hvort einnig er átt við venjulegar fuglabyssur og lélegar kúlubyssur, sem notaðar eru aðallega til að skjóta með sauðfé og aðrar skepnur (kúlubyssurnar), eða þá að þær eru notaðar til skotæfinga.

Mér virðist eðlilegt, að hér eins og erlendis sé sett löggjöf um það, að hafa megi eftirlit með því, hverjir hafi skammbyssur og riffla í vörzlum sínum. En hitt álít ég óþarft, að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hamla því, að menn eignist fuglabyssur, ef þeir telja þess þörf, eða léleg tæki til þess að aflífa með skepnur sínar, þó að slík tæki megi í víðasta skilningi telja í flokki skotvopna. Ef það er meiningin með frv., að orðið „skotvopn“ eigi að takast í víðasta skilningi, þannig að það eigi að ná yfir öll skotfæri, sem eru einhverskonar áhöld til að skjóta með, þá er ég á móti því, að slík löggjöf sé sett, sem frv. þetta fjallar um, með því að slík löggjöf er algerlega óþörf.

Það er nú fyrst að segja um fuglabyssur, að menn ganga nú alls ekki með þær í vasanum, og er því engin hætta á að ofbeldismenn, innbrotsþjófar og aðrir slíkir séu líklegir til að nota þær sér til varnar, eða a. m. k. held ég, að sú hætta sé ákaflega lítil. Aftur er fjöldi manna, sem hefir af slíkum byssum nokkur not, og enn fleiri, sem nota þær til sports, þó að þeir noti þær ekki beinlínis sem atvinnutæki. Þessir menn allir nota fuglabyssur sínar nokkrum sinnum á ári, sumpart sér til framfæris og sumpart upp á sport. Má í þessu sambandi einnig nefna, að það er talin mjög góð æfing fyrir sjón og taugar að æfa skotlist.

Nú er svo ákveðið í þessu frv., að það skuli gilda sem aðalregla, að menn sýni skilríki fyrir því, að þeim sé gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar að hafa vopn í vörzlum sínum, og álítist svo, að þeim sé það ekki gagnlegt, þá á yfirleitt ekki að veita þeim leyfi til þess. Hjá fjölda þeirra manna, sem nú þegar hafa aflað sér þessara tækja, eru þessar ástæður alls ekki fyrir hendi. Ef þessu ákvæði frv. á því að fylgja fram, þá verða þessir síðast töldu menn alveg að nauðsynjalausu að skilja sig við þessi tæki, — þeir verða að láta þau af hendi. Nú vil ég spyrja: Á að taka þessi tæki af þeim án endurgjalds? Ef svo er til ætlazt, þá er höggið nærri ákvæðum 62. gr. stjskr., um friðhelgi eignarréttarins. Eða á að taka þessi tæki af þeim og greiða þeim matsverð fyrir?

Loks eru í 3. gr. frv. sektarákvæði, þar sem ákveðið er, að brot gegn ákvæðum þessara l. og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varði hvorki meira né minna en allt að 10 þús. kr. sektum. Lágmark sektarinnar er ekkert tiltekið. En það, hvað hámarkið er hátt, bendir til þess, að hér eigi talsvert há viðurlög að gilda almennt.

Ég vil nú endurtaka þá spurningu mína til hæstv. dómsmrh., hvort hann telur nauðsynlegt að láta þessa íhlutun hins opinbera ná til þessara algengustu tækja, sem ég hefi nefnt, sem eru fuglabyssur og fjárbyssur.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

__Jóhann Jósefsson__: Herra forseti! Ég hirði ekki um að nota ræðutímann til þess að tala yfir stóli hæstv. ráðh. það, sem ég vildi tala yfir ráðh. sjálfum. (__Forseti__: Mér er tjáð, að hæstv.

ráðh. sé bundinn við umr. í Ed.). Ég fell þá frá orðinu á meðan.

*Pétur Ottesen: Hæstv. forsrh. fór nú hér að útlista þetta mál, hver tilgangur væri með flutningi þessa frv. Hann vildi ekki beinlínis halda því fram, að það væri stríðshætta fyrir hendi hér á landi, þannig að ástæða væri til að grípa til slíkra ráða, sem í frv. felast, þess vegna, heldur virtist mér hann vilja með frv. fyrirbyggja það, að börn og unglingar gætu fengið keypt skotvopn og haft með höndum. Og hæstv. forsrh. sagði, að með frv. ætti að koma í veg fyrir, að misindismenn ýmsir, sem sýndu lögreglunni eða l. landsins mótþróa og yfirtroðslur og væru kannske líklegir til þess að vilja beita skotvopnum og öðru, sem í frv. getur, gagnvart lögreglunni eða öðrum slíkum mönnum, sem hafa eiga hendur í hári óbótamanna í þjóðfélaginu, — að slíkir misindismenn gætu beitt þessum vopnum gegn réttvísinni.

Hvað börnum og unglingum viðvíkur, þá virðist mér, að það mundi vera hægt að ná þessum tilgangi með því t. d. að banna að selja börnum og unglingum skotvopn. En hvað því viðvíkur að girða fyrir, að þessir misindismenn þjóðfélagsins geti náð í slík tæki, þá virðist mér, að framkvæmd þess mundi verða erfið, á meðan menn eiga samtímis aðgang að því í þjóðfélaginu að fá slík tæki keypt. Því að þó að það tækist að setja þann stimpil á einstaka menn, að þeir gætu ekki náð í slík tæki sjálfir beinlínis, þá mundu samt sem áður vera opnar leiðir fyrir þá til undanbragða til að ná í þessi tæki á annan hátt en þann að kaupa þau sjálfir í orði kveðnu, nefnilega með því að njóta aðstoðar annara. Ég tel því mjög vafasamt, að þessum tilgangi verði náð með ákvæðum frv.

Þá kemur það ekki skýrt fram í þessu frv., hvaða skilríki menn eiga að sýna, til þess að þeir geti fengið keypt slík vopn sem þessi, því að það yrðu þá sennilega að vera til staðar einhver vottorð um, að þeir mættu hafa slík vopn með höndum, eða um, að þeir mættu afla sér þeirra, og að þeir, sem eiga þessi tæki, mættu afla sér nýrra, þegar þau eldri ganga úr sér.

Hv. þm. Ak. minntist á það nýskeð í sambandi við þetta mál, að engin ákvæði væru í frv. um það, hvort ríkisvaldið væri skaðabótaskylt til þeirra manna, sem nú eiga skotvopn, bæði byssur og annað þ. h., en hinsvegar teldist ekki hafa rétt til þess að hafa þau með höndum framvegis. Og ef frv. þetta á að verða að l., þá þarf hér að koma til viðbótar skýrt ákvæði um þetta. Ég býst við, að það mundi þykja harðleikið, ef þessi áhöld væru tekin af mönnum, sem þeir hafa aflað sér með löglegum hætti, án þess að bætur kæmu fyrir.

Um hitt atriðið, sem hæstv. forsrh. vildi gera lítið úr, hinni auknu skýrslugerð vegna ákvæða þessa frv., er það að segja, að hún er nú eitt af þeim viðbótarstörfum, sem hreppstjórum eru lögð á herðar, og þá lögreglustjórum í kaupstöðum. Ef ákvæðin um þær skýrslugerðir eiga að vera annað en pappírsgagn eitt, þá hygg ég, eftir því, sem það gengur yfirleitt um söfnun skýrslna í sveitum landsins, að það muni þurfa að hafa nokkra eftirgangssemi og eftirgrennslanir í þessu efni um það, hvernig er ástatt um byssueign manna á meðal. Þar af leiðandi geng ég þess ekki dulinn, að þetta mundi hafa viðbótarfyrirhöfn í för með sér. Eins og kunnugt er, þá er alltaf verið að bæta við nýjum og nýjum skýrslusöfnunum, sem hreppstjórar og aðrir eiga að inna af höndum, mjög mismunandi þörfum. Og hér er þá um eina slíka viðbótarskýrslugerð að ræða, sem alls ekki þarf að gera neitt lítið úr fyrirhöfn við, ef þessi l. eiga ekki að verða pappírsgagn eitt. Ég er því hræddur um, að þetta verði einbert kák, bara komið einhverju nafni á þessa skýrslugerð, því að ég býst ekki við, að starfið byggist upp á því, að það verði talið mjög þjóðnauðsynlegt að hafa þessar skýrslur, því að í raun og sannleika munu menn almennt ekki hafa komið auga á nauðsyn þess að setja löggjöf til þess að hamla því, að menn geti fengið sér fjárbyssur eða fuglabyssur eftir því, sem þörfin krefur. Ég held því, að engin minnsta þörf sé fyrir að fara að setja reglugerð um þessa hluti hér, því að hér gilda engar herreglur, sem betur fer. Að fara að taka þetta upp hér, er þá helzt til þess að fara að apa eftir því, sem aðrar þjóðir, sem hafa heraga, gera í þessum efnum.

*Jóhann Jósefsson: Í grg. þessa frv. er vísað til grg., sem fylgt hafi samskonar frv., sem lagt hafi verið fyrir haustþingið 1935. Ég fór því að gá í þessa grg., en fann þar ekki annað en það, að þar sem aðrar þjóðir áskildu sér rétt til þess að hafa eftirlit með innflutningi vopna, væri þetta nauðsynlegt hér. Það mun nú vera alveg rétt, að aðrar þjóðir vilji yfirleitt hafa eftirlit með innflutningi vopna. En hér hagar bara allt öðruvísi til, og það svo mjög, að í þessu efni er ekkert sambærilegt hjá okkur og öðrum þjóðum. Eða hefir hæstv. stjórn orðið þess áskynja, að hér hafi verið gerðar tilraunir með að flytja inn vopn? Á ég þar ekki við fjárbyssur eða fuglabyssur, heldur hvort gerðar hafi verið tilraunir til að smygla inn morðtólum. Hafi slíkar tilraunir átt sér stað, þá er vitanlega ástæða til að grípa til lagasetningar um þetta efni.

1. gr. frv. byrjar á því, að stj. geti sett reglur um, hverskonar skotvopn megi flytja til landsins, og í tilefni af þessu ákvæði vil ég spyrja hæstv. ráðh. lítilsháttar. (**Rödd í salnum:** Ráðh. er ekki viðstaddur). Úr því að svo er, get ég látið mál mitt falla niður í bili.

*Jakob Möller: Það kemur sér víst bezt fyrir hæstv. forsrh. að vera ekki viðstaddur, þegar rætt er um þetta merkilega mál hans.

Hvað frv. þetta snertir, þá virðist mér það á þann veg, að full þörf sé til að athuga það nánar en gert hefir verið Meðferð þess hér í hv. deild hefir nú verið sú, að um það hefir ekkert verið rætt, og það má einstakt heita um slíkt mál sem þetta. Annars má kannske segja, að það hafi fengið svipaða meðferð og ýms önnur mál hér, sem komið hafa frá hæstv. stjórn, að ekki hafi verið sagt um þau eitt orð við 1. umr., ekki hálft orð við 2. umr., og svo verið undir hælinn lagt, hvort nokkuð hafi verið sagt um þau við 3. umr. Slík meðferð mála finnst mér ekki

vera rétt, en þar eiga þeir aðallega sök á, sem málin flytja, jafnt hvort sem í hlut á n. eða einstaklingur.

Mál þetta mun flutt af meiri hl. allshn., og hefði því átt að vísa því til hennar í heild, en um það mun engin till. hafa komið, og hefði þess þó sízt verið vanþörf, svo mjög sem frágangur þess er gallaður að ýmsu leyti. Það er nú að vísu svo, að ennþá á frv. þetta eftir að ganga til Ed., og mætti því vænta einhverra leiðréttinga á því þar.

Ég mun nú í stórum dráttum reyna að sýna fram á, hvort ekki sé í raun og veru þörf á því, að mál þetta sé athugað nokkru nánar en gert hefir verið.

Í 1. gr. frv. segir svo: „Dómsmrh. skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagningu á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu.“ Hér stangast setningarnar annaðhvort af ásettu ráði eða vangá, þar sem í fyrri hluta gr. segir, að ráðh. sé heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins, en í næstu setningu segir, að ráðh. skuli og vera heimilt að setja reglur um, hvernig fari skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Hér er sprengjunum alveg sleppt í síðari málsliðnum. Ég vil því spyrja, hvort það sé meiningin, að hafa ekkert eftirlit með þeim sprengjum, sem kunna að vera til í landinu. Mér skilst nfl., að samkvæmt þessari málsgrein sé stj. heimilt að setja reglur um, hvernig fara skuli með skotfæri og skotvopn, sem til eru í landinu, þegar lög þessi öðlast gildi, en ekki að því, er snertir sprengjur. En ég fæ nú ekki annað séð en svo fremi sem talizt getur nauðsynlegt að setja reglur um meðferð skotfæra og skotvopna, þá sé eigi síður nauðsynlegt að setja reglur um meðferð á sprengjum og þesskonar hlutum, sem kunna að vera til í landinu.

Þá er og annað atriði, sem mér virðist þurfa athugunar við í þessari sömu grein. Næsta málsgr. þessarar gr. hljóðar svo: „Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild til að hafa skotvopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra skotvopna, skotfæra, sprengja o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firmna við gildistöku þessara laga.“ Ef einhver meining á að vera í þessu ákvæði, þá mun hér ætlazt til, að það nái jafnt til félaga sem einstaklinga, en þá kemur aftur ákvæði 3. gr., sem gerir það vafasamt, þar sem segir svo, að auk sekta fyrir brot gegn lögum þessum, þá skuli skotvopn þau, skotfæri og sprengjur, sem inn eru flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð. Í sambandi við þetta væri ekki úr vegi að fá upplýst, hvort ekki sé meiningin, að þessir hlutir séu einnig gerðir upptækir, ef þeir fyrirfinnast í vörzlum félaga, alveg eins og ef þeir fyrirfinnast í vörzlum einstaklinga, því að það er vitanlegt, að ef það er ástæða til að hafa eftirlit með skotvopnum í höndum einstaklinga, þá er ekki síður ástæða til að hafa eftirlit með þeim í höndum félaga, og gera þau upptæk, ef þörf krefur. Ríkisvaldið getur alltaf haft í fullu tré við einstaklinginn, en sama máli gegnir ekki um fjölmenn félög. Það getur því verið miklu alvarlegra, ef þau fara að flytja inn vopn, heldur en þó að dreifðir einstaklingar fái sér fuglaeða fjárbyssu.

Allt þetta, sem ég nú hefi bent á, finnst mér full ástæða til, að athugað sé nánar, og því sé ekki að ófyrirsynju, þó að þess sé óskað, að mál þetta sé athugað í n. frekar en gert hefir verið.

Það hefir áður verið vikið að því, að það virðist nokkuð óákveðið, hvað víðtæk ákvæði þessa frv. eru hvað snertir „hlut“ og „efni“, „skotfæri“ og „skotvopn“. Þó að ég ætti ekki kost á því að heyra ræðu hæstv. forsrh., þá geri ég ráð fyrir, að hann hafi gert grein fyrir því, hvernig hann hugsaði sér að komast hjá óþægindum út af því að þanna innflutning á efni eða efnum, sem notuð eru í skotfæri, en jafnframt þarf að nota til annara þarfa, eins og þm. Borgf. vakti athygli á. En hvað sem hæstv. forsrh. kann að hafa sagt um þetta, þá virðist mér alveg auðsætt, að allmikil óþægindi geti hlotizt af innflutningstakmörkunum á slíkum efnum. Þau eru í ýmsum tilfellum mjög nauðsynleg.

Annars er það svo með allt orðalag þessa frv., að það er svo almennt og óákveðið, að ekki er nema eðlilegt, að menn finni til, að þörf sé á að ákveða nánar um þessa hluti. Ég geri nú ráð fyrir, að ef laghentir menn og orðhagir tækju mál þetta til nánari athugunar og gerðu sér það jafnframt ljóst, að það þyrfti að lagfæra það, þá gætu þeir fundið á því fleira en ég hefi bent á, sem betur mætti fara á annan veg en það nú er í frv., því að mér finnst frv. að öllu leyti lélega úr garði gert.

Ef ég ætti eitthvað að segja um hina almennu nauðsyn þessa máls, þá finnst mér hún vægast sagt mjög lítil. Eins og hv. þm. Borgf. tók réttilega fram, þá gegnir allt öðru máli um nauðsyn slíkrar lagasetningar hjá öðrum fjölmennari þjóðum. Meðal stórþjóðanna er fjöldi misindismanna, sem þjóðfélögin eiga erfitt með, auk margvíslegra vandræða, sem ekki er hér um að ræða. Það þýðir því ekkert að vera að vitna til þess hér, að aðrar þjóðir hafi sett lög um þessi efni hjá sér, og því sé nauðsynlegt fyrir okkur að gera það líka. Ein af höfuðástæðunum fyrir framkomu frv. þessa taldi hæstv. forsrh. vera þá, að það væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að misindismenn næðu í þessa hættulegu hluti. Hvað þetta snertir, þá er ég þess fullviss, að frv., þó að lögum verði, nær aldrei þeim tilgangi. Misindismennirnir hafa alltaf einhver ráð með að afla sér vopna, ef þeir á annað borð ætla sér það. Ákvæði frv. gætu þá helzt komið hinum friðsamari borgurum í koll með því að gera þeim ókleift að afla sér vopna til þess að verja sig fyrir misindismönnunum. Að nauðsynlegt sé að hafa eftirlit með sölu og notkun skotvopna vegna unglinga, sem fari sér oft að voða með þeim, er og líka út í loftið hjá hæstv. ráðh.

Komi það fyrir, að unglingar verði sér eða öðrum til tjóns með þessum hlutum, þá eru það jafnan tæki, sem fullorðnir menn eiga, svo þessi staðhæfing nær því ekki tilgangi sínum.

Mun ég svo ekki fjölyrða frekar um mál þetta að sinni, og legg til, að því verði vísað til allshn. á þessu stigi.

Umr. frestað.

Á 39. og 40. fundi í Nd., 1. og 2. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 3. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 179).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 337).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er gamall kunningi hér í d. Það var flutt á síðasta þingi og gekk þá í gegnum d., og voru á því gerðar nokkrar minni háttar breyt., en andstöðu mætti frv. þá ekki hér. Nú hefir frv. verið flutt aftur í neðri d., og gengið gegnum þá d. breytingalaust. Allshn. hefir haft frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. Þó létu einstakir nm. í ljós, að þeir vildu hafa óskertan rétt til þess að koma með brtt. eða fylgja brtt., ef fram kæmu. En hinsvegar er öll n. meðmælt stefnu frv. — Þar sem málið er áður þaulrætt í d., sé ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Þorsteinn Þorsteinsson: Hv. frsm. gat þess, að hér sé gamall kunningi á ferð. En mér finnst nýr draugur að koma fram. Ég talaði um þetta mál, þegar það var á ferð í vetur, en ætlaði ekki að lengja umr. nú, en ég vil geta þess, að ég býst við að koma með brtt. við 3. umr., t. d. það, að menn þurfi ekki að sækja um sérstakt leyfi og náð hjá sýslumönnum og stjórnarráði til þess að hafa fjárbyssur á heimilum sínum. **(IngP:** Sjálfsagt að leyfa byssur til þess að skjóta svartbakinn með).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 400).

25. Menningarsjóður.

Á 33. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð (þmfrv., A. 226).

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég ætla ekki að tala lengi um málið. Málið var rætt allmikið hér í vetur og var þá samþ. þál., sem varð grundvöllur þessa frv. Síðan hefir kennslumálaráðh. haft málið til meðferðar og því næst meiri hl. menntamálaráðs. Ég get ekki fullyrt, að allt ráðið hafi verið málinu fylgjandi, því að einn maður var ekki á fundi, þegar um það var rætt.

Þar sem hér er aðeins um flutning að ræða, en frv. hefir ekki verið til meðferðar í menntmn., legg ég til, að því verði vísað þangað. Býst ég við, að málið verði ýtarlegar rætt við 2. umr., og mun ég því ekki fara um það fleiri orðum að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég leyfi mér að æskja þess, að þetta mál verði tekið af dagskrá. Málið hefir verið sent fjvn. til umsagnar, en hún hefir ekki enn afgr. það, en mun gera það að ég hygg nú í kvöld. Tel ég því rétt og sjálfsagt, að málið sé að þessu sinni tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 226, n. 263).

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Þetta mál lá fyrir hér um bil eins og það er nú á þinginu í fyrra, og var þá samþ. í þessari d. áskorun til stj. um að undirbúa og leggja fyrir þingið frv. um þetta efni, og er 1. gr. þessa frv. óbreytt eins og hún var í þeirri þáltill. Svo hefir verið gerð á þessu

lítilsháttar breyt., þannig að í 2. gr. þessa frv. er svo ákveðið, að stjórn menningarsjóðs skuli vera ein, í stað þess að nú eru í raun og veru þrjár stjórnir yfir honum. Aðalstjórn menningarsjóðs, sem þingið kýs, hefir yfirstjórnina á hendi, og er hún líka yfir þeirri sérstöku deild, sem lýtur að listum, en aftur á móti eru þrír menn yfir bókaútgáfunni, prófessorarnir í íslenzku og sögu við háskólann og íslenzkukennarinn við kennaraskólann, en kennararnir í náttúrufræði við menntaskólana í Rvík og á Akureyri og forstöðumaður náttúrugripasafnsins í Rvík hafa á hendi stjórn þess hluta sjóðsins, sem varið er til eflingar náttúruvísindum. Nú þykir það að mörgu leyti hentugra, að það sé ein stjórn yfir sjóðnum, og þess vegna er lagt til að fela stjórnina menntamálaráði Íslands. Í skýrslu þeirri, sem fylgir frv. frá stjórn menningarsjóðs, sést, að tekjur sjóðsins hafa síðustu 7 ár verið rúmar 50 þús. kr. að meðaltali á hverju ári. En síðustu tvö árin, sem þar eru talin, 1933—1934, hafa tekjur sjóðsins farið niður í um 20 þús. kr., og lítur út fyrir, að það haldist af ástæðum, sem ég þarf ekki að skýra mikið, því þær eru öllum kunnar. Sektir komu aðallega inn í sambandi við innflutning á sterkum vínum, en eftir að heimabruggið fór að magnast og sérstaklega eftir að leyfilegt var að flytja inn sterku vínin, þá minnkuðu sektirnar. Þar sem á hinn bóginn tekjur ríkisins hafa vaxið mjög mikið, ekki aðeins fyrir þá eðlilegu sölu, heldur vaxið fyrir það, að bruggið hefir mikið til horfið og leynisalan, þá má segja, að það sé ekki óeðlilegt, að þar sem þessi sjóður, sem stofnaður var fyrir sjö árum, tapar tekjum sínum, en landið fær margfaldar tekjur við það, að hin ólöglega sala hættir, þá fái hann tekjur sínar að nokkru leyti á þann hátt, sem í frv. segir. Ég hefi orðið þess var, að mörgum þeim, sem eru á móti víni, finnst það óviðkunnanlegt að láta þessa viðbót koma frá áfengissölunni, en þetta er gert víða, eins og bent er á í áliti menntamálaráðs, t. d. bæði í Danmörku og Noregi eru andlegar framfarir styrktar á þennan hátt. Ég vil engan veginn segja, að það væri ekki hægt að koma þessu öðruvísi fyrir, en aðalatriðið er, að hér á landi hefir á hinum síðustu 30 árum verið að vaxa upp vísir að listum, sem er að mörgu leyti álitlegur. Hér á landi munu vera um 20 listamenn, og eru flestir þeirra búsettir hér á landi, en þó eru einstaka búsettir erlendis. Þessir menn eru náttúrlega misgóðir; sumir eru ágætlega snjallir menn, en aðrir minni fyrir sér. En það má segja um þessa menn í heild, að þeir hafa auðgað þjóðlíf okkar um alveg nýjan þátt, sem þjóðin vill ekki missa. Þó að ekki sé tekið það, sem einstakir menn hér á landi hafa gert mikið að, en það er að prýða heimili sín með verkum eftir þessa menn, þá vil ég benda á það, að þegar ríkið þarf að sýna landið erlendis með einhverjum gjöfum, þá hefir ekki verið óðru til að dreifa en fara til málara okkar, og þannig var það núna nýlega, að ríkisstj. og Alþingi leitaði til tveggja málara, Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, og fékk hjá þeim hluti, sem voru svo gefnir við sérstök tækifæri, þar sem sómi landsins lá við, að gefnar væru slíkar gjafir. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þessar tvær gjafir og aðrar, sem áður hafa verið gefnar, hafi orðið landi okkar til sóma. Og hefðum við verið illa settir, þar sem við nú viljum vera sjálfstætt ríki, ef við hefðum ekki haft neina góða listamenn til þess að koma fram fyrir landsins hönd út á við.

Síðan tók að harðna í ári fyrir öllum almenningi, þá hefir lífsbarátta þessara manna auðvitað harðnað, og fylgir hér á þessu sama þskj. áskorun frá nálega öllum helztu rithöfundum, listamönnum og náttúrufræðingum landsins. Ég hefi ekki veitt því eftirtekt, að það vanti undir þessa áskorun nema einn af þeim þekktu mönnum, sem eru búsettir hér, en sennilega hefir ekki náðst til hans. Þetta sýnir, að allir þessir menn skilja það, að þetta er mikilsvert atriði. Menn gætu hugsað sér, að þessir menn fengju styrki, eins og sumir hafa fengið, en það er að mörgu leyti óheppilegt. Það, sem vakir fyrir okkur í menntamálaráðinu, er, að við álítum það heilbrigðast, að þessir menn fái ekki styrki eða gjafir, heldur sé þeim launuð sú vinna, sem þeir inna af hendi, hvort heldur það er sem rithöfundar, listamenn eða náttúrufræðingar. Það vita allir, að náttúrufræðirannsóknir geta aldrei verið atvinnuvegur fyrir þá, sem þær stunda. Þegar Þorvaldur Thoroddsen rannsakaði landið í nærri 20 ár, þá var hann aðallega styrktur frá útlöndum, og þá styrki geta íslenzkir náttúrufræðingar ekki fengið nú. Eftir að við urðum sjálfstætt ríki, þá veitir Carlsbergssjóðurinn íslenzkum náttúrufræðingum ekki lengur styrk, og ekki heldur íslenzkum listamönnum, og hefir þannig frelsið, sem við allir viljum, þrengt kosti þessara manna. Ég þarf ekki að taka það fram, að það fylgir hér undirskrift þeirra fulltrúa, sem þingið hefir kosið í menntamálaráð, og standa þeir allir saman um þessar óskir. Einn þeirra, Kristján Albertson, er búsettur erlendis, en hann er þessu samþykkur, og er þetta með fyllsta stuðningi hans. Þetta mál er því ekki flokksmál. Fulltrúarnir í ráðinu eru frá aðalflokkunum þremur, en einn þeirra er utan flokka. Og þessir menn eru allir sammála um það, að annaðhvort eigi að leggja þessa stofnun niður eða að hún verði að hafa eitthvað handa á milli. Sumir í fjvn. hafa meðal annars stungið upp á því, að það væri hægt fyrir sjóðinn að létta af Alþingi og ríkissjóði einhverjum gjöldum, sem hann hefir nú, og það er ekki nokkur vafi á því, að það gæti orðið. En við, sem erum í ráðinu, álítum, að það sé ekki hyggilegt að ætla menntamálaráði að hafa þá styrki, sem verða eftirlaun. Það, sem við viljum helzt, er, að menningarsjóður geti starfað sem fyrirtæki, svo að hann gæti keypt fyrir landið ýmsa góða hluti af listamönnum og gæti gefið út bækur, sem þjóðinni er þörf á að fá, en ekki væru gefnar út annars. En við viljum ekki, að það sé lögð á sjóðinn dauð hönd, eins og var í raun og veru, þegar honum var í byrjun kreppunnar gert að skyldu að kaupa náttúrugripasafn Guðm. heitins Bárðarsonar, sem þyngir sjóðnum mikið síðan. Það er auðvitað

merkilegt safn, en það hafði ekki neina augnabliksþýðingu fyrir sjóðinn. Það er óhætt að fullyrða, að menningarsjóður getur á hinn heppilegasta hátt, eða með því að veita listamönnum, náttúrufræðingum og rithöfundum atvinnu hverjum í sinni grein, létt nokkuð þá pressu, sem alltaf er á þinginu frá þessum mönnum. Þegar menn líta yfir nafnalistann, sem er prentaður sem fylgiskjal með frv., þá sjá menn, að tveir af þeim mönnum, sem þar eru, eru þeir Einar Kvaran og Einar Jónsson, en þeir munu hafa um 5000 kr. hvor frá ríkinu, og Einar Benediktsson mun hafa svipað. Það þarf því ekki annað en að líta á þetta til þess að sjá, að sú vinna, sem þjóðfélagið getur veitt hinum mönnunum, verður auðvitað ekki ríkuleg, þó að það verði, sem frv. gerir ráð fyrir, en hinsvegar er þarna möguleiki til þess, að þessir menn geti lifað. Og það er eins með alla þessa menn, náttúrufræðingana, listamennina og rithöfundana, að annaðhvort verður þjóðin að hlynna að þessum mönnum á þennan hátt, eða hún verður að gefa þá alveg upp og sætta sig við, að hér séu ekki listir eða náttúruvísindi. Ég get sagt það, að það er mjög erfitt fyrir rithöfunda, og það tiltölulega góða rithöfunda, að fá bækur sínar gefnar út. Mér er kunnugt um þetta af viðtali við þessa menn, enda er ákaflega takmarkað, hvað hægt er að gefa út. Það sjá því allir, hve litlar líkur eru til að halda þessum andlega þætti við, ef ekki er styrkur veittur af því opinbera.

Ég hygg, að enginn hv. þm. sé í vafa um, ef hann veit, hvað okkar listamenn hafa orðið að ganga í gegnum, að þeir hafi beinlínis soltið á sínni listamannsbraut; það er fyrir ótrúlega seiglu og alúð, sem þeir leggja í starf sitt, að þeir ekki gefast upp. Ég vil svo að lokum lesa hér upp álit hv. fjvn., sem menntmn. leitaði til. Það er dags. 3. apríl síðastl. og hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. menntmn. Ed. hefir óskað umsagnar fjvn. um frv. til l. um breyt á l. nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð. Eftir nokkrar umræður um málið samþ. n. á fundi sínum 2. apríl með 5 atkv. gegn 4 að mæla með því, að frv. þetta yrði samþ.

F. h. fjvn. Alþingis.
Bjarni Bjarnason.
Jónas Guðmundsson."

Ég hefi svo ekki að svo stöddu meiri skýringar að gefa um málið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þegar þáltill. um samskonar mál og þetta lá fyrir síðasta þingi, lýsti ég afstöðu minni til þessa máls og tjáði mig vera mótfallinn því að leggja þyngri gjöld á ríkissjóð frá því, sem verið hefði, og fá það fé í hendur sérstöku ráði eða n. til útdeilingar. Áleit ég ekki heppilegt að fá slíkri n. mikið fé, sem hún úthlutaði án þess að bera undir þingið.

Aðstaðan í fjvn. var sú, að við 4 nm. töldum, eins og útlit allt og fjárhagsástæður ríkissjóðs eru nú, ekki gerlegt að leggja fleiri tuga þúsunda skatt á ríkissjóð til að greiða útgjöld, sem að litlu eða engu leyti hafa hvílt beint á ríkissjóði.

Ég get ekki séð annað, ef frv. þetta gengur í gildi, en að færa verði þennan útgjaldaauka á fjárl. Ég fæ ekki séð, að hægt sé að veita sérstöku ráði þennan rétt með einföldum lögum, heldur verði og að færa þessa upphæð sem útgjaldalið á fjárl., og eftir því, sem hér er krafizt, mun þurfa 39 þús. kr. eða meira.

Ég hygg, að ekki muni of þægilegt að halda jafnvægi á fjárl., þó þessu sé ekki bætt við. Það er í sjálfu sér ekki lastvert, heldur hrósvert að styrkja listamenn eða gefa út góðar bækur, ef það er gert að vel athuguðu máli, og eins að styrkja náttúrufræðirannsóknir. En ég álít ekki fært að bæta við stórfé fram yfir það, sem áður hefir verið. Ef sérstöku ráði er falið að úthluta þessu fé, er fjárveitingavaldið dregið að nokkru leyti úr höndum Alþingis, því það ræður þá ekki, hvernig því er útbýtt, þó að það velji menninа til að úthluta því. Eins er ég smeykur um, þó að þetta ráð fái umráð yfir meira fé, þá verði sama útkoma og áður hefir verið, að það sendi menn beint til Alþingis með fjárkröfur sínar, og það veiti styrki eins og verið hefir, þó að meira fé sé látið til úthlutunar.

Hvað breyt. í 2. gr. viðvíkur, vil ég segja, að þó ég sé ekki ánægður með ráðstafanir eða úthlutun nú undir þessu ráði, þá er ég ekki viss um, að hún verði til bóta, því það veit hönd, hvað hefir, en ekki, hvað hreppir; ég tel því ekki rétt að breyta þessu.

Breyt. sú, sem n. vill gera á 3. gr. laganna, er næsta þýðingarlítil eins og hún er. 3. gr. má breyta með því að breyta einu orði í 2. gr. Upphaf hennar hljóðar svo: „Menntamálaráð hefir á hendi yfirstjórn menningarsjóðs." Get ég ekki séð annað en með því að fella niður fyrri hluta orðsins „yfirstjórn" næðist alveg það sama, og mætti þá 3. gr. falla niður.

Hv. þm. S.-Þ. segir, að gerð hafi verið lítilfjörleg breyt. á l., en mér finnst, að gerð hafi verið töluverð breyt. Í stað þess að áður hefir úthlutun hvílt í höndum 2—3 undirnefnda, eiga þær nú að hverfa úr sögunni og allt að leggjast í hendur 5 manna sjóðstjórnar.

Ég verð nú að segja, að ég legg ekki allt upp úr þessu ávarpi frá listamönnunum, — eða svokölluðum listamönnum, getum við sagt um suma þeirra. Það hefir sýnt sig, og er eins og maður veit, þegar gengið er um og safnað undirskriftum, að þá má ná nokkuð mörgum nöfnum, en það hefir ekki alltaf verið farið eftir því, og þingið verður vitanlega að taka sínar ákvarðanir fyrir því, þó einhverjir vilji skipa því fyrirfram fyrir verkum. Það getur vel verið, að oft hafi verið farið illa með okkar listamenn, en að hver einn og einasti, sem hefir náð því stigi, hafi gengið gegnum sárar þjáningar af skorti og hungri, held ég að sé of mikið sagt. Það er náttúrlega erfitt fyrir þá að ná sínum sigurhæðum, en sumir hafa náð þeim án þess að verða miklir píslarvottar hungurs eða fátæktar, sem betur fer.

Ég tek það svo fram að lokum, að ég áskil mér rétt til að gera brtt. við 3. umr., en annars

hefði ég ekki talið fráleitt að fresta málinu og gera á því smábreyt. nú við þessa umr.

Bernharð Stefánsson: Eins og hér hefir verið getið, var mál þetta borið undir fjvn., og af því að annar hv. dm., sem á sæti í þeirri n., hefir látið uppi álit sitt, þykir mér hlýða að gera grein fyrir minni afstöðu, og skal ég jafnframt í upphafi geta þess, að ég er í þeim hl. fjvn., sem mælir með því, að frv. þetta verði samþ.

Eins og menn muna, gekk í gildi fyrir rúmu ári síðan, eða 1. febr. 1935, áfengislagabreyt. sú, er leyfði sölu sterkra drykkja auk Spánarvína. Afleiðingin af þeirri löggjöf hefir orðið sú, að töluvert meiri sala fer fram á löglegum vínum en áður var, þannig að ríkissjóður fær töluvert meiri tekjur af vínsölunni en áður. Hinsvegar er það vitanlegt öllum, sem ekki eru haldnir fyrirfram öfgum í þessum málum, að drykkjuskapur hefir þó ekki aukizt, og sízt í hlutfalli við aukningu hinnar löglegu áfengissölu. Ríkissjóður hefir því grætt á áfengislagabreytingunni og ástandið batnað, a. m. k. siðferðislega, því skárra er þó að drekka löglegt áfengi en ólöglegt. (**MG:** Hafa bruggarar grætt?). Þó bruggararnir hafi ekki grætt, þá eru allir sammála um, að þeir hafa ekki rétt á sér. Málið liggur því þannig fyrir, að ríkissjóður hefir fengið töluvert auknar tekjur vegna þessarar breyt. á löggjöfinni. En menningarsjóður, sem lifði á sektum smyglara og bruggara, hefir tapað.

Menningarsjóður var settur á stofn til að styrkja vísindi og listir í landinu, af því að það þótti nauðsynlegt. Tekjum var honum séð fyrir á þann hátt, að til hans skyldu renna tekjur ríkissjóðs af ólöglegu áfengi. Vitanlega var ekki borgaður tollur í ríkissjóð af smygluðu eða brugguðu áfengi, og tekjurnar voru því sektir þær, er greiddust, þegar þessir lögbrjótar voru nappaðir. Nú hefir önnur þessi „atvinnugrein," bruggið, lagzt algerlega niður. eða sama sem alveg, og smyglið hefir stórlega minnkað, og hafa því tekjur menningarsjóðs þorrið. Virðist því ekki ósanngjarnt, úr því sjóðurinn hafði þessar tekjur, að hann fái nú tekjur af hinni löglegu áfengisverzlun ríkisins, þar sem með skynsamlegum áfengislögum hefir reynzt auðið að útrýma svo að segja alveg ólöglegu áfengi, en tekjur ríkissjóðs jafnframt stórvaxið af áfengissölunni. Mér finnst þetta því hið mesta sanngirnismál. — Þess gerist ekki þörf að taka undir rök hv. frsm. menntmn., en ef menn ætlast til þess, að menn hér leggi fyrir sig vísindastörf eða listir, þá getur það engan veginn orðið, nema möguleikar séu á því að styrkja þá úr opinberum sjóði, enda held ég, að um það sé enginn ágreiningur milli hv. þdm., heldur um hitt, sem hv. þm. Dal. vildi halda fram, að réttara væri, að þingið ráðstafaði þessu fé, en setti ekki einstaka menn til að annast úthlutun þess.

Þarna hefi ég algerlega gagnstæða skoðun. Ég held, þegar um persónustyrki er að ræða, að heppilegra sé, að um það fjalli n. manna, en þingið sé ekki að vasast í því. Ég veit ekki heldur hvaða aðstöðu hv. þm., sem eru nú orðnir 49, ættu að hafa til að meta, hvort kaupa skyldi einstakt málverk af einhverjum málaranum eða ekki.

Vel kann að vera, að í einstöku tilfellum hafi orðið handahóf um meðferð þessa fjár, en þrátt fyrir það, þó svo kunni að vera, þá er ég sannfærður um, án þess að ég vilji gera lítið úr hæstv. Alþingi, að á þessu yrði enn meira handahóf hjá því, vegna þess að hv. þm. hafa ekki aðstöðu til að gera upp á milli listamannanna.

Ég er svo þvert á móti skoðun hv. þm. Dal., að ég tel, að svo ætti að koma fyrir þessum málum, að Alþingi veitti enga persónustyrki, heldur sérstakar n. eða stofnanir. Er svo margt persónulegt, sem kemur til greina, þegar Alþingi úthlutar slíkum styrkjum, og þó að það geti vitanlega orðið í höndum n., er hættan miklu minni.

Svo ber á það að líta, að menningarsjóður er til, og hefir engin till. komið fram um að leggja hann niður; slík till. hefir ekki heldur komið frá hv. þm. Dal., en með því fyrirkomulagi, sem nú er, þá er menningarsjóður sýnilega máttlaus. Ef hann á annað borð á að lifa og inna sitt hlutverk af hendi, þá verður að sjá honum fyrir tekjum. Eins og ég hefi tekið fram, þá finnst mér sanngjarnt, að hann fái örlítið brot af tekjum þeim, sem fást af löglegri sölu sterkra áfengra drykkja, þar sem hann áður hafði allar þær tekjur, sem hið opinbera hafði af þeim drykkjum, á meðan þeir voru ólöglegir, en þó hafðir um hönd, sennilega alveg eins mikið og nú er gert.

Magnús Guðmundsson: Ef ég skil þetta frv. rétt, þá gengur það út á það, að til vísinda og lista skuli renna það fé, sem kemur inn vegna brota á áfengislögunum, þ. e. a. s. sektir fyrir brugg og smygl, en ef þetta fé verður ekki svo mikið, að nemi 50 þús. kr. á ári, þá skuli það, sem á vantar, greiðast úr ríkissjóði.

Ég verð að segja, að ég hefi alltaf kunnað því illa að láta listir og vísindi lifa á lögbrotum, eins og smyglun og bruggi, eða þá óhófsdrykkju. Mér finnst sjálfsagt, þegar veitt er fé til einhvers, þá sé það veitt úr ríkissjóði, en síðan hirði ríkissjóður allar sínar tekjur og greiði sín ákveðnu gjöld beint úr sameiginlegum sjóði. Ég vil því spyrja hv. þm. S.-Þ., hvort hann geti ekki gengið inn á það, að í lögunum skuli standa, að verja beri árlega til vísinda og lista 50 þús. kr., en það þýðir, að þá er skylt að taka þá upphæð árlega í fjárl. Er þetta ólíkt viðkunnanlegri leið. En hitt er óviðkunnanlegt, að láta líf vísinda og lista í landinu vera undir því komið, hvort menn í stórum eða smáum stíl brjóta landslög eða ekki. — Mér finnst líka óþarft að gefa áfengislagabrjótum þann móralska styrk, sem í því liggur, að jafnhliða því, sem þeir fótumtroða lögin, þá séu þeir að styrkja vísindi og listir.

Ég tók eftir því, að hv. þm. sagði, að þetta væri ekkert einsdæmi hér, heldur ætti það sér líka stað í öðrum löndum, og minntist í því sambandi á Carlsbergssjóðinn danska. En þar

er um allt annað að ræða; það er félag einstakra manna, sem stofnaði þann sjóð. Að vísu hefir félagið grætt á ölframleiðslu, en á löglegan hátt. Þetta er því ósambærilegt við það, sem hér er um að ræða, sem sé sektarfé, sem greitt er fyrir að brjóta landslög.

Ég skal ekki í þetta skipti fara inn á að ræða þann gjaldauka, sem af þessu leiðir fyrir ríkissjóð, en það kemur fram hér sem oftar, að hv. stjórnarflokkar eru alveg óragir í því að binda ríkissjóði varanlegar byrðar, og þó munu þeir eiga fullerfitt með að rogast með þær byrðar, sem honum þegar eru bundnar. Hér er að sönnu ekki um stóra upphæð að ræða, en þó er það svo, að kornið fyllir mælinn, og ef haldið er áfram að leggja á meiri og minni útgjaldabyrðar frá ári til árs, þá kafnar allt að síðustu undir fargi því, sem þannig leggst á atvinnuvegi landsins.

Það, sem ég vildi aðallega fá að vita hjá hv. þm. S.-Þ., er það, hvernig hann tæki í það, að fyrirskipað væri í l. að leggja árlega 50 þús. kr. til menningarsjóðs, í stað þess fyrirkomulags, sem stungið er upp á í frv. Ég hefi frá upphafi litið svo á, að þessi þri- eða fjórskipta stj. sé of marghöfðuð fyrir svo litla stofnun sem þessa. Vil ég því höggva af nokkur af höfðunum, sem þarna reka upp kollinn.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég þakka hv. dm. *vinsamlegar undirtektir* við *málið*. — Um gagnrýni hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Skagf. er það að segja, að hún var að miklu leyti samhljóða hjá báðum, og sé ég ekki ástæðu til að svara henni nema með einni röksemd. Þeir benda réttilega á illt árferði, og verður því ekki mótmælt, að tímarnir eru erfiðir. En þetta, sem hér er um að ræða, leiðir beint af því, sem áður hefir verið gert. Þeir, sem réðu hér málum 1918 og slitu ríkissambandinu við Dani, sviptu okkur um leið Carlsbergssjóðnum, sem áður hafði haldið hér uppi nokkurri *vísindastarfsemi*, kostað ferðir Þorvalds Thoroddsens o. s. frv. Af því að við verðum pólitískt sjálfstæð þjóð má nú ekki leiða, að við verðum menningarlega ósjálfstæðir. Við megum ekki þar fyrir láta niður falla nokkurn þátt í okkar andlega lífi, því að ef við gerum það, viðurkennum við um leið, að við getum ekki verið pólitískt sjálfstæðir. Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. lýstu yfir því á þingi 1928, að eftir 1943 myndu Íslendingar taka utanríkismálin í sínar hendur. Þetta getur nú ekki kostað okkur minna en 600—700 þús. kr. á ári. Ég er ekki með þessu að afsanna, að erfitt sé að bera þær byrðar, sem hér er um að ræða. En eins og þjóðin komst að þeirri niðurstöðu fyrir 8 árum, að við yrðum að taka að okkur utanríkismálin, þótt dýrt myndi reynast, eins verðum við nú að horfast í augu við þá nauðsyn að halda hér uppi listum og menningarlífi.

Út af því, sem hv. þm. Dal. sagði, að ef frv. yrði samþ., þá yrði upphæðin að koma á fjárl., er það að segja, að ég býst við, að það sé rétt. En með því að frv. er mjög skammt á veg komið, býst ég við, að menn myndu sættast á, að það þyrfti ekki að koma í fjárl. að þessu sinni, því að þótt það næði samþykki á þingi, þá eru líkur til, að það yrði ekki búið í Nd. fyrr en fjárl.umr. væri lokið.

Hv. 1. þm. Skagf. stingur upp á því, að ríkið leggi sjóðnum til ákveðna upphæð árlega, og kemur það að sjálfsögðu í sama stað niður fyrir málefnið. En ég hefi nú þeitt mér fyrir hinu í n., og ég get fullyrt, að þessar 50 þús. kr. hefðu ekki verið samþ. 1928 sem fast tillag úr ríkissjóði. Ef það yrði nú, þá væri það bara af því, að þessi fjárveiting er áður komin á. Hinsvegar vil ég ekki beita mér fyrir þeirri aðferð, því að það myndi setja málið í meiri hættu en það er í nú. Og ég sé ekki ástæðu til að vera á móti þessu tillagi til menningarsjóðs, þótt það sé fengið af sektarfé. Það er með þetta fé eins og rómverska peninginn, sem Vespasianus keisari sagði, að væri jafngóður í ríkissjóðinn, hvernig sem hann væri fenginn. Og þó að sumum þyki það leitt, að ríkið skuli hafa áfengið að einni sinna stærstu tekjulinda, þá ber á það að líta, að svo er víða annarsstaðar. Okkur hv. 1. þm. Reykv. má vera það eftirminnilegt, er við skoðuðum Carlsbergsverksmiðjurnar og síðan listasöfnin, sem komið hafði verið upp fyrir fé þessa fyrirtækis, og sáum, hvernig Danir láta gróðann af ölinu renna til lista og vísinda, því að um ölverksmiðjurnar Tuborg gegnir svipuðu máli og um Carlsberg. Það hefði ekki verið viðlit að veita öðrum eins peningastraumi til vísinda og lista í Danmörku og gert hefir verið, ef ekki hefði fengizt fé frá þesum fyrirtækjum. Ég get t. d. bent á, að Carlsbergssjóðurinn veitti Frederiksbergi 90 þús. kr. til eins einasta listaverks, sem á að standa þar í sundhöll einni, sem reisa á í sumar. Út um alla Danmörku er dreift listaverkum, sem gerð eru fyrir þá peninga, sem Carlsberg hefir upp úr sínu öli. Ef þessi sjóður hefði ekki verið, myndi ekki hafa fengizt fé til kaupa á þessum listaverkum. Ég get í þessu sambandi minnt á, að á einu af mínum fyrstu þingum fór ég fram á 2000 kr. fjárveitingu til kaupa á málverki eftir Ásgrím Jónsson, en það var fellt. — Norðmenn leggja mikið af áfengisgróða sínum beint til íþróttamálanna. Þeir gera það bókstaflega til að friða samvizku sína. Þegar ekki er hægt að komast hjá því að hafa vín í landinu, svo skaðlegt sem það er, er eins og menn vilji gefa til guðsþakka með því að leggja ágóðann af því til menningarmála.

Ég sé af bendingu, sem ég fékk áðan, að réttara muni vera að leggja fram skrifl. brtt., og mun ég gera það.

Magnús Guðmundsson: Ég skal ekki fara út í það, hvað verða kann eftir 1940. Það væri víst of mikið kjarkleysi að halda, að það riði okkur að fullu, þótt á okkur bættust 600—700 þús. kr. á ári, þegar stjórnarfl. hafa hækkað gjöldin um 1½ millj. kr. í fyrra, en 2 millj. árið áður.

Hv. þm. S.-Þ. svaraði fyrirspurn minni ekki beint, en ef ég hefi skilið hann rétt, áleit hann heppilegra að hafa frv. eins og það er, til þess að slá ryki í augu fólks, þannig að það tæki síður eftir fjárframlaginu. Ef menn eru yfirleitt svo heimskir að láta blekkjast af sliku, er það ef til vill heppilegra frá hans sjónarmiði, en ég vil heldur segja hlutina eins og þeir eru.

Fé Carlsbergssjóðsins á ekki að líkja við fé það, sem fengið er fyrir lögbrot, því að rekstur sjóðsins er að öllu leyti löglegur. En hér á að lífa á þeim gróða, sem hlýzt af brotum á áfengislöggjöfinni. Þetta er ákaflega óviðkunnanlegt, eins og hv. þm. hlýtur að sjá, og ég skil, að hann muni vilja fara með þetta í felur gagnvart listamönnum. En margir munu þó sjá í gegnum það.

Hv. þm. segir, að jafnan hafi lítið verið látið af mörkum við listamenn. Ég held, að við höfum, eftir okkar getu, látið meira en nokkur önnur þjóð. 50 þús. kr. á ári svara til þess, að Danir létu $1^1/_2$—2 millj. á ári. Ég er viss um, að það myndi mæta mótmælum, ef í Danmörku væri flutt till. um slíkt framlag. En við höfum heldur ekki sjóð eins og Carlsbergssjóðinn, sem lætur nær milljón kr. á ári til vísinda og lista.

Mér þykir þetta mál of lítilfjörlegt til að taka upp í því sambandi deilur um það, hve miklu sé dembt á ríkissjóð með ýmsum hætti, því að sú upphæð, sem hér um ræðir, getur aldrei riðið honum að fullu.

Guðrún Lárusdóttir: Ég hefi áður hreyft því hér í d., að óviðfelldið sé, að menningarsjóður eigi tilveru sína undir því, að menn brjóti l. landsins. Ég fagna því þeirri brtt., að ríkissjóður greiði til hans beint af óskiptu þá upphæð, sem um er að ræða. Ég tel það mikla afturför, ef menningarsjóður leggst niður, enda þótt allmargir hafi látið í ljós óánægju yfir sumum bókunum, sem hann hefir gefið út.

En það var þó annað, sem kom mér til að standa upp, sem sé orð hv. 1. þm. Eyf. Hann tók það skýrt fram, að minna væri nú drukkið í landinu en áður en nýju áfengisl. voru sett. Mér þætti gaman að vita, á hverju hann byggir það. Á síðastl. hausti var flutt hér í útvarpið grg. um áfengismálin, samanburður á ástandinu fyrr og nú. Þar kom það greinilega fram, að drykkjuskapur hefir ekki minnkað, heldur stórvaxið. Væri raunar óskandi, að hitt væri satt, en því fer fjarri, að svo sé. Ég vildi óska, að hv. þm. kynnti sér þetta mál rækilega, áður en hann fullyrðir aftur, að vínnautn hafi minnkað.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. S.-Þ. svo hljóðandi:

„2. gr. orðist svo: 3. gr. laganna falli niður.

Þar sem brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifl., verður að leita afbrigða til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 294) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þessi stofnun, sem hér ræðir um, er að því leyti frábrugðin öðrum stofnunum, að ær og kýr hennar eru lögbrotin. Ef lögbrotum fækkar, visnar hún, en fjölgi þeim, þenst hún og útnar út, eins og púkinn í fjósinu við blótsyrðin. Ég hann illa við slíkar sveiflur á ekki óvirðulegri stofnun en menningarsjóður er, og enda þótt ekki finnist lyktin af peningunum, eins og Vespasíanus sagði við Títus son sinn, þá finnst mér það óviðfelldið, að þessi sjóður skuli beinlínis eiga að lífa á lögbrotum og brennivíni. Ég get fallizt á það, sem hér hefir verið talað um af hv. 1. þm. Skagf., að láta ákveðna upphæð af almennum tekjum ríkissjóðs renna til þessarar stofnunar.

Hv. 1. þm. Eyf. taldi heppilegt, að n. væri kosin til að úthluta persónustyrkjum. Þetta getur verið og getur verið ekki, og það fer vitanlega eftir því, hverjir í þá n. veljast, og hér er ekkert smáræði, þar sem er hálft hundrað þúsunda á einu bretti.

Kaup á listaverkum getur þingið vitanlega falið sérstökum mönnum, og þá getur það tekið upp á fjárlög, hve miklu skuli verja til þess, ef því sýnist svo. En þótt þessar n. séu, þá hefir það verið svo og verður þannig eftirleiðis, að þingið sjálft veitir alltaf meiri eða minni persónustyrki, en úr því þessum stjórnum er ætlað svo mikið fé, þá vil ég, að þingið sé losað við að veita annan styrk til listamanna. Hv. 1. þm. Eyf. talaði um fjárhagsvandræði ríkissjóðs og taldi, að ríkissjóður væri að sligast undir gjöldunum. Hann beitti sér á móti því, að berklavarnagjaldinu væri létt af, vegna þess að ríkissjóður mætti ekki missa af þeim tekjum. Mér finnst, að það gæti verið heppileg leið, að þingið hætti að veita persónulega styrki til listamanna, og láta þessa nefnd fá ákveðna upphæð til yfirráða í því skyni, en mér þykir þetta of mikið fé, en ef það væri um 40 þús. krónur, fyndist mér það nær sanni. En það er sennilega þýðingarlítið um slíkt að deila. Ég býst við, að þetta mál hafi verið þannig undirbúið, að hv. þdm. hafi komið hingað með ákveðnum huga um það, hvernig þeir greiddu atkv. í því.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Það eru aðeins fá orð, sem ég vil segja út af þeim skoðanamun, sem er hjá okkur hv. 1. þm. Skagf. um fjáröflunarleiðina, sem aðallega er sektirnar. Hann hélt því fram, að ég myndi gera ráð fyrir, að hægra yrði að koma málinu áleiðis á þann hátt heldur en með því að taka fé úr ríkissjóði með beinu ákvæði í fjárlögum. Án þess að ég játi þessu eða neiti, þá vil ég benda á, að fram að þessu hefir Alþingi orðið að beygja sig fyrir því, að það er léttara að ná tekjum með tollum heldur en með beinum sköttum. Ég býst við, að þeir séu margir, sem játa, að það ætti heldur að taka skattana þannig, að leggja þá á eftir efnum og ástæðum manna, heldur en að leggja tolla á þær vörur, sem almenningur þarf að kaupa. Það er alkunnugt, að jafnaðarmenn hafa haldið þessu fram, og margir ungir menn hafa slegið því föstu, að ekki eigi að leggja á tolla, en niðurstaðan hefir orðið sú, að menn lenda samt á tollaleiðinni, þótt það sé á móti vilja þeirra, af því að hún er greiðfærari. Um þetta eru til ýms dæmi úr skattamálasögunni.

Hér hefir verið á ferð frv. til l. um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, og þeir menn, sem um það höfðu að fjalla, komust að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unnt að ná tekjum fyrir þessa sjóði með beinum sköttum, heldur yrði að fara hina leiðina. Þessi lausn á máli því, er hér liggur fyrir, er kannske ekki góð, en hún

er studd af reynslu okkar sjálfra og annara þjóða, sem nota sér áfengið í þessum efnum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 294 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 295, 301).

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Það kom í ljós eftir 2. umr., að gera þurfti smábreyt. á frv., sérstaklega í sambandi við þá breyt., sem gerð var á upphaflegu lögunum 1929 og voru lagfæringar á smíðagöllum. Breyt. eru ekki aðrar en sú, sem gerð var við 2. umr., þegar samþ. var að fella niður útgáfustjórn og að menntamálaráðið skyldi sjálft hafa með þetta að gera. Af því að hér er aðeins um formsbreyt. að ræða, en ekki efnisbreyt., sé ég ekk ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.
Brtt. 301,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 301,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 301,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 301,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 301,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, og l. nr. 55 14. júní 1929, um breyt. á þeim lögum.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 313).

Á 49. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 361).

***Sigurður Einarsson:** Eins og fram kemur í nál. á þskj. 361, hefir meiri hl. menntmn. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Sumir af nm. höfðu einnig átt þess kost að gera sér grein fyrir þessu máli í fjvn., og sumir okkar gera sér vonir um, að með því að hag menningarsjóðs verði komið á nokkurnveginn öruggan grundvöll, megi bægja frá þinginu ýmsum málaleitunum, sem því hafa borizt um styrki til allskonar lista og menningarstarfsemi.

Ég vil ekki draga dul á það, að ef verulegur árangur á að verða af því, að menningarsjóður komi í stað þingsins að þessu leyti, svo að menn venjist á að snúa sér til menningarsjóðs með styrkbeiðni í stað þingsins, þá verður að taka þetta mál föstum tökum og koma sjóðnum á það tryggan grundvöll, að það sé víst, að hann hafi árlega allmikið fé til sinnar starfsemi. Ég geri hinsvegar ráð fyrir, að ef þetta verður samþ. og engar ráðstafanir verða gerðar til þess að beina frá þinginu til menningarsjóðs ýmiskonar styrkbeiðni, þá muni þetta valda auknum útgjöldum á þessu sviði, en ekki sparnaði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég er sem sagt á þeirri skoðun, að ekki verði hjá því komizt að veita þetta fé, þar sem tekjur sjóðsins hafa þorrið jafngríðarlega undanfarin ár eins og raun ber vitni um, þar sem þær eru ekki nema tæpur þriðjungur af því, sem þær voru, þegar þær voru mestar.

***Pétur Ottesen:** Þar sem afstaða fjvn. var dregin inn í umr. um þetta mál, þá vil ég láta það koma fram, að það varð engan veginn óskipt niðurstaða í n. Það var meiri hl. n., sem lagði til, að frv. yrði samþ. Ég heyrði það á hv. 9. landsk., að hann gerir ráð fyrir því, að með samþykkt þessa frv. muni draga úr þeirri kvöð, sem hvílt hefir á fjárveitingavaldi þingsins á hverjum tíma um styrk til ýmiskonar listastarfsemi og menningarstarfsemi. Við höfum reynslu fyrir okkur í þessu efni. Þegar fyrst var farið að veita skáldastyrk hér á þinginu, var byrjað með því að veita hann út á nöfn einstakra manna. Svo þótti þetta ófær leið, og til þess að girða fyrir frekari aukningu í þessu efni, var veitt ein upphæð á fjárl., sem vissir aðiljar áttu að úthluta. Þetta reyndust heldur ekki öruggar hömlur á áframhaldandi styrkveitingu á fjárl. í þessu efni, því að síðan hafa svo að segja á hverju þingi verið veittir styrkir sem verðlaun fyrir skáldskap og ýmiskonar listir þrátt fyrir þetta.

Þá má ennfremur benda á það í þessu sambandi, að styrkur til framhaldsnáms stúdenta var upphaflega veittur út á nafn hvers og eins; svo átti að fara inn á þá braut að veita ákveðna upphæð á fjárl., sem menntamálaráð hefir upp á síðkastið átt að úthluta, en þrátt fyrir þetta hvíla enn sömu álögur á fjárveitingavaldinu. Þetta út af fyrir sig mun ekki draga neitt úr styrkumsóknum til fjárveitingavaldsins. Ég vil aðeins benda á það, að það er ákaflega hættuleg braut, sem farið hefir verið inn á, að binda með lögum tekjur ríkissjóðs, hvort sem þeirra er aflað með tollum, beinum sköttum eða með rekstri einstakra stofnana; þetta er hættulegt vegna þess, að ef meðferð fjármálanna hér á landi væri heilbrigð, þá ætti að miða fjárveitinguna við afkomu landsmanna í heild, en eins og þessum málum er nú komið, þar sem verið er að binda meginþorrann af árlegum tekjum ríkissjóðs, er gengið inn á þá háskabraut, sem hlýtur að leiða til ófarnaðar fyrir okkur í fjármálunum í framtíðinni, og sá mesti fjármálavoði, sem við höfum nokkurntíma mætt, á m. a. rót sína að rekja til þess, hversu mjög er búið að binda fyrirfram fjárveitingamöguleikana á Alþingi á hverjum tíma.

Þetta vil ég láta koma fram í sambandi við

þetta frv., sem er fullkomlega rétt mynd af þessari háskabraut í fjármálunum, sem farið hefir verið inn á.

***Sigurður Einarsson:** Ég vil vona, að hv. þdm. hafi ekki skilið orð mín svo, að ég hafi átt við, að fjvn. hafi verið einróma samþykk þessu frv. Ég átti vitanlega við meiri hl. — Ég vil svo aðeins segja það, að þetta mál gefur ekki tilefni til þess að fara út í viðtækar hugleiðingar um fjármálastefnu undanfarinna ára. Sú upphæð, sem hér um ræðir, er ekki svo stór, að á henni velti öll afkoma ríkissjóðs á hverjum tíma. Hitt er rétt, að það er náttúrlega varhugavert að binda stóra hl. ríkisteknanna fyrirfram um ófyrirsjáanlegt árabil. Það er von þeirra, sem standa að þessu frv., að með því verði hag menningarsjóðs komið í betra horf, og þá muni unnt og a. m. k. forsvaranlegt að vísa frá Alþingi ýmsum beiðnum, sem drífur að á hverju ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 421).

---

26. Vélfræðikennsla.

Á 8. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um kennslu í vélfræði (þmfrv., A. 37).

Á 10. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta mál er hv. þdm. kunnugt frá síðasta þingi. Það var þá flutt af sömu n. og nú, að beiðni hæstv. atvmrh., eins og nú, ásamt fleiri frv. líks efnis, og er þess að vænta, að þessi mál nái nú fram að ganga. Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í efni frv., þar sem svo skammt er liðið frá því, að frv. lá fyrir þessari hv. d., og er þar af leiðandi hv. þdm. kunnugt. Því voru þá gerð greinileg skil við 1. umr., og síðan var það vendilega yfirfarið af n., sem gerði við það aðeins eina smávægilega brtt., sem nú hefir verið færð inn í frv. N. mun að sjálfsögðu fylgjast vel með málinu og vill hafa um það óbundnar hendur að koma með brtt. við frv., ef henni svo sýnist, en hinsvegar telur hún ekki þörf, að því sé vísað til n., þar sem það er komið frá n. Þetta mál er sérfræðilegt, og er um það, hvernig haga skuli kennslu í meðferð eimvéla og mótorvéla. Frv. sameinar allmörg gildandi lög um þetta efni og felur í sér nokkrar breyt. á þeim í þá átt, að gera meiri kröfur um þekkingu til þeirra manna, sem frv. fjallar um.

Guðrún Lárusdóttir: Það var aðeins fyrirspurn til hv. n., hvort hún hefði nokkuð leitað álits Jessens, skólastjóra vélstjóraskólans, um þetta frv. Ég tel rétt, að það væri gert, að ekki væri gengið framhjá þeim manni, sem forstöðu veitir þeim skóla, er frv. snertir svo mjög, og manni, sem alkunnugt er, að stendur mjög vel í stöðu sinni.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Út af fyrirspurn hv. þm. vil ég taka það fram, að n. hefir að vísu ekki kallað skólastjóra vélstjóraskólans á sinn fund, en hitt er n. kunnugt, að hann hefir fylgzt með þessu frv. og undirbúningi þess, því n. hefir látið senda honum frv., og sá maður í n., sem er sérfræðingur í þessum efnum, hefir oftar en einu sinni farið á fund skólastjórans til þess að ræða við hann um frv., en mér er ekki kunnugt um, hvort þá kann að hafa greint á um einstök atriði þess, því það skal játað, að n. hefir ekki kallað hann á sinn fund.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Við 1. umr. var nokkur grein gerð fyrir því, hvernig frv. þetta er til orðið og hvert markmið þess er. Ég veit ekki, hvort hv. þdm. telja það svo nauðsynlegt, að efni þess sé rakið lið fyrir lið. Það var gert allrækilega í grg., sem fylgdi frv. á síðasta þingi. Eins og frv. liggur fyrir, er með því steypt saman í eitt nokkrum gildandi lögum, t. d. sérstaklega lögunum um vélstjóranám, um mótorfræðinám og um raffræðinám. Breyt. í þessu frv. frá því, sem er í eldri lögum, eru ekki ýkjamiklar; t. d. held ég, að ákvæðin um raffræðikennsluna séu að mestu leyti óbreytt. Þótti ekki ráðlegt að breyta þeim lögum, þar sem þau eru alveg nýlega komin til framkvæmda, og því engin reynsla fengin um þau, er geti gefið bendingar til að breyta þeim, og þarf ég því ekki að fara mörgum orðum um þann kafla frv., en kennsla þessi er framkvæmd við vélstjóraskólann. Aftur á móti er gert ráð fyrir miklu fullkomnari kennslu í mótor- og vélfræði en samkvæmt gildandi lögum. Nú er farið að nota mótora í miklu stærri skip en áður, því nú eru þeir orðnir yfir 400 hestöfl að stærð. Það er álitið, að kennslu í vélstjóraskólanum hafi í þessari grein verið nokkuð ábótavant, sem eðlilegt er, því lögin um þá kennslu eru frá þeim tíma, sem ekki þekktust nema miklu smærri mótorar en nú. Nú hefir reynslan sýnt, að í stað eimvélanna eru að koma stórar mótorvélar eða disilvélar, og er því nauðsynlegt, að skólinn veiti fyllri þekkingu um meðferð þeirra. Vélstjóraskólinn er nú kominn í það horf, sem ég býst

við að hann starfi fyrst um sinn. Hann starfar í 4 bekkjum. 2 bekkirnir eru fyrir eimvéla- og mótornám, einn bekkurinn er fyrir minni mótorvélar allt að 300 hestafla, og svo er fjórði bekkurinn fyrir rafmagnskennslu. Það er nú algengt orðið að nota rafmagn í skipum bæði til ljósa o. fl., og er því talið nauðsynlegt, að skólinn veiti kennslu í þeim efnum. Einnig er í frv. gert ráð fyrir, að sú kennsla verði og fyrir svonefnda rafvirkja, sem vinna á landi, þó reynslan eigi eftir að skera úr því, hvort þeir, sem það nám stunda, geta setið í sama bekk og hinir. Í frv. er einnig gert ráð fyrir nokkuð aukinni tungumálakennslu, og er það gert með tilliti til aukinna ferða hinna íslenzku skipa til útlanda. Verður að álítast nauðsynlegt, að vélamennirnir geti bjargað sér í málum þeirra landa, er skipin aðallega sigla til. Annars má segja um frv., að það fjalli um sérfræðilegt efni, þar sem er meðferð mótora og véla, sem þeir einir geta bezt um dæmt, hve nauðsynlegt er, sem sérþekkingu hafa á þeim efnum, en eins og ég hefi drepið á, hefir frv. verið samið af slíkum mönnum með hliðsjón af þeim lögum, er gilda í nágrannalöndunum um þau mál.

Þá skal ég fara örfáum orðum um kostnaðarhlið frv. Mér skilst sem nokkur uggur sé í vissum dm. um það, að frv. hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég vil þá taka það fram, að eins og frv. ber með sér, þá er gert ráð fyrir því, að fiskifélagið hafi áfram kennslu í meðferð hinna minni mótorvéla og annist próf í þeim fræðum, er snerta mótorvélar, sem eru allt að 400 hö. að stærð. Verður að álíta það heppilegasta og ódýrasta fyrirkomulagið, a. m. k. fyrst um sinn, þar sem fiskifélagið hefir þegar undirbúið sig með að hafa þessa kennslu, bæði með því að það hefir sérfræðing í þessum fræðum og gott húsnæði bæði fyrir kennsluæfingar og próf. Hefði þurft að flytja þennan þátt kennslunnar til vélstjóraskólans, mundi það hafa aukið kostnaðinn mjög mikið vegna aukinna kennslukrafta og húsnæðis, en úr því þess þarf ekki, þá verður kostnaðaraukinn áreiðanlega sáralítill. Nákvæmlega er ekki hægt um það að segja fyrr en reglugerð um kennsluna hefir verið samin, en n. álítur, að kostnaðaraukning verði ekki veruleg. Ég vil með leyfi hæstv. forseta gera samanburð á kostnaðaráætlun skólastjóra vélstjóraskólans og áætlun fjárlagafrv. um kostnað við skólann. Til stundakennslu eru í áætlun skólastjórans 9700 kr., en í fjárlfrv. 9200 kr., til prófstarfa áætlar skólastjóri 2200 kr., en í fjárlfrv. eru 1000 kr. til þeirra ætlaðar. Þessi liður er þó ekki hækkaður vegna breytinga þeirra, sem frv. gerir ráð fyrir, heldur er þessi kostnaður áætlaður samkvæmt reynslu undanfarinna ára. Aðrir liðir eru svipaðir í báðum áætlununum.

Hita, ljós og ræstingu áætlar skólastjóri kr. 2900, en eftir fjárlfrv. kr. 2500. Húsnæði skólastjóra áætlar hann 3000 kr., í frv. er sú upphæð eins. Ýms gjöld og áhaldakaup eru eins í báðum áætlununum. Áætlun skólastjóra er samtals kr. 18900, en á fjárlfrv. 16800. Fyrir utan þennan kostnað eru laun skólastjóra og tveggja annara fastra kennara kr. 13200. Kostnaður við skólann verður þá eftir áætlun skólastjóra kr. 32100, en eftir fjárlfrv. 30000 kr. Fyrir þessum mismun gerir skólastjóri nokkra grein í bréfi, dags. 4. febr. síðastl., sem ég vil leyfa mér að lesa:

„Eftir móttöku bréfs hins háa stjórnarráðs, dags. 30. jan. 1936, vil ég taka það fram, að ekki er unnt að starfrækja skólann með þeim upphæðum, sem honum eru veittar með 14. gr. B. VIII. núgildandi fjárlaga, og samtímis starfa samkv. reglugerð skólans. Eigi skólinn að starfa samkv. reglugerðinni, nemur skorturinn kr. 2500, þar af kr. 2200 til prófstarfa og kr. 300 til eldsneytis sökum hins langvinna kulda.“ — Hækkun þessi byggist því ekki, að því er mér skilst, á breyt. vegna þess frv., er hér liggur fyrir, enda er, eins og ég gat um, ekki hægt fyrr en reglugerð um kennsluna verður samin að sjá það, hvort eða hve mikið stundakennslan kann að aukast.

Ég taldi nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir kostnaðarhlið frv., af því mér virtist sem nokkur ótti væri í sumum hv. þdm. um, að hér væri verið að reyna að lauma inn auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð, sem sjútvn. hefði viljað þegja um. Að mínu áliti eru slíkar meiningar algerlega ómaklegar.

Ég þarf svo ekki miklu meira um frv. að segja; ég óska f. h. sjútvn., að málið fái sem fljótasta afgreiðslu í hv. d. og geti komizt til hv. Nd., því þetta er eitt af þeim málum, sem að mínu viti þarf að ljúka á þessu þingi. (MG: Hve lengi á skólinn að starfa árlega? Hann er í frv. kallaður ársskóli). Mér vitanlega er ekki gert ráð fyrir því, að hann starfi nema 7 mánuði á ári. (MG: Það stendur í frv., að skólinn eigi að starfa frá 1. okt. til 30. sept.). Já, það er rétt, en í reglugerðinni á að ákveða sumarfrí skólans, og um það, hve langt það verður, er ekki hægt að segja ákveðið að svo stöddu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 15. og 17. fundi í Ed., 4. og 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Ed., 11. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 37, 118).

*Frsm (Sigurjón Á. Ólafsson): Sjútvn. hefir leyft sér að bera fram vatill. á þskj. 118, og er þar gert ráð fyrir því, að sett sé í frv. ákvæði um það, að ríkissjóður greiði eftir samningi við Fiskifélag Íslands kostnaðinn við námskeiðin, þó ekki yfir 4000 kr. árlega. En samkv. frv. á fiskifélagið að annast vélfræðikennsluna á mótorum í fyrsta lagi fyrir alla vélfræði upp í 150 hestöfl á þeim stöðum úti um land, sem nauðsyn ber til, og hið meira mótorapróf, sem aðeins er haldið í Rvík, og á þar að kenna að fara með mótora, sem eru frá 150—400 hestöfl. Af

þessu leiðir kostnað fyrir fiskifélagið, og því ekki nema eðlilegt, að það fái að einhverju leyti greiddan kostnaðinn, og það hefir verið talið rétt, að það komi inn í frv. Ég skal geta þess, að við nm. höfum rætt um þetta við hæstv. fjmrh., og hann er þessu samþykkur og álítur þetta heppilegri leið heldur en að það væri áætlaður árlega styrkur til fiskifélagsins.

Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta. Ég vænti því, að hv. d. geti fallizt á þetta, þar sem hér er um að ræða kennslu, sem hefir verið greitt fyrir áður, en það er talið heppilegt, eins og nú standa sakir, að fiskifélagið annist hana.

ATKVGR.
Brtt. 118 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 137).
Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 389).

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Eins og nál. frá sjútvn. ber með sér, er frv. komið frá hv. Ed., og var það samið af mþn., sem hafði með þessi mál að gera, og áttu sæti í henni Friðrik Ólafsson, Sigurjón Ólafsson og Þorsteinn Loftsson.

Þetta frv. var borið fram á síðasta þingi, en það náði þá ekki fram að ganga. Svo var málið aftur borið fram af sjútvn. hv. Ed., og voru gerðar á því nokkrar breyt. í samræmi við álit þeirra, sem fluttu frv. í byrjun. Nú er svo komið, að sjútvn. Nd. hafa borizt ýms plögg frá hinum og öðrum aðiljum, bæði frá vélstjórum, rafvirkjum og mönnum, sem ganga á vélgæzluskóla. Allir þessir aðiljar benda á ýmislegt, sem þeir fyrir sitt leyti óskuðu frekar, að væri öðruvísi en í frv. er, en þó hygg ég, að óhætt sé að segja að sá aðilinn, sem mest hefir að segja í þessu efni, Vélstjórafélag Íslands, muni sætta sig við, að málið fari í gegn í þessum búningi frekar en að það nái ekki fram að ganga. Að öllu þessu athuguðu hefir það orðið að samkomulagi í sjútvn. að mæla með frv. óbreyttu, þó að einstakir hv. þm. áskilji sér hinsvegar rétt til þess að vera með brtt., ef þeim þætti þess þörf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 449).

27. Vegalagabreyting (frv. JJ og JBald).

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 204).

Á 33. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Af vissum skiljanlegum ástæðum mun ég ekki tala langt mál um þetta frv. — (Þingmaðurinn var mjög hás) — Þó vil ég fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum.

Í frv. er sérstaklega um að ræða tvö merkileg atriði. Annað er Suðurlandsvegurinn, sem ég geri ráð fyrir, að verði hér nokkru nánar ræddur af öðrum. Hitt er ýmsar smærri breyt., sem ná til kjördæma víðsvegar um landið. Hafa þar verið teknar upp ýmsar till. einstakra þm., sem líkur eru til, að verða myndu til bóta, en sleppt öðrum, sem vafasamt er, að yrðu til bóta. T. d. hefir hv. þm. Snæf. óskað eftir, að 4 vegir í kjördæmi hans yrðu gerðir að ríkisvegum, en á það höfum við ekki getað fallizt, því að við álítum það myndi verða afturför frá því, sem nú er.

Viðvíkjandi fyrsta veginum, sem nefndur er í frv., vil ég benda á það, að vegamálastjóri hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að vegurinn um Þrengslin myndi kosta um 700 þús. kr., og myndi þó ekki verða notaður nema sem vetrarvegur. En þar sem þess er gætt, að þetta bara verður vetrarvegur, og mjög dýr, og auk þess undir mikilli snjóhættu, verður að telja, að hann sé ekki sérstaklega heppilegur. Hefir því komið fram uppástunga um, að vegurinn ætti heldur að liggja meðfram ströndinni, þar sem snjóþyngsli eru minni. Getur nú ríkisstj. valið um, hvort hún vill heldur byrja á veginum um Þrengslin eða ráðast í snjólausu leiðina meðfram sjónum. Ég held, að með þessu frv. sé stj. í fyrsta sinni gefinn kostur á að taka upp heppilegri vetrarveg en um Þrengslin. Annars vil ég ekki orðlengja um þetta mál að sinni, en legg til, að því verði vísað til samgmn.

***Jón Baldvinsson:** Það má segja, að því nær á hverju þingi séu fluttar till. um breyt. á vegal. Menn vilja láta lögfesta sem ríkisvegi hinar og aðrar brautir, sem þeir kunna að hafa sérstakan áhuga fyrir. Hefir þetta venjulega byrjað svo, að einn þm. hefir borið fram till. um vegarspotta

handa sínu kjördæmi, og svo hafa allir komið og hengt sig aftan í, þar til till. þessar voru orðnar margar bls. En þetta frv. er frábrugðið því, sem venjulega hefir verið. Við hv. þm. S.-Þ. höfum tekið þann kost að taka allmarga vegi upp í frv., og geri ég ráð fyrir, að menn muni geta verið ánægðir með það, það sem það nær. En eins og hv. þm. S.-Þ. tók fram, teljum við mikilvægasta till. um að lögfesta leiðina um Hafnarfjörð, Krýsuvík og Selvog austur í Ölfus.

Að því er snertir vegal. og vegagerð í landinu, hefir langmest verið um það rætt, hvernig tryggja mætti samgöngur milli hinna fjölmennu bæja við Faxaflóann og hinna fjölmennu sveita á Suðurlandsundirlendinu með góðu vegarstæði, sem gæti verið fært bæði vetur og sumar, svo að duttlungar veðursins þyrftu ekki að ráða því, hvort hægt væri að halda uppi samgöngunum eða ekki. Viðskipti þarna á milli eru nú orðin svo mikil, að full þörf er á daglegum samgöngum, sem hægt sé að halda uppi allan ársins hring. Ég efast um, að nokkurntíma hafi verið stungið upp á möguleika til að tryggja þessar samgöngur á eins heppilegan hátt og í þessu frv. Þó að ég sé ekki sjálfur kunnugur þessari leið, hefi ég átt tal um hana við kunnuga menn, sem segja mér, að síðan 1882 hafi ekki fest þar snjó. Þessi leið, sem fyrst og fremst hefir verið hugsuð sem vetrarvegur, er að vísu nokkuð löng, en þegar þess er gætt, hve oft er erfitt að komast yfir Hellisheiði, ætti það að vera tilvinnandi að leggja jafnvel helmingi lengri veg. Það er kunnugt, að Hellisheiði er oft ófær *í veðraham á vetrum, og jafnvel þótt slarkfært* sé, eru bílar marga klukkutíma að brjótast yfir heiðina frá Kömbum og vestur að Kolviðarhól, svo að þótt þeir yrðu að fara margfalt lengri snjólausa leið, myndi það oftast taka miklu skemmri tíma.

Raunar hefir fleira verið hugsað í þessu máli en það eitt að tryggja samgöngurnar við Suðurlandsundirlendið. — Margir segja, að þó að Hellisheiði sé ófær, þá myndi oftast vera hægt að fara Þingvallaveginn, ef hægt væri að koma honum í samband við Ölfusið, því að þar myndi oftast snjólaust. Þetta er nú lítið styttri leið en vegurinn suður með, en auk þess hefir þessi fyrirhugaða leið þann kost, að hún liggur svo að segja öll um ræktanlegt land. Þarna eru byggðir, og eru líkur til, að þar rísi upp allmörg býli, ef ræktun verður aukin. Yfirleitt finnast mér svo margar stoðir renna undir þessa till., að sjálfsagt sé, að Alþingi samþ. hana.

Ég vil ekki rekja alla þá vegakafla, sem stungið er upp á að taka í tölu þjóðvega. Ég skal játa, að þó að ég sé flm. að þessu frv., er ég ekki nauðakunnugur öllum brautum, sem þar koma til greina, þótt ég hinsvegar hafi tekið trúanlegt það, sem mér hefir verið sagt. Ég er þó nokkuð kunnugur svokölluðum Útnesvegi, sem liggur frá Ólafsvíkurvegi og ætlazt er til, að nái út á Sand. Þetta er alllangur vegur, og lengstur hluti hans þyrfti ekki fyrst um sinn að vera nema ruðningur. Liggur leiðin yfir hraun, svo að líkur eru til, að skemmdir á veginum yrðu ekki miklar og viðhald ódýrt. En við þetta kæmust Sandur og Ólafsvík í vegasamband, en þar eru, eins og kunnugt er, á annað þús. manns. Við þetta myndu líka margar verstöðvar komast í vegasamband. Er því meiri nauðsyn á slíkum vegi sem samgöngur á sjó eru þarna erfiðari, og segja má, að hafnargerð sé þarna lítt vinnandi verk vegna kostnaðar. En landvegur, sem flesta vetur væri fær til Borgarness, væri mikið hagræði fyrir þorpsbúa þessa, sem oft draga svo mikið verðmæti úr sjónum.

Ég vænti þess, að hv. samgmn. veiti þessu máli fyllstu athygli og láti ekki dragast að vísa því áfram. Ég teldi það skaða mikinn, ef málið næði ekki fram að ganga í aðalatriðum. Hinsvegar tek ég fúslega til greina brtt., sem á rökum eru byggðar.

Ég vil að lokum ítreka það, að ekki eru líkur til, að vegurinn um Þrengslin gefist betur en vegurinn um Hellisheiði, og eru líkur til, að hann verði jafnoft ófær og hinn. Því væri ekki úr bætt, þótt ráðizt væri í að leggja þann veg með ærnum kostnaði. Hinsvegar býður vegur sá, sem við stingum upp á, eins mikið öryggi og hægt er að krefjast, ef á annað borð er hægt að komast nokkuð út úr bæjunum fyrir snjó.

Gæti jafnvel verið mikill snjór í Mosfellssveit og hér í kringum Rvík og þó snjólaust á þeim slóðum, sem vegur þessi á að liggja um. Finnst mér engin ástæða til að rengja þaulkunnuga menn, sem segja, að þar hafi varla fest snjó síðan 1882.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 204, n. 284, 285).

***Frsm. (Jónas Jónsson)**: Samgmn. hefir orðið sammála um að mæla með frv., en einn hv. nm. hefir búizt við að koma með viðbótartill. til 3. umr. Er það hv. þm. N.-Ísf. *Ég mun því* ekki að svo stöddu tala ýtarlega um málið, enda var það gert við 1. umr., einkum að því er snertir þann liðinn, sem skiptir mestu máli, um að nota leiðina um Krýsuvík sem vetrarleið í stað þess að fara um Þrengslin. Um það atriði er ekki fullrætt, vegna þess að vegamálastjóri var ekki tilbúinn með sínar till. fyrir þessa umr., en hann lofaði n. að hafa þær til í dag eða á morgun. Ég mun því ekki án tilefnis minnast á þann kafla. En ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér við 1. umr., að í raun og veru er frv. undirbúið af mörgum þm., og má segja, að n. hafi rætt það við þm. úr hverju einasta kjördæmi og tekið tillit til óska þeirra um, hvaða vegi skyldi gera að ríkisvegum, og er þess því að vænta, að frv. fái fljóta afgreiðslu.

Þá ætla ég að minnast á nokkrar brtt., sem n. hefir orðið sammála um að gera við frv. — 1. brtt. er um að gera að þjóðvegum mjólkurvegi Flóamanna. Hefir vegamálastjóri sannfært n. um, að ekki sé hægt að búast við, að bændur í þessum sveitum standi undir viðhaldi

veganna á þessum leiðum. Vegir þessir eru vel gerðir, en mjög fjölfarnir, og hefir n. sannfærzt um, að heppilegra sé, að ríkið taki strax að sér viðhaldið á þessum vegum, sem standa undir a- og b-lið í 1. brtt. á þskj. 285.

2. brtt. er orðabreyt. um Gnúpverjaveginn, sem gerð er í samráði við vegamálastjóra og báða þm. Árn.

3. brtt. er gerð eftir ósk þm. Rang. Þetta er 7—8 km. vegarspotti, og er meir gert til samræmis en að það hafi verulega þýðingu.

Með 4. brtt. hefir n. tekið upp veginn frá Gerðum til Sandgerðis. Þessi breyt. verður að vísu töluvert dýr fyrir ríkið, eftir áætlun vegamálastjóra 7—8 þús. kr. á ári. Hinsvegar verður ekki séð, að það sé sanngjarnt, að þessi þorp verði alveg útundan. Þessi vegur er mikið farinn, einkum með fiskflutning, og viðhaldið því tilfinnanlega dýrt.

Þá er 5. brtt., um veginn frá Patreksfirði að Rauðasandi. Sá vegur er að mestu byggður af ríkissjóði á undanförnum árum, og er sæmilega gerður, en þarf þó nokkurt fé til viðbótar. Hefir einnig verið tekið tillit til þess, að sýslan hefir orðið útundan á undanförnum árum, og á Rauðasandi er þéttbýli, og þeim nauðsynlegt að fá vegasamband við Patreksfjörð, og þess vegna fannst n. þetta mjög sanngjarnt.

6. og 7. brtt. eru gerðar í samráði við þm. V.-Ísf., um að falla frá vegarspotta í Dýrafirðinum, en bæta heldur öðrum við í Önundarfirði, sem talið er, að hafi meiri almenna þýðingu.

8. brtt. er eftir till. þm. N.-Ísf., um að lengja það, sem kallað er Reykjarvíkurvegur, dálitið inn með Djúpinu, og bæta við spotta til vinstri frá Arngerðareyri að Laugabóli. Báðir þessir vegir eru eðlilegir, og sanngjörn ósk frá héraðinu, sem versta hefir aðstöðu til samgangna af öllum héruðum landsins, og því rétt að styðja þessa ósk þm.

9. brtt. er um að bæta við 3 km. spotta frá Skagaströnd að Hofi, sem er eðlilegt framhald út ströndina.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum. Það má heita, að alstaðar á landinu sé tekið tillit til þarfa fólksins, þó ekki sé hægt að verða við öllum óskum. Vænti ég því, að hv. þm. komi saman um, að orðið sé við sanngjörnum kröfum, og að ekki séu skiptar skoðanir um meginefni frv.

Magnús Guðmundsson: Af því að hér er á ferðinni frv., sem stórkostleg fjárframlög fylgja, vildi ég spyrja um, hvort það hefði verið borið undir fjvn., en svo mun vera fyrirmælt um frv., sem gera ráð fyrir fjárframlögum úr ríkissjóði. Mér hefir talizt svo til, að af samþykkt frv. mundi leiða ekki undir 100 þús. kr. hækkun á útgjöldum til vegamála á ári, því að viðbótin við þjóðvegina mun vera á annað þús. km., og þegar athugað er, að allir þeir þjóðvegir, sem nú eru, eru ekki nema á fjórða þús. km., sést, að hér er um gífurlega aukningu að ræða. Ég verð að segja, að ég er í efa um það gagn, sem af þessu fæst í náinni framtíð, þar sem ekki er sjáanlegt, að hægt verði að auka mikið fjárframlög til veganna frá því, sem nú er. En það má vel vera, að stjfl. sjái framundan möguleika til þess að hafa næga peninga, og þá er ekkert við þessu að segja. Ég vil samt nota tækifærið til þess að benda á, að á síðasta þingi, og eftir því, sem líkur eru til, að samþ. verði á þessu þingi, hafa fastir útgjaldaliðir fjárl. hækkað um rúmlega eina millj. króna. Er þó ekki reiknað með þeirri ¼ millj., sem búizt er við, að komi inn með benzínskattinum, en hann á að nota til vega, sem áður hvíldu á ríkissjóðnum. Því er rétt að leggja þessa ¼ millj. kr. við, og verður þá aukningin undir 1½ millj kr.

Ég neita því ekki, að það geti víða komið sér vel fyrir héruðin að koma af sér vegakostnaðinum á ríkissjóðinn, en hitt er athugandi, hvort það verður ekki meira í orði en á borði, þegar ekki eru líkur til, að í fyrirsjáanlegri framtíð verði hægt að leggja þá vegi, sem nú er verið að taka í þjóðvegatölu.

Ég skal ekki fremur en hv. frsm. fara út í að ræða leiðina um Krýsuvík. En ég vildi spyrja, hvort það sé ekki meiningin að leggja leiðina um Þrengslin niður. Um þá leið eru til l. frá 1932, en ég sé ekki, að frv. geri ráð fyrir, að þau l. séu numin úr gildi. Ef Krýsuvíkurleiðin er tekin upp til þess að þóknast héruðum austan heiðar, liggur nærri að spyrja, til hvers lögin frá 1932 voru sett. Náttúrlega er ekki dýrt að búa til svona pappírsvegarleiðir. En ég verð að segja, að ef ég ætti hlut að máli, mundi ég vera mjög óánægður yfir að eiga að búa við slíka pappírslagavegagerð. Ég mundi heldur vilja einn veg á landi en marga á pappírnum. Þetta vegamál austur yfir fjall er að verða hlægilegt og lítur út fyrir, af þessum sífelldu breytingum, að lítil alvara sé í þessu máli hjá þinginu. En sem sagt mun ég ekki fara út í að ræða syðstu leiðina fyrr en umsögn vegamálastjóra liggur fyrir.

Frv. þetta er í fullu ósamræmi við það, sem gert var á þingi í fyrra, því að þá var ákveðið að draga úr fjárveitingum til sýsluvegasjóðanna. En ef nokkur skynsemi á að vera í því að taka nýja vegi í þjóðvegatölu, þá hlýtur það að vera gert til þess að losa sýslurnar við vegakostnaðinn þar. Mér skildist, að hv. flm. segðist hafa ráðgazt við þm. um, hvaða nýja vegi skyldi taka upp í tölu þjóðvega, en ég sakna þess, að hann hefir ekki rætt það mál við mig að því er snertir vegi í minu kjördæmi. Ég mun því, ef mér sýnast líkur til, að frv. verði samþ., bera fram brtt. við 3. umr. um vegi í Skagafirði.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég ætla að svara hv. 1. þm. Skagf. með fáeinum orðum og vil þá fyrst víkja að því, að við flm. höfum ekki séð okkur fært að gera till. um að fella úr gildi l. um Þrengslaleiðina. Það hefir ekki enn þá unnizt tími til að rannsaka svo hina nýju leið, að það megi búast við, að ríkisstj. sjái sér fært að taka á móti lögum, sem loka fyrir það, að leiðin um Þrengslin verði notuð. Þess vegna finnst okkur flm. frv., að ef það nær samþykki þingsins, þá muni stj. láta rannsaka leiðirnar,

svo að nú í sumar verði hægt að taka ákvörðun um það, hvort nú eigi að leggja fé á yfirstandandi fjárlögum í gömlu leiðina um Þrengslin eða velja þessa nýju leið. Ég vona nú, að hv. 1. þm. Skagf. sjái, að það var ekki réttmætt að taka þetta fastari tökum.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að sér fyndist það illa samræmanlegt, að ég hafi verið með því í fjvn. í vetur að lækka nokkuð hámarksframlag til sýsluvega, en sé svo með því nú að stækka vegakerfi ríkisins. Ég gekk inn á það þá ásamt samnm. mínum, þar á meðal hv. 1. þm. Skagf., sem líka er í fjvn., sem litu svo á, að nú í bili væri það heppilegra að nota ekki að öllu álagningarmöguleikana í sýslunum. En eins og hv. þm. veit, nær þessi ákvörðun aðeins til yfirstandandi árs, og er þess vegna alveg laus frá því, hvort nú eða í framtíðinni sé hægt að leggja mikið eða lítið til vega. Það er rétt um sumt af þeim brtt., sem fluttar eru fram, eins og t. d. um Útskálaveginn eða Sandgerðisveginn, hann kostar vitanlega töluvert mikið. Allur þorrinn af hinum vegunum kostar ekki neitt, og verður ekkert skipt sér af þeim hvorki til né frá, fyrr en þingið sér sér fært að veita fé til þeirra. Þannig er í sjálfu sér engin ákvörðun tekin um það með þessum till. (MG: Jú, það er skylda að halda þeim vel reiðfærum, eftir að þeir eru lögfestir). Ég tek t. d. Nesveginn, um Breiðuvík að Sandi. Það er ákaflega vel reiðfær vegur, og ekkert viðhald, sem kemur til greina á honum, því við hann verður ekkert gert annað en það, sem gert verður með nýlagningu. En það hefir mikla þýðingu fyrir þá á Sandi að vita, að þarna eigi að koma vegur, og fyrir nokkrum árum var mikill áhugi hjá þeim á Sandi og þeir voru búnir að lofa miklu vinnuframlagi til þess að koma þessum vegi áleiðis. Sá viðhaldskostnaður, sem hægt er að reikna með á vegum, sem hér er talað um, sem búið er að gera, er t. d. á Flóaveginum og Sandgerðisveginum. Aftur á móti er ekkert viðhald á Landveginum, og þannig er það víðar. En það er nú svona, að t. d. í kjördæmi hv. 1. þm. Skagf. er ekki hægt að neita því, að héraðið vanti tilfinnanlega þessa vegi, sem þarna er talað um, og með þeirri þekkingu, sem ég hefi á Skagafirði, þá veit ég ekki, hvar hv. 1. þm. Skagf. ætlar að finna veg, sem ekki hefir þegar verið tekinn sem þjóðvegur og hefir sambærilega þýðingu fyrir héraðið. Ég þori að fullyrða, að það er enginn vegur utan þjóðvega, sem liggur þannig í héraði sem þessi og eins sérstök þörf er að leggja eins og þennan. Það er einmitt vegna mjólkurframleiðslunnar, sem er í Skagafirði, og þessi hluti hins blómlega héraðs hefir orðið mikið útundan, og með því fordæmi, sem gefið er í Flóanum, þar sem lagður hefir verið vegur eingöngu til þess, að hægt væri að koma mjólkurafurðunum til bæjarins, þá er ég mjög fylgjandi því, að þessi vegarkafli verði lagður, og annar á Mýrunum, beinlínis til þess að gera framleiðsluna mögulega. Þetta er svona sinn daginn hvort hjá okkur hv. 1. þm. Skagf. Ég hygg, að það hafi verið nú á laugardaginn, sem ég benti honum á, að eftir fáein ár þyrftum við að leggja 6—7 hundruð þús. kr. í utanríkismál, sem við í raun og veru ekki gætum og ekki þyrftum að borga. Þá var ég bölsýnn, en hann var bjartsýnn og fann ekkert því til fyrirstöðu, að við hefðum einhver ráð með þau útgjöld. Nú í dag er hann bölsýnn, en ég bjartsýnn. Ég veit, að þjóðin hefir mikla löngun til að fullkomna vegakerfi landsins, og þótt þetta frv. sé ekki um það, þá er það samt nauðsynlegur undirbúningur þess. Hv. þm. var að spauga um, að það væri ekkert rétt að Sunnlendingum nema á pappírnum, en ég hygg, að lagðar séu um 60 þús. kr. á ári til að viðhalda vegum austur í Ölfus, fyrir utan það, að vegamálastjóri er nú með ákaflega stór plön um að reyna að koma Sogsveginum þaðan upp til Þingvalla og álítur, að sá vegur geti orðið einskonar austurvegur. Við höfum beðið eftir því í samgmn. að fá frá honum ákveðnar till. um Sogsveginn, og t. d. hve Rvíkurborg vill leggja mikið til hans, en það skiptir miklu máli, því ég fyrir mitt leyti álít, að ef Reykjavík væri þetta áhugamál, þá ætti hún að leggja fram á móti ríkinu. Þetta er ákaflega mikið áhugamál vegamálastjóra, og ég býst við, að hann leggi til við samgmn., að hún geri till. um þetta fyrir 3. umr. Ég hefi ekki trú á því, að þessi vegur, þótt hann sé mjög nauðsynlegur, geti orðið síðasta orðið um að halda við samgöngunum austur. Þess vegna er ég nú fylgjandi þessari nýju línu, sem ég hefi verið að tala um, nema svo fari, að rannsókn leiði í ljós einhverja sérstaka erfiðleika í því efni.

Ég vil svo að síðustu taka það fram, að svo framarlega sem það á að koma til mála að nota þessa snjóminnstu leið, — því það viðurkennir vegamálastjóri, að hún sé, en hann segir, að hún sé löng, og álítur, að það sé stuttur tími af vetrinum, sem snjór hindri það, að hægt sé að fara gömlu leiðina. Þess vegna vill hann ekki umyrðalaust falla frá þeirri línu. En nú eru um 70 þús. krónur á fjárl. til þess vegar, og sú fjárveiting verður varla notuð heppilega, nema því aðeins, að hægt sé að ákveða nú á miðju sumri, hvar þessi vegur á að liggja. Ég held þess vegna, að aldrei hafi verið fjær sanni að tala um það, að þingið bjóði Sunnlendingum tóman pappír til samgöngumála og vegagerða heldur en einmitt nú, þegar kominn er sá skriður á þetta mál, að hér er áætluð ein stærsta fjárveiting til vega, sem veitt hefir verið á fjárlögum.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Það var dálítil skekkja í ræðu hv. þm. S.-Þ., sem ég vil leyfa mér að leiðrétta. Hann sagði, að fjvn. hefði á síðasta þingi öll verið sammála um að lækka úr hámarki framlag ríkissjóðs til sýsluvega. En þetta er ekki rétt að því er mig snertir; ég greiddi atkv. á móti því í n., og þegar fór fram atkvgr. um þetta í Sþ., þá greiddi ég einnig atkv. á móti því. Ég áleit það ekki rétt að lækka fjárveitinguna úr ríkissjóði til sýsluveganna. Mér fannst, að hún ætti að haldast eins og hún áður var, og það er mikil hjálp að því í atvinnuleysi og erfiðleikum manna að geta fengið þannig fé fyrir starfa sinn, og fá þann helminginn, sem ríkissjóður á að greiða, strax borgaðan í peningum, og með þeim hlutanum, sem sýslusjóður á að borga, greiða þeir svo manntalsbókargjöld og önnur opinber gjöld.

Þessum orðum hv. þm. S.-Þ. vildi ég ekki láta ómótmælt.

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál nú að þessu sinni, en það getur verið, að ég minnist nokkru meira á það við 3. umr. En ég vil taka það fram, að ég sakna þess mjög, að ekki liggja hér fyrir till. vegamálastjóra um veginn til Krýsuvíkur, og vildi ég vita, hvort þeirra er ekki von. (**JJ**: Hann hefir lofað þeim). Ég á erfitt með að greiða atkv. um þetta mál fyrr en fyrir liggja skýrslur og skilagrein um þann veg. Ég fyrir mitt leyti legg mikið upp úr því, sem vegamálastjóri segir um vegi, því hann er þeim málum kunnugastur allra manna á landinu, og mér þykir óþægilegt að greiða atkv. um þennan lið áður en ég sé skýrslu hans.

Magnús Guðmundsson: Mér skildist á hv. þm. S.-Þ., að hann langaði mikið til að vita, hvaða vegir það væru í Skagafirði, sem ég teldi, að þyrfti að gera að þjóðvegum. (**JJ**: Sem stæðu framar en þessir). Ég vil nefna sem dæmi veginn frá Víðimýri og fram að Mælifelli; einmitt vegna mjólkurflutninga er mjög mikil nauðsyn á þeim vegi. Og ég vil í öðru lagi nefna veginn frá Sauðárkróki út í Laxárdal og þaðan út á Skaga, því hann er líka nauðsynlegur vegna mjólkurflutninga. Og ég mun sennilega koma með brtt. um báða þessa vegi og fleiri, ef allt það verður samþ., sem nú er tekið upp í frv.

Ég tók ekki eftir, að hv. frsm. svaraði neinu um það, hvort málið hefði verið borið undir fjvn., en mér skilst, að það eigi að gera og að ekki sé rétt að ráðstafa svo stórum upphæðum sem hér er um að ræða, nema fjvn. sé spurð. Að minni hyggju er það atriði, sem þarf að fullnægja og ekki er hægt að komast hjá.

Hv. frsm. vék að því, að ég hefði sagt það nú fyrirfram, að nógir peningar yrðu hér til 1942, þegar við skildum við Dani. Ég hafði ekki sterk orð um það, enda er svo langt þangað til, að maður getur ekki vel myndað sér skoðun um það. En ef ekki verður búið að keyra allt í kaf fyrir þann tíma, þá vona ég, að við það tækifæri verði hægt að bæta þeirri upphæð við, sem af því leiðir. En það er auðvitað með því skilyrði, að ekki sé búið að hlaða svo á, að allt sé orðið sligað, því þá verður hvorki hægt að bæta við nýjum 6—7 hundr. þús. kr. né borga allt það, sem búið er að hlaða á landið. Það er þess vegna, sem ég vildi benda á, að það væri réttara að hugsa sig dálítið um, áður en horfið er að því ráði að bæta nýrri millj. við föst útgjöld ríkissjóðs á hverju ári, því náttúrlega er það skilyrði fyrir því, að skilnaður okkar við Dani komi að nokkrum notum, að við séum á þeim tíma nokkurn veginn efnalega sjálfstæðir.

Ég geng út frá því, að 3. umr. málsins verði ekki höfð fyrr en umsögn vegamálastjóra er komin, og verði þá birt þm., því það er náttúrlega ekkert gagn fyrir okkur, sem ekki erum í samgmn., þótt sú n. fái þetta álit vegamálastjóra. Mér þykir dálítið undarlegt, að hv. n. skyldi ekki bíða eftir því áliti og láta prenta það. En úr því að það varð ekki, þá vona ég nú, að hún láti prenta álitið þegar það kemur og útbýta því á meðal þm., svo að allir geti fengið að kynnast því út í æsar.

***Frsm. (Jónas Jónsson)**: Það er rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að ég gleymdi að svara þessu atriði viðvíkjandi fjvn., og vil ég nú minna hv. þm. á það, að hvort sem það er nú rétt eða rangt, þá hefir þessu ekki verið fylgt eins ýtarlega eins og hann vildi vera láta. Ég efast um, að vegalögin 1933 hafi verið borin undir fjvn. Enda er það svo, satt best að segja, að þar sem fjvn. ræður yfir því fé, sem er veitt til vega — í þessu frv. er engin fyrirskipun um bein fjárframlög, svo að ég viti —, þá er óþarft að vera að senda það til fjvn., því það er einmitt hún, sem á hverjum tíma ræður því, hve mikið fé er veitt í þessu skyni.

Þá vil ég svara því, sem hv. þm. spurði að um Krýsuvíkurveginn. Ástæðan til þess, að við fengum ekki þetta svar, var sú, að vegamálastjóri gat ekki komið því við að skrifa þetta ýtarlega álit, sem hér er, og hitt álitið líka, nema með lengri tíma. Okkur þótti réttara að reyna að koma málinu áfram, ef hugsanlegt væri að koma því í gegn fyrir hátíð. En ég hefi óskað þess, að vegamálastjóri sendi ýtarlegt álit um þessar till., og ekki sízt um suðurleiðina, sem hann er kunnugri en við. Ég er þess vegna fús til þess, sem hv. 1. þm. Skagf. minntist á, að þetta álitsskjal hans, það sem það nær, komi fyrir sjónir allra þm., og form. samgmn. hefir einmitt í dag verið að gera ráðstafanir til þess að ýta undir, að vegamálastjóri komi með þessa skýrslu nú, til þess að hún geti orðið sem fyrst þm. til aðstoðar.

ATKVGR.

I. liður samþ. með 9 shlj. atkv.

II. liður samþ. með 9 shlj. atkv.

III. liður samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 285,1.a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 285,1.b samþ. með 9 shlj. atkv.

Nýr liður (verður IV. liður) þar með ákveðinn.

Brtt. 285,2 (nýr IV. liður, verður V. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 285,3 (nýr liður, verður VI. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.

V. liður (verður VII. liður) samþ. með 9 shlj. atkv.

VI. liður (verður VIII. liður) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 285,4 (nýr liður, verður IX. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.

VII. liður (verður X. liður) samþ. með 11 shlj. atkv.

VIII. liður (verður XI. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.

IX. liður a. (verður XII liður a.) samþ. með 11 shlj. atkv.

IX. liður b. (verður XII. liður b.) samþ. með 11 shlj. atkv.

X. liður (verður XIII. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.

XI. liður a. (verður XIV. liður a.) samþ. með 11 shlj. atkv.

XI. liður b. (verður XIV. liður b.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 285,5 (nýr stafl., verður XIV. liður c.) samþ. með 9 shlj. atkv.
XII. liður a. (verður XV. liður a.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 285,6.a samþ. með 9 shlj. atkv.
XII. liður b. (verður XV. liður b.), svo breyttur, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 285,6.b (nýr stafl., verður XV. liður c.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 285,7 samþ. með 9 shlj. atkv.
XIII. liður (verður XVI. liður), svo breyttur, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 285,8.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 285,8.b samþ. með 10 shlj. atkv.
XIV. liður (verður XVII. liður), svo breyttur, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 285,9 (nýr liður, verður XVIII. liður) samþ. með 11 shlj. atkv.
XV. liður a. (verður XIX. liður a.) samþ. með 11 shlj. atkv.
XV. liður b. (verður XIX. liður b.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 285,10 samþ. án atkvgr.
XVI. liður a. (verður XX. liður a.), svo breyttur, samþ. með 12 shlj. atkv.
XVI. liður b. (verður XX. liður b.) samþ. með 10 shlj. atkv.
XVI. liður c. (verður XX. liður c.) samþ. með 10 shlj. atkv.
XVII. liður (verður XXI. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.
XVIII. liður (verður XXII. liður) samþ. með 11 shlj. atkv.
XIX. liður (verður XXIII. liður) samþ. með 9 shlj. atkv.
XX. liður (verður XXIV. liður) samþ. með 9 shlj. atkv.
XXI. liður (verður XXV. liður) samþ. með 9 shlj. atkv.
XXII. liður (verður XXVI. liður) samþ. með 9 shlj. atkv.
XXIII. liður (verður XXVII. liður) samþ. 9 shlj. atkv.
XXIV. liður (verður XXVIII. liður) samþ. með 9 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 302, 314, 315, 319, 320, 321, 322).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 319, 320 og 321. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Síðan málið var hér til umr. síðast, hefir n. haldið nokkra fundi, og flytur hún nú nokkrar brtt. við frv. á þskj. 315 og 322. Þær 2 brtt., sem eru á þskj. 315, eru mjög lítilvægar. Sú fyrri er gerð í samráði við þm. kjördæmis þess, sem um er að ræða. Er ætlazt til, að vegurinn verði ódýrari með því, að gerð verði sérstök brú á Ásavötnin og hann lagður þar yfir. Síðari brtt. er viðbót, og er þar farið fram á, að lagður verði svolítill spotti, 3—4 km. langur, frá læknissetrinu Brekku í Fljótsdal og niður að Jökulsá. Þykir eðlilegra, þar sem þarna hefir verið gerð brú á Jökulsá með ærnum ríkisstyrk, að þjóðvegurinn verði lagður að henni.

Þá hefir n. komið sér saman um að mæla með tveim brtt. á þskj. 322. Eru þær þess efnis, að teknir séu í þjóðvegatölu tveir vegir, Staðarfellsvegur, frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði að Staðarfelli, og Laugalandsvegur, frá Norðurlandsvegi hjá Kaupangi að Laugalandsskóla. Stendur líkt á um þessa vegi báða, að þeir eru akfærir á sumrum, en hvorugur er upphleyptur. En þar sem það eru opinberar stofnanir, sem þarna koma til greina, hefir n. tekið upp þessar till. frá hv. þm. Dal. og Eyf.

Þá ber ég hér fram fyrir hönd samgmn. skrifl. brtt., sem er aðeins orðabreyt. á frv. viðvíkjandi Mýraveginum. Við flytjum þessa till. eftir ósk hv. þm. Mýr. og í samráði við vegamálastjóra, en hún fer fram á það, að í staðinn fyrir Mýraveginn frá Stykkishólmsvegi vestan við Langá að Ökrum í Hraunhreppi komi tvær vegálmur niður Mýrarnar, Álftaneshreppsvegur og Hraunhreppsvegur, eins og þar er greint frá. Hv. þm. kjördæmisins fór þangað vestur eftir núna um páskana og fann bændur Mýrasýslu, og féllust þeir á það að fá þessa tvo stuttu spotta í staðinn fyrir einn lengri.

Þá hafa komið fram nokkrar brtt. frá öðrum hv. þm., sem n. hefir að vísu ekki enn sem komið er tekið til meðferðar í heild sinni. Ein þeirra er frá manni úr samgmn., og mæli ég með henni fyrir mitt leyti. Út á till. hv. 1. þm. Skagf. er það að setja, að þær fara út fyrir takmörk þess framkvæmanlega. Við höfum í n. viljað sinna öllu því, sem framkvæmanlegt er, en ekki öðru. Þá höfum við gert það í samráði við hv. þm. Snæf. að taka ekki með veginn frá Grundarfirði til viðbótar við veginn yfir Kerlingarskarð. N. hefir aftur tekið tvo vegi af þeim fjórum, sem hv. þm. Snæf. fór fram á, og þykist hún þannig hafa stillt öllu í hóf, svo að ekki verði sagt, að hún hafi hallað réttu máli.

Hv. 10. landsk. hefir flutt till. um, að lagður verði í Dalasýslu vegur kringum Klofninginn, milli Saurbæjar og Ásgarðs. Þetta er meira en sjálfur þm. kjördæmisins fór fram á. Ef þetta yrði gert, myndi ríkið bæta á sig nær öllu því, sem hugsanlegt er, að unnið verði á þessu svíði í Dalasýslu næstu árin. Að vísu er allslæmur vegur eftir Skarðströndinni, og væri ég því í sjálfu sér meðmæltur, að þetta yrði gert, en eins og nú er ástatt, þykir mér ekki líklegt, að samþykkt þessarar till. verði til bóta. Þykir mér sennilegt, að hún myndi fremur tefja fyrir vegalagningu í Dalasýslu, því að ég sé ekki, hvað sýslunni stæði nær en að láta gera þennan veg.

Þá vil ég ekki vera að slást gegn till. hv. þm. N.-Ísf. um veg frá Ísafirði um Arnardal til Súðavíkur. Væri ekki nema gott um þessa till. að segja, ef landslag væri þarna heppilegra. En þar háttar svo til, að ekki er hægt að gera veginn.

Þá hefir hv. 1. þm. Skagf. borið fram till. um tvo vegi í Skagafirði, annan frá Sauðárkróki vestan fjarðarins og út á Skagatá, en hinn frá vegamótunum austan við Víðimýri að Goðdölum, framhjá Mælifelli og fram sveitina vestan Vatna. Í Skagafirði eru nú orðnir margir ríkisvegir og nú á að koma hringvegur í miðri sýslunni, svo að ég held, að sýslunni sé það ekki til gagns, að ríkið fari nú að taka að sér þessar vegalagningar, og gildir hér það sama og ég sagði áður um Dalasýslu. Hlýtur það að taka ríkið mörg ár að gera veginn austan Héraðsvatna, frá Flugumýri á þjóðveginn vestan Víðvíkur, veginn að Hólum, veginn frá Vatnsskarði áleiðis til Siglufjarðar og veginn frá Fljótum til Ólafsfjarðar. Ég þykist vita, að hv. þm. muni sjá, að með þessum vegum hefir ríkið tekið á sig miklar byrðar, og að sýslan ætti að geta tekið að sér þessa tvo vegi, sem fyrr var getið, því fremur sem meira léttir á henni annarsstaðar.

Þá hefir hv. 2. þm. Rang. borið fram brtt. þess efnis, að hin nýja Suðurlandsleið nái bara til Krýsuvíkur. Þetta væri auðvitað ágætt fyrir Hafnfirðinga, en kæmi ekki að gagni þeim þar eystra. Er ég hissa á því, að hv. þm. skuli bera fram slíka till., sem sviptir kjördæmi hans þeim hagsmunum, sem leiða myndu af þessum nýja vegi.

Kem ég þá að till. okkar um suðurleiðina. N. hefir borizt bréf frá vegamálastjóra. Er það heldur andstætt því, að þarna komi vegur. En það þyrfti ekki að hindra framgang hugmyndarinnar, jafnvel þótt vegamálastjóri hefði að nokkru leyti á réttu að standa. Þarna yrði að fara fram rannsókn, nákvæmari en sú, sem hann hefir látið gera nú í vetur.

Vegamálastjóri heldur því fram, að leið þessi sé dýr og að á henni sé mjög erfitt um ofaniburð. Þetta er nú ekki vel undirbyggt hjá honum, eins og ég skal skýra síðar. En svo er annað. Þetta er einhver þurrasta leið, sem til er á landinu, og liggur víst ekki yfir nema einn læk, og hann ekki stóran. Því er tvennt, sem hægt er að slá föstu: Þetta er snjóléttasta leiðin milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins, og þetta er þurrasta leiðin og liggur hvergi um votlendi, en það veldur því, að leiðin yrði ódýr í viðhaldi. Þetta er hægt að segja með vissu um leiðina. Að vísu er ekki hægt að segja, að bak við þetta standi djúp rannsókn hjá okkur, en svo er heldur ekki um álit vegamálastjóra. Það, sem mælir með þessari leið, er fyrst og fremst heilbrigð skynsemi. Árni Eylands stakk upp á þessari leið í fyrrasumar. Hann kemur þarna í hóp verkfræðinganna eins og barnið hjá H. C. Andersen, sem sá í gegnum nýju fötin keisarans. Má segja, að í þessu máli standi hinir ólærðu á móti þeim lærðu. Þykir það ef til vill ójafn leikur við fyrstu sýn, en oft hefir þó farið svo, að hinir ólærðu sáu betur, eins og barnið í æfintýrinu.

Ég vil svo biðja hæstv. forseta fyrir skrifl. brtt., sem ég nefndi áðan, og vænti ég, að afbrigði fáist fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 333) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Þorsteinn Briem: Það hefir verið stefna í vegamálum undanfarið að auka vegakerfið smám saman. Það hefir ýmsa kosti í för með sér. Verður ekki eins tilfinnanlegt að taka við nýjum vegum, ef þeir koma smátt og smátt. En það hlýtur alltaf að kosta ríkið allmikið fé að koma vegum í sæmilegt stand, eftir að þeir eru orðnir þjóðvegir. Ég býst við, að þessi hugsun hafi vakað fyrir hv. flm. frv. og forðað þeim frá því að fara stór stökk í þessum efnum úti um landið, þó að mikið stökk hafi verið gert á einum stað. En þó tel ég hv. flm. og hv. samgmn. hafa verið fremur of smástig en of stórstig um aukningu á vegakerfi landsins. Sérstaklega á þetta við um þau héruð, sem hingað til hafa lítils notið af opinberu fé til vegagerðar. Tek ég þar til dæmis það hérað, sem brtt. mín á þskj. 314 snertir, Dalasýslu. Sú sýsla hefir fengið einna minnst úr ríkissjóði til sinna vega allra sýslna. Ég ætla, að það sé ekki meira en 300—350 þús. kr. alls. Flest önnur héruð hafa fengið 6—7 hundr. þús. og sum yfir millj. kr. Og með tilliti til þess ber ég fram brtt. á þskj. 314, sem sé að upp í frv. sé tekinn nýr vegur, sem nefnist Skarðsstrandarvegur, sem liggi frá Vesturlandsvegi norðan Ásgarðs í Hvammssveit um Staðarfell á Fellsströnd og um Skarðsströnd á Vesturlandsveg í Saurbæ.

Til þessa liggja fyrst og fremst þau rök, að þetta hérað hefir orðið afskipt með vegi, og þar næst ber að líta á það, að sýslan hefir kostað mjög miklu til vegalagninga á undanförnum árum og lagt þung gjöld á sýslubúa, en þeirra máttur hefir náð of skammt. Hinsvegar er margt, sem kallar að um vegabætur, sérstaklega í sunnanverðu héraði, og reyndar um allt svæðið. Ég skal nefna það, að í héraðinu leikur mönnum hugur á að stofna mjólkurbú við Búðardal, og skiptir þá miklu máli, að vegakerfi sé í því lagi, að sem flestar sveitir geti tekið þátt í því, einkum með rjómaflutningi, og ætla ég, að það borgaði sig allvel, enda þótt um langan veg sé að flytja. Auk þessa má búast við, að sýslan fái frystihús í Búðardal, og er þá mikil ástæða til að bæta samgöngurnar þannig utan úr sýslunni. Það er kunnugt, að úthluti sýslunnar sætir erfiðum sjávarflutningum á sláturfé sínu til Stykkishólms. Það getur verið svo erfitt með þessa flutninga, að þeir teppist alveg um langa tíma, og getur verið mjög bagalegt, og eiga bændur þá á hættu að geta ekki notað sér margt af sláturafurðum meira en markaður er fyrir þær á staðnum; en fyrir þær er mjög takmarkaður markaður í Stykkishólmi og heppilegra að geta flutt þær heim heldur en verða að sæta þeirri sölu.

En hvað snertir Saurbæ, Skarðshrepp, Klofningshrepp og nokkurn hluta Fellsstrandarhrepps er þess að geta, að á þessari landleið eru ýmsar torfærur, og skal ég sérstaklega nefna stóra á, sem getur verið hættuleg og oft afarerfitt að koma fé yfir hana á haustin. Það er Kjallaksstaðaá. Á þessari leið er opinber stofnun, Staðarfellsskólinn, og þeirri stofnun er það nauðsynlegt, að sem bezt flutningabraut sé frá Búðardal, og ekki síst vegna þess, að sjóferðir eru stopular, og vill út af bregða, að skip

ríkisins vilji láta staðar numið hjá Staðarfelli til að bæta úr þessu hvimleiða ástandi. Þetta væri ekki eins þagalegt, ef lagður væri bílvegur að Staðarfelli, sem þá mætti vænta, að yrði flutningaleið. Ég sé, að hv. samgmn. hefir flutt brtt., sem bætir úr þessum vandkvæðum að því er Staðarfellsskóla snertir, og er ég henni þakklátur fyrir það, að hún hefir tekið upp þessa till., og nær það þakklæti mitt jafnlangt og úrlausnin.

Ennfremur skal ég geta þess, að hér er um þá sveit að ræða, sem þykir bera af öðrum sveitum um náttúrufegurð, og má vænta þess, að ferðamenn telji það mikinn kost, að þarna komi góður vegur. Það er margra manna mál, að útsýn sé óvíða fegurri en af Klofningi yfir Breiðafjörð.

Ég hefi oft orðið þess var í viðtali við útlendinga, þegar þeir heyra, að hér sé jörð, sem hafi verið í eigu sömu ættarinnar í 8 aldir, að þá langar til að koma þangað, og spyrja, hvernig vegur sé þangað, og þetta höfuðból er á þessari leið. Hv. frsm. viðurkenndi, að þessi brtt. ætti í raun og veru rétt á sér, og get ég einnig goldið þeim ummælum þakklæti mitt, svo langt sem þau orð ná, en ég get hinsvegar ekki sannfærzt af þeim rökum, sem hann flutti fram á móti brtt. minni. Hann vildi ætla, að oft væri lítil bót að því fyrir sýslur að fá vegi tekna í þjóðvegatölu, því oft væri svo vel búið að sýsluvegum, að það mætti þykja eins gott. Ég skal ekki fara út í þessa sálma almennt, en það á ekki við um þennan veg, og sízt þegar horfur eru á, að framlagið til sýsluveganna verði lækkað, svo sem nú horfir til á þessu þingi. Ég get fullvissað hv. frsm. um, að það er ofmælt hjá honum, þegar hann er að gefa í skyn, að Dalasýsla hefði ekkert eftir af vegum til að annast um, ef þessi vegur væri tekinn í þjóðvegatölu. Hann vildi ætla, að í Haukadal væri sjálfgerður bílvegur, en það vantar mikið á. Það kann að vera, að þegar gott er að sumarlagi, þá sé hægt að komast upp fyrir vatnsendann, en það er ekki nema þegar bezt er, og þar fyrir framan er löng byggð; og meðfram vatninu kyngir niður snjó, svo að með þeim lítilfjörlega vegi, sem þar er, má oft heita að ófært sé fyrir þá, sem þurfa að vitja læknis eða fara í öðrum nauðsynja erindum. Það er þess vegna svo, að þótt ekki sé talinn nema þessi eini dalur, þá er þar mjög mikið verkefni framundan. Auk þessa eru svo Hörðudalur, Laxárdalur o. fl. o. fl., svo það er fjarri sanni að segja, að ekki séu næg verkefni fyrir sýsluna, þótt þessi vegur sé tekinn í þjóðvegatölu. Auk þess get ég bætt því við, að ég geri ráð fyrir, að sýslufélagið hefði ekkert á móti því að leggja nokkuð fram til þessa vegar, þótt hann væri tekinn í þjóðvegatölu, þar sem þörfin er svo brýn, en sýslubúum er það um megn að kosta þær brýr, sem eru á þessari leið, og er það ekki sízt vegna þeirra, sem ég hefi lagt áherzlu á, að þessi vegur sé tekinn í tölu þjóðvega.

Ég get ekki verið samþykkur skoðun hv. frsm., og mælist ég til þess, að hv. d. taki þessari brtt. minni vinsamlega.

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil segja fáein orð út af brtt. minni á þskj. 320, um að tekinn verði í þjóðvegatölu vegur frá Ísafirði um Arnardal til Súðavíkur. — Það er kunnugt, að það er minna um þjóðvegi í Ísafjarðarsýslu en annarsstaðar, og stafar það að nokkru leyti af því, að aðstæður þar eru vondar, en þó vil ég fullyrða, að þessi vegur, sem er um 16 km., muni eiga fullan rétt á sér. Að vísu er á köflum nokkuð erfitt að leggja þennan veg, og má gera ráð fyrir, að hann kosti um 30 þús. krónur. En hann mundi setja landbúnaðinn í Álftafirði í samband við Ísafjörð og þorpið í Súðavík, og mundi það verða til mikilla hagsbóta fyrir bændur og flýta mjög fyrir ræktun í Álftafirði. Ég veit, að það eru margar till., sem hér liggja fyrir, sem síður bæri að samþ. og síður yrðu samþ., ef hv. þdm. hefðu næga þekkingu á þeirri þörf, sem er fyrir þennan veg.

Út af þeim orðum, sem féllu hjá hv. frsm. um Krýsuvíkurleiðina, vil ég taka það fram, að ég hafði fyrirvara um það sakir þess, að ég hafði ekki átt kost á að kynna mér það atriði nægilega, og ég held, að það sé a. m. k. ótímabært að samþ. þá leið, og sýnist betur henta að samþ. till. hv. 2. þm. Rang.

***Pétur Magnússon:** Ég hefi borið fram á þskj. 319 brtt. við I. lið frv. á þskj. 204, og ætla að fara um hana nokkrum orðum. Þessi liður frv. gengur út á það, að leiðin frá Rvík og austur sé tvískipt. Önnur eins og nú um Lækjarbotna, en hin um Hafnarfjörð, Krýsuvík og Selvog.

Hv. frsm. vildi skýra þessa gr. frv. þannig, að það ætti að velja um þessa leið, sem þarna væri ráðgerð, og þá leið, sem talað var um 1932, leiðina um Þrengslin. En þetta er, að því er séð verður, ekki rétt. Það er ekki hægt að skilja grg. öðruvísi en þannig, að því skuli slegið föstu, að þetta eigi að vera vetrarleiðin, en ekki verði hugsað um leiðina um Þrengslin. Í grg. segir svo: „Stærsta breyt. í þessu frv. frá núgildandi vegalögum felst undir I, þar sem stungið er upp á því, að Suðurlandsvegur verði tvískiptur austur í Ölfus og ný leið valin um Hafnarfjörð, Krýsuvík og Selvog, aðallega sem vetrarvegur.

Höfuðtilgangurinn með lagningu þessarar nýju Suðurlandsbrautar undir I. er að fá eins tryggt samband og unnt er milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins að vetrarlagi. Hefir þessi leið hin beztu skilyrði í því augnamiði, þar sem hún liggur aðeins 168 m. yfir sjó, þar sem hún er hæst ...“

Þetta verður ekki skilið á annan hátt en þann, að þótt lögin frá 1932 séu ekki numin úr gildi, þá eigi framtíðarvegurinn að liggja þarna, en ekki um Þrengslin.

Það var ekki af sinnuleysi, að ég skipti mér ekki af þessu fyrr en við 3. umr., heldur af því að ég vildi bíða eftir umsögn vegamálastjóra og fá það fram í dagsljósið, hvað þeir, sem bezt skilyrði hafa til að dæma um þessa till., segðu um hana. Þótt mér hrysi hugur við þessari löngu leið og ég heyrði, að þessi till. mætti andúð hjá mönnum úr öllum flokkum, þá vildi

ég ekki taka upp andstöðu gegn henni að órannsökuðu máli, því ekki verður til lengdar búið við svo ótrygga vetrarleið austur sem nú er. Mér var það ljóst, að ef rannsókn leiddi það í ljós, að með þessu fengist öryggi fyrir því, að sambandi austur yrði haldið allan veturinn, þá væri sjálfsagt að taka það til alvarlegrar yfirvegunar, hvort ekki bæri að velja þessa leið, þótt löng sé og ýmsir annmarkar á henni. Nú er þetta álit vegamálastjóra komið, og hv. þdm. geta nú kynnt sér það. — Það er prentað sem fylgiskjal með brtt. hv. samgmn. á þskj. 315.

Ég vildi leyfa mér að gera nokkurn samanburð á þessari uppástungu í frv. um vegasamband Rvíkur og Suðurlandsundirlendis og á því, sem áður var ráðgert og öllum hv. þdm. er kunnugt, hvernig var, og líka er þeim kunnugt um það vegasamband, sem nú er, og um það, hvernig það hefir gefizt, má fá upplýsingar á bls. 3 í þessari skýrslu vegamálastjóra. Það eru upplýsingar um það, hversu marga daga á hverjum vetri vegurinn hefir teppzt af snjó, og má segja, að það sé oft skemmri tími en við má búast. En í því sambandi er tvennt að athuga. Annað það, að hér á Suðurlandi hefir enginn snjóavetur komið síðan 1920, og hitt það, að mikið fé hefir verið lagt í að moka snjó af veginum til þess að halda honum opnum. Og í þriðja lagi má svo geta þess, að þótt ekki sé talið, að vegurinn teppist lengri tíma, þá er það oft svo, að þótt brotizt sé með bíl yfir heiðina, þá er hún í raun og veru ófær, og svo mikið lagt í sölurnar, bæði slit á bílum og benzíneyðsla, að ekkert vit er í því. En þrátt fyrir það, þótt vetur hafi verið snjóléttur og mikið fé lagt í að moka snjó af veginum og brotizt hafi verið áfram á vegi, sem í raun og veru var ófær, þá er það samt svo, að á sumum vetrum hefir vegurinn verið ófær á þriðja mánuð. Veturinn 1930—1931 er hann tepptur af snjó í 67 daga, og 1932—1933 í 64 daga, og 1933—1934 er hann ófær í 45 daga. Aðra vetur er svo styttri tími, sem vegurinn er tepptur, en aðeins einn vetur, veturinn 1929, er talið, að hann hafi aldrei teppzt, en sá vetur var með einsdæmum mildur og snjóléttur hér á Suðurlandi. En þótt útkoman hafi ekki orðið verri á þeim vetrum, sem hér eru nefndir, þá er það augljóst, að sú hætta er yfirvofandi, að vegurinn geti alveg teppzt hálft árið. Ef hér kæmi líkur vetur eins og nú er á Norðurlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að vegurinn geti verið tepptur frá því um veturnætur og fram yfir sumarmál, og jafnvel fram í maímánuð.

Mönnum hefir lengi verið það ljóst, hver áhætta það er að hafa vegasambandið milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins í þessu horfi, og það leiddi til þess, að 1932 — eftir langa rannsókn og bollaleggingar — var ákveðið að leggja nýjan vetrarveg yfir Hellisheiði, og er það sá svokallaði vetrarvegur, sem vegamálastjóri ræðir um í áliti sínu á þskj. 315. Ég hefi hér uppdrátt, sem ég fékk lánaðan hjá vegamálastjóra, og ef hv. þdm. vildu líta á þennan uppdrátt og kynna sér afstöðuna, þá er það að sjálfsögðu velkomið.

Þessi þrengslavegur liggur út af Hellisheiðarveginum ofarlega í Svínahrauni, heldur að vestanverðu við Meitil, eftir sléttu brunahrauni, niður í Ölfus, svo kemur beygja á veginn nálægt bænum Vindheimum í Ölfusi. Vegarlengdin frá Vindheimum að vegamótum Suðurlandsbrautar er 16,65 km. Þessi vegur á samkv. lögunum, sem um hann eru sett, aðeins að vera vetrarvegur, enda er tilhögun hans miðuð við það. Það er gert ráð fyrir, að vegurinn verði aðeins 3,5 m. á breidd, en hinsvegar á hann að vera miklu hærri en nokkur vegur, sem við þekkjum hér á landi, og er það vitanlega í þeim tilgangi gert, að snjór hlaðist síður á hann. Þó að það séu liðin 4 ár síðan lögin voru sett um þennan vetrarveg, þá hefir hingað til ekki þótt fært að hefjast handa um að leggja hann. Þetta stafar þó ekki af því, að þörfin fyrir veginn hafi verið vefengd, heldur hefir ekki þótt fært fjárhagsins vegna að leggja fé í hann fyrr en nú, að á síðasta þingi voru samþ. lög um benzínskatt, og var þá ákveðið að verja 70 þús. kr. til þess að byrja á þessari vegagerð. Það má minna á það í þessu sambandi, að benzínskatturinn var í rauninni ekki rökstuddur með neinu öðru en því, að það væri svo aðkallandi þörf fyrir þessa vegagerð og ýmsar aðrar, sem ætlazt var til, að benzínskatturinn gengi til, að ekki væri unnt að bíða lengur með að hefjast handa um þessar vegagerðir, og þó menn virtust vera sammála um það, að skattaálögurnar væru þegar orðnar svo miklar, að illt væri að þurfa að ganga lengra, þá varð það nú samt ofan á, að þörfin þótti svo aðkallandi, að ekki var horft í að bæta þessum skatti við. Það tekur náttúrlega langan tíma að koma allri vegagerðinni í framkvæmd, en það tekur þó ekki nema 7 ár. Ég skal taka það fram, að ég tel sjálfsagt að leggja það fé, sem nú fyrst um sinn verður varið til þessarar vegagerðar, í vegagerð suður Ölfus, af þeirri ástæðu, að sá vegur kemur að fullu gagni jafnharðan og hann er lagður, í stað þess, að vegarspottar, sem lagðir eru á Hellisheiði, koma ekki að gagni fyrr en þeir verða tengdir saman við veginn, sem lagður verður að austanverðu. Þótt það sé að vísu æðilangur tími að bíða eftir þessari vegagerð í 7 ár, þá má samt segja, að það sé nokkur trygging fyrir því, að vegurinn fáist, og er það betra en að þurfa að bíða óákveðinn tíma, ef til vill í áratugi, eins og ég kem síðar að, að líkur eru til, að verði, ef fara ætti hina leiðina. Auk þess ætti að mega gera ráð fyrir því, ef ekki fer allt í kaldakol hér á landi, að tök ættu að vera á því að leggja fram fé úr ríkissjóði til þessarar vegagerðar frekar en nú fæst með benzínskattinum. Það er áætlað, að þessi vegur muni kosta allt í allt 475000 kr., bæði frá vegamótum í Ölfusi að Vindheimum og vegurinn frá Svínahrauni og niður í Ölfus.

Þetta er sú leið, sem helzt hefir verið talin fær til þess að koma á vegasambandi milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, en svo koma þessir hv. þm., sem flutt hafa frv. á þskj. 204, með nýja till. í þessu efni, því að þeir vilja hafa vetrarveg milli Reykjavíkur og Suðurlandsundir-

lendisins um Hafnarfjörð, Krýsuvík og Ölfus, og ætti sá vegur að koma saman við hinn fyrirhugaða Þrengslaveg hjá Vindheimum í Ölfusi. Um þessa till. er það að segja, að hún er borin fram algerlega án rannsóknar á þessu fyrirhugaða vegarstæði og án þess, að eiginlega sé hægt að sjá, að þeir hv. þm., sem hafa flutt þessa till., hafi gert sér nokkra grein fyrir málinu í raun og veru. Það verður ekki séð, að leitað hafi verið umsagnar vegamálastjóra um þetta, fyrr en eftir að till. kom fram á þinginu, og það hefir komið fram við þá bráðabirgðarannsókn, sem fram fór á þessu máli, að till. eins og hún var upphaflega borin fram er gersamlega vanhugsuð og alveg óframkvæmanleg. Vegamálastjóri fer í yfirliti sínu allýtarlega inn á þetta. Hann bendir á það, að ef velja ætti þessa leið, þá komi til greina að hafa vegarstæðið fyrir vestan Sveifluháls og fyrir sunnan Mælifell, en þar eru talin vera snjóþyngsli, enda er sumsstaðar á milli þröngra hálsa að sækja. Svo bendir vegamálastjóri á það, að það sé m. a. mikill ókostur á þessari leið, hversu erfitt sé að ná í ofaniburð, þar sem sumsstaðar eru meira en 30 km. milli malargryfja. Það liggur í augum uppi, hvað viðhaldið er dýrt af þessum ástæðum m. a. Þessi vegur er talinn vera um 103 km. á lengd að Ölfusá, og kostnaðurinn samkvæmt áætlun vegamálastjóra er 1 millj. og 315 þús. kr., en aftur á móti er gert ráð fyrir, að Þrengslavegurinn kosti 475 þús. kr. og verði 71 km. á lengd frá Reykjavík til Ölfusár.

Það liggur þannig í augum uppi, að til þess að nokkurt vit gæti verið í að velja þessa leið, yrði hún að hafa einhverja stóra kosti fram yfir hina, þar sem hún er miklu lengri og dýrari. Ég skal geta þess, að vegamálastjóri hefir sagt mér, að þessi áætlun, sem prentuð er sem fskj. með brtt. samgmn. á þskj. 315, muni miklu frekar reynast of lág en of há.

Ég lít svo á, að hér verði að gera einhverja breytingu frá því, sem nú er, því að Sunnlendingar geta ekki lengur búið við það, að vegasambandið austur teppist mikinn hluta vetrar eða jafnvel allan veturinn. Eins og málið liggur nú fyrir, er aðeins um tvær leiðir að velja sem vetrarveg. Hitt eru allir sammála um, að sumarleiðin eigi að liggja áfram framhjá Kolviðarhóli, yfir Hellisheiði og Kamba niður í Ölfus.

Ég fyrir mitt leyti tel vandalaust að velja á milli þessara tveggja leiða, þegar litið er á þá rannsókn, sem fyrir liggur. Það, sem fyrst kemur til greina, er lengd vegarins. Vegurinn frá Reykjavík um Þrengslin verður 71 km., eins og ég hefi drepið á. Lengd vegar er náttúrlega veigamikið atriði, því að flutningskostnaður er fyrst og fremst miðaður við lengd veganna, en þetta atriði eitt ræður náttúrlega ekki úrslitum. Það ber að líta á þetta atriði af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna kostnaðarins við vegagerðina sjálfa og svo vegna kostnaðarins við notkun vegarins. Ef reiknað er með því, að bíllinn þurfi að fá 30 aura fyrir hvern km., sem hann fer, þá kostar bílferðin frá Ölfusá til Reykjavíkur um Þrengslaleiðina 42,60 kr. á $1\frac{1}{2}$ tonns bíl, en ef farið væri eftir hinni leiðinni, þá yrði þetta 61,80 kr. Þá er það mjög veigamikið atriði í minum augum, að ef leiðin um Krýsuvík og Selvog yrði valin, þá er fyrirsjáanlegt, að Sunnlendingar verða að bíða langan tíma eftir fullkominu vetrarvegasambandi við höfuðstaðinn. Ef þessi vegur yrði aðeins lagður með fé af benzínskattinum, þá mundi það taka 20 ár að koma veginum frá Ölfusárbrú til Rvíkur með sama framlagi og áætlað var til þessa vegar á síðustu fjárlögum. Það liggur í augum uppi, að fyrir þá, sem eiga svo að segja tilveru sína undir því, að sæmilegt vegasamband fáist þessa leið, er það allt annað en skemmtilegt að þurfa að bíða í áratugi eftir að fá viðunandi vegasamband við höfuðstaðinn. Þessi hlið málsins er því allveigamikil. En þrátt fyrir þetta gæti ég sætt mig við hina leiðina, ef hægt væri að sannfæra mig um, að hægt væri að fá öruggt vegasamband með því að fara hana, en mér virðist alls engin trygging fyrir því. Það er að vísu rétt, að vegurinn vestan við Sveifluháls er kringum 60 m. lægri en Þrengslavegurinn, þar sem hann er hæstur. Hinsvegar telur vegamálastjóri, og er enda hægt að sjá það á kortinu, að á alllöngu svæði sé vegarstæðið á leiðinni gegnum Hafnarfjörð og Krýsuvík allt annað en álitlegt, vegna þess að vegurinn liggur sumsstaðar á milli tveggja hálsa, sem tiltölulega stutt er á milli, en það þarf ekki að minna á það, að það er meiri hætta á því, að fannkyngi hlaðist þar, sem svo hagar til, að krappt er milli hæða og hálsa. Hinsvegar skal ég játa það um Þrengslaveginn, að það er dálitill spotti milli Lambafells og Meitils, sem er nokkuð þröngur milli hæða, en það er miklu styttri vegur en á Reykjanesinu. Mér kemur samanburðurinn á þessum tveim vegarstæðum þannig fyrir sjónir, að það sé mjög vafasamt, hvort sú leið, sem nú hefir verið stungið upp á, hafi nokkra kosti til að bera fram yfir hina leiðina, en hitt ætti öllum að vera augljóst, að hún hefir marga og mikla annmarka, sem hin leiðin hefir ekki. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á það, að þó mönnum vaxi ekki í augum sá tími, sem vegurinn yfir Hellisheiði hefir verið ófær undanfarin ár eftir skýrslu vegamálastjóra, þá ber að líta á það a. m. k., að eftir að vegasamband er komið aðra leið, þarf ekki að gera ráð fyrir, að stórfé verði varið árlega til þess að halda Kambaleiðinni opinni, og mun það fara svo, að þessi nýi vetrarvegur, hvort sem hann liggur um Þrengslin eða Selvog, yrði nálega eini vegurinn marga vetur. Þetta atriði getur því orðið miklu veigameira en séð verður fljótt á litið.

Ástæðan fyrir því, að ég hefi borið fram till. um að fella úr frv. ákvæðið um veg gegnum Hafnarfjörð, Krýsuvík og Selvog er sú, að ég tel óhagstæðara fyrir Suðurlandsundirlendið, að vetrarvegur verði valinn um þessa leið. Það þarf því ekkert að koma hv. frsm. undarlega fyrir sjónir, að ég skuli koma fram með þessa till., en hitt get ég náttúrlega betur skilið, að hv. frsm. sé hissa á því, að ég skuli um leið hefjast handa og bera fram till. um, að vegurinn frá Hafnarfirði til Krýsuvíkur verði tekinn í tölu þjóðvega, og skal ég með örfáum orðum gera grein fyrir, hvað fyrir mér vakir

í því efni. Fyrir mér er þetta aðeins málamiðlunartill.

Það er kunnugt, að forráðamenn Hafnarfjarðar hafa hugsað sér að hefjast handa um framkvæmdir í Krýsuvík. Hafnarfjarðarkaupstaður hefir fengið heimild til þess að taka hana eignarnámi, og þegar ég hafði kynnt mér þetta mál og séð umsögn vegamálastjóra og skýrslu um málið, þá var mér það ljóst, að það hlutu að hafa blandazt aðrir hagsmunir hér inn í heldur en hagsmunir Suðurlandsundirlendisins. Ég þóttist ekki geta komið auga á, að þarna væri um að ræða annað en hagsmuni Hafnarfjarðar. Nú finnst mér að sjálfsögðu ekki ósanngjarnt, að þessi kaupstaður sé styrktur af ríkinu til þess að fá vegasamband við þetta eina vélræktaða land, sem hann á kost á að fá, og ég vil þess vegna fyrir mitt leyti ekki setja fótinn fyrir það; ég hefi enga löngun til þess að koma í veg fyrir hagsmuni Hafnarfjarðar, en mér þykir það of dýru verði keypt, ef vegagerðin milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar á að kosta það, að Suðurlandsundirlendið fær miklu lengra og óhagstæðara vegasamband við höfuðstaðinn heldur en það, sem hingað til hefir verið ráðgert. Þess vegna vil ég láta fara hina leiðina og taka veginn milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur í tölu þjóðvega. Vegamálastjóri hefir sagt, að þarna megi gera bílfæran sumarveg fyrir kringum 20000 kr., og er það ekki há upphæð borið saman við það, sem varið er til vegagerðar árlega, og ef þetta yrði gert, þá virðist mér, að Hafnarfjörður fengi fullkomlega það, sem hann á kröfu á. Hitt getur Hafnarfjörður ekki heimtað, að farið verði að leggja nýjan veg austur fyrir heiði bara til þess að „trafikin“ komist gegnum Hafnarfjörð. Hann á aðeins kröfu á því að fá sæmilegt vegasamband við Krýsuvík. — Þetta var það, sem vakti fyrir mér, þegar ég bar fram þessa málamiðlunartill.

Um Selvoginn, sem er eina byggða plássið milli Ölfuss og Krýsuvíkur, er það að segja, að þótt það sé náttúrlega gott fyrir íbúa þessa staðar að komast í vegasamband, þá nær það engri átt að leggja millj. króna veg fyrir þá hundrað menn, sem þar búa, enda hefir vegamálastjóri upplýst, að hægt væri að fullnægja þessari þörf með því að ryðja veg frá Vindheimum út í Selvog.

Ég hefi nú gert grein fyrir brtt. á þskj. 319 og vona, að hv. þdm. skoði málið frá öllum hliðum, og vil ég sérstaklega mælast til þess, að þeir taki ekki afstöðu til málsins fyrr en þeir hafa ýtarlega athugað till. og skýrslur vegamálastjóra, því að hann hefir beztu skilyrðin til þess að dæma um það, hvor leiðin sé heppilegust í þessu efni.

Magnús Guðmundsson: Ég á tvær brtt. á þskj. 321 viðvíkjandi tveim vegum í Skagafirði, þ. e. Skagaveg frá Sauðárkróki um Heiði, Laxárdal og Skaga að Hrauni, og hinn frá Viðimýri að Goðdölum. Mér skildist á hv. frsm. samgmn., að þessir vegir hefðu ekki fundið náð fyrir augum hans. Honum fannst, að ef þessir vegir væru teknir í þjóðvegatölu, þá væru engir vegir eftir sem sýsluvegir. Ég held, að hv. frsm. sé þessu heldur ókunnugur, en ég get upplýst fyrir honum, að þó eru eftir margar sveitir, t. d. Sæmundarhlíð, Reykjaströnd og allir dalirnir austan fjarðarins, sem munu vera 5. Um öll þessi svæði þarf vegi, svo það er sannarlega nóg verkefni eftir, þó þessir vegir gangi frá.

Hv. frsm. gerði mikið úr því, að upp væri tekinn vegurinn frá Grundarstokk á veginn fyrir norðan Gljúfurá. Auðvitað er ég þakklátur fyrir það, en þessi vegur er fremur stutt leið. Ég skal upplýsa, að í þessa vegi, sem ég flyt brtt. um, er sýslan búin að leggja stórfé. T. d. er Skagavegurinn orðinn bílfær að Heiði, eða nokkru lengra, en svo þarf hann auðvitað viðhald og framlengingu um Laxárdalinn og út Skagann. — Ég vil leiðrétta þær ýkjur, að Hraun sé úti á Skagatá; þangað er alllangt frá Hrauni. — Ég hefi leitazt við að athuga, hvaða vegir hafa verið teknir upp í þjóðvegatölu í frv., og ég verð að segja, að það er ekki minni sanngirniskrafa um þessa vegi en marga aðra, sem teknir hafa verið. Ég vil því vænta, að hv. n. setji sig ekki á móti því, að þessir vegir verði teknir með, þar sem þeir eru sveitunum bráðnauðsynlegir, einkum þegar mjólkurbúið er komið upp í héraðinu og aðflutningar þurfa að vera því greiðari. Á sumrum er bílfær kafli út eftir Skaganum og einnig frá Viðimýri nokkuð frameftir, stundum jafnvel alla leið að Goðdölum. — Það þarf vitanlega mikið fé í alla þessa vegi, en það má skoða sem hjálp til sveitarfélaganna, og það er ekkert álitamál, að fyrir mitt kjördæmi eru þessir vegir miklu meira virði en sá stutti kafli frá Grundarstokk að Gljúfurá, sem tekinn er upp í frv.

Ég hirði svo eigi að fara fleiri orðum um þessa vegi. En hv. frsm. nefndi Vatnsskarðið sem sérstaka leið fyrir Skagafjörð, en það er vitanlegt, að það er alfaraleið milli sýslna og landsfjórðunga, og því alls ekki sérstaklega fyrir Skagfirðinga. Svipað er að segja um leiðina yfir Lágheiði.

Ég get ekki stillt mig um að fara nokkrum orðum um Krýsuvíkurleiðina. Það er auðséð, að stórum aukinn kostnaður verður við alla þessa nýju þjóðvegi, jafnvel þó Krýsuvíkurvegurinn gangi undan. Það er eins og opnazt hafi ný peningalind fyrir hv. stjórnarflokkum síðan í fyrra, því að þá vildu þeir lækka framlög til sýsluveganna. (**JJ:** Það var Jón á Reynistað). Nei, það var hv. þm. S.-Þ., sem stóð fyrir því í fyrra, en svo er stefnufestan ekki meiri en það, að nú kemur þessi sami maður með millj.-vegi, sem hann vill láta ríkissjóð taka á sínar herðar. Ég skil ekki, hvaða peningalind þeir hafa fundið, sem þeir ætla að ausa úr á næstu árum. Og veigaminni rök hefi ég sjaldan heyrt fyrir máli en fyrir þessum vegi. Þetta mál má heita órannsakað, en hingað til hefir það ekki þótt ráðlegt að taka nýjar leiðir í þjóðvegatölu fyrr en búið væri að athuga þær vel og rannsaka, t. d. hvað lengi þær væru færar o. s. frv. Annars skal ég benda á, að þskj. 315, sem flytur veigamiklar upplýsingar frá vegamálastjóra, var ekki útbýtt fyrr en í dag, og hefi ég því ekki séð það fyrr en á fundi í morgun, og finnst mér það til

nokkuð mikils mælzt, að þm. taki afstöðu til málsins eftir stundar athugun á einum fundi. Ég get ekki neitað því, að mér finnst till. hv. 2. þm. Rang. mun skynsamlegri. Hann vill ekki sem þm. kjördæmis austanfjalls fórna þrengslaveginum fyrir lítið öruggari en miklu lengri leið um Krýsuvík. En hann vill einnig bæta úr þeirri þörf, sem er á að bæta samgöngur milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur. Og ég sé enga ástæðu til þess, að láta það liggja í láginni, að sú saga gengur í þinginu, að þessi leið sé fundin af hv. þm. Hafnf. til þess að fá samgöngur við Krýsuvík. Ég segi bara söguna eins og hún gengur, að þetta muni vera nokkurskonar fórn á altari samvinnunnar milli stjórnarflokkanna. Hinsvegar sé ég, að vegurinn kostar of fjár og verður ekki lagður nema á löngum tíma. Ég vil því taka undir till. hv. 2. þm. Rang. um að taka fullt tillit til þarfa Hafnarfjarðar, en mér þykir undarlegt, ef fórna á hagsmunum Árnesinga og Rangæinga fyrir hagsmuni Hafnfirðinga, þegar boðið er að bæta aðstöðu Hafnfirðinga án þess að skerða rétt Sunnlendinga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 302, 314, 315, 319, 320, 321, 322, 333).

ATKVGR.

Brtt. 319,1 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PM, ÞÞ, GL, JAJ, MG.

nei: PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.

Einn þm. (ÞBr) fjarstaddur.

Brtt. 319,2 tekin aftur.

— 315,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 333,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 333,2 samþ. án atkvgr.

— 314 felld með 9:3 atkv.

— 322,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 320 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.

nei: PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

PM, JBald greiddu ekki atkv.

Brtt. 321 (nýr c-liður) felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ. JAJ, MG, MJ, PM, ÞBr, GL.

nei: IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, EÁrna.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Brtt. 321 (nýr d-liður) felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PM, ÞBr, GL, JAJ.

nei: PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Brtt. 322,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 315,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 364).

Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, 390, n. 392, 399, 405).

*__Frsm. (Gísli Guðmundsson):__ Samgmn. hefir athugað þetta frv. og orðið sammála um þá afgreiðslu að mæla með því, en þó hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að koma fram með brtt. Að vísu er mér ekki kunnugt um nema einn nm., hv. þm. V.-Sk., sem flytur slíkar brtt., og fyrir mitt leyti get ég sagt, að ég hefi ekki hugsað mér að gera það.

Í frv. eru teknir upp vegakaflar í flestum eða öllum héruðum landsins. Tel ég ekki ástæðu til þess að fara að rekja þær breyt. hverja fyrir sig, enda hefir það þegar verið gert allýtarlega í Ed. Stærsta breyt. er um Suðurlandsbraut, þar sem gert er ráð fyrir, að auk þess, sem hún liggur austur yfir fjall, verði veitt heimild til þess að leggja hana frá Hafnarfirði í Selvog. Það er skoðun margra, að þessi braut komi helzt til greina sem framtíðarvegur.

Ég skal ekki að sinni fara fleiri orðum um þetta frv.

*__Pétur Ottesen:__ Ég á hér eina brtt. við þetta frv., sem fer fram á það, að sýsluvegurinn, sem liggur að þjóðveginum norður um land, fram Lundarreykjadal frá Götuási á Uxahryggjarveg, sem er vegurinn yfir fjallgarðinn milli Borgarfjarðarsýslu og Árnessýslu til Þingvalla, verði tekinn í tölu þjóðvega. Það er nokkuð líkt ástatt um þennan veg og annan veg í Borgarfjarðarsýslu, sem þegar hefir verið tekinn upp í þetta frv., og það er vegurinn frá Kláffossbrú um Reykholtsdal og Hálsasveit upp á fjallveginn yfir Kaldadal og til Þingvalla. Auk þess sem þessir vegir hafa ákaflega mikla þýðingu fyrir héraðsbúa, þá er það svo um þá báða, að þeir eru nokkuð á alfaraleið, þ. e. s. á leið þeirra manna, sem fara t. d. um Reykholtsdal, Hálsasveit og Kaldadal, sem nú er orðin bílfær leið og allfjörfarin að sumri til. Hinn vegurinn er aftur á leið þeirra manna, sem fara stytztu leiðina úr Borgarfirði og landleiðina til Reykjavíkur, þ. e. a. s. um Lundarreykjadal og yfir Uxahrygg og þar á Kaldadalsveg yfir svokallaða Biskupsbrekku, en þar koma þessir vegir saman austanmegin fjallgarðsins. Það hefir verið gerð á því athugun, að það kostar ekki nema tiltölulega lítinn ruðning — þegar Lundarreykjadalsvegur er fullbyggður, en það er nú langt komið að byggja hann sem sýsluveg — yfir Uxahrygg, þ. e. a. s. fjallið milli Lundarreykjadals og Árnessýslu, svo að sá vegur verði bílfær. Og þegar því verki væri lokið, mundu bílferðamenn, sem fara héðan úr Reykjavík t. d. til Borgarfjarðar og norður í land, leggja leið sína um Þingvöll og einmitt eftir þessari leið, af því að það er styttra heldur en að

fara Kaldadalsleið. En það mundi hafa í för með sér nokkra fullnægingu á löngun manna til þess að fara utan byggða eða um fjöll og afréttarlönd, þegar þeir eru að lyfta sér upp í sumarfríinu, því á þessari leið er víða fögur útsjón og jöklasýn framúrskarandi tilkomumikil. Ég ætla þess vegna, að hér sameinist þarfir ferðamanna við þarfir innanhéraðsmanna, og þess vegna sé sá grundvöllur, sem annars er undir því, að vegir séu teknir í þjóðvegatölu, fullkomlega fyrir hendi að því er þennan veg snertir. — Ég get í þessu sambandi borið þennan veg saman við tvo vegi, sem lagt er til í þessu frv., að teknir skuli í tölu þjóðvega í Mýrasýslu, sem eingöngu eru innanhéraðsvegir. Það er síður en svo, að ég sé að mæla á móti því, að þessir vegir séu teknir í tölu þjóðvega, því að umbætur á vegum á þessu svæði eru mjög aðkallandi, en þessi vegur, sem ég ber fyrir brjósti, hefir það alveg fram yfir þessa vegi t. d. að taka, að þar sameinast þarfir ferðamanna fyrir þennan veg við þarfir héraðsbúa sjálfra. Mér virðist þess vegna af öllum ástæðum, að ekki sé rétt að standa gegn því, að þessi vegur verði líka látinn fylgja með inn á þetta frv. — Það liggja nú held ég ekki fyrir Nd. till. nema um 3—4 vegi, eða svo, og þó að ég þekki ekki til hinna veganna, sem till. hljóða um, þá virðist mér, að það sé — eins og þessum málum er komið — tæplega rétt að vera að útiloka þessa fáu vegi, sem hér er um að ræða, svo framarlega sem þeir standa jafnfætis þessum vegi, sem ég flyt till. um, frá samfylgd þeirra mörgu vega, sem í þessu frv. eru, yfir í þjóðvegatölu.

***Eiríkur Einarsson:** Það ber að kunna samgmn. hv. Ed. og eins þessarar d. þakkir fyrir það, hvað þær hafa tekið vel og með góðum skilningi á mörgum nauðsynlegum till., sem hér liggja fyrir um breyt. á þjóðvegum til og frá um landsbyggðina, og skal ég ekki fara frekar út í það.

En það er eitt sérstakt málsatriði í þessu frv. um breyt. á vegalögunum, sem ég með þskj. 405 hefi látið mig skipta við þessa umr., en það lýtur að Krýsuvíkurleiðinni. Það er í rauninni ekkert undarlegt við það, þegar á að fara að framkvæma jafngagngerðar vegabætur og á leiðinni frá Suðurlandssveitunum til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þó að þá rekist á ýms hagsmunasjónarmið, sem alls ekki geta farið saman, auk þess sem það hlýtur alltaf að vera álitamál, hvernig slíkar vegabætur skuli framkvæma og hvaða vegir skuli lagðir. Maður man það, og er það kunnugra en frá þurfi að segja, að þegar verið var að kanna þetta málefni í fyrstu, þá komu ýms sjónarmið til greina. Það voru ýmsir, sem töldu, að þessi vegur frá Suðurlandssveitunum til Reykjavíkur ætti að liggja hið efra eftir uppsveitaleiðunum. En svo kom önnur till., sem lengi hefir verið á döfinni og er nú aðaltill. í þessu frv., og hún er sú, að vegurinn eigi að liggja suður með sjó. En samt sem áður hafa flestir hnigið að því, enda hefir þingið gefið því staðfestingu, að þessi leið milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur ætti að vera sú skemmsta tiltækilegasta leið, sem fyndist. Og hugir manna og rannsóknir hafa fallið saman um þetta, að það ætti að velja til þessa vegar þá skemmstu leið, sem finnanleg væri, svo framarlega sem hún væri forsvaranleg og fullnægði nokkurnveginn öryggisskilyrðum. Þessi niðurstaða er náttúrlega svo sjálfsögð, að það þarf ekki um hana að ræða, því þarna er einnig gengið út frá hagsmunum fjöldans, hvort sem það er með tilliti til höfuðstaðarins eða Suðurlandsundirlendisins. Í þessu sambandi er náttúrlega ekki um það að tala, og er ekki óeðlilegt, þó að hinir, sem búa eitthvað utanvert við, vildu gjarnan fá einhverja bugðu á leiðina til þess að fullnægja þeirra þörfum og hagsmunum. Og ég geri ráð fyrir, að út af því sé sprottin hin nýja till. um Krýsuvíkurleiðina, því ég skal taka það fram, að ég álít, að það væri mjög æskilegt, að Hafnarfjörður, svo stór kaupstaður sem hann er nú orðinn, ætti sem greiðasta og bezta leið í sitt sel austur í Krýsuvík. Ég hefði viljað óska, að till. í Ed. um að taka þá leið í þjóðvegatölu hefði náð samþykki, en sú hv. d. sá fyrir málinu á annan veg, sem sé að láta þetta verða meginleiðina, eins og frv. ber með sér. Það er þá þetta, sem réttlætir það frá mínu sjónarmiði, að ekki sé á þessu stigi málsins verið að hvika frá hinni lögfestu Þrengslaleið, sem allir kannast við, — þó hún yrði nú reyndar ekki numin úr lögum með þessu frv. —, yfir til Krýsuvíkurleiðarinnar á meðan það er ekki afsannað, að Þrengslaleiðin sé forsvaranleg leið. Ég er ekki að lá það neinum, þó að hann segi sem svo, að hin fræðilega leiðsögn í þessu máli, eins og leiðsögn vegamálastjóra, geti farið villt, því að hinum fróðustu og beztu embættismönnum getur vitanlega yfirsézt. En þegar hin fræðilega þekking og reynsla elztu og staðkunnugustu manna fer saman, þá verðum við að gera mikið úr því, þegar við sköpum okkur niðurstöðu.

En það er eitt atriði, sem stendur fast, og það er það, að frá Vindheimum í Ölfusi — þar sem vegir ættu að skiljast — til Reykjavíkur er nálægt 32 km. vegalengdarmunur, sem Krýsuvíkurleiðin er lengri, og það hefir ákaflega mikið að segja, þegar um tvær að öðru leyti forsvaranlegar leiðir er að ræða. 32 km. vegalengdarmunur kemur sem ákaflega mikill verðmunur niður á þeim, sem þurfa á flutningum að halda, á meðan þeim er ekki gefið benzín og gúmmí, sem væri nú til of mikils ætlazt. Þess vegna er það skylda þeirra manna, sem vilja líta á hugsmuni þessara tveggja aðilja, höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins, að hvika ekki frá þeirri ákvörðun, sem tekin hefir verið og lögfest, fyrr en eitthvað gagngert kæmi fram, sem sannaði, að þetta væri óforsvaranleg leið. Og þess vegna hefi ég flutt þá brtt., að liðurinn um Krýsuvíkurleiðina sé felldur niður. En til þess að þingið sæi um leið að einhverju leyti fyrir þörfum þeirra, sem verst eru settir með tilliti til samgangna á þessu svæði, þá hefi ég flutt brtt. um nýja þjóðvegakafla frá Vindheimum í Ölfusi til Selvogs og til Þorlákshafnar. Þetta eru nokkrar vegalengdir, ég geri ráð fyrir, að frá Vindheimum til Þorlákshafnar sé um 19 km. leið, og frá Þorlákshöfn til Selvogs 7—8 km. Báðir þessir staðir hafa mjög mikla þörf fyrir vegabætur, og vænti ég því, að ef tekið verður tillit til aðalbrtt. minnar, þá verði þessir nýju þjóðvegaspottar samþ. um leið.

Þegar verið er að tala um það sem hið gildandi frá sjónarmiði þeirra, sem eru formælendur Krýsuvíkurleiðarinnar, að þar sé um vetrarveg að ræða, vegna þess að sú leið sé miklu snjóléttari og öruggari, en sumarvegurinn eigi að liggja annarsstaðar, þá held ég, að þetta hafi við lítil rök að styðjast. Ég segi, að það sé ekki afsannað eða vefengt, að Þrengslaleiðin sé forsvaranleg sem vetrarvegur, og ef hún er það, þá á það *vitanlega að vera takmarkið*, að hún verði fullgerð, svo að hún verði ágæt til ferðalaga allar árstíðir.

Ég get svo látið máli mínu lokið. Ég vil ekki taka einstrengingslega á þessu, heldur taldi ég það skyldu mína að segja mitt álit í þessum efnum. Og að svo miklu leyti sem lögfesting Krýsuvíkurleiðarinnar á að hnekkja því, sem annars er óhnekkt um skemmstu og öruggustu leiðina, þá er ég henni mótfallinn; annars hefi ég ekkert við hana að athuga.

Sigfús Jónsson: Ég á hér nokkrar brtt. ásamt tveimur öðrum hv. þm. á þskj. 399. Þessar brtt. fara fram á það að taka í þjóðvegatölu Skagaveg frá Sauðárkróki um Gönguskörð og Laxárdalsheiði að Hvammkoti á Skaga. Það var einu *sinni efst á döfinni*, að *þessi leið frá Blönduósi* til Sauðárkróks yrði tekin upp í þjóðvegatölu, því það var talið, að það væri skemmri leið heldur en sú, sem nú er farin. Og einmitt af því, að það var ofarlega í hugum manna, að þessi leið yrði tekin upp sem aðalleið, þá hafa verið gerðar allmiklar vegabætur. Húnavatnssýslumegin hefir verið lagður vegur yfir Þverárfjall, sem er á milli Norðurárdals og Ytri-Laxárdals. En Skagafjarðarmegin hefir verið lagður vegur frá Sauðárkróki og alla leið út að Laxárdalsheiði, en hann getur ekki komið að notum, nema vegirnir yfir Laxárdalsheiði og Kolugafjall gætu haldið áfram. Þess vegna leggjum við til, að tekinn verði í þjóðvegatölu vegurinn um Gönguskörð og Laxárdalsheiði og Kolugafjallsvegurinn af Laxárdalsheiði um Þverárfjall og Norðurárdal að Laxárbrú. *Þarna er mikið búið að vinna*, sem verður gagnslaust, ef vegur yfir Laxárdalsheiði verður ekki lagður, og svo er ætlazt til, að lagður verði vegur út Laxárdalinn og út á Skaga að Hvammkoti. Þar eru torfærur á leiðinni, ár, sem bílar geta ekki komizt yfir, ef þær eru í vexti; önnur er lítil, en önnur stór, en ég hygg, að þægilegt sé að brúa hana og að sú brú mundi ekki kosta mjög mikið. Ég hefi heyrt á ýmsum mönnum, sem farið hafa þarna um og vilja koma á Sauðárkrók, að þeir mundu vilja fara þessa leið, því að hún er styttri; annars verða þeir að taka krók á sig frá Víðimýri og niður á Sauðárkrók. Ég hefi átt tal um þetta við vegamálastjóra. Hann er þessu fremur hlynntur, sérstaklega vegna þess að svo mikið fé hefir verið látið í þessa vegi, en það fé verður allt gagnslaust, *ef vegunum verður ekki haldið áfram og þeir* tengdir saman. Þessi fjallvegur er 21 km. Vegamálastjóri segir svo í sínu áliti, að umbætur þar hafi allar verið kostaðar af ríkissjóði, og eiga vitanlega að vera kostaðar af honum. Ég vænti þess því, að d, taki þessu máli vel og samþ. brtt.

Ég skal ennfremur taka það fram, að á leiðinni yfir Laxárdalsheiði þarf í hæsta lagi að leggja 5 km. langan veg. Hitt eru melhryggir, sem gera mætti bílfæra án tilfinnanlegs kostnaðar. Annars geri ég ráð fyrir, að hv. þm. A.-Húnv., sem er kunnugri þarna en ég, tali nánar fyrir þeim hluta af veginum, sem hér er um að ræða.

***Emil Jónsson:** Langmerkilegasti og þýðingarmesti vegurinn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er sá, sem talinn er undir tölulið 1, nefnilega Suðurlandsvegurinn. Það er hann, sem á að skapa öruggt samband milli allra austursýslnanna annarsvegar og Reykjavíkur hinsvegar. Þó að hinir vegirnir séu náttúrlega út af fyrir sig ákaflega þýðingarmiklir, þá held ég, þótt ég sé kannske ekki bær að dæma um þá alla, að *þeir hafi ekki* áhrif á afkomu líkt því eins margra manna og þessi. Bæði af þeirri ástæðu, og líka af því, að ég er kunnugri þessari leið en öðrum, þá vil ég fara nokkrum orðum um þennan lið og brtt. á þskj. 405, frá hv. 11. landsk.

Þessi vegur á að gera kleift að halda stöðugu vegasambandi milli bæjanna við Faxaflóa, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og austursveitanna allt árið. Hv. 11. landsk. sagði, að í þessu *máli stönguðust hagsmunirnir* nokkuð á, og um það fór hann þeim orðum, að hér mættu engir aukahagsmunir eða sérhagsmunir koma til greina. Virtist mér hann þar eiga við það, að ekki mætti t. d. taka tillit til sambandsins við Krýsuvík, Selvog og Þorlákshöfn. Hagsmunir þessara staða mættu ekki verða þess valdandi, hvor leiðin yrði valin, um Krýsuvík eða Þrengslin. Þetta er að vissu leyti rétt, en þó ekki nema að vissu leyti. Hann sagði, að það ætti eingöngu að velja þá skemmstu leið, sem örugg væri. Þetta er náttúrlega rétt líka.

Hv. þm. benti einnig á það, að járnbrautarfræðingurinn Sverre Möller hefði álitið Þrengslaleiðina hagkvæmasta. En við þetta er eitt afarveigamikið atriði að athuga. Þessi norski verkfræðingur, sem gerði þessa athugun, miðaði eingöngu við *járbrautarlagningu*, og það er allt annað að leggja járnbraut stóran krók eða vetrarveg. Járnbrautarlestin á að fara þessa leið árið um kring, og þess vegna verður hún að borga allt árið þau útgjöld, sem sú leið hefir í för með sér. Því er áríðandi, að járnbrautin verði sem stytzt. En þegar um vetrarveg fyrir bíla er að ræða, þá kemur sá kostnaður, sem krókurinn hefir í för með sér, aðeins til greina, þegar krókurinn er farinn, nefnilega að vetrarlagi, þegar sumarvegurinn er ófær, og það er venjulega tiltölulega stuttur tími. Þess vegna kemur ekki til mála að blanda saman járnbrautarleið og vetrarvegi fyrir bíla. Það, sem kemur hér til með að ráða úrslitunum, er fyrst og fremst það, hvaða leið er snjóléttust, því að takmarkið er að fá leið milli þessara staða, sem fær er allan ársins hring. Þess vegna er það fyrsta og stærsta atriðið að fá þann veg, sem er fær allt árið, og það hygg ég, að engum, sem til þekkir, blandist hugur um, að þessi syðri leið er snjóléttari en Þrengslaleiðin. Ég hefi átt tal við marga kunnuga menn á báðum þessum stöðum, og hafa þeir sagt mér óhikað, að þeir viti það gegnum margra

ára langferðir sínar á þessum slóðum, að syðri leiðin sé snjóléttari, jafnvel þótt vegurinn frá Lækjarbotnum að Kolviðarhóli sé lagður á öðrum stað en hann er nú. Hér á að velja þá leið, sem alltaf er fær, þá leið, sem ekki fer í kaf, þó að bylur komi, eða a. m. k. þá leið, sem gerir það seinast.

Á það hefir verið bent, að þessi syðri leið sé 30—32 km. lengri en hin. Það er vitanlega nokkur vegalengd, en hver mundi ekki glaður fara þann krók, ef sú leið væri greið, í staðinn fyrir að eiga ekki kost á annari leið en litt færri eða ófærri? Það vita allir, sem nokkuð þekkja til, að snjóþunga leiðin, þótt stutt sé, er miklu kostnaðarsamari en miklu lengri leið snjólaus.

En svo auk þessara aðalatriða er einnig þess að gæta, að þessi syðri leið kemur Krýsuvík, Selvogi og Þorlákshöfn í vegasamband og verður þannig að liði heilum sveitum, sem nú hafa helzt ekkert vegasamband. Það mundi Þrengslavegurinn aftur á móti ekki gera, enda kom fram brtt. í Ed. og hefir nú einnig komið í þessari d. frá þeim mönnum, sem berjast á móti syðri leiðinni, þar sem þeir sjá sér ekki annað fært en að leggja til, að þessir staðir fái sérstaka þjóðvegi til sín. Þessi brtt. er flutt hér af hv. 11. landsk. á þskj. 405. Það eina, sem sparaðist þá samkvæmt hans till., er leiðin frá Krýsuvík í Selvog. Aftur á móti sparast öll Þrengslaleiðin, ef syðri leiðin væri valin.

Hv. 11. landsk. undirstrikaði það, að ef Þrengslaleiðin yrði valin, þá ætti að fara þá leið bæði sumar og vetur. En þar með er hann kominn út fyrir það, sem hann vill láta vera höfuðsjónarmiðið, nefnilega að hafa veginn sem stytztan, því að það er vitað, að Þrengslaleiðin er meira en 10 km. lengri en núverandi vegur yfir Hellisheiði. Hv. þm. er því víkinn frá þeirri reglu að hafa leiðina sem stytzta.

Hér ber því allt að sama brunni. Í fyrsta lagi, að Reykjanesleiðin er snjóléttari. Í öðru lagi, að ekki má bera vetrarveg saman við járnbrautarleið, sem verður að fara allt árið, en vetrarvegur bílanna verður aldrei farinn, þegar hinn vegurinn er fær, sem hann er langmestan hluta ársins. Og í þriðja lagi verður bráðlega að leggja veg mestan hluta þessarar leiðar, hvort sem hún er nú valin fyrir vetrarleið eða ekki. Þar við bætist svo það, að með þessari leið fær Hafnarfjörður, Krýsuvík, Selvogur og Þorlákshöfn fast vegasamband. Það renna því margar stoðir undir það, að þessi leið sé miklu heppilegri.

Það er að vísu rétt, að þessi leið er órannsökuð enn. En einmitt af þeirri ástæðu finnst mér óforsvaranlegt að forkasta henni, meðan hún er órannsökuð. Það er ekki hygginna manna háttur að taka að sér að dæma hluti ófæra, áður en þeir hafa verið athugaðir.

Það rétta er að halda möguleikanum opnum, rannsaka hann ýtarlega og bera þær niðurstöður saman við Þrengslaleiðina, og taka síðan þann kostinn, sem vænni er.

Það hafa orðið talsverðar umr. um þetta mál áður, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í málið að þessu sinni. En ég vildi aðeins láta þetta sjónarmið koma fram. Vænti ég þess, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. fyrsta lið frv., eins og hann liggur fyrir, en ég legg eindregið til að fella brtt. á þskj. 405.

*__Eiríkur Einarsson:__ Ég gat því miður ekki heyrt alla ræðu hv. þm. Hafnf., en eitt af því, sem ég heyrði hann segja, var það, að Þrengslaleiðin væri 10 km. lengri en núv. vegur. Þetta kann vel að vera. En samt á þessi skammi vegur að víkja fyrir Þrengslaleiðinni vegna þess, að hann er talinn óforsvaranlegur vegur milli Suðurlands og Reykjavíkur, en ekki af því, að hann sé of stuttur. Það er stytzta forsvaranlega leiðin, sem á að velja, og þeir, sem hafa kannað þetta, finna Þrengslaleiðina sem þá skemmstu af tiltækilegum vetrarleiðum.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að Krýsuvíkurvegurinn yrði bráðlega lagður hvort sem væri vegna þeirrar nauðsynjar, sem væri á að fá hann. Þetta getur vel verið. Ég veit ekki, hversu mikil nauðsyn Hafnfirðingum er að fá samband við Krýsuvík. Ég geri ráð fyrir, að þeim sé það talsvert áhugamál, og þegar svo er, þá er eðlilegt, að það sjái á, og mundi því verða tekið fast á málinu til þess að koma verkinu í framkvæmd. En það réttlætir engan veginn það, að aðalvegurinn eigi að liggja þarna, af því að meginhagsmunir þessara tveggja aðalja heimta, að valin sé skemmri leið. Þrengslaleiðin mun vera um 30 km. skemmri en Krýsuvíkurleiðin, og ef það er lagt til peninga á hvern bílfarm, sem þarna yrði fluttur, þá sér maður, hvað mikið er í húfi. Og þó að leggja þurfi veg til Krýsuvíkur hvort sem er, þá er það engin sönnun þess, að hafna skuli Þrengslaleiðinni, meðan ekki er sannað, að hún sé óforsvaranleg vegna snjóa.

Hv. þm. sagði, að ekki væri rétt að fordæma syðri leiðina, meðan hún væri órannsökuð, og þar er ég honum alveg sammála. Og ég geri ráð fyrir, að formælendur þessarar leiðar hafi rétt fyrir sér í því, að hún sé snjóléttari. Það helzta, sem vafi er um, er leiðin meðfram Kleifarvatni, en þar mætti kannske eitthvað víkja til. En þó að hún sé snjólétt og nauðsynleg Hafnfirðingum, þá gefst ærin ástæða til að rannsaka hana. En þó að þarna kynni að reynast út af fyrir sig hentugt vegarstæði, þá má ekki taka hana fram yfir þá miklu skemmri leið, nema skamma leiðin reynist óforsvaranleg vegna snjóþyngsla. Þetta er mergurinn málsins. Og þótt ég taki undir það með hv. þm. Hafnf., að óforsvaranlegt sé að fordæma syðri leiðina órannsakaða, þá tel ég líka óforsvaranlegt að ganga framhjá eða hverfa frá hinni langtum skemmri Þrengslaleið, meðan ekki hefir verið gengið úr skugga um, að hún sé óforsvaranleg, og því fremur er það óforsvaranlegt, þar sem þessi leið hefir verið rannsökuð og komizt að þeirri niðurstöðu, að hún sé góð vetrarleið.

Nei. Krýsuvíkurleiðina má rannsaka, og ég vildi, að Hafnfirðingum reyndist sem auðveldast að gera þar greiðar samgöngur. Ekki veitir af á landi voru, að hömlunum sé hrundið úr vegi eftir því, sem unnt er. En sú vegagerð má ekki verða til þess, að nytsamri og réttri ákvörðun sé hrundið frá um leið. Þetta má ekki verða til þess að fresta framkvæmdum á lagningu Þrengslavegarins, og það á að verða sameigin-

legt mál að byrja á að leggja Þrengslaveginn austan frá frá Suðurlandsbraut hjá Reykjum og að Vindheimum, og það er alltaf þarft verk. En að því loknu má rannsaka þetta nýja plan og hætta þá við Þrengslaleiðina, ef einhver nývisindi sönnuðu hana ófæra, en ég veit ekki, hver sú sönnun ætti að vera.

*__Emil Jónsson:__ Fyrsta aðalkrafan, sem gera þarf til þessa vegar — og án allra aukahagsmuna, eins og hv. 11. landsk. orðaði það — er, að vegurinn sé fær allan ársins hring. Hér er verið að ræða um vetrarveg, en ekki veg, sem fara á allt árið. Hv. þm. var ekki inni, þegar ég flutti mína ræðu, svo að hann heyrði ekki mín rök. Það, sem ég lagði mesta áherzlu á, var, að um það væri ekki deilt, að suðurleiðin væri snjóléttari en Þrengslaleiðin, svo að út frá því séð ætti að vera sjálfsagt að fara hana fremur en Þrengslaleiðina. Í öðru lagi lagði ég áherzlu á það, að þegar járnbrautartill. Sverre Möllers væru bornar saman við áætlanir um vetrarveg fyrir bíla, þá yrði að aðgæta, að bílarnir fara vetrarveginn aðeins lítinn hluta ársins, en járnbrautarleiðina verður að nota allt árið, og þess vegna er áríðandi að fá hana sem stytzta.

Það hefir aldrei vakað fyrir forsvarsmönnum þessa máls, að þessi leið yrði nema vetrarleið. Það hefir aldrei verið meiningin, að allir flutningar allan ársins hring skyldu færast yfir á syðri leiðina, heldur aðeins að skapa með henni það mesta öryggi, sem unnt er að skapa vetrarsamgöngunum milli austursveitanna og kaupstaðanna hér vestanfjalls.

Annars skil ég ekki afstöðu hv. 11. landsk. Hann undirstrikar það, sem rétt er, að það sé einn spotti, sem ekki sé um deilt, leiðin af Suðurlandsbraut að Vindheimum. Þennan kafla má byrja að gera á komandi sumri, og meðan sá kafli er lagður, má rannsaka Reykjanesleiðina og ganga úr skugga um, hvort hún sé heppilegri en Þrengslaleiðin. En því á þá, áður en sú rannsókn er búin, að rjúka í að leggja Þrengslaveginn? Nei, það má byrja á þessum sameiginlega kafla, og hann mun endast, þangað til rannsókninni er lokið, og þá á að velja um leiðirnar. Þess vegna skil ég ekki, þar sem hann vill auðvitað fá betri lausnina, hvers vegna hann vill fyrirfram ákveða, að Reykjanesleiðin skuli ekki farin, áður en nokkur rannsókn liggur fyrir. Ég er honum sammála um, að aukahagsmunir Hafnarfjarðar, Selvogs og Þorlákshafnar eiga ekki að ráða úrslitunum. En ef þeirra hagsmunir fara saman við hagsmuni austursýslnamanna, þá á vitanlega að haga framkvæmdunum eftir þeim sameiginlegu hagsmunum. Ef þessi vegagerð fullnægir auk þess þeirra kröfum, því á þá ekki að láta veginn liggja þeim megin? Og þegar ennfremur hefir verið bent á það, að langmestur hluti vegarins þessa leið hlýtur að verða lagður á næstunni hvort sem er.

Þá má benda á, að Þrengslin geta ekki orðið sumarleið, eins og tekið hefir verið fram, ef á að fylgja reglu hv. 11. landsk., nefnilega að fara styztu leið, því að um Þrengslin er meira en 10 km. lengri leið heldur en leiðin, sem nú er farin að sumrinu. Hvers vegna ætti að taka þann krók á sig, að fara Þrengslin að sumrinu, þegar sæmilega góð leið er til þann tíma miklu styttri?

Þá kem ég að þessum aukaskatti, sem mér er sagt, að einn hv. þm. í Ed. hafi reiknað út, að yrði 20 kr. á bíl með því að fara Reykjanesleiðina í auknum kostnaði í ferð við það að fara lengri leið en nú er farin. Ég hefi áður getið um það, að á sumrin er ekki ætlazt til þess, að Reykjanesleiðin verði farin við flutninga á milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Hér kemur því aðeins til álita sá tími, þegar sá vegur, sem nú er farinn að sumrinu við þá flutninga, er tepptur.

En ef borinn er saman þessi 30 km. lengri vegur og vegurinn yfir Hellisheiði, þá verður að taka fleira til greina heldur en vegalengdina eina saman. Það er ekki nóg að segja um leiðirnar: Þessi er svo eða svo margir km. og hin er 30 kr. lengri. Hitt verður einnig að athugast, þegar um er að ræða kostnað við að aka bílum um þær, hvernig leiðirnar eru. Það hefir tjáð mér greinagóður bílstjóri, sem oft hefir farið á milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, að ⅔ hlutar benzínsins, sem eyddust í báðar ferðirnar austur og hingað aftur, eyddust á leiðinni austur, af því að sú leið væri alltaf á fótinn. Benzineyðslan verður þannig 100% meiri á austurleiðinni heldur en á ferðinni til baka. Þess vegna getur það orðið álitamál, ekki sízt þegar um vetrarferðir er að ræða, hvort ekki verður ódýrara að fara lengri leiðina heldur en þá styttri, þegar um er að velja tvær leiðir. Þar kemur margt til álita, svo sem erfiðar brekkur og annað slíkt.

Ég vil að lokum undirstrika það, að þó að hér megi ekki taka til greina aukasjónarmið á líkan hátt og aðalsjónarmið væru, eins og hv. 11. landsk. tók réttilega fram, þá ber hv. Alþingi þó skylda til þess — bókstaflega ber skylda til þess að taka það mikið tillit til aukasjónarmiða, að sameina þau heildarsjónarmiðum og heildarhagsmunum, ef það getur orðið í öllu tilliti framkvæmanlegt á hentugan og hagkvæman hátt. Það er alls ekki rétt að fara Þrengslin fremur en Reykjanesleiðina, ef það er ekkert hagkvæmara fyrir Reykjavík og Suðurlandsundirlendið að fara fyrrnefndu leiðina, til þess eins að taka ekki aukasjónarmið til greina. Þess vegna vil ég álykta svo, að þingið geti samþ. frv. eins og það er. Og ég vil óska þess, að svo verði gert, því að frv. felur ekkert annað í sér en það, að möguleikunum er haldið opnum til þess að fara þessa leið. Ég sé því ekki, að neinu verði tapað við það að samþ. frv.

*__Eiríkur Einarsson:__ Hv. þm. Hafnf. tekur þar í sama streng og ég, að það muni verða byrjað á þessum vegarkafla, sem er sameiginlegur, hvor leiðin sem svo verður valin. Er það gleðiefni öllum, sem þar eiga hagsmuna að gæta, að um þetta er ekki ágreiningur. En þar sem hv. þm. Hafnf. sagði, að hér væri aðeins um vetrarleið að ræða, en ekki leið til þess að fara eftir árið um kring, þá verð ég að segja það, að ég held því fram, að hann telji nokkuð gefið atriði í málinu það, sem enn er ekki ákvarðað. Því að þó að Þrengslin séu fyrst og fremst ákveðin til þess að vera til þess að tryggja vetrarleið austur, þá er tak-

markið með veginum um Þrengslin, að sá vegur geti orðið flutningaleið árið um kring. Ég hefi spurt vegamálastjóra um þetta. Hann hefir lýst því ótvírætt yfir, að það væri hans tilætlun að gera þennan veg svo, að hann yrði einhlítur fyrir ferðalög allar árstíðir. En þegar maður gengur út frá því, að vegurinn um Þrengslin væri fær allar árstíðir, jafnt vetur og sumar, þá er annað sjónarmið, sem hv. þm. Hafnf. gat um. Hann spurði, hvers vegna ætti að nota þennan veg að sumrinu, sem væri 10 km. lengri en vegurinn, sem nú er farinn. Ég verð þar til að svara, að ef vegurinn um Þrengslin er fær árið um kring, þá er of dýrt að halda við tveimur vegum, og þess vegna réttara að nota aðeins veginn um Þrengslin.

Ég viðurkenni, að viðhorf þessa máls breytist töluvert við það að slá því föstu, að veginn um Þrengslin eigi ekki að nota, nema að vetrinum, í neinum kringumstæðum. En undir eins og maður víkur þessu við og segir eins og vegamálastjóri: Takmarkið með veginum um Þrengslin er, að hann verði bæði sumar- og vetrarvegur, jafnfær allar árstíðir, þá lítur málið öðruvísi út. Ég hefi nú í þessu ekki ófróðari mann fyrir mér en vegamálastjórann. Álít ég ekki ástæðu til að vefengja, að þetta sé rétt álit hjá vegamálastjóra. Ef heildarsjónarmið vísa ekki gagngert í aðra átt heldur en sérhagsmunasjónarmið, þá er alltaf hagur af því, frá almennu sjónarmiði skoðað, að sveigja eitthvað til fyrir hagsmunum þeirra færri. En það má ekki sveigja þannig of langt til, að heildarhagsmunir líði við það. Annars er það náttúrlega alltaf elskulegt og gott að geta tekið tillit einnig til hinna fáu. En það má bara ekki vera gert of mjög á kostnað hagsmuna fjöldans.

Hv. þm. Hafnf. sagðist ekki skilja afstöðu mína, þar sem ég héldi því fram, að mér skildist á honum, að það mætti ekki lögfesta þennan veg suður um Krýsuvík, sem á að byggjast á rannsókn, sem er ógerð, á meðan svo stæði, og hv. þm. Hafnf. viðurkennir, að hún er ógerð. Því er þar til að svara, að ég skil því síður í hv. þm. Hafnf., þar sem hann játar fúslega, að rannsókn um þessa vegalagningu sé að miklu leyti ógerð enn, að hann þá skuli samt sem áður vilja það og leggja kapp á það, að áður en rannsókn fer fram í þessu efni, þá sé lögfest að leggja veginn. Venjan er, að rannsókn fari fram fyrst, og síðan séu teknar ákvarðanir, og það því fremur sem um stærri vegagerðir er að ræða. Hér finnst mér hv. þm. Hafnf. vilja hafa endaskipti á hlutunum. Ég ann honum fyrir það, að honum sem bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar er kappsmál að koma á þessum vegi um Reykjanesið, sem mundi verða þeim bæ til hagsbóta. En hitt er annað mál, hvort hæstv. Alþingi á endilega að lögfesta þennan veg, áður en rannsókn fer fram um málið.

*__Frsm. (Gísli Guðmundsson)__: Í ræðu minni áðan gerði ég ekki að umtalsefni þær brtt. við frv., sem fram eru bornar af einstökum hv. þm. við þessa umr. Þessar brtt. eru á þrem þskj., nr. 390, 399 og 405. Sumar af þessum brtt. eru svo nýlega til komnar, að samgmn. hefir ekki unnizt tími til að taka þær til athugunar. Áðan var ég að athuga möguleika til þess að ná n. saman til þess að athuga þær, en það reyndist ekki gerlegt þá. Þess vegna get ég ekki að svo stöddu lýst yfir neinu áliti fyrir hönd samgmn. um þessar brtt. Vil ég því skjóta því til hv. flm. brtt., hvort þeir telji ekki rétt að taka þær aftur til 3. umr., til þess að bæði samgmn. og einstökum þm. gefist kostur á að athuga þær nánar.

Annars vil ég í sambandi við þetta minna á það, að þetta mál er komið frá hv. Ed. og hefir fengið allrækilega meðferð þar, að ég hygg. Ég hygg, að ef frv. yrði breytt hér í Nd., þá gæti það orðið til þess e. t. v., að frv. gengi ekki fram að þessu sinni. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu þeim til athugunar, sem hafa áhuga á því, að ýmislegt af því gangi fram, sem frv. felur í sér.

Hv. 11. landsk. flytur hér brtt. á þskj. 405, þess efnis að fella niður fyrsta lið frv., þ. e. a. s. ákvæðin um, að Suðurlandsvegur skuli vera tvískiptur, önnur leiðin um Lækjarbotna, en hin leiðin um Hafnarfjörð, Krýsuvík og Selvog. Þetta vill hv. 11. landsk. fella niður, og er ég nú dálítið undrandi yfir því, ekki sízt vegna þess, að í ræðu sinni áðan skildist mér á honum, að hans stefna í þessu máli væri sú, að halda öllum möguleikum opnum fyrir vegalagningu hér á milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Að vísu var orðalag hans um þetta nokkuð óákveðið. Hann komst svo að orði, að hann vildi velja þá skemmstu leið, sem væri forsvaranleg og örugg. Og hann vildi halda því fram, að ef farið væri eftir þessari reglu, þá yrði það leiðin um Þrengslin, sem væri skemmst af þeim leiðum, sem tiltækilegar væru. En mér virðist, að hv. 11. landsk. ætti að endurskoða betur þessa afstöðu sína til málsins og einnig athuga það betur, hvað frv. felur í raun og veru í sér. Því að þó að frv. sé samþ. í þeirri mynd, sem það er í þessu efni, þá er þar með ekki gefin nokkur fyrirskipun um það, að vegurinn skuli lagður þessa syðri leið, og ekki verið að banna að leggja hann um Þrengslin. Það, sem frv. felur í sér, er að halda möguleikunum opnum til þess að leggja veg um hvora þessa leið fyrir sig. Eins og bent hefir verið á, verður sjálfsagt byrjað á vegarlagningu á þeim kafla, sem ekki er um deilt, austan fjalls. Og á meðan sú vegarlagning fer fram, má vitanlega athuga þetta vegalagningamál nánar. Hinsvegar er það svo, að hugir manna stefna meira og meira að því, að leiðina til þess að leggja veginn um austur beri að velja ekki einungis með tilliti til þess, að hann sé sem styztur, ekki heldur fyrst og fremst með tilliti til þess, að hann sé sem ódýrastur, heldur að hann sé, ásamt þessu tvennu, eftir því sem því verður við komið, alltaf fær árið um kring og að hann því geti komið að sem mestum notum fyrir héruðin austan fjalls. Og ég hygg, að hv. 11. landsk. ætti að gjalda mjög varhuga við því að fordæma þá heimild, sem í frv. felst til að leggja veg um Reykjanesleiðina, eftir að fullnaðarrannsókn hefir farið fram í því efni. Það er alveg rétt, að fullnaðarrannsókn hefir ekki farið fram enn á þessu vegarstæði. En ég vil út af því, sem hv. 11. landsk. sagði í síðustu ræðu sinni, segja honum það, að það hefir ekki ver-

ið ófrávíkjanleg regla — síður en svo — að leiðir, sem teknar hafa verið í þjóðvegatölu, hafi verið þrautrannsakaðar áður en slíkt var ákveðið. Oft og tíðum hefir það verið þannig, að þá fyrst, er búið var að ákveða þjóðvegarlagningu á einhverju svæði, þá fór fram sú endanlega rannsókn og kostnaðaráætlun um vegarlagninguna.

Ég get fyrir mitt leyti sagt það um þessa brtt., sem er allt annars eðlis en allar hinar, að ég er henni algerlega mótfallinn. Ég vil láta haldast þennan möguleika til þess að geta valið um það, hvor af þessum tveim leiðum verður farin um þessa vegarlagningu austur. Og á samgmn.fundi kom ekki heldur annað fram en að nm. vildu láta þessa heimild haldast í frv.

En ég vil sem sagt skjóta því til hv. flm. brtt., eins og ég áður tók fram, að þeir taki þær aftur til 3. umr.

***Eiríkur Einarsson:** Hv. þm. N.-Þ. sagði, að það ætti sér oft stað, að þessi eða hin leið væri tekin í þjóðvegatölu, áður en full rannsókn hefði farið fram um vegarstæðið, og það má vel vera. En ég sagði annað áðan, sem ég stend við, að um allar dýrari vegagerðir, ekki síst ef um vegi er að ræða, sem eiga að vera frambúðarvegir fyrir stór héruð, þá verður ekki um það villzt, hvort réttara og formlegra og ég vil segja forsvaranlegra er að láta fara fyrst fram rannsókn eða lögfestingu á veginum. Það er beint siðferðisleg skylda Alþingis, að hafa rannsakað til hlítar það mál, sem hér er um að ræða, áður en það lögfestir val á leiðinni til að leggja þennan veg. Það getur verið, að það hafi átt sér stað, að rannsókn hafi farið fram eftir á um stutta vegarspeli á milli sveita, þegar þeir hafa verið teknir í þjóðvegatölu. Þá hefir það verið látið gilda, að miðað hefir verið við, að rétt hafi verið farið með um þá vegi af hlutaðeigandi aðiljum, sem um slíkt hafa sótt. Og er slíkt, þegar um stutta vegi er að ræða, gerólíkt þessu, sem hér er um að ræða, að leggja mjög langan og dýran veg.

Það er eins og hv. þm. Hafnf. hafi þótt það óeðlilegt, að ég vildi slá því föstu, að það ætti að velja hér á milli þessara leiða þannig að kjósa þá skemmstu leið til vegarlagningar austur, sem forsvaranleg er og örugg. Hann sagði, að skemmsta leiðin væri sú, sem nú er farin. En er ekki verið að reyna að finna veg til að hafa sem öruggan vetrarveg? Það er ekki fyrst og fremst hér til umr., hvaða vegur er skemmstur. Er ekki leiðin, sem nú er farin, talin óforsvaranleg sem vetrarvegur? En það skemmsta af því örugga (sem vetrarleið) er leiðin um Þrengslin. Og þess vegna þarf einhvað nýtt að koma fram til þess að afsanna, að svo sé, og hnekkja áliti vegamálastjóra í þessu efni, til þess réttmætt megi teljast að taka ekki þá leið.

Nei. Að segja, að ég sé að beita mér á móti þessum vegi um Krýsuvík, af því að ég í sjálfu sér sé á móti því að leggja þurfi þar veg, er ekki rétt. En mér virðist tónninn vera sá í sókn þessa máls, að þann veg sé haft í hyggju að leggja á kostnað Þrengslabrautarinnar, og að það eigi að koma á Krýsuvíkurvegi í stað Þrengslabrautar. En þessari fyrirætlun mótmæli ég, á meðan það er ekki afsannað, að Þrengslaleiðin sé sú skemmsta forsvaranlega og örugga leið á milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins taka fram, að ég tel sjálfsagt að verða við tilmælum hv. form. samgmn. um að taka aftur til 3. umr. brtt. mínar á þskj. 390.

***Emil Jónsson:** Ég ætla aðeins að beina þeim orðum mínum til hv. 11. landsk., af því að honum fannst það mjög óviðeigandi af minni hálfu, að ég vildi — reyndar ekki ég einn, heldur margir hv. þm. — láta lögfesta þessa leið sem þjóðveg áður en rannsókn um hana færi fram. En það liggja til þessa alveg sérstakar ástæður, nefnilega þær, að ákveðið er að byrja á þessari vegarlagningu í sumar. Það er mögulegt að leggja fram fé til hennar, um 70 þús. kr., til þess að byrja á þessum vegi. En svo er einnig möguleiki til þess — og ég veit, að um það hefir verið talað — að nota eitthvað af því fé, sem Rvík og Hafnarfjörður fá til atvinnubótavinnu, til þessarar vegarlagningar austur. En það er því aðeins hægt, eða að mér skilst, miklu fremur hægt, ef leiðin um Krýsuvík verður valin. Það er miklu óþægilegra og e. t. v. ógerlegt að nota það fé til vegalagninga uppi á Hellisheiði. En það er fram á vetur hægt að hafa menn við það að ryðja hraunið.

Rannsókn á þessari Reykjanesleið þarf ekki að taka nema 2—3 mánuði. En eftir þann tíma, ef rannsókn leiðir í ljós, að þessi leið álízt hagkvæm, er ekki hægt að nota þetta fé til þessa vegar, sem til hans mætti annars nota, ef ekki liggur fyrir ákveði í l. um, að það megi velja þennan veg, eftir að rannsókn hefir farið fram með áðurnefndum árangri. Það er einungis þetta, sem vakir fyrir flm., að það sé ekki útilokað, að þessa leið megi velja, ef hún álízt heppilegust að undangenginni rannsókn. En verði vegur þessi felldur út úr frv. nú, þá er ekki hægt að taka hann upp aftur fyrr en á næsta þingi. Að samþ. brtt. hv. 11. landsk. getur því orðið til þess að fresta vegarlagningu þessari hér sunnanlands um eitt ár.

***Jakob Möller:** Ég hefi verið að furða mig á því, eins og hv. 11. landsk., hversu mikið kapp hefir verið lagt á að koma þessum umræddu Krýsuvíkurvegi inn í vegalögin, áður en leiðin hefir verið rannsökuð. En enda þótt ég væri mjög hissa á þessu, þá var ég þó ennþá meir hissa á því, sem upplýstst hefir undir þessum umr., að nú þegar skuli vera búið að ákveða, að þær 70 þús., sem veittar eru til Suðurlandsbrautar í ár, skuli eiga að ganga til þessa vegar.

Ég skal svo með nokkrum orðum athuga mál þetta eins og það liggur fyrir. Í vegalögunum segir svo um Suðurlandsveginn, að hann liggi frá Reykjavík um Ölfus og Flóa o. s. frv. En nú á að breyta þessu. Hv. þm. Hafnf. heldur því

fram, að við, sem ekki viljum samþ., eins og sakir standa nú, að Krýsuvíkurleiðin sé beinlínis ákveðin með lögum, séum á móti henni, viljum útiloka hana. En þetta er ekki rétt. Það er hann og þeir, sem honum fylgja að málum, sem vilja útiloka Þrengslaleiðina. Við viljum ekki útiloka neina ákveðna leið, eða ákveða neina ákveðna leið, fyrr en fullkomnari rannsóknir hafa farið fram. Lögin segja aðeins það, að Suðurlandsvegurinn skuli teljast frá Reykjavík um Ölfus og Flóa, en hvar hann skuli liggja héðan og austur í Ölfus, er ekkert sagt um. Allar leiðirnar, sem um er deilt, geta því fallið undir þetta. En með frv. á að ákveða eina sérstaka leið. En nú stendur svo á, að Krýsuvíkurleiðin er sú eina, sem komið hefir til mála að fara, sem ekki hefir verið rannsökuð. Það er aðeins gengið út frá því, að hún sé snjólétt, án þess þó, að það hafi verið rannsakað. Hinsvegar hefir Þrengslaleiðin verið rannsökuð undanfarin ár, og á þskj. 315 liggja fyrir upplýsingar um þetta frá Geir Zoëga vegamálastjóra. Þar segir svo meðal annars: „Mest varð flutningateppan vegna snjóa veturinn 1930—31, og stóð þá nær samfellt í 3 mánuði, janúar, febrúar, marz. Á þeim tíma fór fram athugun á snjóalögum á vegstæðinu um Þrengslin, og má fullyrða, að vegur á þeirri leið hefði þá aldrei teppzt.“ Þessi rannsókn á vegstæðinu um Þrengslin var gerð einn hinn mesta snjóavetur, sem komið hefir nú um lengri tíma, en þó er fullyrt, að vegna snjóa hefði sú leið aldrei teppzt þann vetur, ef vegur hefði verið kominn þar. Um Krýsuvíkurleiðina liggur aftur á móti ekkert slíkt fyrir. Þar hafa engar rannsóknir verið gerðar á fannalögum eða öðru, svo teljandi sé. Annars er það svo, að það er engin fullkomin vissa fyrir því, að sá vegur eða sú leið, sem liggur lægra yfir sjávarflöt en önnur, sé snjóléttari. Snjóalögin fara svo mjög eftir öðrum staðháttum, svo sem landslagi o. fl. Það getur því vel verið, að á þessari Krýsuvíkurleið séu kaflar, sem fyllast af snjó um lengri eða skemmri tíma, enda þótt hún liggi lægra en Þrengslaleiðin. Þetta finnst bæði mér og fleirum, að þurfi að rannsaka, að minnsta kosti áður en hún er tekin fram yfir aðrar leiðir, sem töluvert er búið að rannsaka. Mér kemur vitanlega ekki til hugar, að Krýsuvíkurleiðin komi ekki til mála, enda þótt hún sé 32 km. lengri en Þrengslaleiðin, ef rannsóknir leiða það í ljós, að hún sé snjóléttari, og jafnframt hitt, að ekki sé því dýrara að leggja þar veg. Í þessu sambandi koma líka til greina hagsmunir Hafnarfjarðar, sem að sjálfsögðu er fullt tillit takandi til, ef þeir ekki rekast á hugsmuni þeirra, sem veginn fyrst og fremst þurfa að nota.

Þegar nú svo stendur á sem hér, að leið þessa verður að velja fyrst með tilliti til þess, að hún eigi að vera aðalleiðin milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, má ekki hrapa að neinu að lítt rannsökuðu máli. Það, sem því þarf að gera hér, er að samþykkja þál. um að heimila stjórninni að láta framkvæma rannsókn á þessum vegstæðum, þó ekki rannsókn eins og hv. þm. Hafnf. minntist á, sem sé ófullkomna rannsókn, sem fari fram nú í sumar, heldur fullkomna rannsókn, sem einnig fari fram á snjóalögum að vetrarlagi á þessum leiðum, og þá sérstaklega á Krýsuvíkurleiðinni, þar sem hún hefir ekkert verið rannsökuð áður. Að þessu athuguðu tel ég ástæðulaust að taka þessa oft nefndu Krýsuvíkurleið upp í tölu þjóðvega nú, á meðan engin rannsókn hefir farið fram á henni. Það væri þvert á móti illa farið og leiðinlegt að hafa tekið hana upp í tölu þjóðvega, ef rannsóknin ætti svo eftir að leiða það í ljós, að hún væri verri en aðrar leiðir og komi því ekki til greina. Ég fæ ekki heldur séð, að það geti valdið nokkru tjóni, þó það bíði til næsta þings, því að það má halda áfram vegalagningunni í Ölfusinu og milli Þorlákshafnar og Selvogs, eins og hv. 11. landsk. flytur brtt. um. Ég vil því samþykkja þá brtt. og gæti einnig samþ. þál. um að fela stj. að láta vegamálastjóra gera ýtarlegar rannsóknir á þessum tveimur leiðum, sem deilt er um, svo gera mætti óyggjandi samanburð.

Sigfús Jónsson: Ég kvaddi mér aðeins hljóðs til þess að lýsa yfir því, að samkv. tilmælum tökum við flm. brtt. á þskj. 399 hana hér með aftur.

Thor Thors: Ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós undrun mína yfir þeirri meðferð, sem vegamálin hafa fengið hér á Alþingi í vetur. Það var þegar á öndverðu þingi í vetur, að ég bar fram hér í Nd. frv. til breyt. á vegalögunum. Frv. þetta varð 31. mál þingsins. Því var þá þegar vísað til samgmn., en hún virtist ekkert gera til þess að afgreiða það. En svo bera tveir þm. í Ed. fram frv. til breyt. á vegalögunum, og taka upp í það tvo af vegum þeim, sem ég bar fram í frv. mínu. Frv. þeirra tvímenninganna varð 88. mál þingsins. Á þessum mikla mun á raðtölu málanna má aftur sjá, að það var ekki fyrr en löngu eftir að ég hafði borið fram frv. mitt hér í Nd., sem frv. kom fram í Ed. Þetta virðist óneitanlega alleinkennileg afgreiðsla, sem bendir í þá átt, að það sé meira komið undir því, hvaða menn bera fram málin hér á Alþingi, en undir málefnunum sjálfum. Þrátt fyrir þetta get ég þó ekki annað en látið í ljós ánægju mína yfir því, að nokkuð af till. mínum var tekið upp í frv. í Ed.

Á síðasta þingi bar ég fram frv. um sama efni og nú, sem ekki náði fram að ganga þá, að því, er samgmn. sagði, sakir þess að vegamálastjóri hefði ekki mælt með því. En nú á að láta nokkurn hluta þess ganga fram að óbreyttu hans áliti. Annars taldi ég og tel enn, að breyt. á vegalögunum eigi að miða við þörf fólksins, en ekki till. vegamálastjóra.

Ég mun nú til samkomulags taka aftur till. um Hnappadalsveginn, en aftur á móti mun ég við 3. umr. taka upp aftur till. um Eyrarsveitarveginn. Í Eyrarsveit er nú svo háttað, að þar búa um 560 manns, en skortir eiginlega allt samband við umheiminn. Þetta er að sjálfsögðu mjög erfið aðstaða fyrir þessa afskekktu sveit, ekki síst t. d. þegar ná þarf í lækni eða koma sjúklingum til læknis. Ég þori því að fullyrða, að margar þeirra breyt., sem nú á að gera á vegalögunum, hafa á engan hátt

meiri rétt á sér en þessi. Hv. þdm. geta því með góðri samvizku greitt atkv. með henni. Annars vona ég líka, að hv. samgmn. geri bragarbót og taki till. þessa um Eyrarsveitarveginn upp í till. sínar líka.

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég ætla aðeins að svara einu atriði úr ræðu hv. 11. landsk. Hann sagðist vilja fara með Suðurlandsveginn stytztu leiðina, sem örugg gæti talizt, og því vilji hann, að Þrengslaleiðin sé farin. En hann á bara eftir, hv. þm., að sýna fram á, að hún sé öruggari en aðrar leiðir, sem hér geta komið til greina, og ég býst við, að honum verði það erfitt. A. m. k. hafa kunnugir menn á þeim slóðum, sem ég hefi átt tal við, fullyrt við mig, að þar væri oft svo mikill snjór, að með öllu myndi ófært bifreiðum, þó að vegur væri kominn þar. (EE: Eru það ekki menn úr ferðafélaginu, sem hafa gefið hv. þm. þessar upplýsingar?). Nei, það eru menn, sem búsettir hafa verið í Árnessýslu og eru því áreiðanlega eins kunnugir þarna og hv. þm.

Það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að hann bar fram á öndverðu þingi frv. um að taka nokkra vegakafla í Snæfellsnessýslu upp í þjóðvegatölu, og að því frv. var vísað til samgmn. N. tók frv. þetta til athugunar, og eins og venja er til um slík mál, þá sendi hún það til umsagnar vegamálastjóra. En eins og hv. þm. er kunnugt, þá kom svo síðar á þinginu fram frv. í Ed., sem var miklu víðtækara, fjallaði um marga vegi víðsvegar á landinu. Þar sem nú þetta frv. var miklu víðtækara en frv. hv. þm. Snæf., og virtist hafa mikinn byr í Ed., þá þótti n. réttara að bíða átekta og sjá, hvernig því reiddi af. Frv. þetta sigldi svo, eins og kunnugt er, hraðbyri gegnum Ed. og er nú komið hingað til 2. umr. Að sjálfsögðu hefir hv. þm. Snæf. opna leið eins og aðrir til þess að bera fram við það brtt., þó hinsvegar svo mætti virðast, að hann mætti vera ánægður, þar sem meginhluti till. hans er tekinn upp í frv. þetta. Ég get því alls ekki gengið inn á, að samgmn. eigi átölur skilið fyrir afgreiðslu vegamálanna, eins og háttv. þingmaður vildi vera láta.

Thor Thors: Mér virðist það alleinkennilegt hjá hv. frsm. samgmn., að ekki skuli hafa mátt afgr. frv. mitt, af því að annað viðtækara frv. kom fram í Ed., þar sem þó fullur mánuður var á milli þess, sem frv. komu fram. Þegar ég því bar fram frv. mitt, gat hv. þm. ekki vitað um hitt frv. Þetta eru því engin rök hjá hv. frsm., heldur lítilfjörleg afsökun, sem ekki hefir við neitt að styðjast. Mun ég svo ekki fara frekar út í þetta nú, en ég þykist eiga það inni hjá samgmn. fyrir lélega afgreiðslu frv. míns, að hún taki Eyrarsveitarveginn upp í till. sínar til 3. umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég vísa því með öllu frá samgmn., að hún eigi skilið átölur fyrir lélega afgreiðslu mála (TT: Og hvert?). Til föðurhúsanna, til hv. þm. Snæf. Ég tel hv. þm. ekkert eiga inni hjá n., og mun n. því ekki láta ummæli hans hafa hin minnstu áhrif á sig.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég hefi að vísu ekki miklu við að bæta það, sem hv. frsm. samgmn. í þessu máli hefir tekið fram viðvíkjandi nefndarstörfunum, en ég vil geta þess til skýringar, að það, sem olli því, hversu seint frv. hv. þm. Snæf. var tekið í d., var að sjálfsögðu ekki það aðallega, að komið væri fram frv. í hv. Ed. um sama efni, því að frá mínu sjónarmiði hefði það ekkert haft að segja. Það hefir iðulega komið fyrir í báðum d. Aðalástæðan fyrir þessu var sú, að samgmn. fekk ekki álit vegamálastjóra. Hann var að rannsaka þetta á meðan fram voru að koma till. um þetta í báðum d. Hann sagði mér, að hann teldi réttast, að hann kæmi með þetta í einni heild.

N. hefði því ekki getað afgr. þetta mál án álits vegamálastjóra, þar sem hún taldi það nauðsynlegt. En nú hefir viljað svo til, að málið hefir fengið óvæntan stuðning frá hv. Ed., svo að hv. þm. Snæf. þarf ekki að kvarta yfir þeirri meðferð, sem málið hefir orðið fyrir af hálfu n., enda er till. hv. þm. í alla staði réttmæt.

Thor Thors: Eins og vænta mátti af hv. þm. V.-Sk., vildi hann bera blak af hv. samgmn., sem hann á sæti í, en þar sem hann er þessu máli velviljaður, er ég fús á að láta allar deilur niður falla, og vona ég svo, að hv. samgmn. geti öll orðið sammála um þetta við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Brtt. 390, 399 og 405 teknar aftur til 3. umr.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 57. og 58. fundi í Nd., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 364, 390, 399, 405, 427).

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég skal aðeins geta þess, að samgmn. hefir haft til athugunar þær brtt., sem fyrir liggja við þessa umr. Ég skal geta þess jafnframt, að nm. hafa ekki orðið sammála um neinar af þessum brtt. Ég geri ráð fyrir, að meiri hl. nm. muni greiða atkv. á móti þessum brtt.; annars hafa einstakir nm. óbundin atkv. um allar till.

*Pétur Ottesen: Það var svo við 2. umr. þessa máls, að ég tók aftur eftir tilmælum frá hv. frsm. samgmn. þá brtt., sem ég bar hér fram við vegalögin. Skildi ég það raunar svo, að hv. frsm. teldi ekki óhugsandi, að hægt væri að fá samkomulag um brtt. En af þessu leiðir það, að ég hefi kannske ekki gert nægilega rækilega grein fyrir þessari brtt. minni í því tilfelli, að ég hefði ekki stuðning n. með henni. En ég er ákaflega hræddur við það, að stólarnir, sem eru hér auðir allar götur kringum borðin, muni daufheyrast við tilmælum frá mér um að taka þetta mál til athugunar. Ég

hefði því helzt óskað þess til þess að geta sem bezt greitt götu þessarar brtt. minnar, að umr. um frv. yrði nú frestað með tilliti til þess, að það fengjust einhverjar mannverur til að setjast í þessa stóla. Vil ég bera fram tilmæli um þetta við hæstv. forseta, svo að ég fengi tækifæri til að koma brtt. minni á framfæri við þá menn, sem eiga að sitja í þessum stólum.

Forseti (JörB): Þetta hefir nokkrum sinnum komið fyrir áður, og ég man til þess einu sinni, að yfir þessu var kvartað af hálfu flm. og það sama fært til, en hvernig sem á því stóð, þá gafst það vel, að umr. væri lokið, og sú samþykkt fékkst af meiri hl., sem þá var leitað eftir.

Pétur Ottesen: Ef hæstv. forseti vill tryggja mér, að þessi till. mín njóti þeirrar aðstöðu við atkvgr., sem þær till., sem hann gat um, hafa notið, þá get ég að sjálfsögðu látið umr. niður falla.

Eiríkur Einarsson: Með því að ég tók aftur til 3. umr. þær till., sem ég bar fram við vegalagafrv., þá mundi ég hafa sagt nokkur orð um þær nú, ef það hefði ekki orðið að samkomulagi að láta umr. falla niður. Af þessari ástæðu hefi ég gengið inn á að mæla ekki fyrir brtt. minum, en vildi aðeins láta það vera skráð, hvers vegna ég læt umr. falla niður frá minni hendi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 405,1—2 felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GSv, GÍ, JakM, JJós, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ.
nei: HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
JónP greiddi ekki atkv.
Þrír þm. (HannJ, JÓl, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 390 felld með 15:14 atkv.
— 427 felld með 15:14 atkv.
— 399 (nýr c-liður) aðaltill. felld með 15:13 atkv.
— 399 (nýr c-liður) varatill. felld með 15:13 atkv.
— 399 (nýr d-liður) felld með 15:9 atkv.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 477).

28. Löggilding verzlunarstaða.

Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar við Núpsbót í Dýrafirði (þmfrv., A. 371).

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, 377).

Sigurður Einarsson: Ég flyt hér brtt., sem ekki þarfnast mikilla skýringa. Er hún sú, að Selárdal sé bætt inn í frv., og er þar alveg um sömu rök að ræða og í frv. nú. Hingað til hefir ekki fengizt goldin vátrygging, ef eitthvað hefir orðið að þar á legunni.

ATKVGR.
Brtt. 377 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn, með breyt. skv. brtt. 377, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaða.

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 420).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 420).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 504).

29. Skeiðaáveitan.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl. (þmfrv., A. 120).

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*__Flm. (Jörundur Brynjólfsson)__: Frv. þetta er flutt af mér og hv. 2. þm. Árn. — Eins og alla hv. þm. rekur sjálfsagt minni til, voru sett lög um skuldaskil Skeiðaáveitunnar 1930. En þá voru ástæður og horfur í landinu ólíkar þeim, sem nú eru, og núv. ástand ekki fyrirsjáanlegt. Þá var ætlazt til þess, að bændur stæðu sjálfir straum af áveitukostnaðinum, en eins og verðlagi á vörum bænda og hag landbúnaðarins yfirleitt er nú komið, er augljóst, að það er alveg frágangssök, að bændur standi sjálfir straum af þessum kostnaði. Málið verður bezt leyst með þeim hætti, að greiðslur bænda séu þeim ekki með öllu ofvaxnar, heldur miðaðar við hinn raunverulega hag þeirra. Þótt svo hart væri gengið að þeim bændum, sem nú búa á áveitujörðunum, að þeir yrðu að hrekjast í burtu, og aðrir tækju við jörðunum í þeirra stað, er óhætt að fullyrða, að það myndi einnig verða hinum nýju mönnum ofvaxið að standa straum af þeim greiðslum, sem lögin frá 1930 gera ráð fyrir.

Ég er talsvert vel kunnugur þeim bændum, sem hér eiga hlut að máli, og get fullyrt, að duglegri og ráðdeildarsamari menn en þá getur ekki, og ég veit, að þeir hafa fullan vilja á því að standa við skuldbindingar sínar, þótt hinir erfiðu tímar geri þeim það ókleift.

Ég mun ekki fjölyrða um þetta mál að þessu sinni. Ég vænti þess, að hv. deild vísi því til 2. umr. og landbn., og þar sem ég býst við því, að hægt verði að leggja fyrir nánari upplýsingar en enn eru komnar fram, geymi ég mér frekari umræður þangað til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 120, 168, n. 338).

*__Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)__: N. hefir athugað þetta mál allrækilega og kynnt sér, hvaða skuldir hvíla á áveitunni ennþá. Og hún hefir komizt að þeirri niðurstöðu að mæla með þessu frv., og er það einróma álit n., að þetta frv. nái fram að ganga. N. byggði þetta á því, að ekki mundu tök á að koma málinu á hreint, eins og nú standa sakir, á annan hátt en þennan. Að vísu hafa einstakir nm. óbundnar hendur um brtt., sem fram kunna að koma. Auk þess er það sérstaklega einn nm., sem hefir haft á orði að koma með brtt. að því leyti, að sömu ákvæðin væru færð yfir á Þingáveituna eins og hér er ákveðið um Skeiðaáveituna. Eins og hv. þdm. er kunnugt, og mun hafa verið tekið fram hér í hv. d., er hér lagt til, að Skeiðaáveituskuldirnar verði gerðar upp á sama hátt eins og búið er að gera um Flóaáveituskuldirnar. Það virðist ekki ósanngjarnt að láta þetta fylgjast að, því að hér er um hliðstæð fyrirtæki að ræða, sem hafa farið langt fram úr áætlun, svo langt, að bændum þarna er algerlega um megn að rísa undir kostnaðinum. Eftir upplýsingum, sem n. hefir aflað sér, lætur nokkuð nærri, að allur kostnaður við Skeiðaáveituna með vöxtum af lánum til þessa tíma komist nokkuð upp fyrir hálfa millj. króna. Af þessu hefir ríkissjóður þegar greitt upphaflega sem framlag nokkuð yfir 100 þús. kr., auk þess hefir kirkjujarðasjóður greitt tilskipaðar 35 þús. kr. og loks hefir ríkissjóður greitt um 9000 kr. Ógreidd lán munu hinsvegar vera um 380 þús. kr. Af því eru um 16000 kr. lán úr viðlagasjóði, en hitt mun vera í landsbankanum. Ríkið mun nú þegar hafa tekið að sér þessi lán samkv. l. um Skeiðaáveituna frá 1929, en þeim skilyrðum, sem sett eru í l., ef ríkið taki að sér lánin, hefir ekki verið fullnægt, og ekki verið gengið eftir þeim af þeim ástæðum, að bændur gátu ekki undir þessu risið. Það áveituland, sem hér er um að ræða, er frá 31 jörð. Þar af á ríkið eða kirkjan 6, einstakir menn, sem búa sjálfir á jörðunum, 21, og 4 eru í einstakra manna eign, en í leiguábúð. Land ríkissjóðs er 300 hektarar, land þeirra jarða, sem eru í sjálfsábúð, er 2639 hektarar, og þeirra, sem eru í leiguábúð, 119 hektarar. Alls 3058 hektarar.

Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Það er sem sagt till. n., að málið verði samþ. eins og það liggur fyrir.

*__Eiríkur Einarsson__: Ég á hér brtt. á þskj. 168 við þetta frv. Brtt. lýtur að því, að nokkrar öryggisráðstafanir verði gerðar á framkvæmdum Skeiðaáveitunnar, svo hún fái notið sín betur en nú er. Það hafa komið tilmæli um, að ég tæki till. aftur til 3. umr., og get ég eftir atvikum fallizt á það, úr því að þess er óskað. Það getur annars mælt með þessu, að sé landbn. ekki búin að taka þessa till. til sérstakrar athugunar, hvað ekki kemur fram í nál. hennar, þá vildi ég gjarnan, að n. gæfist kostur á því. Og ef hún er ekki kunnug til hlítar staðháttum þarna, þá væri mér ánægja í að afla henni þeirra gagna, sem ég get og hana kynni að vanhaga um í þessu sambandi. — Að svo mæltu tek ég brtt. mína aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 168 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 120, 168).

Jón Pálmason: Ég hafði ætlað mér að gera þá brtt. við málið að taka inn í frv. skuldaskipti Áveitufélags Þingbúa við viðlagasjóð, en af því að ég hefi von um að fá það leyst á annan veg, þá sleppi ég því að þessu sinni, því ef eigi tekst að leysa málið á þann hátt, sem ég hefi von um, þá er að sjálfsögðu hægt að koma að í hv. Ed. brtt. við þetta frv.

***Eiríkur Einarsson:** Ég á brtt. á þskj. 168 um mál þetta, sem hér er til umr. Það er ekki síðar en vænta mátti, að fram koma lagfæringar um þetta efni. Eins og grg. ber með sér og fram hefir komið í framsögu, er þetta frv. eingöngu til samræmingar á þeim kjörum, sem þeir, er njóta Skeiðaáveitunnar, hafa við að búa, og þeim, er veitt eru við Flóaáveituna. Ég skal þess vegna ekki eyða mörgum orðum að frv., en láta aðeins í ljós gleði mína yfir því, að það er fram komið.

En þegar ég sá frv., kom mér í hug, að rétt væri að bera fram við það brtt., svo að bætt verði úr því, sem brýnust nauðsyn er til, að bætt sé úr í sambandi við Skeiðaáveituna, og það er framræslan. Það hefir komið í ljós í votviðrasumrum, að bændur á þessu svæði hafa komizt í háska með engjar sínar, og það svo, að þar, sem lægst liggur og halli er minnstur, hefir legið við, að bændur hafi orðið að hverfa frá slætti vegna votlendis. Við rannsókn hefir það komið í ljós, svo að ekki þarf um að deila, að framræsla á þessu svæði er framkvæmanleg, en vitanlega kostar hún eitthvað, eins og allar umbætur, en hinsvegar verður kostnaðurinn ekki svo mikill, að umbæturnar verði ekki miklu meira virði en sem honum svarar. En þessi kostnaður er meiri en svo, að bændur geti ráðið við hann, og þess vegna verður nú ríkið að hlaupa drengilega undir bagga og hjálpa bændum að hrinda þessu í framkvæmd, þar sem þeim sjálfum er það ókleift. Forsendurnar fyrir því að fá áveitukostnaðinn greiddan eru fyrst og fremst þær, að áveitan sé svo vel úr garði gerð, að bændur geti haft hennar full not og þannig orðið menn til þess að greiða kostnaðinn.

Ég hefi einnig fellt hér inn í, að rannsókn og framkvæmd skuli hafin af ríkinu til þess að fyrirbyggja það, að nágrannajarðir áveitusvæðisins spillist af vatnsrennsli, og er það sízt að ástæðulausu. Það hefir verið kvartað undan því, að þær jarðir, sem liggja neðan við áveitusvæðið, hafi orðið fyrir tjóni af vatnsrennsli frá áveitunni. Sé ég ekki annað, ef þessar jarðir skemmast og áveitunni er um að kenna, en að þeir, sem þar búa, eigi lagalegan kröfurétt á að fá þær skemmdir bættar að fullu. Það er vitanlega athugunarmál, að hve miklu leyti þessar kvartanir eru á rökum byggðar, en hér er ekki heldur farið fram á annað en að það sé bætt, sem nauðsyn krefur og sýnilegt er eftir nána athugun, og mundi stjórnin að sjálfsögðu fela sérfróðum manni rannsóknir og framkvæmdir í þessu efni.

Það er auk þessa aðgætandi, þegar talað er um að gera þessar engjar öruggar fyrir vatnsgangi, að þá er litið á hag fleiri manna en svæðisbúa sjálfra, því ríkið á hér sjálft hlut að máli. Auk þess sem svæðisbúar eru á tvennan hátt skattþegnar ríkissjóðs, annarsvegar venjulegir skattþegnar og hinsvegar áveituskattþegnar svæðisins, sem þurfa að hafa möguleika til að rísa undir áveitukostnaðinum — og þarf þess vegna að sjá svo um —, þá er ríkið sjálft einnig jarðeigandi og lánardrottinn. Ég vona því, að hv. dm. taki þessari brtt. með sanngirni og góðum skilningi, enda er ekki farið fram á, að framkvæmdir verði með öðrum hætti en bráðnauðsynlegt er og að fenginni leiðsögn sérfróðra manna og í samræmi við það, sem áður hefir verið gert. — Get ég svo látið útrætt um þessa brtt. og vona, að henni verði vel tekið af hv. dm.

ATKVGR.
Brtt. 168 felld með 16:9 atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 120).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 463).

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og hlaut þar svo að segja einróma samþykki eins og það var lagt fyrir þingið. Efni frv. er það, að koma Skeiðaáveitunni undir samskonar ákvæði og nú gilda um Flóaáveituna. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa bæði þessi mannvirki kostað miklu meira en upphaflega var gert ráð fyrir, svo miklu meira, að um Flóaáveituna þótti það ljóst, að þeir, sem þar að stóðu og nutu góðs af, gætu ekki staðið undir þeim skuldum, sem á mannvirkinu hvíldu, nema aðeins að litlu leyti. Um Flóaáveituna voru því sett l., sem í aðalatriðum eru lík þessu frv., þar sem hlutaðeigendum er ekki ætlað að greiða nema örlitinn hluta af áveitukostnaðinum, og það í löndum, sem ríkissjóður eignast og getur notað á hvern þann hátt, sem bezt þykir henta.

Við Skeiðaáveituna er sagt, að allur kostnaður með vöxtum hafi numið yfir ½ millj. kr. Úr ríkissjóði og kirkjujarðasjóði hafa verið greiddar kr. 150 þús., en eftir standa sem skuld 380 þús. kr., þar af í viðlagasjóði 160 þús. og hitt í landsbankanum. Að undanförnu hefir ríkissjóður annazt vaxtagreiðslur, en átt að l. tilkall til að fá allmikið af því aftur frá notendum áveitunnar, en ekki fengið af þeirri einföldu ástæðu, að mönnunum hefir verið algerlega um megn að standa undir afborgun og vaxtagreiðslum af láninu. Þetta verður ljósast, þegar athugað er, að það er 31 jörð, sem áveitunnar nýtur, en skuldirnar eru 380 þús. kr., eða 12,2 þús. á hverja jörð. Nú er vitað, að á þessum jörðum með túnum hvíla miklu meiri skuldir, til orðnar á annan hátt. Er því sjáanlegt, að þeim er alger ofraun að

standa straum af þessum skuldum öllum. Landbn. Ed. hefir nú athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til, að hv. d. samþ. það eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 505).

30. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (þmfrv., A. 193).

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var flutt á síðasta þingi af fulltrúum Alþfl. í Nd., en dagaði þá uppi. En við flytjum þetta frv. nú aftur í þessari hv. deild, og ástæðan til þess er m. a. sú, að það er einn liðurinn í frumvarpakerfi því, sem lá fyrir síðasta Alþingi um alþýðutryggingar. Er ætlazt til, að þeir menn og konur, sem ekki eru tryggðir samkv. l. um alþýðutryggingar, þ. e. fólk, sem er haldið langvarandi sjúkdómum, eins og til er tekið í 1. gr. frv., njóti styrks samkv. lögum þessum. Ég þarf ekki að fara ýtarlega út í þá sögu, hversu mikið böl slíkt fólk býr við, sem líður af þeim sjúkdómum, eða hvílík byrði það er þeim aðstandendum, sem sjá fyrir því. Reynslan hefir sýnt, að fjölda manns er það um megn að sjá fyrir þessum vesalingum, eða í mörgum tilfellum olnbogabörnum, og ofviða að búa svo að þeim, að þeim geti liðið vel. Þess vegna er meginhugsun frv., að hér komi ríkið til og leggi fram þann kostnað, er leiðir af sjúkrahúsvist.

Samkv. grg. þeirri, sem fylgdi þessu frv. í fyrra, leiðir af þessu talsverðan kostnað, eins og þar var allýtarlega gerð grein fyrir og nefnd til fjárupphæð; að vísu er ekki hægt að segja með fullri vissu, hver krónutalan verður, en óhætt mun að ganga út frá þó nokkurri upphæð.

Ég skal ekki þylja upp alla grg., en vil vísa hv. þm. á að kynna sér hana, hún er í skjalapartinum frá í fyrra, þskj. 406. Hygg ég, að þar sé allýtarlega sýnt fram á nauðsyn þessa máls og þörfina fyrir, að ríkið hlaupi hér undir bagga, eins og ég drap á áðan.

E. t. v. má líta svo á, að mál þetta sé ekki nógu snemma fram komið, en þó hygg ég, að nægur tími sé eftir af þingi til afgreiðslu þess, ef nægur vilji er fyrir hendi. Ég tel svo ekki þörf á að fara ýtarlegar út í þetta en ég hefi gert, en leyfi mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn., enda mun það hafa legið fyrir þeirri n. í hv. Nd. í fyrra.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vildi bara við þessa 1. umr. leyfa mér að benda hv. d. á, að í raun og veru nær sú löggjöf, sem sett var í fyrra um alþýðutryggingar, ekki tilgangi sínum, nema sett séu lög í svipuðu formi og þetta frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þessi þrjú frv., um alþýðutryggingar, framfærslu, og ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, voru öll flutt á þingi í fyrra sem einn samfelldur bálkur; voru aðeins 2 þeirra samþ., en þetta frv. varð afgangs.

Ég skal benda á það í þessu sambandi, að það væri ákaflega heimskulegt, jafnframt því, sem það væri ranglæti, að sjá fyrir veikum mönnum fyrstu 6 mánuðina, en síðan, ef veikindi þeirra væru langvarandi, t. d. berklar, kasta þeim út á gaddinn, ef svo mætti að orði komast. Ætlunin með frv. þessu er sú, að styrkja þá, sem haldnir eru langvarandi sjúkdómum, til sjúkrahúsvistar eða hælisdvalar, svo að þeir þurfi ekki að njóta fátækrastyrks.

Ef frv. þetta nær ekki fram að ganga nú, þá verður, að ég hygg, óhjákvæmilegt að breyta l. um alþýðutryggingar. Þar er gert ráð fyrir því, að sjúkrasamlögin sjái fyrir mönnum fyrstu 6 veikindamánuðina, en síðan taki annað við. Nú var ráð fyrir því gert að fella niður berklavarnagjaldið, sem er 2 kr. á mann, einmitt vegna þess að sjúkrasamlögin eru styrkt af héruðum — sveitar- eða bæjarsjóðum — til þess að sjá um sjúkrakostnaðinn fyrsta missirið, og þess vegna væri ranglæti að halda þessu 2 kr. gjaldi óbreyttu. Ég ætla, að þetta atriði eitt út af fyrir sig nægi til að sýna nauðsyn þess að fullgera þessa löggjöf.

Annars er meginefni frv. að færa alla þá menn, sem haldnir eru langvarandi sjúkdómum, saman undir hliðstæða löggjöf um styrk eða hjálp — þ. e. a. s. ef efnahagur þeirra er þannig, að stefnt sé í voða —, er nemi allt að ⅘ kostnaðar, eins og nú er eftir berklavarnalögunum, og er þetta því engin breyt. fyrir berklasjúklinga. Um ýmsa aðra sjúkdóma gilda mismunandi reglur um, hversu mikinn styrk sjúklingar skuli fá. T. d. fá geðveikir menn ekki greiddan hærri styrk en sem nemur ⅓ dagpeninga, hinsvegar fá holdsveikir — sem betur fer eru fáir — greiddan allan kostnað, og sömuleiðis er allur sjúkrahúskostnaður og læknishjálp vegna kynsjúkdóma greitt úr ríkissjóði. Hinsvegar eru fleiri sjúkdómar, sem færri eru haldnir af, en þó eru langvarandi, en nú er enginn styrkur greiddur fyrir, en ættu eftir eðlilegum hætti að sæta sömu meðferð, enda eru þeir sjúklingar taldir upp í 1. gr. frv., eins og t. d. blindir og fávitar, sem að vísu voru sett l. um í fyrra, en eiga að falla undir

ákvæði þessa frv., örkumla fólk, og loks eiturlyfjaneytendur og ofdrykkjumenn, sem eiga að koma undir þessi lög.

Það er áreiðanlega rétt, sem getið var í framsögu, að við framkvæmd þessara l. mun verða talsverður kostnaður fyrir ríkissjóð. Eftir áætlun, sem landlæknir gerði þar um í fyrra, var gert ráð fyrir 90 þús. kr. En hver kostnaðurinn verður, fer að töluverðu leyti eftir því, hve ríkissjóður ræðst í miklar sjúkrahúsbyggingar. Ég get fallizt á till. hv. 1. flm. þessa frv. um að vísa frv. til allshn., og vildi ég mælast til, að hún hraðaði afgreiðslu þess eftir því, sem föng eru á.

Guðrún Lárusdóttir: Eins og hæstv. atvmrh. drap á í ræðu sinni, voru samþ. l. á síðasta þingi um fávitahæli, með því bráðabirgðaákvæði, að meðan ríkið ætti ekki slíkt hæli, skyldi það greiða ⅘ hluta kostnaðar á hælum eða öðrum forsvaranlegum stöðum fyrir fávita. Nú er liðinn alllangur tími síðan þetta var samþ., og ég veit ekki, hvort greitt hefir verið með fávitum fram yfir það, sem var. Ég vildi því í sambandi við þetta frv. gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort þetta bráðabirgðaákvæði, sem þegar er samþ., gildir ekki þar til þetta frv. verður að gildandi lögum. Það hefir reynzt mjög bagalegt fyrir þetta eina hæli, sem hér er, að hrepparnir hafa neitað að greiða nema ⅕ hluta kostnaðar. Þetta getur vitanlega ekki viðgengizt, vegna þess að eigandi þessa hælis býr við fátækt, svo sem kunnugt er, og getur alls ekki annazt framfærslu fávitanna svo að segja meðgjafarlaust.

Nú eru áætlaðar í fjárl. 5 þús. kr. með fávitum, en það hrekkur hvergi nærri til. Ég vil benda á, að Rvíkurbær hefir 4 fávita á fávitahælinu í Sólheimum og hefir greitt 100 kr. á mánuði með hverjum, en síðan um áramót hefir bærinn ekki greitt nema 20 kr. með hverjum, og svo mun vera með öll hreppsfélög, sem hlut eiga hér að máli, vegna þess að þau telja sér ekki skylt að greiða nema ⅕, og styðja það álit sitt eingöngu við hin samþykktu bráðabirgðaákvæði, er ég hefi minnzt hér á.

Ég vildi gjarnan heyra álit hv. d. og þá sérstaklega hæstv. atvmrh. um þetta atriði. Ég hefi heyrt, að hæstv. fjmrh. — sem því miður er ekki viðstaddur — hafi neitað að greiða, fyrr en til þess yrði veitt fé á fjárlögum. Ég treysti hæstv. atvmrh. manna bezt í þessu máli — ég get gjarnan sagt það hér í heyranda hljóði —, og því langar mig til að heyra hans álit og fá upplýsingar um, hvernig í þessu liggur.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þessum málum er þannig komið, að landlæknir hefir í samráði við mig auglýst eftir umsóknum um styrkbeiðnir fyrir þessari fjárveitingu, 5 þús. kr. Hvort meira fé fæst eða ekki, fer eftir því, hvað mikil umsókn verður eða hversu miklar styrkbeiðnir. Ég hefi ekki lögin hér við höndina, en ætla, að þar sé gert ráð fyrir, að ríkið sjálft reisi fávitahæli og reki það, eða í samráði við heilbrigðisstjórnina semji við slíkar stofnanir. Nú mun það vera svo, að aðeins er til eitt slíkt hæli, og við það eru samningar, en það er hælið á Sólheimum í Grímsnesi. Ég hygg, að það geti rúmað 25 sjúklinga, og mundi þá hámark styrksins verða við það miðað, hvað hælið rúmaði, þ. e. a. s. ef samningar takast, en þeir eru nú til athugunar.

Mér er sagt, að mánaðargjaldið sé 100 kr., og finnst mér það nokkuð hátt. Mér er hinsvegar sagt, að ekki muni þurfa að nota þetta nema að nokkru leyti og að ef til vill geti það lækkað. Eitthvað af fávitum er svo statt að geta sjálfir greitt þetta. En eftir l. er auðvitað ekki gert ráð fyrir, að aðrir geri þetta en þeir, sem geta. En sem sagt, málið er til athugunar hjá landlækni.

Guðrún Lárusdóttir: Ég þakka hæstv. atvmrh. fyrir svör hans. Ég má þá ef til vill skilja þetta svo, að ef of margar umsóknir koma um þennan styrk, þannig að upphæðin hrökkvi ekki til, þá muni ríkið greiða það, sem á vantar.

Viðvíkjandi 100 kr. kostnaðinum af dvöl á hælinu er það að segja, að mér þykir líklegt, ef hælið væri fullskipað, að komast mætti að samningum um lægri meðgjöf. Hælið getur tekið 25 manns fullskipað, en nú eru þar 14. Þó væri það mikil bót, ef ríkið tæki að sér að greiða það, sem á kynni að vanta, en bindi sig ekki við þessar 5000 kr.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. þm. má ekki taka orð mín svo, að ég lofi því, að ríkissjóður skuli greiða þetta. Ég get ekkert um það sagt. En þegar allar umsóknir eru komnar og það sýnir sig, hve langt upphæðin hrekkur, mun þetta verða tekið til nánari athugunar. Annars hefir landlæknir málið til athugunar, eins og ég tók fram áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 362).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Við 1. umr. var gerð allýtarleg grein fyrir þessu frv., m. a. af hæstv. atvmrh. Allshn. hefir haft málið til meðferðar á nokkrum fundum og kallað landlækni á fund til þess að leita ráða hans og umsagnar um nokkur atriði.

Í aðalatriðunum er n. sammála um og telur rétt, að löggjöf sem þessi nái fram að ganga á þessu þingi, en hinsvegar er nokkur ágreiningur um, hve langt hún eigi að ganga í einstökum atriðum. En n. var sammála um að setja það bráðabirgðaákvæði, að styrkveitingar samkv. þessum lögum skyldu ekki koma til framkvæmda, nema samkv. því, sem fé væri veitt til þess í fjárlögum, nema til þeirra, sem haldnir eru af berklaveiki, holdsveiki eða kynsjúkdómum. Það eru að vísu í 1. gr. fleiri sjúklingar taldir, sem nú þegar eru kostaðir af ríkinu, svo sem geðveiklingar allir. Það er svo til ætlazt, að holdsveikir sjúklingar séu að öllu leyti kostaðir af ríkinu, svo lengi sem Laugarnesspítali er starfræktur. Það þótti ekki annað hlýða, því að þessi spítali

er reistur fyrir gjafafé með þeim skilyrðum, að sjúklingar hafi þar vist sér að kostnaðarlausu, og þessum megintilgangi gefendanna vildi n. ekki breyta. — Þá er hið sama um daufdumba. N. ætlast til, að um rekstur málleysingjaskólans verði *nákvæmlega sama fyrirkomulag og nú er*. Þá er og um geðveika ætlazt svo til, að það, sem ríkið leggur nú fram, verði í sama mæli eftirleiðis. Það, sem þá er nýtt og óþekkt, hvaða kostnað hefir í för með sér fyrir ríkið, eru fávitar og aðrir menn, sem þjást af langvarandi sjúkleika og sjúkrasamlögum ekki er skylt að styrkja eftir 6 mánaða veikindi. — *Þá eru ofdrykkjumenn* og aðrir eiturneytendur og þeir örkumla menn, sem þurfa gervilimi; allt þetta er óvíst, hvað kostar ríkið, ef það er tekið upp, og þess vegna taldi n. rétt að setja þetta bráðabirgðaákvæði, og ætlast þá n. til, að þegar lög þessi koma til framkvæmda, sem yrði árið 1938, verði sett inn í fjárlög sú upphæð, sem þarf til að *standa undir* þessum kostnaði, og verði styrknum síðan úthlutað samkv. till. landlæknis. Á stuttum tíma kemur svo reynsla á það, hvað þetta kostar ríkissjóð mikið fé. Landlæknir var þeirrar skoðunar nú, að hann gæti ekki gefið upplýsingar um, hvað þetta kynni að kosta, en eins og fjárhag ríkissjóðs er nú háttað, taldi n. ekki hægt að setja ríkisframfærslu á, áður en það væri komið í ljós.

Þá er nokkur breyt. á 8. gr. Í frv. var ætlazt til þess — og er það óbreytt frá n. hálfu —, að ⅕ af framfærslukostnaðinum greiddist af þeim sjúku sjálfum, og ef þá þryti, þá af hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfélagi. Var svo til ætlazt í frv., að innheimta þess hluta, sem sveitar- og bæjarfélögin yrðu að greiða, væri í höndum ráðh., en fjmrh. taldi réttara, að innheimta þessara gjalda kæmi til aðilja beint frá viðkomandi sjúkrahúsum, og þess vegna leggur n. til, að þessu ákvæði 8. gr. sé breytt í þetta horf. — 2. brtt. n. er um gildistöku laganna. Í frv. er svo ákveðið, að lögin öðlist nú þegar gildi, en n. leggur til, að þau öðlist gildi 1 jan. 1937. Ég hygg, að allir hv. nm. séu sammála um, að þessa löggjöf beri að setja. Hinsvegar hafa tveir hv. nm. skrifað undir frv. með fyrirvara og hafa að sjálfsögðu óbundnar hendur til að koma fram með nýjar till. eða greiða atkv. um nýjar till., sem fram koma.

Eitt meginatriði þessarar stefnu, að ⅕ af öllum sjúkdómskostnaði falli á viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag, ef sjúklingurinn sjálfur er þess ekki megnugur að greiða hann, er það, að þá er svo til ætlazt, að berklavarnagjaldið verði fellt niður, og taldi n. það mikils virði, þar eð komið hafa fram allháværar raddir um að fá þetta gjald afnumið. Reynslan verður svo að skera úr um það, hvort þessi ⅕, sem hér leggst á einstaklinga eða framfærslusveitir, verður meiri byrði heldur en það gjald, sem nú er létt af sýslum og sveitarfélögum, en það var skoðun n., að ekki mætti daufheyrast við þessum röddum.

Ég ætla ekki að fara út í einstakar gr. frv.; það hefi ég gert áður. En ég vildi í aðaldráttum skýra brtt. allshn. og það verk, sem með þessu er hafið. Ætla ég, að með þessu sé stigið gott spor í þá átt að koma skipulagi á þessi mál og að þetta sé nauðsynleg viðbót við þær tryggingar, sem nú eru ordnar ákveðnar með l. frá síðasta þingi. Og þótt þessi löggjöf sé ekki fullkomin, þá er hægra um vik að fullkomna hana með því að nema bráðabirgðaákvæði hennar úr gildi heldur en að koma henni á í fyrstu eða auka við löggjöf, sem nú væri sett. Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á þessar till. allshn. í öllum aðalatriðum og taki málinu vel.

*Atvmrh. (**Haraldur Guðmundsson**): Ég vil þakka hv. allshn. fyrir fljóta afgreiðslu málsins og vona, að hún verði til þess, að þetta nái afgreiðslu nú á þinginu. Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, þá hefði mér þótt miður, ef þennan kafla hefði vantað í þá tryggingarlöggjöf, sem nú er komin á, en það má segja, að sú tryggingarlöggjöf sem sett var hér á síðasta þingi, og þetta mál sé hvort öðru svo nátengt, að tryggingarnar séu ekki fullkomnar, nema þessi kafli fylgi.

Brtt. hv. allshn. get ég fallizt á, sérstaklega með þeim skýringum, að meðan bráðabirgðaákvæðið er látið gilda, sé engu breytt um holdsveika, geðveika og daufdumba, og að öðru leyti sé það aðeins til þess, að ekki sé farið út fyrir það takmark, sem sett er í fjárlögum. — Ég get einnig fallizt á brtt. við 8. gr., þannig að það séu *stofnanirnar sjálfar, en ekki ráðh., sem annist* um innheimtu þess hluta sjúkrakostnaðarins, sem sjúklingarnir sjálfir eða framfærslusveitir þeirra eiga að greiða. Ég vil mælast til þess, að málinu verði hraðað, svo að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Magnús Guðmundsson: Ég minnist þess, að á síðasta þingi hélt hæstv. fjmrh. því ákveðið fram, að hann vildi ekki dengja á ríkissjóð gjöldum, sem enginn vissi um fyrirfram, hve há kynnu að verða. Mér finnst þetta vera fyllilega réttmætt, a. m. k. ef líklegt er, að gjöldin geti orðið nokkuð mikil. Nú er svo um þetta mál, að enginn getur um það sagt, hve *mikil útgjöld* geta af því hlotizt. Það geta orðið hundruð þúsunda. Þess vegna hefir allshn. farið inn á þá braut að setja í frv. bráðabirgðaákvæði, þannig að þingið ráði því á hverjum tíma, hve mikið sé borgað út í þessu skyni. Það er að vísu undarlegt að setja lög og um leið að samþ., að þau skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir svo eða svo langan tíma. Það má þá vel spyrja, hvort í raun og veru sé þörf á að setja slík lög. Ég er einn af þeim, sem vilja bíða og setja þau þá fyrst, þegar fé er til að framkvæma þau. En af því að meiri hl. n. lagði mikla áherzlu á að fá málið afgr., þá lét ég til leiðast að skrifa undir nál. með fyrirvara. Ástæðan til þess, að ég skrifaði undir, var sú, að ég finn, að með þessu fyrirkomulagi vinnst talsvert fyrir sveitirnar. Þær losna við að borga það árlega gjald, 2 kr. á mann, sem þær nú greiða til berklavarna, en í stað þess verður hver sjúklingur að borga ⅕ kostnaðar, og það þýðir sem næst einni krónu á dag. Berklavarnagjaldið er 10 þús. kr. úr sýslu, sem hefir 5 þús. manns, og þá vegur þetta sig upp, ef hér um bil 30 sjúklingar eru úr þeirri sýslu allt árið. Ég geri ráð fyrir, að við þetta létti dálítið á bæjar- og sveitarfélögum, og mér finnst þau hafa þess fulla þörf. Þetta er ástæðan fyrir því,

að ég hefi skrifað undir þetta nál., en þó með fyrirvara. Það má búast við því, að innan skamms komi upp raddir um það að veita upphæð til þess að framfylgja því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og nema úr gildi bráðabirgðaákvæðið, en það verður að skeika að sköpuðu um það, og ef til vill verður kostnaðurinn ekki ókleifur, en eins og hv. frsm. tók fram, er ekki óviturlegt að reyna að mynda sér dálitla skoðun um það, hve miklu þessi kostnaður muni nema, áður en lögin koma að fullu til framkvæmda. Mér skildist á hans ræðu, að hann gerði ráð fyrir, að ekkert yrði veitt í þessum tilgangi, fyrr en í fjárlögum 1938, og að þá verði úthýtt í byrjun þess árs fyrir sjúklinga, sem legið hafa 1937. Ég hafði skilið þetta öðruvísi, þannig að meiningin væri að veita þegar á árinu 1937 einhverja upphæð og úthýta henni skömmu eftir 1. jan. 1938 sem tilheyrandi árinu 1937, en það skiptir ekki miklu máli, og skal ég ekki deila neitt um það út af fyrir sig.

Ástæðan fyrir því, að samkomulag náðist um þetta mál, er sú, að um leið og frv. verður að lögum, er framkvæmd þess frestað, svo að það er í rauninni ekki annað en einn liður í bandorminum svonefnda, sem nú bætir við sig fleiri og fleiri liðum, og eru það satt að segja lítil meðmæli með framsýni þingsins, að ár eftir ár skuli vera sett lög, sem svo er verið að fresta, sökum þess að ekki er fé fyrir hendi til þess að standast kostnaðinn af þeim. Og svo langt gengur þetta, að reist hefir verið stór bygging, sem kostað hefir eftir því, sem ég bezt veit, um 700 þús. kr., og þarf 300—400 þús. kr. til þess að fullgera. Frá þessari byggingu verður að taka fé til þess að nota handa ríkissjóði.

Það má segja um frv. eins og það er, að það étur ekkert úr ríkissjóði beinlínis, meðan bráðabirgðaákvæðin eru í gildi, og þess vegna má telja það meinlaust að láta það fara í gegn.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins geta þess f. h. meiri hl. fjhn., að fari svo, að frv. verði samþ. hér í hv. d. og hún sýni þar með, að hún er því meðmælt, þá lítur meiri hl. n. að sjálfsögðu svo á, að frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn berklaveiki, sem til hennar var vísað, sé þar með úr sögunni í þessari d. Ég tek þetta fram sökum þess, að fyrir nokkrum dögum fékk n. ákúrur fyrir að hafa ekki skilað áliti um þetta mál, og ég vil gjarnan skjóta því til hv. flm., hvort þetta sé ekki rétt skilið hjá mér.

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil gera þá fyrirspurn til hv. flm., hvort þeir telji það öruggt, að ekki verði innheimt berklavarnagjald hjá sýslu- og bæjarsjóðum 1937. Annars vil ég segja það, að það er enganveginn víst, þó að þessi hv. d. afgr. þetta frv., að það verði að lögum, og þess vegna hefði verið rétt, ef meiri hl. hv. fjhn. hefði ætlað að létta þessu gjaldi af sýslu- og bæjarsjóðum, að skila áliti, þannig að það mál, sem er umfangsminna, hefði verið komið í gegnum þingið, þótt þetta hefði strandað.

Bernharð Stefánsson: Það er rétt, að það er ekki víst, að það frv. verði að lögum, sem samþ. er hér í d., því að Nd. getur fellt það, en þessi d. er búin að láta í ljós vilja sinn um það mál, sem hún hefir samþ., og það er engin ástæða til þess, að d. láti tvisvar vilja sinn í ljós um sama málið.

Út af fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. vil ég segja það, að ég fæ ekki annað séð en að það komi ekki til mála, að berklavarnagjaldið, sem verið hefir, verði innheimt á árinu 1937, ef þetta frv. verður samþ. Það stendur í 13. gr. þessa frv., að lög þessi öðlist þegar gildi, og svo eru talin upp lagaákvæði, sem jafnframt falla úr gildi, og þar með þau ákvæði í berklavarnalögunum, sem lúta að þessu gjaldi. Mér finnst því ákaflega eðlileg aðstaðan, sem meiri hl. fjhn. tók, þar sem hann vissi um þetta frv. Þegar frv. um breyt. á berklavarnalögunum var borið hér fram, þá boðaði hæstv. atvmrh., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, mundi verða lagfært, og meiri hl. n. beið fyrst eftir því, og síðan eftir því, hvaða afgreiðslu þetta mál fengi. Ég vil því ekki taka á móti neinum ákúrum um það, að aðstaða meiri hl. fjhn. hafi ekki verið í alla staði eðlileg og rétt, eins og á stóð, þar sem þessi tvö mál eru svo nátengd.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég er á sömu skoðun og hv. 1. þm. Eyf. um þetta efni. Ég tel, að ef þetta frv. verður að lögum, þá sé þar með sú skipun á gerð, að sá hluti af berklavarnagjaldinu, sem ekki hvílir á ríkissjóði og færður er yfir á einstaklinga, sé þar með fallinn niður.

***Magnús Jónsson:** Þegar frv. um berklavarnagjald lá fyrir hv. Nd., leitaðist ég við að athuga ákvæði þessa frv., en þau eru nokkuð flókin að ýmsu leyti, en mér virtist það vera svo, að í rauninni geti gjaldið eftir þessum lögum einmitt lent á héruðunum eftir sem áður. Sjúklingurinn á sjálfur að greiða ⅕, og á viðkomandi framfærslusveit að innheimta það. Ég þykist vita, að þessi ⅕ lendi yfirleitt á framfærslusveitinni. Það sýnist ekki fjarri sanni, að þetta sé nokkuð svipað eins og 2 kr. gjaldið er nú. Ég sé því ekki ástæðu til þess að láta þetta frv. standa í veginum fyrir framkomu hins. Ef þetta er misskilningur hjá mér, þá þætti mér vænt um að fá nánari skilgreiningu á því.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Að því er ummæli hv. síðasta ræðumanns snertir, vil ég taka það fram, að það er skýrt ákveðið í brtt. n. við 8. gr., að þetta gjald skuli krefja af þeim framfærða. Hvað reynslan sýnir í því efni, er náttúrlega ekki gott að segja um að svo stöddu, en hinsvegar er þetta gjald lægra en nú er greitt; það er enginn vafi á því, að þetta verður lægra en nú er greitt.

Við hv. 1. þm. Skagf., sem ég er þakklátur fyrir það, að hann tók þessu máli vinsamlega, vil ég segja það, að ég sé ekki ástæðu til þess að kalla þetta bandorm, því að það er ætlazt til þess, að eftir að umsóknir eru komnar fram á árinu 1937 frá öllum þeim, sem heyra undir þessi lög, þá verði úthlutunin miðuð við þá upphæð, sem ríkið leggur fram í þessu skyni, og það er óum-

flýjanlegt, að á fjárlögum fyrir 1938 verði lögð fram upphæð í þessu skyni, sem er í samræmi við þær þarfir, sem koma í ljós í þeim umsóknum, sem auglýst verður eftir á árinu 1937. Landlæknir telur ekki hægt að komast af með minna en 100 þús. kr., og það yrði að leggja fram úr ríkissjóði, en þar frá dragast upphæðir á fjárlögum nú til ýmsra þessara sjúkdóma, um 30 þús. kr., svo upphæðin verður þá minni.

Að lokum vil ég svo segja það, að það er skýrt tekið fram í 13. gr., að það er ætlazt til þess, að berklavarnagjaldið falli niður í ársbyrjun 1937 með þessu frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég heyrði að vísu ekki alla ræðu hv. 1. þm. Eyf., en mér skildist hann vera að afsaka þann drátt, sem orðið hefir hjá hv. meiri hl. fjhn. á afgreiðslu á frv. til laga um breyt. á l. um varnir gegn berklaveiki. Þó að það frv., sem hér liggur fyrir til umr., kæmi fram, og þó að ákveðið sé, að berklavarnaskatturinn falli niður, ef frv. verður samþ., þá er ekki ástæðulaust að afgr. hitt málið fyrir því, vegna þess að eins og það frv. ber með sér, er þar ákveðið, að hverfa skuli gjaldið frá sýslusjóðunum fyrir árið 1936, og það mátti gjarnan fylgja því máli fram og ákveða, hvort það skyldi leyft eða ekki, því að frv. það, sem hér liggur fyrir, kemur ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi árið 1937.

***Páll Hermannsson:** Hv. 1. þm. Reykv. vildi halda því fram, að berklavarnagjaldið kæmi til með að hvíla á héruðunum jafnvel eftir að þetta lagafrv. væri orðið að lögum. Þetta er að nokkru leyti rétt, en ég ætla samt, að það muni verða töluverður munur á því frá því, sem nú er. Núna er það svo, að það á að greiða í ríkissjóð 2 kr. af hverjum manni í landinu, og það má vel vera, að sú upphæð, sem þarna fæst, sem er á 3. hundr. þús. kr., verði eitthvað lík þeirri upphæð, sem landsmenn koma til með að greiða í sambandi við berklasjúklinga með því að greiða ⅕ af tilkostnaðinum. En ég lít svo á, að þetta muni samt koma mikið öðruvísi niður. Í fyrsta lagi held ég, að það muni miklu fleiri berklaveikir menn og aðstandendur þeirra greiða þennan ⅕ heldur en þeir, sem hafa fram að þessu greitt með sjúklingum, af því að það er venjulega annaðhvort greitt allt eða ekkert. Ég lít svo á, að oft sé kleift að greiða ⅕, þó að menn geti ekki greitt allan kostnaðinn. Eins og gefur að skilja, verður einhver að greiða þennan kostnað, þar sem svo fer, að einstaklingar geta ekki gert það, og þá koma bæjar- og hreppsfélögin til skjalanna, en á það má þá aftur líta, að þessi tilkostnaður verður eðlilega talinn með fátækraframfærslunni, og eins og við þekkjum, þá er það svo nú, að allverulegur hluti af fátækraframfærslunni fæst endurgreiddur úr ríkissjóði, þegar hann verður of þungur. Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Reykv., að það lendir eitthvað af þessu gjaldi á sveitar- og bæjarfélögunum, en ég geri ráð fyrir, að það verði miklu minna en það berklavarnagjald, sem landsmenn greiða nú.

Bernharð Stefánsson: Ég er hissa á því, hvað hv. þm. Dal. sér mikið eftir frv. um berklavarnalögin, sem hann flutti hér. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er svo ákveðið, að ákvæðin um berklavarnagjald sýslusjóða falli niður, og það sama er farið fram á í hans frv. Ef bæði þessi frv. hefðu verið samþ., þá hefðu verið sett tvenn lög um sama hlutinn. Nú bendir hann á það eina atriði, sem hann getur borið fram í þessu efni, sem sé það, að samkv. hans frv. og hv. þm. N.-Ísf. hefði berklavarnagjaldið átt að falla niður á þessu ári, en samkv. þessu frv. fellur það ekki niður fyrr en á næsta ári. Þetta er að vísu rétt, en ég hygg, að þó að menn að öðru leyti fallist á að afnema berklavarnagjald sýslusjóða, þá hefði verið varhugavert að láta þetta ákvæði frv. standa, að fella niður gjaldið á þessu ári, þar sem allar áætlanir eru miðaðar við, að þetta gjald haldist í ár, eins og t. d. þegar fjárlögin voru sett. Berklakostnaður ríkisins er miðaður við það. (**ÞÞ:** Hvað gerum við nú, þegar sett eru fjárlög fyrir árið 1937?). Jafnvel þótt hv. þm. vildi fella niður berklavarnagreiðsluna á þessu ári, þá sé ég ekki, að til þess þyrfti sérstök lög, þegar með öðrum lögum er verið að fella þetta gjald niður; til þess þyrfti hv. þm. ekki annað en að bera fram brtt., t. d. við 13. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, um það, að þau ákvæði, sem þar að lúta, skyldu koma til framkvæmda strax. Þetta frv. hv. þm. er því undir öllum kringumstæðum óþarft, ef þetta frv., sem hér er til umr., verður samþ.

***Magnús Jónsson:** Ég heyri á þeim skýringum, sem ég hefi fengið, að ég hefi litið rétt á þetta, og ef litið er á það, að berklakostnaðurinn er kringum 1 millj. kr. og að gjaldið, sem nú er innheimt frá sýslu- og bæjarfélögum, 2 kr. á mann, er þá eftir íbúafjölda um 230 þús. kr., þá sér maður, að þessi ⅕, sem verður að koma úr héruðunum, er mjög líkur 2 kr. gjaldinu. Það munu koma um 200 þús. kr. frá héruðunum í stað þess, að nú koma þaðan 230 þús. kr. Ég sé því ekki, að þetta nái þeim tilgangi, sem hv. flm. frv. ætlast til.

Ég verð að segja það, að enda þótt 8. gr. sé betur orðuð og til meira öryggis í brtt. frá n., þá býst ég samt við, að þetta fari alveg eins og nú er í framkvæmdinni, að þetta lendi yfirleitt á hinum opinberu sjóðum, og það er líka á það lítandi, að innheimtan frá sýslu- og bæjarfélögum hefir stundum gengið treglega.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal ekki karpa við hv. 1. þm. Eyf. um þetta atriði, en það er eitt, sem ég ekki skildi, að hann var að ráðleggja mér að flytja brtt. við 13. gr., sem yrði þá að verka ár fram fyrir sig. Og ég sé ekki, að l. geti fellt úr gildi ákvæði annara l., fyrr en þau ganga sjálf í gildi. En nú eiga þessi l. ekki að ganga í gildi fyrr en 1. jan. 1937. (**BSt:** Það stendur í 13. gr., að þau öðlist þegar gildi). Ég horfi á nál. hér fyrir framan mig. (**BSt:** Það er allt annað mál). Ég ætla þá að láta ráðast, hvort hv. 1. þm. Eyf. samþykkir brtt. eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 362,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 362,2 samþ. með 9:2 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 362,3 (bráðabirgðaákvæði) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 386).

***Jónas Jónsson:** Ég geri ráð fyrir, að löggjöf um þetta efni hljóti að draga þungan dilk á eftir sér, eins og reynslan er með aðra lagabálka af sama tægi, og ef það kemur í ljós við framkvæmd þessara laga, að þeim fylgi mikill kostnaður, þá *áskil ég mér rétt til þess að hafa* óbundnar hendur um breyt., vegna þess að allar slíkar lagasmíðar sem þessi hafa venjulega a. m. k. fyrst í för með sér eyðslu, sem fer langt fram úr því, sem gert er ráð fyrir. Hinsvegar er í mörgum tilfellum vandkvæði um sjúklinga af þessu tægi, og má líta á þetta frv. sem tilraun til bráðabirgða í þessu efni. Þess vegna er ég frv. fylgjandi.

Magnús Guðmundsson: Út af orðum hv. þm. S.-Þ., sem féllu í svipaða átt og þau orð, sem ég hafði um þetta mál við 2. umr., vil ég benda á það, að vegna bráðabirgðaákvæðanna í þessu frv. efast ég um, að þessi reynsla komi fram, fyrr en þau eru afnumin, því að þau ganga út á það, að ekki verði meira úthlutað heldur en veitt er í hvert sinn í fjárl. Ég er hv. þm. sammála um það, að þetta frv. mun hafa í för með sér geysimikinn kostnað, ef það á að framkvæmast án bráðabirgðaákvæðanna.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 386).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 386, n. 549).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

***Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Mál þetta hefir verið til umr. í allshn., og leggur hún einhuga til, að frv. verði samþ. óbreytt. Í Ed. hefir orðið samkomulag um frv., og þó verið gerðar á því nokkrar breyt., sérstaklega það, að sett hefir verið bráðabirgðaákvæði aftan við frv.

Frv. þetta var lagt fram á þessu þingi í sömu mynd og það lá fyrir síðasta þingi, og tekur til ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sem l. um alþýðutryggingar ná ekki til.

Bráðabirgðaákvæðið er um það, að það sé ákveðið í fjárl., hve háum upphæðum skuli varið til styrkveitinga samkv. l. þessum til annara en þeirra, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki eða kynsjúkdómum, á meðan þetta bráðabirgðaákvæði verður ekki numið úr gildi. Skal upphæð þeirri úthlutað af ráðh. samkv. till. landlæknis að hverju ári liðnu, í fyrsta skipti í ársbyrjun 1938, til þeirra, sem úrskurðaðir verða styrkhæfir, og má styrkur til hvers nema allt að ⅘ hlutum áfallins kostnaðar á næstliðnu ári, en að öðru leyti skal um þessar styrkveitingar fylgt þeim reglum, er lögin setja.

Þá er einnig það ákvæði í bráðabirgðaákvæðunum, að á meðan holdsveikraspítalinn í Laugarnesi verður starfræktur af ríkinu, skuli holdsveikissjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefir.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til, að því verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—13. gr. ásamt bráðabirgðaákvæðum samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 538).

31. Lax- og silungsveiði (frv. JörB og JónsP).

Á 2. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (þmfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Frv. þetta lá fyrir þessari hv. d. á síðasta þingi og var afgr. héðan til Ed., en dagaði þar uppi. Nú er

það flutt aftur eins og það var afgr. af hálfu þessarar deildar, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar. Hvort því verður aftur vísað til landbn., sem hafði það til meðferðar síðast, læt ég mig engu skipta, og mun því ekki setja mig á móti því, ef þess verður óskað. Þá vil ég geta þess, að prentvilla hefir orðið í 2. tölulið 1. gr. Þar stendur: „sem fullur sér," en á að vera: „sem fellur sér." Þetta verður lagfært við endurprentun frv.

Vænti ég svo, að hv. dm. lofi frv. að ganga áfram.

Pétur Ottesen: Ég vil leyfa mér að bera fram þau tilmæli, að frv. þessu verði vísað til n., því að svo er mál með vexti, að á þingmálafundum, sem ég hélt í Borgarfjarðarsýslu í vetur, var hreyft ýmsum atriðum, sem snerta þetta mál og ég vildi því fá tækifæri til að ræða um við meðnm. mína í landbn., áður en frv. kemur til umr. næst. Af þessum ástæðum vildi ég mælast til þess, að frv. fengi að ganga til n., enda hafði hv. flm. ekkert við það að athuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 63, 84).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 84. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 6, er í sömu mynd eins og frá því var gengið í þessari hv. d. á síðasta þingi. En eins og menn sjálfsagt muna, dagaði það þá uppi í hv. Ed. Nú hefir n. athugað málið og á ný talað um það við ýmsa menn, sem á þessu sviði hafa hagsmuna að gæta. M. a. hefir hún átt tal við formann veiðimálanefndar, Pálma Hannesson rektor. Út af þessari athugun flytur n., eins og hv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir, nokkrar brtt. á þskj. 63. Fyrsta brtt. er um nokkra orðabreytingu á þeim orðaskýringum, sem ætlunin er að fella inn í 1. gr. laxveiðilaganna. Við höfðum orðið á það sáttir á síðasta þingi að breyta til um skilning á orðunum „ós í sjó" á þann hátt að miða við smástraumsfjöruborð í stað stórstraumsfjöru, eins og gert var í frv. En eftir nánari viðtöl um þetta efni komst n. að þeirri niðurstöðu, að í sumum tilfellum væri þetta fulllangt gengið í því að takmarka þetta svæði, ós í sjó, en hluturinn er sá, að staðhættir eru svo mismunandi að því er þetta atriði snertir, að það sama getur ekki allsstaðar átt við. Því hefir n. fallizt á, að þar sem svo sérstaklega stendur á, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum, sé veiðimálastjóra heimilt, að fengnum till. veiðimálanefndar, að ákveða takmörkin eftir því, sem hæfilegt þykir við þá aðstöðu, sem þar er um að ræða. — Brtt. viðvíkjandi skilningnum á orðinu „áll" er aðeins um það, að í stað þess að samkv. frv. er sá áll kallaður höfuðáll, sem dýpstur er, en samkvæmt brtt. sá, sem vatnsmestur er. Þetta getur í nokkrum stöðum valdið talsverðum breyt., því að það getur komið fyrir, að dýpstur sé sá állinn, sem ekki er vatnsmestur. — Að því er snertir breyt. á skilgreiningu á stöðuvatni og straumvatni, þá er sú breyt. á því gerð, að það skal telja stöðuvatn, sem ekki er meiri straumhraði í en 18 metrar á klukkustund. En það er lagt undir álit veiðimálastjóra og hann látinn úrskurða um, ef ágreiningur verður um skilgreiningu á því, hvað teljist stöðuvatn og hvað straumvatn.

Þá er önnur brtt., við 2. gr. frv., sem var talsvert deilumál á síðasta þingi, sem sé sú framlenging á veiðitímanum, sem gert er ráð fyrir í frv., að í staðinn fyrir „31. ágúst ár hvert" komi „15. september ár hvert". Sú miðlunartill., sem hér er um að ræða frá n. hálfu, er, að á þessu tímabili sé heimiluð lagnetaveiði og stangarveiði, en ekki ádráttarveiði nema til 31. ágúst.

Þá er hér brtt. um skilgreining á orðinu „kvísl". Ég vænti, að hv. þm. sjái, að það er í sjálfu sér óeðlilegt, ef gilda eiga önnur ákvæði um kvíslar í þeim hluta vatna, sem kallast ár, heldur en í þeim hluta vatna, sem kallast ós.

Þá er síðasta till. n. á þá leið, að þegar gerð eru upptæk veiðitæki vegna brota, þá sé einnig upptækt ólöglegt veiðifang. Um þessa brtt. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. En þó vil ég geta þess, að eins og menn sjá af nál., er nokkur ágreiningur innan n. um einstök atriði brtt. En þangað til þeir hv. nm., sem hlut eiga þar að máli, hafa gert grein fyrir sinni sérstöðu, ræði ég ekki frekar um það efni.

Vænti ég, að hv. þdm. verði n. sammála um, að brýn þörf sé á því að koma þessu máli áfram nú á þessu þingi, því að laxveiðal. þau, er nú gilda, eru svo óskýr og valda svo miklum ágreiningi víða um land, að við það verður naumast unað lengur.

***Pétur Ottesen:** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú, eins og hv. flm. hefir frá skýrt flutt í sömu mynd eins og gengið var frá því hér í lok síðasta Alþingis. Tilgangurinn með þeim breyt. á l., sem farið er fram á í þessu frv., er sá, eins og hann líka lýsti yfir, að kveða nokkru skýrar á um ýms atriði í laxveiðalöggjöfinni heldur en gert var, þegar hún var sett á Alþingi 1932.

Ég skal nú ekki segja um það, hvað reynslan kann að leiða í ljós á sínum tíma, hvort 1. gr. frv. nær tilgangi sínum með öllum sínum orðaskýringum. Ég skal ekkert segja um þetta, segi ég. En þó gefur það nokkra bendingu um, að það sé erfitt að setja um þessa hluti tæmandi skilgreiningarákvæði, að hv. landbn. hefir í einu atriði alveg gefizt upp við að taka upp í l. fullkomin skýringarákvæði. Og þessi uppgjöf n. í þessu efni felst í fyrstu brtt. á þskj. nr. 63, þar sem um er að ræða skilgreiningu á orðunum „ós í sjó". Þar gefst landbn. alveg upp við að gefa tæmandi skýringu á þessu hugtaki, og í vissum kringumstæðum er gerð till. um, að veiðimálastjóri geti, að fengnum till. veiðimálan.,

sett annað takmark, nefnilega ákveðið, hvað skuli teljast ós í sjó. Þetta bendir fullkomlega til þess, að það sé enginn hægðarleikur að kveða í löggjöf svo skýrt á um þetta, að ekki orki æfinlega tvímælis, þegar á að fara að framkvæma þessa löggjöf. Það er náttúrlega alveg rétt, að margt er óskýrt í þessum laxveiðal. Á þetta var bent, þegar l. voru sett. Þá komu fram brtt. við þáverandi frv. til þeirra laga, sem nú eru laxveiðil., bæði frá mér og öðrum, sem ekki náðu fram að ganga. En reynslan hefir svo sýnt, að full ástæða hefði verið til að taka þær brtt. til greina og taka ákvæði þeirra strax upp í löggjöfina.

Út af þessari uppgjöf n. um að ákveða, hvað skuli teljast ós í sjó, vil ég bæta því við, að mér virðist ákaflega og óforsvaranlega losaralega gengið frá þessu atriði í till. n., að ákveða í þessu efni. Hér er það veiðimálastjóri, sem á að vera einvaldur um það að skera úr í þessu efni. Og það, sem hann ákveður, það eiga að vera l. í þessu efni, þangað til löggjafanum kann að finnast þörf á eða ástæða til að taka fram fyrir hendurnar á honum.

Það er nú venjulega svo, að þegar um það er að ræða, að einhver viss einstakur maður á samkv. l. að tiltaka nánar einhver atriði, sem ákvæði eru um í l. eða reglugerð, þá er svo til tekið, að það skuli vera ráðh., sem ákveður um þau atriði, að fengnum till. þeirra sérfræðinga eða ráðunauta, sem sérstaka aðstöðu hafa til að gefa leiðbeiningar. Þetta byggist á því, að ráðh. er undir öllum kringumstæðum ábyrgur gerða sinna gagnvart Alþingi. En hér á að fara að leggja löggjafarmálefni í hendur manns, sem enga slíka ábyrgð ber gagnvart Alþingi. Hér á að fara inn á nýja braut í þessu efni, sem fullkomin ástæða er að taka til athugunar, hvort rétt sé að fara inn á. Virðist mér eðlilegast að ákveða þetta með öðrum og skýrari hætti. En ef Alþingi sér ekki ráð til þess að ganga frá þessu atriði þannig, að viss ákveðin regla ætti að gilda um það, þá virðist mér sjálfsagt að fela ráðh. að ákveða takmörkin í þessu efni í einstökum tilfellum, að fengnum till. veiðimálastjóra.

Brtt. þessi er líka óskýr að öðru leyti. Þar er t. d. svo til tekið, að þetta takmark, sem veiðimálastjóri á að geta sett og um hefir verið rætt, skuli vera ákveðið í eitt skipti fyrir öll á hverjum stað, meðan lögin standa óbreytt. Þetta mætti skýra svo, að þetta ákvæði veiðimálastjóra ætti að falla úr gildi, ef einhver breyt. væri á l. gerð í alveg óskyldu atriði. Þetta virðist ekki hafa verið nægilega athugað, þegar gengið var frá brtt.

Brtt. þessi, ef samþ. verður, þrengir kosti þeirra manna, sem búa við árósana. Einnig dregur hún nokkuð úr þeirri hættu, sem af ádráttarveiði stafar — og ákvæðin um ádráttarveiðina eru áreiðanlega hinn skæðasti hlutur í laxveiðalöggjöfinni — í bergvatnsánum, þegar líður á sumar. Því að það ákvæði komst inn í frv., að heimilt væri að draga á í ám, þangað til um miðjan september. En í gildandi l. er það ekki heimilt nema til ágústloka. Þetta ákvæði brtt. álít ég því, að miði til umbóta á frv., að samkvæmt brtt. má ekki stunda ádráttarveiði eftir 31. ágúst.

Hitt ákvæðið, sem ég nefndi í brtt. landbn., þar sem lagt er til, að kveðið sé jafnt á um það, hvernig beri að framkvæma lagnetaveiðar í kvíslum uppi í ánum og í kvíslum í ósum ánna, það skerðir mjög rétt þeirra til laxveiða í árósum, sem hann hafa haft. Og hygg ég, að þetta ákvæði hafi valdið því, að hv. þm. Mýr. skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það er nú svo, að uppi í ánum má ekki leggja net fyrir lax, nema út í $^1/_3$ af kvíslum ánna. En hér í till. n. er þetta yfirfært á árósana líka og ákveðið, að ekki megi heldur leggja út í kvíslar, sem myndast í eða við ós um fjöru, þó að þar sé, eins og víða á sér stað, einn víður og stór fjörður um flóð, nema að $^1/_3$, eins og í kvíslum ofar í ánum. Þetta ákvæði verður til þess að eyðileggja gersamlega veiði manna á þeim svæðum ánna, sem sjór fellur á, þar sem þeir nú hafa aðstöðu til laxveiða, þegar sjór fellur yfir leirur um flóð.

Hér virðist vera gengið á rétt manna algerlega að nauðsynjalausu, þ. e. án þess að nauðsyn beri til þess að takmarka svo þessa veiði, til þess að veiði uppi í ánum stafi ekki hætta af henni fram yfir það, sem eðlilegt er. Því að ákvæði er um, að ekki megi leggja net fyrir lax nema út í $^1/_3$ af breidd óss. Og þetta ákvæði er í frv. lagt til, að breytist þannig, að ekki megi leggja netin nema út í $^1/_4$ hl. af breidd óss eða leiru. Þar sem svo hagar til, að sjór fellur yfir kvíslar í ós um flóð og myndar stóran fjörð, hefir laxinn því hlaupvíðar uppgöngudyr, þrátt fyrir þessa mjög svo takmörkuðu lagnetaveiði. Vegna þessa ákvæðis um kvíslar í ósum hygg ég, að hv. þm. Mýr. hafi með tilliti til kjósenda sinna skrifað undir nál. með fyrirvara. (**BÁ:** Alveg rétt).

Þá skal ég aðeins með fáum orðum minnast á brtt., sem ég flyt við frv. og er á þskj. 84. Fyrri brtt. er við 13. gr. l., um veiði í sjó. Í 13. gr. l. er það gert að undantekningarákvæði frá því að banna gersamlega veiði í sjó, að þar sem farið var að stunda slíkar veiðar, áður en fasteignamatið, sem staðfest var 1932, fór fram, skuli heimilt að stunda þær áfram, ef tillit hefir verið tekið til þeirra við fasteignamatið. Svo hagar nefnilega til á stöku stað, þó óvíða sé, að hægt er að stunda veiði í sjó. Og þó að töluverðir annmarkar séu á því, m. a. vegna þess, hve útbúnaður til þess er dýr, þá eru þó þessi undantekningarákvæði til. Úr því að þau eru til í l. og ennfremur þar sem hægt er að stunda þessar veiðar í sjó víðar en tillit hefir verið tekið til við fasteignamatið, þá hefi ég borið fram brtt. um, að ráðh. sé heimilt, að fengnum till. veiðimálastjóra, að leyfa veiði í sjó í lagnet eða króknet, sem fest er við girðingu út frá landi. Mér virðist þessi till. min í mjög góðu samræmi við undantekningarákvæði l., sem ég gat um. Og þar sem þetta, samkv. till. minni, á að leggja algerlega í vald ráðh. eftir að hann hefir leitað álits veiðimálastjóra um þetta, þá virðist mér, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu, að þetta ákvæði sé tekið upp í löggjöfina.

Hin brtt. mín er við 76. gr. l., um að hækka styrk, sem þar er ákveðinn til klakhúsabygginga, úr kr. 1.50 og upp í kr. 2.50 fyrir dagsverk. Á síðustu árum hefir komizt allmikill skriður á það, að menn hafi bundizt samtökum um að koma upp klakstöðvum. En þar sem um stærri framkvæmdir er að ræða í því efni, þá verða þær allkostnaðarsamar. Og með hliðsjón af því, að það er álit manna, að með klakstöðvum megi tryggja nokkuð veiði í ánum, þá er þetta ákvæði vitanlega sett inn í l., að veita styrk til þessara fyrirtækja, sem ég nú legg til, að verði hækkaður dálítið frá því, sem nú er. Svo hagar til, að í Borgarfirði hafa menn myndað félagsskap, og sama má segja um fleiri héruð, til þess að koma upp hjá sér allsherjarklakstöð fyrir allar laxár héraðsins. Þetta fyrirtæki Borgfirðinga er vitanlega töluvert kostnaðarsamt. Eftir ósk viðkomandi manna hefi ég borið fram þessa hækkun á styrknum.

Fyrir síðasta þingi lá frv. um, að ríkið tæki í sínar hendur framkvæmdir þessara mála, en það náði ekki fram að ganga, og býst ég við, að það hafi stafað af því, að álit manna a. m. k. hér í hv. d. hafi verið það, að eftir laxveiðal. frá 1932 og á grundvelli þeirra mætti koma þessu í framkvæmd með miklu ódýrari hætti og sízt lakari árangri, þannig að láta einstaklinga bera þetta uppi, en hafa ekki ríkisrekstur á því. Og það er ekki vafi á, að það álit er rétt.

Vænti ég, að hv. d. fallist á réttmæti þessarar till. minnar og samþ. hana, eins og hún líka getur verið samþ. því, að fyrri brtt. mín sé sömuleiðis sanngjörn og réttmæt.

Magnús Torfason: Það þýðir nú sjálfsagt ekki mikið fyrir leikmenn að fara að reyna að krukka í þetta frv., sem á að vera til þess að bæta laxveiðalöggjöfina síðustu. Mér er það vitað, að að því standa víst þessir svo kölluðu laxkynngismenn, og þeim ber sjálfsagt að hlýða. Og það vantar ekki laxakenningarnar frá þeirra hendi. En hitt gegnir öðru máli, hvað þær standa á stöðugu og hvernig þær standast. Mér virðist, satt að segja, að þessar kenningar þessara laxkynngismanna hrati úr þeim eins og illa meltar sprengidagsbaunir. Ég geri ekki mikið meira úr því. Hinsvegar skal ég taka það fram, að ég hefi aldrei fengið þá æru að sjá framan í trýnið á þessum mönnum, hvorki fyrr né síðar, og mér er ekki heldur kunnugt um, að þeir hafi á nokkurn hátt orðið til þess að auka laxveiði í Ölfusá eða Hvítá. Þeirra hluta vegna hefðu þeir því áreiðanlega mátt sitja heima. Segi ég þetta fyrir því, að breyting sú á laxveiðilögunum, sem hér er farið fram á að gera, er talin gerð fyrir atbeina þessara laxkynngismanna, sem aldrei hafa litið á staðhætti þarna austur frá, hvað þá meira. Einn þessara manna gekk þó svo langt um daginn, að hann sagði við mig á nefndarfundi, að ein lögnin í Ölfusá væri ólögmæt, enda þótt það væri lögn, sem sérstaklega hefir verið athuguð í því sambandi, og aldrei vefengt, að væri í sínum fyllsta rétti. Annars er ég hissa á, að frv. þetta skuli koma fram, því að það er víst, að það verður aldrei til þess að auka laxveiði, hvorki í þeim ám, sem ég hefi nefnt, eða öðrum. Aðaluppistaða frv. er nefnilega sú, að taka veiðiréttinn af sumum þeim, sem veiði eiga í ánum, og auka með því veiði annara án þess að að því sé spurt, hver áhrif það geti haft fyrir alla eigendur veiðinnar. Hinsvegar er ekkert skipt sér af því, sem gæti orðið til mikilla bóta fyrir laxgöngurnar. Það er t. d. vitanlegt, að selurinn étur laxinn, þykir hann góður. Í Ölfusá eru t. d. mörg hundruð af sel, sem þarf að fá sér lax bæði í morgunverð og kvöldverð. Af þessu er ekki verið að skipta sér. Heldur er farið að hlaupa eftir róg, sem þarna hefir verið á milli manna og sannarlega var nógur, þó ekki væri verið að ýta undir hann.

Undir umr. í Ed. um núgildandi laxveiðilög tók ég það fram, að ég teldi þar ýms ákvæði mjög varhugaverð, sem nauðsyn bæri til að athuga frekar áður en langt um liði. Að ég greiddi málinu atkv. þá, var sökum þess, að það kom hreyfingu á þessi mál, sem svo lítið hafði verið hirt um á undanförnum árum. Jafnframt bjóst ég við því, að félagsskapur sá, sem lögin gera ráð fyrir, myndi verða að nokkuð almennu gagni, og að laxkynngismennirnir myndu stuðla að því. En hvað snertir þær ár, sem ég þekki bezt til um, hefir lítið verið gert fyrir þær. Að vísu mun mega telja, að stofnað hafi verið þar veiðifélag, en gjöld þau, sem til þess áttu að greiðast, hafa almennt ekki verið greidd. Einu gjöldin, sem í veiðisjóðina hafa ávallt verið greidd, eru greidd af þeim hinum sama manni, sem nú á að taka veiðiréttinn af.

Þá skal ég geta þess, að sýslusjóður Árnessýslu lagði á sínum tíma fram nokkurn styrk til þessa veiðifélags, og eingöngu með það fyrir augum að útrýma selnum úr Ölfusá, en til þess hefir ekkert verið gert.

Eftir þennan formála skal ég svo snúa mér að frv. sjálfu og brtt. hv. landbn. Eitt það fyrsta, sem ég rek augun í, er það, að hv. n. leggur til, að úr 2. lið 1. gr. frv. falli niður orðið „grynnsli“, en það er þar, sem verið er að skilgreina orðið „kvísl“. Þetta finnst mér vera til hins verra, því að þá eru aðeins eftir orðin „sandeyrar, klettar og hólmar“, sem áin á að kljúfa sig um, svo myndazt geti það, sem kallast „kvísl“. Hvað snertir orðið „sandeyri“, þá finnst mér það svo óákveðið, að mjög sé það álitamál, hvað í raun og veru geti kallazt slíku nafni, úr því að orðið „grynnsli“ er tekið burt. Mér virðist, að aðeins geti verið um stórar eyrar að ræða, sem skipta ánni greinilega, en ekki smárif, sem greina ána í margar smálænur. Skilgreiningin getur alls ekki talizt fullkomin, en á því ríður vitanlega mjög mikið, að hér geti ekki orkað tvímælis, við hvað er átt.

Þá kem ég að ákvæðunum í 2. gr. frv., þar sem framlengja á veiðitímann alls yfir til 15. sept. Þetta þýðir það, að til 15. sept. má viðhafa dráttarveiði í öllum ám, hversu litlar sem þær eru, sömuleiðis að meira og minna leyti í bergvötnum, þar sem laxinn liggur til þess að hrygna. Með þessu er ætlazt til þess, að á tímabilinu eftir 31. ág., þegar laxinn er alls engin útflutningsvara og lítt ætur, megi taka hverja skepnu, sem í ánum er. N. til hróss skal það þó tekið fram, að hún hefir þó séð, að þetta var

ekki gott, og því hefir hún flutt brtt. um, að ádráttarveiði skuli undanskilin. Er þetta nokkur bót frá því, sem er í frv., þar sem ákvæði þess miða beinlínis í þá átt að eyðileggja alla laxviðkomu í ánum. Að binda endi veiðitímans við 31. ág. yfirleitt mun vera mjög nærri sanni; sömuleiðis mun það öldungis víst, að það er sú eina rétt stefna í þessum málum að leigja bergvötnin út fyrir stangarveiði. Nú vill líka svo vel til, að áhugi manna erlendis fyrir stangarveiði fer vaxandi, og munu margar fyrirspurnir hafa komið um laxveiðiár. Ættu menn því að geta fengið það upp á annan hátt, þó að veiðitíminn yrði ekki lengdur fram til miðs septembermánaðar.

Eitt af því, sem á að gera með þessum nýju lögum, er að víkka út hugtakið „kvísl" frá því, sem það táknar í gildandi lögum, og brtt. ganga jafnvel lengra en gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, því að með tilliti til 33. gr. laganna var þetta ákvæði um kvíslarnar ekki látið gilda um ós. En nú á að gera það, en það þýðir aftur, að engin veiði verði t. d. leyfð í Ölfusá allt upp undir Arnarbæli, því að þetta ákvæði frv. tekur til þessa svæðis. Nú stendur svo á þarna, að veiði þessi er opinber eign. Eru þeir góðu menn, sem að þessum till. standa, því að offra gæðum landsins til einstaklinga. Það má vel vera, að þetta sé fallegt til frásagnar, en hinsvegar kemur mér óvart, að jafnaðarmaðurinn í landbn. skuli skrifa undir þetta, því að ég hélt, að stefna hans væri ekki sú, að taka af því opinbera og afhenda það einstaklingum. Ég þykist nú vita, að 11. gr. frv. *eigi að bæta úr því tjóni, sem veiðieigendur kunna að verða fyrir með þessu*, þar sem segir svo: „Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma." Þetta ákvæði er einstrengingslegt og þarf skýringa við. Ég vil því spyrja hv. 1. flm. og hv. frsm., hvort þeir líti svo á, að Eyrarbakkahreppur eigi t. d. að verða aðnjótandi þessara hlunninda, að fá bætur fyrir missi veiðinnar, sem ég tel, að verði alveg tekin af honum með samþ. þeirra till., er hér liggja fyrir. Ég fyrir mitt leyti tel það sjálfsagt, þó ég hinsvegar skuli játa það, að það getur orðið dýrt fyrir sýslusjóðinn að greiða bæði þessar bætur og aðrar, — já, svo dýrt, að ég býst við, að hann muni eiga erfitt með að standa undir öllum þeim útgjöldum.

Hvað snertir lögn þá, sem Eyrarbakkahreppur mun missa með lögum þessum, þá er það einhver bezta lögnin í ánni, sem mun óhætt að reikna hreppnum 3—4 þús. kr. tekjur af árlega. Að vísu hefir hreppurinn leigt veiði þessa undanfarin 10 ár fyrir tiltölulega lágt gjald, en sá leigutími er útrunninn næsta haust, svo það virðist ekkert til fyrirstöðu fyrir því, að hreppurinn geti eftirleiðis haft mikið upp úr veiði þessari, ef hann aðeins fær að halda henni. Annars fæ ég ekki betur séð en að till. þessi sé beinlínis stjórnarskrárbrot. En það liggur í því, að úr því að löggjafinn gengur inn á það, að skylt sé að bæta fyrir veiði, sem misst er með öllu, þá ber og að sjálfsögðu skylda til að bæta líka fyrir veiði, þegar hún er rýrð. Hér getur því margt komið til athugunar, sem kann að verða dýrt. Ég held því, að jafnframt því, sem lög þessi verða gagnslaus, eða jafnvel frekar til ógagns en gagns, þá verði þau og til þess að baka ríkissjóði og sýslusjóðunum stór útgjöld. Að þau verði til þess að bæta veiðina í ánum, er með öllu útilokað. Til þess að bæta hana þarf allt aðrar aðferðir en þessar. Það þarf að fylgja laxveiðilögunum fast fram, þrýsta mönnum saman um framkvæmd þeirra, til þess að menn vinni í félagi að aukinni laxgengd í árnar, og reynist þau ekki nógu ákveðin í þessu efni, þá þarf að bæta úr því, sem ábótavant er. Ég tel því alls ekki tímabært að fara að hreyfa við laxveiðilögunum nú, á meðan engin reynsla er fengin fyrir því, hvernig þau í raun og veru muni reynast. Þegar eftirlitsmennirnir og kynngismennirnir hafa kynnt sér þessi mál til hlítar á hverjum stað, þá er fyrst von um, að þeir geti lagt eitthvað það til, sem að gagni mætti verða fyrir þessi mál í heild.

Annars skal ég játa, að það er erfitt að setja lagaákvæði um þetta, sem eiga allsstaðar við, en þó mun það alls ekki vera ókleift, ef unnið er að þessum málum með athugun og kostgæfni. En slík vinnubrögð, sem frv. og brtt. bera vitni um, verða aldrei til þess að leysa þetta mál. Slík hrókavitleysa eins og t. d. stendur í 1. brtt. hv. n. á þskj. 63, mun sennilega einstakt fyrirbrigði frá n. Þar segir svo: „Þar sem svo hagar til, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum, og ós mundi talinn óeðlilega langt inn frá sjó *eftir reglunni, getur veiðimálastjóri*, að fengnum tillögum veiðimálanefndar, sett annað takmark". Hér er sagt „eftir reglunni". Ég vil spyrja, hvaða reglu hér er átt við. Hvort t. d. frekar er átt við Goodtemplararegluna eða stórstraumsreglu hv. þm. Mýr. Annars er það svo. Það, sem ég finn hér sérstaklega að, er það, að hér er verið að búa til ákvæði fyrir ákveðna veiðistaði, eins og t. d. Húnaós. Regla þessi er því og hlýtur að verða hringlandi vitlaus. Ef hér hefði átt að setja reglu, hefði óneitanlega verið skynsamlegra að orða þetta eitthvað á þá leið: „Þar sem svo hagar til, að ós myndi talinn óeðlilega langt frá sjó." En að fara að binda þetta við stöðuvatn er ekki rétt. Hér er því aðeins sett ákvæði fyrir Húnaós einan. Að fara að eiga annað eins og þetta undir áliti eins manns, nær vitanlega engri átt. Þetta stöðuvatnsákvæði er líka gýligjöf til frsm. laganna.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, en það er ekki nema eitt atriði, sem fyrirvari minn á við, og það er við brtt. III. á þskj. 63, að færa út ákvæðið um, að lögn í kvísl megi ekki ná nema ⅓ út í kvíslina, hvort heldur er í ám eða í ósum. Hv. þm. Borgf. hefir nokkuð minnzt á þetta atriði, og er ég honum sammála um það og hefi hugsað mér að bera fram skrifl. brtt. um þetta efni. Samkv. 33. gr. laxveiðilaganna má ekki leggja lengra frá landi, þegar lagt er í kvísl, heldur en ⅓ af breidd kvíslarinnar. Nú er það *nákvæmlega skilgreint*, hvað beri að telja kvísl, og samkv. þeirri skilgreiningu teljast það kvíslar í ósum, sem myndast

af sandrifum og eyrum, sem koma upp úr og skipta vatni, þegar vatnsborð er lægst. Nú hagar svo til víða í ósum, t. d. í Hvítá í Borgarfirði, að þar eru sandflákar, sem að sumu leyti eru þurrir um fjöru, en sumsstaðar renna um þá smálænur, sem eru svo vatnslitlar, að enginn fiskur fer um það svæði um fjöru. Það er þá fyrst, þegar sjór hefir fallið yfir þessar sandeyrar og ósinn er orðinn einn hafsjór, að nokkur fiskur fer þar um, en samkv. skilgreiningunni á orðinu kvísl má ekki leggja í þessar lænur nema $^1/_3$ af breidd þeirra. Það er allt öðru máli að gegna um ár, þar sem vatn er jafnt og fiskur getur ekki farið annarsstaðar en eftir kvíslunum. Í ósunum fer fiskurinn alls ekki eingöngu um kvíslar þessar. Hann fer þá fyrst yfir eyrarnar, þegar mikið er fallið að, og þá engu fremur um lænurnar heldur en á öðrum stöðum. Þess vegna er það svo, að ef ekki má leggja nema í $^1/_3$ af breidd þeirra, þá leiddi það til þess, að ekki yrði hægt að stunda veiði á þessum sandflákum, og veiðin yrði gersamlega ónýtt á þessum svæðum, en það nær ekki nokkurri átt.

Hinsvegar get ég gengið inn á það samkomulag við n., að sama gildi um kvíslar í ám og meginkvíslar í ósum, að ekki megi leggja í þær nema $^1/_3$ af breidd þeirra, en um allar smálænur ná slík ákvæði ekki nokkurri átt. Enda er það svo, að þótt ekki sé lagt nema í $^1/_3$ slíkrar kvíslar í dag, þá getur það auðveldlega verið $^1/_2$ kvíslin eða meira á morgun, því þær breytast frá degi til dags af straum og sjávarföllum, og standa aldrei í stað, og sá, sem ætlaði að stunda þar veiði, yrði að færa net sín daglega, en það er svo fyrirhafnarsamt, að það er sama sem veiðin sé bönnuð. Ég ber þess vegna fram skrifl. brtt. við brtt. n. á þskj. 63, og er sú brtt. mín svo hljóðandi:

„Brtt. við brtt. á þskj. 63: Við III. brtt. Meginmál brtt. orðist svo: Á eftir 1. málsl. 33. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi: Sama gildir um höfuðkvíslar í ósum."

Þá yrði þetta þannig í 33. gr.: Nú rennur á í kvíslum og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem hún væri sjálfstæð á. Sama gildir um höfuðkvíslar í ósum. — Með því er fengið aðalatriðið og það eina réttláta, að ekki sé lagt nema takmarkaða vegalengd út í höfuðkvíslarnar, en ekki verið að eltast við hverja smálænu. — Ég leyfi mér að leggja þessa brtt. mína fram til hæstv. forseta og óska, að hann leiti afbrigða um hana.

Forseti (JörB): Til þess að þessi skrifl. brtt., sem einnig er of seint fram borin, geti komizt hér að, þarf að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 90) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Frá þeim hv. þdm., sem talað hafa við þessa umr., hafa komið fram allmiklar aths. við frv. þetta og brtt. landbn., og skal ég nú f. h. meiri hl. landbn. víkja nokkrum orðum að þessum aths., og er þá fyrst að minnast á aths. þær, sem hv. þm. Borgf. hafði að gera.

Hann tók það fram um fyrstu brtt., að hún sýndi uppgjöf á því að skilgreina orðin „ós í sjó", en þetta er ekki rétt nema að hálfu leyti. Hér er aðeins gefizt upp við það, að láta sömu skilgreiningu gilda allsstaðar, og undantekning gerð þar, sem svo hagar til, eins og t. d. víða í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, að stöðuvötn taka við upp frá ósum, og samkv. þeirri reglu, sem sett er í frv., mundi ósinn ná svo langt upp í land, að það stríddi á móti málvenju og væri misbeiting á orðum að nefna það ós. Um hitt má deila, hver úr eigi að skera í þessu atriði, hvort heldur það eigi að vera veiðimálastjóri eða ráðh., en það hygg ég, að hafi enga þýðingu í framkvæmdinni, því þeir muni verða látnir ráða, sem mesta þekkinguna hafa.

Þá er hitt atriðið, sem þrír hv. ræðumenn hafa vikið að, og það er, hve mikið sé þrengt að ósaveiðinni. Þetta er í sjálfu sér rétt. Yfirleitt er tilgangurinn sá og stefnan sú, að kveða skýrar á um setningar laganna, svo ekki verði hægt að brjóta þau lög, sem fyrir eru, með vafasömum skýringum og teygingum. Ef ég ætti að taka mína eigin aðstöðu til greina, þá er hún þannig, að ég mundi hafa tilhneigingu til að fylgja fram rétti þeirra, sem við ósa búa, því ég er einn í þeirra hópi. En ég álít, að við setning laganna eigi fyrst og fremst að athuga, hvað verður til bóta fyrir veiðina almennt og hvað verður til þess að gera hana arðvænlega fyrir almenning, og þess vegna er ég ekki hikandi við að skilgreina lögin betur en gert hefir verið, þótt það stríði á móti persónulegum hagsmunum mínum.

Þá hefir verið um það deilt hér, hvort sama skilgreining ætti að gilda um „kvísl", hvort heldur hún er í á eða í ós, og hefir því verið haldið fram, að þar væri ólíku saman að jafna, en mér virðist óeðlilegt, að ekki sé í báðum tilfellum farið eftir sömu reglu. Nú er í lögum aðstaða til að þvergirða kvíslar, ef þær eru í ós, og samkvæmt lögunum eru ósar í sjó svo langt upp, að það er allvíða langt upp í á. Eigi að síður getur það verið rétt hjá hv. þm. Mýr., að í einstaka tilfellum séu í ósum svo margar smákvíslar, að of langt sé gengið í brtt. landbn., og gæti þá verið heppileg lausn að samþ. þá skrifl. brtt., sem hann flytur. Hann flutti þessa till. ekki í n., og kemur hún nú ný fram, og landbn. hefir ekki haft ástæðu til að taka hana til meðferðar, svo ég get ekkert um hana sagt í nafni n.

Viðvíkjandi brtt. frá hv. þm. Borgf. á þskj. 84, um leyfi til að veiða í sjó, vil ég taka það fram, að landbn. fannst við fljóta athugun, að það mundi ekki vera skaðlegt að leyfa veiði í sjó með þeim fyrirvara, að lagt væri frá landi, en eftir að n. hafði átt tal við formann veiðimálan. og fengið upplýsingar hjá honum, þá sýndist meiri hl. n. ekki hyggilegt að fara eftir þessari till. Formaður veiðimálan. leggur ákaflega ríka áherzlu á það að banna sjóveiðina miklu meira en nú er gert í lögum. Hann telur, að sjóveiðin sé svipuð því, að leyft væri að skjóta fé á afrétt. Segir hann, að laxinn sé venjulega lengi að sveima utan við árósana og í nánd við þá, áður en hann gangi í árnar, og er þá um það að ræða, hvort þeir eigi fyrst og fremst að njóta veiðinnar, sem eiga land að sjó, eða hinir, sem

eiga land að ánum. Þótt svo að brtt. hv. þm. Borgf. væri ekki álitin hættuleg, þá má telja þýðingarlaust að samþ. hana, því meðan sú stefna ríkir, sem nú er, og þeir ráða, sem nú ráða, þá mundi slík veiði ekki vera talin heppileg og ekki fást leyfi til hennar.

Viðvíkjandi því að hækka klakstyrk frá því, sem er, vil ég taka það fram, að ég er því fyllilega samþykkur að standa klak meira en nú er gert, því það er vitað, að þessi atvinnugrein, laxveiðin, getur orðið arðvænlegri en hún er, einkum ef um það er séð, að ekki sé stunduð eins mikil rányrkja og verið hefir, og klakið er aukið. Fleira þarf ég svo ekki að taka fram í sambandi við ræðu hv. þm. Borgf., en vil þá minnast á þá löngu ræðu, sem hv. 2. landsk. hélt, *og víkja nokkuð að einstökum atriðum hennar.*

Hann hélt því fram, að aðaluppistaðan í frv. og till. landbn. væri sú, að taka rétt af einstökum aðiljum, sem hefðu haft hann áður, og færa hann til annara; en þetta er byggt á misskilningi einum. Tilgangur frv. og till. landbn. er ekki að taka rétt af mönnum, heldur hitt, að koma í veg fyrir það, að lögin séu misnotuð eða brotin með því að smeygja sér gegnum teygjanleg ákvæði og fráviknar skýringar á orðum. Hann gat þess, að formaður veiðimálanefndar hefði slegið því framan í sig um ákveðna lögn, að hún væri ólögleg, og mér fannst hv. 2. landsk. sanna það með sínum eigin ummælum, að það væri eitthvað bogið við þessa lögn.

Hv. 2. landsk. bað um frekari skýringu á því, hvað teldust sandeyrar, en mér finnst sannast að segja, að það sé hér fullskýrt ákveðið, þar sem sagt er, að þær séu „upp úr, þegar vatnsborð er lægst.“ Sé ég ekki betur en þessi skýring sé fullljós.

Þá gerði hv. 2. landsk. fyrirspurn viðvíkjandi rétti til skaðabóta. Hvort t. d., ef lögin tækju veiðirétt frá Eyrarbakkahreppi, yrði litið svo á, að honum bæru skaðabætur. Þessu er því að svara, að skaðabætur koma því aðeins til greina, að það sé tryggt, að þar sé um að ræða veiðirétt, sem ekki hafi áður verið tekinn með teygingu á ákvæðum og orðun laganna. Ég er sömu skoðunar nú og á síðasta þingi, að þegar almannaheill krefst þess, að lögum sé breytt þannig, að rýrður verði réttur einstakra manna til þess að tryggja hagsmuni heildarinnar, þá komi það ekki til mála, að skaðabætur komi fyrir þá rýrnun, er af því leiðir. Hitt er allt annað mál, ef taka á að fullu þann rétt frá jörðum, sem þær hafa áður haft, þá eiga að koma bætur fyrir, og við það á skaðabótagreiðslan.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. landsk. talaði um, að ekki væri komin sú reynsla á laxveiðalögin, að rétt væri að breyta þeim, og þess vegna bæri að fella frv., vil ég taka það fram, að ég er algerlega gagnstæðrar skoðunar. Það er einmitt sú reynsla, sem fengizt hefir af lögunum síðan þau voru sett, sem sannar það og sýnir, að lögin eru of ónákvæm og óskýr, og þær breyt., sem hér liggja fyrir, miða að því að gera lögin svo úr garði, að þau verði rétt skilin og haldin og komi þannig að tilætluðum notum.

Það er ekki rétt, sem hv. 2. landsk. sagði um 1. brtt. n., að hún sé eingöngu bundin við Húnaós. Það eru fleiri staðir til, þar sem eins hagar til, og brtt. á við alla þá staði, og það er með öllu óeðlilegt, að „ós í sjó“ fái allt aðra merkingu heldur en þá, sem það hefir haft í mæltu máli.

Fleira held ég ekki, að það hafi verið, sem ég þurfti að taka fram fyrir n. hönd. Hvað snertir brtt. hv. þm. Mýr., þá vil ég geta þess, að ég hefi ekkert vald til þess að segja, hverja afstöðu n. tekur til hennar, en mér virðist, að hún geti verið heppileg til miðlunar í því efni, sem þar er um að ræða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það voru aðeins tvö eða þrjú atriði, sem mig langaði til að taka fram, áður en gengið væri til atkv. *Um fyrri brtt. hv. þm. Borgf. skilst mér,* að áður en gengið er til atkv. um hana, þá verði hver og einn af hv. þdm. að gera sér það ljóst, hvort laxinn sé fiskur, sem eigi að tilheyra þeim, sem land eiga að sjó, eða hinum, sem land eiga að ám. Hvort þeir ætlast til, að hann sé veiddur í sjó eða í ám, og ef þeir ætlast til, að hann sé veiddur í sjó, þá greiða þeir atkv. með brtt. hv. þm. Borgf., en þeir, sem álíta, að hann eigi að veiðast í ám, greiða atkv. á móti henni. Ég lít svo á, að laxinn sé árfiskur og eigi að veiðast í ám, en vera friðhelgur í sjó. Nú er þetta ekki þannig í lögum, því gert er ráð fyrir, að þeir, sem farnir eru að veiða í sjó og búa á jörðum, sem hafa hækkað í verði af þeirri ástæðu, fái að halda því áfram. En nú vill hv. þm. Borgf. færa þetta út á víðara svið og leyfa þessa veiði þar, sem hún hefir ekki verið stunduð áður, og ekkert tillit tekið til þeirra möguleika við mat jarðanna, kaup þeirra eða sölu. Ég tel þetta stefna út á hála braut og það beri að halda sem bezt á rétti þeirra, sem lönd eiga að veiðiám. Það verður ekki nógu vel tekið fram, hver hætta stafar af því, að veitt sé í sjó nálægt árósunum og í árósunum. Laxinn getur ekki farið beina leið úr salta vatninu og upp í ferska vatnið; hann drepst, ef breytingin er of snögg. Þess vegna er hann oft margar vikur að sveima um ósana, áður en hann gengur í árnar. Það þarf þess vegna miklu strangari ákvæði um lagnir í ósum heldur en í ám, því laxinn gengur beint upp árnar, en sveimar til og frá um ósana. Sá, sem getur þvergirt kvísl í ós, hefir ekki aðeins möguleika til að veiða laxinn, þegar hann gengur upp í ána, heldur hefir hann tækifæri til að reyna hvað eftir annað að ná sama laxinum, sem er að sveima um ósinn, ýmist upp hann eða niður. Það er þess vegna alveg sjálfsagt að hafa ákvæðin um veiði í ósum strangari, *og leyfa ekki* að þvergirða kvíslar í ósum, eins og hv. þm. Mýr. vill, að gert sé. Hann segir, að í aðfallinu eða með flóði verði ósinn eitt haf. En hvað verður svo, þegar út fellur? Skiptist ósinn þá ekki í ála? Og hvað verður þá um þann lax, sem gekk í ósinn með flóðinu? Fer hann ekki í álana? Tæplega heldur hann sig á sandeyrunum. Ég held hann hljóti að fara ofan álana, og með því að þvergirða þessar lænur, sem hv. þm. Mýr. talaði um, þá er ganga laxins hindruð. Ég held þess vegna, að till. hv. þm. Mýr., þótt hún sé miðlunartill. og til bóta frá því, sem áður var, þá sé hún mjög varhuga-

verð, og ekki eigi að leyfa að leggja lengra út í kvíslar í ósum heldur en $^1/_3$. Þess vegna eiga þeir, sem vilja, að laxveiðin aukist í heild, og þeir, sem vilja vernda rétt þeirra, sem búa við árnar, að greiða atkv. móti þessari till. Öðru máli er að gegna með þá, sem vilja, að einstakir menn njóti veiðinnar á kostnað annara, eins og mér skildist, að hv. 2. landsk. vildi.

Þetta vildi ég segja um ósaveiðina. Ósarnir eru þeir staðir í ánum, sem verður að friða laxinn í, til þess að hann komist upp eftir ánum, upp á hrygningarstaðina. Um það var barizt á síðasta þingi, og eins um það ákvæði, hve lengi mætti veiða laxinn uppi í ánum, þar sem hann hrygnir. En nú er þar farinn millivegur, sá millivegur að banna ádráttarveiði úr því að september kemur, en leyfa lagnir og stangarveiði til 15. sept. Ég vona, að þeir, sem hafa haldið því fram, að laxinn mætti veiða til 15. sept., geti sætt sig við þennan milliveg. Það er áreiðanlegt, að með því að fara hann er víst, að fleiri laxar hrygna uppi í ánum, og það eykur aftur laxgengdina.

Loks vil ég benda á það, að reynslan hefir sýnt, að veiðin minnkar stórmikið þar, sem laxinn er veiddur í sjónum til lengdar. Það, sem við ættum því að gjalda varhuga við, er að byrja veiðina í sjónum, eins og hv. þm. Borgf. ætlast til í sínum brtt., þó takmarkað sé, og svo að veiða hann á hrygningarstöðunum uppi í ánum að haustinu, og því á ekki að leyfa þar ádrátt lengur en til ágústloka.

Magnús Torfason: Þessu máli vikur nokkuð öðruvísi við eftir að fram er komin brtt. frá hv. form. n., þm. Mýr., sem ég fyrir mitt leyti get sætt mig við, þó að í sumu sé skemmra farið en ástæða er til.

Ég þarf ekki að svara hv. frsm. mikið, en kemst þó ekki hjá því að gera fáeinar aths. við ræðu hans. Hann vildi halda því fram, að frv. gengi út á það að gera laxveiðina sem arðvænlegasta. Ég hygg, að þetta sé of mælt. A. m. k. er sú breyting í upphaflega frv., að ádráttarveiðin sé leyfð til 15. sept., ekki til þess að gera laxveiðina arðvænlegri til frambúðar. Þetta á heldur ekki við það, að aðaltilgangur frv. sé að gera ákvæði laganna skýrari. Þau voru nægilega skýr.

Þá leit hv. frsm. svo á, að það væri skýrara að miða við sandeyrar þar, sem á skiptist í kvíslar. Ég skal ekki neita því út af fyrir sig. En það stendur dálitið öðruvísi á hér. Í frv. stendur upphaflega grynnsli, og með því er sagt, að munur sé á sandeyrum og grynnsli. Þess vegna verður það alltaf álitamál, hvað eigi að reikna sandeyrar eða grynnsli. Annars er til nokkuð, sem heitir sandlænur, sem renna á milli þessara grynnsla og eru ákaflega litlar. Hv. þm. Mýr. hefir séð, að ekki náði nokkurri átt að telja þær til kvísla í ám.

Þá var hv. frsm. að tala um brot á lögunum. Ég neita því, að nokkur hafi leyfi til að tala um slíkt að því er mig snertir. Hann er þarna algerlega ókunnugur, og ég þykist hafa séð á því, sem hefir komið fram hjá honum, að hann rámi ekki einu sinni í það, hvað við á. Hitt gegnir öðru máli, að það getur alltaf verið ágreiningur um það, hvort eigi að láta einhvern fá bætur eða ekki. Þá er vitanlegt ekki í annað hús að venda en gera það að dómsmáli. Þá er líka um það að ræða, hvort þessi lögn, sem ég talaði um, hafi verið ólögleg. Það er vitanlega dómsmál. En það hefir enginn dómur gengið um það. Menn hafa ekki treyst sér til þess, og vantaði þó ekki viljann.

Þá var hv. frsm. að tala um almannahag í þessu sambandi. Ég veit ekki, hvort það á hér við. Það eru kannske 20 til 30 manns, sem mundu vinna eitthvað við þessa lagabreytingu. Aðrir tapa á henni. Ég veit ekki, hvort hægt er að tala um almannahag, þegar verið er að gera upp á milli svo fárra manna. Ég stend við það, sem ég sagði, að það væri eðlilegra að nota þessa veiðisjóði til þess að hlaupa þar í skörðin.

Hv. frsm. fór lofsamlegum orðum um það, hvað mikil reynsla væri fengin hvað lögin snerti. Ég held að þessi reynsla hv. þm. nái ekki mikið lengra en til Húnaóss; a. m. k. þykist ég vita, að hann geti lítið dæmt um af reynslu, hvað þessar stórár snertir, Ölfusá og Hvítá, og jafnvel ekki um Hvítá í Borgarfirði.

Í sambandi við þá á held ég, að hv. frsm. hafi tekið nógu mikið upp í sig, þegar hann var að segja það, að veiðin í ósnum yrði til þess að teppa laxgönguna. Mér er sagt af nákunnugum manni, að mest af laxinum sé veitt í ósnum í Hvítá í Borgarfirði, og ég veit ekki til þess, að þar sé nein þurrð á laxi, heldur þvert á móti, ef nokkuð er, og í samanburði við aðrar ár er þar mun meiri laxveiði. Svo held ég, að laxinn hafi gengið þarna afarlangt upp eftir.

Í sambandi við brtt. hv. þm. Mýr. var talað um að þvergirða yfir árnar. Ef það kemst inn í lögin, að aðeins megi leggja yfir $^1/_4$ af breidd árinnar, þá held ég, að ekki sé hægt að tala um að þvergirða.

Yfir höfuð fannst mér hv. 2. þm. N.-M. sýna það, að hann hafi verið námfús nemandi hjá þessum laxkynngismönnum, því að hann kom með allt þeirra skraf, sem er ósannað og þeir hafa minnst fyrir sér í, a. m. k. hvað snertir veiðina í Ölfusá, nema ef vera kynni skraf þeirra manna, sem hafa litið öfundarauga til laxveiðinnar þar niður frá. Það er langt frá því, að ég sé því meðmæltur, að einstakir menn beri sérstaklega mikið úr býtum. Mín skoðun er yfirlýst, og oftar en einu sinni, að ég tel, að það eina rétta sé að skoða ána sem eina heild og láta reka veiðina í félagi. Það mundi vera ódýrast að öllu leyti og hafast mest upp úr veiðinni á þann hátt. Það er eina aðferðin, sem mundi gera það að verkum, að lögum um það yrði virkilega hlýtt.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð hér um, en endurtek það, að frv. í sjálfu sér og brtt. við það sýna, að það er ekki nægileg reynsla fengin í þessu efni til þess nú að fara að skera og skapa og deila á milli einstakra manna.

***Eiríkur Einarsson:** Ég geri ráð fyrir því, að núgildandi lög um lax- og silungsveiði séu sniðin í því skyni að auka veiðigengd í ánum og auka ræktun þessara nytjafiska, sem landsmönnum hafa fyrr og síðar verið svo dýrmætir til veiða, og að það hafi vakað fyrir löggjafanum að

lita á hag almennings. En þar sem þessu fylgir það, að ýmsar breytingar koma fram um veiðiaðferðir, og slíkt á að framkvæma langt frá því, sem áður var, þá er ekki undarlegt, þó að ýmsir verði til þess að kveinka sér, sem léku meir lausum hala en nú er orðið. Um það er ekkert að segja. En það kemur til greina, hvort við þessa endurskipun á laxveiðilöggjöfinni koma fram breytingar, sem raska fornum rétti, sem fyrir hendi var, annaðhvort lagalegum rétti eða venjum, sem skapazt hafa um veiðina. Jafnframt því hljóta að koma fram bótakröfur á hendur þeim, sem skerða, en af hálfu þeirra, sem lögverndaður réttur er skertur fyrri. — Það er dálitið einkennilegt að sjá það í frv., sem hér liggur fyrir, og brtt. við það, og að hlýða á umr. hér í deildinni, hvað sagt er um þessi málefni. Það er eitt, sem slær mann, og það er, hvað skoðun manna er mikið á reiki um það, hver rétturinn sé, hver eigi réttinn og í hverju hann sé fólginn. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að þrátt fyrir þessar skiptu skoðanir, sem hafa komið fram, þá hlýtur þessi réttur að vera ákvarðanlegur, því að laxveiðin er ekki ný hér á landi, og það eru til bæði forn og ný lög og laxveiðivenjur, sem menn eru mjög nærnir fyrir. Þess vegna er það, þó að hv. þdm. deili um það hér, hvað megi veita og leyfa samkv. þessum breytingum, sem liggja fyrir, þá geri ég ekki ráð fyrir, að það verði gildandi orð frá sjónarmiði þeirra, sem sviptir eru réttinum, heldur að það sé lögmætt, sem þeir áttu áður, og að þeirra rétti verði fullnægt þannig, að þeir fái eftir almennum skaðabótareglum fullbættan þann skaða, sem af þessu skipulagi leiðir á einn eða annan hátt.

Ég held einmitt, að ef hv. þm. hefðu það nægilega hugfast, að sá, sem á réttinn, verði að fá sína réttarskerðingu bætta, þá þurfi þetta ekki að vera eins mikið tilfinningamál eins og mér virðist það vera fyrir mörgum hv. þm.

Tökum til dæmis, ef þarf að taka af einhverja lögn í einhverri mikilli laxá, til þess að laxinn fái nægilegt hlauprúm, og ef lögnin hefir verið lögmæt áður, þá á að greiða fullar bætur fyrir. Eins má segja um þessa margumtöluðu ósveiði, ef hún er lögleg eftir landslögum og nauðsynlegt að taka hana af til þess, að laxinn hafi svigrúm, þá á að greiða fullar bætur fyrir.

Einmitt á síðasta þingi, þegar þetta mál var til umr., þá bar ég fram brtt., sem lutu að því, að greiddar yrðu skaðabætur fyrir slíka réttarskerðingu, því að mér þótti n., sem fjallaði um þetta mál, fara of skammt í því efni í sínum till. og ekki á fullnægjandi hátt. M. ö. o., þar var lagt til, að sá, sem missti þennan rétt „með öllu", fengi skaðabætur, en ég vildi segja, að „ef skerðing yrði á löglegum eignarrétti", þá skyldu vitanlega koma fullar bætur fyrir. Þó að þetta eigi að gera í þarfir almennings og til þess að auka fiskigengdina í ánum, þá þýðir það ekki það, að ganga megi á ákvarðaðan og skýlausan rétt einstaklinganna. — Ég gat ekki á mér setið að minna á þetta hér út af því, sem fram hefir komið í málinu. Ég álít, að þetta sé óljóst, hver rétturinn er, og þrátt fyrir þann ágreining, sem er um það, ætti hann að vera ákvarðanlegur eftir íslenzkum lögum, og að sá, sem verður fyrir skerðingu á þeim rétti, ætti að fá fullar bætur fyrir. Þó að þetta sé mín ákveðna skoðun, og mér þyki leiðinlegt, úr því að verið er að breyta lögunum, að þessi skaðabótaréttur skuli ekki vera nánar ákvarðanir en till. liggja fyrir, þá ætla ég ekki að endurtaka brtt. minar, því að þær voru felldar á þinginu í vetur vegna ákveðinna mótmæla af hálfu landbn. Ætla ég henni ekki að mæla með þeim nú. Þess vegna ætla ég ekki að hætta þeim í opinn dauðann með reynsluna svona ferska fyrir mér, en þykir það leiðinlegt, því að þær till. voru réttar, og að sú leiðrétting verður að komast á einn eða annan hátt inn í lögin seinna, þó að hún sé kæfð nú vegna misskilnings ýmissa hv. þm.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. En mér finnst bara leiðinlegt, og svo veit ég, að er um ýmsa aðra hv. dm., að þetta mál skuli liggja fyrir eins og það gerir. Þar er vísað til sérfræðinga og fróðra manna, og finnst mér, að hin formlega fræðimennska ráði þar helzt til miklu, en hin raunverulega reynsla komi ekki ávallt að sama leyti til greina, og því er sem er í þessu máli.

Brtt., sem komnar eru um stórstraumsfjöruborð og smástraumsfjöruborð sýna, að reikular skoðanir eru uppi í þessu máli, og fyrir mér og mínum líkum, sem ekki erum neinir laxveiðifræðimenn, er ekki tiltökumál, þó að þetta sé nokkuð óljóst, þegar hinir fróðustu eru ekki sterkari á svellinu en raun ber vitni. Samt verður maður að halda því fram, sem maður hyggur réttast vera.

*__Jörundur Brynjólfsson:__ Ég get verið stuttorður, því að hv. frsm. landbn. hefir gert mjög rækilega grein fyrir þessu máli. Það er aðeins út af einstökum atriðum, sem fram hafa komið við umr., sem ég vildi segja nokkur orð.

Mér þykir leiðinlegt, að hv. landbn. skyldi ekki geta fallizt á ákvæði 2. gr. frv. um veiði í ám fram eftir sumri. Eftir till. landbn. á ekki að heimila ádrátt lengur en til ágústloka, en ekki, eins og nú er í frv., til 15. sept. Ég get reyndar fullkomlega viðurkennt, að veiði með netum í smáám ætti helzt að hverfa. Það þyrfti að koma á þeirri tilhögun, að í þeim ám væri aðeins heimiluð stangarveiði. En nú er svo fjarri því, að sá félagsskapur, sem til þess þarf, að það sé hægt, sé til nema á mjög fáum stöðum. En samkv. þeirri löggjöf, sem nú gildir og verður áfram eftir till. hv. landbn., má heita, að menn við árnar lengra frá ósunum séu sviptir þessari veiði, því að það er búið að margsýna sig, að laxinn er ekki kominn upp í þverárnar fyrr en síðla sumars, og því um lítil hlunnindi að ræða fyrir þessa menn, og það getur ekki borgað sig að fara að byggja fyrirstöðu og stunda lagnetaveiðar í þessum ám. Til þess er það allt of kostnaðarsamt og allt of mikið ómak fyrir ekki meiri veiði en í þessum ám er, og menn mundu alls ekki stunda þá veiði frekar heldur en nú er, því að samkv. núgildandi lögum eru menn við þverárnar algerlega sviptir allri veiði, nema undir þeim kringumstæðum, að vötn séu mjög vatnsmikil eða séu í vexti framan af sumri. Laxinn gengur þá upp eftir ánum á þeim tíma, áður en farið er að

stunda ádráttarveiðar neðan til í þeim. Þó að markmiðið eigi sjálfsagt að vera að hætta öllum netaveiðum í smáám, þá finnst mér, að ekki megi sýna þessum mönnum hörku langt fram yfir aðra menn; þeir hafa hvort sem er ekki nema lítil not af þessum hlunnindum, og þykir því sem eðlilegt er harðir kostir að vera sviptir því litla, sem þeir hafa.

Hinsvegar er ég mjög fús til þess, hvenær sem hægt er að koma því við, að ganga svo frá þessum veiðilögum, að slík veiðiaðferð tíðkist ekki við uppárnar, en það getur ekki orðið, nema menn myndi með sér félagsskap um að leigja árnar til stangarveiði eða aðeins stunda stangarveiði. Helzt yrði það í gegnum fiskveiðifélög, en það er eins og við er að búast hjá okkur ekki síður en hjá öðrum þjóðum, að það tekur tíma að kynna mönnum gagnsemi þessarar veiðiaðferðar, hvað það þýðir fyrir framtíð þessara hlunninda, að sú veiðiaðferð sé viðhöfð.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta atriði. Ég vona, að hv. d. felli þessar brtt. landbn. eins og á síðasta þingi með yfirgnæfandi meiri hl. Þingið hefir ekki skipt um skoðun í þessu efni, og þessar brtt. verða felldar, og 2. gr. frv. látin standa óhögguð.

Ég sé, að hv. 2. landsk. er ekki viðstaddur, og mun ég því ganga framhjá ræðu hans, og get ég það því fremur, sem hv. þm. A.-Húnv. hefir svarað flestu af því, sem máli skiptir. Viðvíkjandi öðrum brtt. landbn. ætla ég ekki að fjölyrða. Það er vandhæfi á því, að þessi atriði í löggjöfinni geti orðið svo, að þau eigi við á hverjum stað, því staðhættir eru í þessu efni sérstaklega ólíkir. En það er hér till. frá hv. þm. Mýr., sem hann hefir borið fram skrifl., en um hana treysti ég mér ekki til þess að segja, hvernig hún kann að verka í sumum ám hér á landi. Ég er ekki svo skyggn eða dómbær um þá hluti, að ég geti um þá dæmt, en fyrir varúðar sakir treysti ég mér ekki til þess að greiða henni atkv., og vil því heldur halda því ákvæði, sem hv. landbn. eða meiri hl. hennar leggur til.

Þá hefir hv. þm. Borgf. flutt brtt. á þskj. 84. Ég get sagt fyrir mig, að ég efast um, að svona till. eigi fullkomlega rétt á sér. Það er mjög gott og gagnlegt að geta greitt fyrir þessu máli og komið því í réttara horf. En það er allt öðru máli að gegna með skoðun mína á 1. brtt. hv. þm., enda kannast hv. þm. Borgf. við það, því við höfum átt tala um þessa hluti áður. Ég vil vona, að hv. d. fallist alls ekki á þessa brtt. Það er ekki af því, að það geti ekki skert atvinnu einstakra manna, sem búa við árósa. Það getur vel staðið þannig á. En það er komið inn í l. ákvæði um að bæta mönnum slíkt eignatjón, og ég er á þeirri skoðun, sem fram hefir komið hjá ræðumönnum, að það beri að bæta það, og ég álít það ofmælt hjá hv. 2. landsk., að það myndi kosta ríkissjóð mikla fjármuni. Það verður ekki. En þeim einstaklingum, sem missa þarna réttindi, er sjálfsagt að bæta það upp, og er það heppilegri leið heldur en að opna þessa veiðiaðferð hjá okkur, sem getur leitt til skaðsemda. Mér finnst, að við ættum að nota þá reynslu, sem fengizt hefir hjá öðrum þjóðum í þessu efni. Það er þannig ástatt með nágrannaþjóðir okkar, að veiði í sjó hefir spillt þessum hlunnindum. Í Danmörku eru þeir búnir að gefast upp við að bjarga laxveiðinni, og er það fyrst og fremst vegna veiðiskapar í sjó. Um Norðmenn er það að segja, að undanfarin ár hefir það verið upp undir 85% af þeim laxi, sem þar hefir fengizt, sem hefir verið veiddur í sjó. Og í sumum ám í Noregi er laxinn mikið til genginn til þurrðar, svo að sum árin hefir ekki fengizt nóg í klakhúsin, en þar hefir verið stundað klak mjög lengi. Um Svíþjóð er það að segja, að laxveiði í sjó hefir gert þar mikil veiðispjöll, og að þessi þjóð hefir ekki bannað laxveiði í sjó stafar af því, að þessi hlunnindi eru metin þar til verðs og eru komin þar í fasteignamat, og þeir treysta sér ekki til þess að leysa þau út, ef menn sleppa hlunnindunum, meðan þau eru opin. Hjá okkur eru þessi hlunnindi ekki komin í fasteignamat, enda hefir þessi veiði verið lítið stunduð. En allvíða hagar svo til, að hægt er með mjög góðum árangri að stunda laxveiði í sjó, en sá veiðiskapur gengur út yfir veiðina í ánum. Og þá gæti það borið að eins og erlendis, og það meira að segja mjög fljótlega, að þessi hlunnindi hjá mönnum, sem búa uppi í landi og hafa þeirra not, gætu spillzt eða ef til vill eyðilagzt, eins og komið hefir fyrir með árnar, þar sem veiði hefir lengi verið stunduð frá árósum, en laxveiði hefir svo að segja verið upprætt í þeim. Ber margt til þess. Ef til vill er það að kenna óskynsamlegri veiði í smáám, og líka því, hversu nærri er gengið veiði í stóránum. Ég vona því fastlega, að menn fallist ekki á þessa brtt., því ég kvíði þeim afleiðingum, sem hún hefir í för með sér. Mér finnst við ættum að gera það, sem við getum, til þess að auka veiðiskapinn uppi í ánum. Við höfum ágæt veiðivötn, og það er sjálfsagt svo, að það mætti með skynsamlegum veiðiaðferðum hafa óhemjutekjur af þessum veiðiskap og auka veiðina mikið með klaki. Það er þýðingarmeira heldur en það, að einstakir menn geti um stundarsakir hagnazt á því að breyta til um veiðiaðferð og stundað laxveiði í sjó. Mér fyndist það ánægjuleg tilhugsun, ef þeir, sem búa uppi í landi hjá ánum, gætu átt von á því að hafa hlunnindi fyrir sig og sína af þessum nytjafiski, sem er svo að segja hjá túnfætinum. Og að það megi auka fiskigönguna, hefir reynslan sýnt hjá þeim fáu mönnum, sem hafa friðað sínar ár. Það er t. d. veiðiá vestur á Snæfellsnesi, sem maður hefir keypt veiðirétt í, og hefir hann friðað hana fyrir vondri meðferð, og er mér sagt, að fiskigangan í þetta vatn sé orðin ákaflega mikil. Þetta sýnir, eins og vita mátti, að með skynsamlegri aðferð er hægt að auka þessi hlunnindi stórkostlega í framtíðinni með því að koma á félagsveiði. Það er það, sem ber að stefna að, og kemst það sjálfsagt í framkvæmd áður en mjög langur tími líður. En þar til slíkt má verða, þá vil ég, að mönnum sé sýnd eins mikil sanngirni eins og frekast er hægt að koma við við þessa atvinnu.

***Pétur Ottesen:** Ég á ákaflega bágt með að koma því heim og saman, sem hv. 1. þm. Árn. er að halda fram um áhuga sinn, sem hann útlistar hér með mörgum orðum, fyrir því að efla veiði í ám, samtímis því, sem hann ber fram

till., sem vitanlega miða að því að skapa möguleika til þess að eyðileggja gersamlega veiði í ám. Því hvað er það, sem hefir spillt laxveiði hér á landi og leitt til þess, að í sumum ám hefir hún gengið úr sér og jafnvel orðið engin? Ástæðan er sú, að menn hafa dregið á í þessum ám á þeim tíma, sem fiskurinn hrygnir, en þá fer hann þangað, sem grunnt vatn er, en þar er mjög auðvelt að koma við ádráttarveiði, og draga svo að segja upp hverja bröndu, sem fyrir finnst í ánum. Það er sýnilegt, að ómögulegt er að ná þeim fögru hugsjónum og þeim tilgangi, sem hv. 1. þm. Árn. er að halda fram, sem sé að friða árnar og auka þannig laxveiðina, nema með því að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að úr ádráttarveiðinni sé dregið eða hún lögð niður með öllu. Því hvað er það, sem haldið hefir við laxveiðinni í Borgarfirðinum? Hún er auðvitað mismunandi þar frá ári til árs, en hún hefir ekki gengið úr sér, og ef miðað er við það, hvað veiðitækin hafa aukizt, þá má segja, að veiðin hafi aukizt. Og það er af því, að árnar, þar sem laxinn hrygnir, eru friðaðar fyrir ádráttarveiði. Reynslan sýnir það skýrt og ljóst, að það er ómögulegt að ná því takmarki að auka laxveiðina í ánum, nema með því að sporna við ádráttarveiði. Nú er það svo, að þessi ákvæði, sem hv. 1. þm. Árn. álítur vera örðug laxveiðimönnum, hljóta að verka þannig, að þeir menn, sem ekki geta notað mikið þessi hlunnindi, eftir því, sem hann segir, muni verða fyrir þær sakir miklu fúsari til þess að mynda félagsskap um veiðina með annari tilhögun en þeirri að hafa hana opna upp á gátt, svo að hver geti potað með sína ádráttarveiði og dregið upp þær bröndur, sem til eru. En till. hans eru til þess að aftra því, að slíkt geti orðið, eða draga úr því, og því álít ég það gagnstætt meginhugsjón hv. 1. þm. Árn. að vera að ganga í hvert sinn inn á þessa braut aftur, því það gerir að engu von hans um að laxveiði geti aukizt í ánum. Ég vænti því, að sú till., sem landbn. flytur um þetta efni, geti orðið til hagnýtingar fyrir laxveiðina, þó að hitt verði aftur á móti til meira spellvirkis en heimildin í núgildandi lögum. En með því að samþ. till. landbn. er girt fyrir, að veiðin spillist af ádráttarveiði. En lagnetaveiði verður eftir sem áður lengd um ½ mánuð frá því, sem nú er, en sú veiði er ekki neitt í líkingu við ádráttarveiðina að skaðsemi.

Ég ætla þá að víkja að till. minni um veiði í sjó eða að rýmka þau ákvæði, sem snerta hana. Ég held, að menn hafi búið þar til úlfalda úr mýflugu, þar sem þessi till. felur ekki í sér annað en það, að þetta er heimild fyrir ráðh., að fengnum tillögum veiðimálastjóra, að veita slíka undanþágu eða ekki. Hv. frsm. þessa máls sagði, að það væri sama, hvort þessi till. væri samþ. eða ekki, á meðan núverandi ráðunautur væri, því að hann myndi beita sér á móti henni. En hann getur ekki séð neina hættu stafa af samþykkt þessarar till. Og mér virðist það vera svo, að þegar menn eru að tala um ægilegan voða, sem af því geti stafað, að þessi till. sé samþ., þá séu menn að seilast um hurð til lokunnar, er þeir viðhafa slík orð um þessa till. Það hefir verið reynt af þeim, sem talað hafa móti þessari till., sérstaklega af hv. 2. þm. N.-M., að leita að grundvallarástæðum fyrir því, hvort leyfa eigi laxveiði í sjó eða aðeins í ám landsins. Ég skal nú ekki fara út í það. En ég vil minna á, að það, sem skapar mönnum rétt til laxveiði í ám, er, að þeir eigi land að á eða vatni út frá landi samkv. þeim takmörkum, sem sett eru í lögum. Ef maður lítur á rétt manna á landi að sjó, þá hafa menn að lögum rétt til að nota svæði af sjónum, sem er 60 faðmar út frá stórstraumsfjöruborði. Ef svo er litið á, að landið skapi mönnum réttinn, þá er enginn munur á því, hvort landið liggur að á eða vatni eða hvort það liggur að sjó. Lögin gera ekkert upp á milli að því er þetta snertir, og er þetta það grundvallaratriði, sem þessi réttur byggist á í báðum þessum tilfellum. Nú er með laxveiðilöggjöfinni gerður sá munur á, að þeir, sem hafa rétt til veiða út frá sínu landi, fá að halda honum, en þau takmörk eru sett í lögin, að þeir, sem hafizt hafa handa áður en lögin voru sett og stundað veiði út frá sínu landi, eiga að halda réttinum, en þeir, sem ekkert höfðu að gert, en hafa sömu aðstöðu og byggja á sama grundvallarrétti eins og hinir, eiga samt að vera sviptir honum gersamlega. Hér eru ekki skynsamleg takmörk, því ef sjóveiði er skaðleg, þá ætti vitanlega að taka hana af þeim mönnum líka, sem farnir eru að veiða í skjóli laganna, og láta þá hafa bætur fyrir þetta eða að minnsta kosti draga úr fasteignamatinu, svo að þeir borgi ekki skatt fyrir verðmæti, sem fengizt hafa með þessum hætti, en þeir eru nú sviptir. Þegar litið er á þetta, þá finnst mér, að fyrst réttur til sjóveiði er viðurkenndur í lögum, þá sé það engin fjarstæða, þó að ekki sé gengið svo harkalega að í þessu efni, að þar sem ráðh. við rannsókn og að fengnum till. veiðimálastjóra líti svo á, að þarna gæti verið um arðsvon að ræða, að hann hefði þá heimild til þess að líta á allar kringumstæður. Mér virðist því, að það ætti að líta á þessa till. út frá þeirri stefnu, sem tekin hefir verið upp í lögunum, og leyfa undir vissum kringumstæðum veiði í sjó. Mér virtist, að hv. 1. þm. Árn. ætti í þessu sambandi við ósaveiði. En það er ekki, því það er heimilað langt frá öllum ósum, og býst ég við, að aðstaðan við ósana til þessara sjóveiða sé ekki fyrir hendi, því það er ekki hægt að koma þessari veiði við, nema þar, sem svo mikið dýpi er upp við land, að það falli ekki um fjöru undan hinum djúpriðnu netum, sem notuð er við veiðina. Ég vil láta þetta koma skýrt fram, svo að ekki sé lagt í till. meira en það, sem í henni felst, og að hún sé ekki nema afleiðing af þeirri ákvörðun, sem tekin var með laxveiðilögunum um að veita undanþágu með laxveiði í sjó.

Út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði hér áðan um veiði í árósum, að það væri nauðsynlegt til þess, að laxinn gæti gengið óhindraður upp í árósana, að setja sömu ákvæði um kvíslar í ósum og í ám, af því að laxinn skriði eftir þessum kvíslum, þá vil ég taka það fram, að þetta er reginfjarstæða. Því eins og ég og hv. þm. Mýr. höfum tekið fram, þá er það svo, að þessara kvísla gætir ekkert nema um bláfjöru. Við flóð eða háan sjó eru þessar kvíslar færðar svo, að laxinum er ekki mörkuð nein sérstök braut,

En þar við er það að athuga, að í þessu sambandi hefir því verið haldið fram, að laxinn staðnæmist í árósunum. En nú er það svo, að þar sem ferska vatnið og salta vatnið mætast, þá er eðlisþyngd salta vatnsins meiri en ferska vatnsins, og laxinn heldur sig því í sjávarskorpunni í ferska vatninu, en fer ekki í þessar kvíslar eða árnar. Hann fylgir straumnum út og inn í ferska vatninu, svo að það kemur ekkert til greina með þessar kvíslar í árósunum, af því að þessu hagar þannig til. Það er því á ókunnugleika sem hv. 2. þm. N.-M. byggir þá skoðun sína, að það sé nauðsynlegt að setja þessar takmarkanir um kvíslar í árósum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 63,I (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 84,1 felld með 19:5 atkv.
— 63,II samþ. með 15:9 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
3.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 90 felld með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JS, PHalld, PO, BÁ.
nei: JónP, PZ, PP, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, BB, EystJ, FJ, GP, GG, GSv, GÍ, HV, JörB, JG, ÓTh, SK, JakM greiddu ekki atkv.
Sjö þm. (MT, ÁÁ, BJ, EmJ, HannJ, GÍ, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 63,III (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 16:5 atkv.
9.—10. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 84,2 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 15:5 atkv.
11. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 63,IV (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 105).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr. (A. 105).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 48. og 49. fundi í Ed., 14. og 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 105, n. 296).

*Frsm. (Páll Hermannsson): Þau eru upphafleg tildrög þessa máls, að á þinginu í fyrra bar ég ásamt hv. 2. þm. S.-M. fram örlitla breyt. á lax- og silungsveiðalöggjöfinni, sem var aðeins formsatriði, viðvíkjandi því, hvernig fundum skyldi hagað heima í héraði, þar sem veiðifélag er eða fiskiræktarfélag. Ætla ég, að hv. þm. hafi verið því sammála, að sú breyt. væri réttmæt. Þessi upphaflegu tildrög frv. er nú að finna í 10. gr. þess. En utan á þetta hefir svo verið hengt býsna mikið af ýmiskonar stássi, og er það sannast að segja, að töluverður ágreiningur mun vera um það innan þingsins, hvort allt það dinglumdangl muni eiga rétt á sér eða vera til verulegra bóta.

Um laxveiðilöggjöfina hefir alltaf verið ágreiningur. Og ég ætla, að sá ágreiningur muni sérstaklega hafa stafað af mismunandi hagsmunum einstakra manna um landið, sem eiga undir högg að sækja vegna þessarar löggjafar. Munu þeir hagsmunir einnig hafa valdið því, hversu erfitt hefir gengið að ná samkomulagi um þessa löggjöf, þar sem hagsmunir manna hafa viljað farast á mis. Þar má nefna t. d., að illa hefir gengið að ná samkomulagi um reglurnar fyrir því, hvernig skuli skipta hagnaðinum af þessum veiðiskap á milli þeirra, sem búa neðan til, og hinna, sem búa ofan til við veiðiárnar.

Ég held, að ég megi segja, að brtt., sem í frv. þessu felast, gangi yfirleitt í þá átt að skipta þessum hagnaði eitthvað á ný á milli þessara veiðieigenda. Það verður að taka það fram, að þær breyt. á orðaskýringum, sem felast í 1. gr. frv., eru allar gerðar í sambandi við þær veiðiaðferðir, sem notaðar eru ýmist ofar eða neðar við árnar. Það eru náttúrlega breyt. í fleiri áttir í þessu frv., t. d. í 12. gr. þess, þar sem hækkaður er styrkur til þess að reisa klakstöðvar úr 1,50 kr. upp í 2,50 kr. á dagsverk. Þá ætla ég, að megi á það benda, að í 3. mgr. 8. greinar er kannske höfuðatriðið í breyt., þar sem því er slegið föstu, að þar sem fastar veiðivélar eigi að setja, þar skuli lögreglustjóri löggilda lagnirnar. Þær skuli þar af leiðandi vera fastákveðnar af lögreglustjóra.

Ég sé ekki beint ástæðu til þess að fjölyrða nú um þetta frv. En ég vil fyrir hönd landbn. geta þess, að hún er, eins og þingið í heild, engan veginn sammála um þetta frv. Ég get fyrir mitt leyti eftir atvikum fallizt á, að frv. gangi fram, jafnvel þó að vitanlega geti komið fram brtt., sem ég sæi, að væri rétt að samþ. En ég geri mér ekki vonir um það, að nú verði gerðar breyt. á laxveiðil. þannig, að til verulegrar frambúðar verði. Þess vegna geri ég fyrir mitt leyti ekki svo mikið úr því, hvort í smáatriðum kynni að verða breytt ákvæðum frv. eða ekki. Hinsvegar hefi ég í aths. mínum áskilið mér rétt til þess að bera fram brtt. eða vera með brtt., sem fram kynnu að koma. Ég get búizt við því, að brtt. komi við frv. fyrir 3. umr. Mér virðist því eðlilegt, að hv. þd. samþ. frv. eins og það nú er, en þó með það í huga, að gera megi ráð fyrir, að brtt. geti komið fram við það til 3. umr.

***Pétur Magnússon:** Ég vil aðeins láta þess getið við þessa umr., að það eru ýms ákvæði í þessu frv., sem ég tel sumpart mjög vafasöm og sumpart frekar til spillis frá því, sem nú er. Hinsvegar er ég naumast ráðinn í því enn, hvort ég kem fram með brtt. við frv. við 3. umr. Það getur verið og getur verið ekki. En að ég er í vafa um þetta, stafar af því, að ég sé vel, að á þessu þingi verður ekki ráðin nein varanleg bót á þeim göllum, sem sýnilega eru nú á laxveiðilöggjöfinni. Það þyrfti miklu víðtækari og stórstígari breyt. á henni að gera til þess að koma þeim málum í viðunandi horf heldur en hér eru á ferð, og meiri breyt. en hægt er að gera undirbúningslítið nú á þessu þingi.

Ég vil nú um leið láta þess getið, að ég mun ásamt hv. 4. landsk. bera fram till. til þál. síðar á þessu þingi um að skora á ríkisstj. að taka þessa löggjöf í heild til endurskoðunar. Það er augljóst, að laxveiðilöggjöfin frá 1932 hefir engan veginn náð tilgangi sínum. Tilgangurinn með þeim l. var að auka laxmergðina í veiðiánum. En þetta hefir sýnilega mistekizt af ýmsum ástæðum, sem ég rek ekki hér.

Ég vildi aðeins taka þetta fram við þessa umr. Því að þó að ég setji mig ekki á móti framgangi þessa frv. nú, þá er það ekki vegna þess, að ég hafi ekkert við það að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53., 55. og 57. fundi í Ed., 21., 24. og 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 105, 397).

***Pétur Magnússon:** Ég hefi leyft mér að bera hér fram brtt. á þskj. 397. — Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv., við skilgreininguna á kvísl. Í frv. er kvísl skilgreind þannig, að hún sé þar, sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst. Eftir þessari skilgreiningu á kvísl má ekki veiða öðruvísi í henni heldur en veiða má í á, þar sem hún fellur í einu lagi. Kvísl skoðast að því leyti eins og sérstök á. En þessi skilgreining, að kvísl skuli teljast þar, sem sandeyrar koma upp úr á, þegar vatnsborð er lægst, finnst mér hæpin og geti leitt til þess, að það verði í raun og veru ákaflega mikil vandkvæði á því að skera úr því fyrirfram, þegar lagt er á vorin og venjulega er mikið vatn í ánum, hvar kvísl geti orðið, þegar fram á sumarið kemur, og hvar ekki. Það vita allir, sem til þekkja, að þegar þurrt er seinni part sumars, þá geta víða komið upp sandeyrar, þar sem á með venjulegu rennsli fellur í einu lagi, og engum manni dettur í hug að tala um, að áin kvíslist. — Þessi skýring á orðinu kvísl er ekki heldur í samræmi við almenna málvenju, því það dettur engum manni í hug að tala um, að á kvíslist, þó að sandeyrar komi upp úr, þegar árnar eru komnar sem kallað er niður í sanda. — Maður skyldi nú ætla, að þetta ákvæði væri borið fram í því skyni að takmarka netaveiði frekar heldur en nú er eftir gildandi lögum, en vitanlega stafar engin frekari hætta af því, þó lagt sé yfir þar, sem einhverjar grynningar eru í ám, heldur en yfirleitt af jögnum, því gera má ráð fyrir, að laxinn gangi einmitt sízt á þeim stöðum, þar sem grynningar eru og þar sem sandeyrar koma upp úr, þegar árnar eru orðnar mjög litlar. Það nær því vitanlega engri átt að halda því fram, að þetta ákvæði sé nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir óhæfilega netaveiði.

Mér er nú sagt, að þetta ákvæði sé í raun og veru aðeins miðað við eina á, eða hluta af einni á, þ. e. a. s. neðri hluta Ölfusár, þar sem nú síðari árin hefir verið veitt nokkuð af laxi hjá Óseyrarnesi í girðingum. En þeim, sem til þekkja þarna, mætti vera það ljóst, að veiði í Ölfusá stafar ekki nein hætta af þessari veiðiaðferð. Áin er þarna 5—6 km. breið, og höfuðállinn er með vesturlandi, en veiðin er stunduð frá austurlandi og lagt yfir ¼ hluta árinnar, svo að laxinn hefir 4—5 km. til þess að ganga eftir. Það má því öllum vera ljóst, að ef það er rétt, að þetta ákvæði sé miðað við þennan stað, þá getur það ekki verið með það fyrir augum að koma í veg fyrir, að laxganga í Ölfusá sé hindruð. Hinsvegar vildi ég mega vænta þess, að hv. þm. gerðu sér það ljóst, að ef þetta ákvæði verður samþ., þá dregur það dilk á eftir sér bæði fyrir ríkissjóð og fyrir sýslusjóð Árnesinga, því í frv. er ákvæði um það, að ef veiðieigandi, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, hefir misst veiðina með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, sem hann áður mátti einni við koma, þá á hann kröfu til skaðabóta samkv. 83. gr. laganna um lax- og silungsveiði. Eyrarbakkahreppur á þessa jörð, sem þarna er um að ræða, og mundi missa alla sína veiði, ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt. Þessi veiði hefir gefið hreppnum ekki svo litlar tekjur, og það orkar þess vegna ekki tvímælis, að hreppurinn ætti að fá mjög verulegar skaðabætur, ef lögunum yrði breytt á þennan veg. Þessar skaðabætur eiga að greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði viðkomandi sýslu, og sannast að segja verður það ekki séð, hvaða vit er í því, þar sem ekki er hægt með nokkrum rökum að halda því fram, að þetta sé nauðsynlegt vegna laxgöngunnar, heldur aðeins til hagsbóta fyrir þá, sem veiði eiga ofar með ánni, að binda bæði ríkissjóði og sýslusjóði slíkan bagga.

Ég hefi nú af þessum ástæðum lagt til, að þessu ákvæði yrði breytt á þann veg, að í staðinn fyrir, að kvísl teljist þar, sem sandeyrar koma upp úr, þegar vatnsborð er lægst, þá teljist hún þar, sem sandeyrar eru upp úr að staðaldri. Þá verður skilgreiningin á kvísl nokkuð í samræmi við almenna málvenju.

Hinar brtt. mínar eru um að fella 5. og 6. gr. frv. niður. — Í þessum gr. er lagt til, að möskvastærðin sé minnkuð úr 4,5 cm. niður í 3,5 cm. Fyrra ákvæðið, sem ég talaði um, mun að sjálfsögðu af formælendum þess vera rökstutt með

því, að það ætti að koma í veg fyrir óhæfilega veiði á vissum stöðum í ám, en þessi breyt., sem lögð er til í þessum 2 gr., gengur alveg í öfuga átt. Hún miðar að því að hafa netin svo smáriðin, bæði lagnet og ádráttarnet, að öruggt sé, að enginn lax geti sloppið í gegnum þau. Þessi möskvastærð, 3,5 cm., er ekki stærri en á sæmilega stórriðnu silunganeti. Ég býst að vísu við því, að engir hyggnir laxveiðimenn muni nota sér þetta ákvæði, a. m. k. ekki þeir, sem stunda veiði í lagnet, því það er enginn vafi á því, að netin mundu með þessu móti verða miklu óveiðnari á stórlax. Og má að því leyti kannske segja, að þetta sé ekki hættulegt. En samt sem áður virðist mér, að það sé ástæðulaust að stuðla að því með löggjöf, að allt sé gert, sem unnt er, til þess, að sem mest sé tekið af laxinum, hvort heldur það er í lagnet eða ádráttarnet. Möskvastærðin eins og hún hefir verið er vissulega sízt of stór, og ég vil segja, að frekar hefði verið ástæða til að stækka möskvann heldur en minnka. — Ég hefi því lagt til, að þessar tvær gr. verði felldar niður og möskvastærðin látin haldast óbreytt eins og hún hefir verið. — Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða frekar um þetta mál að svo stöddu.

*__Jónas Jónsson:__ Það er talsverður meiningamunur um þetta frv. í báðum d., og það er vitanlegt, að á bak við allan smærri meiningamun, eins og möskvastærð og því um líkt, liggur það, hvort í laxalöggjöfinni eigi að taka aðallega tillit til þeirra, sem búa við ósana, eða þeirra, sem búa upp með ánum. Ég hygg, að þetta hafi komið ljóst fram í ræðu hv. 2. þm. Rang., sem að því er snertir eina á, Ölfusá, hallast meira að hagsmunum þeirra, sem við ósinn búa. En svo eru aðrir, sem hallast að því að taka meira tillit til *ánna í heild sinni, og þessi glíma er ekki ný.* Ég minntist hér um daginn á Laxá í Þingeyjarsýslu. Þar hefir nú um tvo mannsaldra verið um það deilt, hvort bærinn Laxamýri, sem hefir að vissu leyti líka aðstöðu og Eyrarbakki, ætti að hafa rétt til þess að hafa laxakistur og stífla ána, og niðurstaðan hefir orðið sú, að Laxamýri hefir sigrað fram að þessu, en eitthvað 40—50 bæir ofar með ánni hafa tapað. Og eins og ég gat um, þá hefir niðurstaðan af þessu orðið sú, að þessi á, sem hefir einhver beztu veiðiskilyrði á landinu, er að verða svo fátæk af laxi, að ef ekki hefði verið gripið inn í, þá er óvíst, að hún gæti haldið sér sjálfri við, hvað þá meir. Og ég hygg, að svo muni hafa reynzt víðar eins og með þessa á. Það, að offra heildarhagsmununum fyrir hagsmuni þeirra, sem við ósana búa, er í raun og veru ekki aðeins það, að gera rangt til öllum þorra manna, sem býr við meginbol ánna, heldur er það líka verst fyrir þá, sem við ósana búa, af því að hrygningin fer oftast fram við efri hluta ánna og í hliðarám. Þessi aðferð, sem notuð hefir verið í Laxá í Þingeyjarsýslu og stefnt er að með Ölfusá, er því hættuleg fyrir alla, af því að hún verður til þess, að laxinn gengur ekki upp í árnar. Og af því að mörgum er þetta ljóst, þá býst ég við, að það geti aldrei fengizt friður um neina laxá á landinu, meðan hagsmunir þeirra, sem við ósana búa, er verndaðir. Það er tvennt, sem mælir á móti því, annarsvegar meirihlutahagsmunir þeirra, sem við árnar búa, og hinsvegar klakhagsmunir allra. Þess vegna er það svo, að þó hv. 2. þm. Rang. e. t. v. takist í þetta sinn, eins og stundum öðrum þm. hefir tekizt áður, að hindra það, að sett verði þau náttúrlegu skilyrði, að laxinn komist sem mest upp í árnar og auki þar kyn sitt, þá hefir hann strauminn á móti sér, vegna þess að þekkingin um þetta atriði er orðin svo almenn. Það kom líka greinilega í ljós hjá hv. þm., að hann var að tala um *hagsmuni eins staðar,* þannig að málinu er ekki lengur af honum haldið á öðrum grundvelli en þeim hreina hagsmunagrundvelli, sem þó að því leyti er hættulegur, að þar er um minnihlutahagsmuni að ræða, og í öðru lagi, að ef þeim hagsmunum er fullnægt, þá skaðast allir vegna þeirrar auknu laxafátæktar, sem af því leiðir.

Svo að við snúum okkur nú að Ölfusá, þá er það ljóst, að síðan settar voru þar niður hinar miklu veiðivélar, þá hefir mjög þorrið laxveiði á hinum helztu bæjum, eins og t. d. Selfossi, Helli og Kiðjabergi. Og þar austur frá er það ekki dregið í efa, að það stafi af hinum miklu járnvirkjum, sem sett hafa verið við ósa Ölfusár. — Það hefir ýmislegt verið gert upp á síðkastið til þess að koma þessum laxamálum í betra horf, m. a. með því að lengja sunnudagshelgina. Og það er enginn vafi á því, að það spor, sem hér er verið að deila um, stefnir í sömu átt, og alveg eins og það eru ekki líkur til þess, að menn þrengi sunnudagshelgina aftur, þá eru heldur ekki líkur til þess, að bændur í landinu, sem eru venjulega miklu fleiri, sem búa við árnar ofanvert heldur en við ósana, láti bjóða sér það, að voldug járnvirki séu niður við ósana, sem höfð eru til þess að hindra laxinn frá því að komast upp í árnar. Ég álít þess vegna, að það sjónarmið eigi að ráða í þessu tilliti, að hafa sem minnstar torfærur við ósana, til þess að laxinn geti haft sinn eðlilega gang upp eftir laxánum og aukið þar kyn sitt og að veiði geti verið sem jöfnust og bezt upp eftir öllum sveitum.

*__Pétur Magnússon:__ Það er ákaflega mikill misskilningur hjá hv. þm. S.-Þ., að fyrir mér sé þetta mál einhver togstreita um hagsmuni þeirra, sem við ósana búa, og þeirra, sem búa ofan til *með ánum, og að ég sé sérstaklega að taka svari* þeirra, sem eiga veiði niður við ósana. Ég álít, að veiðilöggjöfin eigi að miðast við það, að sem mestur heildararður fáist af laxveiðiánum. — Og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að heildararðurinn verður mestur með því að framkvæma veiðina á tvennan hátt. Annarsvegar með því að veiða laxinn í net eða girðingar neðan til í ánum, þ. e. a. s. þó aðeins í stóránum, þar sem laxinn er verzlunarvara fyrir erlendan markað, og hinsvegar með því að láta laxinn ganga upp í smáárnar og leigja þær svo út til stangarveiða. Á þennan hátt tel ég, að laxveiðin verði arðbærust. Hitt er vitanlega ekkert nema skrælingjaháttur, — ég ætla að leyfa mér að taka það mikið upp í mig, — að hleypa laxinum upp í bergvatnsárnar, draga hann upp í net seinni part sumars og salta hann svo niður. Laxinn verður með

þessu móti ekkert verðmætari vara heldur en hver annar fiskur, t. d. saltaður þorskur. En með því að veiða hann nýrunninn neðan til í ánum er hann vitanlega margfalt meira virði heldur en nokkur annar fiskur, sem við höfum af að segja, og með því að leigja bergvatnsárnar út til stangarveiða er engum efa undirorpið, að laxinn gæti gefið af sér margfalt á við það, sem hann hefir gert hingað til.

Hv. þm. S.-Þ. segir, að ég vilji fórna heildarhagsmununum fyrir ósaeigendur. Ég býst við því, að hv. þm. S.-Þ. ætti tiltölulega gott með að komast að samkomulagi við mig um að takmarka veiðina neðan til í ánum miklu meira heldur en gert hefir verið hingað til, en með því skilyrði, að það sé um leið tryggt, eftir því sem unnt er að gera það með löggjöf, að laxinn verði ekki veiddur á sama hátt og gert hefir verið, eftir að hann kemur upp í árnar. Því það er ekkert vit í því að takmarka veiðina neðan til í ánum upp á það að hleypa laxinum upp í árnar og gera hann þar verðlausan. Slíkt vil ég ekki styðja. En um leið og það er tryggt, að veiðin í efri hluta ánna sé með skynsamlegum hætti, þá skal ekki standa á mér að takmarka veiðina meira neðan til í ánum. — Og ég vildi taka það til alvarlegrar athugunar, hvort ekki geti verið ástæða til að banna bókstaflega alla netaveiði í öllum ám. Það er enginn vafi á því, að smáárnar mundu verða margfalt verðmætari á þann hátt. En hinsvegar er ljóst, að þá mundu koma fram miklir erfiðleikar við skiptingu arðsins.

Hv. þm. S.-Þ. vildi halda því fram, að ég talaði hér með hagsmuni ákveðins staðar fyrir augum og að ég vildi fá þessu breytt til þess að hlynna að þessum ákveðna stað, þ. e. a. s. jörðunum við Ölfusárósa. Ég hefi það nú fyrir satt, að ákvæði þessa frv. séu miðuð aðeins við þennan eina stað, og það, sem ég vildi benda á, var það, að það er vitanlega engin skynsemi í því að setja veiðilöggjöf með tilliti til ákveðins staðar; a. m. k. yrði þá, ef ætti að setja sérreglur um hverja einstaka veiðiá, að taka alla veiðilöggjöfina og gerbreyta henni allri. En að setja svona ákvæði alveg almenns eðlis, sem miðast aðeins við einn veiðistað, nær vitanlega ekki nokkurri átt. Og ég vil spyrja þá hv. þm. að því, sem telja sig taka málstað þeirra, sem veiði eiga ofar með ánum, hvaða skynsemi sé í því að leyfa veiði á þann hátt sem gert er á Selfossi, Árbæ og Helli og fleiri bæjum upp með Ölfusá, og jafnvel gerir þetta frv. ráð fyrir, að heimild sé til þess að auka veiðitækin þar frá því, sem nú er, en banna svo alla veiði á öðrum stað, litið eitt neðar með ánni, en þar sem hverjum manni, sem þekkir þarna staðháttu, hlýtur að vera ljóst, að hættan á því, að laxgangan sé hindruð, er svo miklu minni heldur en þegar kemur upp með Selfossi, þar sem áin þrengist mjög og þess vegna miklu hægara að koma veiðitækjunum þannig fyrir, að ekki sé nema tiltölulega lítið svæði, sem laxinn getur gengið um. Það er vitanlega ekki hægt að færa nokkur rök fyrir þessu.

Hv. þm. S.-Þ. var þá að tala um það, að veiðin hefði mjög þorrið í efri hluta Ölfusár síðan þessi miklu veiðitæki hefðu verið sett niður hjá Óseyrarnesi. Þetta er af miklum ókunnugleika sagt, ef hv. þm. heldur þetta raunverulega. Árið 1933 var mikið veiðiár, og veiddist þá mikið við Óseyrarnes, en þá veiddust á Selfossi á 4. þús. laxar. Það var langur tími, sem veiddust þar á 2. hundr. laxar á dag, svo það bendir ekki til, að Óseyrarnesveiðin hafi hindrað veiðina í Ölfusá, enda dettur engum í hug að halda því fram í alvöru. Sannleikurinn er sá, að síðan byrjað var að veiða í Óseyrarnesi, sem ég held að hafi verið 1927, þá hefir verið mikil veiði í Ölfusá öll árin, að þeim 2 síðustu undanteknum. Það getur verið, að einhverjir menn hafa af fáfræði sinni staðið í þeirri meiningu, að veiðileysið í Ölfusá 2 síðustu árin stafaði af því, að veiðitækjum hefir verið komið þarna fyrir niður við árósana. Ég held fyrir mitt leyti, að það sé ósköp augljós skýring á þessu. Ég hefi þá skoðun, að ástæðan sé bein afleiðing af flóðinu mikla 1930, þegar áin flæddi út yfir allt láglendið, og hefir vitanlega borið seiði með sér, sem hafa svo legið eftir á þurru. Það eru einmitt þessir árgangar, sem hefðu átt að koma í ána þessi 2 ár, og má gera ráð fyrir, að lítil veiði verði í sumar, þó hún ætti að fara vaxandi. Hitt er ekkert annað en fávizka, að láta sér detta í hug, að þó að veiddir séu í neðri hluta ár nokkrir laxar, verði það út af fyrir sig til þess, að laxmergðin þverri í ánni, því að meginhluti þessara laxa væri veiddur ofar í ánni, ef hann væri ekki veiddur þarna. Hitt er skiljanlegt, að þeir, sem eiga veiði ofar við ár, vilji, að þessi veiði verði lögð niður. — Hv. þm. S.-Þ. var að gefa mér pillur um það, að þessi afstaða mín skapaðist af eiginhagsmunum. Ég mætti vera einkennilega innréttaður, ef ég væri að berjast fyrir því, að veiði væri stunduð niður við ósana, af því að ég átti ⅛ part veiðinnar í Óseyrarlandi og á eitt ár eftir í sumar. Ég þykist satt að segja hafa meiri hagsmuna að gæta annarsstaðar heldur en við ósana, því að ég á aðra á uppi í fjöllum, og hana á ég sjálfur. Það er því sama, hvort ég talaði fyrir máli ósanna eða hinna; ég gæti þar alltaf talað í eiginhagsmuna skyni.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 frá 1932, um lax- og silungsveiði, frá hæstv. forsrh.:

„Á eftir 14. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Til þess að till. megi taka til meðferðar á fundinum verður að veita tvennskonar afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 508) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 397,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 397,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 397,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 508 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 509).
63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

---

32. Fóðurtryggingarsjóðir.

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði (þmfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi og var samþ. í þessari hv. deild, en strandaði í hv. Ed. síðasta dag þingsins, vegna þess að neitað var um afbrigði.
Þetta frv. fer fram á það að veita sýslufélögum heimild til þess að koma á hjá sér fóðurtryggingarsjóðum, sem varið sé til kaupa á fóðurbæti til tryggingar búfénaði manna í viðkomandi landshluta. Á móti framlagi sýslnanna komi svo ákveðið framlag úr ríkissjóði, sem þó sé aldrei hærra en sýslan leggur fram.
Þetta var dálítið rætt hér í d. í vetur, og því ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það nú. En ég ætla, að það, sem liðið er af þessum vetri, geti fært öllum heim sanninn um það, að það sé brýn þörf á að gera ráðstafanir í þessa átt, hvort sem menn aðhyllast, að það sé gert eins og frv. fer fram á eða á annan hátt.
Það er ljóst, að á miklum hluta af Austur- og Norðurlandi er fénaður manna í voða, ef þessi harðindi haldast áfram. Hefði því verið brýn nauðsyn á að hafa einhvern handbæran varaforða handa fénaðinum nú. — Ég legg svo til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað *til 2. umr. og landbn.*

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 8, n. 67, 68, 87, 88).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Landbn. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum, sem ég nú skal gera grein fyrir. Tveir af nm. eru þó ekki að öllu leyti með frv. á þessum grundvelli og bera fram sérstakar brtt. Till. *annars þeirra*, hv. þm. Hafnf., kom fyrir á nefndarfundi, og tók n. afstöðu um, að hún gæti ekki fallizt á hana. Brtt. hv. þm. Borgf. voru aftur á móti ekki lagðar fram á þeim fundi n., þegar hún ræddi málið og tók afstöðu til þess; það var fyrst á fundi sínum í gær, sem hún athugaði þær, og skal ég koma að því síðar.
Fyrsta brtt. n. er við 2. gr., og er a-liður aðeins tilvitnun í það, að samþykkt sýslunefndar öðlast vitanlega ekki gildi fyrr en búið er að samþ. hana í hreppunum líka, eins og ákveðið er í 3. gr. B-liður ákveður, að sá, sem innheimtir gjaldið til fóðurtryggingarsjóðanna, eigi aðgang að hverjum bónda um gjaldið af því fé, sem framfleytt er á jörð hans.
Við þessa sömu gr. gerir hv. þm. Borgf. brtt., sem n. getur fallizt á eftir að hafa séð hana. En ef hún er samþ., kemur til með að vanta inn í gr. breyt., sem felst í b-liðnum í till. n.; hann fellur ekki við gr., eftir að brtt. hv. þm. Borgf. er samþ., og yrði því að bæta svipuðu ákvæði inn í við 3. umr. Sama er að segja um c-liðinn í brtt. n., hann fellur niður af sjálfu sér, ef brtt. hv. þm. Borgf. er samþ., því í henni felst það sama að öðru leyti en því, að samkv. henni hafa sýslunefndirnar frjálsari hendur um að haga samþykktunum eftir staðháttum, sem nokkuð eru breytilegir í hinum ýmsu sýslum. Það út af fyrir sig er til bóta, og því getur n. fallizt á þessa brtt., sem hún hefði líka vitanlega gert þegar, ef hún hefði komið fram í n., meðan verið var að ræða málið, en það gerði hún ekki.
Þá gerir n. þá till., að 3. gr. verði 4. gr., og 4. gr. verði 3. gr., og að tilvitnanir breytist samkvæmt því. Aftan við 3. gr. vill hún svo bæta nokkrum orðum, sem ná því, að ef samþ. nær ekki samþykki, megi ekki taka hana upp aftur á því sama ári. Það liggur e. t. v. í hlutarins eðli, en n. þótti þó rétt að taka það skýrt fram.
Þá er 4. brtt. n. við 5. gr., sem við orðum alveg um, og er þar jafnframt um efnisbreyt. að ræða. Eins og gengið var frá frv., var hugmyndin, að þessum 75 þús. kr., sem heimilað er, að ríkissjóður leggi fram til fóðurbirgðasjóðanna, yrði skipt í byrjun hvers árs milli sýslnanna, og fengju menn þá að vita, hvað hver sýsla mætti eiga von á miklum hluta af því. Þó var gert ráð fyrir, að þeir hreppar, sem hafa starfandi fóðurbirgðafélög, gætu alltaf staðið utan við, ef þeir vildu, og var meiningin, að hlutur hverrar sýslu miðaðist aðeins við þá, sem ekki væru í fóðurbirgðafélagi áður, þannig að ef t. d. tveir hreppar í einhverri sýslu hefðu fóðurbirgðafélög og óskuðu að standa utan við, þá fengi sú sýsla því minna en ella sem svaraði skepnufjölda þeirra, er utan við standa. Þetta er *ekki lengur svo samkv. brtt. n., heldur* á hver sýsla að eiga rétt á öllu því framlagi, sem henni ber samkvæmt 1. gr., þó að einhverjir hreppar standi utan við, ef hinir vilja leggja svo mikið fram á móti. Segjum t. d., að í einhverri sýslu vilji tveir hreppar standa utan við

og að í þeim sé $^1/_3$ af öllu búfé sýslunnar; þá hefði sú sýsla samkvæmt frv. átt að fá $^1/_3$ minna framlag en ella, en samkvæmt brtt. á hún að geta fengið sinn hluta óskertan, en þá verða líka þeir hreppar, sem þátt taka í sjóðnum, að leggja þeim mun meira fram. Okkur fannst rétt, að hver sýsla gæti fengið sinn hluta af fénu, þó einstakir hreppar þyrftu ekki á því að halda, vegna þess að þeir væru áður búnir að gera hjá sér áhrifameiri ráðstafanir til þess að verja sig gegn fóðurskorti.

Við 6. gr. gerir n. þá brtt., að landbrh., sem skipa á einn mann í stjórn hvers fóðurbirgðasjóðs, skuli gera það samkvæmt till. B. Í., en áður hafði hann óbundnar hendur í því efni. Það þótti rétt að láta B. Í., sem a. m. k. ætti að hafa mestan kunnugleikann, benda á mann, heldur en að láta ráðh. velja hann ábendingarlaust.

Brtt. 6. a, sem er við 7. gr. frv., er orðabreyt. til þess að færa til betra máls. Aftur á móti er b-liður þessarar brtt. töluverð efnisbreyt. Þar er gert ráð fyrir, að reikningum sjóðsins skuli haga þannig, að það sjáist glöggt, hvað greitt er í sjóðinn fyrir hverja einstaka jörð. Jafnframt skal það sjást, hvað goldið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem framleitt er á hverri jörð, og jarðarhluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn. Þá er og gert ráð fyrir, að á sama hátt skuli sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem styrk. Á 5 ára fresti á svo að endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa þurft að nota sjóðinn, hálft framlag þeirra í hann fyrir umrætt tímabil. Þetta er ætlazt til, að verði hvöt fyrir bændur að setja svo á, að þeir þurfi ekki á sjóðnum að halda. Þá gerir síðari hluti brtt. ráð fyrir, að verði ábúandaskipti á jörð, þá megi endurgreiða fráfaranda hálft framlag hans í sjóðinn, ef öll skilyrði eru fyrir hendi önnur en færri ára ábúð.

Sjöunda brtt. er við 8. gr. A-liður hennar er lítilfjörlegur, fjallar aðeins um það, að upplýsingar þær, sem stjórnir fóðurtryggingarsjóða eiga að afla sér, skuli þær fá frá forðagæzlumönnum. — B-liður þessarar brtt. er aftur efnisbreyting. Eins og nú standa sakir, þá höfum við lög, sem kveða á um það, hvernig setja skuli á, og er forðagæzlumannanna að sjá um, að ákvæðum þessara laga sé hlýtt; þess vegna er því skotið hér inn, að því aðeins megi stjórnir fóðurtryggingarsjóðanna verja af þeim til fóðurbætiskaupa á haustin, „að ekki sé hægt að tryggja ásetning hlutaðeigandi manna á annan hátt".

Níunda brtt. er við 10. gr. frv., og er nokkur efnisbreyting. Þar er þrengt allmjög að því, að stjórnir sjóðanna geti látið af hendi fóðurbæti sem styrk. Eftir ákvæðum frv. er þeim þetta leyfilegt, ef t. d. grasspretta eða nýting heyja hefir verið slæm, en eftir brtt. n. er þetta ekki hægt, nema ef óvenjuleg harðindi steðja að, og þá því aðeins, að sýslunefnd leyfi og hreppsnefnd mæli með. Til þessa má og ekki verja nema tiltölulega mjög litlu.

Hvað snertir brtt. hv. þm. Borgf., þá skal ég taka það fram, að meiri hl. landbn. getur fallizt á 1. og 2. brtt., en á 3. brtt. getum við ekki fallizt. Annars sakna ég brtt., sem ég bjóst við, að þessi hv. þm. myndi koma fram með, eins og t. d. hvernig atkvæðagreiðsla skyldi fara fram í hreppum um þessi mál o. fl. í því sambandi.

Ég vil nú leyfa mér að vænta þess, að ástand það, sem nú ríkir um fóðurbirgðir og afkomu manna á Austur- og Norðurlandi, geti opnað augu manna og komið þeim í skilning um, hvílík nauðsyn er á slíkum sjóðum sem þessum. Annars viðurkenni ég, að með stofnun þessara sjóða er sporið ekki stigið til fulls, því að fyrir getur komið, að mennina vanti líka mat, því að alltaf getur það komið fyrir, að hafís leggist að Norður- og Austurlandi og loki fyrir allar samgöngur. Það er því spurning, hvort hér er gengið nógu langt.

Skal ég svo ekki hafa mál mitt lengra að sinni; ég vænti þess, að frv. og brtt. verði teknar til velviljaðrar athugunar.

Finnur Jónsson: Ég sé, að fóðurtryggingarsjóðsfrv. þetta nær aðeins til sveita; kaupstaðirnir geta ekki komið hér til greina. Nú vill svo til, að um 5% af kúaeign landsmanna er í kaupstöðum landsins, og sauðfjáreign í kaupstöðum mun vera mikið á 9. þús. Þetta er að vísu ekki mikill hluti af búpeningseign landsmanna, en mér virðist þó rétt, að hv. landbn. sé falið að athuga, hvort ekki sé rétt, að ákvæði frv. þessa um fóðurtryggingarsjóði nái einnig til kaupstaðanna. Þetta ætti hv. n. að geta athugað á milli umr. — Það er vitanlegt, að ýmsir þeir menn, sem búfé eiga í kaupstöðum, eru fátækir menn, sem hafa búfjárstofninn sér og sínum til lífsframdráttar; gæti það því verið mikill hnekkir fyrir þá, ef stofninn félli sökum fóðurskorts. Sakir þessa er það ósk mín til hv. n., að hún taki þetta til athugunar fyrir næstu umr. málsins.

***Pétur Ottesen:** Frv. þetta miðar að því að skapa öryggi fyrir landbúnaðinn að því leyti, sem það gengur í þá átt að tryggja búpening landsmanna fyrir áföllum sökum fóðurskorts.

Að undanförnu hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir hér á landi til þess að tryggja búpeningseign landsmanna. Það hafa verið skipaðir forðagæzlumenn, sem hafa haft það á hendi að athuga fóðurbirgðir manna á haustin og leiðbeina um ásetninginn. Jafnframt hafa þessir menn litið eftir því, hvernig með búpeninginn hefir verið farið. Þá hafa og verið sett lög um fóðurbirgðafélög í sama tilgangi. Og nú er borið fram frv. um fóðurtryggingarsjóði. Það má að sjálfsögðu segja, að þetta miði allt í tryggingaráttina, en því má þó ekki gleyma, að aðaltryggingin felst í ráðdeild og fyrirhyggju þeirra einstaklinga, sem landbúnaðinn stunda. Bregðist allt slíkt, þá koma allar þessar ráðstafanir að litlu gagni. Það má því ekki loka augunum fyrir aðaltryggingargrundvellinum, hyggindum og forsjálni bændanna. Hinsvegar skal því ekki neitað, að fóðurbirgðafélögin og frv. þetta, verði það að lögum, bæta allmjög aðstöðu manna í þessum efnum, og það því fremur, þegar svo er ástatt sem nú, að búrekstur manna borgar sig ekki. Meðan slíkt ástand varir, er það mikils

virði fyrir landbændur að njóta slíks stuðnings sem þessa. Það er vitanlega eins ástatt um fjárveitingar til þessara hluta eins og aðrar fjárveitingar, að féð verður að sækja til atvinnurekstrarins. Um þá aðferð, sem hér er viðhöfð, má margt segja, og víst er um það, að hún getur verið álitamál. Þó skal því ekki neitað, að eins og nú er ástatt fyrir landbúnaðinum, þá felst bæði í þessu frv. og lögunum um fóðurbirgðafélög stuðningur fyrir bændur til þess að tryggja sig fyrir áföllum, sem fyrir geta komið.

Skoðanamunurinn um frv. þetta, sem er á milli mín og flm. frv., sem sæti eiga í landbn., er aðallega sá, að ég vil, að sýslufélögin og hreppsnefndirnar hefðu hér rýmra umráðasvið en frv. gerir ráð fyrir, og að því miðá brtt. þær, sem ég hefi flutt við frv. Eins og frv. er, þá er gert ráð fyrir í 2. gr., að tekið sé fram í lögunum sjálfum það, sem mér virðist réttara, að tekið sé upp í samþykktum, sem sýslufélögin gera. Brtt. mínar miða því meðal annars í þá átt, að ýms framkvæmdaratriði séu tekin fram í samþykktum, sem miðaðar séu við hvert einstakt sýslufélag. Þetta réttlætist með því, að hættan fyrir hverja grein búpeningsins er mjög mismunandi í hinum ýmsu héruðum. Eins og kunnugt er, fer það mjög eftir staðháttum.

Hv. frsm. lýsti því, að n. gæti fallizt á þær brtt. mínar bæði að formi og efni til, sem miða til umbóta á þessu atriði frv. Aftur á móti lýsti hann því yfir, að n. gæti ekki fallizt á að fella niður 10. gr. frv., eins og ég legg til í brtt. mínum. Í þessari umræddu gr. er gert ráð fyrir, að heimilt verði að leggja fram úr fóðurtryggingarsjóði beinan styrk til manna undir vissum kringumstæðum, eins og t. d. þegar illa vorar og grasspretta er lítil, og ennfremur þegar nýting heyja er vond. Með þessari grein er það útilokað, að sjóðurinn verði til þess að grípa til, þegar harðindi eru og þar af leiðandi heyleysi fyrir dyrum hjá mönnum, heldur gefur gr. tilefni til þess, að menn fari beinlínis að setja á þennan sjóð. Breytingar þær, sem n. hefir lagt til, að gerðar verði á gr. þessari, draga að vísu dálítið úr þeirri hættu, sem á því getur verið, að sjóðurinn verki hreint og beint á móti tilgangi sínum, ef gr. verður látin standa. Ég vil ekki láta taka neitt beint fram í lögunum um þetta, heldur vil ég, að sýslunefndirnar og hreppsnefndirnar hafi þetta að meira og minna leyti á sínu valdi, svo þær geti hagað því eftir kringumstæðunum á hverjum stað. Þannig gæti ég hugsað mér, að gripið væri til sjóðanna og veittir einhverjir styrkir úr þeim, þegar menn yrðu fyrir áföllum af óviðráðanlegum orsökum, en þá væri það vitanlega sá bezti stuðningur, sem hægt væri að veita, að gera mönnum kleift að fá bústofn aftur. Um þetta vil ég láta héraðsstjórnirnar hafa sem óbundnastar hendur, og því held ég fast við brtt. mína um að fella 10. gr. frv. niður. Hinsvegar býst ég samt við, að brtt. n. verði samþ., sem gerir greinina dálítið betri en hún er í frv., en þá þarf þó jafnframt að bæta aftan við hana frekari skýringum. Annars eru það fleiri atriði í frv., sem ég vakti athygli á í n., að betur þyrfti að athuga, en út í umræður um þau skal ég ekki fara nú.

Þá var hv. frsm. að undrast yfir því, að ég skyldi ekki koma með fleiri brtt., og nefndi sérstaklega eitt atriði. Eins og sjá má á brtt. mínum, þá tók ég þann kostinn að bera aðallega fram brtt. um að rýmka umráðasvið sýslu- og sveitarfélaga í þessum málum.

Það er alkunna, að löggjafinn hefir í margvíslegum tilfellum gefið héruðum heimild til þess að gera hjá sér samþykktir, sem svo gilda sem lög, en samþykktir þessar hafa jafnan grundvallazt á því, að fyrir þeim væri meiri hluti þeirra manna, sem þátt hafa tekið í atkvgr. um þær, í sumum tilfellum hefir verið tilskilinn „kvalifiseraður“ meiri hluti. En samkv. 4. gr. frv. getur svo farið, að samþykkt komist á með minni hluta greiddra atkv. Það er af því, er hér segir í frv. um stofnun fóðurtryggingarsjóða, að hún teljist samþ., ef meiri hl. hreppsfél. í sýslunni sé því samþykkur; en það þarf ekki að fara saman meiri hl. hreppsfélaganna og meiri hl. þeirra, sem taka þátt í atkvgr. Fólksfjöldi í hreppunum er misjafn, og með þessari aðferð geta sjóðirnir komizt á fót með minni hl. þeirra, sem atkv. greiða, en slíkt er vitanlega gagnstætt þeirri stefnu, sem höfð er fyrir augum með því að heimila héruðunum að gera slíkar samþykktir. Þetta þótti mér athugavert, þegar málið lá fyrir n., og mér finnst það enn athugavert, og sjálfsagt að íhuga það við 3. umr., hvort ekki beri að hverfa frá þessu. Ég er yfirleitt samþ. öllum þeim brtt., sem n. flytur, en skal taka það fram, að ég hafði nokkuð að athuga við þá brtt. n., sem fer fram á, að þær samþykktir, sem byggðar eru upp í sýslu, en aðeins 2—5 hreppar taka þátt í eða mynda fóðurtryggingarsjóð, þá er í frv. gert ráð fyrir, að ekki fáist meiri ríkisstyrkur en sem sé miðaður við gripatölu þeirra manna, sem taka þátt í sjóðstofnuninni, því niðurjöfnunin á ríkisfénu í sýslurnar er byggð á gripafjöldanum í sýslunni. Nú er með brtt. n. ætlazt til, að þótt ekki taki fleiri hreppar þátt í sjóðstofnuninni, þá gætu þeir orðið aðnjótandi alls þess styrks, sem niðurjöfnun sýndi, að sýslan ætti að fá, ef allir hreppar sýslunnar tækju þátt í sjóðmynduninni, og ef miðað væri við gripatölu allrar sýslunnar. Gagnvart ríkissjóði er þetta kannske nokkuð langt gengið, en þó eru til öryggis því settar þær hömlur, að sýslubúar verða alltaf að leggja fram jafnmikið fé sjálfir, og gæti það þá orðið allstíf kvöð. — Ég vildi láta þetta koma fram af því, að mér virtist hv. frsm. vilja gefa til kynna, að meiri ágreiningur hefði verið í n. heldur en brtt. mínar bentu á. Allir nm. voru sammála um að láta sýslufélögin hafa sem rýmst svið með að ákveða um meðferð sjóðanna.

Brtt. mín á þskj. 88 er við 6. brtt. n., þar sem gert er ráð fyrir endurgreiðslu úr sjóðunum til manna, sem ekki hafa þegið styrk úr sjóðunum, og er í samræmi við það, þar sem tekið hefir verið upp að hætta greiðslu til sjóða, þegar þeir eru búnir að ná þeirri upphæð, sem þykir trygg; til samræmis við þetta þarf að setja inn ákvæði um, að ekki sé endurgreitt úr þeim sjóðum, sem samþ. hefir verið, að ekki megi skerða, og þess vegna hefi ég borið fram þessa brtt. við 6. brtt. n., og hljóðar hún þannig:

„Aftan við staflið b. bætist ný málsgr.: Ákvæði 3. og 4. málsgr. koma þó ekki til framkvæmda þar, sem svo er ákveðið í samþykkt, að fóðurtryggingarsjóð megi ekki skerða.“

Brtt. mín miðar eingöngu að því, að endurgreiðslur komi ekki til framkvæmda þar, sem svo er ákveðið, að sjóð megi ekki skerða; þess vegna getur þessi brtt. mín við brtt. n. fullkomlega samrýmzt frv.

Það er svo ekki fleira, sem ég hefi að athuga, eins og málið liggur fyrir. N. er óskipt með framgangi frv., eins og ég hefi tekið fram. Það er aðeins eftir að athuga 4. gr., en það má gera fyrir 3. umr., og ef til vill eru einhver fleiri smáatriði, sem þarf að lagfæra, og ég veit, að það verður n. sammála um fyrir 3. umr.

***Emil Jónsson:** Eins og nál. ber með sér, hefi ég skrifað undir það með fyrirvara, sem þó er ekki ýkjamikill. Ég hefi verið n. sammála um öll höfuðatriði, að einu undanskildu, og ég hefi borið fram um það sérstaka brtt. á þskj. 68. Ég þarf ekki að vera margorður um frv. að öðru leyti; bæði hv. frsm. og hv. þm. Borgf. hafa skýrt það svo rækilega. En ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim ágreiningi, sem varð á milli mín og n., og í hverju hann er fólginn og hvað liggur til grundvallar fyrir brtt. minni.

Fóðurtryggingarsjóðir þessir, sem frv. gerir ráð fyrir, að geti starfað í öllum sýslum og eigi að geta fengið allt að 75 þús. kr. árlega úr ríkissjóði, er ætlazt til, að séu byggðir á svipuðum grundvelli eins og atvinnuleysissjóðir verkamanna í kaupstöðunum. Það er ætlazt til, að myndað sé félag, og þegar það er stofnað, þá leggur ríkissjóður fram styrk. Svo er ekki annað sagt í frv. en það, að þátttakendurnir leggi að minnsta kosti jafnt á móti. Þetta þykir mér fulllítið, bæði af því, að ég álít það of veigalítið og tel það ekki heldur rétt gagnvart atvinnuleysistryggingunum, að ríkið leggi fram jafnmikið og þátttakendurnir. Við atvinnuleysistryggingarnar eru ákvæðin þau, að ríkið leggur ekki fram nema ¼ af því fé, sem í sjóðinn kemur. Bæjarfélagið leggur fram ¼, og þeir tryggðu sjálfir ½, eða með öðrum orðum tvöfalt á móti ríkinu.

Þótt till. mín væri samþ., mundi ríkissjóður samt leggja fram ⅓ af því fé, sem fóðurtryggingarsjóðirnir fengju til umráða, og er það meira en það, sem atvinnuleysissjóðir eiga að fá, og auk þess ber þess að gæta, að það, sem bæjarfélögin leggja fram, er að nokkru frá þeim tryggðu sjálfum.

Hv. frsm., 2. þm. N.-M., hefir skýrt mér svo frá, að á meðalbú mundi framlag bóndans verða um 6 kr., og þótt þetta sé tvöfaldað, verður upphæðin ekki nema 12 kr. á meðalbónda, og ég álít, að með tilliti til þeirra hlunninda, sem bóndinn skapar sér með þessu framlagi, þá sé það ekki of hátt. Við þetta ynnist það líka, að sjóðirnir gætu betur notið sín, en ættu samt ekki að verða neinum bónda ofvaxnir.

Til þess að létta undir með þeim, sem taka þátt í þessum tryggingum, bar ég fram í n. till. um það, að þeir, sem í 5 ár hefðu ekki notið styrks, fengju endurgreitt framlag sitt að hálfu. Þennan hluta till. minnar tók n. svo upp, en hann var miðaður við, að hinn hluti till. næði einnig fram að ganga, og sá hlutinn var meginatriðið. Nú verður það að teljast réttlátt og gott, að þeir, sem einskis styrks njóta, fái endurgreitt af tillagi sínu, og það myndi sporna á móti því, að menn yrðu óánægðir með að leggja fram tillög sín án þess að fá nokkuð í staðinn, og það er ekki tilgangur laganna að örva bændur til þess að setja illa á. En mér hefði fundizt það sanngjarnt, að meginatriði till. minnar hefði verið tekið til greina, og svo hefði þetta fengið að fljóta með. Ég get ekki séð, að tólf krónur séu svo mikil upphæð, að hún sé líkleg til að setja nokkurn bónda á vonarvöl. Mér finnst það leitt, að n. skyldi ekki geta fallizt á þessa till. mína, að ríkissjóður leggi aðeins fram að hálfu móts við þá, sem sjóðanna eiga að njóta, og eins og ég hefi tekið fram, þá er það sanngjarnt samanborið við þau ákvæði, sem gilda um atvinnuleysissjóði. Ég þarf svo ekki að rökstyðja þetta frekar, en skal geta þess, að það var fullt samkomulag í n. um önnur atriði.

Út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf., hvort ekki sé rétt að setja inn í frv. heimild til að stofna samskonar fóðurtryggingarsjóði í kaupstöðunum, vil ég taka það fram, að ég tel rétt, að n. taki það til athugunar, og að óathuguðu máli sýnist mér eðlilegt, að heimilt sé að stofna fóðurtryggingarsjóði í kaupstöðunum, ef þess er álitin þörf. Ég geri ráð fyrir, að n. geti athugað þetta atriði fyrir 3. umr., og komið þá fram með brtt. um hliðstæð ákvæði fyrir kaupstaðina.

Annars get ég fallizt á það, að höfuðhættan við þetta mál sé sú, að menn fari að setja á tryggingarnar og verði ekki eins varkárir að haustinu, og treystu um of á, að þeir gætu fengið hjálp, og ef það yrði úr, þá væri vitanlega verr farið en heima setið, og öllum hlýtur að vera sérstakt áhugamál að koma í veg fyrir, að svo fari. Með þeirri breyt., sem ég gat um áðan, að stefnt væri að með brtt. minni, og n. tók upp, að þeir menn fái að hálfu endurgreidd tillög sín, sem ekki hafa notið neins styrks í 5 ár, er reynt að girða fyrir þessa hættu. Menn verða ánægðari og framlagsfúsari, ef þeir fá þann bónus, og það finnst mér gera kleifara að framkvæma till. mína um að hækka gjaldið, ef þeir, sem ekki þurfa að nota sjóðinn, fá þannig endurgreiðslu.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, vildi ég aðeins gera grein fyrir þessari brtt. minni, og sé ekki ástæðu til að minnast á önnur atriði.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Út af ósk hv. þm. Ísaf. um, að þessi heimild yrði líka látin ná til bæjarfélaga, vil ég taka það fram, að n. hefir borizt ósk um það frá einu bæjarfélagi á Norðurlandi, og mun hún taka það til athugunar. Ég verð að segja eins og hv. þm. Hafnf., að ég sé ekkert á móti því, en álít, að þess sé minni þörf fyrir bæjarfélögin heldur en sveitarfélögin, og af þeirri ástæðu hefir heimildin ekki verið látin ná til þeirra; en úr því að áhugi er fyrir því, þá sé ég ekkert á móti því að athuga það, og ýmislegt, sem mælir með því, að heimildin sé líka látin ná til bæjarfélaganna. — Það, sem hv. þm. Borgf. sagði, hefi ég ekki mikið um að segja, en það

vildi ég, að kæmi fram, að hann kom ekki fram með þær brtt. sínar í n., sem hann nú kemur með, heldur kom hann þar með aðrar till., sem n. varð ekki sammála um, en þær till. koma ekki fram hér, heldur kemur hann nú með nýjar till., sem n. hefði getað fallizt á. Þetta vil ég, að komi fram. Þegar n. starfar, þá eiga nm. ekki að gera ágreining og koma svo á eftir með allt aðrar till. en lagðar eru fyrir n. og ágreiningur hefir orðið um. Ég tel það ekki rétt starfað í n., að hún klofni á till., sem aldrei hafa komið fram.

Hv. þm. Hafnf. vitnaði í það sinni till. til stuðnings, að tillag ríkissjóð til atvinnuleysissjóða væri ¼ af tillagi þátttakenda. Þetta er rétt, en þeir fá líka ¼ frá bæjarsjóðum, og til samans verður það helmingur af tekjum sjóðanna. Hann sagði, að sá ¼, sem bæjarfélögin legðu fram, kæmi frá þeim, sem ættu að njóta styrksins; en þetta er ekki alveg rétt. Ég held, að ríkissjóður komi hér bæði í staðinn fyrir ríkissjóð og bæjarsjóði, þegar miðað er við atvinnuleysissjóði. Ég held, að það sé fullt samræmi í því, að ríkið leggi fram helming til fóðurtryggingarsjóðanna og að ríki og bæjarfélög leggi til samans helming til atvinnuleysissjóðanna. Ég held, að það sé óhætt að slá því föstu, að í flestum stöðum verði mjög lítill hluti þess, sem bæjarfélögin leggja fram, frá þeim, sem styrksins eiga að njóta, svo að ég segi ekki meira.

En ég vil benda á það, að ef till. hv. þm. Hafnf. verður samþ., þá getur hún orðið mikil bremsa á, að sjóðirnar verði stofnaðir, og þótt það sé ekki meira en 6—7 kr., sem þarf að borga af meðalbúi, þá verður það meira, sem bóndinn þarf að borga alls, því hann þarf líka að borga fyrir fénað, sem aðrir eiga á heimilinu, og ekki er vert að spenna bogann svo hátt, að hann bresti. Það er ekki rétt að gera gjöldin svo há, að það komi í veg fyrir, að sjóðirnir verði stofnaðir, því þörfin fyrir þá er mikil. Hitt er rétt, að það er að sjálfsögðu þörf að búa svo um hnútana, að menn fari ekki að setja verr á vegna sjóðanna, og það hefir verið reynt að gera á ýmsa vegu, t. d. með ákvæðum 9. gr. og með skilyrðum, sem sett eru í 10. gr., og ennfremur með því, að þeir, sem ekki njóti styrks úr sjóðnum, fái endurgreitt af tillögum sínum á 5 ára fresti. Allt er þetta gert með það fyrir augum, að menn fari ekki að nota sjóðina til þess að setja illa á, og ef einhverjir finna fleiri skynsamleg ráð til að tryggja það, þá er ég fús til að vera með þeim. Fóðurtryggingarsjóðirnir eru ætlaðir til þess að vera varasjóðir í óvenjulegum harðindum, en ekki til þess að vera bakhjarl fyrir illri ásetningu, og ég vil gera allt, sem unnt er, til þess að tryggja það, að þeir verði notaðir á réttan hátt.

Ég vil að lokum benda hæstv. forseta á brtt. 1,b. Hann minntist á það áðan, að hún gæti komizt að, þótt brtt. hv. þm. Borgf. væri samþ., en hún ætti þá að koma á eftir 2. málsgr. á þskj. 87. Þar getur hún komizt að, en verður annars út í loftið, ef till. hv. þm. Borgf. verður samþ. — Ég vil aðeins benda á þetta, hvort sem hún verður tekin fyrir nú, eða þá látin bíða til 3. umr.

*__Pétur Ottesen:__ Ég vil aðeins benda á það, að mér virðist miður vel viðeigandi, þegar allir eru sammála um afgreiðslu máls, að vera þá með hálfgerðar ýfingar, eins og hv. 2. þm. N.-M. var með í minn garð. Það er ekki í svo mörgum tilfellum, sem við erum sammála, að það sé rétt í þau fáu skipti, sem það kemur fyrir, að vera þá að búa til misklíðarefni, sem ekki eru á neinu byggð nema illu innræti. Ég vil aðeins benda á, að þetta er ekki eftirbreytnisvert. Ég skal ekki mælast undan því að fást við hann þar, sem okkur ber á milli, en það kemur illa við að flevga mál, sem samkomulag er um, með því, sem ekki á við og er frá hinum illa. — Út af því, sem hv. þm. sagði, að ég hefði ekki komið fram með till. minar í n., þá vil ég taka það fram, að ég gerði þar engar till., ég hreyfði þar vissum skoðunum og fékk ekki þær undirtektir, að ég gæti orðið samferða, þótt svo giftusamlega tækist til að lokum, að leiðir okkar lægju saman. Ég skal benda á það, að störfum n. var flaustrað svo, að till. hv. þm. Hafnf. hafði ekki verið samþ., þegar búið var að skrifa undir nál., svo það þurfti að skrifa nál. upp að nýju, til þess að till. kæmist inn. — Nei, ég held, að það sé bezt að vera ekki að gefa tilefni til slíkra hluta hér í d., eins og hv. þm. hefir gefið nú, og reyna heldur að haga betur og skynsamlegar til eftirleiðis.

*__Emil Jónsson:__ Það eru aðeins nokkur orð út af samanburði hv. 2. þm. N.-M. á atvinnuleysistryggingarsjóðunum og þessum fóðurtryggingarsjóðum, sem ég veit, að hann hefir gert gegn betri vitund. Hann sagði, að samræmi væri milli framlaga ríkissjóðs til atvinnuleysissjóðanna og fóðurtryggingarsjóðanna. Til fóðurtrygginganna leggur ríkið fram helming á móti hinum tryggðu, en til atvinnuleysistrygginganna leggja ríkissjóður og bæjarsjóðir samanlagt helming á móti hinum tryggðu. Í síðara tilfellinu leggja þannig hinir tryggðu fram helmingi meira en ríkið; framhjá því getur hv. þm. ekki komizt. Það vill nú svo til, að gert er ráð fyrir, að ríkið leggi sömu upphæð til þessara sjóða. Framlög þess til atvinnuleysissjóðanna mega ekki fara fram úr 6 kr. á mann, og eftir útreikningum hv. þm. sjálfs sýnir það sig, að framlagið til fóðurtryggingarsjóðanna mun nema um 6 kr. á meðalbú, eða hér um bil því sama. En að halda fram, að það sé sama, hvort ríkið og bæjarfélögin leggja fram einhverja upphæð, eða hvort ríkið eitt leggi hana fram, það veit hv. þm., að er fullkomlega rangt. Vilji hann halda því fram í alvöru, vildi ég gjarnan, að ríkið legði fram t. d. hluta míns bæjarfélags til atvinnuleysistrygginganna. Ef hv. þm. vill halda fram, að framlögin til þessara tveggja tegunda sjóða séu sambærileg, vil ég bjóða honum upp á að gera það samræmi fullkomið, þannig að í báðum tilfellum greiði þeir tryggðu sjálfir á móti framlagi ríkisins og sveitar- og bæjarfélaga til samans. Hreppssjóðirnir koma þá bara inn og greiða sama tillag í fóðurtryggingarsjóðina eins og ríkið. Ef hv. þm. lýsir því yfir, að hann vilji ganga inn á þá leið, mun ég draga brtt. mína til baka og koma með till. í þá átt við 3. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Út af ræðu hv. þm. Borgf. vil ég aðeins segja það, að ráðið til þess, að ekki komi fram misskilningur í n., er það, að þær brtt., sem nm. hafa að gera, komi fram í n., svo hún geti rætt þær; þá bræða þeir sig saman, eða klofna ella. En svo hefir ekki verið í þessu tilfelli, hér koma till., sem aldrei hafa verið sýndar n. og ekki reynt að ná samkomulagi um. Hv. þm. Hafnf. segir, að bæjarfélögin leggi fram ¼ af fénu, sem renna á í atvinnuleysissjóðina, og séu framlög hinna tryggðu í hlutfalli við styrkinn því ekki sambærileg við það, sem bændum er samkv. frv. ætlað að greiða til fóðurtryggingarsjóðanna. En sá stóri munur er á bæjarsjóðunum og sveitarsjóðunum í þessu tilfelli, að skepnueigendurnir í sýslunum eru þeir menn, sem greiða svo að segja einir til hreppssjóðanna, og þeir geta allir komið til með að njóta fóðurtrygginganna, en í bæjunum getur fjöldi þeirra, sem greiða gjöld í bæjarsjóð, og oft þeir, sem þangað greiða mest, aldrei komið til með að njóta atvinnuleysistrygginganna. Það er ekki nema svolítill partur bæjarbúa, sem nokkurntíma getur notið atvinnuleysistrygginga, en allir greiða til bæjarsjóðs, og þeir yfirleitt mest, sem aldrei geta komið til með að njóta atvinnuleysisstyrks. Því sagði ég, að það væri nokkuð sambærilegt við það, sem ætti að gilda um atvinnuleysistryggingarnar, að bændur væru látnir greiða helming kostnaðar við fóðurtryggingarnar. Í báðum tifellum má þá segja, að í aðalatriðum greiði þeir, sem styrksins eiga að njóta, helminginn sjálfir; ég viðurkenni að vísu, að eitthvert brot af framlagi bæjarsjóðanna til atvinnuleysistrygginganna getur verið komið frá styrkþegunum sjálfum, en það getur ekki verið nema örlitið, og því fannst mér nokkurt samræmi vera þarna á milli.

Bjarni Ásgeirsson: Við það, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði viðvíkjandi till. hv. þm. Hafnf., vil ég bæta einu, sem mér finnst skera úr um það, hver höfuðmunur er að mörgu leyti á atvinnuleysissjóðunum og fóðurtryggingarsjóðunum. Og það er það, að samkv. l. um atvinnuleysistryggingarnar er ætlazt til, að þeir tryggðu, sem gjalda til atvinnuleysissjóðanna, geti á sínum tíma fengið fé úr sjóðunum sem beinan og óafturkræfan styrk til sinna einkaþarfa. En tilgangur þess frv., sem hér liggur fyrir, er aftur sá, að stofnað sé til sjóða, sem hægt sé að grípa til að veita lán úr í harðindum, sem viðkomandi bændur verða í flestum tilfellum að endurgreiða. Þeir, sem greiða til fóðurtrygginganna, geta því ekki vænzt þess, nema undir alveg sérstökum kringumstæðum, að fá sinn hluta greiddan aftur til einkaþarfa. Sjóðirnir eiga að halda áfram að vaxa óskertir til nota þeirra, sem í sveitunum búa eftir þá, og því finnst mér rétt að gera ekki sömu kröfur til þeirra um framlög eins og hinna, sem greiða til atvinnuleysissjóðanna og geta komið til með að fá útborgað úr þeim aftur sem óafturkræfa eign til sinna þarfa. Held ég því fast við þá breytingartillögu, sem meiri hluti nefndarinnar gerir um þetta atriði.

***Pétur Halldórsson:** Ég hefi hlustað hér á umr. um þetta mál, og er nú nokkuð fróðari um það en áður, en þó langar mig að gera aths. við nokkur atriði, til þess að fá þau betur skýrð.

Fyrst og fremst vil ég benda á það, sem sett er fram í grg. frv. sem aðalmeðmæli með frv. og sönnun fyrir nauðsyn þess, að í þeim hreppum, þar sem fóðurbirgðafélög hafa starfað lengst, þar sé þessum málum nú komið í gott horf, nefnilega ásetningu bænda á hey sín á haustin. Ég hefi ekki heyrt meira um þetta, hvorki við 1. umr. eða þessa, en mér þætti fróðlegt að heyra um það sem grundvöll undir þessari löggjöf, að það væri virkilega komin reynsla fyrir því, að slíkar ráðstafanir sem hér er um að ræða nái í raun og veru tilgangi sínum. Ef svo er, þá er hér um gott mál að ræða og gagnlegt. Það er því nauðsynlegra að gefa þessu grundvallaratriði einhvern gaum, þar sem í grg. segir, að áður en nú hafi verið gerðar margvíslegar ráðstafanir til þess að reyna að ná þessu sama marki með ásetninguna, nefnilega með forðagæzlulögunum, l. um samþykktir heyforðabúra og kornforðabúra og svo IV. kafla búfjárræktarlaganna um fóðurbirgðafélög. Nú virðist þó þetta frv. bera vott um, að allar þessar ráðstafanir, sem áður hafa verið gerðar, hafi komið að litlum notum, en að þetta sé talið síðasta og bezta úrræðið til þess að ná takmarkinu, sem svo er tæpt á í grg., að muni að líkindum nást, þar sem beztur árangur hafi náðst þar, sem fóðurbirgðafélög hafa starfað að undanförnu. Mér finnst það á vanta, að þessi fullyrðing sé rökstudd nokkuð frekar, og beinlínis sannað með dæmum og frásögnum, að það sé í raun og veru rétt, að í þeim hreppum, þar sem fóðurbirgðafélög hafa starfað lengst, sé málinu komið í gott horf. Ef þetta væri sannað, mætti draga af því þá ályktun, að rétt sé að halda lengra á þessari braut með aðstoð löggjafarvaldsins, og þá ætti þetta mál vafalaust mjög greiðan gang gegnum þingið. En það finnst mér ekki hafa verið gert, enda hefir komið fram í ræðum hv. þm. vafi á því, að svona tilgangur mundi nást. Ég man ekki betur en að hv. þm. Borgf. léti orð falla í þá átt, og bendir það á, að hann sé ekki alveg sannfærður um, að fullyrðingin í grg., er ég minntist á, hafi við full rök að styðjast. Ég er sammála þeim, sem vilja koma á slíkri löggjöf, sem hér er um að ræða, ef það er rétt, eins og segir í grg., að það sé nokkurnveginn fyrirfram tryggt, að hún nái tilgangi sínum.

Þá hefi ég annað út á þetta frv. að setja, og það er það, að það byrjar á því að veita framlög úr ríkissjóði. Ég hefði talið miklu betur á því fara, að það kæmi í endalok laganna, eins og til stuðnings við sjálfsbjargarviðleitni og samtök manna um sameiginleg bjargráð, fyrirheit um ríkisframlag til þeirra héraða, sem hafa sýnt með sínum framlögum, að þau vilja eitthvað á sig leggja fyrir þetta góða málefni. Hér finnst mér þessu snúið öfugt; byrjað á því í 1. gr. frv. að ákveða út í bláinn, að leggja skuli fram fé úr ríkissjóði, áður en minnzt er á tilgang frv. Því hefði ég kosið, að hv. landbn. athugaði, hvort hún vill ekki breyta þessu,

þannig að 1. gr. verði síðasta gr. frv. Ég teldi fyrir mitt leyti, að það færi miklu betur á því.

Mér finnst líka frv. að öðru leyti heldur losaralegt, og sé ég ekki, að till. n. bæti neitt úr því. T. d. ákvæðið um það, hvernig leggja skuli á gjöldin til þessara sjóða; virðist það eiga að vera á valdi sýslunefndanna. Í 2. gr. segir: „og má ákveða að jafna því að nokkru eða öllu leyti niður á búfjáreigendur eftir sama mælikvarða og framlagi ríkissjóðs.“ Nú vil ég fyrst og fremst benda á, að það á ekki að segja eftir sama mælikvarða og framlagi ríkissjóðs, því framlagi ríkissjóðs er ekki jafnað niður, þegar það er tekið af landsmönnum í ríkissjóðinn. En hér er ákveðið, að því, sem héruðin leggja fram til þessara fóðurtryggingarsjóða, megi að einhverju eða öllu leyti jafna niður á bændur eftir búfjáreign þeirra. Ég vil spyrjast fyrir um, hvað fyrir hv. nm. vakir, er þeir gefa þannig í skyn, að ekki þurfi að jafna öllu framlagi héraðanna niður eftir búfjármagni bænda.

Þá vil ég benda hv. n. á, að það er ekki rétt að segja í 1. gr. frv., að ríkissjóðsframlaginu skuli skipt í réttu hlutfalli við það búfé, sem fram er talið í hverri sýslu, því það er ekki gert ráð fyrir, að allir hreppar sýslunnar þurfi endilega að taka þátt í sjóðunum. Verður að miða framlag ríkisins til hverrar sýslu við búfjáreign þeirra hreppa hennar, sem þátt taka í fóðurbirgðasjóðunum. Mér þykir líklegt, að þetta sé meiningin, en þá er orðalag 1. gr. heldur ekki nógu skýrt. Þá er athugandi, að eftir að sýslunefnd hefir gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs „skal bera hana undir atkvæði þeirra, er gjaldskyldir eru til sjóðsins samkv. samþykkt sýslunefndar.“ Ef nú einhverjum hluta af framlagi sýslunnar er ekki jafnað niður eftir búfjáreign, heldur tekinn á einhvern annan hátt, t. d. af útsvarstekjum hreppanna, hverjir eru þá gjaldskyldir taldir til sjóðanna? Væntanlega allir hreppsbúar. Og er þá meiningin, að þeir taki allir þátt í atkvgr. um samþykktina. Þetta finnst mér ekki nægilega ljóst.

Óviðkunnanlegt orðalag finnst mér í 3. gr., þar sem segir, að hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, sé heimilt „að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs.“ Mér finnst, að það þyrfti að leiðrétta þetta orðalag. Það er ekki íslenzka að segja, að menn séu „utan þátttöku“ í einhverju.

Þá eru síðar í frv. fyrirmæli um, hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess, að stjórn fóðurtryggingarsjóðs megi hefja ráðstafanir og verja fé úr sjóðnum til fóðurbætiskaupa. Og í 8. gr. segir, „að sé nokkur ástæða til að ætla, að einhverja búfjáreigendur innan umdæmisins skorti fóður handa búfé sínu á komandi vetri, skal sjóðstjórnin verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis“ — bara öllum — „og geyma hann á þeim stöðum í sýslunni, sem hagkvæmast er fyrir búfjáreigendur.“ Ég veit ekki, hvort þetta er virkilega meiningin, að ekki þurfi nema einn eða tveir bændur að setja óvarlega á, þá verði að kaupa fóðurbæti fyrir allan sjóðinn, og þá líklega geyma hann sem næst þessum tveimur bændum, til þess þeir þurfi sem skemmst að fara, þegar þeir þurfa á hjálp að halda. Þetta er a. m. k. óheppilegt orðalag, sem getur jafnvel gefið tilefni til misskilnings, því til þessara varasjóða almennings þætti mér eðlilegast, að ekki væri gripið nema í ýtrustu nauðsyn. Virðist mér þörf á nánari ákvæðum um notkun sjóðanna heldur en þarna eru. Í 10. gr. segir, að verði almennur fóðurskortur vegna óviðráðanlegra orsaka, sé sjóðstjórninni heimilt að verja nokkru af sjóðnum til styrktar þeim, sem verst eru staddir. Þó má aldrei verja meira en helming af höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari gr. Mér finnst nú, að tilgangurinn ætti einmitt að vera sá, að geyma þessa sjóði, þangað til menn þurfa virkilega á þeim að halda, þangað til menn þurfa á öllum þeim krafti að halda, sem sameiginleg átök geta veitt, til þess að verjast vandræðunum; en þá ætti líka að mega nota þá alla. Það getur ekki verið meiningin, að ef ýtrustu vandræði steðja að, eigi að geyma helming sjóðanna. Þangað til hvenær? Það gæti e. t. v. orðið til þess, ef geyma ætti helming sjóðanna til seinni tíma, þegar svo stendur á, að þeir komi ekki að því gagni, sem þeim er ætlað og þeir þurfa að koma í mestu neyð.

Þetta eru nú þær hugleiðingar, sem mér hafa komið í hug við lestur þessa frv. og undir umr. um það hér í d. Og ég verð að segja, eins og annar hv. þm. sagði hér áðan, að ég tel rétt að fara mjög gætilega í allar þessar ráðstafanir, sem eiga að heita til tryggingar landslýðnum gegn öllum erfiðleikum. Tryggingar, sem að fullu haldi koma, verða ekki fyrst og fremst skapaðar með löggjöf. Hitt er rétt og satt, að með löggjöf má benda á hinar réttu leiðir í þessu efni og aðstoða menn við að fara þær. Það hefir áður verið reynt með ýmsum ráðstöfunum, eins og bent er á í grg. Og ég er ekki sannfærður um, að hægt sé að tryggja menn svo, að allri hættu sé afstýrt, sérstaklega vegna þess, að samhliða tryggingarráðstöfunum sem þessum vill gjarnan vaxa ógætni þeirra, sem tryggja á.

Ég vil nú biðja hv. landbn. að athuga þau atriði frv., sem ég hefi bent á, hvort þar mætti ekki eitthvað öðruvísi betur fara.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, vil ég benda á það, að heyforðabúr samkv. þeim l., sem heimila að veita styrk til þess að geyma sameiginlegan varaforða í heyi, munu yfirleitt allsstaðar vera horfin. Það er hvorttveggja, að sá styrkur hefir þótt lágur, og að það hefir þótt máttlaust til hjálpar, ef nokkuð verulega hefir þjátað á, þó settir hafi verið saman einir hundrað hestar að sumrinu, sem átt hafa að vera forðabúr fyrir heila sveit. Þetta hefir helzt verið þannig, að hingað og þangað úti um landið hafa ungmennafélög eða annar slíkur félagsskapur komið saman á sunnudögum og heyjað í forðabúr, og síðan lánað út hey að vetrinum, ef sérstaklega hefir verið illa ástatt hjá einstökum mönnum. Það hefir komið að gagni í einstökum tilfellum, en venjulega reynzt alveg máttlaust, ef almenn vandræði hafa orðið. Því

hefir þetta meira og minna horfið aftur, og standa á nokkrum stöðum hlöður, sem félög innan sveita hafa komið upp í þessu skyni, en ekki notað á seinni árum, af því mönnum hefir ekki fundizt með því hægt að ná því marki, sem átti að ná. Sama er að segja um kornforðabúrin, sem þó eru að því leyti betri, að þau geta bæði verið varaforði fyrir menn og skepnur. Það, sem mest gerir, að þau hafa lagzt niður, er það, að meðan kornmyllur voru algengar á bæjum og rúgurinn geymdur ómalaður, virtist geymslan ganga betur heldur en nú, síðan rúgmjölið varð útbreitt og myllur hurfu úr sveitunum. Ekki skal ég segja, hvernig í þessu liggur, en meira lif virtist í þessari starfsemi, meðan rúgurinn var geymdur, heldur en síðan farið var að reyna að geyma rúgmjölið. Þegar keypt er í forðabúrin að haustinu og ekki þarf á birgðunum að halda, hefir reynzt erfitt að koma þeim í verð aftur að vorinu.

Hvað fóðurbirgðafélögin snertir, þá er þeim af ríkisins og sveitarfélaganna hálfu ætlaður töluverður styrkur. Þau njóta nú 10 kr. styrks fyrir hvern bónda úr ríkissjóði, það er að segja fyrsta bóndann á hverri jörð, en 5 kr. fyrir annan og hvern hinna, ef fleirbýli er. Auk þess 50 kr. fyrir hverja jörð, sem hrepparnir greiða smátt og smátt á 10 árum. Svo njóta þau iðgjalda af skepnum félagsmanna, 40 aura af hverjum nautgrip, 20 aura af hverju hrossi og 4 aura af hverri sauðkind, sem greidd eru árlega. Þar, sem þessir sjóðir hafa starfað lengst, eins og t. d. í Strandasýslu, hafa þau starfað vel, og hafa þau sinn ákveðna mann, sem setur á hjá hverjum bónda á haustin. Hann segir félagsstjórninni, hvernig ásetningurinn er, og hvað á vanti, að hann sé góður. Ef félagsstjórnin getur ekki komizt að samkomulagi við manninn, sem vantar fóður, um það, að hann fækki skepnum sínum eða fái sjálfur varaforða, þá útvegar hún jafnframt strax að haustinu varaforða eftir því, sem hún heldur, að þörf sé á í hverju tilfelli; lengra er ekki gengið að haustinu. En svo er sjóður hafður handbær til kaupa á fóðurforða að vetrinum til; það er því rétt, sem í nál. stendur, að þar sem fóðurbirgðafélögin eru, þar er ástandið bezt í þessum efnum; en þessi félög eru elzt í Strandasýslu, í Kaldrananeshreppi og Hrófbergshreppi, og svo í vestanverðri Barðastrandarsýslu sérstaklega; fyrst voru lengi vel 5 félög, svo bættust fleiri í töluna, svo að nú eru þau orðin 23 að tölu. Ég get að vísu ekki lagt fram tölur nú sem stendur, sem sýna, hvað félögin eiga í sjóði og hvernig þau starfa, en það er óhætt að segja, að þar, sem þau starfa, gengur allt bærilega í þessum sökum. Og annað hefir líka unnizt við þennan félagsskap. Menn hafa gegnum hann haldið fóður- og afurðaskýrslur, og af þeim sést þegar fleiri ár eru borin saman, að meðferðin hefir batnað mikið, og arðurinn aukizt bæði af því að vænleikinn vex og vanhöld minnka. Það, að ekki er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að fénu skuli jafnað skilyrðislaust á milli búfjáreigenda, stafar af því, að mér er kunnugt um, að í þremur sýslum eru til sjóðir, sem sýslunefndir ráða yfir. Þeir eru að vísu litlir, en það er beinlínis ætlazt til þess, að vöxtum hans verði varið svipað tilgangi þeim, sem fóðurtryggingarsjóðnum er ætlað að ná, t. d. til þess að tryggja góða meðferð á skepnum.

Það vakti fyrir n. að því er þetta atriði snertir, að útiloka ekki, að vextir þessara sjóða gætu létt hér undir með viðkomandi sýslufélögum. Annars skildist mér hv. 5. þm. Reykv. vera á töluvert öndverðri skoðun við okkur hv. þm. Borgf. um það að leyfa sýslunefndunum að hafa sem mest frjálsræði í þessum efnum, og mér skildist gæta misskilnings hjá honum viðvíkjandi 10. gr., því að náttúrlega er ætlazt til þess samkvæmt henni, að sjóðstjórnin megi alltaf, þegar á þarf að halda, lána af sjóðnum.

Ég get síðar útvegað hv. þm. reikninga frá fóðurbirgðafélögunum, þar sem hann getur fengið að sjá, hvernig þau haga störfum sínum, hvað þau eiga í sjóði og hvað þau hafa þurft að lána mikið undanfarna vetur, og hygg ég, að hann sannfærist við þá athugun um það, að þessir sjóðir hafi gert mjög mikið gagn; út frá þessu gæti ég búizt við, að hann spyrði að því, hvers vegna þessir sjóðir hafi ekki komizt á víðar; það er eðlileg spurning, og ég hefi líka spurt sjálfan mig að því, hvers vegna menn noti ekki almennt möguleika þá, sem gefast í 4. kafla búfjárræktarlaganna. Ég geri ráð fyrir, að það séu aðallega tvær ástæður, sem valda þessu; í fyrsta lagi gjaldið, sem ég tel þó ekki aðalatriðið, og í öðru lagi það, að ætlazt er til þess með fóðurbirgðafélögunum, að allir bændur í þeim sveitum, þar sem þau komast á, skuli halda allnákvæmar fóður- og afurðaskýrslur, svo að af þeim megi fá lærdóma fyrir framtíðina. Ég hefi víða rekið mig á það, að þetta skýrsluhald virðist vera ýmsum þyrnir í augum. Þetta hygg ég, að sé meginorsökin til þess, að þessi heimild hefir ekki verið notuð meira en raun ber vitni um. Til fóðurbirgðafélaganna fá bændur, sem eru í þeim, mestan styrk, þótt þetta verði að lögum. Við vildum ekki ganga eins langt í styrkveitingum til fóðurtryggingarsjóðs í þessu frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að við teljum, að þær upplýsingar, sem fást í skýrslum fóðurbirgðafélaganna, séu mjög mikils virði; það má margt af þeim læra; t. d. má sjá það af skýrslum fóðurbirgðafélags í Hrófbergshreppi, sem stofnað var 1919 eða 1920, ef ég man rétt, hvernig menn hafa smátt og smátt í gegnum skýrslurnar lært að fara betur með fé og fengið meiri peninga fyrir afurðir sínar en áður. Kjötþunginn eftir ána hefir aukizt úr ca. 18 kg. upp í 23 kg., og meðalærþunginn um full 10 kg. Þess vegna legg ég mikið upp úr því, að þetta frv. verði ekki til þess að draga úr stofnun fóðurbirgðafélaganna. Ég held því, að bezt verði að fara þessar tvær leiðir samhliða. Það á umfram allt að halda áfram að vinna að því, að ný fóðurbirgðafélög komist upp, því að þau eru bezt að öllu leyti, en það lítur út fyrir, að þessi ár, sem liðin eru síðan fyrst var farið að vinna að stofnun þeirra, bendi til þess, að skýrsluhaldið sé mönnum sá þyrnir í augum, að þeim sé víða illa við að koma þeim á hjá sér fyrir þær sakir, og má í því sambandi vitna í einn stóran hrepp, sem er skammt frá hv. sessunaut

minum, Bólstaðarhlíðarhrepp, sem hefir hvað eftir annað ætlað að stofna fóðurbirgðafélag hjá sér og viljað það, en hann hefir aftur á móti viljað vera laus við að þurfa að gefa skýrslur; á því hefir málið alltaf strandað. Dæmi eins og þetta má víða finna. Þess vegna hygg ég, að farið sé inn á rétta braut með því að mynda sjóði, sem gera sama gagn og fóðurbirgðasjóðirnir, þótt þeir séu ekki eins öflugir, en nema hinsvegar burt það skilyrði, sem fylgir fóðurbirgðasjóðunum, sem verið hefir þröskuldur á vegi þess, að þeir næðu þeirri útbreiðslu, sem æskilegt hefði verið, að þeir hefðu náð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 87,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 67,1.a—b kom ekki til atkv.
— 67,1.c samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 67,3 (3. gr. verður 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 67,2.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 67,2.b samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 68 felld með 14:8 atkv.
— 67,4 (ný 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 67,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 88 samþ. með 17:2 atkv.
— 67,6, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 67,7 samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 67,8 samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 87,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 87,3 felld með 13:8 atkv.
— 67,9 samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
11.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 103, 112, 114, 151, 169, 173, 176).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 169, 173 og 176. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Landbn. hefir haft þetta mál til athugunar, og ég veit ekki annað en n. sé sammála um þær till., sem eru á þskj. 151. Að vísu var hv. þm. Hafnf. ekki við, þegar endanlega var gengið frá þeim, en hann hafði áður tjáð sig samþykkan efni þeirra í öllum aðalatriðum, og ég hygg, að hann felli sig við þær eins og þær eru orðaðar. Það litur út fyrir í fljótu bragði, að það séu miklar breyt., sem n. hefir gert á frv. frá 2. umr. En þegar þetta er nánar athugað, þá eru þær mjög litlar efnislega, þó miklar séu að fyrirferð. En þær leiðir af því, að n. hefir fallizt á það, sem hv. þm. Ísaf. og fleiri stungu upp á við 2. umr., en það var, að þessir sjóðir væru líka látnir ná til bæjarfélaganna, og í sambandi við það hefir víða verið bætt inn orðinu „bæjarstjórn“, og það þótti hentara að orða gr. um heldur en að hafa marga stafliði breytta við hverja gr. Það er aðalbreyt., sem á frv. hefir verið gerð, að nú er lagt til, að heimilað sé að láta þetta líka ná til bæjarfélaga, svo að þau geti komið upp fóðurtryggingarsjóðum. Það má deila um þetta. Í rauninni er það svo í mörgum bæjarfélögum, og reynslan er líka sú í kauptúnunum, að þar er sett á upp á það að fá hey smám saman keypt, og það er þess vegna vafasamt, hvort rétt er að láta þetta ná til bæjarfélaga eða ekki. En við nánari athugun komst n. að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt að láta bæjarfélögin hafa hinn sama rétt og sýslufélögin, og hún féllst því á, að bæjarfélögin væru tekin inn í frv. Af þeim breyt. leiddi, að það þurfti að taka upp sérákvæði um stjórn sjóða í bæjum, og þau ákvæði um sýslurnar, að þar skyldi samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs borin upp í hreppunum að sýslufundi afloknum, gátu ekki óbreytt náð til bæjanna, því þar á að bera samþykktina upp á almennum fundi í bæjarfélaginu. Hvað snertir aðrar breyt., þá má fyrst benda á það, að n. hefir orðið við óskum hv. 5. þm. Reykv. um það að láta frv. byrja á nokkuð annan hátt en það gerði áður. Áður byrjaði það eins og hv. þm. muna og sjá á ákvæði um það, að ríkissjóður leggi fram 75 þús. kr. árlega. Þetta þótti hv. 5. þm. Reykv. óviðkunnanlegt og taldi, að það ætti að byrja á byrjuninni, eða því, að tilgreina tilveru sjóðanna, og n. hefir fallizt á þetta og tekið upp nýja gr., sem verður 1. gr., en í henni er að nokkru leyti efni 5. gr., sem áður var. Þetta er ekki efnisbreyt., heldur breyt. á orðalagi og tilfærsla í frv. Þá hefir n. skerpt það, að ekki væri sett á sjóðina, með því að taka fram í brtt., að í samþykkt skuli tekið upp ákvæði um, að í hverjum hreppi skuli vera ákveðinn fóðurforði til að haustinu. Þetta er að vísu allt til í forðageymslulögunum, og þeim á að vera hlýtt. En til frekara öryggis er þetta tekið upp þarna, því að meiningin er ekki, að menn setji á þessa sjóði. Þegar brtt. hv. þm. Borgf. við 2. gr. var samþ. við 2. umr., féll niður brtt. n., stafl. b. Þetta er nú tekið upp aftur og þar með ákveðið, að hverjum innheimtumenn eigi aðgang um tillögin til sjóðanna. Aðrar efnisbreyt. er ekki um að ræða, en þær breyt., sem hér eru gerðar, leiðir af því, að bæjarfélögin eru tekin upp samhliða sýslufélögunum.

Um till. frá hv. 7. landsk., sem lágu fyrir n., er það að segja, að um þær urðu nm. ekki sammála, og hafa þeir um þær óbundnar hendur og áskilja sér rétt til að koma með brtt. Þær ganga, eins og menn sjá og þekkja, út á það, að það

geti verið jöfnum höndum, að menn myndi fóðurtryggingarsjóði og matforðasjóði. Ég hefi þar sérstöðu og kem með brtt. á þskj. 169. Án þess að ganga nánar inn á brtt. hv. 7. landsk., skal ég nú strax gera grein fyrir brtt. minni. Ég viðurkenni fyllilega, að það sé þörf á því, að eitthvað sé gert af hálfu þess opinbera til þess að tryggja það, að á þeim höfnum hér á landi, sem ís getur lokað meiri eða minni hluta vetrar eða árs, sé til forði, sem hægt er að nota til manneldis. Það er orðið svo á þessum höfnum, og viðskiptin eru orðin svo yfirleitt kringum landið, að allar verzlanir eru farnar að draga að sér smátt og smátt, og einstaklingarnir eru farnir að gera það líka. Sú gamla venja, að draga að sér á haustin til vetrarins og á vorin til sumarsins, er nú næstum því horfin. Það eru teljandi þau heimili, sem halda þeim sið í verzlunarháttum sínum. Og með þeirri öru umsetningu og þeim hraða, sem nú er, þá er von, að verzlanir skirrist við að liggja með miklar birgðir. Þær gera það til þess að verða fyrir sem minnstu vaxtatapi, og hafa því yfirleitt ekki forða handa fólkinu á þessum ísköfnum nema til skamms tíma. Við síðustu áramót var það t. d. svo á höfnum á þessum svæðum, og ég ætla, að það muni vera 13—15 lögsagnarumdæmi, sem svo er ástatt um, að hægt sé að fullyrða, að ekki hafi verið til meiri forði en það, að hefði komið ís og lokað fyrir siglingar til þessara hafna um áramótin, áður en janúarskip kom, þá hefði áreiðanlega ekki verið til matarforði handa fólkinu í þessum sýslum, nema til skamms tíma, líklega dálítið misjafnt á hinum ýmsu stöðum, en hvergi nema dálítið fram á vetur. Vegna þessa vil ég veita heimild til þess, að það sé leyft í sambandi við fóðurtryggingarsjóðina að ákveða, að einhver hluti af þeim forða, sem þar er geymdur, sé í þeim fóðurbætistegundum, sem jafnframt má nota til manneldis, og ef henta þyki, þá megi í stað þess að liggja með forðann, semja við verzlun á staðnum að liggja með hann og taka þátt í vaxtatapi, sem hún verður fyrir við það. Ég tel líka, að það sé í alla staði heppilegra, að nokkur hluti af varaskepnufóðurforðanum sé í þeim fóðurbætistegundum, að nota megi þær til manneldis, því þá má nota hann til manneldis, þurfi hann ekki til skepnufóðurs. Þetta er nokkurskonar miðlunartill., sem ég kem þarna með, og geri ég það af því, að ég vil ekki taka burtu það hlutverk, sem fóðurtryggingarsjóðunum er fyrst og fremst ætlað, en það er að tryggja það, að til sé varafóðurforði, og tel ég brýna nauðsyn á því, að það sé gert. Ég tel hana brýna af því, að það ber oftar að höndum, að það þurfi að nota þann varaforða heldur en hinn. En þar sem áhugi er fyrir því að koma upp slíkum varaforða til þess að grípa til, ef skortur er á fæði til manneldis, þá vil ég, að til þessa sé heimild í lögunum, því ef þessir sjóðir eiga framtíð fyrir sér, þá ættu ekki að líða nema tiltölulega fá ár, þangað til þeir geta annað báðum hlutverkunum. Þá vaxa þeir á tiltölulega fáum árum, eða geta a. m. k. vaxið, þegar árin líða, ef þetta fyrirkomulag helzt, við skulum segja eftir 10—15 ár, svo þeir verði nokkurnveginn þess umkomnir að sinna báðum þessum hlutverkum.

Þess vegna vil ég hafa möguleikann til, ef viðkomandi sýslu- eða bæjarfélög æskja þess, og hefi því komið með brtt. á þskj. 169 við brtt. n. á þskj. 151, þar sem nm. hafa óbundið atkv. um þetta atriði. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar núna, en geri ráð fyrir að þurfa að taka til máls, þegar hinir hafa talað, sem eiga hér brtt.

*__Jón Sigurðsson:__ Ég á hér brtt. á þskj. 112, en það vill nú svo til, að hv. síðasti ræðumaður hefir talað fyrir þeim, þó hann vilji útfæra þetta nokkuð á annan veg. Samkv. mínum brtt. er lagt til, að þessum 75 þús. kr., sem ríkinu er ætlað að leggja fram, verði varið á tvennan hátt, bæði til fóðurtryggingarsjóða fyrir búpening og til þess, að kauptún þau, sem liggja í þeim hluta landsins, er nefna mætti ísasvæði, geti komið sér upp sjóði, ef þau æskja þess, með því sérstaka markmiði að tryggja sig gegn matvælaskorti í harðindum.

Ég lít svo á, að ekki sé minni ástæða til að tryggja fólkið, sem býr í þessum héruðum, gegn bjargarskorti heldur en búpeninginn. Hv. síðasti ræðumaður lýsti greinilega, hvernig væri ástatt hjá þeim, sem hafísinn getur hæglega lokað siglingaleiðum til allt að 6 mán. ársins. Hann gat þess, að um áramót hver væri nú sama sem enginn kornforði til á þessum stöðum.

Er það öllum mönnum ljóst, að hér er stórhætta á ferðum, og það kemur að því fyrr eða síðar, að tjón hlýzt af, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar. Er það augljóst, að meiri hætta er á ferðum þar, sem fólkið þyrpist meira saman, eins og í kauptúnum og bæjum, og mun fólk þar verða fyrr bjargarlaust og líða harðræði en í sveitunum. Er nú þegar orðið svo, að ef skipakomu seinkar, eða vöruflutningar tefjast af einhverjum ástæðum um nokkurn tíma, þá verður fljótt þurrð fyrir dyrum, svo að til vandræða horfir, og hvað mun þá, ef ís lokaði fyrir allar hafnir á Norður- og Austurlandi? Þess vegna er full ástæða til að taka þetta atriði til íhugunar, engu síður en tryggingar búfjárins, og ráða bót á.

Í till. minum hefi ég valið þá leið að koma upp tveimur sjóðum sjálfstæðum, og er það gert með það fyrir augum, að sýslu- eða bæjarfélögin geti valið um. Mundu þá sum kjósa fóðurtryggingarsjóði, en önnur mundu láta það sig minna skipta, t. d. þar sem fóðurbirgðafélög væru næstum í hverjum hreppi, en hin mundu velja þá leið að koma upp matvælabirgðasjóði, og ef til vill sum báðum þessum sjóðum. Það hefir verið sú stefna í þessum málum að selja sýslufélögunum sjálfdæmi um að velja, og fyrir mér vakir það, að gefa þeim frjálsar hendur um, hvað þau meti sem aðalatriði, og veita þeim stuðning eftir því.

Þetta hefir hv. 2. þm. N.-M. gengið að vissu leyti inn á, en hann vill ekki, að þetta séu sjálfstæðir sjóðir, heldur hafa allt í einu „samkrulli“, eða að fóðurtryggingarsjóðirnir taki að einhverju leyti að sér þetta hlutverk. Það er hægt að hugsa sér þetta, en ég býst við, að það

yrði hvorki fugl eða fiskur, a. m. k. í mörgum tilfellum, og yrðu þá aðallega fóðurtryggingar fyrir búpening, enda svo fyrir mælt, að grundvöllur eða gjaldstofn sjóðanna yrði búfjáreignin, sem líka er eðlilegt og sjálfsagt hvað snertir þessar tryggingar, en ekki ef um er að ræða matvælabirgðasjóði.

Það, sem því hér um ræðir og um er deilt, er þess vegna, hvort sýna eigi það frjálslyndi að heimila sýslu- og bæjarfélögum að velja um, hvort sjóðirnir skuli vera einn eða tveir, eða einskorða sig við það, sem mér skilst, að meiri hluti n. geri, að komið verði upp fóðurtryggingarsjóðum. Um brtt. minar að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða, þar sem þær skýra sig sjálfar; aðeins skal ég að lokum geta þess, að ég er samþykkur brtt. á þskj. 176, sem hv. þm. Borgf. flytur, og mun ég greiða þeim atkv.

*__Pétur Ottesen:__ Það er alveg rétt hjá hv. frsm., hv. 2. þm. N.-M., er hann sagði, að samkomulag hefði verið inan n. um brtt. á þskj. 151, enda er það svo um brtt. okkar hv. þm. Mýr. á þskj. 173 og þær brtt., sem ég ber fram á þskj. 176, að þær brjóta að engu leyti í bága við samkomulag n. og hinar sameiginlegu brtt. á þskj. 151.

Fyrsti liður í brtt. okkar hv. þm. Mýr., við 4. gr. frv., það er að segja eins og hún er orðuð í brtt. n., er stíluð við þá brtt., eins og við gerðum ágreining um í landbn., sem sé um það, hvernig ætti að fá meiri hluta í hreppunum fyrir því, að slík sýslusamþykkt sé gerð. Frv. er byggt þannig upp, að fyrst er gerð samþykkt af sýslunefnd, sem síðan er borin undir hreppana, og eftir till. meiri hl. landbn. telst samþykktin gerð, ef meiri hluti hreppanna samþykkir. Við hv. þm. Mýr. leggjum til, að meiri hl. sé fenginn á þann hátt, eða talinn fenginn, ef samþykktin nær meiri hl. þátttakenda í atkvgr. Getur í ýmsum tilfellum oltið á, hvernig gengið er frá þessu atriði. Við hv. þm. Mýr. byggjum þessa till. á venjum, hvernig slíkar samþykktir eru gerðar, sem sé að meiri hl. atkv. skuli vera með. Sú regla, sem hv. meiri hl. landbn. vill taka upp, brýtur í bága við ófrávíkjanlega reglu um héraðasamþykktir, en við viljum fylgja almennri reglu og löggjöf um þessar samþykktir. — Það er ekki fleira í þessari gr., sem ber á milli meiri og minni hl. n. Þá höfum við tekið greinina alla upp til þess að gera hægara fyrir um atkvgr., og aðeins breytt orðalagi, þar sem við nýja athugun virtist geta betur farið en í brtt. n., til dæmis er dregið saman í eitt ákvæði um kaupstaðina; þó það mundi ekki valda misskilningi, þá teljum við að betur muni fara á því. Fleiri smáorðabreytingar höfum við gert, sem ég ætla, að séu til bóta.

Þá var í endi 3. gr. frv., sem verður 4. gr. samkv. brtt. n., kveðið svo á, að samþykkt gilti fyrir alla sýslubúa, en í 4. gr., sem verður 5. gr., er þó undantekning. Við hv. þm. Mýr. lítum svo á við nánari athugun, að heppilegra væri að setja ákvæði, er lytu að þessu, í framhaldi af 4. gr. frv., og álítum við heppilegra, að oddviti kveði á um það, fyrir hvaða hreppa skuli gilda, og tekur það þá af allan vafa í þessu efni.

Ætla ég, að um þetta geti ekki orðið neinn ágreiningur milli okkar og hv. meiri hl., en þeir geti fallizt á, að heppilegra sé að breyta þessu þannig.

3. brtt. okkar er við 12. grein; teljum við nægja að taka þar fram um, að ráðh. skuli semja fyrirmynd að samþykktum, þar sem áður hefir verið tekið fram í 2. gr. frv. um hlutverk sýslunefndanna í þessu efni.

Ég sé nú, að á eftir orðinu sýslunefndir ætti að koma: „og bæjarstjórnir“ —, hefir bæði meiri og minni hl. landbn. sézt yfir þetta, og vonast ég til, að þetta geti talizt lagfæring, án þess að brtt. sé flutt.

4. brtt. er ekki flutt af því, að ágreiningur sé um það efni, heldur af því að við töldum eftir nánari athugun heppilegra að hafa hér nýja gr. sérstaka, þar sem ekkert tengir efnið saman, og það er mjög óskylt atriði brtt. og 12. gr. frv. Þessi brtt. okkar er líka stíluð við brtt. meiri hl. n., en ég þykist vita, að hv. meiri hl. geti fallizt á hana, þar sem hún brýtur að engu leyti í bága við skoðun n., nema að því leyti, sem hv. frsm. meiri hl. hefir lýst um ágreining við atkvgr. í n. Sá ágreiningur varð mestur um brtt. hv. 7. landsk., sem ganga út á að skipta frv. í 2 kafla, þannig að í öðrum kaflanum séu ákvæði um fóðurtryggingarsjóði, en í hinum um matforðasjóði. Ég lét í ljós þá skoðun mína innan n., að ég gæti aðhyllzt till. hv. 7. landsk., og það af þeirri ástæðu, sem hann hefir dregið fram og ég fellst á, að rétt sé að gera ráðstafanir til að afstýra þeirri hættu, sem steðjar eða getur steðjað að Norður- og Austurlandinu, þar sem reynslan hefir sýnt, að hafísinn getur algerlega lokað siglingum. — Ég get fallizt á þessa hugmynd, og tel þá hreinlegast gengið til verks, ef hvert um sig hefði sín ákvæði að styðjast við, og að opin leið væri fyrir sýslu- og bæjarfélög í þessum hluta landsins að stofna hvern sjóðinn, sem frekar þætti þörf, eða þá hvorntveggja.

Hinsvegar virðist eðlilegt og rétt, að mismunandi grundvallarreglur séu fyrir sjóðum þessum, og sett séu ákvæði um skiptingu þess fjár, er ríkissjóður leggur fram. Virðist búféð vera eðlileg eining til að skipta framlaginu eftir hvað snertir fóðurtryggingarsjóðina, og er sá grundvöllur lagður í frv., en þetta hlutfall raskast algerlega, þegar kaupstaðirnir eru komnir inn í, þar sem búféð er í öfugu hlutfalli við fólkstölu, vegna þess að íbúar kaupstaðanna byggja afkomu sína á allt öðru en búpeningseign. Það leiðir því af sjálfu sér, að hér þarf önnur skipting að koma til greina.

Ég hefi því lagt til, að brtt. hv. 7. landsk. á þskj. 112 sé breytt þannig, að upphæðinni sé skipt í 2 staði, 60 þús. kr. til fóðurtryggingarsjóða og 15 þús. kr. til matforðasjóða, og að bæjar- og sýslufélögin leggi helming á móti í matvælasjóðina, en hinsvegar er sett hámark, hversu mikið má ganga til hvers sýslu- eða bæjarfélags, sem yrði þá 1000 kr. á ári, sem virðist ekki vera óeðlilegt, því eins og hv. 2. þm. N.-M. sagði, þá geta það orðið allt að 15 sýslu- og bæjarfélög, sem geta komið undir II. kafla eftir till. hv. 7. landsk. Auk þess hefi ég

gert brtt. við 1. lið í brtt. 7. landsk.; er það orðalagsbreyting, er mér þótti betur fara á.

Er svo ekki fleira um þetta að segja, en við hv. þm. Mýr. viljum leggja þann ágreining, sem orðið hefir í n., fyrir hv. d., en við viljum byggja þetta frv. upp á viðurkenndum reglum, sem allar sýslusamþykktir eru byggðar á, og get ég ekki séð, að með því sé neinu raskað um tilgang frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég verð aftur að gera það sama og um daginn, að víta framkomu hv. þm. Borgf., og ekki aðeins hans, heldur líka hv. þm. Mýr.

Þegar landbn. er búin að koma sér saman um alla liði, nema atkvgr. í hreppunum, sem þessir þm. gerðu ágreining um, þá koma þeir hér í hv. d. með brtt., sem þeir hafa aldrei borið undir n. Þeir eru með brtt. n. á þskj. 151, en síðan koma þeir með brtt. á þskj. 173, þar sem þeir leggja til m. a. að kljúfa eina gr., sem þeir eru búnir að samþ. og hafa ekki komið með neinn ágreining um, og þeir hafa kannske ekki breytt einu einasta orði. Slíkar breytingar eru aðeins gerðar til þess að breyta, og í engum öðrum tilgangi. Er það mjög óviðkunnanlegt að þegar þeir eru búnir að vera sammála í n., þá skuli þeir koma með sérbrtt. um orðalag eða atriði, sem þeir hafa ekki minnzt á í n. Þetta gerir okkur ekkert til í meiri hl. n., okkur er sama hvað málið snertir. Þeir vilja bæta aftan við 4. brtt. n. nokkrum orðum. Þetta er ekki breyt., sem gerir nokkuð til. En úr því, að þessir hv. þm. sjá ástæðu til að koma með þessa brtt. hér, þá áttu þeir að koma með brtt. í n. En að standa saman um nál., og gera svo brtt. við sitt eigið nál., það eru óhæf vinnubrögð, sem tefja fyrir störfum n. og þingsins.

1. brtt. á þskj. 173, frá þeim hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr., er um að orða um 4. brtt. n. Um eitt atriði er þar um efnisbreyt. að ræða, um atkvgr. viðvíkjandi samþykktum um stofnun fóðurtryggingarsjóða. Hv. flm. brtt. vilja láta leggja þann grundvöll fyrir slíkum samþykktum, að þær gildi, ef meiri hl. þeirra manna, sem greitt hafa atkv. alls í hreppunum hafa verið með henni. En við hinir nm. viljum, að það sé lagt til grundvallar, að meiri hl. hreppanna hafi greitt atkv. með samþykktinni. Þarna er eðlismunur.

Okkur finnst eðlilegra, að hrepparnir ráði þessu, þannig að heildarniðurstaða atkvgr. hvers hrepps komi fram sem atkv. við atkvgr. um samþykkt, af því að allsstaðar í okkar löggjöf er svo ákveðið, að fulltrúar komi fram fyrir hreppa og sýslufélög, þegar greiða skal atkvæði um málefni almennings. Um þetta var ágreiningur í n., en ekki um neitt af hinum öðrum atriðum frv. Hin ágreiningsatriðin koma öll til greina, fyrst eftir að hv. flm. brtt. á þskj. 173 eru búnir að lýsa því yfir, að þeir séu samþykkir brtt. n. að öðru leyti en því, sem ég hefi tekið fram. Það eru þessi vinnubrögð, sem ég vil víta. Og þess vegna vildi ég alvarlega beina því til hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr., að svo framarlega sem vinnubrögð okkar hér á þingi eiga að vera sæmileg, þá verða nm. að koma með aths. sínar og brtt. fram í n., en vera svo ekki að koma með allskonar brtt. eftir að n. er búin að skila áliti um atriði, sem ekki hefir verið minnzt á í n. Slíkt atferli hlýtur að verða til þess að vekja umr. og tefja tímann.

***Pétur Ottesen:** Mér dettur ekki í hug að taka alvarlega umvandanir hv. 2. þm. N.-M. Eins og það megi ekki á hverju stigi máls leiðrétta lélega framsetningu á málum n., og ef vart verður, að í einhverju hafi yfirsézt, þá að færa það til betri vegar. Og ég vil segja, að það situr af öllum hv. þm. verst á hv. þm. N.-M. að vera með slíkar umvandanir sem þessar, af því að það er ekki til nokkur maður á þessu þingi, sem skrifar jafnálappalegt mál og hann. Maður þarf við allar umr. að vera að leiðrétta það, sem runnið er frá honum. Hann hefir samið þetta frv. Og það stendur ekki steinn yfir steini í því af því, sem þessi hv. þm. lét frá sér fara, ekki ein einasta gr., sem ekki hefir verið umturnað, bæði um orðalag og aðra framsetningu. Eins og frv. kom frá þessum hv. þm. var orðalagið og önnur framsetning á því slík misþyrming á íslenzku máli, að ósæmilegt hefði verið fyrir hæstv. Alþingi að láta slíkt frá sér fara.

Nei, þessar umvandanir hv. 2. þm. N.-M. tekur enginn alvarlega. Hann ætti sjálfur að gæta sín betur í þessu efni, áður en hann fer að senda skeyti til annara. Hann ætti að minnast þess, að sá, sem býr í glerhúsi, ætti ekki að vera að kasta grjóti í garð annara. — Hv. 2. þm. N.-M. kvað það ósæmilegt af okkur flm. brtt. á þskj. 173, hv. þm. Mýr. og mér, að bera fram þá brtt., sem er um grundvöllinn fyrir því, hvernig stofna skuli til samþykkta um fóðurtryggingarsjóði. Hvað er ósæmilegt í því að vilja byggja þessar samþykktir á grundvelli, sem er í samræmi við gildandi löggjöf? Það er ekkert annað, sem við förum fram á, heldur en að það sé meiri hl. þeirra manna, sem taka þátt í atkvgr., sem sker úr um það, hvort frv. sýslun. er samþ. eða ekki. En með þeirri aðferð, sem hv. 2. þm. N.-M. vill hafa við atkvgr. um þessar samþykktir, getur það hæglega komið fyrir, að vilji þeirra manna, sem greitt hafa meiri hl. atkvæða, verði ofurliði borinn með atkv. fámennra hreppa, eða m. ö. o. af minni hl. þeirra, sem atkv. hafa greitt samanlagt í öllum hreppum sýslunnar, sem atkv. hafa greitt.

Viðvíkjandi 2. brtt. okkar vil ég taka það fram, að ég hreyfði því fullkomlega, og ég held að hv. þm. Mýr. hafi tekið undir það með mér í n., að þessi hali á 3. mgr. 4. gr. brtt. á þskj. 151: „Gildir hún þá fyrir alla þá, sem í viðkomandi sýslu búa (sbr. þó 5. gr.)“ félli burt. (Í frv. eins og það kom frá hv. 2. þm. N.-M. stóð þarna „Gildir hún þá upp frá því“, eins og hún væri óbreytanleg!) Við litum svo á, að þessi hali væri óþarfur, þar sem það yrði að sjálfsögðu tekið fram í hverri sýslusamþykkt, fyrir hve marga hreppa í sýslunni hún gilti.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði um 4. brtt. okkar hv. þm. Mýr., vil ég benda á, að þar fer hv. þm. ekki allskostar rétt með, því að við hv. þm. Mýr. vorum með skrifl. brtt. í n., sem við lögðum þar fram, við 12. gr. frv.,

þó að hitt yrði ofan á í n., að hafa þessa gr. eins og lagt er til í frv. Í 12. gr. frv. er lagt til, að sýslufélögum séu settar þær skorður að verða að fara eftir fyrirmynd landbrh. um samþykktir fyrir fóðurtryggingarsjóði sýslufélaganna. En eftir till. okkar eiga sýslufélögin að hafa þær fyrirmyndir til hliðsjónar. M. ö. o., þessar fyrirmyndir eiga eftir okkar till. að vera til leiðbeiningar.

Jæja. Þarna kemur þá hv. þm. Mýr. Hann hefir farið mikils á mis að heyra ekki hina föðurlegu umvöndun hv. 2. þm. N.-M., sem við höfum fengið út af þessari saklausu brtt. (BÁ: Ég vona, að hv. þm. beri blak of okkur). Ég hefi reynt það, hversu svo sem það hefir tekizt. Við vorum víttir fyrir það, að við vildum byggja á gildandi löggjöf, og allt eftir þessu!

Af því að hv. 2. þm. N.-M. var að tala um slæm vinnubrögð í meðferð mála og framsetningu á lagagr. og frv., þá skal ég aðeins benda á einn lítinn ávöxt af hans heilastarfsemi. Í brtt., sem hann flytur við brtt. á þskj. nr. 151 og útbýtt var á fundinum, stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ennfremur má sýslunefnd ákveða í samþykkt, að ákveðinn hluti af fóðurforðanum skuli geymast í fóðurbætistegundum ...“ Í fóðurbætistegundum! Þetta á að geyma í fóðurbætistegundum; það á að láta fóðurforðann, ja, líklega í fóðurbætistegundirnar eins og kyrnu, svo að ég noti gamalt íslenzkt orð, og grautast þá náttúrlega saman síldarmjöl og rúgmjöl og haframjöl o. s. frv.

Það má líka benda á annað, sem nokkuð sýnir óskýra hugsun hjá flm. þessarar brtt., sem sýnir, að þessum hv. þm. ferst ekki að vera að vanda um við aðra út af frágangi á þskj. Það stendur hér í sömu brtt., með leyfi hæstv. forseta: „að verja megi ákveðnum hluta af vöxtum sjóðsins til að greiða vaxtatap verzlana, ef samið er við þær að geyma matvöruforðann“, eins og ætti að borga allt vaxtatap, sem verzlanirnar verða að greiða vegna allra sinna viðskipta, bara af því að samið er við þær um að geyma einhvern matvöruforða. Þetta orðalag má teygja eins og hrátt skinn og fá út úr því hina ólíklegustu hluti.

Ef umvandanir hv. 2. þm. N.-M. eru ekki eintóm hræsni og skinhelgi, þá eru þær árásir á menn, sem vilja reyna að ganga svo vel frá þessu máli eins og svo góðu málefni er samboðið. Og satt að segja ætti hv. 2. þm. N.-M. að leggja niður allar slíkar umvandanir hér í hv. d. gagnvart öðrum mönnum og í stað þess heldur vanda um við sjálfan sig.

*__Jón Pálmason:__ Það hefir komið greinilega í ljós, að nokkur ágreiningur er í landbn. um einstök atriði þessa máls. Og vegna þess, hvernig á stendur, finn ég ástæðu til að víkja örlítið að þeim ágreiningi. Skal ég fyrst fara fáeinum orðum um ágreining þann, sem í n. kom fram út af till. hv. 7. landsk. á þskj. 112.

Ég lít svo á, að svo mikil þörf sé fyrir hendi á að tryggja búfé manna gegn fóðurskorti, og einnig að tryggja, að menn lendi ekki í matvælaskorti, ef ís lokar höfnum, að það sé réttmætt í alla staði að setja inn í frv. heimild til þess að stofna einnig matforðasjóði með tilstuðlan ríkisins. Þess vegna er ég samþykkur þeirri hugmynd, sem kemur fram í brtt. á þskj. 112. Hinsvegar fór það svo, að meiri hl. n. gat ekki aðhyllzt þessar brtt. Að því er snertir aðra þeirra, var ég henni ekki sammála í þeirri mynd, sem hún kemur fram. Nú hafa komið fram brtt. (á þskj. 176) við brtt. hv. 7. landsk. á þskj. 112, og þær bæta mjög úr hvað þetta snertir. Þó að ég hefði kosið að hafa þetta á þann veg, að héraðsstjórnir gætu valið um það, hvort þær hefðu matforðasjóði og fóðurtryggingarsjóði, þá get ég gengið inn á það fyrirkomulag, sem lagt er til í brtt. á þskj. 176. En vitanlega skera atkvæði úr um það, hvort nokkru af því fé, sem lagt er fram af ríkisins hálfu, megi verja til að styrkja matforðasjóði á þeim svæðum, þar sem ís getur lokað samgöngum á sjó.

Landbn. stóð öll fyllilega saman um þær brtt., sem hún í heild sinni flytur á þskj. 151. Verð ég að segja það, að mér þykir allóviðfelldið, þegar tveir hv. nm., og annar þeirra formaður n., koma svo með brtt. við brtt. á þskj. 151, eða m. ö. o. koma með brtt. við það, sem þeir eru búnir sjálfir að ganga inn á á nefndarfundi, og það án þess að bera það nokkuð undir hina nm.

Það eina, sem hér er um að ræða sem ágreiningsefni, er það, hvort það eigi að vera hreppatalan eða tala atkv. í hreppunum öllum samanlagt, án tillits til hreppaskiptingar, sem ráða eiga gildi þeirra samþykkta, sem sýslun. hafa gert. Í því efni fylgi ég hiklaust, eins og meiri hl. n., því, að hreppatalan skuli ráða, nefnilega atkv. hreppanna sem heilda, en ekki atkvæðatala samanlögð innan alls sýslufélagsins án tillits til hreppatakmarka. Byggi ég það á því, að það er í áframhaldi af þeirri byrjun, sem hér er gert ráð fyrir, að samþykkt skuli fyrst vera gerð á sýslufundi. Á sýslufundi eru, eins og menn vita, fulltrúar úr hverjum hreppi sýslunnar án tillits til fólksfjölda hvers hrepps. Meiri hl. þeirra fulltrúa á að ráða um það, hvort þessi samþykkt er sett eða ekki. Ég tel, að það eigi að vera gegnumgangandi áfram, að meiri hl. þeirra hreppa, sem samþykktin tekur til, eigi að ráða úrslitum hér um án tillits til þess, hve margir menn mæta á fundum í hinum einstöku hreppum til þess að greiða atkv. Að þetta raski nokkuð þeim grundvallarreglum sem viðurkenndum um slíkar samþykktir, eins og hv. síðasti ræðumaður vildi vera láta, get ég ekki viðurkennt. Það er enda svo um sýsluvegasamþykktir, að ef þær á annað borð eru bornar undir atkv. í héruðum, þá ræður hreppatalan úrslitaniðurstöðu, en ekki atkvæðatala í hreppunum samanlögð, án tillits til hreppatakmarka. Ef þeirri reglu væri fylgt, sem hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. vilja láta fylgja í þessu efni, þá getur svo farið, að tveir hreppar í héraði, þar sem eru 7—9 hreppar, geti ráðið úrslitum um samþykkt, og það aðeins fyrir það, að fundir eru betur sóttir í fólksfleiri hreppunum heldur en í hinum. Þar væri þá gengið inn á braut, sem ekki hefir enn verið ymprað á, að tala sýslunefndarmanna eigi að fara eftir því, hve hreppar séu fjölmennir. Samkvæmt kenningum hv. flm. brtt. á þskj. 173 ætti þó svo að vera,

ef grundvöllur þeirra kenninga ætti að gilda um sýslunefndarkosningar.

Hér er um tvö meginágreiningsatriði að ræða á milli hinna einstöku nm.: Það, hvort leyft skuli, að nokkru af þessu fé, sem hið opinbera leggur fram, megi verja til matforðasjóða, og hitt, hvort skuli ráða úrslitum við atkvgr. um samþykkt um fóðurtryggingarsjóð í sýslufélagi hreppar eða atkvæðatala alls yfir í hreppunum án tillits til stærðar og takmarka hreppa. Þessi atriði eru svo ljós, að ég geri ráð fyrir, að umr. ættu ekki að þurfa að lengjast mikið úr þessu.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég endurtek það, sem ég sagði hér í hv. d. nú fyrir nokkrum dögum, að því, sem beint er til mín persónulega við umr., svara ég **aldrei.** Hv. þm. Borgf. má gera það fyrir mér, eins oft og hann vill, að leiða umr. frá málefnum og yfir á persónur, því að ég tek aldrei þátt í því. Það sæmir ekki að ræða mál þannig, og það gera engir nema þeir, sem ekki treysta sínum málefnaflutningi, eða þeir, sem enga manna- og fundasiði kunna.

Það, sem ég vítti hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. fyrir, var ekki það, að þeir lagfærðu misfellur á framsetningu þessa máls, heldur hitt, að þegar einhver nm. í einhverri n. — sama hvaða n. það er — vill koma með brtt. við frv., þá á hann eða þeir nm., sem það vilja, að koma með þær brtt. við frv. í n. En hitt er í hæsta lagi óviðkunnanlegt og vítavert, þegar n. hefir orðið ásátt um álit og brtt., að einn eða fleiri nm. fari þá undir umr. að koma með sínar eigin brtt., sem þeir hafa ekki komið fram með í n. Þar með gera þá þessir menn sig seka um alveg óhafandi vinnubrögð hér á hæstv. Alþingi. Þegar n. var orðin ásátt um 4. og 12. gr. brtt. á þskj. 151, og þessir tveir hv. þm. þóttust sjá ástæðu eftir nokkra daga til að breyta orðalagi og öðru í brtt., þá áttu þeir að tala um það við hina nm., eða m. ö. o. í n. En í stað þess að reyna á þann hátt að ná samkomulagi um frekari brtt., sem getur verið að hefði náðst, þá koma þessir tveir hv. þm. með brtt. við sínar eigin brtt. Það voru þessi vinnubrögð, sem ég vítti. Þau eiga ekki að eiga sér stað á hæstv. Alþingi. Þau tefja fyrir gangi mála og gera ekkert annað.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. sagði um mína brtt. á þskj. 169, er rétt að athuga það — af því að þar talaði hv. þm. um málefnið — sem hann sagði, að væri afarskringilegt í brtt., að kveða svo á, að sýslunefnd megi ákveða í samþykkt, að ákveðinn hluti af fóðurforðanum skuli geymast í fóðurbætistegundum, sem nota megi til manneldis. Hv. þm. sagði, að þarna eigi að rugla saman öllum mögulegum fóðurefnistegundum og geyma í einum graut. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. fer að skilja brtt. svo. Ég hygg, að enginn maður geti fengið þetta út úr brtt. annar en hann, og að allir, nema hann, skilji brtt.

Hv. 7. landsk. var að tala um matforðasjóðina, og talaði um, að hann væri hræddur um, að eftir mínum till. yrðu ákvæðin um þá samkrull. En ég geri ráð fyrir, að hvað sem minni brtt. líður, þá reynist það nauðsynlegt að hafa nokkurn hluta af þeim fóðurforða, sem ákveðinn er að haustinu til vara, í þeim fóðurtegundum, sem nota megi til manneldis, ef ekki þarf á honum öllum að halda til skepnufóðurs. Þess vegna verður um sama samkrull að ræða í því efni, hvort sem ákvæði um það verður samþ. eða ekki.

Þannig verður þetta í framkvæmdinni, hvernig svo sem lögin verða orðuð. Ég er viss um, að það verða fáar eða engar stjórnir fyrir sýslufélög, sem láta sér detta í hug að hafa þær fóðurbætistegundir, sem eingöngu eru ætlaðar til skepnufóðurs. Það verður að reikna með því að vetur eru ekki alltaf svo harðir, að líkindi séu til, að þær tegundir gangi upp, og þess vegna ekki skynsamlegt að liggja uppi með þær tegundur einar, sem til skepnufóðurs eru ætlaðar. Þótt hv. þm. Borgf. skilji þetta ekki, þann mun, sem er á því, þá skilja það væntanlega flestir eða allir aðrir.

Sama er að segja um vaxtatap. Ég get náttúrlega ekki hugsað mér í neinni sýslu menn, sem vilja hafa í stjórnir fóðursjóðanna einhverja, sem láta sér detta í hug að greiða allt vaxtatap verzlana af sjóðunum, og ég skil ekki, jafnvel þótt hv. þm. Borgf. yrði kosinn í slíka stjórn, að hann léti sér detta í hug að gera það. Þess vegna held ég, að það sé alveg óhætt að samþ. till. með því orðalagi, sem á henni er. Það kunna ef til vill að vera einhverjir á öllu landinu, sem misskildu hana, en þeir eru sjálfsagt mjög fáir.

Annað hefi ég svo ekki ástæðu til að segja. — En það, sem ég sem sagt legg áherzlu á, er, að þegar n. hefir komið sér saman um till., þá séu ekki sumir nm. að koma með aðrar till., sem aldrei hafa verið bornar undir n., og bera fram brtt. við sínar eigin till. — Það tel ég ekki viðeigandi.

***Hannes Jónsson:** Ég skal ekki mikið blanda mér í þessa umr., en vil þó segja um annan þann höfuðágreining, sem hér er, hvort það eigi að vera hrepparnir, sem ráði úrslitum, eða atkvæðamagn innan hreppanna, þá felli ég mig margfalt betur við að láta atkvæðamagn ráða úrslitum. Ég hygg hitt miklu óþægilegra til framkvæmda, þar sem svipað er um hreppatölu með og móti, t. d. í litlum sýslufélögum. Mér dettur í hug sýsla eins og mitt kjördæmi, þar sem aðeins eru 6 hreppar, ef 3 hreppar væru með og 3 á móti, þá gæti verið nokkuð mikill munur, hvort væru 3 minnstu hrepparnir eða ekki, og ef 3 minnstu hrepparnir væru öðrumegin, en 3 þeir stærstu hinumegin, þá væri mjög ójafnt skipt um áhrif atkvæða til úrslita. Ég gæti trúað, að í öðrum hlutanum yrðu $^2/_3$ atkv., en í hinum hlutanum aðeins $^1/_3$, og sýnist mér því réttara að láta atkvæðamagn ráða úrslitum, en ekki $^1/_3$ hluta þeirra, sem atkvæðisrétt hafa, því mér skilst, að ef 3 hreppar væru á móti, en 3 með, þá væri málið þar með fallið með jöfnum atkvæðum, eftir því, sem meiri hl. n. ætlast til. Þá sýnist mér réttara, að þessir stærri hreppar fengju að ráða úrslitum, og að samþykkt gæti komizt á, þar sem þeirra atkv.magn væri svo miklu meira.

Bjarni Ásgeirsson: Ég verð að segja, að ég skil ekki almennilega þann hvalablástur, sem orðið hefir hjá tveimur úr landbn., þeim hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. A.-Húnv., út af því, að við

tveir meðnm. skyldum leyfa okkur að bera fram brtt. í þessu máli, þar sem það er yfirlýst, að einmitt um þetta atriði kom fram í n. brtt., sem n. var ekki sammála um. Það fór þá fram atkvgr. um þetta í n., og eftir það lýstum við hv. þm. Borgf. því yfir, að við mundum bera fram brtt. (**PZ:** Það er enginn að tala um þá brtt.). Það er sú eina efnisbreyt., sem við berum fram í málinu. Hitt er annað mál, að vegna þess að hér er um töluverðan efnismun að ræða í frv., þá grípur sú breyt. einnig inn í aðrar gr., sem um þetta fjalla, þannig að ekki varð framhjá því komizt að breyta þeim líka til samræmis við þessa efnisbreyt., sem er í till. okkar.

Hinu skal ekki neita, að í sambandi við þessar breyt. okkar koma fram ýmsar smávægilegar formsbreyt., sem ekki að nokkru leyti raska efni frv.; sé ég ekki annað en geti legið á milli hluta, hvort þær verða samþ. eða ekki. Ég sé enga ástæðu til að gera veður út af þeim formsbreyt., og geri það heldur ekki. Ég álít það ekki sæmandi fyrir landbúnaðarnefndarmenn að rífast um þær hér í hv. d., en hitt er annað mál, að efnisbrtt. okkar er borin fram með vitund landbn. á sama hátt og brtt. hv. 2. þm. N.-M. Þær voru báðar lagðar fyrir n., báðar ræddar í n., og eru báðar komnar fram, og þarf hvorugur annan að ásaka.

Það, sem hv. þm. hafa aðallega borið fram sem andmæli gegn því, að það fyrirkomulag yrði haft um atkvgr. í hreppunum, að láta atkvæðamagn í sýslunum ráða í staðinn fyrir atkvæðamagn í hverjum hreppi út af fyrir sig, er aðallega það, að hér sé verið að brjóta í bága við venju, sem almennt gildi um kosningar til sýslunefnda og meðferð mála í sýslunefndum. Mér finnst þetta mikill misskilningur. Það er gert ráð fyrir *tvennskonar samþykktum í þessum* lögum til að koma á fóðurtryggingarsjóðum. Önnur er gegnum sýslunefnd, og þar er vitanlega farið eftir lögum og venjum, sem gilda um sýslunefndir, og atkv. hvers nm. gildir þar jafnt út af fyrir sig, hvort sem sá maður er frá stórum eða litlum hreppi. En samþykkt verður einnig að öðlast annarskonar meirihl.samþykki, og það er í hreppunum, og sú samþykkt er miklu hliðstæðari almennri atkvgr. Þar eru það einstaklingar innan sýslufélaganna, sem greiða atkv., og mér finnst miklu eðlilegra, að hreinn meiri hl. atkvæðisbærra manna ráði heldur en meiri hl. hreppa, sem geta verið mjög fámennir. Ég sé ekki, að það raski nokkuð eða brjóti í bága við þær reglur, sem gilda um sýslusamþykktir; þeim er fylgt á þeim vettvangi, sem gildir venjulega í sýslunefndum, þegar málið er til meðferðar í sýslunefnd, en um hitt atriðið má fylgja venju um almenna atkvgr. Þetta er aðalágreiningsatriðið á milli nm., og það þarf engum að koma á óvart, þótt það komi fram. (**PZ:** Það hefir engum komið á óvart). Hvað eiga þá þessar ávítur að þýða? (**PZ:** Eru brtt. ekki fleiri?). Jú, en eingöngu þær, sem leiðir af þessari, og svo smávægilegar formsbreyt., sem engu skipta. Hitt meginatriðið, sem n. klofnaði um, er þær brtt., sem *bornar eru fram um, að gera megi fóðurtryggingarsjóði* að nokkru leyti tryggingarsjóði fyrir mannfólk. Mér dettur ekki í hug að neita því, að þetta er út af fyrir sig merkileg hugmynd, sem á það skilið, að henni sé gaumur gefinn, en ég hefi bara enga trú á því, ef á að blanda þessum tveimur atriðum saman, að það komi að notum; ég held, að það verði bara til þess, að báðar hugmyndirnar verði eyðilagðar og þetta verði kák. En hinsvegar er full ástæða til að taka til athugunar og taka upp sérstaklega á nýjum grundvelli einmitt að tryggja forða handa fólki í harðæri. Sú upphæð, sem ætluð er til þessara ráðstafana, er ekki svo stór, að hún sé til tvískiptanna, og ég vil halda henni óskiptri til þess, sem hún upphaflega er ætluð, en hinsvegar er ég því mjög hlynntur, að gerðar verði *einhverjar ráðstafanir um hitt* atriðið, sem sumir hv. þm. vilja blanda saman við þetta. Ég skal svo ekki hafa þessa umr. lengri, en skal taka það fram, að ég tek ekki á móti ásökunum fyrir að hafa komið fram með þessar brtt., og af þeim ástæðum, sem ég hefi lýst, tel ég það ekki ásökunarefni.

***Jón Pálmason:** Tveir hv. síðustu ræðumenn hafa nú mælt með því, að hér skyldi látin ráða almenn atkvgr. eða samþykki, en ekki hreppar nir. Ég finn ástæðu til að segja um þetta örfá orð og benda til dæmis á, að það getur vel komið fyrir með þeirri reglu, sem þeir ætlast til að hafa á þessu, að samþykkt, sem gerð er með shlj. atkv. á sýslufundi, eyðileggist af einum eða tveimur hreppum í sýslufélaginu, ef þar er sett kapp í málið, því ég get vel búizt við, að menn skilji það, að þar sem enginn ágreiningur er um málið innan hreppsfélagsins, þar verði ekki kapp lagt á það, hve margir sæki fundina, og í litlum hreppum getur þá vel farið svo, að það verði tiltölulega mjög fáir, sem sæki fundina, en ef *gert er að miklu kappsmáli, hvort* samþykkt fáist eða ekki, þá getur vel farið svo, að 1—2 fjölmennir hreppar geti orðið til þess að eyðileggja það, sem aðrir hreppar eru með, eða samþ. það, sem aðrir hreppar eru á móti. Hér á að fylgja sömu reglu og gilt hefir um sýslunefndarkosningar. Ég vil í þessu efni fylgja því út í gegn að láta hið sama gilda um þessa fóðurtryggingarsjóði og gildir á sýslufundum.

Að öðru leyti skal ég ekki fara nánar út í þetta mál, nema rétt geta þess út af því, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, að það væri rangt, að þeir flyttu meiri brtt. við frv. heldur en þeir hefðu gert ráð fyrir í n. Þó hlýtur hann að vita, að hér er flutt brtt. við lengstu gr. frv., og hún er margar málsgreinar, en ekki var nema um eitt ágreiningsatriði að ræða í n., en hér er um að ræða margar fleiri brtt., sem aldrei voru bornar fram á nefndarfundi, og það er þetta, sem ég fyrir mitt leyti tel óþarft og óviðfelldið.

Bjarni Ásgeirsson: Ég endurtek það, að hér er ekki nein efnisbreyt. önnur en þessi eina, sem lögð var fram í n., og það er aðalatriðið.

Þetta, sem hv. þm. A.-Húnv. talaði um sem stuðning fyrir því, að réttara væri að láta atkvæði hreppanna ráða, en ekki einstaklingana í *sýslufélaginu, sem sé það, að ef kapp sé lagt á* málið í 1—2 stórum hreppum, þá gæti framkvæmd þess fallið. En það má segja það sama

eða hliðstætt um þá aðferð, sem hann vill hafa, að ef kapp er lagt í málið í 1—2 litlum hreppum, þá getur þar með fengizt sá meiri hl., sem þarf til að fella framkvæmd málsins, þótt hún yrði samþ. með því fyrirkomulagi, sem till. okkar hv. þm. Borgf. gerir ráð fyrir, svo það er ómögulegt að finna fyrirfram forlög málsins út frá því fyrirkomulagi, sem haft verður í þessu efni. Aðalatriðið er, hvort fyrirkomulagið er réttara og þegar um tvennskonar samþykkt er að ræða, þá vil ég taka hvora fyrir sig eftir þeim reglum, sem venjulega gilda. Samþykkt sýslunefndar sé gerð eftir þeirri reglu, sem þar gildir, að atkv. sýslunefndarmanns vegur jafnt hvort sem hann er frá stórum hreppi eða litlum, en þegar málið er lagt undir einstaklingana í sýslufélaginu, þá sé það meiri hluti greiddra atkv., sem ræður úrslitum. Mér finnst ekki rétt að blanda þessum tveimur reglum saman, úr því að um tvennskonar samþykktir er að ræða.

*__Hannes Jónsson:__ Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem hv. þm. Mýr. sagði, en vil aðeins benda á, að sjóðstofnanirnar eru gerðar fyrir sýslufélögin í heild sinni, og það er ekki sú ástæða fyrir hendi, sem hv. þm. A.-Húnv. gæti byggt á, að hver hreppur út af fyrir sig hafi stjórn síns sjóðs, heldur er þetta sameiginlegur sjóður, og fer ekki að neinu leyti framlag úr hreppunum eftir tölu þeirra, heldur eftir því, hve gjaldendur eru margir á félagssvæðinu. Þess vegna er það mjög eðlilegt, að einmitt gjaldendur sjálfir hafi úrskurðarvald um þetta, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á félagssvæðinu. Þetta raskar á engan hátt þeim reglum, sem gilt hafa og ennþá gilda um skipun sýslunefnda, og valdi hreppanna í sýslunefndum, sem er jafnt, án tillits til þess, hvort hrepparnir eru stórir eða smáir. Ég tel því, að það sé ekkert fram komið, sem styðji málstað hv. meiri hl. n. um, að þetta skuli fara eftir afstöðu meiri hl. hreppanna. Það hefir ekki komið neitt svar við því frá hv. þm. A.-Húnv., hvort hann teldi réttlátt eða ósanngjarnt, að samþykkt yrði felld með samþ. 3 hreppa gegn öðrum 3 hreppum. Mér finnst, að þetta gæti verið mjög ósanngjörn afgreiðsla málsins, þar sem framlagið fer ekki eftir tölu hreppanna, heldur eftir tölu gjaldenda á félagssvæðinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 176,1.a—b felld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, PHalld, PO, EE, GÞ, GSv, GÍ.

nei: HV, JG, MT, PZ, PÞ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG,[1]) JörB.

ÁÁ greiddi ekki atkv.

Sex þm. (JJós, ÓTh, SigfJ, SK, TT, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 176,2, 112 og 114 teknar aftur.

— 151,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 151,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 169 felld með 14:9 atkv.

— 151,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 173,1 samþ. með 14:11 atkv.

— 151,4 þar sem ákveðin.

— 151,5 samþ. án atkvgr.

— 173,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 151,6 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 151,7 samþ. án atkvgr.

— 151,8 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 151,9 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 151,10 samþ. án atkvgr.

— 151,11 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 151,12 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 173,3 þar með fallin.

— 173,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 198).

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):__ Ég vildi mega biðja þá n., sem ég býst við, að verði hv. landbn., sem fær frv. til athugunar, að athuga sérstaklega það hlutfall, sem er á milli framlags ríkissjóðs til þessara sjóða, og þess framlags, sem kemur annarsstaðar frá, en þetta er nú ákveðið í 6. gr. frv. þannig, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi jafnmikið fram eins og tekjur sjóðanna verða annarsstaðar frá.

Það af núgildandi lögum, sem stendur þessu frv. næst til samanburðar, eru lög um atvinnuleysistryggingar, en þar er hlutfallið þannig, að þeir tryggðu leggja fram 2 hluta, ríkissjóður 1 hluta og hlutaðeigandi bæjarsjóðir 1 hluta, en hér er ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram helming af öllum tekjum sjóðanna. — Ég vildi mega mælast til þess við hv. landbn., að hún í sambandi við þetta frv. taki þetta atriði sérstaklega til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 198, n. 393 og 408).

*__Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):__ Þetta frv. hefir hlotið afgreiðslu í Nd. og er nú búið að liggja alllangan tíma hjá landbn. þessarar hv. d. Eins og sjá má á nál., hefir n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nm., ég og hv. 4. landsk., leggjum það til, að frv. verði samþ., jafnvel þó að hv. 4. landsk.

1) __GG:__ Ég tel, að þessi brtt., ef hún verður samþ., mundi rýra starfsemi fóðurtryggingarsjóðanna, en hinsvegar ekki að því gagni, sem til er ætlazt, og segi þess vegna nei.

áskilji sér rétt til að vera með brtt. Þriðji nm., hv. 2. þm. Rang., hefir viljað, að frv. verði fellt, og gerir grein fyrir því í nál. á þskj. 408, og býst ég við, að hann geri nánari grein fyrir því hér við umr. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að sýslu- og bæjarfélög fái heimild til að stofna fóðurtryggingarsjóði fyrir einstök sýslu- og bæjarfélög. Það gerir jafnframt ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram töluvert fé til þessara sjóða, eða í mesta lagi 45 þús. kr. á ári. Þessum sjóðum er síðan ætlað að fá tekjur hjá búfjáreigendum í sínu umdæmi, sem ásamt ríkissjóðsstyrknum verður varið til þess að koma í veg fyrir fóðurskort. Frv. ætlast til, að heima fyrir verði alltaf lögð í sjóðinn a. m. k. jafnhá upphæð og kemur frá ríkissjóði. Sem sagt er það meiningin, að starfsemi þessara sjóða nái yfir eitt sýslufélag eða bæjarfélag. Þó er ætlazt til, að þeir hreppar, sem hafa stofnað til fóðurtrygginga samkv. búfjárræktarlögunum, geti verið undanþegnir þessum samtökum, ef þeir vilja. Í frv. eru svo ýmsar nánari reglur um starfsemi og fyrirkomulag þessara sjóða.

Það ber öllum saman um það, að það sé rétt af Alþingi að hvetja til skynsamlegra ráða um fóðurtryggingar.

Það er alveg óþarft að fara hér að lýsa þessum gamla fjanda Íslendinga, fóðurskortinum, og afurðamissi búfjáreigenda í sambandi við hann. Það er svo oft búið, að ég býst við, að þing og þjóð viti full deili á því. Ætla ég ekki að ræða þá hluti hér. Hitt ætla ég, að mönnum sé ekki sízt kunnugt nú, að þrátt fyrir allar bollaleggingar og allar prédikanir, og jafnvel oft góðan vilja Íslendinga til að komast hjá fóðurskorti og afleiðingum hans, þá hefir þetta ekki lánazt. Sjálfsagt er eitthvert gleggsta dæmi þess nú hinn almenni fóðurskortur, sem má segja, að nú vofi yfir á norðausturlandi. Og þá ímynda ég mér, að flestum komi saman um það, að betur má, ef duga skal, til að bæta úr ástandinu, sem verið hefir og er í þessu efni, og að ekki tjáir að halda að sér höndum. Vitanlega væri æskilegast, ef hver einstakur búfjáreigandi væri það forsjáll og hefði mannrænu og getu til þess að forðast þennan vanda sjálfur fyrir sig. En slíkt ástand er bara ekki fyrir hendi. Og það verður að taka hlutina eins og þeir eru.

Það er á það bent hér í áliti minni hl. landbn. á þskj. 408, að ýmislegt sé búið að gera af hendi löggjafans til þess að bæta úr þessum ömurlegu kringumstæðum, t. d. bæði með löggjöf um forðagæzlu og með ákvæðum búfjárræktarl. En það ber að sama brunni, að þó að þessar tilraunir til umbóta hafi verið gerðar, þá er það sjáanlegt, að enn hafa þær ekki náð tilgangi sínum. Þess vegna er það, að við, sem erum í meiri hl. landbn., leggjum til, að sú aðferð, sem hér er till. um í frv., verði reynd.

Ýmsar raddir hafa heyrzt um það, og þar á meðal frá hv. minni hl. landbn., að það sé hætta á því, að menn setji kannske enn verr á þegar menn vita um það, að bak við þá stendur sjóður, sem hefir skyldu til að hjálpa eitthvað upp á sakir, ef út af ber um öryggi fyrir nægu fóðri. Ég fyrir mitt leyti vil ekki slá því föstu, nema þetta kunni í einstökum tilfellum að geta átt sér stað. En ég óttast samt þetta ekki mikið. Mér finnst ég hafa séð nægilega mikið af því, að menn hafi sett ógætilega á og orðið sjálfum sér og öðrum til tjóns, þó að þessu hafi ekki verið til að dreifa. Ég býst við, að þetta liggi nokkuð í skapferli manna, og í öðru lagi í kringumstæðum þeirra. En í raun og veru munu menn ekki fá tilhneigingu til þess að setja illa á vegna þessara ráðstafana. En þegar þessi hugsunarháttur er fyrir hendi, án tillits til þessa lagafrv., þá vita menn alltaf um, að það stendur einhver á bak við þá. Fyrst og fremst hjálpa nágrannarnir, meðan þeir geta. Þó að menn séu ekki eftir l. skyldir til að gera það, þá horfa þeir ekki á, að t. d. kýr nágrannans falli af fóðurskorti, ef möguleikar eru til að bjarga. Og í áliti minni hl. n. er sagt, að ríkisvaldið hlaupi í stærri tilfellum undir baggann. Og ég held, að slík hjálp frá því opinbera sé sjálfsögð, þegar eins stendur á og nú á harðindasvæðunum á Norður- og Austurlandi. En ég álít, að heppilegt væri, að á milli einstaklinga og ríkisvaldsins stæði aðili, sem bæri af þeim blakið, svo að byrðin þyrfti ekki að koma beint og óvænt til ríkisvaldsins, m. a. vegna þess, að ég hygg, að mönnum sé ekki óljúfara að fá hjálpina beint frá því opinbera, ef það kemst í móð, að hana sé þar að fá.

Ég játa, að hér getur verið um að ræða tvíeggjað vopn. Það getur viljað til. En ég álít svo mikla þörf á umbótum í þessum efnum frá því, sem nú er, að ég fyrir mitt leyti hika ekki við að leggja til, að frv. þetta verði samþ. Þar er að vísu um að ræða allveruleg útgjöld fyrir ríkissjóð. En ríkissjóður má eiga yfir höfði sér mikil útgjöld, ef óvænt og mikil harðindi ber að höndum. Og ég hygg skynsamlegra fyrir ríkissjóðs hönd, að hann leggi fram framlög, gegn ákveðnum framlögum frá búfjáreigendum sjálfum, heldur en að hann eigi alltaf yfir höfði sér að þurfa að leggja fram fé, ef eitthvað ber út af til muna.

Ef hægt væri að koma því við að örva einstaklingana hvern út af fyrir sig til þess að standa sjálfir straum af sjálfum sér í þessu efni, hvernig sem viðrar og árar, þá væri það vitanlega bezt. En af því að ég sé engin ráð til þess að rétta þeim hjálparhönd, svo að gagni verði, öðruvísi en með því að gera ráð fyrir, að menn standi saman í félagsskap, þá vil ég ekki leggja út í að bera fram brtt. við þetta frv., heldur lofa atkv. að sýna, hvaða fylgi það hefir eins og það er.

***Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon):** Ég hefi nú skrifað um þetta mál allýtarlegt nál. á þskj. 408, og ég get að mestu leyti látið nægja að vísa til þess, sem þar er sagt. Í einstökum atriðum vildi ég þó gera nokkru frekari grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, sérstaklega að því leyti, sem ræða hv. frsm. meiri hl. gaf tilefni til.

Það, sem landbn. í heild sinni virðist öll sammála um, er það, að það beri að styðja að

því á allan mögulegan hátt, að búfjáreigendur sjálfir geri það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að tryggja sér nægar fóðurbirgðir. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta væri vitanlega sú rétta og eðlilegasta lausn á þessu vandamáli landbúnaðarins. En hann sagði, að reynslan hefði sýnt, að ekki væri nægilegt að treysta á einstaklingana í þessu sambandi. Og hann gat um þann fóðurskort, sem yfir hefir vofað á norðausturlandi sem sönnun þess, að ekki tjái að varpa allri áhyggju upp á einstaklingana í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti vil ekki miða löggjöf í þessu efni við undantekningartilfelli, eins og hafa verið á norðausturlandi tvö síðustu árin. Þar hafa komið tvö sumur hvert á eftir öðru óvenjulega óþurrkasöm, og heyafli þar hefir orðið með lakasta móti þau sumur, sérstaklega 1934. Og ofan á þessa erfiðleika undanfarinna sumra bætist svo einhver hagminnsti vetur, sem menn muna. Það er á engan hátt óeðlilegt, þó að í svona árferði komi það fyrir ædimarga menn að lenda í fóðurskorti. En löggjöfin, sem hér er um að ræða, miðast við fleira en þetta undantekningarástand, sem þarna er um að ræða. Hún miðast við venjulegt árferði. Ríkissjóði er ætlað að leggja fram allmiklar fjárfúlgur til þess að tryggja það, að fóðurskortur verði ekki hjá bændum og búfjáreigendum, án tillits til árferðis. Og spurningin, sem mér virðist aðallega þurfa að leysa úr, þegar um þetta er að ræða, er sú, hvort sú aðferð, sem hér er ætlazt til, að höfð verði til þess að fyrirbyggja fóðurskort, sé líklegri til þess að koma í veg fyrir, að einstakir búfjáreigendur verði uppiskroppa með fóður, heldur en þær leiðir, sem farnar hafa verið fram að þessu, — hvort þessi löggjöf er líkleg til að hvetja bændur til þess að tryggja sér fóður eftir föngum, eða hvort hún hinsvegar er e. t. v. líkleg til að draga úr ábyrgðartilfinningu bænda, sem allur þorri þeirra, sem betur fer, hefir sýnt í því efni undanfarin ár, að setja ekki á meiri fénað en þeir hafa álitið sig hafa fóður fyrir, a. m. k. í öllu venjulegu árferði.

Það má sjálfsagt deila um það, hver þörf yfirleitt sé á svona löggjöf, eins og nú til hagar. Það er kunnugt, að fóðurbirgðafélög, sem búfjárræktarl. gera ráð fyrir fjárgreiðslu til úr ríkissjóði, hafa mjög fá verið stofnuð. Ég get því miður ekki upplýst, hve mörg þau eru. En þau eru mjög fá. Af hverju stafar þetta, að þau eru ekki stofnuð, þrátt fyrir það, þótt fé sé boðið fram þeim til styrktar úr ríkissjóði? Ég ætla, að ástæðan sé sú, að í allflestum sveitum sé málum þannig komið í þessu tilliti, að mönnum þyki nokkurn veginn öruggt, að almennt heyleysi verði ekki, jafnvel þó að harðir vetur komi. Ef menn óttuðust almennan fóðurskort, ef ásetning hefði verið svo að undanförnu, að menn gætu búizt við fóðurskorti, ef eitthvað bæri út af, þá er varla efi á því, að víðar hefði verið hafizt handa um stofnun slíks félagsskapar, þó ekki væri til annars en þess að njóta fríðindanna, sem boðið er upp á með ríkissjóðsframlaginu til fóðurbirgðafélaga. Ég ætla og, að sannleikurinn sé sá að fram að þessum vetri hafi yfirleitt fóðurskortur ekki gert vart við sig síðan harðindaveturinn 1920. Það er vitanlegt, að á hverjum vetri eru einhverjir, sem verða heylausir. En það nær engri átt að ætla sér að miða löggjöfina við þá menn, sem sýna það gáleysi að setja svo á, að þeir í beztu vetrum komast í þrot með fóður. Það er öll landbn. sammála um, að þennan hugsunarhátt beri að uppræta með öllu móti og stuðla að því, að menn sýni enn almennar en nú ábyrgðartilfinningu í ásetningu búfjár á fóður. Ég ætla því, að eins og högum er háttað nú hér á landi, þá sé yfirleitt ekki mikil hætta á almennum fóðurskorti, nema um óvenjuleg harðæri sé að ræða.

Nú vil ég alls ekki mótmæla því, að þegar slíka erfiðleika ber að höndum sem í vetur á Norður- og Austurlandi, þá sé fullkomlega réttmætt, að ríkissjóður hlaupi undir baggann með þeim héruðum, sem erfiðast eiga. En til þess eru vitanlega nægar leiðir án þess að stofnað sé til slíkrar almennrar löggjafar sem þessarar. Ég ætla, að yfirleitt sé ekki mjög mikil hætta á því, að svo fari, að nægilegt fóður verði ekki til í landinu. Náttúrlega verður maður að játa það hvað Norðurland snertir, og kannske Vesturland, að alltaf getur borið þá hættu að höndum, að siglingar teppist. Og ef svo fer, þá er augljóst, að miklir erfiðleikar gætu orðið á því að koma fóðri til þeirra, sem á því þyrftu að halda að fá það, ef ætti t. d. að flytja fóður héðan norður yfir heiðar. En þó að þessi löggjöf verði sett, þá hygg ég, að engin trygging yrði með því fengin fyrir því, að fóðurskort af þessum ástæðum gæti ekki að borið eftir sem áður. Það er engin trygging fyrir því, að svo stórum kornforðabúrum yrði komið upp í Norðurlandi, að nægði í hörðum vetrum.

Hv. frsm. meiri hl. landbn. sagði, að þeim fóðurskorti, sem nú hefir átt sér stað á Norður- og Austurlandi — sem hv. þm. hefir kannske gert fullmikið úr — mætti alltaf eiga von á, og kvað svo að orði, að úr því ástandi yrði ekki bætt með því að halda að sér höndum. En ríkisvaldið hefir nú alls ekki haldið að sér höndum hin síðari árin í þessu efni. Það hafa verið sett mörg l., sem ætlað hefir verið að koma í veg fyrir fóðurskort. Vil ég í því sambandi nefna aðeins tvenn lög, l. um forðagæzlu og búfjárræktarl., kafla þeirra um þetta efni. L. um heyforðabúr og kornforðabúr hafa orðið aðeins pappírsgagn. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að með þessum tvennum l., l. um forðagæzlu og katla búfjárræktarl. um fóðurbirgðafélög, sé nokkurn veginn vel séð fyrir þessum málum af hálfu hins opinbera. Fóðurgæzlul. eiga að tryggja, að menn setji það varlega á, að þeir í venjulegu árferði séu nokkurn veginn tryggir með fóður handa sínum búpeningi. L. um fóðurbirgðafélög veita mönnum nokkurn rétt til fjárframlaga úr ríkissjóði, ef hlutaðeigandi hreppar vilja leggja fram fé á móti í þeim tilgangi að koma á sameiginlegum tryggingum gegn fóðurskortinum.

Sú spurning, sem fyrst og fremst vakir fyrir mér, eins og ég hefi sagt, er í þessu efni sú, hvort þessi leið, sem nú er lagt til, að farin verði í

þessum efnum, sé yfirleitt ekki líklegri til þess að draga úr ábyrgðartilfinningu einstaklinganna í þessu efni heldur en að örva hana. Ég fyrir mitt leyti held, að þessi löggjöf verði til þess að draga úr ábyrgðartilfinningunni. Fóðurbirgðafélögin, samkvæmt núgildandi l., eru bundin við hreppa, þ. e. a. s. hver hreppur á að vera fóðurbirgðafélag út af fyrir sig. Ef þeim félögum er ekki ætlað að ná yfir stærra svæði en hrepp, þá er auðveldara fyrir forráðamenn fóðurbirgðafélaganna að fylgjast með því, hvort ógætilega er sett á eða ekki. Í því liggur talsvert aðhald fyrir einstaklingana. Og svo bætist hitt við, sem er í mínum augum sízt minna vert, að ef hrepparnir eru fóðurbirgðafélög út af fyrir sig, þá lenda líka skakkaföllin, sem verða vegna fóðurskorts, á miklu minni hóp manna heldur en ef heil sýslu- og bæjarfélög eiga að vera í fóðurbirgðafélögum. Reynslan hefir sýnt mönnum það í svo ákaflega mörgum efnum, að ábyrgðartilfinning manna minnkar eftir því, sem áhættan dreifist, þ. e. a. s. skakkaföllin lenda á stærri hóp manna. Þetta er svo alþekkt í svo mörgum efnum, að það þarf ekki annað en að minna t. d. á það, hve mönnum er ósárt um ábyrgðarfélög. Má líka í þessu sambandi minna á, að mönnum er ekki ákaflega sárt um ríkissjóðinn og jafnvel bankana. Það má einnig benda á að menn hafa yfirleitt ekki þorað að gera landið allt að einu framfærsluumdæmi, sem þó frá ýmsum sjónarmiðum væri ákjósanlegast. Þetta stafar af sömu ástæðu, að menn hafa verið hræddir um, að þegar áhættunni í því tilfelli yrði dreift svo, þá yrði mönnum ósárara um það, þótt framfærslustyrkir færu úr hófi fram.

Ég er þess vegna ákaflega hræddur um það, að þeim mönnum mundi fjölga, sem létu skeika að sköpuðu um það, hvort þeir hefðu á hverju ári nægilegt fóður að haustinu handa sínum búpeningi yfir veturinn, ef þeir vissu, að skakkaföllin, sem orsökuðust af fóðurskorti hjá mönnum, lentu á heilu sýslufélagi, auk þess sem talsvert mikill hluti af því tjóni lenti á ríkissjóðnum sjálfum. Ég er ákaflega hræddur um þetta. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að ég er á móti þessu frv. Ég tel miklu eðlilegra, að hrepparnir, hver út af fyrir sig, hafi alveg sjálfsforræði í þessu efni. Enda er það svo, að skakkaföllin, sem af fóðurskorti stafa, lenda oft og iðulega beint á hreppunum á tvennan hátt, sumpart þannig að nágrannarnir í sameiningu hlaupa undir baggann og taka af sínum eigin fóðurbirgðum til þess að bjarga búpeningi þeirra, sem fóðurlausir verða, og sumpart þannig, að ef fellir verður hjá mönnum, þá má búast við, að hrepparnir verði að taka á sig framfærslu þeirra manna eða skylduliðs þeirra, sem ekki geta haldið lífinu í búpeningi sínum vegna fóðurskorts. Af þessum tveimur ástæðum sé ég fyrir mitt leyti ekki, að aðrar takmarkanir séu í þessu efni heppilegri en þær, að láta hvert hreppsfélag hafa forráð þessara mála fyrir sig.

Þau hreppsfélög eru ekki fá hér á landi, sem hafa komið sér þannig fyrir, að þau þurfa ekki að óttast fóðurskort, hverju sem viðrar, að kalla má. Ég er sannfærður um, að þeir hreppar eru ekki fáir hér á landi, þar sem menn geta yfirleitt gefið inni frá veturnóttum til fardaga. Og það er alveg óþarft að neyða slíka hreppa til þess að leggja fram töluverðar fjárfúlgur vegna þess, að innan sama sýslufélags eru kannske önnur hreppsfélög, sem ekki hafa sýnt þessa fyrirhyggju, heldur reynt að hafa þann hagnað, sem að vissu leyti má segja, að sé af því að setja svo á, að allt slampist í meðalvetri eða lítið eitt lakari. Því að með því að setja þannig á er hægt að hafa fleiri skepnur, ef ekkert sérstakt hallæri ber að höndum.

Hér í þessu frv. er að vísu gert ráð fyrir, að fóðurskoðun fari fram á hverju ári og að fordagæzlumenn sendi stjórnum fóðurtryggingarsjóða skýrslur um athuganir sínar í því efni hver í sínu umdæmi. En úr því að kvartað hefir verið yfir því, að illa gengi að fá glöggar upplýsingar innan sveitar, þá má nærri geta, hvílíkt handahóf yrði á þessu í heilu sýslufélagi. Ég álít því, að bæði hvað eftirlit snertir og aðhald fyrir einstaklingana sé um beina afturför að ræða frá því, sem nú er.

Hvað ríkissjóðinn snertir þarf ég litlu við að bæta það, sem ég hefi þegar sagt og í nál. mínu stendur. Ég benti á það í nál., að ég teldi mjög óeðlilegt, að ríkissjóður legði fram í almennu árferði stórar fjárfúlgur til þess að koma í veg fyrir fóðurskort. Ég álít það ranglátt gagnvart öðrum gjaldendum og óheppilegt fyrir búþegnana sjálfa, að ríkissjóður sjái peningi þeirra fyrir fóðri í almennu árferði. Hinsvegar má í óvenjulegu árferði ávallt stofna til opinberrar hjálpar með sérstökum ráðstöfunum.

Ég þarf ekki að segja fleira um málið að sinni, en vísa til skoðunar minnar í nál. um það, að málið eigi ekki fram að ganga.

*__Jón Baldvinsson:__ Í nál. á þskj. 293 get ég þess, að ég sé ekki fyllilega samþykkur frv., og er það einkum með tilliti til framlags ríkissjóðs. Ég vil til samanburðar geta þess, að framlag ríkissjóðs til alþýðutrygginganna er ekki ákveðið nema 25%, en hér er gert ráð fyrir, að framlagið nemi 50%. Þetta getur numið 75 þús. kr., og er það ekki lítil upphæð árlega, þótt svo stórfelldar greiðslur komi að líkindum ekki til greina strax, þótt búast megi við því, að þær verði teknar á fjárlög bráðlega. Ég vil í þessu efni taka kreppulánasjóðinn til samanburðar. Til hans var að vísu ríflega ætlað, en menn bjuggust alls ekki við því, að hann yrði svo fljótt og ört notaður sem raun var á og ríkissjóður yrði að inna greiðslur sínar svo fljótlega af hendi.

Ég mun bera hér fram skriflega brtt. við 6. gr. um framlag ríkissjóðs. Ég hafði ætlað mér að bera hana fram í tæka tíð, en hún hefir á einhvern hátt misfarizt í meðförunum. Efni þessarar brtt. er það, að framlag ríkissjóðs fari ekki fram úr $^1/_3$ á móti öðrum framlögum.

Þótt ég fylgi þessu frv., hefi ég þó ýmislegt við það að athuga, eins og hv. 2. þm. Rang., einkum þó ákvæði 9. gr. Það er ákaflega hætt við því, að margir hugsi sem svo, að þeim sé óhætt að setja á eins og þeir vilji, þar sem fóðurtryggingarsjóður býður þeim upp á hjálp

þegar á haustin. Mér finnst þetta ákvæði athugavert og vona, að landbn. athugi það til 3. umr., hvort ekki er hægt að koma að öðru orðalagi, þar sem mönnum er ekki með eins beinum orðum boðið upp á hjálp fyrirfram. Brtt. mín skerðir ekki þá aðalupphæð, sem sjóðunum er ætluð, heldur leiðir af henni, að aðrir aðiljar en ríkissjóður verða að leggja fram $^2/_3$ í stað helmings, eins og frv. ætlast til.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 4. landsk.:

„Við 6. gr.: Í stað orðanna „hærri upphæð ... á móti" komi: hærri upphæð en helming þess, *sem lagt er á móti.*"

Til þess að till. þessa megi taka til meðferðar á fundinum, verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 450) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):** Hv. frsm. minni hl. sagði, að hann vildi ekki, að í þessari löggjöf væri miðað við undantekningarárferði. Það má vera, að þetta sé rétt, en ég álít, að þetta frv. miði fyrst og fremst að því, að menn verði betur en ella búnir undir óvenjulegt árferði, hvort sem er um hörkur eða grasbrest að ræða. Það eru fyrningarnar, sem venjulega hafa orðið drýgstar til að fleyta mönnum yfir harðærin, og með því að leggja í tryggingarsjóðina safna menn einmitt forða eða fyrningum, því að nú orðið mæta menn verstu árunum aðallega með kjarnfóðri. En þessum sjóðum ætti á hverjum tíma að vera tiltölulega auðvelt að breyta í *kjarnfóður.*

Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang., að yfirleitt sé ásetningur svo góður, að *ekki sé hætta á fóðurskorti.* Ég held, að það sé ekki af þeim ástæðum, að menn hafa ekki notað sér heimild 4. kafla búfjárræktarlaganna, heldur miklu fremur af *tómlæti og ófélagslyndi,* og jafnframt vegna þeirra útgjalda, er slíkt hefði í för með sér.

Ég held, að hv. 2. þm. Rang. gleymi því, þegar hann er að tala um að menn muni setja á sjóðina, að ætlazt er til, að forðagæzla og fóðurskoðun haldist á sama hátt og áður, og þá væntanlega með sama árangri og nú.

Hv. þm. benti á það, að möguleiki og heimild til að stofna heyforðabúr væri fyrir hendi. En lögin um heyforðabúr hafa þó einhvern veginn reynzt svo þung í vöfunum, að ég held, að heyforðabúr séu hreint og beint hvergi til.

Ég játa með minni hl., að töluverðir agnúar geta verið á rekstri svo stórs félagsskapar sem hér er ætlaður. En ég álít ástandið alveg óviðunandi eins og það er, og því vegi kostir frv. upp galla þess.

Ég geri ráð fyrir því, að talsvert verði notuð sú heimild í lögunum, að stofnuð verði fóðurtryggingarfélög innan einstakra hreppa. Hreppar, sem hafa þörf á slíku, eru margir, og myndu sumir þeirra vafalaust taka þann kostinn heldur en vera knúðir út í fóðurtryggingar heillar sýslu.

Hv. 2. þm. Rang. kvaðst telja það óeðlilegt og afturför frá því, sem nú væri, að ríkissjóður legði fram fé, til að tryggja búpeningi manna fóður í venjulegu árferði. Hitt væri eðlilegra og heppilegra, að hið opinbera hjálpi í hörðum árum með sérstökum ráðstöfunum. En ég tel heppilegra að leggja fyrir í góðu árunum, og óheppilegt að láta allan kostnað í hörðu árunum lenda á þeim sjálfum.

Ég verð að segja það um harðærið á norðausturlandi í vetur, að á því hefir ríkissjóður tekið svo myndarlegum tökum, til þess að komizt yrði hjá felli, að eins dæmi mun vera hér á landi. Hv. 2. þm. Rang. vildi telja, að ég gerði of mikið úr fóðurskortinum fyrir austan og norðan í vetur. Ég held ekki. Ég held, að í Norður-Þingeyjar-, Norður-Múla- og hluta af Suður-Múlasýslu *hafi hann verið meiri en menn muna eftir áður.*

Hv. 4. landsk. sagði, að frv. byði mönnum upp á *óeðlilegan ásetning. En varúðarráðstafanir* eru hinar sömu og áður, þar sem er forðagæzlan.

Ég mun ekki ræða hér um þá brtt. hv. 4. landsk., að færa framlag ríkissjóðs *niður úr* $^1/_2$ *í* $^1/_3$. Ég get þó ekki fallizt á þá brtt. fyrir mitt leyti. Ég býst við því, að mönnum veitist fullerfitt að greiða það, sem frv. ætlast til. Þó getur þetta verið álitamál, en að öðru ósönnuðu mun ég halda mér við frv.

***Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon):** Hv. frsm. meiri hl. heldur því fram, að afleiðing þessarar löggjafar muni verða sú, að menn verði betur búnir undir illt árferði en nú. En fyrst er nú óvíst, að þessi löggjöf verði notuð, og margt bendir til þess, að svo verði ekki nærri allsstaðar. Má að vísu segja, að minni hætta sé en áður á almennum felli, þar sem hægt verði að forða honum með korngjöf á þennan hátt. En hinsvegar gerir þessi löggjöf ekkert til þess, að einstaklingarnir verði betur undirbúnir en áður, nema síður sé, þar sem á þennan hátt er dregið úr ábyrgðartilfinningu þeirra, þar sem þeir vita, að ef að *kreppir,* er ávallt hægt að leita til fóðurtryggingarfélaganna. Þetta hlýtur því að draga úr tilhneigingu manna til að koma sér upp forðabúrum.

Hv. þm. sagði, að með þessum hætti væri safnað forða á góðu árunum. En gæti nú ekki farið svo, að sá forði yrði gefinn upp í miðlungsárunum, svo að ekkert yrði til, er verulega vond ár koma? — Hann sagði ennfremur, að ástæðan til þess, að fóðurbirgðafélög hefðu ekki verið stofnuð eftir búfjárræktarlögunum, væri einkum tómlæti og ófélagslyndi. En ég held, að orsökin sé sú, að bændur hafi yfirleitt vaníð sig við þá hugsun, að þeir eigi sjálfir að hafa nóg handa búpeningi sínum. Ég held, að mér sé óhætt að segja það, að hér á Suðurlandi hafi það verið algerð undantekning síðustu 16 árin, að nokkur maður hafi komizt í fóðurþrot. Það er að vísu svo, að á þessum síðustu 16 árum hafa ekki komið harðæri, en sumir veturnir hafa þó verið meira en í meðallagi gjaffelldir. Þegar málinu er svona komið, er miklu síður ástæða til þess að koma upp kornforðabúrum. Það er enginn vafi á því, að í þessu efni hafa orðið miklar

breytingar á þeim tíma, sem við munum, sem nú erum orðnir miðaldra. Fóðurskortur var fyrir aldarfjórðungi miklu algengari heldur en hann hefir verið á síðustu árum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði gleymt því, að sum ákvæði fóðurtryggingarlaganna ættu að vera í gildi, þó að þetta frv. yrði að lögum, og að forðagæzlan ætti að hafa sömu þýðingu, þó að fóðurtryggingarsjóðirnir væru bundnir við heil sýslufélög. En þetta er að mínu áliti ekki rétt hjá honum. Hv. þm. verður að gæta þess, að aðhaldið minnkar jafnt fyrir sveitarfélögin og einstaklingana, og því meira sem ábyrgðinni er dreift meira. Það er minna aðhald fyrir forðagæzlumennina að ganga hart eftir því, að hver einstakur hafi nægilegt fóður handa skepnum sínum, þegar þeir vita, að hægt er að leita til fóðurtryggingarsjóðanna, ef fóðurskort ber að höndum. Þeir mundu vissulega ekki beita því harðræði, sem lög heimila þeim eða hreppsnefndum, ef þessi vissa lægi á bak við, að það þyrfti ekki annað en að leita til fóðurtryggingarsjóðanna.

Þá sagði hv. þm., að það stæði eftir sem áður opin leið til þess að stofna fóðurbirgðafélög fyrir hvern einstakan hrepp. Það er dálítið einkennileg staðhæfing frá hans sjónarmiði, að þessi löggjöf verði einmitt til þess að hvetja menn til að stofna fóðurbirgðafélög fyrir einstaka hreppa af hræðslu við það að lenda annars í stóra félaginu. Það er nú náttúrlega svona og svona, að setja löggjöf, sem menn reyna að flýja undan af hræðslu við hana, þó að þeir eigi að njóta friðindanna af löggjöfinni. En ég skil ekki lögin þannig, að eftir að búið er að stofna sameiginlegt félag yfir heila sýslu, þá sé heimilt að stofna fóðurbirgðafélög innan hvers einstaks hrepps.

Í 5. gr. frv. er ákvæði um það, að hreppum, þar sem starfandi eru fóðurbirgðafélög, sé heimilt að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs. „enda tilkynni þau oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því, að sýslunefnd hefir samþ. stofnun fóðurtryggingarsjóðs.“

Þetta sýnist mér taka af öll tvímæli um það, að eftir að búið er að stofna sameiginlegt félag, sem nær yfir heila sýslu, sé óheimilt að stofna félög fyrir hvern hrepp. Er hv. þm. í nokkrum vafa um það? (**PHerm:** Ég er í dálitlum vafa um það). Ég held, að það sé vafalaust. Það er eingöngu þar, sem fóðurbirgðafélög eru starfandi, sem hreppar geta skorazt undan. Ég sé þess vegna ekki, að hrepparnir hafi þarna neina smugu til þess að komast undan þessari löggjöf, svo framarlega sem sýslufélögin ákveða að stofna til fóðurtryggingarsjóða.

Hv. þm. sagði að síðustu í því, sem hann talaði til mín, að sér þætti eðlilegt, að menn notuðu góðu árin til þess að búa sig undir vondu árin. Við erum vitanlega á sama máli um þetta, en við erum bara ekki sammála um það, á hvern hátt það eigi að gerast. En þó erum við líklega í höfuðatriðum sammála um það. Ég býst við, að við séum sammála um það, að æskilegt væri, að góðu árin væru notuð á þann veg, að hver einstakur kvikfjáreigandi reyndi þá að koma sér upp fyrningum, og koma þannig upp fóðurtryggingu fyrir vondu árin. En það, sem okkur greinir á um, er eingöngu það, hvernig eigi að bæta úr þeirri vöntun, sem verður hjá einstaklingunum í þessu efni. Það er það, sem okkur greinir á um, en ekki hitt, hvort góðu árin eigi að notast til þess að koma í veg fyrir skakkaföll í lakari árum. Við höfum náttúrlega hvor um sig fært rök fyrir því, hvor leiðin er heppilegri, sú, sem farin hefir verið, eða sú, sem hér er lögð til, og verða einstakir þm. að gera það upp við sig, hvor líklegri sé til þess að koma í veg fyrir, að einstaka kvikfjáreigendur þrjóti fóður í erfiðum árum.

Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að það er ákaflega mikil hætta á því, ef frv. verður að lögum og verður notað, sem ég efast meira um, að það verði til þess, að menn setji djarfara á og verði þess vegna verr undirbúnir að taka á móti vondum árum.

*__Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):__ Ég er alls ekki viss um, nema það geti komið fyrir, að lagasetning sem þessi kunni í einstökum tilfellum að draga úr hvöt hjá einstaklingum til þess að sjá sjálfum sér farborða. En ég býst bara við, að það verði undantekningar, og geri ráð fyrir, að það verði meiri ávinningur að þessari lagasetningu í heild heldur en það tjón, sem kann að stafa af þessum undantekningum. Ég býst við því, að það mundu fleiri gefast upp við að ala önn fyrir sjálfum sér heldur en gera það, ef ekki væru lög um það, að þeir, sem örbjarga væru, skyldu framfærðir af almenningi.

Hv. þm. sagði, að ef sjóðurinn yrði notaður meira og minna og kannske upp í meðalári, eins og hann var hræddur um, að kynni að verða, þá safnaðist ekkert fé. Ég held, að það sé dálítill misskilningur, vegna þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að árlega sé greitt fé í sjóðinn. (**PM:** Ég kalla það ekki að safna). Hv. þm. sagði líka að fóðurskortur væri óalgengari nú heldur en hefði verið áður, og býst ég við, að það sé rétt. En það er líka á hitt að líta, að nú um hálfan annan áratug, eða frá 1920, hafa yfirleitt verið góðæri, bæði góð sumur og góðir vetur. Ég játa, að ég er ekki svo kunnugur á þessu landi öllu, að ég geti lagt dóm á, hvernig það hefir verið yfirleitt, en ég þekki mörg dæmi um það, að á þessum góðu árum hefir staðið almennur fóðurskortur fyrir dyrum.

Hv. þm. þótti það einkennilegt, að ég skyldi benda á það, að það kynni að verða stofnað til fóðurtrygginga fyrir einstaka hreppa af einskonar ótta við það að lenda inn í heildarfóðurtryggingum sýslufélaganna. Það er ekki einkennilegt, vegna þess að ég veit, að það eru ýmsir, sem líta líkt á þetta eins og hv. 2. þm. Rang., að þeir vilja heldur hafa fóðurtryggingarnar í smærri stíl, fyrir eitt sveitarfélag, heldur en fyrir heila sýslu. Ég veit, að þessi skoðun er til, og ég er ekki að leggja á metaskálarnar, hvort hún er réttari heldur en hin. En ef þessi heildarlöggjöf verður til þess að ýta áfram fóðurtryggingum heima í einstökum sveitum, þá álít ég hana að því leyti líka til bóta. Það er rétt, sem hv. þm. sagði í lok sinnar ræðu, að við erum

sammála um, að æskilegt væri, að hver einstakur gæti í þessum efnum séð sér farborða, en ég tek bara hlutina eins og þeir eru; ég sé, að þetta er ekki svona, og þess vegna vil ég gera þessa tilraun, sem hér er á ferðinni, til þess að reyna að bæta úr ágöllunum.

***Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon):** Hv. þm. sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að hann vildi ekki vefengja, að heppilegra væri, að hver hreppur stofnaði fóðurbirgðafélag út af fyrir sig heldur en sýslu- og bæjarfélög. En ef hv. þm. álítur í raun og veru, að það sé heppilegra fyrirkomulag, þá verð ég að segja það, að mér er hans afstaða til þessa máls óskiljanleg. Ef hann ætlar að nota fóðurtryggingarsjóðina eins og grýlu á hreppsfélögin, til þess að þau hlaupi til að stofna fóðurbirgðafélög innan hreppsins, þá verð ég að telja það ákaflega einkennilega aðferð. Hitt virðist eðlilegra, að hefja „agitation" fyrir því í ræðu og riti, að í hreppunum væri ástæða til að koma upp slíkum félagsskap, heldur en að hræða þá með heildarlöggjöf að koma á fóðurbirgðafélögum innan hreppanna, til þess að koma í veg fyrir annað óheppilegra fyrirkomulag, sem lögin mæla fyrir um.

Mér finnst þess vegna, ef hv. þm. er þeirrar skoðunar, að heppilegra sé að hafa félögin smærri, þá ætti hann að hugsa sig vel um nú á tólftu stundu, áður en hann styður að því, að þetta frv. verði að lögum.

***Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):** Mér fannst hv. þm. gripa í hálmstrá. Ég hefi sagt, og ég held því fram og stend við það, að það er langt frá því, að ásetningur í þessu landi sé eins og hann þarf að vera. Ég hefi líka sagt það, að ég sæi ekki önnur ráð en þau félagslegu til þess að bæta úr þessu ástandi. Þó að ég líti svo á, að víða hagi svo til, að fóðurbirgðafélög og fóðurtryggingarsjóðir fyrir heilar sýslur séu þung í vögum, þá álít ég, að þau geti orðið til bóta. Nú ræð ég því ekki einn, í hvaða formi frv. verður samþ. Mér er það ljóst, ef verður farið að hefja orustu um það, þá verður það til þess eins að gera frv. að engu. Þegar þarf að sameina vilja margra manna, þurfa ýmsir að sveigja til hliðar, og ég lít sem sé svo á, eins og hv. 2. þm. Rang., að það sé heppilegast, að einstaklingurinn sjái fyrir sér sjálfur, og ég lít líka svo á, að jafnan muni félagsskapur verða heppilegri og léttari í vögum því minni sem hann er. En ég býst ekki við að eiga kost á að setja lög um, að hrepparnir stofni fóðurtryggingarsjóði, né heldur að ráða því, að hrepparnir noti þau. (PM: Skylda þá til þess).

En ef það reyndist meðal annars einn kosturinn á þessu frv., að það yrði til þess að hvetja hreppana til þess að stofna til fóðurtryggingarsjóða, þá bæti ég því við þau rök, sem ég hefi flutt fyrir þessu frv.

Hv. þm. var að tala um, að það væri álitamál, hvort hrepparnir gætu stofnað sín sérstöku fóðurbirgðafélög, eftir að fóðurbirgðafélög sýslnanna væru tekin til starfa. Þetta er lögfræðilegt atriði, sem ég skal ekki leggja dóm á. En það má búast við, að það verði nokkur aðdragandi að því, að slíkir fóðurtryggingarsjóðir verði stofnaðir, og þá vinnst tími til hjá einstökum hreppum að gera upp við sig, hvort þeir vilja heldur hafa sitt félag út af fyrir sig eða vera í fóðurbirgðafélagi sýslunnar. Að því leyti hefir þetta ekki svo mikið að segja. Þessi löggjöf hlýtur að koma því róti á fóðurtryggingarmálin, að menn geri það ljóst fyrir sér, hverja leið menn vilja fara í þessu efni.

Einar Árnason: Ég vildi með fáum orðum, áður en þessari umr. er lokið, skýra afstöðu mína til þessa frv. — Ég skal strax taka það fram, að þó ég vilji ekki vekja deilur um málið, tel ég, að það skipti nokkru máli, hvort þetta frv. verður afgr. frá þinginu eða ekki, og þá í hvaða mynd það verður afgr.

Það er öllum kunnugt, að það eru margskonar lög til, sem eiga að miða að því að tryggja það, að bændur lendi ekki í fóðurskorti fyrir fénað sinn. Löggjafarvaldið hefir oft haft það mál til meðferðar og sett um það ýmsar reglur, sem flestar eru aðeins heimildir, en ekki ákveðnar fyrirskipanir. Það mun ekki vera annað, sem er skylda að fylgja, heldur en það, að það skuli vera fóðurskoðunarmenn í hverjum hreppi, sem eiga að meta fóðurbirgðir manna á haustnóttum og líta eftir, að þær séu nægar til. Hinsvegar hafa verið ákaflega lítið notuð þau heimildarlög fyrir hreppsfélög, sem nú eru til um það að hafa fyrirliggjandi fóðurforða, og mér virðist, að einmitt hvað lítið slík lög hafa verið notuð, bendi til þess, að bændur yfirleitt séu ekki ákaflega fiknir í löggjöf um þessi efni.

Það finna allir til þess, og þó einkum bændur, hve ákaflega hættulegt það er, þegar almennur fóðurskortur verður í sveitum. En ég held, að það sé búið að sýna sig, að það sé eitthvað annað heldur en löggjöf, sem geti komið í veg fyrir það. Ég held, að það hljóti í raun og veru að fylgja þroska manna í þessu efni, að menn finni sjálfir til ábyrgðar og sé það ljóst, að þeir eiga að bera ábyrgðina af sínum eigin verkum.

Það hefir verið tekið fram, og það réttilega, að ekki hafi mikið borið á fóðurskorti á undanförnum árum. Það er að mínu áliti aðallega að þakka tvennu. Það er fyrst og fremst af því, að menn eru orðnir töluvert gætnari með ásetning heldur en var fyrir nokkuð löngu síðan. Það er líka því að þakka, að nú eru miklu fleiri möguleikar á því að afla sér fóðurs heldur en var áður.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eitt af þeim mörgu sem eru í þessu efni, sem eru heimildarlög, og ég tel nú, að það sé kannske mesti kosturinn við það. En þó er það svo, að sýslunefndir geta gert samþ. um það að láta sýslurnar ganga undir þessi lög. Þetta er það, sem ég tel varhugaverðast í frv. Ég lít svipað á þetta eins og hv. minni hl. n. Ég álít, að eftir því, sem svæðin eru stærri, sem ábyrgðin nær yfir, eftir því sé það hættulegra. Það er nauðsynlegt að breyta frv. í þá átt, að það séu hreppsfélögin sjálf, sem ráði því út af fyrir sig, hvort þau gangi undir slíkar tryggingar, sem hér er gert ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir því í frv., að sýslun. geti með meiri hl. atkv. samþ. að stofna

fóðurtryggingarsjóði. Nú er það vitanlegt, að innan margra sýslufélaga er svo ástatt, að það er afarólík aðstaða í hinum ýmsu sýsluhlutum. Hvað eiga t. d. sjóþorpin á Austfjörðum sameiginlegt í þessu máli við hreppana upp á Héraði? Og hvað á Grímsey sameiginlegt með innhreppum Eyjafjarðarsýslu? Þetta er svo gerólíkt, að ég álít alls ekki rétt, að það sé einhver tilviljunarmeirihl. í sýslunefnd, sem geti ráðið því, hvort slíkar samþykktir séu gerðar eins og þær, sem hér er gert ráð fyrir í frv.

Ég býst ekki við, að ég treysti mér til að greiða atkv. með þessu frv. út úr deildinni, ef því verður ekki breytt í þá átt, að hreppunum sé veittur sjálfsákvörðunarréttur um þetta mál.

Það er ekki mikill vandi að búa til lög um það, að menn skuli hafa til á hverjum tíma svo og svo mikinn fóðurforða. En það mun sannast, að það verða nokkrir erfiðleikar á því í framkvæmdinni. Ég hefi dálitla reynslu í þessum málum, af því að ég átti nokkurn þátt í því á sínum tíma, að í minu héraði voru gerðar ráðstafanir til þess, að það væri tryggt á haustnóttum að hafa nægan fóðurforða til þess, að hægt væri að hjálpa, ef almennur fóðurskortur yrði. Ef þetta ætti að gerast, þá er nauðsynlegt að gera það, áður en hafís lokaði höfnum, en það reyndist erfitt að gera samninga við verzlanir, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., sem von er, því að það er ómögulegt að vita, hvort þessi fóðurforði, sem keyptur er, verður notaður eða ekki. Og ef hann ekki er notaður, hvað á þá að gera við hann? Verðlag á kornvöru er breytilegt, og það getur orðið miklu lægra verð á kornvöru næsta ár, og þá situr verzlunin uppi með þennan fóðurforða, sem hefir orðið miklu dýrari heldur en hægt er að fá hann handa mönnum. Ef fóðurforðinn yrði ekki heldur notaður handa mönnum, þá yrðu ekki síður vandræði, og hvað á þá að gera við þennan forða, þegar hann ekki verður notaður? Þetta var reynt í 1 eða 2 ár í Eyjafirði, svo féllu menn frá því af því, að það reyndist svo örðugt; þó á Eyjafjarðarsýsla sjóð, á annað hundrað þús. kr., sem vel mætti nota til hjálpar, en það hefir aldrei verið gert. Í Eyjafjarðarsýslu hefir verið notuð allt önnur aðferð heldur en að stofna slíka sjóði. Það eru samtök bændanna sjálfra, sem hafa séð fyrir því, að þeirra verzlun hefir á hverjum tíma, eftir því, sem möguleikar eru til, þann fóðurforða, sem nauðsynlegur er fyrir sýslubúa, og nú í þessu harða ári, sem nú hefir gengið yfir, sem ekki hefir síður komið hart niður á Eyfirðingum en öðrum, þá veit ég ekki annað en að þessi félagslegu samtök hafi komið í veg fyrir, að nokkur vandræði hlytust af fóðurskorti.

Hv. frsm. meiri hl. tók það fram, að ef það væru einhverjir hreppar, sem ekki vildu ganga undir þessi lög, þá gætu þeir stofnað fóðurtryggingarsjóði samkv. öðrum lögum. Það eru ákvæði um þetta í 5. gr. frv., en ég skil þau ákvæði þannig, að þau gildi aðeins á því tímabili, sem sýslunefndirnar ákveða að gera slíka samþykkt, og þá verði hrepparnir að segja til þess innan 4 vikna, eftir að sýslunefndirnar hafa samþ. að stofna fóðurtryggingarsjóði. Við skulum hugsa okkur, að einhver hreppur tæki ekki þessa ákvörðun fyrr en einu, tveimur eða þremur árum eftir að sýslun. hefði gert þessa samþykkt. Þá vil ég spyrja: Getur sá hreppur fengið að hverfa út úr þeim félagsskap, sem gerður er samkv. þessum lögum, og gengið undir aðrar reglur? Það er hugsanlegt, að hlutaðeigandi hreppi fyndist eftir eins eða tveggja ára reynslu, að það væri betra að vera ekki í þessu heildarfélagi. En fá þeir þá að losna?

Í 12. gr. frv. er það tekið fram, að þegar óvenju harðindi hafa gengið og almennur fóðurskortur verður, þá sé það heimilt að láta nokkuð af fóðurforðanum endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir. Nú skilst mér, að það hljóti að verða í þessum félagsskap fleiri en venjulega eru nefndir bændur. Mér skilst, að þeir kauptúnshreppar, sem eru innan sýslufélaganna, og þar, sem ibúar þeirra eiga einhvern kvikfénað og vantar fóður, að þeir hljóti líka að koma í þennan félagsskap. En nú er reynslan sú, að í sumum kauptúnum og kaupstöðum er búpeningur að meira eða minna leyti á haustnóttum settur á lítið fóður. Hugsunin er að fá keypt fóður annarsstaðar að. En nú getur farið svo að þetta heyfóður fáist ekki, þegar kemur fram á veturinn, ef almennur fóðurskortur er. Þá verður þessi fóðurtryggingarsjóður þegar á haustnóttum að ætla þessum mönnum fóður handa skepnum þeirra. Þegar þeir svo verða fóðurlausir og almennt fóðurleysi er, þá hljóta þeir að fá það endurgjaldslaust eða endurgjaldslitið, og þá finnst mér, að það verði að taka það fram, að það séu ekki eingöngu bændur, sem þessi fóðurtryggingarsamþykkt nær yfir.

Þá er það 9. gr. frv. Ég tel, að ákvæði 9. gr. ýti undir menn, eins og tekið hefir verið fram í umr., að setja ógætilega á, og ef það væri svo, þá álít ég, að það sé skaðlegt ákvæði í frv. Ég held, að öll lagaákvæði, sem miða að því að taka trá mönnum ábyrgðartilfinninguna um það að sjá fénaði sínum farborða, séu hættuleg. Ég er ákaflega hræddur um, eftir minni reynslu, og ég hefi nú fengizt við búskap milli 30 og 40 ár, að það geti leitt til þess, að þeir, sem eru heldur hugsunarlitlir í þessum efnum, láti það ráðast að setja á „sjóðinn og gaddinn“, eins og hv. minni hl. orðaði það. Og þá er ég hræddur um, að í mörgum tilfellum verði það svo, að þegar þessa menn ber upp á sker, þá verði þeir að fá hjálp úr þessum sjóði. Svo þegar kemur til að greiða andvirði þeirrar hjálpar, þá verður lítið til upp í það.

Ég skal ekki setja fótinn fyrir það, að þetta frv. fái að ganga til 3. umr., en ég legg mikla áherzlu á það, að áður en frv. verður afgr. úr þessari hv. d., verði því breytt þannig, að það verði ekki sýslurnar, sem verði hlutaðeigendur að þessum fóðurtryggingarsjóðum, heldur hreppsfélögin sjálf. Þá mundi verða miklu auðveldara að hafa eftirlit með framkvæmd laganna heldur en ef heilt sýslufélag ætti í hlut. Mér finnst, að reynslan hafi verið sú, að það sé ekki mikið að byggja á þeim skýrslum, sem haustskoðunarmennirnir hafa aðstöðu til að gefa um fóðurforða manna. Þó að þessir menn geri það eftir beztu samvizku, þá er þetta verk þannig,

að það er ekki hægt að byggja á því, svo öruggt sé. Þá er grundvöllurinn undir þessu allt of veikur til þess, að stjórn þessa sjóðs innan sýslunnar geti gert nokkrar þær ráðstafanir, sem verulegt vit sé í. Það er óhyggilegt að fara að stofna til mikilla fóðurbætiskaupa, og það er sjáanlegt, að slíkt er ekki rétt, ef ekki er séð fyrir því, að á ábyggilegum grundvelli sé byggt. En undirstaðan undir þessu eiga að vera skýrslur skoðunarmannanna, sem ég álít, að hljóti að vera óábyggilegar, jafnvel þó að skoðunarmennirnir geri þær eftir beztu vitund. Ég hefi ekki ætlað mér að vekja deilur um þetta mál, heldur aðeins benda á, hvernig ég lít á það. Það er ekki svo að skilja, að ég sé að heimta, að menn taki tillit til minnar reynslu í þessu efni. En eftir því, hvernig ég hefi athugað um þessi mál þau ár, sem ég hefi fengizt við búskap, þá er þetta mín skoðun.

***Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):** Mér skilst, að það sé aðallega fyrir 3. umr., sem verður að semja við eða sannfæra hæstv. forseta. Mér skildist, að hann ætlaði að láta málið ganga til 3. umr. Það er þá kannske ástæðulaust að vera nokkuð að yfirvega sérstaklega það, sem hann tók fram um þetta frv. — Hæstv. forseti spurði t. d. um það, hvað þorpin og kauptúnin á Austfjörðum ættu sameiginlegt með sveitunum í þessu efni. Þessu svaraði hann sjálfur, þar sem hann gat um, að einmitt í þorpunum væri algengt, að yrði fóðurskortur. Þá benti hv. þm. líka á það, að ef legið væri með fóðurforðann, gæti hann fallið í verði; en hann getur líka hækkað í verði, en vitanlega gilda um það atriði alveg sömu reglur og þó að aðeins einn einstaklingur keypti út af fyrir sig. Einstaklingurinn getur vitanlega átt á hættu líka, að fóðurforðinn falli í verði, og ég er viss um, að hv. 2. þm. Eyf. vill ekki, að einstaklingurinn setji það fyrir sig.

Ég veit, að hv. þm. sér ekki sömu ástæðu til þess og aðrir að stofna tryggingarsjóði, fyrst hans sýsla á tryggingarsjóð, sem nemur á annað hundr. þús. kr. En í einhverju augnamiði hefir þessi sjóður verið stofnaður, og það er sennilegt, að það hafi verið í líku augnamiði og hér er gert ráð fyrir. Mér skildist á hv. þm., að hann vildi fá frv. breytt þannig, að þessi samtök skyldu aðeins ná yfir sveitarfélögin, en ekki sýslufélögin. Ég geri ráð fyrir því, þó að ég viti það ekki, að slík breyt. á frv. yrði að þessu sinni aðeins til þess eins, að það yrði ekki að lögum nú. Ég læt náttúrlega hv. þm. um það, hvort hann telur það heppilegra að bíða.

Þá var hv. þm. að segja það undir lok ræðu sinnar, að sér fyndist 9. gr. frv. beinlínis ýta undir ógætilegan ásetning. Mér finnst því rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa greinina upp. Hún hljóðar svo:

„Stjórnir fóðurtryggingarsjóða skulu á hverju hausti afla sér hjá forðagæzlumönnum glöggs yfirlits um ásetning, hver í sínu umdæmi. Sé nokkur ástæða til að ætla, að einhverja búfjáreigendur innan umdæmisins skorti fóður handa búfé sínu á komandi vetri, og sé ekki hægt að tryggja ásetning þeirra á annan hátt, skal sjóðsstjórnin verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis, og geyma hann á þeim stöðum í sýslunni, sem hagkvæmast er fyrir búfjáreigendur.“

Það er sem sé gengið út frá því í þessari gr., að áður en sjóðnum er varið til fóðurbætiskaupa, sé leitað annara þeirra ráða, sem fyrir hendi eru til þess að bæta úr fóðurskorti, t. d. að nota það vald, sem nú er þegar til í sambandi við fóðurskoðun á hausti og forðagæzlu. Mér finnst satt að segja, að þessi gr. hljóði ekki upp á miklu meira heldur en nú tíðkast. Ég geri ráð fyrir, að það verði framvegis eins og hingað til leitað þeirra ráða, sem hægt er, og að því loknu yrði svo reynt að hafa fyrirliggjandi fóður. Hvað annað mundi verða gert nú?

Mér fannst nokkuð líkt um tilvitnun hv. þm. í 12. gr. Hann skildi hana svo, að það gæti orðið úthlutað gefins nokkuð ógætilega úr þessum sjóði. En eftir 12. gr. er ekki um það að ræða, nema þegar almennur fóðurskortur er vegna vetrarharðinda, og jafnframt hafi hlutaðeigendi maður sett forsvaranlega á. Það má vera, að það hafi ekki verið *eins algengt*, að *slíkir menn* hafi átt kost á að fá fóður gefins, en ekki finnst mér ólíklegt, að undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, þyki óhjákvæmilegt að láta fóður af hendi gefins, þegar harðindi eru óvenjuleg og fátækir menn eiga í hlut. Og ég verð ekki ánægður núna, nema þessi aðferð verði höfð í sambandi við þau miklu harðindi, sem nú steðja að miklum hluta landsmanna, sem sé sú, að ekki verði tekinn af búendum síðasti gripurinn til þess að borga það fóður, sem eyddist í vetur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 450 *felld* með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JAJ, JBald, MJ, SÁÓ.

nei: ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.

PM greiddi ekki atkv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, PHerm, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, EÁrna.

JBald, MJ, PM, SÁÓ, HG, JAJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

7.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr. felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.

nei: HG, JAJ, JBald, MJ, PM, SÁÓ.

ÞÞ, GL, ÞBr greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

10.—15. gr. (verða 9.—14. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 475, 476).

Einar Árnason: Ég geri ráð fyrir, að það þýði ekki að tala langt mál, þar sem fáir eru við. En af því að ég flyt hér brtt. við frv., vildi ég gera örstutta grein fyrir henni. — Ég gerði nokkrar aths. við frv. við 2. umr. og lét í ljós, að ég tryði ekki mikið á, að frv. kæmi að því haldi, sem ýmsir trúa. En þó svo væri, að ég hafi ekki mikla trú á því, að frv. geri mikið gagn, mun ég ekki setja fótinn fyrir, að það gangi fram, ef sú brtt., sem ég flyt, verður samþ. Sú eina breyt., sem í till. felst, er sú, að það er lagt í vald hvers hreppsfélags, hvort það vill gangast undir þessi l. eða þær samþykktir, sem sýslan kann að gera um stofnun fóðurtryggingarsjóðs. En eins og þessu er fyrir komið í frv., getur meiri hl. þeirra manna í sýslunni, sem búfé eiga, ákveðið, að allir hreppar sýslufélagsins séu skyldir að beygja sig undir samþykkt sýslunnar. Með því er hægt að neyða fámennari hreppa sýslunnar undir l., þó þeir ekki óski að taka þátt í þeim. En samkvæmt brtt. minni verður þessu þannig fyrir komið að atkv. hvers hrepps sker úr um það, hvort hreppurinn gengur undir l. eða ekki, þannig að ef meiri hl. þeirra hreppsbúa, sem atkvæðisrétt eiga um málið, er á móti því, hefir hreppurinn þar með ákveðið að ganga ekki undir samþykktir þær, sem sýslan gerir. Það er því þessi sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna, sem ég legg aðaláherzluna á. — Ef brtt. verður samþ. get ég því sætt mig við, að frv. gangi fram. Þó ýmislegt sé í frv., sem ég vildi fremur hafa öðruvísi, geri ég ekki mikið úr aukaatriðum, ef brtt. verður samþ. Vænti ég, að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir efni brtt., svo ég þurfi ekki að skýra hana frekar.

***Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):** Þessi brtt. á þskj. 476 gerir ráð fyrir því, að samþykktir fyrir sýslurnar um stofnun fóðurtryggingarsjóða þurfi ekki að taka til annara hreppa en þeirra, þar sem meiri hl. samþykkir að taka þátt í samþykktunum. Þá er einnig gert ráð fyrir, að þeir hreppar, sem með meiri hl. atkv. ákveða að taka þátt í félagsstofnun, megi vera undanþegnir samþykktunum. Mér þykir því líklegt, að þeir hreppar, sem snúast á móti, noti þá heimild, ef að l. verður. Er því sjáanlegt, að svo getur farið allvíða, ef brtt. verður samþ., að samþykktir um fóðurtryggingarsjóðina gildi ekki fyrir sýslurnar sem heild, heldur nokkra hreppa. Ég verð því að segja, að ég tel það lakara, fyrst frv. var hugsað fyrir sýsluheildina. En þó brtt. verði samþ., tel ég bót að frv., og vil þess vegna ekki stuðla að því, að brtt. falli, ef það skyldi verða frv. að falli.

En það gerðist annað, sem mér þótti lakara við 2. umr., þegar 9. gr. var felld. Sýndist mér hún geyma ákvæði, sem ekki mætti falla niður, um að leita upplýsinga um fóðurbirgðaástand, og sé það slæmt, að búa sig undir að geta orðið að liði.

Ég hygg, að ekki hafi verið rétt að fella gr. niður, því menn finna, að eitthvað vantar í frv.

Í 8. gr. frv. er talað um, hvernig eigi að afla peninganna, en í næstu gr., sem nú er, segir, að þegar fóðurskortur verður, eigi sjóðsstjórnin að úthluta fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir, en það er hvergi sagt, að fóðurbætir þurfi að vera fyrir hendi. Hér finna menn, að eitthvað vantar. Það er að vísu ágætt að eiga peninga í sjóði, en þurfi á fóðurbæti að halda, getur verið of seint að grípa til þeirra. Ég álít, að þurft hefði að búa til nýja gr. í frv. í stað þeirrar, sem var felld burtu, sem feli í sér ákvæði, sem þurfa að komast inn í frv. Ég vil þó ekki beinlínis biðja um frest, en ég ætla, að samnm. mínir séu mér sammála um, að eitthvað vanti í frv. í stað gr., sem felld var burtu úr því á sínum tíma. Ég vil því skjóta því til hv. meiri hl. n., hvort honum finnst ekki rétt, að við tökum saman höndum og búum eitthvað til í staðinn fyrir 9. gr., sem áður var.

***Þorsteinn Briem:** Ég vil að nokkru taka undir það, sem síðasti hv. ræðumaður sagði, að frv. væri andkannalegt, eftir að 9. gr. var felld úr því. En gr. var þannig gerð, að ekki var hægt að greiða atkv. með henni eins og hún var orðuð, og lét ég því vera að greiða atkv., en bjóst við, að hv. landbn. prjónaði eitthvað upp í staðinn. Mér þykir nauðsyn til bera, að hv. landbn. komi með till., sem bætir úr því, sem vantar, einkum því, sem hv. 1. þm. N.-M. tók fram, um rannsókn á fóðurbirgðum í tæka tíð. Virtist mér hv. 1. þm. N.-M. óbeint mælast til, að málinu yrði frestað, í von um, að hv. landbn. tæki þetta atriði til nýrrar yfirvegunar, og vil ég fyrir mitt leyti styðja það mál.

***Jón Baldvinsson:** Þess er ekki óskað af minni hálfu, að málinu verði frestað, en það má vel vera að hv. frsm. sjái skarð fyrir skildi, þegar 9. gr. er farin, en mér finnst frv. skárra. Mér skilst, að í öðrum l. séu fólgin ákvæði um, hvernig háttað sé eftirliti með fóðurbirgðum manna. Ég átti tal um það við hv. form. n., að forðagæzlumenn mundu vera skyldugir til að gefa upplýsingar í þessum efnum. Ég óska því ekki, að málinu verði frestað til þess að breyta þessu atriði. Það verður alltaf töluverður vandi að búa um það, hvernig því yrði fyrir komið, eigi að bjóða mönnum fóðurbæti að haustinu. Ég óska þess vegna ekki eftir, að málinu verði frestað.

***Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson):** Ég ímynda mér, að allir, sem lesa þessi l., ef frv. verður samþ., sjái, að það vantar eitthvað í þau. Í 8. gr. er talað um, hvernig eigi að draga saman peningana, en í næstu gr. er tekið fram, að sjóðsstj. eigi að úthluta fóðurbæti. Það lítur út fyrir, að fóðurbætirinn sé þessir aurar, sem um ræðir í 8. gr. Ég skal játa, að það er gott að hafa aurana, en þeir verða þó ekki gefnir skepnunum. Þetta þarf allt nokkurn undirbúning, því það er ekki nóg að hafa fóðurbætinn á hafnarstöðum, ef ekki er hægt að koma honum til byggðanna. Hvernig var t. d. í vetur með Jökuldalinn? Ég álít frv. gagnslaust, ef ekki er séð fyrir því á

haustnóttum, að fóðurbætirinn sé þar, sem hægt er að ná til hans. Það má vel vera, að stj. fóðurtryggingarsjóðanna verði svo skelleggar að bæta úr því, sem lagafyrirmælin trassa, en ég tel dálítið varasamt að treysta því. Ég álít, að frv. hafi verið miklu betur fallið til að verða að l. með þeirri gr., eins og hún var, heldur en að þau fyrirmæli, sem í gr. fólust, séu alls ekki til í l. Ég vona, að ég megi eiga von á stuðningi meiri hl. landbn., minna elskulegu samverkamanna, til að bæta úr þessum ágalla, en ég álít, að þeir, og þó sérstaklega hv. 4. landsk., eigi að bæta úr þessu, þar sem hann beitti sér fyrir því að fella þessa gr. úr frv.

***Jón Baldvinsson:** Það er leiðinlegt, ef þeir menn fara að deila, sem í rauninni eru sammála í aðalatriðunum. Við hv. 1. þm. N.-M. viljum báðir af fullri einlægni styðja þetta mál. Ég ætla aðeins að benda honum á það, sem hann lagði mjög ríka áherzlu á við 2. umr. málsins, en það var sú gr., sem nú er 10. gr., að stj. fóðurtryggingarsjóða hefðu heimild til að semja við verzlanir um, að þær birgðu sig upp af fóðurbæti. Hann lagði talsvert upp úr þessu ákvæði og taldi líklegt, að margir mundu nota sér það. Hv. þm. sagði, að það væri ekki hægt að reiða sig eingöngu á peningana, heldur yrðu verzlanirnar líka að hafa vörurnar fyrirliggjandi, og því væri heppilegt, að fóðurbirgðafélögin hefðu heimild til að semja um það við verzlanirnar þegar á haustnóttum, að þær hefðu fóðurvörur fyrirliggjandi. Ég sé því ekki annað en að út frá núverandi 10. gr. megi draga þá ályktun, að stj. fóðurbirgðafélaganna geti tryggt sig, ekki eingöngu með því að láta verzlanirnar birgja sig upp, heldur geti félögin sjálf birgt sig upp, ef ástæða er til.

Ég segi aðeins fyrir sjálfan mig, að ég óska ekki eftir, að málið verði tekið af dagskrá. Hæstv. forseti ræður því að sjálfsögðu, hvað hann gerir í því efni, en mér hefir líka skilizt á hv. 1. þm. N.-M., að þó að hann óski eftir einhverri breyt. á frv., til þess að fylla þetta skarð, þá væri hann ekki sjálfur viss um, að rétt væri að tefja málið með því að taka það nú af dagskrá.

ATKVGR.
Brtt. 476 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og endursent Nd.

Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 497).
Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

---

33. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar (þmfrv., A. 97).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Thor Thors): Þetta frv. um sveitarstjórnarkosningar, sem nú er flutt af allshn., lá fyrir síðasta þingi sem stjfrv., en varð eigi útrætt þá. Það hafði gengið gegnum 2. umr. í Nd., og er flutt nú í þeirri mynd, sem það var í að þeirri umr. lokinni.

Eins og hv. þm. er kunnugt, á þetta mál rót sína að rekja til þáltill., sem samþ. var á haustþinginu 1933, þar sem skorað var á ríkisstj. að endurskoða l. um sveitarstjórnarkosningar og leggja frv. um það efni fyrir næsta þing. Þetta frv. kom þó eigi fram fyrr en á þinginu 1935, og þær breyt. á gildandi l., sem þar var farið fram á, voru aðallega þær, að allar hreppsnefndarkosningar skyldu fara fram á fjögra ára fresti, í stað sex ára áður. Er það í samræmi við gildandi ákvæði um bæjarstjórnarkosningar. Ennfremur var eitt af aðalákvæðum frv. það, að allar hreppsnefndir skyldu kosnar hlutbundnum kosningum, en eins og kunnugt er, er það eigi svo í gildandi l.

Enda þótt allshn. beri frv. sameiginlega fram að þessu sinni, er ágreiningur innan n. um ýms ákvæði þess, sérstaklega um það, hvenær og hvernig skuli kosið í hreppsnefndir. Á síðasta þingi voru fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. sammála um, að ekki væri rétt að lögbjóða hlutfallskosningu hreppsnefnda í sveitum og báru fram brtt. þess efnis til 3. umr., en málið komst aldrei svo langt. Ég býst við, að frv. fái samskonar afgreiðslu hjá meiri hl. allshn. nú eins og á síðasta þingi, enda er ábyggilega meiri hl. hv. dm. á þeirri skoðun, að það sé ekki æskilegt að binda hreppsnefndarkosningar svo pólitískt eins og gert væri með því að ákveða hlutfallskosningar. Sömuleiðis var meiri hl. allshn. á því, að ekki væri rétt að breyta til um kosningu sýslunefndarmanna frá því, sem nú er.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en vil mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr. Það er ekki nauðsynlegt að vísa því til n., en ég geri ráð fyrir, að meiri hl. allshn. beri fram brtt. við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 97, 192, 203, 208).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 203 og 208. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Eins og hv. þd. er kunnugt, þá er þetta mál flutt af allshn. sameiginlega,

en þess var getið við 1. umr., að nokkur ágreiningur væri innan n. um einstök ákvæði frv., og sá ágreiningur kemur þá fram við þessa umr. — Það, sem aðallega er deilt um innan n., er það, hvort fyrirskipa skuli hlutfallskosningu alstaðar á landinu, eða hvort það skuli aðeins heimilað sem viðast. Og við erum á þeirri skoðun, hv. 1. þm. Árn., hv. 8. landsk. og ég, að það sé réttast að hafa sem víðtækasta heimild til þess að taka upp hlutfallskosningu við sveitarstjórnarkosningar, en að það sé hinsvegar rangt á þessu stigi málsins að lögbjóða það, eins og gert er í frv. Þær brtt., sem meiri hl. allshn. er sammála um, eru á þskj. 192, og skal ég gera lítillega grein fyrir hverri einstakri fyrir sig.

1. brtt. er aðeins orðabreyt. frá því, sem nú er í frv. — 2. brtt. fjallar um kjördaga. Við álítum rétt, að það sé látið haldast, sem er í frv., að bæjarstjórnarkosningar fari fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en við álítum einnig rétt, að hreppsnefndarkosningar í þeim kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, fari fram á þeim sama degi. Það má gera ráð fyrir, að bæði íbúar kaupstaða og kauptúna séu flestir viðstaddir á þeim degi, og þess er ekki að vænta, að illviðri eða annað tálmi kjörsókn á svo takmörkuðu svæði. Öðru máli gegnir um hreppsnefndarkosningar í strjálbýlinu. Það er rétt að hafa þar sama kjördag og nú er um land allt við alþingiskosningar, sem er síðasti sunnudagur í júnímánuði. Þessi kjördagur nær þá samkv. okkar brtt. til allra hreppsnefndarkosninga utan kauptúna, sem eru sérstakt hreppsfélag. En þó er ráðh. heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar fari fram síðasta sunnudag í janúarmánuði í þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hl. íbúa hreppsins eru búsettir í kauptúni. Það er ekki með öllu ljóst, hvað „kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag“, táknar. Það kemur að vísu fyrir á nokkrum stöðum í löggjöfinni, en er hvergi skilgreint, en ég vil álíta, að það nái ekki til annara kauptúna en þeirra, þar sem öll byggðin er í kauptúni.

Þá er 3. brtt., við 17. gr. frv., þar sem ákveðið er, að bæjarstjórnir skuli kosnar með hlutfallskosningu, eins og hingað til hefir verið, en hreppsnefndir séu kosnar óhlutbundnum kosningum alstaðar þar, sem ⅒ hluti kjósenda krefst þess ekki skriflega við oddvita kjörstjórnar 6 *vikum fyrir kjördag, að kosningar séu hlutbundnar*. Það verður að teljast ákaflega frjálslega að farið í þessu efni, þar sem hlutfallskosningar geta alstaðar farið fram, ef verulegar óskir eru frammi um það. En hinsvegar álítum við í meiri hl. allshn. ekki æskilegt að lögbjóða beinlínis hlutfallskosningar í hinum einstöku sveitarfélögum, því það er vitað, að víða um landið er ennþá svo komið, að þessar kosningar eru ekki pólitískar. Það er meira kosið eftir mönnum heldur en málefnum. Og þar sem um lítil sveitarfélög er að ræða, álítum við æskilegt, að þessi gamla regla geti haldizt, að ekki þurfi pólitík að ráða um það, hverjir verði þar í kjöri.

Næstu brtt., sem sé 4.—6. brtt., miðast við þessa aðalbrtt. og tiltaka nánar um kosningarathöfnina. Ég skal geta þess, að 5. brtt., um kosningatilhöguninа, er tekin upp úr núgildandi l., nr. 59 frá 1929, að öðru en því, að það er nýtt ákvæði, að varamenn skuli kosnir samtímis aðalmönnum. Ég sé, að það eru komnar fram brtt. við þetta atriði, en ég mun ekki ræða þær fyrr en flm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim. — 7. brtt. kveður einnig nánar á um það, hvernig kosningin skuli fara fram.

8. brtt. miðar að því að veita heimild til þess, að kosningar í n., er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skuli vera hlutbundnar, ef þess er krafizt, en það er gert ráð fyrir því í frv. eins og það er nú, að allar þessar kosningar séu jafnan hlutbundnar. En það teljum við óþarft, álítum nægilegt að veita heimild til þess, enda er sú heimild, sem við veitum, svo víðtæk, að hvenær sem þess er krafizt, þó ekki sé nema af einum manni, þá er skylt að láta þessar kosningar vera hlutbundnar.

9. brtt. er um kosningu á sýslunefndarmönnum. Það var gert ráð fyrir því í frv., að sýslunefndarmaður skyldi kosinn af hreppsnefnd, en ekki eins og hingað til af hreppsbúum. En við teljum rangt að breyta til í þessu efni og viljum láta gömlu regluna haldast, þó með þeim hætti, að sýslunefndarmenn og varasýslunefndarmenn séu kosnir til 4 ára um sama leyti og kosið er í hreppsnefnd.

Aðrar brtt. á þessu þskj. eru miðaðar við þessar tvær höfuðbreyt., sem ég hefi þegar getið, og þarf ég ekki að skýra þær.

Páll Zóphóníasson: Ég á hér brtt. við brtt. n. Þær eru 4 að tölu, en í raun og veru eru þær aðeins 2. Sú fyrri er um það, að þar sem n. gerir ráð fyrir, að hlutfallskosningar séu aðeins viðhafðar við kosningu bæjarstjórna, þá geri ég ráð fyrir, að þær fari fram í bæjum og þeim hreppsfélögum, sem eru sérstakt kauptún út af fyrir sig. En með því skil ég það sama og hv. frsm. málsins, að það sé kauptún, þar sem byggðin er innan þess umdæmis, sem er löggilt sem verzlunarstaður, en ekki heyra undir fleiri eða færri sveitabæir, sem liggja í meiri fjarlægð.

Hin brtt. er við kosningar, þegar fram fer óhlutbundin kosning. Þar gerir n. í 5. brtt. sinni ráð fyrir, að kjósandi kjósi bæði aðalmenn og varamenn með því að skrifa númer þeirra á kjörskránni á kjörseðilinn. Með þessu skilst mér, að svo geti farið, að sami maður fái nákvæmlega *jafnmörg atkv. til að vera varamaður og aðalmaður*, og að það geti komið fyrir, að eftir kosninguna séu allir sömu mennirnir kosnir varamenn og aðalmenn. Þessi kosningaraðferð getur því ekki staðizt eins og hún er þarna. Að vísu eru þetta tilfelli, sem myndu koma mjög sjaldan fyrir. En n. gerir þó ráð fyrir, að það muni geta komið fyrir að einhverju leyti, því hún segir, að þeir séu kosnir varamenn, sem flest fái atkv., en séu þó ekki kosnir aðalmenn. Hún hefir því gert sér það ljóst, að það gætu fallið sömu atkv. á sömu menn bæði sem aðalmenn og varamenn. Mér finnst einfaldast að hafa það þannig, að þar, sem kosið er óhlutbundnum kosningum, séu kosnir helmingi fleiri menn heldur en eiga að vera í hreppsnefnd. Og þeir 3, 5 eða 7, eftir því í hvaða hreppi það er, sem fái flest atkv., séu aðalmenn, en þeir, sem

eru næstir með atkv., koma inn sem varamenn, og hnígur brtt. mín að þessu. Ég held, að ef kosnir eru á sama seðli varamenn og aðalmenn, þá verði í framkvæmdinni óttalegur glundroði úr því, hvort maður sé kosinn sem aðalmaður eða varamaður. Og ég hygg, að það geti farið svo, að maður hafi jafnmörg atkv. sem varamaður og aðalmaður, og því ekki hægt að segja um það, hvort hann sé heldur kosinn sem aðal- eða varamaður. Ég hefi þess vegna komið með þessa brtt. um, að það séu ekki kosnir sérstakir varamenn að öðru leyti en því, að það sé ákveðið í l., að þeir séu til, og að það séu þeir, sem næstir eru að atkv.tölu til þess að komast að, en komust þó ekki að. — Ég held því, að þessi brtt. mín sé sjálfsögð, og hin líka, eins og nú er komið máli.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Við hv. 2. þm. Reykv., sem sæti eigum í allshn., hefðum helzt kosið, að frv. hefði verið afgr. eins og það liggur fyrir óbreytt, en hinsvegar hefir meiri hl. n. viljað breyta nokkrum ákvæðum, sérstaklega þeim, er snerta kosningu í hreppsnefnd og á sýslunefndarmönnum.

Eins og hv. þm. Snæf. hefir lýst, þá hafa þeir lagt til, að það verði ekki skylt að beita hlutfallskosningu utan kaupstaða, en hinsvegar á að viðhafa hlutfallskosningu við hreppsnefndarkosningar, ef ákveðinn hluti kjósenda ber fram skrifl. óskir um það efni. Til þess að reyna að brúa þetta bil, sem er milli meiri hl. og minni hl. n. um þetta atriði, þá höfum við hv. 2. þm. Reykv. leyft okkur að bera fram brtt. við brtt. meiri hl., sem hv. þm. Snæf. hefir gert grein fyrir, og er sú brtt. á þskj. 203, og fer hún í þá átt, að það skuli beita hlutfallskosningu í kauptúnum, auk þess, sem það er gert í bæjum, ef fullir $^2/_3$ hl. kjósenda eru búsettir í kauptúninu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að snertandi sveitir og kaupstaði er það undantekningarlítið eða undantekningarlaust, þegar kosið er í hreppsnefnd, að þá sé kosið eftir einhverjum pólitískum línum, og ég álít, að það sé svo í rauninni alltaf við hreppsnefndarkosningar. Það hefir verið þannig, að þó að það hafi ekki verið hreinar flokkslínur, sem farið hefir verið eftir, þá hefir þó afstaða manna til fulltrúavalsins í hreppsnefndirnar að mestu leyti miðazt við afstöðu þeirra til hinna opinberu mála, sem á aftur oft rót sína að rekja til þess, hvar þeir standa í þjóðmálunum yfirleitt. Við hefðum því kosið, að þetta væri eins og í bæjum, og að þessar kosningar væru hlutbundnar alstaðar, og teljum við, að bezt færi á því fyrir allra hluta sakir, og að það sé sjálfsagt, að þó að einhversstaðar sé ekki kosið eftir hreinum pólitískum línum, þá séu hafðar hlutfallskosningar eftir sem áður. Ef það er ákveðinn hópur manna, sem óskar eftir tilteknum mönnum til þess að starfa í hreppsnefnd, þá hefðu þeir getað komið sér saman um það áður, þó að bak við það væri ekki hrein pólitísk afstaða þeirra manna, sem beittu sér fyrir slíku. Hlutfallskosningar ættu því að vera, þrátt fyrir það, þó að ekki væri kosið eftir hreinum pólitískum línum. En þar sem meiri hl. n. hefir hallazt að því ráði að binda hlutfallskosningar eingöngu við bæina, þá höfum við í minni hl. reynt að fá því framgengt, að þetta nái einnig til kauptúna, ef $^2/_3$ hl. hreppsbúa eru búsettir í kauptúni. Brtt. hv. 2. þm. N.-M., sem er á þskj. 208, gengur í líka átt, en þó ekki eins langt. Við hana er það athugavert, eins og þeir tveir hv. þm., hv. þm. Snæf. og hv. 2. þm. N.-M., sem um hana hafa talað, hafa skýrt, að hún gerir ráð fyrir hlutfallskosningum því aðeins, að allir íbúar hreppsins séu búsettir í kauptúni. Nú mun svo vera um nokkur kauptún, að auk þeirra manna, sem búa í kauptúninu, eru ef til vill 2—5 jarðir í námunda við kauptúnið, sem tilheyra sama hreppi. Þá yrði sama látið ganga yfir þann hrepp eins og aðra sveitahreppi, og þeir einir hreppar hefðu rétt til þess að hafa hlutfallskosningu, þar sem allir hreppsbúar væru búsettir í kauptúninu sjálfu. Það er nú svo með bæjarfélögin víða, að til þeirra heyra nokkrar jarðir. Það er t. d. svo um Siglufjörð, að undir hann heyra nokkrar jarðir, sem eru í nokkurri fjarlægð frá bænum, og það er ekkert samræmi í því, að þeir geti skilyrðislaust heimtað hlutbundnar kosningar, en kauptún, sem hefir nokkrar jarðir í námunda við sig, þar sem örfáir hreppsbúar eiga heima, megi ekki hafa hlutfallskosningu vegna þessara fáu manna, sem búa utan kauptúnsins, en í hreppnum. Okkur finnst því eðlilegt, að ef mikill meiri hl. manna er búsettur í kauptúninu, þá skuli kosning til hreppsnefndar fylgja sömu reglu og kosning til bæjarstjórnar í bæjum almennt.

Ég vil vænta þess, að hv. þd. sjái, að þessi miðlunartill. er eftir atvikum á fullum rökum reist og sanngjörn, og að það sé eðlilegt að hníga að því ráði að samþ. hana, ef menn vilja ekki lögbjóða hlutfallskosningar í hreppum almennt, sem hv. meiri hl. allshn. virðist ekki vilja. Mér hefir líka skilizt á hv. þd., að það muni vart vera meiri hl. til þess í d. að fyrirskipa hlutfallskosningar almennt í hreppum, en það ætti þó að vera gerlegt að samþ. þessa miðlunartill., sem ég hefi nú rætt um.

Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um framkomnar till. Ég gat þess í upphafi, að við í minni hl. n. hefðum helzt kosið, að frv. hefði verið samþ. óbreytt, og það hefði a. m. k. verið ákveðið, að hreppsnefnd kysi sýslunefndarmann, því hreppsnefndin á hverjum tíma á að spegla þær stefnur og línur í réttum hlutföllum, sem eftir er kosið í hreppsnefndina, og því eðlilegt, að sýslunefndarmaður tilheyri þeim hópi, sem ræður í hreppsnefndinni á hverjum tíma. En það hefir oft orðið sú niðurstaða, að sýslunefndarmenn hafa staðið á öndverðum meiði við meiri hl. hreppsnefndar í hreppnum, og það kannske leitt til ýmislegs ósamræmis í málefnum hreppsins, sem er óeðlilegt. Því það er eins og Guðmundur Finnbogason segir í fyrirlestri, sem menn kannast við, að lýðræðið byggist á því að kjósa menn, sem kjósa menn, sem kjósa menn. Það er eðlilegt og sjálfsagt, að hreppsbúar kjósi hreppsnefnd eftir því, sem til hagar í hreppnum, og það ætti líka að vera eðlilegt og sjálfsagt, að hreppsnefnd kysi fulltrúa hreppsins í sýslunefnd. Af þessum ástæð-

um mun minni hl. greiða atkv. gegn þeim brtt. meiri hl. allshn., sem miða að því að breyta þeim ákvæðum frv., sem lúta að kosningu sýslunefndarmanna. En hinsvegar mundum við til samkomulags greiða atkv. með öðrum brtt. meiri hl., ef sú brtt., sem við flytjum við þær um kosningar í sjávarþorpum, yrði samþ., og við gætum þannig mætzt á miðri leið í allshn.

*__Pétur Ottesen:__ Það er virðingarvert, að meiri hl. allshn. hefir komið fram með þær brtt. við þetta frv. að rigbinda ekki hendur manna úti um byggðir landsins við eitt ákveðið fyrirkomulag á kosningu til hreppsnefnda og á kosningu sýslunefndarmanna. Ég álít heppilegt — enda má segja, að það sé yfirleitt litið svo á úti um byggðir landsins — að láta hreppsbúa hafa óbundnar hendur um það, með hvaða hætti kosningar fara fram. Nú er það svo í gildandi l. um þetta, að hrepparnir geta valið um það, hvort þeir viðhafa hlutfallskosningu, leynilega kosningu eða að kjósa opinberlega, eins og algengt er úti um sveitir landsins. Ég held, að það uppfylli bezt þá hugsjón, að láta borgara þjóðfélagsins hafa sem frjálsastar hendur um umráð mála sinna innan þess sviðs, sem takmarkast af löggjöfinni í þessu efni. Það liggja ekki fyrir Alþingi neinar óskir utan af landsbyggðinni um það, að farið sé að þrengja kosti þeirra um það, með hvaða hætti þeir eiga að kjósa. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er verið að apa eftir því fyrirkomulagi, sem búið er að lögfesta í kaupstöðum landsins og byggist á því, að engin kosning megi fara fram, nema eftir þeirri mælisnúru, sem pólitikin leggur á skoðanir manna og breytni í þeim efnum á hverjum tíma. Úti um sveitir landsins horfir þetta allt öðruvísi við. Þó að menn séu þar pólitískir eins og annarsstaðar, þá er það svo í mörgum stöðum, að menn leggja pólitikina alveg til hliðar, þegar um það er að ræða að kjósa í hreppsnefnd eða að kjósa sýslunefndarmann, og velja menn með tilliti til þess, að sem bezt sé séð fyrir hagsmunum hvers hreppsfélags, og kjósa því þá menn í hreppsnefnd, sem óhætt er að treysta til þess að bera uppi hagsmunamál hvers hrepps. Og það er ekki heppilegt að vera nokkuð að slá á það góða samkomulag, sem víða er í hreppum landsins um að miða kosningu slíkra manna einmitt við það, hvernig hagsmunum sveitarfélagsins sé á hverjum tíma bezt borgið, því það er vitanlega grundvöllurinn undir sjálfstæði hvers hreppsfélags, að sem tryggilegast sé búið um þá hnúta og að sem bezt sé farið með fjármál hvers hreppsfélags.

Ég er að því leyti ekki fyllilega sammála meiri hl. allshn., að hann hefir viljað einskorða þetta við það, að allar slíkar kosningar fari fram leynilega. Mér finnst engin ástæða til þess að svipta þau hreppsfélög, sem vilja viðhafa opinbera kosningu, réttinum til þess að hafa hana, og það því fremur, sem engar óskir liggja fyrir um það frá hreppunum að binda hendur þeirra í þessu efni. Ég verð að segja það, að ég er sammála meiri hl. allshn. um, að það sé þá ekki mikill vilji fyrir því að viðhafa hlutfallskosningu, ef ekki fæst $^1/_{10}$ hluti kjósenda til þess að óska eftir slíkri kosningu, og þess vegna sé með því sæmilega séð fyrir því, að menn geti valið þessa aðferð, ef þeir annars álita rétt að láta kosningu fara fram með þeim hætti.

Í till. n. er ákvæði, sem mér finnst ákaflega lítil ástæða fyrir, og það er að vera að breyta til um það, að kosning í hreppsnefnd skuli fara fram á sama degi og alþingiskosningar, síðasta sunnudag í júnímánuði. Eins og kunnugt er, þá hafa farið fram kosningar í hreppum landsins á hreppskilaþingum að vorlagi, en þau þing eru haldin í júní, 12.—24. júní, einhverntíma á því tímabili. Það er almennur samkomudagur hreppsbúa, og þá ræða þeir um sín mál, og er venjulega fjölmennt eftir kringumstæðum á slíkum fundum, og er þess vegna alveg tilvalið að láta hreppsnefndarkosningar fara fram við slík tækifæri. Þetta er því ekki annað en að stofna til erfiðleika í hreppunum, þar sem kosning á að fara fram hér um bil á sama tíma og hún fer fram nú. Það er því ekkert annað en að stofna til erfiðleika og fyrirhafnar fyrir menn, að fyrirmuna þeim að nota hinn almenna samkomudag í hreppunum til kosninga, og í stað þess að binda þetta þannig, að þeir verði að koma saman skömmu síðar til þess að láta fara fram hreppsnefndarkosningar. Ég vænti þess, að það verði hægt að ná samkomulagi um að leyfa þessu ákvæði um að kosningar fári fram á hreppskilaþingi að haldast eins og verið hefir, af því að það er töluvert hagsmunaatriði, að það fái að haldast. Það er svo, að þetta ber upp á annatímann í sveitum landsins, og þar er vinnukraftur af svo skornum skammti, að það er ekki ástæða til þess að vera að þarflausu að gera mönnum erfiðara fyrir, eins og gert er með því að breyta út af gamalli venju í þessu efni.

Í till. n. er gert ráð fyrir því, að kosning á sýslunefndarmönnum fari fram á sama tíma og hreppsnefndarkosningar. Hér er því verið að breyta til með gamla venju, því að kosningar á sýslunefndarmönnum hafa farið fram á manntalsþingum, og er það gamla fyrirkomulagið, og ég held, að það liggi ekki fyrir neinar óskir um að breyta til í þessu efni, og þess vegna ástæðulaust í sjálfu sér að vera að gera nokkrar breyt. á þessu. En hinsvegar veldur það ekki litlum erfiðleikum fyrir sveitarfélögin, eins og t. d. breyt. á því, að nú skuli tekinn upp þessi nýi kjördagur, þar sem á að fara fram kosning í hreppsnefndir. Mér finnst það ástæðulaust að breyta til frá þessari gömlu venju, sem er komin á og engin óánægja er með. Mér finnst ástæðulaust, að löggjafinn rjúki upp til handa og fóta og breyti þessu þvert á móti vilja fólksins, þegar það liggur engin nauðsyn til grundvallar fyrir því.

Þá er tekið upp í 30. gr. frv. ákvæði um það, að sáttanefndarmenn skuli hér eftir kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum. Nú er það svo, að sáttanefndarmenn eru skipaðir, og auk þess er það svo, að sama sáttanefnd er fyrir fleiri en einn hrepp, og þess vegna á þetta ekki við um það fyrirkomulag, sem nú gildir í þessu efni. En hinsvegar er í hinni nýju löggjöf, sem hér liggur fyrir og hefir ekki náð lögfestingu enn, breyt. á þessu. Í frv. um meðferð einka-

mála í héraði er gert ráð fyrir, að hver hreppur og kaupstaður verði sáttaumdæmi út af fyrir sig, og er þetta þá miðað við þá löggjöf og getur átt við, eftir að hún hefir fengið lögfestingu. En á núv. fyrirkomulagi er tæplega hægt að byggja þetta um kosningu sáttanefndarmanna, nema sett séu sérstök ákvæði um það, að fleiri en ein hreppsnefnd geti tekið þátt í kosningu þessara manna.

Frsm. (Thor Thors): Þeir hv. þm., sem bera fram brtt. við till. meiri hl. allshn., hafa nú gert grein fyrir þeim, og vil ég leyfa mér að svara nokkrum orðum.

Hv. 2. þm. N.-M. á hér brtt. á þskj. 208. Hann vill, að hlutfallskosning sé viðhöfð í hreppsfélögum, sem ná aðeins yfir eitt kauptún. Ég sé ekki ástæðu til, að það sé beint lögboðið, og vísa til minna fyrri orða um þetta atriði. En ef hv. d. er þeirrar skoðunar, að ekki sé nægilegt að veita almenna heimild til hlutfallskosninga, eins og meiri hl. allshn. ætlast til, þannig að hreppsnefndir skuli kosnar hlutfallskosningu, ef $^1/_{10}$ hreppsbúa óskar þess, þá get ég betur fellt mig við þessa till. heldur en till. hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., að binda þetta við hreppa, þar sem $^2/_3$ íbúanna búa í kauptúni. Við í meiri hl. allshn. höfum nú til samkomulags ákveðið, að hreppsnefndarkosningar í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skuli fara fram sama kjördag og bæjarstjórnarkosningar, og tel ég ekki rangt að miða hlutfallskosninguna við sama mark. En ég verð að telja algerlega nægilegt að láta $^1/_{10}$ hluta kjósenda geta ráðið því í hvert sinn, hvort hlutfallskosning fer fram. Það er ekki mikil þörf á hlutfallskosningum, ef ekki er hægt að fá $^1/_{10}$ kjósenda til að óska þeirra.

Um aðrar brtt. hv. 2. þm. N.-M. verð ég að segja það, að ég hygg, að þær séu óþarfar. Það getur að vísu komið fyrir, að sami maður sé kosinn sem aðalmaður og varamaður, en ekki er líklegt, að mikil brögð verði að því. Mér finnst ekki rétt að ganga út frá því í löggjöf, að kjósendur séu þeir bjánar að kunna ekki að nota jafneinfalda kosningaraðferð eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held, að það sé oftraust á heimsku kjósenda, ef menn halda, að þeir geti ekki kosið eftir svona einföldum reglum, þar sem það er beint tekið fram á kjörseðlinum, hverjir eru kosnir sem aðalmenn og hverjir sem varamenn. Ég hygg, að till. hv. 2. þm. N.-M. gætu orðið hér til glundroða. En nú geta menn haft jafnmörg atkv., og hvernig á þá að skera úr? Væntanlega með hlutkesti, eins og þegar atkv. eru jöfn við kosningar hér á Alþingi. Ég held, að ótti hv. þm. sé óþarfur, og þær till., sem við berum fram á þskj. 192, séu nægilega greinilegar til þess, að kjósendur þurfi ekki að villast á þeim.

Hv. 1. landsk. talaði hér nokkuð langt mál fyrir sínum brtt. Er það vitað, að sósíalistar eru þess sinnis að vilja alstaðar lögbjóða hlutfallskosningar, enda þó þeir hafi ekki nægilega bent á, af hvaða ástæðu það er, eða hvað það miðar til bóta frá því, sem nú er. Og þessum hv. þm. má svara því til, sem ég áður hefi tekið fram, að heimildin til hlutfallskosninga er svo víðtæk samkv. okkar till., að það ætti jafnan að vera hægt að koma þeim við, ef nokkur vilji er fyrir því.

Þá taldi sami hv. þm. óeðlilegt, að það væri ekki hreppsnefndin, sem kysi sýslunefndarmanninn, heldur hreppsbúar, eins og við gerum ráð fyrir. Hv. þm. Borgf. vék að því, að reynzt hefði vel og menn verið ánægðir í sveitunum með þá kosningatilhögun, sem verið hefir viðhöfð við val sýslunefndarmanns, nefnilega að hreppsbúar almennt hefðu rétt og vald til að kjósa hann. Og ég verð, þó ég sé ekki hv. þm. Borgf. að öllu leyti sammála í þessu máli, að taka undir þau ummæli hans, að hér er ekki ástæða til að breyta út frá því, sem reynt hefir verið og reynzt vel. Það er líka rétt, að sýslunefndarmaðurinn vinnur ekki með hreppsnefndinni, heldur í sýslunefndinni, og þarf því að engu leyti að vera bundinn af meiri hl. hreppsnefndarinnar.

Hv. þm. Borgf. taldi, að þessar brtt. okkar, og þetta frv. yfirleitt, væru ekki til bóta frá því, sem verið hefði, og að það væri aðeins verið að apa eftir það, sem gilt hefði í kaupstöðunum. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Hér er verið að samræma þessi ákvæði um kosningu sveitarstjórnanna þeim ákvæðum, sem nú gilda um kosningar til Alþingis. Þar er alstaðar ákveðið, að kosningarnar skuli vera leynilegar, og sú ein krafa þykir geta samrýmzt því frjálsræði, sem hverjum einstaklingi er ætlað innan þjóðfélagsins til þess að setja fram sína skoðun óhultur og án áhrifa frá öðrum. Verður að telja það blett á íslenzkri löggjöf, að ennþá skuli ekki ákveðið um sveitarstjórnarkosningar, að þær skuli vera leynilegar. Hv. þm. sagði, að engar óskir hefðu komið fram um breytingar í þessu efni. Ég hefi þó orðið þess áskynja, m. a. á þingmálafundum, að óskir eru uppi í þessu efni. Ég man ekki, hvort slíkar óskir hafa komið beint til þingsins, en þær hafa bæði komið fram á fundum og í blöðum.

Þá taldi hv. þm. Borgf. það mjög til óhagræðis fyrir sveitamenn, að hreppsnefndarkosningarnar færu ekki fram á vorhreppaskilaþingi, eins og verið hefði. Það má vera, að hann hafi hér nokkur rök að mæla, en mér finnst, að sérstakur kjördagur leiði nokkuð af þeirri breyt., sem verið er að gera á kosningaraðferðinni. Það er vitanlegt, að á vorhreppaskilaþingi er um margt að hugsa og mörgu að sinna, og eftir að kosningarathöfnin sjálf er orðin formbundnari, er ekki ólíklegt, að erfitt væri að koma henni við á sjálfu hreppaskilaþinginu. Það er náttúrlega leitt fyrir löggjafann að ónáða fólkið að óþörfu, en þess er að gæta, að kjördagurinn er hér ákveðinn á sunnudegi, og má ætla, að fólk eigi þá frekar heimangengt heldur en á virkum degi. Og síðast í júní er ekki slíkur annatími í sveitunum, að fólk geti ekki nokkurnveginn komizt að heiman einn sunnudag. Það er þá lítill áhugi fyrir velferðarmálum hreppsins, ef fólk getur ekki gefið sér tíma til að skreppa að heiman til þess að kjósa í hreppsnefnd.

Um sáttanefndarmennina er það að segja, að það er rétt, sem hv. þm. gat um, að í frv. til l. um meðferð einkamála í héraði, sem verið var að

greiða atkv. um hér áðan ágreiningslaust, er svo ákveðið, að sáttanefndarmenn skuli kosnir af hreppsnefnd, og ákvæði þessa frv. er því fyllilega í samræmi við það.

Ég veit, að hv. þm. Borgf. er manna kunnugastur því, sem fram fer í sveitum, og er því að sjálfsögðu fyllsta ástæða til að taka til athugunar þær aths., sem hann hefir fram að bera í þessu máli, en mér skilst ágreiningurinn ekki vera svo mikill, að hv. þm. geti ekki fyrir þær sakir fylgt við þessa umr. a. m. k. brtt., sem meiri hl. allshn. gerir. Leggi hann ríka áherzlu á frekari breyt., er sjálfsagt að taka það til athugunar fyrir 3. umr. málsins.

*__Jón Pálmason:__ Þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var lagt hér fram fyrst á þinginu í fyrra, vék ég að því, að mér þættu ýms atriði í því athugaverð. Nú hefir meiri hl. allshn. gert brtt., sem ég í aðalatriðum get fallizt á, en þó er sérstaklega eitt atriði í þessu sambandi, sem ég tel talsvert athugavert og vil víkja nokkuð að. Það eru ákvæðin um kosningu varamanna, bæði í hreppsnefndir og sýslunefndir. Á þetta atriði hefir nokkuð verið minnzt, bæði af hv. frsm. og hv. 2. þm. N.-M. Mér virðist kosning varamannanna verða talsvert öðruvísi heldur en ég vildi vera láta, ef hún er með þeim hætti, að varamennirnir séu kosnir samhliða aðalmönnunum. Vitanlega vita kjósendur ekki um það, þegar kosningin fer fram, hverjir komast að sem aðalmenn. Því er það ekki heilbrigt frá mínu sjónarmiði að rugla þessum kosningum saman, heldur eiga þær að fara fram hvor í sínu lagi. Það er t. d. ekki með öllu eðlilegt, að kosning sýslunefndarmanns, bæði aðalmanns og varamanns, fari fram samtímis. Þetta verður þó sýnu verra, að ég hygg, eftir till. hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 108, því þar er beinlínis gert ráð fyrir, að þeir verði varamenn, sem næstir koma aðalmönnunum að atkvæðafjölda við aðalkosninguna. Ég hefi eigi komið með brtt. við þetta, en ég vil mælast til, að hv. allshn. taki þetta atriði til athugunar fyrir 3. umr. Ef hún getur ekki fallizt á að breyta þessu þannig, að hver kosningin fari fram út af fyrir sig, mun ég við þá umr. bera fram brtt. í þessa átt.

Þá þykir mér líka nokkuð athugavert, eins og hv. þm. Borgf., að hreppsnefndir eigi að kjósa sáttanefndarmenn og skólanefndarmenn. Sérstaklega getur þetta rekið sig á með skólanefndarmennina, ef sú breyt. kemst á, sem nú er ofarlega á baugi, að takmörk skólahéraða séu ekki bundin við hreppamörk, eða fleiri hreppar ganga saman í eitt fræðsluhérað.

Þá þykir mér vafasamt að láta þessar kosningar fara fram sama dag og alþingiskosningar eiga fram að fara. Sérstaklega getur það verið vafasamt einmitt í þau skipti, er þingkosningar eiga sér stað. Ég fæ ekki séð, hvað n. telur við það að athuga, að hreppsnefndarkosningarnar fari fram á vorhreppaskilaþingi, eins og verið hefir.

Að öðru leyti virðist mér, að hv. meiri hl. allshn. hafi sniðið af frv. stærstu agnúana, sem á því voru, eins og það lá hér fyrst fyrir, þegar það var borið fram í deildinni.

*__Jónas Guðmundsson:__ Það voru fáein atriði, sérstaklega í ræðu hv. þm. Snæf., sem ég vil minnast á. Hann sagði, að við sósialistar værum þess aðallega hvetjandi að innleiða hlutfallskosningar sem allra víðast. Það er alveg rétt. En hann sagði jafnframt, að við hefðum aldrei fært fyrir því nægilega skýr rök, hvers vegna við vildum þetta, og það er algerlega rangt. Við höfum fært skýr rök fyrir því, hvers vegna við viljum hafa hlutfallskosningar sem víðast, og þau eru í fáum orðum þessi:

Í fyrsta lagi fæst æfinlega miklu meiri þátttaka í hlutfallskosningum heldur en í öðrum kosningum, þar sem margir eiga að kjósa. Það er eðlilegt vegna þess, að langtum meiri agitation er, þegar stillt er upp ákveðnum mönnum, heldur en þegar enginn veit, hverja kjósa á, fyrr en komið er á kjörstað, og jafnvel ekki þá.

Í öðru lagi eru hlutfallskosningarnar réttlátasta kosningaraðferðin, sem við þekkjum og getum viðhaft.

Og í þriðja lagi er, að því er hreppsnefndar- og sýslunefndarkosningarnar snertir, langeðlilegast, að þessar tvær tegundir opinberra stofnana séu skipaðar á sem svipaðastan hátt og Alþingi er skipað, því þessar n. hafa með höndum svipað starf og sjálft Alþingi, aðeins á miklu takmarkaðra svæði. Þetta er aðalorsökin til þess, að við viljum viðhafa hlutfallskosningar alstaðar þar, sem hægt er að koma þeim við. Ég er á þeirri skoðun, að nota eigi hlutfallskosningu í öllum hreppum og kauptúnum landsins, og því felldi ég mig bezt við að fá frv. samþ. óbreytt. Þá fyrst mundi fást verulegt samræmi í allar kosningar í landinu. Náttúrlega yrði þetta dálítið kátlegt í ákaflega litlum hreppsfélögum, að stilla upp listum og viðhafa hlutfallskosningu, en ekki kátlegra heldur en opinberu kosningarnar eru sumstaðar orðnar. Hvaða kosning er það, þó 10 til 20 bændur komi saman og kjósi 6 til 7 menn í hreppsnefnd fyrir 200 til 300 hreppsbúa? Það er enginn almennur kjósendavilji á bak við slíka hreppsnefnd, og kosningin yrði varla hlægilegri í minnstu hreppunum, þar sem kjósa á þrjá fulltrúa, þó stillt væri upp mönnum og viðhöfð listakosning. Flest l. verða þannig við yztu takmörk dálítið undarleg.

Ég er sammála hv. meiri hl. um það, að opinberar kosningar er sjálfsagt að banna með öllu og hafa allar kosningar leynilegar. En þeir hafa ekki leyst þau vandræði, sem hv. þm. A.-Húnv. benti á, að með þeirri kosningatilhögun, sem gert er ráð fyrir í till. á þskj. 192, er tæplega hægt að hugsa sér, að réttir varamenn komi í staðinn fyrir þá aðalmenn, sem forfallast kunna. Eða þar sem ekki er kosið eftir flokkum, heldur eingöngu eftir mönnum, hvaða varamaður á þá að koma í staðinn fyrir þennan og hinn aðalmann? Hv. 2. þm. N.-M. vill láta varamennina koma inn eftir atkvæðamagni, og virðist það liggja næst, þegar ekkert mark er hægt að setja á menn. Þetta er allt annað heldur en þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar og hver listi fær sína varamenn. En það kemur alltaf betur og betur í ljós, að það þarf að hafa varamenn í hreppsnefndum. Á fjórum árum verða það miklar breyt., að nauðsynlegt er, að ekki þurfi að

efna til kosninga í hvert sinn, er hreppsnefndarmaður flytur burt, deyr eða forfallast á annan hátt. Ef hv. meiri hl. allshn. gæti bent mér á möguleika á því að setja inn varamenn af einhverju viti með þessari kosningaraðferð, sem hann vill viðhafa og leyfileg hefir verið undanfarandi ár, væri ég ekki fjarri því, að þetta væri sem millibilsástand sæmilega heppileg lausn á málinu, þótt ég hinsvegar sé sannfærður um, að ekki liða mörg ár, ef flokkaskiptingin heldur áfram að vera grundvöllur kosninga í landinu, þangað til krafa kemur um það, að eingöngu hlutfallskosningar séu viðhafðar við sveitarstjórnarkosningar.

Svo er eitt atriði, sem mér finnst, að ætti að taka alveg skarið af um í þessum l., og það er, eins og hv. þm. Snæf. minntist á í fyrstu ræðu sinni, hvað átt er við með hugtakinu „kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag". Mega vera einn til tveir bæir utan kauptúnsins, eða mega þeir vera 10? Þetta atriði þarf að taka af skarið um í einhverjum lögum, svo við hugtakið sé hægt að miða annarsstaðar, og finnst mér, að annað verði ekki lagt til grundvallar en fólksfjöldinn. Ef við skulum segja $^2/_3$ hl. hreppsbúa eru búsettir í kauptúni, þá sé hreppsfélagið talið kauptún, þó því fylgi nokkrar jarðir, þar sem landbúnaður er rekinn. Ég held, að t. d. Akranesi fylgi ein eða tvær sveitajarðir. Dettur nokkrum í hug, að Akranes sé ekki þrátt fyrir það kauptún? En eftir till. hv. 2. þm. N.-M. skilst mér, að það mætti líta svo á, af því ekkert er tiltekið um hvernig þarf að haga til til þess, að kauptún teljist sérstakur hreppur. Aftur virðast þeir, sem flytja brtt. á þskj. 192, líta svo á, að það sé kauptún, þar sem $^3/_4$ af hreppsbúum búa í kauptúninu; a. m. k. ætlast þeir til, að þau hreppsfélög þurfi ekki að koma undir ákvæðið um kjördag síðasta sunnudag í júní. Ég vildi skjóta því bæði til meiri og minni hl. hv. allshn., hvort þeir telja ekki rétt að setja eitthvað ákveðið um þetta í l. sjálf, hvað margir mega vera búsettir utan sjálfs kauptúnsins til þess, að hreppsfélagið í heild teljist kauptún, en ekki hreppur. Þessu atriði er nauðsynlegt að slá föstu í einhverjum lögum, og ætti þá vel við, að það væri einmitt í þessum, þar sem gert er ráð fyrir mismunandi kosningafyrirkomulagi eftir því, hvort sveitarfélagið er talið hreppur eða kauptún. Ég gæti bezt fellt mig við að binda þetta við $^2/_3$ íbúa. Þá mundu flestöll hreppsfélög á landinu, þar sem á annað borð eru stærri kauptún, teljast til kauptúna, og þar ætti að vera skilyrðislaus skylda að viðhafa hlutfallskosningar, en ekki þurfa að sækja um leyfi til þess í hvert skipti, en leynileg kosning að vera fyrirskipuð í sveitunum, eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 192. Þó finnst mér þá vanta á að finna leið til þess, að varamennirnir komi inn á réttan hátt. Það er ekki sama, hvaða varamaður kemur fyrir hvern aðalmann; a. m. k. væri það ekki tekið gilt í kaupstöðunum, að fyrir aðalfulltrúa í bæjarstjórn kæmi varamaður úr allt öðrum flokki og með allt aðra afstöðu í málefnum bæjarfélagsins.

Sýslunefndarmennina finnst mér sjálfsagt, að hreppsnefndirnar kjósi, en ekki almennir hreppsfundir, sem e. t. v. koma ekki á nema fáeinar sálir. Ég veit um eitt tilfelli, þar sem komu 35 menn til að kjósa sýslunefndarmann, en sá, sem hlaut löglega kosningu, fékk ekki nema 5 atkv.; hin atkv. dreifðust á hina og þessa. Það er komin svo mikil ringulreið á þessar opinberu kosningar, að það á að hætta við þær; þær eru orðnar gamlar og úreltar. Og ég sé ekki annan aðilja heppilegri til að velja sýslunefndarmann heldur en hreppsnefndina; hann fer oftast með hennar umboð og fjallar um mál, sem hana snerta.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég fæ ekki skilið, hvernig hv. frsm., þm. Snæf., og hv. 6. landsk. tóku í mína brtt., og allra sízt þar sem þeir slá því fram, að það séu aðeins bjálfar, sem ekki geti hiklaust kosið eftir þeim reglum, sem lagt er til á þskj. 192. En það er alveg óhrekjanlegt, að þegar menn koma að kjörborðinu og eiga að skrifa samtímis númer á aðalmanni og varamanni í hreppsnefndina, þá segir það sig sjálft, að atkv. dreifast mjög mikið; þessi vill Pétur sem aðalmann, en hinn vill hann ekki nema varamann, og þannig gengur sitt á hvað. Getur þá svo farið, að ekki komi upp hlutur þeirra manna, sem mest traust er á og annars hefðu a. m. k. orðið varamenn. Þetta horfir öðruvísi við, ef kosningin er hlutbundin, og þá venjulega pólitísk, vegna þess að þá er nöfnunum stillt á listann í ákveðinni röð, sem ekki dreifist eða raskast í kosningunni, svo neinu nemi. En sé gengið út frá, að kosningin sé óhlutbundin og ekki pólitísk, en hver og einn skrifi á seðilinn nöfn þeirra manna, sem hann treystir bezt, er ómögulegt að framkvæma kosninguna á þann hátt að setja 10 nöfn — 5 aðalmanna og 5 varamanna — á sama lista, vegna þess að þegar atkv. dreifast þannig sitt á hvað, geta komið upp með sömu atkvæðatölu miklu fleiri menn en kjósa á. Ef við tökum dæmi úr minnsta hreppnum á landinu, sem hefir aðeins 46 menn á kjörskrá, og þar ætti að kjósa 3 aðalmenn og 3 varamenn, þá getur svo farið, ef hver kjósandi skrifar sín 6 nöfn á kjörseðilinn, að allir, sem kosnir eru, hljóti sín 15 atkv. hver sem aðalmenn og varamenn. En sé ekki greint á milli í kosningunni, hver sé kosinn aðalmaður og hver varamaður, koma menn inn í sömu röð og atkvæðamagn þeirra segir til. En það er alveg rétt, sem hv. 6. landsk. benti á, að með þessu fæst engin trygging fyrir því, að varamaður sé kosinn af sömu aðiljum og aðalmaður. En það er alls ekki tryggt heldur með brtt. á þskj. 192. Því verður ekki náð nema með hlutfallskosningu. Brtt. er því alveg eðlileg, og því fer svo fjarri, að hún sé bjálfaleg, að hún er eina framkvæmanlega leiðin, ef kosningin á ekki að vera hlutbundin og pólitísk.

Viðvíkjandi því að hafa kjördaginn síðasta sunnudag í júní vildi ég benda hv. allshn. á, að þar sem þessi dagur er lögákveðinn kjördagur til Alþingis, gæti leikið nokkur vafi á, hvort næði fengist til beggja kosninganna sama daginn. Það mundi leikandi heppnast í fámennum hreppum, en í stærstu hreppunum, með 300—400 kjósendur, efa ég, að tími ynnist til þess sama daginn. — Í öðru lagi er það um þennan kjördag að segja, að það er dálítið óviðkunnanlegt, að

hreppaskil séu nýafstaðin og þar tekin afstaða til mála, sem hreppsnefnd, sem kosin er nokkrum dögum seinna, er e. t. v. óánægð með. Ég held, að hitt væri heppilegra, að hreppsnefnd væri kosin áður en hreppaskil fara fram, svo hin nýja hreppsnefnd geti leitt málin á þeim fundi í samræmi við sinn vilja.

Viðvíkjandi því, sem komið hefir fram hjá ýmsum hv. þm., að heppilegast sé, að hreppsnefndir kjósi sýslunefndarmenn, í stað þess að kjósa þá almennum kosningum í hreppunum, þá er ég mjög á móti slíkri breytingu. Hinsvegar er sjálfsagt að hætta að kjósa sýslunefndarmenn á manntalsþingum, sem nú eru orðin alveg úrelt og ekki annað en dauður bókstafur, sem sumir sýslumenn eru hættir að framkvæma sjálfir, en senda einhverja á til málamynda. Vegna þess er alveg fráleitt að láta þær fáu hræður, sem á manntalsþingin koma, kjósa sýslunefndarmann, en sjálfsagt, að kosningin fari fram á almennum fundi. Ef horfið verður að því að hafa óhlutbundnar kosningar í sveitunum, sem ég tel alveg rétt, m. a. vegna óþarfa kostnaðar, sem fylgir hlutbundnum kosningum, getur ekki komið til mála annað en að kjósa aðalmenn í sýslunefnd og varamenn sitt í hvoru lagi. En þá er alveg víst, að í stærstu hreppunum vinnst ekki tími til þess sama dag og alþingiskosningar fara fram, sízt ef kjósa ætti bæði hreppsnefnd og sýslunefndarmann.

Ég sé ekkert athugvert við — sé hlutfallskosning ekki viðhöfð —, þó þeir komi inn sem varamenn, er næstbezt traust hafa. Sé miðað við það, að sá, sem flest fær atkv., hafi mest traust, og svo niður á við, er eðlilegt, að menn komi inn í þeirri röð, sem atkvæðamagnið segir til um.

*__Jón Sigurðsson:__ Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á, enda er málið orðið talsvert rætt. — Ég er einn af þeim, sem líta svo á, að ekki hafi verið aðkallandi að gera þær breyt. á sveitarstjórnarlögunum, sem hér er verið með, og hygg ég, að það sé ekki gert eftir ósk frá sveitunum. Mér er ekki annað kunnugt en að menn hafi unað þar vel því fyrirkomulagi, sem verið hefir. En úr því að gengið hefir verið inn á að breyta l., er sjálfsagt að ræða, hvað skárst er að taka upp. Það hefir talsvert verið rætt um að taka upp hlutfallskosningu, og hafa sósialistar einkum haldið henni fram, en ég sé ekki, að hún yrði til annars en að skapa óvild og óeðlilegan flokkadrátt í sveitunum, sem bezt væri að vera laus við. Hefir það margoft sýnt sig, að pólitiskur flokkadráttur getur ekki orðið til annars en bölvunar fyrir sveitarfélögin. En slíkt vill oft blossa upp samhliða hlutfallskosningum, og því er bezt að vera laus við þær.

Hv. 6. landsk. var að tala um, að manntalsþingin væru svo fámenn, að þar kæmu ekki nema 10—20 menn. En þar sem ekki eru nema 10—15 búendur í hreppnum, er varla hægt að búast við fjölmennum hóp.

Þá hefir allmikið verið um það rætt, hvernig haga skuli kosningu sýslunefndarmanna, og því verið haldið fram af sömu aðiljum, að eðlilegast væri, að þeir væru kosnir af hreppsnefndunum. Í því sambandi lét hv. 6. landsk. svo um mælt, að það fyrirkomulag, sem nú er, væri gamalt og úrelt og ætti að hverfa. Mér kom það dálítið einkennilega fyrir eyru að heyra, að það sé úrelt fyrirkomulag að veita kjósendum beinan þátt í kosningunum. Mætti þá hafa það eins um alþm., að hreppsnefndirnar kysu þá? Nei, þetta er aðeins fjarstæða, sem ekki tekur að ræða um. Vænti ég, að hv. d. telji sjálfsagt, að hreyfa ekki við því fyrirkomulagi, sem gilt hefir um kosningu sýslunefndarmanna; þannig er bezt tryggt, að þeir verði kosnir, sem hreppsbúar bera mest traust til. Að því er það snertir, hvenær hreppsnefndir í sveitum skuli kosnar, tel ég að ýmsu leyti óheppilegt að fastbinda það við ákveðinn dag, þann sama og kosið er til Alþingis. Gegn því hafa verið færðar ástæður, sem ég skal ekki endurtaka. En ég vil benda hv. frsm. meiri hl. er sagði, að þetta væri sunnudagur, svo ekki væri mikið misst að því er vinnu snertir, á, að fyrir bændur má svo kalla, að allir dagar séu jafnir, a. m. k. um þetta leyti árs. Þá er svo mörgu að sinna, að þeir þurfa að nota sunnudagana eins og aðra daga, og er því ekki um neina frídaga að ræða í sveitinni á þessum árstíma.

Að öllu athuguðu virðist mér heppilegast að sameina hreppsnefndar- og sýslunefndarmannskosningu a. m. k. í minni hreppunum. Þetta hefir verið svo, og mér er ekki kunnugt um, að það hafi orðið til nokkurra vandræða. En ég hygg, að það hafi yfirleitt gengið ágætlega. Ég sé því enga ástæðu til þess fyrir Alþingi að þvæla mönnum saman til margra funda til þess að vinna þau störf, sem auðveldlega er hægt að ljúka á einum og sama degi.

Að öðru leyti hirði ég ekki um að fara frekar út í umr. nú, enda er málið orðið allmikið rætt. E. t. v. kem ég með brtt. við 3. umr., en læt hér við sitja að sinni.

*__Gísli Sveinsson:__ Það er að vísu búið að taka fram, og nú síðast af hv. 7. landsk., margt af því, sem ég vildi láta koma fram. — Ég er einn af þeim mönnum, sem ekki telja knýjandi þörf að koma nú fram með slíkar breyt. sem þessar. Það er enda kunnugt, að það hefir fyrr komið til tals hjá Alþfl., að heppilegast væri að koma á hlutfallskosningu við hreppsnefndarkosningar og sýslunefndarmanns í sveitum landsins. Það er því ekki þannig að skilja, að mér komi það á óvart, þó slíkt frv. sé borið fram af Alþfl., en það mun ekki eiga hljómgrunn annarsstaðar. Hefir hv. allshn. borið frv. fram, að vísu með því skilorði, að nm. hafi óbundnar hendur um að koma fram með brtt.

Á þskj. 192 eru fram komnar allvíðtækar brtt., sem allar miða að því að draga úr þeirri aðalreglu Alþfl. að viðhafa hlutfallskosningu. Ég er flm. brtt. sammála að því leyti, að ég taldi ófyrirsynju að fara með hlutfallskosningu út fyrir stærstu kauptúnin. Að vísu tekur brtt. ekki af skarið, og má segja, að það sé eðlilegt að leyfa hlutfallskosningu, ef hreppsbúar geta fallizt á hana. En mér þykir heldur lítið, að ekki þurfi nema $^1/_{10}$ til þess að krefjast hlutfallskosningar, því það er tiltölulega auðvelt að fá svo lítinn hl. til þess að krefjast hins og annars.

Sýnist mér ástæðulaust að hafa þennan hl. minni en svo, að miða hann við það, að þeir, sem krefjast hlutfallskosningar, hefðu aðstöðu til að koma að manni. En mér skilst, að meiri hl. hafi gengið þetta á móti til samkomulags við stefnu minni hl. — Annars er þetta í flestum stöðum óþarfi, en þó samþ. verði, býst ég við, að það geri hvorki til eða frá. Þó hefði ég talið æskilegra að breyta þessu við 3. umr.

Þá skal ég í þessu sambandi minnast á þær brtt. aðrar, sem fram hafa komið frá þeim hv. 2. þm. Reykv. og 1. landsk. á þskj. 203 og frá hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 208. Ég skal þá taka fyrst brtt. hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 208. Þar er 1. brtt. við 2. málsl. 3. tölul. á þskj. 192 nokkuð óskýrt orðuð, og þarf að athuga það. Ég hafði skilið þetta svo, að meiningin væri að fella niður hlutfallskosningu nema í bæjum og kaupstöðum, sem eru sérstök hreppsfélög. Þessu þarf að breyta til samræmis, en ég tók ekki eftir, hvort hv. þm. gaf skýringu á þessu atriði. (**PZ**: Það er rétt, þessu þarf að breyta).

Þá er nokkuð óskýrt milli hv. 2. þm. N.-M. og 6. landsk., hvaða ákvæði þurfi að setja um, hvenær kauptún telst sérstakt hreppsfélag. Hv. 6. landsk. var að tala um, að endilega þyrfti að búa út lagaákvæði hvað snertir kauptún, sem eru sérstakur hreppur. Ég hélt nú, að það, sem hv. 2. þm. N.-M. raunverulega meinti, sé hreppsnefnd í kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag. Í stað þess orðar hann þetta öfugt og segir: í hreppsfélögum, sem eru sérstakt kauptún. Það er ekki til. En til eru sérstök kauptún, sem eru sérstök hreppsfélög, og er iðulegt að löggjöfin miði við það. Ef hann á við það, er það rétt. En þá er það út í hött, sem hv. 6. landsk. er að tala um. (**Rödd**: Er ekki Víkurkauptún sérstakt hreppsfélag?). Ég veit, að Víkurkauptún er sérstakt hreppsfélag, en þar eru yfir 300 manns, sem hafa óskað að skiljast frá sem hreppsfélag. En ef ekki eru uppfyllt þau skilyrði, þá eru mörkin fyrir kauptúnum aðeins þau, hvort afmörkuð er verzlunarlóð. Undir öllum kringumstæðum, ef hann á við annað en þetta, hreppsnefnd í kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, þá þarf sérstaklega að taka það til. En af því leiðir ekki að setja í l., hvað séu sérstök kauptún, því að kauptún er á því svæði, þar sem afmörkuð er verzlunarlóð. Þetta liggur í hlutarins eðli, svo framarlega sem á að hugsa og orða réttilega.

Ég vil leggja til, að þessar till. verði teknar aftur til 3. umr. og ekki greidd atkv. um þær meðan menn greinir á um, hvað með þeim er meint. Að öðru leyti get ég verið samþ. hv. 2. þm. N.-M. um það, að þetta má alveg binda, ef hann meinar sérstakt hreppsfélag, ef menn vilja hafa það út af fyrir sig. Það er iðulega miðað við þau kauptún, sem eru næst kaupstöðum og eru sérstakt hreppsfélag og skilin frá sveitinni. Það má gera, en ella er ekki gott að komast af, nema eins og meiri hl. gerir, að tilgreina, að ef sérstakur hl. af kjósendunum óski þess. Ég tel þann hluta of lítilfjörlegan til að ráða yfir öllu þorpinu, þar sem þessi flokkur gæti engu ráðið um kosningar út af fyrir sig.

Hvað skriflegum kosningum viðvíkur, þá tel ég, eins og hv. þm. Borgf. og hv. 7. landsk., að vel megi við það hlíta, ef menn koma sér saman án þess að hleypa „pólitik“ og grunsemdum að, og sé þetta ekki of gott þeim hreppum, sem enn geta fótað sig á grasi því, sem þeir eru á, en hafa ekki runnið á svelli sósíalista beint inn í þvarg kauptúnanna. Ég vil lofa þeim að standa eins fast á moldinni og þeir geta, og það, sem þeir vilja, megi þeir velja, og viðhafa þá hvorki skriflegar kosningar né leynilegar né hlutfallskosningar.

En sé kosning skrifleg, þá sýnist, að menn geti komizt í bobba við að kjósa aðalmenn og varamenn í einu. Það getur verið, að varamaður fái atkv. eins mörg og kannske fleiri en aðalmenn. Því að hugsanlegt er, að einhverjir taki þátt í kosningu varamanna, en ekki aðalmanna. Undir öllum kringumstæðum getur varamaður fengið fleiri atkv. heldur en einhver af aðalmönnum, því að það er ekki nauðsynlegt, að menn kjósi alla mennina. (**BÁ**: Sami maður getur fengið fleiri atkv. sem varamaður en aðalmaður). Víst er það, og ekki getur hann orðið hvorttveggja, og þarf einhvernveginn að komast út úr þessu. Í sýslunefnd er kosinn aðalmaður fyrst, og varamaður á eftir. Við slíkar kosningar getur iðulega verið um að ræða að kjósa þann sem varamann, sem ekki komst að sem aðalmaður. Í annan stað getur komið til mála, að sá, sem hefir flest atkv. þeirra, sem ekki komast að sem aðalmenn, verði varamaður, og koll af kolli. Menn geta haft það á móti, að það komi annar litur inn. En ég og fleiri erum að tala um, að ekki ráði flokkadráttur, en að það sé frjálst val, sem fari fram, þó að það sé skriflegt.

Annars eru menn svo ósammála enn í þessu efni, að ég legg til, að þessar brtt. séu athugaðar til 3. umr., og að menn komi sér saman til 3. umr. um glögga orðan og hvað heppilegast sé til að forðast sýnilega árekstra.

Að því er snertir sýslunefndarmenn vil ég taka fram, að ég er sammála meiri hl. n. og þeim öðrum, sem telja enga þörf, og sízt til bóta, að kjósa þá hlutfallskosningu eða kjósa þá af hreppsn. Og það var alveg réttilega fram tekið af hv. 7. landsk. til hv. 6. landsk., sem nú heyrir mál mitt, að það er einkennileg rökfærsla hjá honum og öðrum sósíalistum, sem berjast fyrir hlutfallskosningum gegnum þykkt og þunnt alstaðar á landinu. Hann segist vera lýðræðismaður. „Segist“, sagði ég, því að það er undarlegt, að hann skuli þá jafnvel berjast fyrir því, að kjósendur í hreppunum megi ekki kjósa sína fulltrúa í sýslunefnd, heldur verði að gera það einhver klíka, en kjósendur fái ekkert að segja. Þetta er að hverfa inn í frumstæðara fyrirkomulag, sem tilheyrir fortíðinni, þegar nefndir kusu fulltrúa á þing. Nú vill hv. þm. innleiða aftur, að hinir fáu kjósi fulltrúa, en hinir mörgu séu látnir sitja á hakanum.

Það er líka misskilningur hjá honum, að það sé hið sama, sem sýslun. fást við og hreppsn. Það kemur ýmislegt til greina, sem ekki er sameiginlegt. Engin þörf er heldur að rifta kjördeginum. Það hefir verið svo, að samkomur í sveit hafa stundum verið fjölmennastar á manntalsþingum, og þá er kosinn sýslunefndarmaður og vara-

maður. En stundum er nokkuð erfitt að halda hreppaskilaþing sökum þess, hve fáir koma.

Meðan ég sé hv. 1. landsk., vil ég skjóta að honum, að hann oftalaði sig þegar hann sagði, að títt væri, að sýslunefndarmaður væri í ósamræmi við hreppsn. í sínum hreppi. Ég þykist vita, að hv. þm. hafi sagt þetta til þess að segja eitthvað til að reyna að styðja sitt mál, því að ég fullyrði, að hann geti ekki vitað um þetta; og ég mótmæli því sem ástæðulausu.

Ég sé, að tíminn er áliðinn, og hætti nú. Ég hefi bent á það, sem mestu máli skiptir. Ég vænti, að hvorki verði gengið til atkv. nú né sumt af þessum till. komi fram öðruvísi en breyttar.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 97, 192, 203, 208, 222).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 222. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Hannes Jónsson:** Ég hlýddi á umr. um þetta mál í gær með talsverðri eftirtekt, en ég verð að segja, að ég varð fyrir vonbrigðum um þær umr. — Eins og mál þetta er til komið, þá dylst engum, að það, sem aðallega er deilt um, er það, hvort eigi að koma á hlutfallskosningum við hreppsnefndarkosningar eða ekki. Það er nú að vísu svo, að í grg. þál. frá 1933 um endurskoðun þessarar löggjafar er þess getið, að það sé ekki stefnt að því að koma á hlutfallskosningum við kosningar í sveitum, heldur eigi að gera þetta eins frjálst og hægt sé, og þá sérstaklega, að kjósendur geti valið á milli, hvor kosningaraðferðin skuli viðhöfð. Og nú sé ég ekki betur en að þetta ákvæði sé fullkomlega tryggt í gildandi lögum, þar sem í 29. gr. l. frá 1929 er skýrt tekið fram, að oddvitar sýslunefnda skuli fyrirskipa hlutfallskosningar, ef þess sé krafizt. Undir meðferð þessa máls í n. hefir þessi tviþætti skilningur komið fram og rekizt á, hvort beinlínis ætti að fyrirskipa hlutfallskosningar í sveitum eða láta kosningaraðferðirnar vera eftir frjálsu vali. En til þess að komast hjá því að velja um þetta, þá grautar hv. n. saman þessum tveimur stefnum, og það svo mjög, að ekki verður hægt að komast klakklaust hjá agnúunum. Þetta kom líka þegar fram í gær undir umr., þar sem einum fannst þetta ákvæði ómögulegt, en hinum hitt. Það mun því sannast, að lögin yrðu með öllu óframkvæmanleg eftir till. hv. n., nema með sífelldum árekstrum.

Þeir, sem héldu því fram að hafa kosningarnar eins og nú er, hreppsnefndarkosningarnar á vorhreppaskilum og sýslunefndarkosningarnar á manntalsþingum, athuga ekki, að þetta er gert ómögulegt í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að skipta megi hreppum í kjördeildir. Eins og kunnugt er, þá er það fyrirskipað í lögum, að menn mæti á manntalsþingum, og varðar meira að segja sektum, ef út af er brugðið. Nú mun það ekki tilætlun löggjafans að knýja menn til þess að brjóta á móti þeim lögum, sem hann setur, en það er beinlínis gert í þessu tilfelli. Menn geta t. d. alls ekki sótt manntalsþing, sem sæti eiga í annari kjördeild en þar, sem manntalsþingið er háð, a. m. k. alls ekki þeir, sem sæti eiga í kjörstjórninni, því að þeir verða að stjórna kosningunum til hins síðasta. Mér virðist, að ekki geti annað komið til greina en breyta þessu ákvæði. Eins og bent hefir verið á, verður mjög erfitt að láta sveitarstjórnarkosningar fara fram sama dag og kosið er til Alþingis. Til þess að það geti gengið með góðu móti þyrfti fyrst og fremst að hafa tvær kjörstofur, en víða hagar svo til til sveita, að það er varla hægt, og jafnframt þyrftu að vera tvær kjörstjórnir. En þá gæti komið fyrir, að einn og sami maður ætti sæti í báðum kjörstjórnunum. Þessir örðugleikar virðast mér með öllu útiloka, að þessar tvennar kosningar sé hægt að láta fara fram sama daginn.

Hvað snertir hreppsnefndarkosningarnar, þá hefir og verið bent á það, að illmögulegt myndi verða að láta kosningu aðalmanna og varamanna fara fram samtímis. Til þess að bæta úr þeim ágalla, sem er að þessu leyti á frv. og brtt. á þskj. 192, hefir hv. 2. þm. N.-M. komið fram með brtt., sem ganga í þá átt, að þessu atriði skuli skipa á þann veg, að kosning aðalmanna og varamanna skuli vera sameiginleg, en að þeir, sem flest fá atkv. við kosninguna, skuli vera aðalmenn, en þeir, sem næstir verða með atkvæðatölu, varamenn. En við þessa till. er það að athuga, að „teoretiskt" séð gæti það komið fyrir, að hreppsnefnd yrði skipuð mönnum, sem engum hefði dottið í hug að hafa fyrir aðalmenn. Setjum svo, að kjósa ætti 5 aðalmenn og 5 varamenn í einhverjum hreppi, og að kjósendurnir skiptust í tvo flokka, þannig að annar flokkurinn hefði 60% af greiddum atkv., en hinn 40%. Segjum svo, að fyrri flokkurinn kysi mennina A, B, C, D, E, sem fengju samkv. þessu 60% af atkv. Aftur á móti kysi hinn flokkurinn mennina F, G, H, I, J, sem fengju því 40% af atkv. En nú gæti það komið fyrir, að báðir partar hefðu komið sér saman um varamennina K, L, M, N, O, og kysu þá. Fengju þeir því öll atkv. og yrðu aðalmenn í staðinn fyrir varamenn. — Menn kunna nú að segja, að þetta sé bara „teoria", en ég vil þá segja, að „teoria" getur orðið að „praksis", og því getur það komið fyrir, sem ég hefi bent hér á.

Einasta leiðin til þess að komast út úr þessu öngþveiti er sú, að fylgja þeirri venju, sem alltaf hefir verið viðhöfð í þessu efni, að kjósa fyrst aðalmennina, og varamennina svo á eftir. Þessari reglu hefir verið fylgt við kosningar í sýslunefndir, og er viðhöfð við kosningar aðalmanna og varamanna í stjórnir ýmsra félaga og fyrirtækja, þar sem hlutfallskosning er ekki viðhöfð.

Þá eru og ýms fleiri atriði í þessu frv., sem sýnast í fljótu bragði munu verða torveld í framkvæmd, og má þar til nefna t. d. utankjörstaðakosningar, sem frv. gerir ráð fyrir, að geti átt sér stað við kosningar í sveitarstjórnir, eins og nú við kosningar til Alþingis. Það er gert ráð fyrir að nota sömu eyðublöðin í báðum tilfellunum.

Það er margt fleira í frv., sem ég held, að reynast muni torvelt að framkvæma. Nú er svo fyrir

mælt í frv. um kosningar í hreppsnefnd, að kjósandinn á að skrifa á miða númer þess manns á kjörskránni, sem hann ætlar að kjósa. Í ákvæðum um kosningar, sem fara fram utan kjördæmis, er gert ráð fyrir, að notuð verði samskonar eyðublöð og við síðustu alþingiskosningar. Og hvernig eru svo fyrirmælin um þetta í frv.? Það á að skrifa á miða númer þess manns á kjörskránni, sem kjósa skal. Nú er ég t. d. staddur hér í Rvík, þegar hreppsnefndarkosning fer fram í minni sveit. Hvað veit ég þá um númer þeirra manna á kjörskránni, sem ég hugsa mér að kjósa í hreppsnefndina? Nú má ef til vill segja, að heimild sé að skrifa nöfn þeirra á seðilinn. En ef kjósa á 7 aðalmenn og auk þeirra 7 varamenn í hreppsnefndina, hvernig á þá að koma öllum nöfnunum fyrir á þessum litla miða? Þessi kosningaraðferð yrði áreiðanlega örðug í framkvæmdinni.

Þá eru ákvæðin um samningu kjörskránna við sveitar- og bæjarstjórnarkosningar í meira lagi álappaleg, og skil ég ekki, hvernig hv. meiri hl. allshn. hefir getað dottið í hug að láta slíkan óskapnað frá sér fara. Eftir þessum reglum á kjörskrá til sveitarstjórnarkosningar, sem samin er t. d. 24. jan. 1937, að ganga í gildi 23. jan. 1938. Þessi fáránlega breyt. á gildandi lagaákvæðum um samningu og gildi kjörskráa ber vott um þann hundavaðshátt, sem þessu frv. er samfara. Því ekki að fara ennþá lengra aftur á bak og fyrirskipa sveitar- og bæjarstjórnum að semja kjörskrár, sem koma í gildi eftir 10 ár?! — En hvað var annars á móti því að láta það ákvæði haldast óbreytt, sem nú gildir, að hafa kjörskrár í kaupstöðum tilbúnar í desembermánuði, sem svo ganga í gildi eftir áramótin, seinnipartinn í janúar? Ég get ekki betur séð en að það verði að breyta þessu ákvæði, ef það er meiningin að reyna einhverntíma að nota þessi nýju lög.

Þá er í meira lagi fljótfærnislega gengið frá niðurlagsákvæðum frv. Þar er svo fyrir mælt, að kosningar samkv. þessum lögum skuli í fyrsta sinn fara fram 1938, en þangað til skuli kosningar fara fram samkv. lögum um sveitar- og bæjarstjórnarkosningar frá 1929. Það á því aðeins að láta kosningarnar fara fram eftir þessum einu lögum. Nú hefir þeim lögum verið breytt með öðrum lögum frá 1933 og 1934. En það á ekkert að fara eftir þeim né taka þau til greina! Með fyrri málsgr. 36. gr. frv. eru þessi lög hvortveggja úr gildi felld, eins og tekið er fram í gr. sjálfri. — Ég geri ráð fyrir, að meiningin hafi nú verið sú, að þær kosningar til sveitar- og bæjarstjórna, sem fram færu á þessu tímabili til 1938, skyldu, ef til kæmi, fara eftir núgildandi lögum frá 1929 með áorðnum breytingum frá 1933 og 1934. En þá verður að sjálfsögðu að breyta þessu álappalega ákvæði í fyrri hluta 36. gr.

Ég held, að það irafár, sem gripið hefir þá menn, er að þessu frv. standa, hafi komið nokkuð að ófyrirsynju. Ég sé enga knýjandi ástæðu til þess að breyta sveitarstjórnarlögunum, nema þingheimur vilji yfirleitt koma þeirri breyt. á, að láta allar kosningar fara fram eftir hlutfallskosningarreglum; þeir, sem það vilja, eru sjálfum sér samkvæmir, og þá er ekki um neina árekstra að ræða í þessu frv. frá þeirra sjónarmiði. En hinir, sem eru mótfallnir hlutfallskosningum, eiga vitanlega að vera á móti þessu frv. og brtt. allshn. Ég held, að menn hafi ekki gert sér það ljóst, hversu örðugt er að framkvæma slíka lagasetningu sem þessa á grundvelli frv. og brtt. allshn., er fyrir liggur. Og ef þeir vilja samþ. þetta frv. til þess að koma því frá, þá er þetta ekki sæmileg afgreiðsla á því, eða eins og vera ber. Það verður fyrst að taka málið föstum tökum og gera sér ljóst, hverjir örðugleikar eru á að framfylgja því. Og ef það reynist ekki hægt nema á grundvelli hlutfallskosninga, þá verður að stíga það spor fullt út og gangast hreinlega við því nú þegar á þessu þingi, en ekki að vera að tvístíga og segjast ekki vilja hlutfallskosningar, en taka svo upp þetta millispor, sem hlýtur að leiða til þess fyrirkomulags. — Þeir, sem vilja hafa hlutfallskosningar, hafa hér séð sér leik á borði og flekað hina. Ef til vill hafa sumir látið flekast viljandi, af því að þeir hafa ekki séð sér fært að berjast opinberlega fyrir hlutfallskosningum. Þetta er kannske mannlegt, en ekki er það mikilmannlegt, eins og komizt var að orði í öðru sambandi. — Ég mun því greiða atkv. gegn öllum breyt. á núv. lögum um sveitarstjórnarkosningar, af því að það er ekki hægt að breyta þeim án þess að því fylgi svo miklir örðugleikar, sem gera ómögulegt að framkvæma þau. Ég skal t. d. benda á það, að hafi sumir látið sér detta í hug að nema burt einn agnúa á gildandi kosningalögum og hætta að kjósa sýslunefndarmenn á manntalsþingum vegna þess, að kjósendur eigi erfitt með að koma á manntalsþing, þá ætla þeir sér að greiða úr þessu með því að láta kosningarnar eftir sem áður fara fram á einum stað í hreppnum. En þá er numið burt úr þessu frv. það ákvæði, sem helzt virðist vera vit í og á að létta fyrir kjósendum að neyta atkv. síns, en það er heimildin til þess að kjósa í kjördeildum, sem nú eru víða tvær til þrjár í stórum hreppum. Þetta sýnir m. a., hve lausalopalega er fá þessum brtt. gengið. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. þdm. leggi svo mikla áherzlu á að koma fram einhverjum breytingum á þessum kosningalögum, að þeir nemi burt úr frv. einu nýtilegu ákvæðin.

Ég skal svo ekki hafa þetta öllu lengra, en ég vil skora á hv. allshn. að taka það enn á ný til rækilegrar yfirvegunar, hvort nokkur nauðsyn er á því að breyta þessum lögum, því að ég hefi ekki heyrt aðrar ástæður bornar fram fyrir því en þá, að það þurfi að koma á hlutfallskosningum sem víðast. En ef um fleiri ástæður er að ræða, væri fróðlegt að heyra þær tilgreindar. Ég hefi ekki heyrt þær nefndar, og hv. frsm. allshn. hefir varizt allra frétta í því efni. — Ég hefi bent á eitt atriði í frv., sem muni vera til bóta frá því, sem nú er í lögunum, en svo eru uppi raddir um að nema það burtu úr frv., til þess að hægt sé að framfylgja lögunum, ef frv. verður samþ. með þeim brtt., sem fyrir liggja frá meiri hl. allshn.

Það er ekki nema um tvennt að velja, ef frv. á fram að ganga, annaðhvort þessa leið eða hlutfallskosningarfyrirkomulagið. En ég er fyrir mitt leyti alveg mótfallinn því, að verið sé að þvinga fram hlutfallskosningar, og hygg, að

flest eða öll sveitarfélög á landinu séu því mótfallin. — Það er einnig mjög örðugt að undirbúa þær. Og mörg sveitarfélög yrðu að fá prentaðan fjölda eyðublaða til afnota við kosningarnar, eða láta fjölrita þau. Gæti þá komið til álita, hvort öruggt væri, að ekki yrði hægt að koma við brellum.

Ég lít svo á, að þetta frv. hafi ekki hinn minnsta tilverurétt, og mætti það sannarlega liggja í hvílu sinni nokkur ár, án frekari afgreiðslu en orðin er.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 229.]

Till. er of seint fram borin og auk þess skrifl., og þarf því tvenn afbrigði frá þingsköpum til þess að hún geti komizt að á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Þetta mál hefir nú sætt andmælum úr ýmsum áttum, og skal ég játa það, að sum af þeim eru á nokkrum rökum byggð, en önnur ekki. Það hefir verið talað um, að reglur þær, sem settar eru í brtt. meiri hl. allshn. um kosningar á aðalmönnum og varamönnum í sveitarstjórnir, gætu valdið ruglingi. En ég sé ekki, að svo þurfi að vera. Ég held, að það hafi verið hv. þm. A.-Húnv., sem sagði, að það væri ókleift að kjósa varamenn í hreppsnefnd, nema fyrst væri vitað um það, hverjir hefðu náð kosningu sem aðalmenn. En þessari reglu hefir víða verið framfylgt. Og ég hygg, að raunin hafi orðið sú, að þeir menn, sem mest traust höfðu meðal kjósenda, hafi hlotið kosningu sem aðalmenn, og hinir sem varamenn, er höfðu næstmest traust. Ef aðalmenn og varamenn þeirra eru kosnir í einu lagi, þá er það líklegt, að aðalmenn og varamenn komi fram með svipaðri atkvæðatölu frá þeim kjósendaflokki, er á bak við þá stendur. Kjósendur munu fyrirfram safnast í hópa um ákveðna fulltrúa eftir hagsmunum og sameiginlegum áformum, og þá munu aðalfulltrúar og varafulltrúar þeirra fá mjög svipað atkvæðamagn. Aðalmenn og varamenn hljóta að ná kosningu eftir sömu hlutföllum, eða því sem næst.

Hv. 6. landsk. var að bera fram rök fyrir réttmæti hlutfallskosninga og benda á, hvers vegna þær væru æskilegri en óhlutbundnar kosningar. Ýmislegt af því, sem hann sagði, var rétt. En það getur alls ekki staðizt sem föst regla, er hv. þm. hélt fram, að þátttaka kjósenda sé ætíð meiri í hlutfallskosningum en óhlutbundnum kosningum. Hv. þm. sagði, að Alþfl. vildi alstaðar innleiða hlutfallskosningareglu. En ég verð að benda honum á, að það hefir ekki borið mikið á þeim áhuga hjá flokknum við skipun Alþingis, síðan hann komst þar í meirihlutaaðstöðu. Reynslan hefir sýnt, að jafnaðarmenn hafa þvert á móti ruglað skipun þingsins. Ég veit, að hin slæma samvizka hv. 6. landsk. muni minna hann á, hvað það er, sem ég á við. Ef þeim er það nokkur alvara að haga skipun Alþingis skv. reglu hlutfallskosninga, þá er það nú á þeirra valdi.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði hér í þessu máli með allmikilli dýfldni og merkissvip. Sagðist hann hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum um meðferð þessa máls hér í d. Ég hygg, að það sé nú ekkert óvenjulegt fyrir þennan hv. þm., þó að hann verði fyrir vonbrigðum. Það mun vart vera um annað að ræða en að farið sé gagnstætt hans vilja í flestum málum hér á Alþingi. En hinsvegar get ég lýst því yfir, að ég varð ekki fyrir neinum vonbrigðum að því er snerti ræðu þessa hv. þm.; hún var, eins og venjulegt er um ræður hans, full af dýfldni og hroka. Hv. þm. sló því fram, að það væri engin þörf á þessari lagabreytingu, og staðhæfði, að það væri ekki hægt að láta sveitarstjórnarkosningar fara fram samtímis alþingiskosningum. Hann hefir sýnilega ekkert íhugað málið, og þess vegna má segja, að það sé ekki ástæða til að þrefa við hann um það. En ef hv. þm. hefði skilið það og reynt að kryfja það til mergjar, þá hefði hann vitanlega fundið, að það er einungis til að gera þessar kosningar auðveldari og léttari í framkvæmd, að kosningareglurnar eru samræmdar við gildandi reglur um alþingiskosningar. Þess vegna er meðal annars sett inn í frv. ákvæði um það, að kjörskrár til bæjar- og sveitarstjórnarkosninga skuli samdar um leið og kjörskrár til alþingiskosninga. En það fannst hv. þm. óskiljanleg ráðstöfun. Frv. er beinlínis miðað við það, að fylgt verði samskonar kjörreglum við sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar. Og af þeirri ástæðu er kleift að láta þessar kosningar fara fram samtímis. Það er vitanlega nægilegt að hafa eina kjörstjórn í hverjum hreppi eða kjördeild, sem stjórnar hvorumtveggja kosningunum. Auðvitað verða hafðir tvennir kjörseðlar og tvennir atkvæðakassar, annar fyrir þingmannakjör og hinn fyrir sveitarstjórnarkosningar. Hver kjósandi skilar þingkjörsatkvæðaseðlinum í annan kassann og sveitarstjórnarkjörseðlinum í hinn, og þá þarf þetta ekkert að ruglast, en getur hinsvegar sparað kjósendum mikil ómök, sérstaklega í strjálbyggðum sveitum, að ljúka þessum kosningum á einum og sama degi, í stað þess að nú þarf fólkið að eyða til þess tveimur dögum.

Hv. þm. V.-Húnv. leyfði sér að fara með getsakir og dylgjur til meiri hl. allshn., þar sem hann dróttaði því að okkur, að við vildum í raun og veru taka upp hlutfallskosningar, og gengjum af ásettu ráði og með lævísi svo ruglingslega frá þessu kosningalagafrv., að ekki væri annars kostur, ef það yrði að lögum, en að taka almennt upp hlutfallskosningar við sveitarstjórnarkjör. Taldi hann, að meiri hl. allshn. hefði ekki þorað að gera sig beran að þessu, af því að það mundi vera óvinsælt í sveitunum að ógilda núverandi kosningafyrirkomulag. Þessar ósæmilegu getsakir hv. þm. eru alveg út í hött.

Það vakti eingöngu fyrir meiri hl. allshn. að gera kosningafyrirkomulagið sem frjálsast og auðveldast fyrir sveitirnar. Og gæti ég sýnt hv. þm. betur fram á það, að þessar kosningareglur þurfa ekki að leiða til ruglings á nokkurn hátt, ef hann hefði nokkurn vilja til þess að skilja þær, og ef það svaraði fyrirhöfninni; því að það skiptir litlu máli, hvoru megin hryggjar hann liggur.

Þá vildi hv. þm. hengja sig í það, að í niðurlagsákvæðum frv. hefir n. gleymzt að vitna til breytinga, sem gerðar höfðu verið á núv. lögum um sveitarstjórnarkosningar frá 1929, á þingunum 1933 og 1934. — Þetta er að vísu rétt athugað hjá hv. þm., en það var tilætlun allshn. að taka þetta til athugunar og flytja brtt. um það við 3. umr.

Hv. þm. vildi af sinni góðfúslegu mildi afsaka meiri hl. allshn. með því, að hann hefði að vísu hagað sér mannlega í þessu máli, en ekki stórmannlega. Ég verð nú að segja það í þessu sambandi, að mér finnst það hljóma dálítið einkennilega í munni þessa hv. þm. að álasa öðrum fyrir það, að þeir komi ekki stórmannlega fram; það sæmir honum sízt. Og gæti ég gefið nánari skýringar á því, ef hv. þm. óskar þess.

Það hefir komið fram í umr. um þetta mál, að sumir þdm. vilja engar breyt. gera á núv. lögum um sveitarstjórnarkosningar, en aðrir vilja miklar breyt. á þeim. En ég hygg, að almennt muni það þykja heppilegast, að farinn verði meðalvegur í þessu máli. Vona ég, að sá gullni meðalvegur, sem meiri hl. allshn. hefir valið, muni reynast happadrýgstur, og vænti, að meiri hl. hv. dm. vilji fara þann veg.

*__Jónas Guðmundsson:__ Í umr., sem fóru fram um þetta mál hér í d. í gær, var talsvert beinzt að mér og því, sem ég hafði sagt, sérstaklega af hv. 7. landsk. og hv. þm. V.-Sk., og skal ég nú víkja nokkrum orðum að þeim til andsvara.

Hv. 7. landsk. taldi það hlutfallskosningum til foráttu, að þær mundu skapa meiri óvild á milli þeirra manna, sem ættu að vinna saman í sveitarstjórn, og leiða til flokkadráttar í sveitamálum. En þetta er hinn mesti misskilningur. Það er alls ekki meiri óvild ríkjandi á meðal andstæðra flokksmanna í bæjarstjórnum, þar sem fulltrúar eru kosnir samkvæmt hlutfallskosningu, heldur en í hreppsnefndum, þar sem fulltrúar eru kosnir eftir núverandi fyrirkomulagi. Og hlutfallskosningar hafa þann stóra kost, að kjósendur bera ábyrgð á þeim fulltrúum, sem þeir hafa sjálfir valið samkvæmt listakosningu og standa því á bak við þá.

En um hina er það að segja, sem kosnir eru í þessar stj. án þess að þeir tilheyri neinum ákveðnum flokki í bæjar- eða þjóðfélaginu, að á þeim ber enginn ábyrgð og enginn tekur málstað þeirra af flokkslegri þörf. En flestöll mál í bæjar- og sveitarfélögum eru einmitt rædd eftir hinum flokkslegu sjónarmiðum á hverjum tíma. Þess vegna er það alveg rangt að mínu áliti, að hlutfallskosning skapi meiri óvild en aðrar kosningaaðferðir.

Þá minntust báðir hv. þm. á það, að ég, sem vildi flagga með því, að ég væri lýðræðismaður, skyldi vilja afnema það skipulag að kjósa sýslun. eins og nú, að fólkið veldi sjálft; en ég vil, að hreppsnefndir kjósi. Þeir töldu slíkt ekki geta samrýmzt skoðun minni og míns flokks, að einhver slík klíka veldi þessa menn. Ég er í sjálfu sér ekki á móti því, að fólkið kjósi mennina í sýslun. En það er ekki fólkið almennt, sem kýs þá nú. Þeir eru kosnir á mjög fámennum fundum, þar sem ekki er nándar nærri helmingur kjósenda viðstaddur. Það koma nokkrir bændur, sem eiga heimangengt, þegar fundurinn er, en allur þorri fólksins situr heima.

Hv. þm. tóku alþingiskosningar til samanburðar, eins og þar sé nokkuð líku saman að jafna. Að þeim standa fyrst og fremst ákveðnir frambjóðendur, og má ekki um aðra velja. Við sýslunefndarkosningar má kjósa hvern, sem hefir kosningarrétt, og engum þarf upp að stilla. Í öðru lagi er það, að að hverjum einasta frambjóðanda — a. m. k. oftastnær — stendur ákveðinn stjórnmálaflokkur, stór eða lítill, sem meira eða minna vinnur að kosningu frambjóðandans. Í þriðja lagi er kosning á þm. leynileg, en kosning þessara fulltrúa opinber, þannig að hver segir upphátt, hvern hann kjósi. Munurinn á þessum tvennum kosningum er svo mikill, að þeim er á engan hátt saman jafnandi.

Ég tel hinsvegar, að starfssvið sýslunefnda sé svo nátengt starfssviði hreppsnefnda, þar sem sýslunefndir eru í flestum greinum einskonar yfirstjórnir hreppsnefnda, að það ætti blátt áfram að skipa sýslunefndir oddvitum hreppanna og engum öðrum. Væru þeir sjálfkjörnir sýslunefndarmenn, álít ég að mörgu leyti miklu heppilegri skipun á þessum málum en nú er. Sýslunefndarmaður getur verið mjög svo á móti hreppsnefndinni í sínum eigin hreppi og blátt áfram unnið hreppnum tjón af þeim orsökum. En hreppsnefndum er vitanlega mjög nauðsynlegt, að sýslunefndarmenn séu fyrst og fremst fulltrúar þeirra í sýslunefnd. Fjármál sveitarinnar byggist í flestum tilfellum aðallega á því fé, sem hreppsnefnd er gert að jafna niður, innheimta og standa skil á til sýslunefndar. Önnur mál sýslunefndar snerta hvert hreppsfélag, og því er mjög nauðsynlegt, að samvinna á milli sýslunefndar og hreppsnefndar sé góð.

Þá hefir hv. þm. V.-Sk. sennilega misskilið það, sem ég sagði um kauptún sem sérstakt hreppsfélag. Ég sagði, að mjög nauðsynlegt væri að slá föstu í l., hvernig ætti að fara um þessi kauptún yfirleitt, hvað ætti að telja kauptún og hvað hrepp. Það er alveg rétt, að þetta er skýrt afmarkað hugtak í íslenzkri löggjöf: kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag. Það er það, sem hefir náð 300 íbúum og skilið sig frá hrepp. En hér á landi eru mörg kauptún, sem eru ekki sérstakt hreppsfélag á þennan hátt, en þar sem svo yfirgnæfandi meiri hl. fólksins er í kauptúninu, að það er ekki lengur hreppur í venjulegum skilningi, heldur kauptún. Ef t. d. till. hv. 2. þm. N.-M., sem útbýtt var áðan, yrði samþ., þar sem stendur, að bæjarstjórnir í bæjum og hreppsnefndir í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skuli kjósa hlutfallskosningu, þá þýðir það, að í þeim kauptúnum, sem hafa skilið sig frá hreppnum og eru því kauptún sem sérstakt hreppsfélag, þar skal kjósa á þennan hátt, en í þeim kauptúnum sem ekki hafa enn skilið sig frá og eru ennþá hreppar, en þar sem yfirgnæfandi meiri hl. hreppsbúa er í sjálfu kauptúninu, þar á ekki að kjósa á þennan hátt.

Ég vil taka tvö dæmi, Borgarnes og Keflavík. Í Keflavík eru 1154 íbúar, en ekki er þar um sérstakt hreppsfélag að ræða, því að auk þorpsins eru 17 jarðir í hreppnum. Keflavík fellur

því ekki undir þetta, eitt allra stærsta kauptún landsins. En Borgarnes með sína 488 íbúa er kauptún sem sérstakur hreppur, og þess vegna ætti þar að vera hlutfallskosning. (GSv: Þeir geta alltaf myndað hreppsfélag í Keflavík). Keflavík fer ekki að mynda hreppsfélag til þess að komast undir þessi ákvæði.

Ég held fram, að í kauptúnum, þar sem allur þorri hreppsbúa er búsettur, þó að fylgi nokkrar jarðir, eigi að gilda sama regla og í kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag. (BÁ: Það fylgir ein jörð Borgarnesi). Fylgir ein jörð? Ekki er þó í jarðamatinu talað nema um kauptúnið.

Sama gildir um mörg fleiri kauptún en Keflavík, t. d. Ólafsfjörð og Stykkishólm. Í þeirri brtt., sem hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. flytja á þskj. 203, er nú alveg skýrt tekið til, að þar sem fullir $^2/_3$ kjósenda eru í kauptúni, skuli viðhafa hlutfallskosningu. Ég er sannfærður um, að kauptúnin, enda þótt ekki séu sérstakt hreppsfélag, óska eftir þessari breyt. Enda eru þau langt um líkari í öllu eðli sínu kaupstöðum en sveitum.

Í danskri löggjöf er greinilega tekið tillit til þessa, sem ég veit, að hv. þm. V.-Sk. er kunnugt, því að bæði í kosningalögum og öðrum l. er talað um „Köbstæder og bymæssige Bebyggelser paa Landet". Þetta er eins og í Keflavík, Ólafsfirði og Stykkishólmi og víðar, þar sem langflest fólkið býr á mjög litlum stað. Þennan greinarmun er því nauðsynlegt að gera einnig hjá okkur. Þess vegna vil ég skjóta því til hv. þdm. að samþ. brtt. á þskj. 203.

Þá er ennfremur nauðsynlegt að ná því með þessum l. að dómi meiri hl. n., að í sveit geti haldið áfram að fara fram kosningar aðrar en hlutfallskosningar, ef fólkið vill; þó að ég fyrir mitt leyti sé alveg sammála hv. þm. V.-Húnv., þar sem við viljum báðir — skildist mér á hans ágætu ræðu — stefna að því að gera allt að tómum hlutfallskosningum, og vænti ég, að hann styðji það rækilega. (HannJ: Þvert á móti!). Ég get verið svo lítilþægur að leyfa, að ennþá sé reynt um nokkur ár í sveit að kjósa leynilegri kosningu til hreppsnefndar á miða, eins og gert hefir verið. Og ákaflega geri ég lítið úr því, sem þm. sagði, að ómögulegt sé að fá svo stóra miða, að hægt sé að kjósa alla þessa menn. Hann ætti að sjá miðana hér í Rvík, þeir eru ekkert smásmíði. Enginn vandi er að fá þessa miða. — Ég skildi nú alla ræðu hv. þm. svo, að hann liti á eins og ég, að um það eitt væri að gera að koma á hlutfallskosningu allsstaðar á landinu, og ég er honum alveg sammála um það.

Stefna þessa frv. er nú alveg greinileg. Sú í fyrsta lagi að afnema hinar opinberu kosningar, því að þær eru heldur ekkert annað en skripaleikur, þegar litið er á það, hvað kosning á að þýða. Og um það er öll allshn. sammála, að hér eftir skuli ekki fara fram opinberar kosningar til hreppsnefnda, heldur skuli þær leynilegar vera; okkur greinir aðeins á um, hvar takmörkin milli hlutfallskosninga og annara leynilegra kosninga skuli liggja. Hinsvegar er í till. tryggt, að hreppar úti á landsbyggð, þar sem ekki er kauptún, geti haft hlutfallskosningar, ef þeir vilja, og þarf ekki nema $^1/_{10}$ af kjósendum til þess að heimta slíkt. Er það mjög svo frjálslegt ákvæði, og að mínum dómi rétt, fyrst ekki getur þegar í stað fengizt allsherjar samkomulag um að breyta öllu í hlutfallskosningar. Í öðru lagi tel ég það bragarbót, að eftir frv. má kjósa alla hreppsnefnd í einu, eins og á sér stað um kosning til bæjarstj. og Alþingis.

Í þriðja lagi miðar frv. að því — eins og það liggur fyrir — að meira samstarf verði milli hinna einstöku nefnda og fulltrúa en átt hefir sér stað hingað til. Þessi þrjú atriði eru aðalatriði frv., og þau stefna öll í lýðræðisátt, og mjög til bóta frá því, sem verið hefir.

Ég man ekki eftir, að það sé fleira, sem ég þarf að segja. Ég tel ekki rétt að fara að deila nú við hv. þm. Snæf. um hlutfallskosningar og hvernig Alþfl. hefir í einstökum tilfellum notað þær. Ég mun geyma mér það.

***Hannes Jónsson:** Ég skal strax leiðrétta þann leiða misskilning, sem kom inn hjá hv. 6. landsk., ef hann heldur, að ég sé fylgjandi því að koma á hlutfallskosningum. Ég tók beint fram, að ég væri þeim andvígur og vissi fyrir víst, að sveitirnar yfirleitt væru á móti þeim líka. Ég skal líka leiðrétta annan misskilning hjá hv. þm., eða skilningsleysi, og má vera, að hvorttveggja sé, — ef ekki er um eitthvað enn annað að ræða, sem er ennþá verra, tilhneigingu til að snúa út úr, þegar hann er kominn á þá galeiðu, sem hann getur ekki bjargað sér sómasamlega á.

Hv. þm. sagði, að það mundi ekki verða örðugt að fá nógu stóra miða til þess að kjósa á utan kjörstaðar. En í frv. er stærðin ákveðin, því að það eru þeir miðar, sem notaðir eru til kosningar til Alþingis, og Rvíkingar nota nákvæmlega sömu miðastærð og aðrir menn hvar sem er á landinu. Hv. þm. hefði getað séð miðastærðina, þegar málið var flutt. Ef hann man ekki, hve stór miðinn er, sem á að rifa frá aðalstofninum, þar sem á sé ritað annaðhvort listabókstafur eða nafn þingmannsefnisins, sem kjósa á, þá get ég gjarnan upplýst hann um það, að ég hygg það sé ómögulegt nema fyrir mjög lagna menn að koma á þann miða 14 nöfnum, sem þyrfti að gera, ef ætti að kjósa 7 aðalmenn og 7 varamenn á sama lista. — Það er ekki á þessa venjulegu kjörseðla, sem slík atkv. utan kjörstaða eru greidd, heldur á alveg sérstaka kjörseðla, sem búnir eru út í þessu augnamiði.

Svo skal ég gjarnan segja það, að það, sem hv. 6. landsk. sagði áðan, var nokkuð sterk sönnun þess, sem ég hafði haldið fram gagnvart hv. frsm. n., nefnilega að hann og hv. þm. Snæf. skyldu nú ekki vera að deila um hlutfallskosningafyrirkomulag. Hv. 6. landsk. sér, að það skiptir litlu máli að deila, því að hv. þm. Snæf. verður að stíga í fótspor 6. landsk. á næsta þingi eða næstu þingum, ef þessi frv.óskapnaður nær fram að ganga.

Hv. þm. Snæf. talaði annars um það, að það væri ekki nein ný bóla, þó að ég yrði fyrir vonbrigðum um undirtektir þm. við mál hér á Alþingi. Ég játa, að þetta er ekki ný bóla. En ég er hinsvegar mjög ánægður, þótt svo sé, að ég hafi þurft að vega hér á báðar hendur. En það getur verið, að báðir þessir hv. þm. og einhverj-

ir aðrir fái að kenna á því áður en lýkur nösum, að þeir verða að taka tillit til þess, sem fram kemur frá Bændafl. Þá getur skeð, að dryldnin í þessum þm. verði sett það hæfilega niður, að hann leyfi sér ekki að lítilsvirða þau málefni, sem Bændafl. ber fram í umboði sinna kjósenda úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Það má vera, að hann kenni á þessu fyrr en varir, meira að segja í sínu eigin kjördæmi.

Hv. þm. hljóp heldur mikið á hundavaði, sem við mátti búast, í umr. um hin einstöku atriði. Hann sagði t. d., að ekki væri hægt að samrýma kosningu til hreppsnefndar á manntalsþingi við það ákvæði frv., sem segir, að slík kosning skuli fram fara í kjördeildum, þar sem hreppum er skipt í fleiri en eina deild. Þetta vildi hann rökstyðja á þann hátt, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að sama kjörstjórn og er við alþingiskosningar væri einnig kjörstjórn við hreppsnefndarkosningar. En í frv. er gert ráð fyrir, að ein yfirkjörstjórn sé í slíkum hreppum, sem skipt er í fleiri en eina kjördeild, en einnig undirkjörstjórnir, sem hreppsnefnd kýs. En í kjörstjórn til alþingiskosninga er þó a. m. k. einn maður sjálfkjörinn, þ. e. hreppstjórinn. Og hvaða sönnun er fyrir því, að hreppstjórinn yrði fyrir kjöri, ef hreppsnefnd kýs, eins og samkv. er þessu frv., eða yfirleitt að sömu menn verði kosnir í þessar báðar kjörstjórnir, nema því aðeins, að tekið sé fram í frv. sjálfu, að kjörstjórnir til Alþingis skuli um leið vera kjörstjórnir við þessar kosningar? En þá verður um leið að bæta við nýrri yfirkjörstjórn í þeim hreppum, sem skipt er í fleiri en eina kjördeild, því að hún er ekki til samkv. l. um kosningar til Alþingis.

Nei, það er auðséð, að þeir hafa flaskað, og nú ætlar hv. þm. að fleyta sér úr þessum vandræðum með því að telja, að ekkert sé til fyrirstöðu, að þessar kosningar fari fram undir umsjá einnar og sömu kjörstjórnar.

Þá var hv. þm. að segja, að þetta væri ekkert annað en nauðsynleg samræming á samningu kjörskrár til hreppsnefndarkosninga og kjörskrár til alþingiskosninga. En er það í l., að það skuli vera samin kjörskrá til alþingiskosninga, sem fyrst komi í gildi eftir ár frá því hún var samin? Slíkur andhælisháttur hefir ekki komið fram í samningu kosningalaga til Alþingis, og sennilega af því, að hv. þm. hefir ekki haft aðstöðu til að beita þar áhrifum sínum. (TT: Ég fjallaði um málið í n.). Þá hefir hv. þm. farið aftur síðan, því að hér getur engin heilbrigð hugsun staðið á bak við það, að nauðsynlegt sé að láta kjörskrá verða svo gamla áður en notuð er.

Það er annars ekki gott að ræða við þennan hv. þm., ef hann tekur ekkert tillit til jafnsjálfsagðra aths. við verk hans eins og hér hafa fram komið, þegar hann belgir sig upp og finnst bara það eitt réttlæta gallaðar till., að hann hefir staðið að þeim, — hann, þessi uppskafningur, sem ekkert hefir til brunns að bera í þessu máli eða á neinn hátt þekkir inn á starfshætti í sveitum landsins.

Mér þætti fróðlegt að sjá og heyra, hvað það er í núgildandi l. um kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda, sem sé svo bráðaðkallandi að breyta, að það þurfi að gera slíka lagabreyt., sem hér er á ferð, ef það er ekki tilgangurinn að fika sig smátt og smátt í það fyrirkomulag að hafa hlutfallskosningar um öll þessi mál.

Það er ástæðulaust fyrir mig að ræða við hv. 6. landsk. lengur um hans skoðun á því, hversu nauðsynlegt sé, að hreppsnefndir kjósi sýslunefnd, því að engir á þessu þingi leyfa sér að halda slíku fram, nema hann og hans flokksmenn. Eigi að síður má benda á, að það er alls ekki víst, að menn vilji hafa sama manninn í oddvitastörfum og sýslunefndarstörfum. Og oddvitastörfum er ennfremur þann veg háttað, að menn vilja ógjarnan hafa þau lengur með höndum heldur en þeim ber ýtrasta skylda til. Sé maður knúður til að gegna einnig fulltrúastarfi í sýslunefnd, er ekki vafi, að hann myndi frekar skorast undan kosningu. Einnig má taka þetta hinn veginn, að menn mundu fælast sýslunefndarstarfið vegna oddvitastarfsins, sem fylgdi.

Það má kannske segja, að ekki sé eins rík ástæða nú og þegar sýslunefndir höfðu útsvarsmál til meðferðar, að velja aðra menn í sýslunefnd en hreppsnefnd, en þó eru enn til málefni, sem sveitamenn óska að séu flutt í sýslunefnd án áhrifa frá hreppsnefnd. Og það er því ekkert óeðlilegt, þó að sýslunefndarmaður sé í ósamræmi í einstökum atriðum við hreppsnefnd. Þó að því hafi verið slegið fram í gær, að þetta ætti sér alls ekki stað, hygg ég það komi oft fyrir og hafi við flest rök að styðjast og reynist ekkert óheppilegt.

Ef á að fara að þvinga upp á sveitirnar fyrirkomulagi, sem þeim er algerlega móti skapi og óhagstætt, því þá ekki að stíga sporið fullt og koma á hlutfallskosningum alfarið, heldur en vera að þessu káki með slíku frv., sem óhjákvæmilega hlýtur þó að leiða af sér slíkar kosningar í framtíðinni?

Mér þykir það einkennilegt, ef hv. þm. láta blekkjast af þeim umr., sem hér hafa fram farið, og þeim till., sem hér hafa komið fram, láti blekkjast af því, að því er haldið fram, að hægt sé að losa sveitirnar við þetta leiðinlega kosningafyrirkomulag með hlutfallskosningum. Ég vil, eins og ég hefi áður gert, leggja áherzlu á það, að mál þetta verði látið daga uppi. Ég tel sjálfsagt, að n. geri sér eitthvert far um að athuga betur en hún hefir gert, hvaða afleiðingar þessar breyt. hafa í för með sér, og hvaða örðugleikar fylgja í kjölfar framkvæmdarinnar. Ég hefi nú bent á þessi tvö atriði, sem hv. frsm. n. taldi vera firru hjá mér, og ég hygg, að ég hafi sýnt fram á það með fyllstu rökum, að þar verður að gera breytingu í því efni, ef það á að verða framkvæmanlegt. Að því er kjörskrána snertir, þá má segja, að það sé framkvæmanlegt að semja hana langt fram í tímann, en það er hvorki hyggilegt né heldur eðlilegt, og brýtur í bága við þá reglu, sem gildir yfirleitt um samningu kjörskrár. Samkvæmt núgildandi lögum á hún að vera samin fyrir 15. des. utan sveita, og í sveitarfélögum nokkru seinna, en í báðum tilfellum er kjörskráin samin skömmu fyrir þann tíma, sem hún á að ganga í gildi, svo að það er nokkurnveginn vissa fengin fyrir því, að ekki

þurfi að verða ruglingur á kjörskránni, þannig að menn missi kosningarrétt eða að nýir bætist við, sem fái kosningarrétt, en með því móti, sem frv. gerir ráð fyrir, að þetta verði framkvæmt, verða breytingar óhjákvæmilegar í þessu efni.

*__Pétur Ottesen:__ Ég hreyfði nokkrum andmælum við þessu frv., þegar það var til umr. í gær, og ennfremur hreyfði ég andmælum við þeim brtt., sem hér liggja fyrir við þetta frv., enda þótt ég viðurkenndi, að frv. í því formi, sem brtt. leggja til, væri mér nær skapi en frv. eins og það liggur hér fyrir. Því betur sem ég hugsa um málið, virðist mér þessar breyt. frekar fram komnar af þessari miklu löngun, sem hefir gagntekið þingið síðustu tíma, að vera sífellt að breyta einhverju, miklu heldur en af hinu, að það sé knýjandi nauðsyn, sem liggur að baki þessara breytinga, og rökstyð ég þetta með því, að benda á það, að það liggur ekki fyrir nein almenn ósk úr sveitum landsins, sem þetta á að taka til, um það, að það sé farið að breyta til frá því fyrirkomulagi, sem nú er í þessu efni, enda höfðu menn ekki fyrr séð framan í þetta frv., þegar það var lagt fyrir fyrri hl. síðasta þings, en það rigndi yfir mótmælum bæði frá þingmálafundum, sem haldnir voru til mótmæla, og frá sýslunefndafundum, sem samþ. mótmæli gegn því að fara að lögþvinga sveitir landsins til þess að viðhafa hlutfallskosningar, og líka gegn því, að hreppsnefndir skyldu kjósa sýslunefndarmenn.

Þetta tekur af skarið um það, sem bæði ég, hv. þm. V.-Húnv., og raunar fleiri, hafa sagt, að það liggur engin sérstök ósk fyrir um það frá þeim aðiljum, sem þessi löggjöf snertir, að það verði farið að gera þessar breytingar, því að löggjöfin um þetta er svo frjálslynd, að innan þess ramma, sem þar er settur, geta menn eiginlega farið eftir sínum vilja alveg óþvingaðir í þessu efni, þar sem þeir mega velja um opinberar kosningar, leynilegar kosningar eða í þriðja lagi hlutfallskosningar. Það er síður en svo, að þessar breytingar stefni í frjálslyndisátt, en eins og kunnugt er, þá er þessi óviðráðanlega breytingagirni Alþingis oft varin með því að halda því fram, að breytingarnar stefni til meira frjálslyndis en verið hefir, og á það að ganga í fólkið. Með þessum breytingum hv. meiri hl. allshn. er þetta svið þrengt með því að afnema það, að það megi viðhafa opinberar kosningar. Ákvæðið um þessar opinberu kosningar nefndi hv. þm. Snæf. blett á íslenzkri löggjöf, og hv. 6. landsk. sagði, að það ætti að banna þetta með lögum. Hvaða ódæði eru nú þessar kosningar? Ekki annað en það, að t. d. við hreppsnefndarkosningar er gert ráð fyrir, að menn komi fram í heyranda hljóði, og ég sé því ekki annað en að það séu hreinir og beinir sleggjudómar að kalla það blett á íslenzkri löggjöf, þótt menn megi viðhafa þessa kosningaaðferð, ef þeir telja hana heppilega. Ég veit ekki, hvernig þeir, sem eru alltaf með frjálsræði á vörunum, geta samræmt það við tal sitt, að þetta sé blettur á íslenzkri löggjöf, sem eigi að banna með lögum. Mér virðist löggjöfin um þetta efni nú svo frjálslynd, að það sé engin ástæða til þess að breyta henni.

Þó maður hverfi nú frá því aðalatriði þessa frv. að þrengja þær aðferðir, sem á að viðhafa í sambandi við kosningar, þá eru samt eftir ýms önnur atriði, eins og t. d. það, sem hv. 6. landsk. taldi mjög þýðingarmikið, að kjósa alla hreppsnefndarmennina í einu. Samkvæmt löggjöfinni er þessu þannig háttað, að það eru kosnir 5 menn í hreppsnefnd, 3 ganga úr í annað skiptið og 2 í hitt skiptið, og svo koll af kolli, og er þetta byggt á þeirri skynsamlegu hugsun, eins og margt í okkar eldri löggjöf, að það sé ekki heppilegt, að það verði algerð mannaskipti í n. á hverjum tíma. Þetta er gert til öryggis, svo að í hreppsnefndinni séu alltaf menn, sem hafa reynslu og þekkingu á því að fara með málefni hreppsins. Gegn þessari skynsamlegu tilhögun á nú að fara að keppa; það er búið að koma því í kring í bæjunum, en þetta er ekki gert með það fyrir augum að tryggja öryggið, heldur til þess að fá sem beztan grundvöll undir þessar pólitísku kosningar, sem á að koma á í sveitum landsins með því að lögbjóða hlutfallskosningar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. eins og það er lagt fyrir þingið. En eins og ég er búinn að taka fram, er síður en svo, að þessi breyting sé til bóta; hún er stór afturför, þegar litið er á hreppsnefndirnar sem öryggisráðstafanir í meðferð fjármuna hreppanna. — Ég þarf ekki að fara út í það atriði, að hreppsnefndirnar verði látnar kjósa sýslunefndarmenn.

Þá hefir verið minnzt á þessa færslu á því, hvenær hreppsnefndarkosningar eigi að fara fram. Sú breyting, sem gert er ráð fyrir í því efni, gerir sveitunum bara örðugleika í viðbót við þá, sem fyrir eru, og ætti Alþingi sízt að stuðla að því, að nýir örðugleikar bætist ofan á þá, sem fyrir hendi eru, ekki sízt þá, sem leiðir af fólksfæðinni í sveitunum. Það á að fara að létta undir með sveitunum með því að láta kosningarnar fara fram á sunnudögum. Þannig hugsa þeir einir, sem ekki vita, að eins og nú er komið í sveitunum eru allir dagar jafnir hvað þetta snertir, því að það er ekki fleira fólk í sveitunum en það, sem með naumindum nægir til þess að sjá fyrir þeim störfum, sem líka þarf að vinna á sunnudögum í sveitunum. Þetta horfir hinsvegar allt öðruvísi við í kaupstöðunum, þar sem svo til hagar, að fólkið hefir ekki aðeins frí á öllum sunnudögum ársins, heldur hefir það, sem vinnur á skrifstofum og í búðum, einnig frí kl. 12 á laugardögum eftir lokunartíma á sumrin. Og þá getur fólkið þeyst út um allar jarðir, en í sveitunum er hinsvegar lítill eða enginn dagamunur í þessu efni. Þar sem þetta að öðru leyti felur ekki í sér neitt nýtt öryggi, að breytt sé til í þessu efni að því er sveitirnar snertir, þá álít ég algerlega óþarft að vera að burðast með þessa breyt., því að hún stefnir tvímælalaust til þess lakara. Hv. 6. landsk. fannst það broslegt, að það gæti komið fyrir, að sýslunefndarmenn væru kosnir með 5 atkv.; kjörsóknin væri svo lítil, að þetta gæti átt sér stað. Hv. þm. vildi draga þá ályktun af þessu, að ef kosningin væri leynileg, þá yrði það út af fyrir sig til þess, að kosningin yrði betur sótt; ég tala nú ekki um, ef viðhöfð yrði hlutfallskosning, þá kæmi nú aldeilis líf í tuskurnar. Í þessu sambandi má minna á

það, hvernig til hagar á sjálfu Alþingi í þessu efni. Þar er hægt að afgreiða lög frá þinginu, sem löglega er frá gengið á allan hátt, þótt ekki fáist nema tæpur þriðjungur til þess að greiða þeim atkv. Það er mikið, að hv. þm., sem er svo umhyggjusamur fyrir sýslunefndarmannakosningunum, skuli ekki hafa rekið augun í þetta og reynt að sjá við þessum leka, sérstaklega þar sem hann situr einmitt á þingi, sem er að afgreiða lög um þingsköp Alþingis. Eins og kunnugt er, þá er svo ákveðið í þingsköpunum, að það þurfi ekki nema helming þm. í hvorri deild til þess, að deild sé ályktunarfær; þannig þarf ekki nema 9 í Ed. til þess, að hægt sé að afgreiða lög, eða m. ö. o. 5 atkv. með, ef 4 verða á móti; í Nd. þurfa aðeins 17 þm. að mæta til þess að geta gert lögmæta samþykkt; ef 9 menn eru með, en 8 á móti, þá er það líka lögmætt. Þannig felur þetta fyrirkomulag samkvæmt þingsköpunum í sér möguleika fyrir því, að lög frá þinginu verði afgr. með 14 atkv. allt í allt, og það er ekki nema tæpur þriðjungur af tölu allra þm. — Þegar á þetta er litið, þá er það ekki eins hlægilegt í rauninni og hv. 6. landsk. finnst, þótt það geti komið fyrir, að hreppsnefndarmenn séu kosnir með 5 atkv.

Ég verð að segja það, að það hefir orðið nokkur stefnubreyting hjá hv. þm. Snæf. og hv. 2. þm. N.-M. frá því á síðasta þingi, að því er sýslunefndarmannakosningarnar snertir; þá bar hv. þm. Snæf. fram brtt. um það, að sýslunefndarmennirnir skyldu vera kosnir á manntalsþingum. Okkur hv. 2. þm. N.-M. þótti þetta ekki nógu vel orðað hjá hv. þm. Snæf., og bárum við því fram brtt. um það, að þeir skyldu vera kosnir á manntalsþingi, svo að till. misskildist ekki. Mér kom það þess vegna undarlega fyrir sjónir, þegar hv. 2. þm. N.-M. mælti á móti því hér í gær, að sýslunefndarmenn skyldu kosnir eftirleiðis á manntalsþingum, og talaði um þau sem dauða og úrelta stofnun. Slík breyting sem þessi er góður spegill upp á þann hringlandahátt, sem á sér stað í þessu máli. Það þarf engum blöðum um það að fletta, að það er engin nauðsyn fyrir hendi í þessu efni, sem krefst þess, að hér verði stofnað til breytinga. Ég hygg því, að heppilegasta niðurstaðan í þessu máli væri sú, að það væri látið sitja við það, sem fyrir hendi er í þessum efnum. Ég er hræddur um, að það spor, sem hv. meiri hl. allshn. vill stíga, verði þannig í framkvæmdinni, að það verði heldur til þess að greiða götu þess, að hlutfallskosningu verði komið á um land allt, og það er auðheyrt, hvað hlakkar í hv. 6. landsk. út af þessu atriði, því að hann vill vera þátttakandi í því að fara þessa millileið, og það gerir hann með öruggri vissu um það, að þá verði þessum hlutfallskosningum hans nokkurn veginn greið gata til framkvæmdar áður en langt um líður.

Hv. þm. talaði um það, að það þyrfti ekki að leiða neinn flokkadrátt eða misklíð í hreppunum af þessu kosningafyrirkomulagi frekar en verið hefir, en hv. þm. veit það ofur vel, að þetta ýtir mikið undir flokkadrátt, og það má gera ráð fyrir, að þetta verði til þess að hrekja menn úr þeirri aðstöðu, sem þeir nú eru í úti um sveitir landsins til þess að kjósa á þann hátt, að hagsmunamálum sveitarinnar verði sem bezt borgið, og það er vitanlega sá bezti grundvöllur, sem hægt er að byggja hreppsnefndarmannakosningarnar á, í stað þess að hlaupa meira og minna í gönur og kjósa eftir pólitískum línum, þannig að hætta getur verið á því, að menn lendi á ýmsum pólitískum rekadrumbum, sem sveitarfélögunum er ef til vill enginn fengur í. Ég tala nú ekki um það, ef afleiðingin af þessu gæti orðið sú, að menn kjósi hreppsnefndarmenn eftir því, sem miðstjórnir flokkanna mæla fyrir um, og er það reyndar kunnugt, að stjórn sósialistanna hér í Reykjavík teygir fingurna mjög út um sveitir landsins í því augnamiði að reyna að fá menn til þess að kjósa eftir pólitískum línum. Það er því engum efa undirorpið, að hv. 6. landsk. og flokksbræður hans ætla sér að reyna að knýja fram hlutfallskosningar þvert ofan í vilja sveitanna í því augnamiði að fá flokkspólitíska vinning við það. Þetta vakir fyrir þeim, enda hefir hv. 6. landsk., sem er hreinskilinn maður, ekkert verið að draga dul á það, enda þótt hann reyni að breiða yfir það eftir því, sem hann getur, að það muni stafa auknir flokkadrættir af þessari breytingu.

*__Jónas Guðmundsson:__ Ég sé, að það hefir ekki mikla þýðingu að deila um þetta mál, því að menn eru farnir að endurtaka það, sem upphaflega var sagt, og þess vegna skal ég reyna að hafa mál mitt stutt. Samt ætla ég aðeins að minnast á nokkur atriði í ræðu hv. þm. Borgf. Hann sagði nákvæmlega eins og hv. þm. V.-Húnv. og fleiri afturhaldssamir menn í þessum efnum, að það lægi ekki fyrir nein ósk um breyt. í þessu efni. Þeir spyrja, hvað það sé í lögunum, sem sé svo aðkallandi, að það þurfi að breyta því? Bæði ég, hv. þm. Snæf. og aðrir, sem talað hafa með þessu máli, hafa svarað því, að það, sem fyrst og fremst þurfi að breyta, sé það, að hér eftir verði kosningar í hreppsnefndir leynilegar; það er aðalatriði þessa frv. Hingað til hefir gilt sú regla, að í fjölda hreppa hefir kosningin verið opinber, og þess vegna hefir kjörsóknin verið lakari en ella mundi hafa verið, og þess vegna hefir miklu minna verið hægt að byggja á þeim fólksvilja, sem fram hefir komið, heldur en ef kosningin hefði verið leynileg.

Svo er annað atriði í þessu máli, sem okkur kemur ekki saman um, og það er, hvar skiptingin eigi að vera milli hlutfallskosninga og leynilegra kosninga. Ég vil láta kauptúnin hafa hlutfallskosningar eins og kaupstaðirnir hafa nú, og er það vafalaust skársta fyrirkomulagið, sem þeir hafa hingað til reynt, því að ég geri ekkert úr því, að það verði meiri sundurþykkja milli bæjarfulltrúanna, sem kosnir eru með hlutfallskosningum úr hverjum flokki, heldur en á milli hreppsnefndarmannanna.

Það liggur allt hið sama til grundvallar í hinum stærri sveitarfélögum landsins, að menn byggi sveitarstjórnirnar upp eins og þjóðin byggir upp þingið, og það er það, sem ég álít, að eigi að gera. Hv. þm. Borgf. vildi gera lítið úr því, að það væri til bóta, að allir fulltrúarnir væru kosnir í einu. Hann sagði, að það væri afturför og engin trygging gerð fyrir því, að

kunnugir menn yrðu eftir í sveitarstjórninni. Þetta hefir ekki komið að sök í kaupstöðunum, enda hefir reyndin orðið sú, að þeir bæjarfulltrúar, sem vel hafa reynzt, hafa verið margendurkosnir. Nákvæmlega það sama kemur fyrir í sveitunum. Það er enginn flokkur í kauptúnunum, sem stillir upp tómum óreyndum mönnum, ef hann á annað borð hefir haft aðstöðu til þess að koma manni inn í hreppsn. áður. Það getur hugsazt um flokka, sem eru að koma fram á sjónarsviðið og aldrei hafa haft mann í hreppsn. eða bæjarstjórn áður. Þeir verða að stilla þeim upp, sem þeir hafa. Það er slæmt að hafa tviskipt í hreppsn. og kjósa til 6 ára. Það þýðir, að ef menn eru óheppnir með kosningu einhvers manns, þá verða þeir að sitja með hann 6 ár og geta ekki losað sig við hann, enda þótt maðurinn sé alveg ómögulegur í alla staði. Um það, að sunnudagur sé óheppilegur kjördagur, sagði hv. þm., að það væri sama, hvaða dagur væri í sveitunum. Það má vel vera, að hv. þm. hafi þar rétt að mæla, enda skiptir það ekki miklu máli. Það hefir gengið erfiðlega hér á landi að fá kjördaginn gerðan að almennum fridegi fyrir fólkið, sem þarf að fara og greiða atkv. Það er þó nauðsyn, því að þegar menn í sveitum fara og greiða atkv., fer oft og tíðum allur dagurinn í það, og er því þessi dagur alveg spilltur fyrir sveitabændum. Mér fyndist því æskilegast að hafa kjördaginn á sunnudegi, því að hann á fólkið sjálft sem sinn frídag hvort sem er. Hv. þm. Borgf. sagði, að ef fólk ekki hefði áhuga fyrir kosningunni, væri ekkert annað við því að gera en að þeir, sem kæmu á kjörfund, réðu kosningunni. Hann tók það dæmi til samanburðar, að það væri hægt að afgr. mál á Alþingi með minni hluta atkv., ef svo bæri undir. Ég veit, að hv. þm. tekur þetta dæmi ekki til rökstuðnings sínu máli, heldur til að blekkja þá, sem á hann hlusta. Þetta eru tvö ólík viðhorf. Þetta ákvæði um afgreiðslu mála á þingi er sett til þess, að hægt sé að afgr. mál, þó að einhver þm. neiti að mæta eða geti ekki mætt á fundi. Annars gætu nokkrir þm. sett fótinn fyrir það, að nokkuð væri hægt að gera á Alþingi, svo að þetta er ólíkt því, sem ég benti á í gær. Ég vil að lokum undirstrika það, að hér er ekki um neinn hringlandahátt að ræða. Það er brýn nauðsyn að koma því á, að kosningar verði leynilegar, en ekki opinberar, eins og hingað til hefir tíðkazt. Það er fyrsta og stærsta atriði þessa máls. Um leið á að gera þær breyt., sem miða til bóta, svo sem auknar hlutfallskosningar, sem er það sanngjarnasta og réttlátasta kosningafyrirkomulag hér á landi.

*__Pétur Ottesen:__ Það er dálitið eftirtektarvert í þessu sambandi, þegar hv. 6. landsk. er að tala um afturhaldssama menn. Hvað er afturhald, sem kemur hér fram og í hverju kemur það fram hjá t. d. okkur hv. þm. V.-Húnv. í þessu efni? Það er bara það, að við viljum láta byggja áfram á því, sem vel hefir reynzt. Þetta er það, sem hv. 6. landsk. kallar afturhald. Ég veit ekki satt að segja, þegar maður lítur burt frá öllum þessum ungæðingshætti, hvaða grundvöll er hægt að fá betri heldur en að byggja á því, sem vel hefir reynzt. Þau þjóðfélög, sem hafa haldið fastast við þessa reglu, að byggja sína löggjöf á því, sem vel hefir reynzt, þau standa nú föstum fótum á þessum byltingar- og umbrotatímum. Afkoma þeirra sker úr um það, að þetta er bezti grundvöllurinn, sem hægt er að fá undir löggjöf. Þegar verið er að vinna á móti því, sem bezt hefir reynzt, er verið að grafa rætur undan sjálfstæði þjóðfélagsins. Þetta er það, sem hv. 6. landsk. kallar afturhald, og megum við vel við una, sem erum talsmenn þessarar stefnu. Hv. 6. landsk. var ennfremur að tala um, að það væri sjálfsagt, að sett væri í væntanlega löggjöf ákvæði um, að ekki mættu fara fram opinberar kosingar. En hvernig er þetta? Ef nokkur vilji er fyrir því í sveitunum að sporna við því að hafa opinberar kosningar, þá er opin leið til þess að hafa leynilegar kosningar, því að það þarf ekki nema lítið brot af kjósendunum á hverjum tíma til þess að bera fram kröfu um, að kosningarnar skuli vera leynilegar eða hlutfallskosningar. En það, að þetta er ekki gert, er af því, að það er vilji manna að hafa kosningarnar eins og nú tíðkast. Og hvaða ástæða er til þess að fara að ganga á móti þessum vilja? Það er ekki hægt að færa nein rök fyrir því að taka þetta vald af borgurum þjóðfélagsins, þar sem vilji er til að viðhalda þessu. Ef á að fara að misnota þetta, þarf ekki nema lítið brot kjósendanna til að krefjast þess, að kosningarnar skuli vera leynilegar. Hv. 6. landsk. benti á, að það hefði ekki komið að sök í kaupstöðunum, að allar bæjarstjórnirnar eru kosnar í einu. Sjálfsagt eru margar ástæður til þess, hvernig ástatt er í kauptúnunum, en allir vita, að ástandið er alvarlegt, og má vel vera, að það stafi af þeim byltingum, sem átt hafa sér stað, og að bæjarstjórnum hefir ekki verið tryggð með löggjöf þekking og reynsla í meðferð bæjarmála, eins og gert er með því að ákveða, að ekki skuli fara fram kosning nema nokkurs hl. bæjarstjórna eða hreppsnefnda í einu.

__Frsm. (Thor Thors):__ Ég ætlaði eiginlega að svara hv. þm. V.-Húnv., en ég sé ekki, hvar hann er, en vel má vera, að stólarnir skyggi á hann. Ætla ég að svara einu efnisatriði í ræðu hans. Honum fannst hjákátlegt, að kjörskrá, sem er samin í febr., skyldi eiga að gilda fyrir kosningar, sem fram eiga að fara í janúar. Ég hefi áður bent á, að þetta er gert til þess að spara vinnuafl. Það á að semja kjörskrá til Alþingis í febr. Hv. þm. hefir gleymt því, að kjörskrá, sem samin er í jan., gildir við kosningar í júní, og það er vitanlega hægðarleikur að leiðrétta kjörskrá á þessu tímabili í kaupstöðunum. Hv. þm. sagði, að hann hefði aðeins komið með sjálfsagða aths. Ræða hans var að mestu leyti gorgeir og órökstuddar dylgjur. Hann leyfði sér, þessi stubbur, að bera á meiri hl. allshn., að hann bæri fram brtt. gegn betri vitund. Hv. þm. sagði, að við værum með hlutfallskosningum, en þyrðum ekki vegna kjósendanna að koma fram með þær. Þetta kallar hv. þm. sjálfsagða aths., en svo verður hann svo reiður, að hann tútnar, þegar honum er bent á, hvernig hann hagar orðum sínum. Hv. þm. talaði um uppskafningshátt. Ég ætla að minna hann á, þennan hv. þm.,

sem þykist vera kosinn á þing til þess að flytja áhugamál bænda, hvernig hann hefir reynzt þeim hér á þingi í einu stærsta hagsmunamáli fyrir sveitirnar, nfl. að sporna við því, að teknar væru upp atvinnuleysistryggingar í kaupstöðum. Hv. þm. hefir gleymt, að fyrir einn lítinn vegarspotta í sínu kjördæmi seldi hann sig sósialistum og kom fram atvinnuleysistryggingunum. Þannig gleymdi hann gersamlega skyldum sínum. Ég vil segja þessum hv. þm., að hann ætti aldrei að minnast á uppskafningshátt. Hann segist vera að flytja málefni Bændafl. Hann gerði það laglega við þetta tækifæri. Þessi hv. þm. er kominn á þing fyrir velvild sjálfstæðismanna í héraði, en kom með „doríu" aftan í sér, sem var svo þung, að hún sökkti sjálfu „móðurskipinu". Kjarninn í ræðu hv. þm. var í rauninni ekki annar en sá, að hann vildi stíga sporið til fulls, sem sé að falla alveg í faðm sósialista og taka upp þeirra áhugamál. — Ég þykist svo hafa gengið frá þessum hv. þm.

Mér þykir leiðinlegra að þurfa að deila við hv. þm. Borgf., enda hefir hv. 6. landsk. svarað honum að mestu leyti. Hv. þm. sagði, að þetta fyrirkomulag með opinberar kosningar hefði reynzt vel í sveitum. Það getur verið, að reynsla þessa hv. þm. hafi bent til þess, en ég hefi margar fregnir af því, og hefi meira að segja verið viðstaddur slíka kosningu, og ég gat ekki betur séð en að hún væri hreinasti skrípaleikur, og fyrst þessi hv. þm. hefir verið samþykkur leynilegum kosningum til Alþingis og í bæjarstjórnir, því vill hann þá ekki einnig hafa þær við kosningar í hreppsnefndir? **(PO:** Það er heimilt). Já það er heimilt, en erfitt að koma því í framkvæmd. Út af því, að hv. þm. Borgf. er að álasa okkur í meiri hl. allshn. fyrir að við höfum breytt um stefnu síðan í fyrra, vil ég í allri vinsemd vekja athygli hv. þm. á því, að það er hann, en ekki við, sem hefir breytt um stefnu í þessu máli, því að á síðasta þingi bar þessi hv. þm. ásamt hv. 2. þm. N.-M. fram brtt. á þskj. 241, um það, að hreppsnefndarkosningar skyldu fara fram síðasta sunnudag í maí, en nú ræðst hann á okkur með óbótaskömmum, af því að við viljum ekki láta kosningarnar fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þannig hefir hv. þm. breytt um stefnu síðan í fyrra. Ég vil benda hv. þm. á, að í 8. gr. gildandi laga um kosningar í málefnum sveitar- og bæjarfélaga segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kosningar í hreppsnefnd skulu fara fram á vorhreppaskilaþingi." Þessu vildi hv. þm. breyta í fyrra, en nú ekki. Þess vegna hefir hann haft skoðanaskipti. Situr því illa á honum að ásaka aðra um stefnubreytingu, þegar um enga stefnubreytingu er að ræða.

Þessar umr. eru orðnar langar og ekki allar uppbyggilegar. En það er þegar ljóst orðið, hvaða stefnur koma fram í þessu máli. Á einu leitinu er stefna afturhaldsins, eins og hjá hv. þm. V.-Húnv., sem engu vill breyta, á öðru leitinu er stefna sósialista, sem öllu vilja breyta, og á þriðja leitinu er stefna allshn., sem vill breyta því, sem illa hefir reynzt, en ekki hinu.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykv. Brtt. þessi er of seint fram komin og skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði til þess, að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 229) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Pétur Ottesen:** Það var leiðinlegt, að hv. þm. Snæf. skyldi ekki geta náð til mín með öðru móti en því að reyna að kasta hjúp yfir sína eigin till., sem ég hefi haldið fram, að sé rétt, nfl. að eftir hans till. ættu kosningarnar að fara fram á hreppaskilaþingi. Nú ætlast hann til með sinni brtt., að hreppsnefndarkosningar fari fram á öðrum tíma en löglegt er og tiltækilegt, að vorhreppaskil fari fram á, og auk þess er það tekið fram í löggjöfinni, að hreppaskilaþing eigi að fara fram á rúmhelgum degi, en hann vill láta þær fara fram á helgum degi. Okkur ber þarna á milli um það, að ég tel rétt að láta kosningarnar fara fram einmitt á þeim tilkjörna vorhreppaskilaþingdegi, en hann vill velja til þess annan dag eftir vorhreppaskilaþing. En það er vitanlega ekkert vit í því. Eigi á annað borð að fara að breyta eitthvað til, þá er nær að fara eftir þeirri till., sem ég flutti í fyrra ásamt öðrum hv. þm., um að hreppsnefndarkosningar skuli fara fram hæfilegum tíma fyrir vorhreppaskilaþing. Hv. þm. hefir nú ekki einu sinni hitt á að haga þessu svo með tilliti til vorhreppaskilaþinganna og þýðingu þeirra að öðru leyti.

***Hannes Jónsson:** Hv. þm. Snæf. gerði tilraun til þess að verja aðeins eitt atriði af því, sem ég hafði deilt á n. fyrir, að ekki sé réttmætt að semja kjörskrá með þeim hætti, sem hann leggur til, eða þannig, að kjörskráin eigi ekki að koma í gildi fyrr en rúmu ári eftir að hún er samin. Það hljóta allir að sjá, hvað þetta er óeðlilegt, og það hefir alltaf verið reynt að stilla svo til að láta kjörskrána ekki vera orðna svo gamla, þegar hún hefir náð gildi. Og að það eigi að réttlæta þessa aðferð bara fyrir það, að það sé vinnusparnaður að henni, sýnist mér ekki vera nein meining í. Það mætti þá alveg eins semja skrá, sem ætti að gilda, við skulum segja, til 3 ára. Það væri létt fyrir þá, sem að samningu kjörskrárinnar ættu að vinna. Það mætti svo bara koma að þeim breyt., sem yrðu á kjörtímabilinu. En það, að kjörskráin hefir verið samin árlega, hefir verið gert til þess að reyna að hafa hana sem allra réttasta. En sú kjörskrá getur ekki verið rétt, sem kemur í gildi ári eftir að hún er samin. Nei, þetta er hæpinn málaflutningur hjá n. Ég verð að segja, að ræða hv. þm. var ekkert annað en algert rökþrot. Ég tel mig ekki hafa tíma né ástæðu til að hrekja ræðu hv. þm. lið fyrir lið. Ég hefi gert það áður um fyrra atriðið, en hvað viðvíkur kosningarfylgi mínu í Húnavatnssýslu við síðustu kosingar, þá get ég sagt það, að ég hefi barizt þar móti sjálfstæðismönnum síðan 1927, og ég efast ekki um, að þeir hafi gert það, sem þeir hafa getað öll þessi ár til þess að afla sér og sínum manni fylgis. Við síðustu kosningar höfðu þeir þann mann í kjöri, sem ætla mátti, að

hefði mikið fylgi sinna flokksmanna í sýslunni. Hann er ættaður þarna úr héraðinu og er auk þess hagfræðingur að lærdómi, og átti þetta allt að vera til þess að afla honum fylgis. Formaður flokksins fyrrv. skrifaði í hvern hrepp og bað menn að gera það fyrir sig að kjósa frambjóðanda flokksins. Þó að þeir hefðu ekki trú á frambjóðandanum, þá að gera það fyrir sig persónulega að kjósa hann. Og svo er hv. þm. Snæf. að kasta steini að fyrrv. form. flokksins. Er það gert til að reyna að hefja núv. formann? Finnst honum kannske, að þess muni vera þörf? Og það svo rík þörf, að til þess þurfi að naga bein látins þm. og fyrrv. form. (**ÓTh**: Vill þm. ekki halda mér fyrir utan þetta?). Þegar slíkar náætur koma, sem hv. þm. Snæf., þá get ég ekki orða bundizt, enda þótt það sé ekki mitt hlutskipti að standa vörð um Sjálfstfl., en það væri full ástæða fyrir þann flokk að taka í taumana, og óþarft að láta hv. þm. Snæf. haldast uppi að naga um bein látins formanns. Mér finnst ekki ástæða til þess, því svo mikið hefir fyrrv. flokksform. gert fyrir hv. þm. Snæf., og kannske fyrir fleiri þm. úr þeim flokki.

Þá hældi þm. sér af því, að hann væri að reyna að bjarga sveitunum frá ásælni sósialista. Ég sé nú ekki annað en unnt sé að gera það á annan hátt en þann, sem felst í þessari flækju og firru, sem er í brtt. hv. meiri hl., því það er eftir óskum sósialista, að þessar breyt. eru gerðar.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti orðið mér samferða um að vinna móti því, að frv. þetta verði að lögum, og ekki sízt eftir þær upplýsingar, sem hv. 6. landsk. hefir gefið um, hvað í þessu felist, því hann segir, að frv. sé byggt á því að losna við opinberar kosningar, — það sé aðalásteytingarsteinninn.

En er nú sú óánægja svo almenn, að ástæða sé til að gera breyt. á l. þess vegna? Ég veit um fjöldamargar hreppsnefndir, sem hafa tekið það upp hjá sjálfum sér að láta kjósa leynilega, og ég veit ekki til, að nokkur hreppsnefnd hafi hliðrað sér hjá að verða við óskum um það, ef þær hafa borizt, jafnvel þó ekki hafi verið nema frá einum manni. Og þó að þetta kosningafyrirkomulag kunni að vera viðhaft enn í nokkrum hreppum, þá er það aðeins af því, að engar raddir hafa heyrzt um, að það væri óheppilegt. Hvers vegna má þetta ekki vera þannig framvegis? Hverskonar þjóðarböl væri það, ef engin rödd hefir heyrzt, sem kvartaði?

Sú nauðsyn, sem sumir menn eru að segja, að sé til að kjósa alla hreppsnefndina í einu, er í þessu sambandi órökrétt, og liggur í hlutarins eðli, að hún er því aðeins rétt, að hlutfallskosning sé viðhöfð; þá fyrst nýtur sú aðferð sín til fulls.

Ég sé nú, að forseti vill gjarnan, að ég stytti mál mitt, og skal ég verða við óskum hans. Mér finnst engin rök hafa komið fram fyrir nauðsyn þessarar lagabreytingar, og það sé tilefnislaust, einskisvert og alóþarft að koma fram með þetta frv. nú með þeim annmörkum, sem á eru og hlotið hafa fylgi hv. þm. Snæf.

Frsm. (Thor Thors): Ég nenni nú ekki að eltast við þennan hv. þm.; hjá honum hefir ekkert nýtt komið fram, sem ég ekki er áður búinn að svara í minni fyrri ræðu. En þessi ræða hv. þm. ber þess vitni, sem hin fyrri, að hann veit ekki, hvað hann er að tala um.

En það var eitt atriði, sem gaf mér tilefni til að andmæla. Hv. þm. leyfði sér á algerlega óviðeigandi hátt að draga nafn fyrrv. form. Sjálfstfl. inn í þessar umr. Þetta m. a. sýnir, hve þessi þm. er ruglaður í umr., því ég minntist ekki einu orði á fyrrv. form. sjálfstæðismanna. Ég sagði aðeins, að ýmsir sjálfstæðismenn í héraði kenndu í brjóst um þennan þm. og kusu hann við síðustu kosningar.

Hann varð sjálfur til að upplýsa það — og kann ég honum þakkir fyrir —, að fyrrv. form. Sjálfstfl. varaði menn við að kjósa hann á þing; hann hefir séð, að til þingsetu var þessi þm. ónýtur. Er þetta þessum látna merkismanni til sóma, eins og annað, sem hann hefir gert.

Hv. þm. var að segja, að núverandi form. Sjálfstfl. hefði sagt annað; ég ætla ekki að svara fyrir hann, það getur hann sjálfur, og vænti ég, að hann gefi réttar upplýsingar í þessu máli.

***Stefán Jóh. Stefánsson**: Ég mun hvorki blanda mér inn í þær fjölskyldudeilur, sem orðið hafa í d. nú í dag, né heldur í þær almennu umr. um aðalefni frv., sem urðu hér í gær. Ég gerði þá grein fyrir afstöðu okkar minni hl. allshn., og þar að auki hv. 6. landsk., sem gerði glögga grein fyrir okkar brtt. bæði í gær og í dag. Ég vildi aðeins gera grein fyrir þeirri skrifl. brtt., sem við hv. 2. þm. Reykv. flytjum nú og lýst hefir verið; er hún í samræmi við okkar fyrri brtt. og er flutt til samkomulags á þá lund, að hlutfallskosningar séu viðhafðar í öllum kaupstöðum eða bæjarfélögum — eins og nú er — og í öllum þeim hreppsfélögum, þar sem ⅔ kjósendanna eða meira eru búsettir í kauptúni, og fari kosningar þar fram síðasta sunnudag í janúarmánuði. En í öðrum sveitarfélögum verði kjördagur um miðjan júní.

Út af því, sem hv. meiri hl. allshn. hefir lagt til, að ⅒ kjósenda þurfi að krefjast skrifl. hlutbundinna kosninga, þá vil ég benda á, að það brýtur í bága við þá hugsun, sem komið hefir fram hjá bæði hv. þm. Snæf. og hv. 7. landsk., að sjálfsagt væri að afnema opinberar kosningar, þ. e. a. s. kosningar í heyranda hljóði.

Þessi kosningaháttur er löngu afnuminn við kosningar til Alþingis, og það er lagt til af allri allshn., að hann verði afnuminn við bæjar- og sveitarstjórnarkosningar, og þykir öllum sjálfsagt vera.

En það, að láta í ljós skrifl. ósk til oddvita um hlutfallskosningar, er að opinbera stefnu sína, og jafnvel með því merkja sig til ákveðins stjórnmálaflokks. Þetta brýtur því mjög í bága við þá ákvörðun, sem ég hefi áður getið um, að kosningar þessar fari fram leynilega.

Eins og ég hefi tekið fram, hefðum við í minni hl. allshn. helzt kosið, að hlutfallskosningar yrðu allsstaðar viðhafðar, en við viljum breyta okkar till. til samkomulags, þannig að hlutfallskosning verði lögboðin í þeim hreppsfélögum auk bæjarfélaganna, þar sem ⅔ hl. kjósendanna eru búsettir í kauptúni.

Hv. 6. landsk. þm. sýndi fram á, að ef bundið væri við kauptún, sem væri sérstakur hreppur, mundi þetta ganga sérstaklega ójafnt yfir kauptúnin, þar sem mörg þeirra stærri eru ekki sérstakur hreppur; ég vildi því mega vænta þess, að hv. 2. þm. N.-M. geti séð sér fært að greiða þessari till. okkar hv. 2. þm. Reykv. atkv. sitt til málamiðlunar

*__Hannes Jónsson:__ Það er nánast til að bera af mér sakir. Hv. þm. Snæf. vildi leggja orð mín þannig út, að ég hefði borið það á núv. form. Sjálfstfl., að hann hefði haft önnur afskipti af kosningu minni en fyrrv. form. Þetta er alger misskilningur, að ég vilji leggja þennan skilning í, að hann eða aðrir hv. þm. Sjálfstfl. hafi haft slík afskipti af kosningunni norður í Húnavatnssýslu. Enda hefir þm. étið þetta herfilega ofan í sig. Þarf ég ekki annað en benda á ummæli hans, að hann sé þakklátur fyrrv. form. flokksins fyrir afskipti hans af kosningunni, og dettur mér ekki í hug að efast um, að það sé rétt, því ég veit, að hann verður þakklátur hverjum manni, er tekur þessa afstöðu gagnvart Bændafl. En það skal ég segja honum, að hvorki hv. þm. Snæf. né nokkur annar hv. þm. Sjálfstfl. geta með afstöðu sinni ráðið því, hvort ég ber sigur úr býtum eða ekki, þó að þessi hv. þm. hafi flotið á þing á vafasömu spreki og með því að svíkjast aftan að og sparka í fyrrv. þm. kjördæmisins, samflokksmann sinn, og af því að hann jafnframt hafði nokkur fjárráð, þótt ekki væri það eigið fé, heldur tekið af þeim sjóði, sem þjóðin þarf að borga aftur, eftir því sem sagt er. Mætti þessi þm. gjarnan líta í sinn eiginn barm og flokksbræðra sinna og hreinsa þar eitthvað til, eða a. m. k. athuga, hverskonar meðul það eru, sem velta upp á yfirborðið mönnum eins og hv. þm. Snæf. og fela þeim að fara með þagsmunamál bændanna á þingi, manni, sem ekkert skilur og ekkert veit, hvað hentar bændunum, eins og berlega hefir komið fram.

Hann segir, að það sé auðséð, að ég viti ekki, hvað ég sé að tala um, en ég get óhræddur lagt mig til samanburðar við þennan hv. þm. um vitsmuni á málefnum sveitanna, þó ég standi honum ekki jafnfætis, þar sem fjársvik og prettir ráða úrslitum mála.

*__Ólafur Thors:__ Mitt nafn hefir verið dregið hér inn í umr. um kosningu í Vestur-Húnavatnssýslu. Það er satt, ég hefi í því engu að leyna, að meðan stóð á undirbúningi fyrir síðustu kosningar var ég því heldur fylgjandi, að þessi hv. þm. kæmist á þing. Og þó að Sjálfstfl. hefði frambjóðanda í þessu kjördæmi, þá var hvorki af mér né sumum öðrum flokksmönnum gert það, sem hægt var til stuðnings kosningu hans, og sagði ég honum frá því. En eftir að form. flokksins hafði tekið sína afstöðu og skrifað norður, þá fylgdi ég honum vitanlega að málum í þessu sem öðru.

En ég leyni því ekki, að ég hygg, að mín afstaða og sumra annara sjálfstfl.manna hafi ráðið miklu um það, að þessi hv. þm. komst að, og ég harma það ekki, að svo fór. Það gerir ekkert til, og ég tekið það ekki nærri mér, þó að hann kasti að mér og öðrum strákslegum hnútum; ég veit, að hans skap er þannig.

Þó að ég neiti því ekki, að ég beri e. t. v. nokkra ábyrgð á kosningu þessa þm., þá finn ég það ekki sem mitt hlutverk að vanda um við hann, þegar reiðin og fljótfærnin fá yfirhöndina, því að bæði er, að hann jafnar sig fljótt aftur, og eins mun hann fá nægar ákúrur í sínum flokki.

Ég læt svo deilu þessa afskiptalausa, ég hefi mætur á þessum hv. þm. og tel mig enga skömm hafa haft af því að styðja að kosningu hans, nema þá e. t. v. helzt það, að út úr þessu bændaflokksfúleggi kom annað verra hér inn á þingið.

__Frsm. (Thor Thors):__ Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli hv. d. á því, að hv. þm. V.-Húnv. flutti nú einhverja þá strákslegustu, sorpkenndustu og ósvífnustu ræðu, sem flutt hefir verið hér á þingi. (GSv: Og er þá langt til jafnað). Já, og er þá langt til jafnað. Ef merkur maður hefði viðhaft þessi orð, þá hefði ég reiðzt, en af því að það var þessi stubbur, sem flutti hana, þá læt ég þetta inn um annað eyrað og út um hitt.

Það er aðeins tvennt, sem ég óska eftir og skora á hv. þm. að endurtaka utan þinghelgi; það eru ummæli hans um, að ég hafi svikizt aftan að fyrrv. þm. Snæf., og dylgjur hans um, að ég hafi haft óleyfilegar fjárreiður í sambandi við síðustu kosningar.

*__Hannes Jónsson:__ Það er til að bera af mér sakir. Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði, ef það á að skiljast á þann hátt, að afstaða hans eða framkoma við síðustu kosningar hafi stutt mig eða skapað mér fylgi, þá mótmæli ég því algerlega. En ef það hefir átt að skiljast þannig, að tilvera Sjálfstfl. og afstaða hans á þingi hafi skapað mér fylgi í Húnavatnssýslu, — það get ég fallizt á. Því meðan framkoma hv. þm. Snæf. ásamt öðru heldur áfram í svipuðu horfi, þá býst ég við, að Bændafl. haldi áfram að skapast fylgi, því þegar bændurnir finna, að málefni þeirra eru svikin og vanrækt, þá munu þeir skilja við þann fulltrúa eða þann flokk, þó að hann hampi einhverri bændapólitík, og þá koma þeir til okkar. Þeir þekkja ekki fólkið og misreikna sig alveg, sem halda, að þeir geti teymt það á einu bandi, hvort heldur sem það er Sjálfstfl., Alþ.-fl. eða Framsfl. Bændurnir munu skilja við alla slíka flokka og koma saman í einum flokki, og þá er óhætt fyrir hv. þm. Snæf. að leggja niður skottið, enda óþarfi fyrir hann að hreykja sér hátt.

Út af þessu, sem ég sagði réttilega um hv. þm. Snæf., skal ég segja það, að oft getur verið erfiðara að færa fyllstu sannanir á mál heldur en tala til samvizkunnar í mönnum, enda var það svo, að hann áleit helzta ráðið að fara í mál út af þessum ummælum.

Ég vænti þess, að þm. geti fengið leyfi hæstv. forseta til málshöfðunar, svo að hann geti fengið tækifæri til þess eina kattarþvottar, er hann á völ á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 97, 192, 203, 208, 222, 229).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 192,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 229 felld með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB.

nei: EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, JörB.

PZ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (JJós, MT, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 192,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

6.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv

10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

11.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv

Brtt. 203 felld með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV.

nei: JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JörB.

PZ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (MT, BJ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 222 samþ. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, HV,[1]) JG,[2]) PZ.

nei: PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GÍ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, JörB.

Þrír þm. (BJ, JJós, MT) fjarstaddir.

Brtt. 192,3 (ný gr., verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

— 208,1 kom ekki til atkv.

Brtt. 192,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

19.—21. gr. (verða 20.—22. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 192,5.a samþ. með 19 shlj. atkv.

— 208,2 felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JÓl, ÓTh, PZ, SigfJ, BÁ, EystJ, GSv, ÞorbÞ, JörB.

nei: HannJ, JakM, JónP, JG, PHalld, SE, SK, TT, GÞ, GÍ.

JS, PÞ, PO, StJSt, ÁÁ, EE, EmJ, FJ, GG greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (JJós, MT, BJ, BB) fjarstaddir.

Brtt. 192,5.b samþ. með 15:2 atkv.

22. gr. (verður 23. gr), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

23. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 192,6 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 208,3 kom ekki til atkv.

24. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 192,7.a samþ. án atkvgr.

— 192,7.b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 208,4 kom ekki til atkv.

25. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

26. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

27. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

28. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 192,8 samþ. með 17 shlj. atkv.

29. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 192,9 samþ. með 17 shlj. atkv.

30. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 192,10 samþ. með 19 shlj. atkv.

31. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 192,11 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 192,12.a (ný gr., verður 33. gr.) samþ. með 18:3 atkv.

— 192,12.b (ný gr., verður 34. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 192,13 samþ. með 17 shlj. atkv.

32. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 192,14 samþ. með 17 shlj. atkv.

33. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

34. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

35. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 192,15 samþ. með 19 shlj. atkv.

36. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:6 atkv.

Á 41. og 47. fundi í Nd., 3. og 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 233, 260, 282).

***Jónas Guðmundsson:** Ég á hér á þskj. 260 brtt. nokkrar við þetta frv., sem fyrir liggur til umr.

Við 2. umr. þessa máls urðu hér að mínum dómi nokkur mistök á afgreiðslu þessa máls, þar sem greinar þær voru felldar, sem í raun og veru hefðu átt að koma inn í frv., en aftur voru þá samþ. greinar, sem bæði eru þannig settar í frv. sjálfu og eins eru þannig að allri efnisgerð, að frv. getur tæplega staðizt eins og það nú er orðið. Það er sem sé eftir frv., eins og það nú er, skylda að kjósa með hlutfallskosningu í kauptúnum, þar sem ekki eru fleiri íbúar en 300, ef kauptúnið er sérstakt hreppsfélag. En í kauptúni, sem er gríðarstórt, en ekki er sérstakt hreppsfélag út af fyrir sig, þ. e. a. s. kauptún, sem vaxið er upp í hreppi, sem í eru nokkrir sveitabæir, sem því tilheyra sama hreppi og kaup-

1) **HV:** Að vísu felst ósamræmi við lögin í þessari brtt., ef hún er samþ., þar sem smærri kauptún geta fengið rétt til hlutfallskosninga, þó að hin stærri fái það ekki, en í þeirri von, að það verði lagfært í Ed., *segi ég já.*

2) **JG:** Með sama formála og hv. 2. þm. Reykv. segi ég já.

túnið, þó að kauptúnið sé meginhluti hreppsins, í slíku kauptúni þarf að safna undirskriftum samkv. frv. á hverjum tíma, til að kjósa megi þar með hlutfallskosningu. Þetta virðist mér óhafandi ósamræmi.

Með þessu frv. er hugsuð sú breyt. á kosningaraðferð í stórum sveitum og í bæjum, að það sama fyrirkomulag, sem undanfarin ár hefir verið haft á kosningum í bæjarstjórnir í kaupstöðum, hlutfallskosning, verði innleidd í kauptúnum, auk þess sem allar sveitarstjórnarkosningar verða gerðar leynilegar. Þessi tvö atriði eru meginatriði frv. Öll önnur atriði í frv. eru til þess að færa frv. til samræmis við þær reglur, sem gilda um kosningar til Alþingis, og gera fólki léttara fyrir um að komast til kjörstaðar. Að hafa margskonar fyrirkomulag á kosningum í landinu er til þess fallið að villa fyrir á ýmsan hátt. Og í raun og veru ætti það að vera svo, að hlutfallskosningar væru viðhafðar um land allt og einnig við alþingiskosningar.

Ég held, að þessar brtt. á þskj. 260 þarfnist ekki mikilla skýringa fram yfir það, sem ég hefi þegar sagt. Ég vil þó geta þess, að ætlazt er til, að 6. og 7. gr., sem verða nýjar greinar, verði sérstakur kafli í frv., sem heiti: Leynilegar kosningar. Hlutbundnar kosningar og óhlutbundnar. Og á hann að koma á eftir 1. kafla frv., á undan núverandi 2. kafla þess, því að 17. gr. frv., sem er um þetta efni, er á röngum stað í frv. og þarf að færast til. Hér er því lagt til, að ákvæði 17. gr. verði færð á þennan hátt til í frv. með nokkrum breyt., eins og hv. þm. hafa þegar kynnt sér, en 17. gr. sem slík verði felld niður.

Fyrsta brtt. á þskj. 260 er við 4. gr. frv., sem leiðir af þeirri breyt., sem lagt er til, að gerð verði með ákvæðum, sem felast í þeirri tillögugr. brtt., sem lagt er til, að verði ný 7. gr. (tölul. 2.). Þessar brtt. falla því alveg saman.

Þá er, sem áður er getið, lagt til, að 17. gr. frv. falli niður, og að síðustu, að kaflaskipti og greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Aðrar brtt. en þessar tel ég mig ekki geta flutt við frv., þó að ég hinsvegar sé ákaflega hræddur um, að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv. um kosningu aðalmanna og varamanna í hreppsnefndir, geti gefizt misjafnlega. En ég sem sagt treysti mér ekki til að flytja brtt. við það. Ég sé ekki, að miklu heppilegra fyrirkomulag verði hægt að taka upp í því efni. Mismunurinn á þessari brtt. og frv., sem hér liggur fyrir, virðist mér vera sá, að í stað þess að skrifa númer á kjörskrá verði skrifað nafn þess, sem kosinn er. Þetta er ekki efnisatriði, heldur formsatriði, til þess að síður valdi ruglingi, eins og mörg dæmi eru til, að komið hefir fyrir, að skakkt númer hefir verið tekið á kjörskrá, þannig að menn hafa skrifað númer þess næsta á undan eða eftir þeim, sem tilætlunin var að kjósa.

Frsm. (Thor Thors): Það hefir staðið til, að allshn. athugaði nánar þetta frv., því að ýmislegt er í því, sem þarf að leiðrétta, og sumt, sem þarf að breyta að áliti allshn., þó að ekki hafi orðið af því enn. Ég vil því leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr., svo að allshn. geti lokið við sínar brtt. áður en þessari umr. er lokið.

Forseti (JörB): Enda þótt mál þetta sé búið að vera alllengi til meðferðar í þinginu, þá tel ég rétt að þessu sinni að verða við tilmælum hv. þm. Snæf. og fresta umr. til morguns. En lengur verður það ekki gert.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 233, 260, 282, 326, 327).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 326. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Allshn. hefir tekið þetta mál til nýrrar yfirvegunar og orðið ásátt um að bera fram þær brtt., sem eru á þskj. 327. Sú fyrsta er um kjördaginn, og er við 4. gr. Það er ákveðið þar, að allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kaupstað, fari fram síðasta sunnudag í janúar, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í júní Ég vil geta þess, að það hefir misritazt maí- í stað júnímánuður, og er verið að prenta þær upp. Eins og öllum hv. dm. er kunnugt, komst sú breyt. inn við 2. umr., að svo var ákveðið í 17. gr., að bæjarstjórnir og hreppsnefndir í þeim kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, skyldi kjósa hlutfallskosningum. Við teljum ekki þessi takmörk eðlileg, þar sem slíkt mundi leiða til þess, að hlutfallskosningar yrðu viðhafðar í sumum hinna minni kauptúna, sem eru sérstakt hreppsfélag, en hinsvegar ekki í stærri kauptúnunum, sem engu síður er í rauninni ástæða til að viðhafa hlutfallskosningu í, þar sem svo er ástatt, að í allflestum hinna stærri kauptúna er flokkaskiptingin orðin greinileg í hreppsmálefnum engu síður en landsmálefnum almennt. Fyrir því viljum við láta breyta 17. gr. í það horf, að hlutfallskosningar verði viðhafðar í öllum þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kaupstað, en láta svo ennfremur haldast heimildina fyrir ⅓ hl. kjósendanna til þess að krefjast hlutfallskosninga. Við viljum þó takmarka heimildina við það, að það sé nóg, að 25 kjósendur krefjist þess. Það stendur í brtt. 20, en það hefir misprentazt og verður leiðrétt í endurprentuninni. — Þá er 3. brtt. n., sem er um það, að 21 dagur eigi að vera nægilegur framboðsfrestur, en ekki 28, eins og gert er ráð fyrir nú í frv. Þar sem kosningarnar fara fram síðasta sunnudag í janúar, teljum við nægilegt, að listum sé skilað eftir áramót, en þurfi ekki að ganga frá þeim fyrir áramót. — 4. brtt. er nánast leiðrétting, því að frv. var upphaflega þannig samið, að það var gengið út frá því, að það yrðu allsstaðar hlutfallskosningar, og því talað almennt um umboðsmenn við kosningar, en það er vitanlegt, að þegar kosningin er óhlutbundin, er ekki hægt að koma við að hafa umboðsmenn, því að þá eru í rauninni allir kjósendurnir í kjöri, en enginn sérstakur. — 5. brtt. er einnig leiðrétting. Það hafði gleymzt hjá þeim, sem samið hafa frv., að vitna til breyt.

á l. nr. 59 frá 1929, síðari málsgr., og hefir n. nú gert það. — Ég ætla ekki að svo stöddu að ræða hinar aðrar brtt., sem fram eru komnar, að undantekinni brtt. á þskj. 260, sem 1. flm. hefir gert nokkra grein fyrir. Ég sé ekki betur en að eftir þessum brtt. n. um hlutfallskosningar og kjördag þá geti þeir flm. tekið aftur sínar fyrstu brtt. En um hinar vil ég segja það, að ég tel þær óþarfar og aðeins röskun á kaflaskiptingu og niðurröðun efnisins.

*__Gísli Guðmundsson:__ Ég hefi leyft mér ásamt hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. A.-Sk. að flytja brtt. við 23. og 25. gr. frv. En þær eru mjög einfaldar og þarfnast ekki langrar skýringar. Þær eru um það, að þegar óhlutbundnar kosningar í hreppsnefnd fara fram, sé ekki skrifað á kjörmiða kjörskrárnúmer þeirra kjósenda, sem atkvæði er greitt, heldur skrifuð nöfnin í staðinn. Og brtt. okkar fara í þá átt, að kjörmiðanum verði breytt í samræmi við þetta. Það hefir komið í ljós á ýmsum þeim stöðum, þar sem *hreppsnefndarkosning hefir verið skrifleg*, að hún hefir verið framkvæmd á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, og einnig í þeim kosningalögum, sem nú gilda, að á þessu hafa verið ýms vandkvæði. Það er talsverðum erfiðleikum bundið, og getur a. m. k. tekið æðilangan tíma fyrir fólk, sem ekki er nú vant svona hlutum, að þurfa að leita uppi á stórri kjörskrá nöfn þeirra manna, sem þeir vilja kjósa, ef um fleiri hundruð kjósendur er að ræða í hreppnum. Og mér er kunnugt um dæmi þess, að úr þessu hefir orðið talsverður ruglingur og misskilningur og menn kosið aðra heldur en þeir hugsuðu sér, og það kemur af því, að menn villtust á númerum á kjörskránni. Það er því okkar skoðun, að réttari tilhögun sé, að kjósendur blátt áfram skrifi á kjörmiðann nöfn þeirra manna og heimili, sem þeir vilja kjósa. Og ég get ekki séð, að á því séu neinir áberandi gallar.

Ég sé það nú, að á þskj. 326 eru brtt. frá 2 öðrum þm., sem ganga nokkuð í sömu átt, og álít ég, að þar sé rétt að farið. En mér virðast þær ekki nógu greinilegar, því það getur verið í ýmsum tilfellum ónóg að skrifa nafn mannsins, því oft eru í sömu sveit fleiri menn með sama nafni og föðurnafni; þarf því að taka heimilisfangið fram líka.

*__Jón Pálmason:__ Ég hefi leyft mér ásamt hv. 7. landsk. að flytja hér nokkrar brtt., sem eru á þskj. 326. Eru þær fluttar í samræmi við þær skoðanir, sem ég hélt fram við 2. umr. málsins, og ganga fyrst og fremst út á það að gera greinilega upp á milli kosningar á aðalmönnum og varamönnum í þær nefndir, sem hér er um að ræða, þegar óhlutbundnar kosningar fara fram. Því að ég lít svo á, að það lendi alla tíð í ruglingi um þessar kosningar, ef kosning á aðalmanni og varamanni á að fara fram samtímis.

Ég ætla ekki að fara langt út í þessa till. En ég skal geta þess um þá fyrstu, sem fer fram á, að ekki sé heimilt að skipta hreppi í kjördeildir til óhlutbundinna kosninga, að hún er sprottin af því, að það er annmörkum bundið, að hafa sama hrepp í mörgum kjördeildum, þegar á að kjósa í tvennu lagi aðalmenn og varamenn. Enda lítum við flm. svo á, að engin nauðsyn sé fyrir hendi að skipta hreppi í kjördeildir við sýslunefndar- eða hreppsnefndarkosningar, enda hafa ekki kröfur komið fram um það. Það hefir gengið nokkuð vel að kjósa á þingstað hreppsins fram að þessum tíma. Ef mönnum á annað borð er það áhugamál, að kjördeildarskipting fari fram í stórum hreppi, þá er ákaflega einföld leið til, sem sé sú, að fá fram *hlutfallskosningu*. Þá skal ég aðeins vikja að því atriði, sem síðasti ræðumaður minntist á, að skrifa nöfn, en ekki númer. Ég tel það að öllu leyti heppilegra fyrirkomulag, og get undirstrikað allt, sem hann tók fram um það. En það er aðeins að athuga við hans till., að þar er gert ráð fyrir, að kosnir séu saman aðalmenn og varamenn, og þess vegna hlýtur seðillinn að verða á annan veg heldur en eftir þeim till., sem við leggjum fram. Hitt má vel vera, að nauðsynlegt sé að kveða skýrar á um það, að heimilisfangið þurfi að skrifa líka. Get ég mjög vel fallizt á það að bæta *því inn í till.*, því *að ég finn*, að skoðanir okkar falla saman um þetta atriði, en aðalatriðið, sem liggur til grundvallar fyrir þessari till., er það, að eigi að kjósa sitt í hvoru lagi aðalmenn og varamenn.

*__Jónas Guðmundsson:__ Ég sé nú, að allshn. hefir tekið þessar till. mínar til athugunar — og endurbótar vil ég segja —, og er ég henni þakklátur fyrir það. Þó hefði ég nú kunnað því betur, að sú skipun hefði verið á brtt. mínum, sem þar er ráðgerð, þar sem mér finnst ákvæðið í 17. gr. alls ekki falla inn í þann kafla, sem greinin stendur í, en ég vil ekki gera það að neinu ágreiningsatriði, eða fella till. allshn.

Það er rétt, sem einn af þm. hefir bent mér á, að eftir mínum till. gæti rekizt á að hafa hlutbundnar kosningar í hreppum, sem ekki eru kauptún, við þau ákvæði, sem eru í þeirri grein, sem ég orðaði sem 4. gr. Því að þá yrði kosningin að fara fram í janúarmánuði, en ekki í maí eða júnímánuði, eins og ég ætlaðist til, að yrði í sveitahreppum. En af þessum ástæðum, og líka af því, að ég geri ráð fyrir, að till. n. hafi óskiptara fylgi en mínar till., og þar sem þær fela í sér nákvæmlega það, sem ég vil stefna að í mínum brtt., þá lýsi ég yfir því, að ég tek mínar brtt. á þskj. 260 aftur, og mun veita brtt. n. að því leyti, sem þær snerta greinina, sem ég hefi gert till. um, mitt lið í þinginu.

*__Gísli Guðmundsson:__ Ég þykist nú sjá á undirtektum hv. þm. A.-Húnv., að sennilega getur orðið samkomulag um brtt. á þskj. 282 og brtt. á þskj. 326 viðvíkjandi fyrirkomulagi kjörseðlanna. En það eru náttúrlega þar atriði, sem hefðu þurft nánari athugunar við, og fyrir mitt leyti hefði ég helzt viljað óska, að málinu verði frestað til næsta dags. Annars er þetta spursmál um kosningu varamannanna talsvert erfitt viðfangs. Við flutningsmenn brtt. 282 létum það fyrirkomulag haldast, sem samþykkt var við 2. umr., að kjósa aðalmenn sér og varamenn út af fyrir sig í einu, en þó á sama kjörseðli. En ég viðurkenni, að það er alveg rétt, sem hv. þm. A.-

Húnv. segir og hv. 2. þm. N.-M. benti hér á við 2. umr., að þetta er dálítið andkannalegt að því leyti, að vitanlega getur farið svo, að sami maður verði kosinn bæði sem aðalmaður og varamaður, og verði menn í nokkrum vanda um það, hverja þeir eigi að kjósa sem aðalmenn og hverja sem varamenn. Auðvitað kemur ekki til greina um árekstur við sjálf úrslitin, vegna þess að ákveðið er í frv., að aðalmenn skuli taldir fyrst, og úrskurðar það um aðalmennina. Hinir koma ekki til greina, sem kosnir eru sem varamenn; en þetta er þó dálítið erfitt viðfangs, og það hefir enginn viljað koma fram með till. um það, að varamenn yrðu þeir, sem næstflest fengju atkv., en náttúrlega væri það hugsanlegt fyrirkomulag. Ég get ekki í sjálfu sér séð, að það myndi þurfa að verða verulega til tjóns, eða hafa í för með sér úrslit, sem færu í bága við það, sem lögin stefna að, vegna þess að þessi kosningaaðferð, að kjósa óhlutbundið, myndi aðallega og líklega eingöngu koma til greina í þeim hreppum, þar sem tiltölulega lítill ágreiningur væri um flokka, en kosið eftir persónulegu trausti á mönnum. (GSv: Kom brtt. við 2. umr. um þetta?). Ég man nú ekki eftir því.

Annars vildi ég óska, að forseti sæi sér fært að fresta málinu um einn dag, til þess að þeir, sem að till. standa, geti rætt um þetta. Till. á þskj. 326 kom ekki fram fyrr en nú á fundinum, og þess vegna var ekki tækifæri til þess að ræða um þetta á undan. En sé nú ekki um að ræða að fresta málinu, tel ég aðgengilegra að samþykkja till. okkar á þskj. 282, vegna þess að hún er ýtarlegar orðuð. Því að það er ekki gerlegt fyrirkomulag, að skrifa nöfn mannanna einungis. Heimilisfangið verður að fylgja.

Frsm. (Thor Thors): Það, sem brtt. á þskj. 282 og 326 miða að, er aðeins fyrirkomulagsatriði, hvort réttara sé að láta menn skrifa nöfn þeirra, sem þeir vilja kjósa, í stað þess að hafa tölu, eins og er í núgildandi lögum. Mér finnst ekki veigamikið atriði, hvor aðferðin er höfð. En ég hefði haldið, að einfaldara væri að skrifa 10 tölur heldur en að þurfa að skrifa nöfn og heimilisfang 10 manna. Ég held, að það myndi margur kjósandi villast í þeim efnum, ef hann þyrfti að skrifa svo mörg nöfn, og yrði til þess að gera marga seðla ógilda. Maður sér, hve margir ógildir seðlar verða við alþingiskosningar, ekki síst utankjörstaðarseðlar, og þó er miklu einfaldari kosningaraðferð þar en gert er ráð fyrir hér.

En hvað viðvíkur brtt. hv. þm. N.-Þ. á þingskjali 282, þá er þar ekki stigið sporið til fulls, því að flm. hefir láðst að athuga 2. málsgr. 26. gr., þar sem segir um kosningaúrslit og þess háttar. Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, fer talning atkv. fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp töluna, sem á kjörseðlinum er. Ef brtt. á þskj. 282 ætti að ná fram að ganga, þá er óhjákvæmilegt að leiðrétta einnig þessa gr. — Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. hv. þm. A.-Húnv.; aðalefni í þeim er sama og brtt. hv. þm. N.-Þ., en þó er vert, að þm. geri sér ljóst, að ef þeir vilja samþykkja það, að kosning aðalmanna fari fram sérstaklega og varamanna síðan, þá er einnig nauðsynlegt að samþykkja 1. brtt. á þskj. 326. Því að það yrði ekki hægt þá, að minnsta kosti mjög óþægilegt, að skipta hreppi í fleiri kjördeildir. Kosningin yrði þá að fara fram algerlega í tvennu lagi. Að því leyti er þessi 5. brtt. á þskj. 326 réttmæt. En út af því, sem háttv. þm. A.-Húnv. sagði, að ónauðsynlegt væri að skipta hreppnum í fleiri kjördeildir en eina og að engin krafa hafi komið fram um það, þá veit þm. ofur vel, að samkvæmt kosningalögum til Alþingis er hreppum skipt í margar kjördeildir, og slíkt byggist eingöngu á því, að það er hagræði fyrir almenning að geta kosið á fleiri en einum stað. Hv. þm. A.-Húnv. hefir hinsvegar gætt þess að samræma 26. gr. við hinar aðrar brtt. sínar. En ég hygg, að síðasta brtt. hans, b-liður undir tölunni 5, eigi ekki við rök að styðjast, því að 3. málsgr. 26. gr., sem hann vill láta fella niður, hljóðar svo:

„Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis."

Um þetta verður vitanlega að hafa ákvæði í frv., því að það kemur alltaf fyrir, að einhversstaðar er skipt í kjördeildir, þar sem um hlutfallskosningar er að ræða.

Ég hefi nú vikið nokkuð að þessum brtt., og allshn. gerir sem sagt ekki að neinu kappsmáli, hvaða aðferð menn hafa við kosningar á aðalmönnum og varamönnum. En ég vildi aðeins biðja hv. þm., sem bera fram þessar brtt., að gæta þess að samræma þær að öllu leyti frv. eins og það er, svo að hægt sé að samþykkja þær í heild.

Forseti (JörB): Viðvíkjandi því að taka málið út af dagskrá og fresta umr. vil ég geta þess, sem kunnugt er, að málið er búið að vera lengi til meðferðar, og að loknum fundi í dag má gera ráð fyrir, að fundur hefjist ekki í d. fyrr en á laugardaginn kemur, svo að frestun umr. þýðir bið þangað til. Ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því að taka málið út af dagskrá, en vil gjarnan heyra álit hv. frsm. allshn.

Frsm. (Thor Thors): Eins og hæstv. forseti gat um, hefir þessu máli seinkað dálítið í d. Ég fæ ekki betur séð en ef einhverjar misfellur eru á afgreiðslu frv. hér í d., mætti leiðrétta þetta í Ed., og gæti frv. þar fengið þá meðferð, sem æskileg er. Því að þar sem fundir hefjast hér ekki aftur fyrr en á laugardag, er þagalegt að fresta málinu enn á ný talsverðan tíma.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég finn ástæðu til þess að þakka það, að flm. þessara till. hafa tekið til greina tvær bendingar frá mér, en þó hafa till. frá mér í sömu átt verið látnar falla áður í d. Það er sem sé komin fram brtt. um það, að kjósa ekki saman varamenn og aðalmenn. Það er ábyggilegt, að sú kosningaraðferð er algerlega óframkvæmanleg, að kjósa þá saman á sama lista, eins og áður var gert ráð fyrir. Um brtt. á þskj. 282 og 326 er það að segja, að ég felli mig að öllu leyti betur við þá síðarnefndu. Mér finnst einmitt þurfa að bæta við 25. gr., þar sem rætt er um að skrifa nöfn þeirra manna á kjör-

seðlana, sem á að kjósa, að skrifa skuli nafn, föðurnafn og heimilisfang þeirra, sem á að kjósa. Mér er að vísu ljóst, að með því að láta skrifa nöfn í staðinn fyrir númer er dálitið horfið frá þeirri leynd, sem ætlazt er til, að sé yfir kosningum, því að frekar má þekkja rithönd manna af þremur orðum heldur en af tveimur tölustöfum. Hitt er líka vitanlegt, að menn hafa oft flaskað á númerum á mönnum, og hafa fallið atkv. á menn, sem almenningur hefir vitað, að engum datt í hug að kjósa. Menn gripa töluna næstu fyrir ofan eða neðan, og mætti færa mörg dæmi til að sanna það. Þess vegna held ég, að þó að kosningin að einhverju leyti hverfi frá þessari leynd, sem ætlazt er til í kosningum, þá verði það að vera svo frekar en að fá töluverðan hl. af atkvæðum öðruvísi greidd heldur en menn hafa ætlazt til.

Ég hefi áður bent á það, að vafasamt gæti verið að láta þessar kosningar fara fram á síðasta sunnudegi í júní, ef svo stæði á, að þá ættu jafnframt að fara fram alþingiskosningar. En brtt. allshn. á þskj. 327 bætir úr þessu. Ég tel því málið vera komið í sæmilegt horf, ef brtt. á þskj. 326 og 327 verða samþ. Þó mun ég leggja fram skrifl. brtt. þess efnis, að tekið skuli fram á kjörseðli föðurnafn og heimilisfang, svo að ekki verði um villzt, við hvern er átt.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. N.-M.:

„Við 4. lið. Á eftir orðunum „kjörseðilinn nöfn" komi: föðurnöfn og heimilisfang".

Till. er skrifl. og auk þess of seint fram borin, svo að veita verður tvenn afbrigði frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 334) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Hannes Jónsson:** Mér finnst koma æ betur og betur í ljós, hversu mjög er hér flanað að breyt. á þessum lögum, án þess að nokkur nauðsyn reki til.

Eins og nú háttar, er trygging fyrir því, að í hreppsnefndum sitji ávallt kunnugir menn, sem geta leiðbeint þeim nýju. Þessu öryggi er nú kippt burtu með því að láta kjósa alla hreppsnefndarmenn í einu. Þetta getur orðið til þess, að hreppsnefnd verði næstum eingöngu eða eingöngu skipuð ókunnugum og óvönum mönnum. Þessi breyting ein út af fyrir sig getur því orðið til mikils spillis.

Það sést bezt á þeim mörgu brtt., sem fram eru komnar, hve mjög vantar á það, að málið sé komið í viðunanlegan búning á þessu millistigi frá því fyrirkomulagi, sem nú er, og til algerðra hlutfallskosninga, eins og sósialistar vilja. Mér finnst með frv. óhjákvæmilega stefnt í þá átt, sem hv. 6. landsk. ætlast til, enda sér það á, að hann er ánægður, því að hann tekur sínar brtt. aftur, er brtt. allshn. koma fram. Vera má þó, að allshn. stigi það spor, sem hún er að stíga með brtt. sínum, óviljandi og sjái ekki fyrir afleiðingarnar.

Mér þykir það miður, að hv. þm. A.-Húnv. skuli hafa með 1. brtt. sinni kippt því burtu úr frv., sem var til bóta, að kjósandi geti neytt kosningarréttar síns í hvaða kjördeild hreppsins sem er, þegar um fleiri en eina er að ræða, til þess að aðgangur að kosningunni verði greiðari en ella. Það er í anda lýðræðisins að gera mönnum sem léttast fyrir um að neyta kosningarréttar síns. En þessi brtt. fer í öfuga átt.

Þá sýnist mér, að ákvæði 5. brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. komi í bága við ákvæði XVI. kafla, um sýslunefndarkosningar. Þar er sagt, að kosning skuli fara fram á sama tíma og kosið er til hreppsnefndar og vera stjórnað af sömu kjörstjórn. Það getur þó varla verið meining hv. þm. A.-Húnv., að sýslunefnd sé kosin á einum stað, en hreppsnefnd ef til vill á þremur undir sömu kjörstjórn. Og hvernig á að lesa upp nöfn aðalmanna og kjósa varamenn þegar á eftir, ef kosið er í mörgum kjördeildum? Það er auðséð, að h. þm. A.-Húnv. hefir hér ekki hugsað sér nema eina kjördeild.

Þetta og fleira sýnir, að það er ekki ástæðulaust að fresta málinu, svo að hægt sé að gera kosninguna sjálfa svo úr garði með þessu viðrinisfyrirkomulagi, að hún sé framkvæmanleg. En ef það tekst ekki, held ég væri eins gott fyrir þá góðu menn, sem að frv. standa, að stíga sporið fullt og gangast inn á stefnu sósíalista um algerðar hlutfallskosningar. Ég vil þó taka það fram, að ég er gersamlega andvígur þeirri aðferð, og svo veit ég, að er um flest eða öll sveitarfélög. Áhugi fyrir breyt. í þessu efni er ekki til í sveitunum; hann er kominn annarsstaðar frá og stefnir ekki að því að gera kosningarnar eðlilegri eða réttlátari. Þetta er „fabrikerað" í pólitiskum tilgangi í bæjunum, til þess að sósíalistar geti fengið fylgi sitt úti um landið „konstaterað". En ég álít, að Alþingi ætti ekki að vera að hlaupa eftir slíkum goluþyt. Ég legg því til, að málinu sé frestað og það fái að hvíla sig milli þinga, svo að tækifæri gefist til að koma með rækilegar till. um breytingar. Ættu þær að geta verið stuðningur fyrir næsta Alþingi til þess að byggja á álit sitt.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

***Jón Pálmason:** Það eru hér tvö ágreiningsatriði, sem umr. hafa mjög mikið snúizt um, með tilliti til þeirra brtt., sem fyrir liggja á þskj. 326. Hv. frsm. n. taldi það miklu einfaldara að skrifa númer á kjörseðilinn heldur en nöfn, meðfram af því að það mundi orsaka fleiri ógilda seðla. Ég skal náttúrlega ekki neita því, að vel geti farið svo, að nokkuð fleira verði af ógildum seðlum, ef skrifuð eru nöfn heldur en ella, en ég tel það þó betra heldur en að hitt eigi sér stað, að menn kjósi eftir númerareglunni allt aðra menn heldur en þeir ætluðu. Ég hefi reynslu fyrir því sem kjörstjóri, að menn hafa flaskað ákaflega mikið á þeirri aðferð, og ýmsir kosið allt aðra menn heldur en þeir sjálfir ætluðu. Þess vegna held ég, að það sé sjálfsögð brtt., að það séu skrifuð nöfn, en ekki farið eftir númerum.

Að því er hitt atriðið snertir, sem sé niðurlagningu kjördeilda, er það að segja, að það er að vísu rétt — enda alkunnugt — að það er til nokkurra þæginda að skipta hreppunum í kjördeildir, en ég hygg, að það sé víða svo um land allt að ekki sé mikið kapp um hreppsnefndar- og sýslunefndarkosningar, og undir þeim kringumstæðum, að ekki sé eins mikið kapp um þær eins og alþingiskosningar, þá er ekki nauðsyn á að skipta hreppum í kjördeildir, en sé hinsvegar um að ræða kapp til muna um þær kosningar, þá er nokkurnveginn víst að það muni verða krafizt hlutfallskosningar, þar sem ekki þarf nema 1/10 hluta atkvæðisbærra manna til þess að fá slíkri kröfu framgengt, og þá er um leið hitt fengið, að hreppunum er skipt í kjördeildir skv. þeim reglum, sem gilda um alþingiskosningar.

Að því er það snertir, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um, að þessar brtt. okkar tækju ekki yfir sýslunefndarkosningar, þá er það að nokkru leyti rétt, þar sem okkur hefir láðst að fella úr 33. gr. 2—3 orð, því náttúrlega er það meiningin, að sýslunefndarkosningar og hreppsnefndarkosningar fari eftir sömu reglum, þ. e. a. s. að ef hreppsnefndarkosningar eru hlutbundnar, þá séu sýslunefndarkosningar það einnig, og ef hreppsnefndarkosningar eru óhlutbundnar, þá séu sýslunefndarkosningar það einnig. Ég vil þess vegna mega vænta þess, að það verði tekin til greina skrifl. brtt. um þetta efni, því þess vegna þarf ekki að fresta þessu máli.

Hvað það snertir, sem þessi sami hv. þm. var að tala um, að síðasta brtt. á þskj. 326 væri ekki réttmæt, þá hefir það nokkuð til síns máls, og það hefir að sjálfsögðu ekki mikla þýðingu, hvort sú málsgr. er felld niður eða ekki, og get ég því, ef það þykir máli skipta, tekið þá till. aftur.

Annað hygg ég svo, að það sé ekki, sem ég þarf að taka til athugunar í þessu efni, en ég skal leyfa mér að leggja hér fram skrifl. brtt. um þetta atriði, og vænti ég, að hæstv. forseti taki hana til greina.

Gísli Guðmundsson: Ég skal nú ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vil aðeins leyfa mér að bera fram skrifl. brtt., sem að vísu fer alveg í sömu átt og sú, sem hv. 2. þm. N.-M. hefir borið fram, en mér virðist, að það sé heppilegri orðun í 4. lið brtt. á þskj. 326, að þar komi: fullt nafn og heimilisfang — svo þar þurfi enginn misskilningur að vera.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. Sú fyrri er frá hv. þm. A.-Húnv., við 33. gr. frv., og hljóðar þannig: „Kosning sýslunefndarmanna skal hagað á sama hátt og hreppsnefndarkosningum". — Hin síðari er frá hv. þm. N.-Þ., við brtt. á þskj. 326, og er þannig, að í stað „nöfn" í 4. lið brtt. komi: fullt nafn og heimilisfang.

Vil ég leita þeirra afbrigða frá þingsköpum, að till. þessar megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 335 og 336) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Þá tek ég mína skrifl. brtt. aftur, en greiði atkv. með till. hv. þm. N.-Þ.

Forseti (JörB): Það hafa komið fram óskir um að fresta málinu, en því er heldur andmælt af hálfu n., sökum þess, hve málið er nú búið að vera lengi til meðferðar, og treysti ég mér ekki gegn andmælum n. að taka það af dagskrá enn á ný. (Raddir hvaðanæva úr þingsalnum krefjast þess, að málið sé tekið af dagskrá). Ég sé mér þá ekki annað fært en að gefa mönnum tóm til að íhuga till. gaumgæfilega, sérstaklega þar sem það er ekki nema nokkurt brot af þm., sem helzt við á fundinum.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 233, 260, 282, 326, 327, 334, 335, 336).

Frsm. (Thor Thors): Það er nú svo langt um liðið síðan hér var um þetta mál rætt, að ég er búinn að gleyma mörgu af því, sem ýmsir hv. þm. sögðu þá. Annars er það ekki margt, sem ég þarf að svara eða taka fram, því að málið er svo þaulrætt af hv. þm. og allshn. Þó vil ég taka það fram, að það er misskilningur hjá hv. 2. þm. N.-M., er hann sagði, að allshn. legði til, að kosningar til sveitarstjórna færu fram síðasta sunnudag maímánaðar. Það hefir alltaf verið ætlazt til, að þær færu fram síðasta sunnudag í júní, og hefir n. enga breytingu ætlað að gera á því.

Af því að það hefir komið fram hjá ýmsum hv. þm., að hér væri eitthvert mikið byltingafrv. á ferðinni, vil ég taka það fram, að frv. er yfirleitt ofur einfalt og gerir litlar breyt. frá því, sem nú er. Aðalefni þess fer í þá átt að samræma kosningar til sveitar- og bæjarstjórna við kosningar til Alþingis. Getur því engin hætta verið á ferðum, þó að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 260, 282 og 334 teknar aftur.

— 327,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 326,1 samþ. með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS, MT, PZ, PHalld, PO, SK, TT, BB, EE, GG.

nei: HannJ, HV, JG, PÞ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, JörB.

SigfJ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (JÓl, ÓTh, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 326,2 samþ. án atkvgr.

— 327,2 samþ. með 21:1 atkv.

— 327,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 327,4 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 326,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 336 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 326,4, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

— 326,5.a samþ. með 17 shlj .atkv.

— 326,5.b tekin aftur.

— 335 samþ. með 22:3 atkv.

— 327,5 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv. og afgr. til Ed.

Við nafnakallið um brtt. 326,1 gerðu 3 þm. grein fyrir atkv. á þessa leið:

Magnús Torfason: Ég verð að líta svo á, að þar sem ekki er óskað eftir hlutfallskosningu, sé áhuginn ekki svo mikill, að ástæða sé að vera að skipta hreppunum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt þar, sem erfitt er um kjörsókn, að banna að skipta í kjördeildir, þó ekki sé viðhöfð hlutfallskosning.

Garðar Þorsteinsson: Ég vil leyfa mér að benda á, að þar sem ekki er hlutfallskosning, er ekki hægt að kjósa á tveim stöðum vegna varamannanna, og ég sé því ekki ástæðu til að breyta þessu.

Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 375).

Á 53. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 375, n. 488).

***Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Eins og hv. dm. er kunnugt, er þetta mál komið fram í hv. Nd. og mun hafa verið lagt þar fram að tilhlutun ríkisstj. Þetta frv. er samið til þess að samræma kosningar í málefnum sveita og kaupstaða við kosningar til Alþingis. Er það eðlilegt, þar sem nú gildir sami kosningarréttur í báðum tilfellunum.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd., var gert ráð fyrir því, að allar kosningar til bæjar- og sveitarstjórna væru leynilegar og hlutbundnar. Þessu hefir verið breytt í Nd. þannig, að hlutfallskosningar eru nú í frv. fyrirskipaðar í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fullir ¾ hl. íbúanna eru búsettir í kauptúnum, en heimilt aftur í öðrum hreppum að taka upp hlutfallskosningu, ef þess er krafizt af tilteknum hluta atkvæðisbærra manna í hreppnum. Við þessa breytingu, sem gerð var í hv. Nd. á frv., er ekki laust við, að kenni nokkurs ósamræmis í frv., því að þar sem frv. gerði ráð fyrir, að allsstaðar giltu hlutfallskosningar, þá voru öll önnur atriði í samræmi við það. En þegar þessu var breytt, þurfti að sjálfsögðu að breyta ýmsum ákvæðum frv. í samræmi við þá breytingu.

Ég geri þó ráð fyrir, að það megi segja, að það séu ekki stórgallar á frv. að þessu leyti, a. m. k. var í allshn. litið svo á, að ekki væri rétt að gera á frv. neinar róttækar breytingar.

Ég skal játa það fyrir mína parta, að ég hefði talið, að það hefði farið betur á því, að frv. hefði verið eins og það var, að hlutfallskosningar hefðu gilt í öllum hreppum. En það virðist ekki hafa neitt fylgi í hv. Nd., og meiri hl. allshn. vill því ekki leggja neitt kapp á að breyta því. En það er víst, að búningur frv. í öllum atriðum var meira í samræmi eins og það var flutt upphaflega. Niðurstaðan hefir því orðið sú, að meiri hl. allshn. leggur til, að frv. verði samþ. með þremur lítilvægum breytingum.

Þó vil ég taka það fram um fyrstu brtt., að hún hefir töluvert gildi vegna þess, að eins og frv. er nú, þá er svo ákveðið, að aðeins í þeim hreppum, sem hlutfallskosning er viðhöfð, skuli gilda skipti hreppsins í kjördeildir, þau, sem gilda við alþingiskosningar. Meiri hl. n. lítur svo á, að ekki sé réttlátt að svipta stóra hreppa því hagræði að mega skipta hreppum í kjördeildir. Það virðist ekki vera rétt að gera kjósendum miklu erfiðara fyrir með að neyta kosningarréttar síns við kosningar í sveitarmálum heldur en við kosningar til Alþingis. Þess vegna leggur n. til, að 9. gr. verði orðuð um, og hún verði orðuð eins og hún var í frv. upphaflega, þannig að um skipti kaupstaða og hreppa í kjördeildir gildi ákvæði laga um kosningar til Alþingis. Þessi brtt. hefir verulega þýðingu, og leggur meiri hl. allshn. áherzlu á, að hún verði samþ.

Hinar tvær brtt. eru smávægilegar og eru til leiðréttingar, sérstaklega önnur brtt., við 10. gr. Það er svo fyrir mælt í 10. gr., að í hverjum kaupstað skuli vera yfirkjörstjórn skipuð 3 mönnum, en meiri hl. n. lítur svo á, að þar, sem hreppum er skipt í kjördeildir, verði einnig að vera yfirkjörstjórn. Þess vegna leggur n. til, að á eftir orðunum „í hverjum kaupstað“ komi: og hreppi, sem skipt er í kjördeildir.

Þriðja brtt. er aðeins orðabreyting, og má segja, að hún færi aðeins til réttara máls. Brtt. er við 20. gr., og 20. gr. byrjar þannig: „Yfir- og undirkjörstjórnir skulu halda gerðabækur.“ Meiri hl. n. álítur, að betur fari á að segja: Kjörstjórnir skulu hafa gerðabækur.

Ég skal geta þess, að það kom til mála í n. að gera frekari brtt. við frv. heldur en þær, sem n. leggur til, mest vegna þess, að við þá breyt., sem varð á frv. í hv. Nd., kom fram dálítið ósamræmi í frv., en niðurstaðan varð samt sú, að meiri hl. n. leit svo á, að ekki væri ástæða til þess. Það væri ekki neitt af ákvæðum, sem yrðu misskilin, og n. taldi því rétt, að láta við þetta sitja, vegna þess að hún vildi ekki fara að leggja í deilur við hv. Nd. út af þessu frv. Því að ef brtt. meiri hl. við 9. gr. gengju fram, þá lítur meiri hl. svo á, að mikil réttarbót sé fengin með þessu frv.

Ég skal geta þess, sem raunar er tekið fram í nál., að einn nm., hv. 1. þm. Skagf., gat ekki mætt á fundi n., þegar n. hafði málið til meðferðar. N. er því ókunnugt um afstöðu hans til málsins.

Ennfremur vil ég geta þess, eins og líka sést á nál., að einn nm., hv. 10. landsk., skrifaði undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til frekari breyt. á frv. undir meðferð málsins hér í hv. d. En yfirleitt held ég, að mega segja það, að hann telji rétt, að málið gangi fram.

Ég hefi svo ekki meira fyrir hönd meiri hl.

n. að segja, en geri ráð fyrir, að hv. 10. landsk. geri grein fyrir sínum fyrirvara annaðhvort við þessa umr. eða við 3. umr.

*Þorsteinn Briem: Ég hafði getið þess í n., að ég mundi flytja brtt. við þetta frv. til viðauka við þær brtt., sem fram eru komnar nú þegar. Þær brtt. liggja ekki fyrir frá mér nú, en ég mun að líkindum flytja þær við 3. umr.

Aðalbrtt. mundi verða við 17. gr. Ég lít svo á, að það sé ekki ástæða til að fyrirskipa hlutfallskosningar í hverjum hreppi, þó að 1/10 kjósenda kunni að óska þess. Ég lít svo á, að til þess þurfi fleiri menn, með því að slíkum kosningum fylgir oft óþarfa kapp og jafnvel æsingar, og að það sé betra, meðan ekki hleypur kapp í kosningarnar, að þær séu á þann hátt, sem verið hefir.

Þá hefi ég hugsað mér að gera aths. við það ákvæði frv., að vera skuli varamenn í hreppsnefnd, jafnt hvort sem fram hafa farið hlutfallskosningar eða ekki. Það er að vísu sjálfsagt og samkv. venju, sem hingað til hefir gilt, að varamenn séu kosnir, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar. En ef hlutfallskosning fer ekki fram, svo sem gert er ráð fyrir í frv. að geti verið, þá tel ég ekki ástæðu til þess að kjósa sérstaka varamenn. Kemur þetta raunar fram í frv. sjálfu, að þeim, sem að því hafa staðið, hefir fundizt, að þar væru nokkrir agnúar á því fyrirkomulagi að kjósa varamenn. Verð ég að telja það óheppilegt, eins og gengið er frá því í 27. gr. frv. Þar er ætlazt til, að aðalmennirnir séu kosnir fyrst, og síðan, þegar þeirri kosningu er lokið, sé byrjað á því að kjósa varamenn.

Nú má gera ráð fyrir því, ef að vanda lætur með kosningar, að kosning aðalmanna geti tekið allmikinn hluta dags, og þar sem kosning byrjar ekki í sveitum fyrr en á hádegi, má búast við því, að dagurinn verði þegar að kveldi liðinn, þegar kosning varamanna byrjar, og er þá hending, hverjir eru viðstaddir og hverjir komast í þessar „vegtyllur“ að heita varamenn í hreppsnefnd.

Ég verð því að telja, að það sé allt eins rétt að hafa ákvæði í þá átt, að það sé ekki skylt að kjósa varamenn í hreppsnefnd, þar sem kosningar eru óhlutbundnar.

Í 31. gr. frv. er ákvæði um það, að sáttanefndarmenn, skólanefndir og allir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir eru almennum kosningum, skuli hér eftir kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum. Ég hygg, að þessi gr. þurfi nokkuð nánari athugunar við, og vil ég vænta þess, að þetta verði athugað nánar í n. til 3. umr.

Hér liggur fyrir þessari hv. d. frv. til l. um barnafræðslu, þar sem gert er ráð fyrir, að skólanefndarmenn séu kosnir á annan veg en hér er um að ræða. En ef bæði þessi frv. verða afgr. sem lög frá d. samtímis með gagnstæðum ákvæðum um kosningu skólanefndarmanna, er ekki hægt að segja, að fari vel á því. Auk þess er orðalagið allvíðtækt, og hygg ég, að það séu leifar frá því, er frv. var í þeirri mynd, að gert var ráð fyrir, að sýslunefndarmenn væru kosnir af hreppsnefndum, því að eins og gr. er orðuð, virðist hún geta átt við sýslunefndarmenn einnig, en hér er að vísu í frv. sérstakt ákvæði um kosningu þeirra. Það fer a. m. k. ekki vel á þessu orðalagi, og teldi ég æskilegt, að n. athugaði það til 3. umr.

Eins og ég sagði, hefi ég ekki við þessa umr. ætlað mér að flytja brtt., en ég áskil mér rétt til þess að koma með þær við 3. umr.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Mér þykir hlýða að segja fáein orð við þessa umr.

Þó að ég skrifaði undir nál. fyrirvaralaust, skal ég geta þess, að ég mun fylgja frv. með þeim breyt., sem eru á þskj. 488, þrátt fyrir að ég sé ekki allskostar ánægður með vissar gr. frv. En ég tel kosti þess fram yfir þá löggjöf, sem nú gildir, svo mikla, að ég vil vinna að því, að frv. verði að lögum, og læt því óánægju mína niður falla um það, sem mér þykir ábótavant. Ég vil þó benda á einn galla í fyrirkomulaginu við óhlutbundnu kosningarnar, sem ræðir um í 25. gr. Þar er gert ráð fyrir, að hver kjósandi tilgreini heimilisfang þess, sem hann kýs. Þetta getur gengið í sveitum, þar sem ekki er um marga kjósendur að ræða. Það kom og fram í umr. í n., að menn yfirleitt líta svo á, að ekki sé um leynilegar kosningar að ræða, þegar kunnugir menn fjalla um atkvæðin, því að rithönd manna muni yfirleitt vera auðþekkt. Ég býst við, að nokkur rök liggi að þessari skoðun, og tel þetta því ágalla. Þrátt fyrir þetta gat n. ekki fundið neitt annað fyrirkomulag heppilegra, úr því að óhlutbundnar kosningar eru leyfðar, og gekk frá því að gera breytingar á því, úr því að það ákvæði var fellt í n., að kjósandinn skrifaði aðeins tölu í staðinn fyrir nafn.

Annað atriði, sem ég er ekki heldur ánægður með, en mun þó sætta mig við, er það fyrirkomulag, að þurfi að hafa tvo kjörfundi, annan til þess að kjósa aðalmenn, en hinn til þess að kjósa varamenn. N. gafst einnig upp á því að finna lausn á þessu, sem gæti komið að notum, en viðurkenndi hinsvegar, að þetta mundi e. t. v. undir ýmsum kringumstæðum rekast á. Menn voru yfirleitt ekki ánægðir með þetta, en ég komst að þeirri niðurstöðu, hvað mig snerti, að það sé rétt að lofa reynslunni að skera úr um það, hvernig þessu verður tekið í sveitum landsins, þó að ég þykist sjá, að þetta sé ekki sem bezt fyrirkomulag, eins og hv. frsm. réttilega gat um, og n. vildi fara varlega í það að gera efnisbreyt. á frv., ef það skyldi valda því, að það yrði fellt í hv. Nd. Ég taldi rétt að láta þetta koma fram við þessa umr. málsins. Ég er ekki ánægður með þetta fyrirkomulag þrátt fyrir allt, þó að ég geti fylgt frv., af því að í því felast svo miklar umbætur.

31. gr., sem hv. 10. landsk. minntist á, er sjálfsagt fyrir n. að athuga, ef getur orðið árekstur milli tveggja frv. Verður að samræma ákvæði þessara tveggja frv., verði þau bæði að lögum.

Ég hefi svo ekki meira um þetta að segja, en ég þarf ekki að taka það fram um hina væntanl. brtt. hv. 10. landsk., að henni get ég ekki

fylgt, því að hún stefnir í gagnstæða átt við það, sem ég óska í þessu efni.

*Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég gat þess í minni fyrri ræðu, að við þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd., vildi kenna ósamræmis í ýmsum ákvæðum frv. Við því var ekki gott að gera, því að þegar frv. var lagt fram í hv. Nd., var gengið út frá því, að allsstaðar væru hafðar hlutfallskosningar. En við þá breyt. að heimila óhlutbundnar kosningar í hreppum utan kaupstaða komu í ljós ýms ákvæði, sem þurfti að setja inn til samræmis. En við athugun á frv. í n., þá hygg ég samt sem áður, að þetta þurfi ekki að valda neinum sérstökum vandræðum.

Að því er snertir varamennina, þá segi ég ekkert um það. Það kann að vera, að það sé ekki þörf á að hafa varamenn þar, sem óhlutbundnar kosningar eru, en sem sagt, þetta stafar eins og svo margt annað af þeim breyt., sem gerðar voru á frv. í hv. Nd. Þetta verður þó athugað nánar til 3. umr., en ég álít varasamt að breyta frv. í verulegum atriðum, vegna þess að þá er því stefnt í nokkra hættu, en ég tel mikla nauðsyn á að samræma eins og verða má kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda við kosningar til Alþingis, einkum vegna þess að það er slæmt fyrir kjósendur að þurfa í öðru tilfellinu að nota allt aðrar reglur við kosningarnar heldur en í hinu. Við höfum orðið vör við það í kosningum til Alþingis, meðan kosið var á tvennan hátt, þannig, að kosið var við landskjör og við kjördæmakosningar, að þar var kosningaaðferðin sitt með hvoru móti. Þetta vildi valda í sumum tilfellum miklum glundroða. Það kom fyrir í heilum hreppi, jafnvel fleiri hreppum í sama kjördæmi við kjördæmakosningar, að menn settu kross við nafn þess, sem þeir kusu, í staðinn fyrir að nota stimpil, og þar með urðu atkvæðin ónýt. Þess vegna er það mikill kostur að geta samræmt þessi tvenn kosningalög.

Ég verð því að vænta þess, að málið gangi fram, þó að ég játi það, að frv. væri miklu heilsteyptara eins og það var lagt fyrir þingið heldur en nú. Þó tel ég, að þeir gallar, sem koma fram í lítilsháttar ósamræmi milli ýmsra ákvæða frv., ættu ekki að valda neinum sérstökum vandræðum.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég verð að taka það fram strax, að því miður hefi ég ekki haft tíma til þess að athuga frv. jafnvandlega og þurft hefði, en við fljótlegan yfirlestur þess virðist mér því talsvert ábótavant.

Það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, felur í sér ekki svo lítinn aukakostnað fyrir hreppana, þar sem á að setja á stofn tvennar kjörstjórnir til þess að sjá um kosningarnar, þó að þær séu ekki nema fjórða hvert ár. Svo er prentun kjörseðla og eyðublaða. (IngP: Það má fjölrita það). Það kostar líka mikið, og er vandasamt, a. m. k. vill oft verða mikill munur á síðasta og fyrsta eintakinu, þegar fjölritað er, hvað það síðasta er miklu daufara en það fyrsta. — Yfirleitt virðist þetta auka ekki svo lítið kostnaðinn fyrir hreppana, og þegar af þeim ástæðum er ég ekki ánægður með frv.

Mér virðist líka í 17. gr. frv. vera allt of rúm ákvæðin um hlutfallskosningarnar, þar sem aðeins þarf 1/10 hl. kjósenda til þess að krefjast þess, að hlutfallskosningar skuli viðhafa. Það ætti að vera dálítið hærra hlutfall, t. d. 1/5 eða svo. Þetta finnst mér vera frekar ágalli á frv., og geri ráð fyrir, að þeir séu fleiri.

Að því er snertir VIII. kaflann, verð ég að segja það, að mér finnst, að hv. allshn. hafi ekki athugað nógsamlega þær breyt., sem þarf við hann að gera. Það er bæði í 21. og 22. og 23. gr. talað um yfirkjörstjórn. Í 23. gr. segir, að yfirkjörstjórn eigi að sjá um gerð kjörseðla, en mér skilst eftir frv., að það þurfi ekki að vera yfirkjörstjórn í þeim hreppum, sem ekki er skipt í kjördeildir. Þetta væri rétt og sjálfsagt að athuga, ef það er ekki misskilningur hjá mér, sem ég held, að ekki sé. Það er leiðinlegt að láta frv. fara þannig út úr þinginu, að það sé sérstaklega afkáralegt og vandræði að framkvæma það. Annars geri ég ráð fyrir að gera einhverjar brtt. við frv. við 3. umr. Verð ég þá búinn að athuga frv. nánar.

Guðrún Lárusdóttir: Það eru aðeins fáein orð út af 4. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að kosningar í bæjar- og sveitarstjórnir eigi að fara fram á sunnudegi. Í Rvík hafa bæjarstjórnarkosningar aldrei farið fram á sunudögum, heldur laugardögum. Ég held, að mörgum mundi þykja það miður, ef það á nú að lögfesta það að hafa sunnudag sem almennan kosningadag. Við vitum, að kosningar eru æfilega mjög mikið hitamál, og þeir dagar, sem varið er til kosninga, a. m. k. hér í Rvík, eru ekki rólegir dagar.

Allar síðaðar þjóðir friða helgidaga sína, og forðast það í lengstu lög að lögbjóða hávaðasama kosningafundi á slíkum dögum.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi minnast á hér, áður en málið heldur lengra áleiðis, og vil skjóta því til hv. allshn., hvort ekki sé ástæða til að gera breyt. á þessu atriði frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv
Brtt. 488,1 (ný 9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 488,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 488,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
29.—31. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
33.—35. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

37. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
39 gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 511, 525, 526).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 526. — Afbrigði leyfð og samþ., um fyrra atriðið með 10 shlj. atkv. og um hið síðara með 11 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, þá hefir það orsakazt af þeim breyt., sem á frv. voru gerðar í Nd., að það vill kenna nokkurs ósamræmis um hin einstöku ákvæði frv. Ég gat um þetta þá, og þótt n. við 2. umr. reyndi að lagfæra þetta lítilsháttar, var bent á það undir umr., að ennþá mundi vera ástæða til að lagfæra frv. Málið hefir því verið athugað á ný, og hefir meiri hl. allshn. orðið ásáttur um að bera fram 3 brtt.

1. brtt. er við 3. gr. og er þess efnis, að ekki sé skylt að kjósa varamenn í hreppsnefndir, þar sem kosningar séu óhlutbundnar. Þetta kom til af því, að það verður a. m. k. í hreppum nokkuð vafningasamt að koma við kosningum á varamönnum. Og þó að ég játi, að þær breyt. á frv., sem þetta leiðir af sér, séu til hins lakara, þá tel ég, eins og komið er, að ekki sé annað fært en að reyna að laga þetta ósamræmi eins og hægt er og afgr. frv. sem l. Þetta ósamræmi stafar sem sé af því, að þegar frv. var samið upphaflega, þá var það gert út frá þeirri hugsjón, að allsstaðar væru viðhafðar hlutfallskosningar. Svo var þessi breyt. gerð í Nd., að sumstaðar skyldi ekki vera hlutfallskosning, og við það lentu ýmsir hortittir í frv.

Þá er 2. brtt. Þar leggur n. til, að aftan við 23. gr. komi ný gr., sem taki það skýrt fram, að þar sem ekki er viðhöfð hlutbundin kosning, skuli ekki vera nema ein kjörstjórn.

Þá er 3. brtt. Þar er prentvilla, brtt. er við 31. gr., en ekki 3. gr., eins og stendur í brtt. Þar er gert ráð fyrir, að gr. verði orðuð um. Þar er ekki um efnisbreyt. að ræða, heldur aðeins annað orðalag, svo að ekki verði hægt að skilja hana svo, að skólanefndarmenn skuli kosnir af hreppsnefndum. Á þetta var bent við 2. umr., og þótti n. rétt að orða gr. um, svo að hún yrði ekki misskilin, því að það er gefin sök, að ef fræðslulagafrv. það, sem nú liggur fyrir þinginu, verður samþ., þá eru þar ákvæði um kosningu skólanefnda.

Ég held, að þessar brtt. allar séu heldur til lagfæringar á frv., og vænti ég því, að d. geti samþ. þær.

***Þorsteinn Briem:** Það hefir orðið samkomulag hjá meiri hl. n. um þær brtt., sem ég gerði ráð fyrir við 2. umr. að flytja við 3. umr.; aðeins um eina þeirra hefir ekki náðst samkomulag. Ég hefi því leyft mér að bera fram á þskj. 526 brtt. við 17. gr. Í þessari brtt. legg ég til, að í staðinn fyrir „1/10 hluti kjósenda“ komi: 1/5 kjósenda, — og að orðin „þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þess‘ falli burt.

Þessi brtt. er flutt samkv. þeim vilja, sem ég veit, að er ríkjandi í sveitahreppum. Ég veit, að þar er ekki óskað eftir hlutfallskosningum, meðal annars vegna þess, að það þykir ekki æskilegt, að löggjöfin gefi ástæðu til, að pólitískur flokkadráttur komist í sveitarstjórnarmál þar, sem það er ekki þegar orðið. Ég álít það rétt að halda sveitarstjórnarmálum sem lengst fyrir utan pólitískan flokkadrátt, og þess vegna flyt ég þessa brtt., sem torveldar það, að hlutfallskosningum sé komið á, en útilokar þær þó ekki þar, sem sýnt er, að talsverður fjöldi kjósenda í hreppnum er því fyrirkomulagi fylgjandi. Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri orð um þessa brtt. og vona, að hv. d. líti hana réttu auga.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Hv. frsm. minntist þess ekki, svo að ég tæki eftir, að mín afstaða til fyrstu brtt. er sú, að ég get ekki fylgt henni, og hafði um það fyrirvara. Ég tel ekki rétt að hafa ekki varamenn, þótt kosning sé óhlutbundin. Reynslan hefir sýnt það, að þar sem kjörtímabilið er 4 ár, er nauðsynlegt að hafa varamenn. Á þetta löngu tímabili geta komið fyrir allskonar forföll, menn geta dáið, flutt burt úr hreppnum o. fl., og þarf þá að efna til nýrra kosninga, ef ekki eru til varamenn, og er með því stofnað til óþarfa kostnaðar. Þess vegna vil ég halda þeirri reglu, sem er gegnum allt frv., að hafa varamenn. Að vísu er það heimilt, þótt brtt. sé samþ., en ég tel ekki tryggt, að sú heimild verði notuð.

Um aðrar brtt. n. þarf ég ekki að tala, en hinsvegar vil ég taka það fram um brtt. hv. 10. landsk., að ég get ekki fallizt á að þrengja leiðina að því að koma á hlutfallskosningum. Ég held, að það sé hóflega í sakir farið að ætla 1/10 kjósenda að segja um, hvort hlutfallskosningar séu viðhafðar, og að þar sem hreppar eru fjölmennir nægi að 25 kjósendur krefjist þess.

Það verður að teljast réttlátt, að minnihl.-flokkar geti fengið sinn rétt, og atkvæði þeirra geti komið til greina. Ég get ekki fallizt á það, sem hv. 10. landsk. flutti sem aðalrök fyrir till. sinni, að hlutfallskosningar mundu auka flokkadrætti í sveitum. Hinsvegar getur hrein hending ráðið því, hvernig kosning fer, og er þá aðeins sá meiri hl., sem þannig verður til, ráðandi um 4 ára skeið, án þess að áhrifaréttur hinna komist nokkuð að.

Ég vil ekki þrengja eða torvelda leiðina að hlutfallskosningum meira en orðið er. Auk þess má geta þess, að um þetta atriði urðu allmikil átök í hv. Nd., og ef þessu væri breytt hér, þá gæti það orðið frv. að falli.

Ég vil mælast til, að hv. d. tefli ekki þannig á tvær hættur að samþ. þessa brtt.

***Þorsteinn Briem:** Hv. síðasti ræðumaður lýsti yfir því, að hann gæti ekki fylgt 1. brtt. á þskj. 525, og kom mér það ekki á óvart, því hann hafði lýst því yfir í n., að hann væri í vafa um þá till., en mér skildist, að fyrir honum vekti sérstök afstaða. Eins og hv. þdm. hafa tekið

eftir, er í 26. gr. gert ráð fyrir, að kosning varamanna fari ekki fram fyrr en kosningu aðalmanna er lokið, og má þá vænta þess, að svo margir verði farnir af fundi, að sú kosning lendi í ólestri, og það er ekki laust við, að ég gruni þennan hv. þm. nokkuð um græsku í þessu efni. Ég er ekki viss um, nema svo kunni að vera, að hann vilji halda þessu ákvæði um kosningu varamanna einmitt til þess, að kosningin lendi í handaskolum og leiði til þess, að upp verði teknar hlutbundnar kosningar, og þetta skýrist að nokkru leyti við afstöðu hans til till. minnar um að hækka hlutfallstölu þeirra kjósenda, sem yrðu að krefjast hlutbundinna kosninga. Hann lýsti sig mótfallinn því að þrengja leiðina, svo að fleiri þyrfti til að heimta hlutbundnar kosningar heldur en nú er. Hann dró í efa, að það fyndist meiri hl. í sveitum, sem væri mótfallinn hlutbundnum kosningum, en þrátt fyrir það verð ég að halda því fast fram, og menn eru í mörgum sveitum mótfallnir því, að pólitískar flokkadeilur og æsingar séu dregnar inn í sveitarstjórnarmál, en til þess eru miklu meiri líkur, ef hlutbundnar kosningar eru viðhafðar. Ég hefi miðað þessa till., að krafan skuli koma frá ⅕ kjósenda, við það, að ef 5 menn eiga sæti í hreppsnefnd, þá hefir þessi ⅕ möguleika til þess að koma að einum manni. Hinsvegar á það sér stað í sumum hreppum, að hreppsnefndarmenn eru færri.

Hv. frsm. talaði um, að hending ein gæti ráðið kosningum, þegar þær væru óhlutbundnar, en það er svo við allar kosningar, að hending getur ráðið úrslitum. Hvað því viðvíkur, að hv. Nd. hefir samþ., að ekki þyrfti nema 1/10 kjósenda til að krefjast hlutbundinna kosninga, þá verð ég að líta svo á, að þrátt fyrir alla virðingu fyrir þeirri hv. d., sé þessari hv. d. leyfilegt að hafa sínar skoðanir um þessi mál sem önnur.

Ég tók svo eftir, að hv. þm. væri að tala um sem almenna reglu að viðhafa hlutbundnar kosningar og hafa varamenn. En ekki er það nema að nokkru leyti. T. d. er svo um þm., að flestir þeirra eru kosnir án hlutfallskosninga, og er þar ekki gert ráð fyrir varamönnum. Og þar sem það er ekki við þingkosningar, sé ég ekki heldur ástæðu til að hafa það í hreppunum.

Guðrún Lárusdóttir: Ég hreyfði því hér í gær, að mér þætti óviðkunnanlegt, að það yrði leitt í lög, að sunnudagur skyldi vera kosningadagur. Ég heyrði ekki hæstv. forseta lesa dagskrána, og gerði mér líka von um, að hv. allshn. mundi taka til greina þau orð, sem ég mælti hér í gær, ella hefði ég gert brtt. um þetta atriði.

Hér er verið að skerða helgihald sunnudagsins, a. m. k. í fjölmennari stöðunum. Vel má vera, að kosningar fari svo rólega fram í sveitum, að þessa gæti ekki mikið, en hitt vitum við öll, að t. d. hér í Rvík er ekki sá blær yfir kosningadögum, sem á að vera yfir helgi- eða hvíldardögum.

Í því trausti, að fleiri séu hér í hv. d., sem líta þetta sömu augum og ég, þá hefi ég leyft mér að bera hér fram skrifl. brtt. um, að í stað orðanna „síðasta sunnudag í júnímánuði“ komi: síðasta dag í júnímánuði. Nú getur stundum komið fyrir, að það sé sunnudagur, en um það er öðru máli að gegna, því þar ræður hending, og tel ég það ekki skipta jafnmiklu máli eins og að lögfesta það, að kosningarnar fari fram á sunnudegi.

Forseti (EÁrna): Hv. 5. landsk. þm. hefir afhent mér þessa skrifl. brtt. sína, og vil ég leita leyfis til þeirra afbrigða frá þingsköpum, að hún megi koma nú til atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 534) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 525,1 samþ. með 10:2 atkv.

— 534 felld með 8:4 atkv.

— 526 felld með 8:6 atkv.

— 525,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 525,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 541).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Ég vil aðeins geta þess, að hv. Ed. hefir gert smávægilegar breyt. við frv. frá því, er það var hér til meðferðar. Hefir hún tekið upp aftur það ákvæði, sem upphaflega var í frv., að heimilt skuli að skipta hreppum í kjördeildir, eins og gildir um kosningar til Alþingis, og að ekki sé skylt að kjósa varamenn í hreppsnefndir þar, sem hreppsnefndarkosningar eru óhlutbundnar. Þetta er aðalbreytingin, sem Ed. hefir gert, og þar sem hún er smávægileg, vænti ég, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

---

34. Ólöglegar fiskveiðar.

Á 15. fundi í Ed., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar (þmfrv., A. 98).

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Meiri hl. allshn. flytur frv. þetta, sem er staðfesting á bráðabirgðalögum, gefnum út 14. jan. síðastl. En þótt það sé aðeins meiri hl., sem að frv. stendur, má samt ekki skilja það svo, að minni hl. hafi verið andvígur frv.

Vegna þess að ég geri ráð fyrir, að ef til vill komi fram brtt. við frv., legg ég til, að því verði vísað til allshn. að lokinni umr.

Magnús Guðmundsson: Það er rétt hjá hv. 2. þm. S.-M., að það er ekki af því, að ég sé á móti efni frv., að ég vildi ekki flytja það með meiri hl. n. Afstaða mín byggist á því, að hingað til hefir það verið föst regla, að stj. flytji slík frv. sjálf, enda lýsti ég yfir því, að ég myndi gerast meðflm. að frv., ef hægt væri að benda á nokkurt fordæmi þess, að stj. flytji ekki sjálf sín eigin bráðabirgðalög. Ég álít, að fyrirmæli um þetta séu í stjskr., og tel því hvorki leyfilegt né nauðsynlegt að bregða út af hinni gömlu venju.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að venjulega leggur stj. fram slík frv. sjálf, en meiri hl. n. getur ekki litið svo á, að nein fyrirmæli séu um það í stjskr. Lögfræðingur, sem meiri hl. sneri sér til, áleit, að 23. gr. segði ekkert um þetta, heldur væru þar aðeins ákvæði um það, að bráðabirgðalög skuli ávallt leggjast í frv.formi fyrir Alþingi.

***Jónas Jónsson:** Ég skal ekki fara að deila við hv. 1. þm. Skagf. um hin júridisku atriði þessa máls. Ef konungur væri búsettur hér, væri auðvitað sjálfsagt, að stj. flytti slík frv. sjálf. En um þetta eru engin ákvæði í okkar stjórnarskrá. En þar sem allir virðast sammála um efni frv., virðist óþarft að fara lengra út í slíka deilu um keisarans skegg.

En þar sem það er nú komið á daginn, að einn maður hefir misnotað aðstöðu sína í þágu erlendra veiðiþjófa, síðan 1921, en hv. 1. þm. Skagf. bar hinsvegar ekki gæfu til að fylgja mér í þau fimm ár, sem ég barðist fyrir málinu, vil ég segja það, án þess að fara nánar út í forsögu málsins, að eftir öll þau leiðindi, sem þingið hefir haft af þessu máli, þætti mér óviðfelldið, að þeir ólánsmenn, sem hér eiga hlut að máli, fengju nú enn málsvara hér í þinginu, sem reyna að tefja málið með júridiskum vafningum.

Magnús Guðmundsson: Ég hélt, að ég hefði ekki gefið tilefni til að vekja deilur um málið sjálft eða forsögu þess, þótt ég viki að því formsatriði, sem hér er um að ræða. En það hefi ég þó áunnið, að í stað þess, að meiri hl. n. ætlaði upphaflega að leggja frv. fyrir þingið með þeim breyt., sem stj. telur nú nauðsynlegar, lagði hann það fram óbreytt, eins og skylt og sjálfsagt var, og ætlar að koma með breyt. síðar.

Auðvitað kemur það þessu máli ekki hið minnsta við, hvort konungur hefir hér búsetu eða ekki, enda hefir hæstv. forsrh. verið á konungsfundi síðan lögin voru gefin út. En með flutningi frv. er breytt út af fastri venju frá 1904. Hvað sem einhver lögfræðingur kann að hafa sagt hv. 2. þm. S.-M., er það föst hefð og fastur skilningur á 23. gr. stjskr., að stj. sjálf leggi bráðabirgðalög sín fyrir þingið.

Hv. þm. S.-Þ. var eitthvað að tala um, að ég hefði verið gæfulítill í þessu máli undanfarið. En ég hefi þó borið gæfu til þess að hafa meiri hl. þingsins með mér í því. Annars minnir mig, að hv. þm. S.-Þ. skipaði í ráðherratíð sinni mann til að hafa eftirlit með skeytasendingum, eða a. m. k. báru landsreikningarnir vott um það. Hv. þm. virðist hafa verið frekar gæfulítill í þeirri stjórnarathöfn, eins og fleirum, eftir því sem hann lýsir nú árangrinum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hefi ekki getað hlustað á þessar umr., en mér er kunnugt um, að fram hafa komið ummæli í þá átt, að ekki væri löglegt að aðrir en stj. legðu bráðabirgðalög fyrir Alþingi. Einnig heyrði ég frá n., að tilætlunin hefði verið að flytja frv. öðruvísi en það var upphaflega. Ég hefi alls ekki á móti því, að málinu sé breytt í n., enda bað ég landssímastjóra að fylgjast vel með lögunum, því að verið gæti, að þeim yrði breytt á næsta þingi, ef þörf þætti.

Það er áreiðanlega heimilt samkv. þeim reglum, sem gilda á Norðurlöndum, að breyta bráðabirgðalögum, og eins það, að aðrir flytji þau en stj. En aðalatriðið er auðvitað, að þingvilji sé á bak við þann tilgang, sem í lögunum felst. Og jafnframt er því fullnægt, þó að l. séu lögð fyrir í öðru formi heldur en þau voru gefin út sem bráðabirgðal. Og það er alltaf sú einfaldasta og bezta lögskýring, og sú skýring, sem okkur lögfræðingunum er kennd og heilladrýgst er, að fara yfirleitt eftir þeim tilgangi, sem liggur á bak við ákvæðin, og hvort honum er fullnægt. Það er alltaf aðalatriðið.

Forseti (EÁrna): Út af ummælum, sem hafa hér fallið frá hv. 1. þm. Skagf., sem ef til vill má skilja svo sem hann áliti brot á stjskr. að taka slíkt mál til meðferðar sem þetta, vil ég taka það fram, að þegar frv. var útbýtt, athugaði ég það strax, hvort nokkuð væri til fyrirstöðu, að frv. mætti koma fyrir með tilliti til ákvæða stjskr. um slík mál. Það segir svo í 23. gr.: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi."

Um þetta atriði, sem mönnum verður nú tíðrætt, er ekkert í stjórnarskránni annað en það, að frv. skuli ætíð lagt fyrir næsta Alþingi. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að það hefir verið venja hingað til, að hlutaðeigandi ríkisstj. hefir lagt slík frv. fyrir sjálf. En það virðist ekki geta gengið neitt í bága við stjskr., þó að n. eða einstakur maður jafnvel flytji frv. f. h. stj., þegar því er yfir lýst, eins og um þetta frv. Ég hefi því ekki getað séð, að neitt væri því til fyrirstöðu, að frv. yrði tekið fyrir.

Magnús Guðmundsson: Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, vil ég segja það, að ég hafði ekki sterk orð um það, að þetta væri stjórnarskrárbrot, en hitt sagði ég, að það væri brot á þeirri venju, sem fylgt hefir verið um þetta atriði síðan við fengum leyfi til að gefa út bráðabirgðalög. Ég sagði, að engin ástæða hefði verið til að víkja frá þessari föstu reglu nú, ekki sízt þar sem hæstv. forsrh. hefir verið á konungsfundi, síðan hann gaf út þessi bráðabirgðal. Það segir í stjskr., að konungur geti gefið út bráðabirgðal. milli

þinga. Einnig að þau skuli jafnan lögð fyrir næsta þing á eftir. Óneitanlega er það eðlilegast, án þess að ég haldi því fram, að það þurfi endilega að vera svo, að sami aðili leggi frv. fyrir Alþingi, þ. e. ráðh. f. h. konungs. Þar sem nú þessari venju hefir verið fylgt hingað til, nú um 30 ára skeið, vil ég ekki fyrir mitt leyti láta ómótmælt, þegar hún er brotin.

Hæstv. forsrh. kveður það vera venju á Norðurlöndum, að slík l. séu lögð fyrir sem þingmannafrv., eða a. m. k. þekki hann dæmi þess. Ég vefengi þetta, hæstv. ráðh. Og það er vegna þess, að mér er kunnugt, að það er hrein undantekning á Norðurlöndum, a. m. k. í Danmörku, ef gefin eru út bráðabirgðalög, og ég trúi ekki, að þá sjaldan það kemur fyrir, þá séu þau ekki á þingunum flutt sem stjfrv. Það þykja meira að segja tíðindi þar, ef einstakir flokkar eða nefndir flytja þar almenn frv., auk heldur bráðabirgðalög fyrir stj. Hjá okkur er þetta allt öðruvísi. Og jafnvel er nú svo komið, að stj. flytur eiginlega engin frv. nú orðið. Ég held, að til þessa hafi hæstv. forsrh. ekki flutt eitt einasta mál á þessu þingi. — Ekki er því til að dreifa, að hæstv. ráðh. gæti ekki fengið heimild hjá konungi í þessu efni, því að bæði var hann nýlega á konungsfundi og ennfremur gat hann fengið hana með fáorðu símskeyti.

Hæstv. ráðh. sagði, að það mætti leggja frv. fyrir breytt, ef tilganginum væri náð samt sem áður. Ja, hvaða tilgangi? Tilgangurinn er sá, segir í stjskr., að bráðabirgðal. séu lögð fyrir í frv.formi, og ef hægt er að breyta þeim eins og vill, þá getur orðið allt annað mál úr því. Það geta verið vítaverð ákvæði í frv. eða bráðabirgðal., eins og þau voru staðfest af konungi, en meinlaus orðin, eins og ráðh. flytur þau, eftir að hafa hugsað sig nægilega vel og lengi um. Það er því alls ekki nægilegt að líta til tilgangsins, sem liggur á bak við. Tilgangurinn hér er sá, að stj. verði gagnvart þinginu að bera ábyrgð á því, sem hún hefir gert í þessu efni. Og ef hún má breyta l. eins og hún vill, áður en þau eru lögð fyrir þingið sem nýtt frv., getur enginn sagt, að nefndum tilgangi sé náð.

Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er bara formsatriði, sem um er að ræða, en ekki sjálft frv. Af því að það stendur til að breyta frv. fyrir 2. umr., þykir ekki ástæða til að fara út í efnishlið þess nú. Enda segi ég fyrir mig, að ég hefi ekki lesið ennþá þær breytingar.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki heldur vekja umr. um þetta mál nú. En ég vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði — en náttúrlega hefir hann ekki tollað hér í hv. d. til þess að fylgjast með umr. —, að stór stefnuhvörf hafi orðið á Alþingi í þessu efni. Hann sparaði ekki heldur í vetur, þegar frv. kom fram um þetta efni, að hælast um, að nú stæðu fleiri og voldugri menn á bak við þetta mál heldur en þegar hann barðist einn fyrir þessu máli fyrr á þingum. Það hefir nú ekkert það fram komið, sem réttlæti þá fullyrðingu, að stefnuhvörf séu orðin. Og ég get lýst yfir því fyrir mína hönd og margra annara, sem hafa verið á móti þeim frv., sem hann hefir borið fram um svipað efni, að ágreiningurinn var í raun og veru alls ekki um efni málsins. Ágreiningurinn var um það, hvort þörf væri á þeirri löggjöf, sem var borin fram. Og þá dróst náttúrlega margt inn í, svo sem eins og það, með hversu ákaflega einkennilegum hætti málið var borið fram, þannig að það gaf tillefni þeirrar uppnefningar, sem raun bar vitni, eins og siður er um mörg frv., sem þessi þm. stóð að í sinni ráðherratíð. En höfuðatriðið var það, hvort þörf væri á nýrri löggjöf um þetta eða ekki. Ég býst við, að í þessu séu menn algerlega óbreyttrar skoðunar, og sú skoðun hefir einmitt verið staðfest í sambandi við þann málarekstur, sem nú hefir farið fram og varð tilefni þessa frv. Því að ég veit ekki betur en að einmitt í skjóli annara lagaákvæða hafi verið framkvæmdar miklar rannsóknir í þessa átt, áður en bráðabirgðal. voru gefin út. Og það má því ætla, að framkoma þessara bráðabirgðal. og að þau eru lögð fyrir þingið samkv. stjskr. sé ein af þessum mörgu dúsum, sem verið er að stinga upp í þennan hv. þm., svo sem til að bæta fyrir hin mörgu vonbrigði, sem hann eðlilega varð fyrir, þegar gengið hefir verið framhjá honum og honum ekki trúað fyrir mestu ábyrgðarstörfum flokksins, þegar hann myndaði stj. eftir síðustu kosningar. Þessar dúsur er nú alltaf öðruhverju verið að rétta að hv. þm. til þess að reyna að friða hann.

Hitt var aðalatriðið og ágreiningsatriðið, hvort þegar væru til næg lagafyrirmæli í þessu efni. Margir álíta, að svo væri, og reynslan hefir sýnt það, og ég veit ekki til, að neitt hafi breytzt í þessu efni. Og ekki veit ég, hvaðan hv. þm. er komin sú vizka, að afstaða manna til þessa frv. hafði nokkurn hlut breytzt. En á það ber að líta, að það getur verið hægt að fylgja máli, þegar því er stórfelldlega breytt og það kemur fram í nýrri mynd, þó að það sé ófært að ljá því fylgi eins og það kom frá þessum hv. þm. upphaflega, með öllum þeim umbúðum og agnúum, sem því fylgdu þá.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég þarf ekki að svara þessu miklu. Því er haldið fram, að hér sé brotin venja, sem ríkt hafi í 30 ár. En það er hætt að halda því fram, að stjórnarskrárbrot sé á ferð.

Þessu er fljótsvarað. Þegar lagaákvæði eru fyrir hendi, kemur venja vitanlega ekki til greina til að afnema þau. Ég sé ekki heldur, að neitt sé á móti því að taka upp þá venju, að þegar frv. er flutt að tilhlutun stj., bæði þegar bráðabirgðal. hafa verið gefin út og án þess, þá sé það flutt án þess að leita samþ. konungs til þess að leggja það fyrir þingið.

Þá tel ég rétt að leiðrétta misskilning nokkurn, sem ég hygg ég hafi ekki gefið minnsta tilefni til. Ég sagði, að það væri álitið **heimilt** á Norðurlöndum að leggja frv. þannig fyrir, að þm. gerði það fyrir ráðh. En hv. 1. þm. Skagf. kallaði það enn meiri fjarstæðu og ennþá meira brot á venju og jafnvel brot á stjskr., að slíkt frv. væri flutt breytt frá upphaflegu bráðabirgðal. Það er það, sem ég sagði sérstaklega, að hefði átt sér stað á Norðurlöndum; og ef óskað er, skal ég koma með fræðibækur, sem

vísa til þess. En þetta fullnægir ákvæðum stjskr., vegna þess að þar segir ekkert um víti fyrir stj. út af því, þó að l. séu ekki samþ., bara ef þau eru lögð fyrir og tekin fyrir við eina umr. Þau falla þá bara úr gildi. Enda eru góð dæmi um það m. a. frá síðasta þingi, að lög eru samþ. mjög breytt frá bráðabirgðal. Það er þá ekkert annað en þetta, að konungsvaldið er ekki spurt, hvort megi leggja frv. fyrir þingið. Réttur þingsins og stjskr. er ekki skert að neinu, og það er aðalatriðið. Eða getur hv. þm. bent á það, þó að þessari reglu sé fylgt?

Því hefir nú verið haldið fram, að l., sem hér voru gefin út, hafi óþörf verið, með því að heimild sé fyrir hendi til að rannsaka skeytasendingar án þess að ný lagaákvæði kæmu til. Þessi lagaákvæði, sem vísað er til í umr. um þetta mál, og sérstaklega í blöðum, sem hafa tekið málið til athugunar, eru að mínu áliti a. m. k. ekki vafalaus; það er langt frá því vafalaust, að hægt sé að gera slíkar rannsóknir á símskeytum, sem gerðar hafa verið, ef ekki liggur fyrir rökstuddur grunur um, að brot hafi átt sér stað.

Þegar svipað frv. kom fram fyrir nokkrum árum, var því haldið fram og staðfest af landssímastjóra, að þetta væri heimilt. Það bréf liggur fyrir í dómsmálaráðuneytinu. Þegar ég gerði þessa athugun, skrifaði ég landssímastjóra og tók upp úr þessu bréfi; sagðist hafa útnefnt menn til að gera þessa rannsókn. En hann skrifaði aftur og mótmælti, og kvaðst ekki geta lagt þann skilning í l., að þetta væri heimilt. Óskaði hann í bréfinu, að málinu yrði vísað til lögreglustjórans í Rvík, og hann látinn úrskurða, hvort rannsóknina mætti framkvæma samkvæmt gildandi l. Ég sendi nú ekkert frá mér í 3—4 daga. En á meðan höfðu þeir menn, sem ég fól rannsóknina, byrjað að skoða nokkur skeyti, og kom þegar fram, að óhreint mjöl myndi vera í pokanum. Þá gekk landssímastjóri ekki eftir, að þetta yrði lagt undir úrskurð lögreglustjóra. Var þegar auðsjáanlega upplýst mál, að 2—3 menn voru við njósnir riðnir. En hefðu ekki slíkar upplýsingar þegar komið fram, að um glæpsamlegt athæfi væri að ræða, þá hefði ég orðið að beygja mig undir þau mótmæli landssímastjóra, sem fram voru komin. Og ennþá liggur ekki fyrir frá landssímastjóra og lögreglustjóra, að þessi rannsókn sé leyfileg. Ef hv. d. óskar eftir að sjá þessi bréf, er það velkomið.

Ég sagði í viðtali við landssímastjóra, að mér væri illa við að skapa fordæmi með því að vísa þessu máli til dómstóla. Hinsvegar kvað ég það eins hægt að gera, þó að málið væri komið nokkuð áleiðis; varð að samkomulagi, þegar upplýsingar voru komnar, að vísa málinu til lögreglustjóra; en hann skapaði ekki fordæmi fyrir sig, því að það yrði að gefa út bráðabirgðalög, sem næsta þing afgr., svo að ekki þyrfti að vísa því til dómstóla, þó að skeytin yrðu rannsökuð.

En það sjá allir, að þegar landssímastjóri hefir þessa skoðun og næsti landssímastjóri getur haft hana líka, þá hefði orðið að bíða eftir dómsúrskurði, sem getur gersamlega eyðilagt alla rannsókn á máli. Það er þess vegna alls ekki ástæðulaust, að þessi bráðabirgðal. voru gefin út. Vænti ég, að hv. d. fallist á það, að fengnum þessum upplýsingum, — þeir, sem annars fallast á rök.

*__Jónas Jónsson:__ Af því að hv. 1. þm. Reykv. bætti nokkrum orðum við um efni þessa frv., vildi ég segja fáein orð.

Ég er honum og hans ágæta blaði, Morgunblaðinu, ákaflega þakklátur fyrir að krefjast jafnan hins mesta heiðurs fyrir mína hönd og geta aldrei sætt sig við annað en að ég hafi sem mest völd. Og þó að ég sé svona kröfulægri en andstæðingar mínir, þá get ég engu að síður verið mjög þakklátur fyrir það einlæga hugarfar, sem skín út úr þessum velvildaryfirlýsingum þeirra. — Aftur á móti finnst mér hv. 1. þm. Reykv. vera dálítið meir á villigötum, þegar hann kemur að dagskrármálinu sjálfu. En sorglegast hans vegna þótti mér það, að ég sé ekki betur en það vofi yfir honum — og kannske einhverjum af hans flokkssystkinum í hv. d. —, að afstaða hans til þessara ólánsmanna, sem hafa verið staðnir að föðurlandssvikum, verði ekki dæmd alveg grunlaus af almenningi. Mér þótti það heldur óþægileg byrjun, að einn af reyndari mönnum flokksins skyldi reyna að tefja fyrir málinu, þó að það væri fyrir formleg atriði, en út yfir tekur með hv. 1. þm. Reykv., því að eftir hans ræðu er ómögulegt að hugsa sér annað en að hann haldi áfram að vera móti því, að löggjöf sé sett um þetta efni, sem hindri slík föðurlandssvik, sem nú eru lýðum ljós. Og þetta verður ekki aðeins til þess að kasta skugga á þann flokk, sem tekur upp andstöðu, heldur landið allt. En þó að það verði nú ekki nema hv. 1. þm. Reykv., sem lendir í þessari villu, þá vil ég jafnvel vonast eftir af vissu orðalagi hjá honum, að hann sé að undirbúa að geta verið með málinu og bjargazt sómasamlega úr villu sinni, sem væri mjög ánægjulegt fyrir hann og alla hans aðstandendur.

Nokkrir reyna nú að bjarga sér og sinni fortíð með því að halda fram, að það þyrfti engin l. um þetta, það væri hægt fyrir hvaða landsstj. sem væri að vaða inn í skeytasafn stöðvanna og skoða hvað sem vera vill. Ég ætla þá að benda hv. þm. á það, að núv. loftskeytastöðvarstj., Friðbjörn Aðalsteinsson, hefir sagt bæði fyrr og síðar, að hann léti heldur reka sig frá starfi en að hann hleypti nokkrum manni í að skoða skeytin, hvort sem það er ríkisstj. eða aðrir, nema fyrir lægi hreinn úrskurður dómara, að þetta skyldi gert. Og ég get bætt því við, að þegar það kemur fyrir — sem er ekki svo sjaldan —, að dómari þarf að styðjast við vitnisburð úr símstöðinni, þá lætur síminn aldrei skeyti nema eftir úrskurði, eftir því sem yfirmenn símans hafa talið. Þetta kemur algerlega heim við það, sem hæstv. forsrh. sagði nú. Ég ætla aðeins að benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að ef hans skoðun væri rétt um þetta, þá væri ógnarlega mikill hægur fyrir hvaða ríkisstj. sem er, ef hana vanhagaði um að fá að vita eitthvað, að fara þá bara í loftskeytastöðina og fá að sjá skeytin. Ef ég t. d., þegar ég var í ríkisstj., hefði haft

grun um, að hv. 1. þm. Reykv. væri að senda pólitísk skeyti fyrir sinn flokk út á land, þá hefði ég átt að hafa leyfi til að fara niður í símstöð og segja: „Nú hefi ég grun um, að þessi dósent hafi sent skeyti, sem stj. kemur illa“ —, og heimta öll skeyti um þetta send upp í stjórnarráð til að yfirfara þau þar. Ég álít að vísu, að þetta hefði verið ákaflega gott fyrir föðurlandið viðvíkjandi ýmsum skeytum, sem hv. þm. og hans flokksmenn kunna að hafa sent, en það er bar ekki löglegt. Og flest skeyti eru þannig, að það væri með öllu óviðeigandi, að farið væri í þau frekar en bréf. Því er það, að sú skoðun, sem hv. þm. heldur fram, til þess að reyna að *fóðra sín fyrri frumhlaup og yfirsjónir í þessu* máli, er alveg vonlaus. Í fyrsta lagi eru lögin á móti og í öðru lagi er skoðun þess embættismanns, sem hefir með þetta að gera. Þetta væri alveg ómögulegt, ef hægt væri fyrir stjórnarvöld á hverjum tíma að fara á símstöðina og rannsaka skeyti; þá væri alveg eins hægt að fara á bréfapósthúsið og heimta bréf opnuð. Ég held, að ég neyðist til, um leið og ég lýk þessum orðum, að láta í ljós hryggð mína yfir því, að hv. 1. þm. Reykv. skuli ennþá vera á móti þessu máli, eftir að svo augljóst er orðið, hversu þarft það er, að jafnvel Morgunblaðið, sem gefst þó ekki upp að verja glæpamál fyrir sína menn fyrr en það er nauðsynlegt, hefir látið af andstöðu sinni. *Mér finnst maður geti verið hissa á því, að maður, sem ekki er aðeins dósent, heldur prófessor í guðfræði, skuli ganga lengra í þessu máli heldur en þetta málgagn hans.*

Magnús Guðmundsson: Ég ætla ekki að svara þessari gusu hv. þm. S.-Þ., en ég vil benda honum á, að honum mundi ganga erfiðlega að standa við margt úr ræðu sinni, ef þinghelgin skýldi honum ekki. Ég tók það fram í byrjun, að af því að ég veit ekki, hvernig frv. á að verða, þá ætla ég alls ekki að tala um innihald þess. Hæstv. forsrh. spurði, hvort ég teldi, að konungsvaldinu væri misboðið með þessari aðferð. Nei, ég álít það alls ekki. Ég er því vel kunnugur, hvernig er um konungsvaldið, það er ekki það, sem ég hugsa um, heldur að það séu ekki að ástæðulausu *brotnar venjur, sem búið er að halda í* langan aldur. Það er búið, eins og ég tók fram, í yfir 30 ár að slá því föstu, að ákvæði 23. gr. stjskr. skuli skilja á ákveðinn hátt. Ég viðurkenni, að þessa gr. má skilja á tvennan hátt, en með 30 ára praksis er búið að skera úr því, hvernig gr. skuli skilin, og það er alveg ástæðulaust að vera að breyta út af því. Það er þetta, sem ég hefi verið að ræða um, en ekkert annað. Ég get ekki skoðað það annað en leti hjá hæstv. ráðh. að vilja ekki leggja það á sig að síma til konungs um þetta. Við vitum báðir, að þetta er ekkert annað en form, og heldur ekkert annað en form, þegar stjskr. segir, að konungur gefi út þessi l.; við vitum allir, að það er ráðh., sem gerir það. Ég lít svo á, að það sé sami aðili, sem gefi l. út og eigi að leggja þau fyrir þingið.

***Magnús Jónsson:** Það skulu verða aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að láta hv. þm. S.-Þ. hafa mig út í að fara að endurtaka gömlu umr., sem hafa farið fram þing eftir þing um ömmufrv. Ég get afsakað það við hv. þm., að hann heyrði ekki það, sem ég sagði, því hann var náttúrlega ekki í d. frekar en vant er, þegar ég flutti mína ræðu. Ég sé hálfgert eftir þessum fáu orðum mínum, þó að þau hafi verið þörf leiðrétting. Þær eru nú ekki orðnar svo margar ánægjustundirnar hjá þessum gamla manni, að það sé gustuk að vera að skyggja á þær. Hv. þm. sagði, að svo framarlega sem hægt væri samkv. l. að rannsaka skeyti eins og þau, er hér ræðir um, þá væri alveg eins hægt að fara inn á símstöð og taka hvaða skeyti sem send væru, hvort sem tilefni væri fyrir hendi eða ekki. Ég er nú enginn lögfræðingur, en mér skilst, að hér sé mikill munur á. Mér skilst það vera svipaður munur á því og að úrskurða má mann í gæzluvarðhald, en það er hinsvegar ekki hægt að taka hvaða mann sem er og setja í gæzluvarðhald, þó að dómari geti úrskurðað mann í gæzluvarðhald, sem grunaður er um eitthvað. Það þýðir það, að það má ekki senda lögregluna á eftir hvaða manni sem er úti á götu og setja hann í gæzluvarðhald. Hv. þm. var að tala um, að forstjóri loftskeytastöðvarinnar hafi sagt, að hann vildi heldur láta setja sig af heldur en að hleypa nokkrum manni í skeytin. Það hefir þá komizt svona langt þegar hv. þm. var ráðh. Þetta er svo sem vel hugsanlegt, ef hv. þm. hefir haldið, að hann gæti náð sér niðri á einhverjum andstæðingi, þá hefir ekki vantað viljann til að beita öllum vopnum til að ná í einhver skilríki, sem gátu komið sér illa. Ég sagði ekkert um það áðan, hvaða afstöðu ég tæki til þessa frv. Það fer allt eftir því, hvað frv. verður mikið bætt. Svo miklar breyt. má gera, að það verði hægt að vera með því. En frv. eins og það var borið fram á sínum tíma var illa úr garði gert, eins og æfinlega er um frv. frá hv. þm. S.-Þ. Það er venja þessa hv. þm. að nota jafnvel virðulegustu staði, eins og grg. með frv., til þess að birta skammir og fúkyrði í garð andstæðinganna. Slíkt er *nægileg ástæða oft og tíðum til þess, að þingið sýni* frv. frá þessum hv. þm. lítilsvirðingu. Það getur vel verið, að ef þetta frv. kemur fram í sómasamlegu formi, þá verði hægt að vera með því.

***Jónas Jónsson:** Þær hafa komið eitthvað illa við hv. 1. þm. Reykv. þessar umr. Hv. þm. hefir líklega komizt heldur ónotalega að raun um, að hann muni nú annaðhvort verða að vera með þessum föðurlandssvikurum eða á móti þeim. Ef hann er á móti þeim, snoppungar hann sína fyrri fortíð, en ef hann er með þeim, þá sýnir hann að vísu mikla fastheldni við fyrri skoðanir, en kynni jafnframt að tapa einhverju af atkv. heiðarlegra sálna í flokki sínum, sem ekki vilja þannig frammistöðu *þm. sins.* Það, sem ég fer fram á í þessu máli, er það, að fullkomnu eftirliti verði komið upp með sendingu skeyta til skipa, að allir dulmálslyklar verði afhentir á símastöðinni og hvert skeyti verði athugað nákvæmlega. Það er þetta, sem ég hefi barizt fyrir síðustu 5 árin og hamrað hefir verið niður af hv. þm. og hans flokksmönnum. Þau eru því á ábyrgð hans og flokks hans, þau svik, sem hafa viðgengizt í stórum stíl nú á undanförnum

árum og búið er að sanna, að fjöldi manns er við riðinn. Af þeim rannsóknum hefir komið í ljós, að það eru nær eingöngu menn úr flokki hv. 1. þm. Reykv., sem eru við þessi mál riðnir, enda er það ekkert óeðlilegt, þar sem forkólfar flokksins hafa á undanförnum árum komið þeirri skoðun inn hjá sínu fólki, að þetta athæfi væri ekki glæpsamlegt, heldur jafnvel þvert á móti. Nú þegar upp eru komin þessi svik, standa svo þessir menn ráðþrota. Þetta hefir komið á þá eins og reiðarslag. Enda er það engin furða, þó að það sé ekkert tilhlökkunarefni fyrir hv. þm. að eiga eftir að taka þátt í umr. um þetta mál nú. Vitanlegt er, að það er hægt að fara illa með hv. þm., ef honum er ekki sýnd sérstök miskunn. Það er hægt að lesa fyrir hv. þm. gömlu ræðurnar samhliða vitnisburðum glæpamannanna. Hvernig á honum verður tekið, það fer eftir honum sjálfum, en ef hann reynir að reisa haus í þessu máli, þá er ég hræddur um, að hann fari mjög illa út úr því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, PHerm, SÁÓ, ÞBr, BSt, GL, HG, HermJ, IngP, JAJ, JBald, EÁrna.

MG,[1]) MJ, ÞÞ[2]) greiddu ekki atkv.

Einn þm. (PM) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 153, 154).

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Þó að ég standi hér upp, þá hafði ég ekki búið mig undir að hafa framsögu í þessu máli, en mér finnst mér skylt sem form. n. að segja nokkur orð, þar sem hv. frsm., hv. 2. þm. S.-M., hefir ekki haft ástæðu til þess að mæta á fundinum. Eins og kunnugt er, þá er þetta mál flutt af allshn. fyrir tilmæli hæstv. dómsmrh., og var því svo vísað aftur til n. á fundi 7. þ. m. Fyrir n. lágu þá allýtarlegar og verulegar breytingar, þó ekki efnisbreyt., sem eiginlega var til ætlazt, að n. flytti strax, en eins og kunnugt er, þá flutti hún bráðabirgðalögin eins og þau voru, og hefir nú n. tekið þessar brtt. upp og gerir þær að sínum till. við frv. Þessar brtt., sem hér ræðir um, eru í öllum aðalatriðum gerðar af landssímastjóra, sem eftir beiðni hæstv. dómsmrh. hefir fengið frv. til athugunar og umsagnar. Í öllum aðalatriðum var n. sammála þessum brtt. eins og þær lágu fyrir henni, en einn nm., hv. 1. þm. Skagf., hefir dálitla sérstöðu í málinu, þar sem hann lítur svo á, að sömu ráðstafanir og í frv. felast hefði verið hægt að gera með reglugerð, og svo telur hann sektarákvæðin óþarflega hörð og vítnar þar til hliðstæðra laga, eins og landhelgislaganna. En meiri hl. n. taldi ekki rétt að gera neina breytingu frá þeim till., sem þegar eru gerðar í því efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þetta, nema frekara tilefni gefist.

Magnús Guðmundsson: Eins og tekið er fram í nál. og eins og hv. form. allshn. tók fram hér áðan, þá hefi ég að því leyti sérstöðu í n., að ég lít svo á, að það hafi verið hægt að setja þau ákvæði í reglugerð, sem felast í frv. En af því að ég get vel gengið inn á frv. eins og það nú liggur fyrir, þá er engin ástæða fyrir mig að gera það að kappsatriði, hvort þessar reglur eru settar með lögum eða í reglugerð. En náttúrlega virðist mér, þar sem ég tel, að þetta hefði mátt gera með reglugerð, að ekki hefði átt að gefa út bráðabirgðalög, en um það skal ég ekkert frekar fást.

Um refsiákvæðin er það ekki rétt orðað í nál., að ég hafi viljað gera aths. við sektarákvæðin. Það, sem ég átti við, voru refsiákvæðin yfirleitt, ekki eingöngu sektirnar. Þegar ég ber þau saman við refsiákvæðin fyrir landhelgisbrot, þá get ég ekki skilið, að það sé miklu saknæmara að leiðbeina eða hjálpa til við landhelgisbrot heldur en að fremja brotið sjálft. Hér finnst mér vissulega vera mikið ósamræmi. Refsingin getur jafnvel stigið upp í 2 ára betrunarhúsvinnu samkv. frv.

Út af orðum hv. þm. S.-Þ. hér við 1. umr. þessa máls, þegar ég var „dauður", vil ég benda honum á, að hér er á ferðinni allt annað mál heldur en það, sem hér var lengst að flækjast fyrir nokkrum árum. Nú er þetta frv. þannig útbúið, að við sjálfstæðismenn getum vel sætt okkur við það eins og það verður með breyt. n. En innihald hins frv. var þannig, að það hlaut að valda miklum ágreiningi, en út í það hirði ég ekki að fara nú, nema sérstakt tilefni gefist, og er ég þá vel undir það búinn að sýna fram á hver geysilegur munur er á þessu frv., sem hér liggur fyrir, og hinu frv., sem mest var deilt um á 3 þingum í röð fyrir nokkrum árum og nefnt ömmufrv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Eins og hv. frsm. minntist á, þá var mikið af þessum brtt. við frv. sent frá dómsmrn., og það kemur til af því, að ég bað þann loftskeytamann, sem les yfir skeytin, síðan bráðabirgðalögin voru gefin út, og landssímastjóra að athuga frv. og segja til um það, hvaða breyt. þeir kynnu að álíta heppilegt að gera á frv. Þessar brtt. voru síðan útbúnar í samræmi við þeirra reynslu og eru ekki stórvægilegar. Ég álít þess vegna sjálfsagt, þar sem efni frv. er að mestu leyti það sama og í upphafi, að taka þá reynslu til greina, eins og alltaf, þegar lög eru framkvæmd.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, hvort leyfilegt hafi verið, áður en bráðabirgðalögin voru gefin út, að rannsaka skeyti, þá skal ég ekki blanda mér frekar í þá deilu heldur en ég gerði við 1. umr., en þá benti ég á það, að landssímastjóri áleit það óheimilt að skoða skeyti án þess að ný lög væru gefin út, sem heimiluðu það. Og ég sé ekki heldur betur en að þeir, sem halda því fram, að hægt hafi verið að skoða skeytin án

1) **MG:** Ég tel, að þetta mál sé ranglega flutt, þar sem með flutningi þess eru brotnar gamlar venjur, sem lengi hefir verið farið eftir. Ég álít hinsvegar, að málið eigi að athugast í n., og greiði þess vegna ekki atkv.

2) **ÞÞ:** Þar sem deila hefir verið um formið á flutningi þessa máls og ég hefi ekki haft tækifæri til að athuga þetta, þá greiði ég ekki atkv.

þess að ný lög væru gefin út, séu komnir í alger rökþrot um þetta atriði.

Hvað viðvíkur refsiákvæðunum, þá verð ég að segja það, að ég álít þau ekki of ströng. Ég vil álíta, að 3—15 þús. kr. sekt eða fangelsi allt að 2 ára ef sakir eru miklar eða brotið ítrekað, sé ekki of þung refsing fyrir slíkt afbrot sem þetta. Við vitum það, að refsingar verður að miða við það, hvað sviviðilegt afbrotið er í almenningsálitinu og hvað skaðlegt það er. Og ég held, að meðan við höfum refsingar í lögum fyrir ýmisleg afbrot, sem skipta fleiri árum, þá sé ekki of mikið 2 ára fangelsi fyrir slíkt afbrot sem hér er um að ræða, sem í augum almennings er tvímælalaust einhver sviviðilegasti glæpur.

Það má benda á, að samkv. l. um botnvörpuveiðar frá 1920 liggur einnig fangelsi við brotum gegn þeim. En jafnframt ber þess að gæta, að þó það sé vitanlega stórt afbrot af togaraskipstjórum að veiða í landhelgi, þá er hitt þó áreiðanlega talið ennþá sviviðilegra, að halda svona njósnum uppi í landi til þess að gera þeim það mögulegt, og er því ekkert við það að athuga, þó að í þessu tilfelli sé brotin sú meginregla að láta aðstoð varða minni refsingu heldur en brotið sjálft.

Magnús Guðmundsson: Ég kæri mig ekki um að fara út í miklar deilur um þetta. Ég vildi aðeins benda á það ósamræmi, sem hér kemur fram í refsiákvæðunum. Ég get ekki skilið, að það sé undir neinum kringumstæðum verra að aðstoða við brot heldur en að fremja brotið sjálft, og þetta fer algerlega í bága við þær reglur, sem liggja til grundvallar öllum okkar refsirétti. Hirði ég svo ekki að ræða frekar um það, en ef hlaupa á eftir því, sem mönnum finnst eftir því, hvernig hægt er að uppæsa þá með blöðum og þess háttar, þá er víst hægt að komast nokkuð langt með refsiákvæði. Mér fyrir mitt leyti finnst verra að fara inn í landhelgina og toga þar heldur en t. d. að hjálpa mönnum á eftir að komast undan refsingu fyrir að hafa gert það. Hvað snertir nauðsynina á því að gefa út bráðabirgðalög, þá finnst mér hæstv. ráðh. hafi sjálfur sannað, að það var ekki nauðsynlegt. Það, sem ég held fram, er, að það hefði verið hægt að setja nákvæmlega sömu reglurnar eftir l. frá 1917 eins og settar eru með þessum l. En þar sem l. eru nú komin í það horf, að ég hefi ekkert verulegt við þau að athuga, þá *er ekki ástæða til* að gera þetta að deilumáli, önnur en sú, að það ber auðvitað hverri stj. að forðast að gefa út bráðabirgðalög, nema í brýnustu nauðsyn, því að það skilyrði setur stjskr.

ATKVGR.

Brtt. 154,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 154,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 154,3.a (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 154,3.b (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 178).

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 306).

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með, að þetta frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir frá hv. Ed., en þar voru gerðar á því nokkrar breyt., og voru þær gerðar í samráði við póst- og símamálastjóra og hæstv. dómsmrh. Tveir nm. hafa sérstöðu og telja, að þetta mál hefði verið hægt að leysa með reglugerð, byggðri á lögum nr. 82 frá 1917, en annars hafa þeir ekkert út á frv. að setja.

Thor Thors: Eins og hv. frsm. allshn. sagði, höfum við hv. 8. landsk. og ég óskað að láta þess getið í nál., að við teljum, að hægt hefði verið að setja samskonar ákvæði með reglugerð, byggðri á lögum nr. 82 frá 1917. Í 2. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bráðlausar firðviðskiptastöðvar á erlendum skipum og í íslenzkri landhelgi má aðeins nota samkv. þeim ákvæðum, sem náðuneyti Íslands setur í reglugerð. Ráðuneytið getur bannað öll bráðlaus firðviðskipti innan íslenzkrar landhelgi *og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja* til þess, að banninu verði hlýtt."

Ennfremur segir svo í þessum lögum:

„Bráðlausar firðviðskiptastöðvar á íslenzkum skipum, hvort heldur eru innan eða utan íslenzkrar landhelgi, sem ekki eru eign landssjóðs, má aðeins setja á stofn og starfrækja að áður fengnu leyfi ráðuneytisins. Sé skilmálum leyfisins um útbúnað og rekstur stöðvanna ekki fullnægt, getur ráðuneytið afturkallað leyfið."

Með þessum ákvæðum hefði ráðh. getað sett þau skilyrði, sem hann óskaði, fyrir því, að loftskeytastöðvar væru starfræktar í íslenzkum skipum, og í reglugerð nr. 32 frá 1918 segir svo í 2. gr.:

„Enginn má setja upp eða reka loftskeytastöð

á Íslandi eða innan íslenzkrar landhelgi eða á skipum, sem skrásett eru á Íslandi, nema að þar til fengnu leyfi ráðuneytisins, er gefur út leyfisbréf fyrir stöðina.“ Og svo í 11. gr. þessarar reglugerðar, þar sem talað er um skipastöðvar, segir svo:

„Þessum stöðvum ber í öllu að haga sér samkv. fyrirmælum landssímastjóra að því, er snertir útbúnað og rekstur stöðvanna og meðferð skeyta.“

Þarna er landssímastjóra veitt fullkomin heimild til að setja hverjar þær reglur, sem hann óskar, um meðferð skeyta.

Og í 19. gr. sömu reglugerðar segir svo:

„Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, látið stöðva þau skeyti, sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins.“

Ef dómsmrh. álítur, að einhver hætta geti verið á ferðum um misnotkun loftskeyta, getur hann samkv. þessu skýlausa ákvæði bannað skeytasendingar eða sett reglur til þess að hindra misnoktun skeytasendinganna. Vegna þessara ákvæða, sem ég nú hefi getið, teljum við hv. 8. landsk. og ég, að nú um langt skeið hafi verið til skýlaus heimild fyrir ríkisstj. til þess að hafa fullkomið eftirlit með loftskeytasendingum skipa.

Eins og kunnugt er, hefir því verið haldið fram hér á Alþingi, m. a. í umr. um hið fræga „ömmu“frv. og í grg. þess, að loftskeyti væru notuð til þess að leiðbeina togurum við veiðar í landhelgi. Að ekkert skuli því hafa verið gert til þess að fyrirbyggja slíkt, þrátt fyrir skýlausa heimild, sýnir bezt, að áhuginn hefir ekki verið mikill hjá þeim, sem hæst hafa talað um þessi mál, eins og t. d. hv. þm. S.-Þ., sem um langt skeið var dómsmrh. og vitað er, að talaði manna mest um misnotkun loftskeytasendinganna á sínum tíma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Ég vil leyfa mér að skirskota til samtals við hæstv. forseta um það, sem gerðist á fundi allshn., þegar þetta mál var þar til umr. Þá var ákveðið að koma ekki fram með brtt. við frv., heldur að fá landssímastjóra til þess að koma á fundinn til þess að athuga frv. nánar, og vil ég óska þess, að málið verði ekki afgr. í þessari hv. d. að þessu sinni, því að ég hefi hugsað mér að koma með a. m. k. eina brtt. við frv.

*__Frsm. (Héðinn Valdimarsson):__ Það var ekki talað um að ná landssímastjóra á fund í allshn., en hinsvegar hefir liðið nægilega langur tími síðan til þess að hv. 8. landsk. gæti náð tali af landssímastjóra út af þessu máli. Ég get ekki séð neina ástæðu til þess að draga þetta mál lengur.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Ég kann illa við, þegar hv. frsm. n. kemur inn í þessa hv. d. með vísvitandi ósannindi. Ég get skirskotað til hæstv. forseta, hv. þm. Snæf. og hv. 1. landsk., ef hann er hér, um það, hvort það sé ekki rétt, að um það hafi beinlínis verið talað í n. að fá landssímastjóra til þess að koma á fund hjá n. Ég skil ekki þetta ofurkapp hjá hv. 2. þm. Reykv. Mér hefir aldrei dottið í hug að tefja fyrir framgangi þessa máls, og hv. frsm. n. getur ekki kennt neinum einstökum nm. um það, að þetta mál hefir ekki verið athugað síðan á síðasta fundi n., því að hann hefir ekki boðað til neins fundar í n. síðan, og ég leyfi mér að fara fram á það, að hæstv. forseti sjái um það, að hv. þdm. gefist kostur á því að athuga þetta mál á þann hátt, sem talað var um á fundi n., því að það má segja, að skörin fari að færast upp í bekkinn, ef ekki er hægt að reiða sig á slíkt samkomulag um að fá upplýsingar um mál. Það voru ýms atriði í þessu máli, sem þurfti að afla upplýsinga um, t. d. vantaði skýringu á hugtakinu „strandastöð“, og einnig vildum við fá skýringu á því, hvort 3. málsgr. 2. gr. næði bæði til 1. og 2. málsgr. 2. gr. og líka til 1. gr. Við vildum líka fá skýringu á því, hvort það væri í raun og veru meiningin, að þau minni fiskiskip, sem töluðu saman innbyrðis, þyrftu að skrifa niður á þar til gerð eyðublöð öll þau samtöl, sem færu fram á milli þeirra. Ég veit, að hæstv. forseti man, að um þetta var talað, því að okkur var það ekki vel ljóst. Ég bar fram þá ósk, að frestað væri að afgr. málið frá n. í það skipti og landssímastjóri yrði fenginn þá þegar á fund n., en það varð að samkomulagi, eins og ég veit, að allir hv. nm. muna, að láta málið ganga til 3. umr., en fá landssímastjóra á nefndarfund áður en málið yrði afgr. úr hv. d.

*__Frsm. (Héðinn Valdimarsson):__ Ég man að vísu eftir því, að það var eitthvað minnzt á þetta í n., en það er venjulega svo með þennan hv. þm., að ef mál hefir komið frá allshn., sem hann hefir ekki verið ánægður með, þá hefir hann tekið það upp, sem talað hefir verið um málið í n. Ég man eftir því, að það þótti leika vafi á sumum atriðum frv., en ég var þeirrar skoðunar, að menn hefðu nógan tíma til að átta sig á þessu, og þar sem 5 dagar eru nú liðnir síðan, hefðu menn átt að geta náð tali af landssímastjóra, ef þeir hefðu kært sig um.

__Forseti (JörB):__ Ég álít óhyggilegt að deila frekar um þetta atriði að þessu sinni, og mun ég því fresta umr. um stundarsakir fyrir það fyrsta.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók mál af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Ég vil aðeins í áframhaldi af þeim ummælum, sem féllu í sambandi

við þetta mál, bæði við síðustu umr. og eins þegar það var flutt hér fram og frestað, vegna þess að allshn. hafði ákveðið að kalla landssímastjóra á fund til þess að fá hjá honum skýringar á einstökum atriðum, geta þess, að þessi fundur hefir ekki verið haldinn og þessar skýringar hafa þess vegna ekki fengizt.

Þar sem þessi skylda allshn. hefir verið vanrækt, sjáum við, ég og hv. þm. Snæf., sem annars hefðum kosið nokkrar breyt. á frv., ekki ástæðu til að bera þessar brtt. fram, og allra helzt af því, að ekki er um efnisbreyt. að ræða, heldur eingöngu orðabreyt. og lagfæringar. Þar sem þeir hv. þm. stjórnarflokkanna, sem sæti eiga í allshn., hafa ekki viljað gera þessa skyldu sína, að fá skýringar hjá landssímastjóra á þeim atriðum, sem þeir sjálfir viðurkenna, að þeir skilji ekki, þá teljum við ekki ástæðu til að bera neinar brtt. fram.

Með þessum fyrirvara læt ég útrætt um þetta mál.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Hér er það mál á dagskrá, sem mér sýnist, að gefi tilefni til að spyrjast fyrir um eitt atriði, sem mér er hugleikið að fá um nokkrar upplýsingar. — Hér er verið að tala um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskiveiðar, og er þar, svo sem vænta mátti og ég tel réttmætt, svo sagt, að það skuli vera á valdi ríkisstj. og starfsmanna hennar að hafa ritskoðun um símann, sérstaklega í því sambandi, er snertir orðaskipti milli skipa og lands. Ég skal ekkert um það segja, að þetta sé óviðeigandi í þessu efni, en upp á síðkastið hefir komið hér í ljós annað atriði, sem marga hefir furðað á, og það er, að bæjarsíminn hér, sem allir héldu, að væri fullkomlega öruggur, þannig að allir gætu talað þar saman um einkamál sín án þess að aðrir fengju vitneskju um, er ekki lengur svo öruggur, að menn geti treyst því, að það, sem þar er talað, fari ekki lengra. Ég veit, að það hefir vakið mjög mikla athygli og undrun hér í bæ, er það kom í ljós, að eftirlit var haft með því af stjórnarvöldunum, hvað talað er í bæjarsímann, sem ásamt með Hafnarfjarðarsímanum er sjálfvirkt símakerfi og á þess vegna að vera fullkomlega öruggt. Ég vil spyrja um þetta atriði hér, af því að það kom fyrir mig í vetur, er ég talaði hér í síma, að mér fannst sem komið væri inn á línuna og hlerað. Mér þótti þetta undarlegt og spurðist strax fyrir um það hjá landssímastjóra — af því að ég náði ekki í bæjarsímastjóra — og hann svaraði því, að ég gæti verið alveg öruggur að þessu leyti, því að það væri ekki hægt að hlusta á samtöl manna í bæjarsímanum. Og þar sem landssímastjóri fullyrti þetta svona ákveðið, þá var ég alveg öruggur eftir þetta. En nú kemur það upp, að þetta hefir verið misskilningur hjá landssímastjóra, því að það er vitað, að stjórnarvöldin hafa notað bæjarsímann í því skyni að upplýsa um ólöglega meðferð varnings hér í Reykjavík. Mér þykir þetta merkilegt mál, og ég veit, að það er ákaflega þýðingarmikið bæði fyrir þá, sem skipta við þessa stofnun, og fyrir stofnunina sjálfa, því að ef það er virkilega búið að vera — ef það þá hefir verið svo áður —, að menn megi talast við í síma án þess að eiga það á hættu, að síminn leki, þá er ég hræddur um, að afstaða manna til viðskipta við þá stofnun breytist allverulega. Mér sýnist þetta vera hliðstætt spursmál og það, sem hér er nú á dagskránni, og vildi spyrjast fyrir um það hjá þeim ráðh., sem með þessi mál fer, hvort það sé virkilega nú svo komið, að ekki sé lengur hægt að treysta því, að það, sem menn talast við í síma, fari ekki fleiri í milli. Síðan þetta atvik kom fyrir mig, hefir þetta atriði nokkrum sinnum borizt í tal milli mín og annara, og ég hefi þá fullyrt það eftir landssímastjóra, að það gæti ekki átt sér stað, að hlustað væri á samtöl manna í þessum sjálfvirka síma. En nú grunar mig, að þessar upplýsingar landssímastjóra hafi e. t. v. verið gefnar í því skyni, að ég ekki væri var um mig í símanum, ef þetta er þá ekki alveg ný breyting á fyrirkomulagi símakerfisins, að hægt sé að hlusta á samtöl manna. Ég held, að ef lög eru fyrir því, að þetta sé heimilt, þá sé full ástæða til að breyta þeirri löggjöf, svo að menn geti verið alveg öruggir um, að þeir talist við eins og undir fjögur augu í símanum. Það er að vísu satt, að landssíminn er þannig gerður, að engin trygging er fyrir því, að það, sem menn talast við, geti ekki heyrzt víðar. En þetta vita menn og vara sig því á því.

Að ég leyfi mér að gera þessa fyrirspurn er vitanlega ekki í því skyni að halda hlífiskildi yfir því sérstaklega, sem er þess eðlis, að skaðað geti land og lýð. Það eru stærri atriði, sem felast í þessu máli, heldur en það eitt, og er um öryggi borgaranna yfirleitt að ræða í þessu sambandi. — Ég veit sem sagt, að það hefir vakið ákaflega mikla athygli þetta, sem nú er upplýst orðið, og væri mikilsvert að fá um það skýr og góð svör, hvernig þessu er háttað af hálfu ríkisvaldsins.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur, hefi ég farið fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði þessu máli, þangað til hann á kost á að taka þátt í umr.

Það, sem ég get upplýst í þessu efni, er það, að mér er ekki kunnugt um, að neitt slíkt hafi átt sér stað, sem hv. þm. talar um, þ. e. a. s., að hlustað hafi verið á símtöl einstakra manna, án þess að fyrir hafi legið úrskurður lögreglustjóra um það, og að sjálfsögðu voru þeir einir látnir gera það, sem bundnir eru þagnarskyldu um að gefa engar upplýsingar nema hlutaðeigandi valdsmanni. Frekari upplýsingar get ég ekki gefið að svo stöddu. En sem sagt, ég vildi óska þess, að umr. um þetta yrði frestað, þangað til hæstv. dómsmrh. kemur.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til frh. 3. umr.

Forseti (JörB): Mér er tjáð, að hæstv. forsrh. hafi ætlað sér að taka til máls áður en málið fengi afgreiðslu, og þar sem hann er ekki viðstaddur, tek ég málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Í sambandi við frv. til laga um eftirlit með loftskeytum hefir verið deilt á mig, og það dregið í efa, að ég hafi haft heimild til þess að skipa tvo menn til þess að skoða og rannsaka loftskeyti til og frá veiðiskipum hér við land. Því hefir verið haldið fram, m. a. af hv. 5. þm. Reykv., að þessi aðferð mín, að láta skoða þessi loftskeyti í þetta „eina sinn", væri hliðstæð því, að ég hefði án dómsúrskurðar látið hlusta á samtöl í símanum manna á milli hér í bænum, og að ég hefði á þennan hátt gert stjórnarframkvæmd án nægilegrar heimildar í lögum og skapað með því hættulegt fordæmi.

Það hlýtur að koma flestum á óvart, og ég vil segja, að það sé æðibroslegt, að ádeilan út af þessu atriði skuli einmitt koma frá hv. stjórnarandstæðingum, því að það eru einmitt þeir, sem í mörg undanfarin ár hafa haldið því fram, að óþarft væri að samþ. hið svokallaða „ömmufrumvarp", sem var um heimild fyrir ríkisstj. til eftirlits með loftskeytum, vegna þess að ríkisstj. hefði nægа heimild í lögum nr. 82 frá 1917 og reglugerð nr. 32/1918. Og það eru einmitt andstæðingarnir, sem í blöðum sínum hafa svo oft þótzt vera að deila á fyrrv. ráðh., þar á meðal auðvitað tvo dómsmrh. sína, hv. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Skagf., fyrir það að hafa ekki notað þessa heimild. Í sambandi við þessa ádeilu út af uppljóstrun um þá afbrotamenn, sem fyrir endurgjald frá erlendum þegnum hafa haft það fyrir atvinnu að njósna um íslenzk varðskip og greiða þannig fyrir landhelgisbrjótum, hafa svo andstæðingarnir hafið ádeilu á lögreglu og lögreglustjóra fyrir að hafa samkv. dómsúrskurði þar um látið hlusta á samtöl í tilteknum símanúmerum hér í bænum, sem rökstuddur grunur hvíldi á, að notuð væru til þess að auðvelda lögbrot. En þetta var í hinu svokallaða bílstjóraverkfalli og í sambandi við uppljóstrun um leynivínsala nú fyrir skömmu. Þessar aðgerðir lögreglunnar og lögreglustjóra eru aðgerðir dómsvaldsins, sem ríkisstj. getur ekki haft og hefir því ekki haft neina íhlutun um. Það er því æðri dómstóla að skera úr því á sínum tíma, hvort undirrétturinn hefir í þessu tilfelli farið út fyrir verksvið skyldu sinnar.

Eins og menn sjá af þessu, er hér um tvö mál að ræða, annarsvegar stjórnarframkvæmd, sem ég á aðallega að svara fyrir, en það er uppljóstrun á afbrotum njósnaranna í landhelgismálunum. Hitt er dómsathöfn, sem er ríkisstj. og stjórnarframkvæmdum óháð. Mínar aðgerðir snerust á sínum tíma einungis að skoðun loftskeyta, en alls ekki að símtölum. Dómsúrskurðir lögreglustjórans snúast hinsvegar um það að hlusta á símtöl til og frá tilteknum símanúmerum.

Ég mun nú athuga þessi atriði nokkuð, og þá fyrst það atriðið, sem mér ber að svara fyrir. En það verður ekki gert án þess að rekja nokkuð sögu hins svonefnda „ömmufrumvarps".

Þegar frumv. þetta kom fram á Alþingi 1928 var því vísað til hv. sjútvn. Nd. Í nefndinni áttu þá m. a. sæti þeir hv. þm. Vestm. og hv. þm. G.-K. Gáfu þeir út minnhl.nál. og lögðu til, að málinu væri vísað frá með rökstuddri dagskrá. Niðurlag nál. og hin rökstudda dagskrá er þannig:

„Minni hl. vill leiða athygli að því, sem höfundum frv. virðist hafa verið óljóst, að ríkisstj. hefir nægа stoð í gildandi lögum til þess að hafa það eftirlit með sendingu loftskeyta, sem nægilegt er til að hindra misnotkun þeirra í þágu landhelgisveiða, sbr. m. a. lög nr. 82 14. nóv. 1917, og reglug. nr. 32 frá 17. maí 1928 samkvæmt þeim lögum.

— — —

Minni hl. leyfir sér því samkv. því, sem hér hefir sagt verið, að leggja til, að málið verði afgr. með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Með því að ríkisstj. hefir nægа stoð í gildandi lögum til að hafa opinbert eftirlit með sendingu loftskeyta, telur d. eigi þörf á nýrri lagasetningu í þessu efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. marz 1928.
Jóhann Þ. Jósefsson,
frsm.
Ólafur Thors."

Eins og menn geta séð af þessu nál. og sérstaklega þó af hinni rökstuddu dagskrá, sem d. samþ., er það skoðun þessara háttv. þm., þar á meðal hv. núv. formanns Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., að „ríkisstj. hafi nægа stoð í gildandi lögum til að hafa opinbert eftirlit með sendingu loftskeyta". Menn taki eftir því, að hér er því fortakslaust slegið föstu, að ríkisstj. hafi ekki aðeins heimild til þess að láta líta eftir loftskeytum frá og til togara, heldur loftskeytum almennt. Af þessu er auðsætt, að ríkisstj. hefir, með því að láta skoða skeytin frá og til togara, ekki notað nema örlítið af þeirri heimild, sem formaður Sjálfstfl. hefir lýst yfir með þessari rökstuddu dagskrá, að ríkisstj. hafi.

Þegar þetta sama frv., um eftirlit með loftskeytum, er borið fram á þinginu 1931, þá liggur fyrir í grg. frv. bréf frá dómsmálarn. til landssímastjórans þáverandi, Gísla heitins Ólafssonar, þar sem spurzt er fyrir um það hjá honum, hvort hann áliti ríkisstj. heimilt að skoða loftskeytin. Því bréfi svarar svo landssímastjóri með bréfi til dómsmrn., dags. 30. ágúst 1930. Bréfið hljóðar þannig:

„Út af bréfi hins háa dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 24. f. m., skal ég leyfa mér að geta þess, að ég hefi ekki látið uppi álit mitt um þetta mál við aðra en sjútvn. Nd. Alþingis, enda ekki aðrir um það spurt, en henni tjáði ég, að ég liti svo á, að stj. hefði samkvæmt lögum nr. 82 14. nóv. 1917 **fortakslausa heimild** til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem henni þóknaðist, til að reyna að koma í veg fyrir misbrúkun loftskeyta.

Gísli J. Ólafson."

Álit fyrrv. landssímastjóra á heimild ríkisstj. til þess að láta skoða loftskeyti eftir geðþótta er því engum vafa undirorpið.

Ákvæðin, sem þessi skoðun fyrrv. landssímastjóra byggist á og þm. tveggja, sem gengu frá hinni rökstuddu dagskrá, er ég hefi áður minnzt á, er aðallega að finna í 19. gr. reglug. frá 1918, og er niðurlag hennar þannig:

„Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, látið stöðva þau skeyti, **sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins.**“

Það er óneitanlega nokkuð teygjanlegt hugtak, hvaða loftskeyti geta skaðað velferð landsins, og ákvæði þessarar reglug. því dálitið vafasöm, og meira að segja vafasamt, hvort heimild hefir verið í lögunum til þess að setja þau í reglug. En eftir að landssímastjóri hefir gefið út þennan úrskurð, sem fram kemur í bréfi hans til dómsmálaráðuneytisins, og eftir að þessi rökstudda dagskrá var samþykkt, sem undirstrikar þennan skilning á reglugerðinni og lögunum, að ríkisstj. hafi þessa heimild, þá tel ég alveg tvímælalaust, að mér hafi verið fengnar í hendur þær heimildir, þótt andstæðingarnir hafi sennilega gert það óafvitandi, að ég hafi haft vafalausan rétt til þess að láta skoða loftskeytin til og frá togurunum, ef ég gæti fært verulega sterkar líkur að því, að slíkar skeytasendingar væru misnotaðar. En án þess vildi ég ekki grípa til þess að láta skoða loftskeytin, þótt allir geti séð, að bæði í hinni rökstuddu dagskrá frá formanni Sjálfstfl. og í bréfi landssímastjóra til dómsmálaráðuneytisins kemur fram sú skoðun, að ríkisstj. hafi „fortakslausa heimild“ til skoðunar allra loftskeyta, án þess að hinn minnsti grunur liggi á um misnotkun þeirra. Ekkert kemur fram um það, hvorki í hinni rökstuddu dagskrá eða bréfinu, að um grun þurfi að vera að ræða til þess að stj. sé heimilt að rannsaka skeyti. Stj. hefir „fortakslausa heimild“, segir fyrrv. landssímastjóri.

Hvernig í ósköpunum geta nú þessir menn, sem á Alþingi 1928 báru fram hina rökstuddu dagskrá um, að ríkisstj. hefði heimild til þess að láta rannsaka öll loftskeyti, menn sem fengu flokksbróður sinn, landssímastjórann þáverandi, til þess að segja í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, að ríkisstjórnin hafi „fortakslausa heimild“ til skeytaskoðunarinnar, — hvernig geta þeir deilt á þann ráðh., sem notar þau gögn, sem þeir hafa sjálfir lagt honum í hendur? Og hvernig í ósköpunum dettur þeim í hug, að nokkur maður taka þá ádeilu alvarlega, sem þeir beina gegn núv. landssímastjóra fyrir það, að hann hefir hlýtt fyrirskipunum minum, sem honum bar skylda til samkv. þeirra eigin rökstuddu dagskrá og úrskurði fyrrv. landssímastjóra í þessu máli.

Í þessu máli taldi ég rétt, þrátt fyrir þau vopn, sem háttv. andstæðingar hafa mér í hendur lagt, sumpart með hinni rökstuddu dagskrá og sumpart með úrskurði landssímastjóra, að fara mjög gætilega, og þess vegna aflaði ég mér ýtarlegra sönnunargagna fyrir því, að loftskeytin væru misnotuð, og fyrst að þeim sönnunargögnum fengnum krafðist ég þess, að skeytin væru rannsökuð. Rannsóknin í þessu máli er ekkert launungarmál. Henni var sumpart hagað þannig, að varðskipin voru látin athuga, hvenær skeyti væru aðallega send til togaranna, og kom þá í ljós, að hvenær sem varðskipin hreyfðu sig úr höfn eða komu til hafnar, rigndi niður loftskeytunum frá þeim mönnum, sem síðar hafa orðið uppvísir að njósnum. Um þetta lágu fyrir svo ýtarlegar skýrslur, að ekki gat verið um neitt að villast. T. d. var það svo einu sinni, er „Ægir“ hafði legið lengi í Reykjavíkurhöfn til viðgerðar, að hann fór reynsluferð hér út fyrir eyjar, og voru þá samstundis send ógrynni af skeytum til togaranna. Varðskipið kom næstum strax inn aftur, en þegar það lagði frá landi næsta dag, hófst sama skeytaregnið til togaranna og áður. Með þessi sönnunargögn í höndum ásamt fleirum, sem ég sé ekki ástæðu til að geta um hér, var mér tvímælalaust heimilt og meira að segja skylt að gefa út fyrirskipun um skeytarannsóknirnar.

En þrátt fyrir þetta tel ég það alveg tvímælalaust, að lögin um eftirlit með loftskeytum til og frá togurum væru nauðsynleg, vegna þess að með þeim er ríkisstj. fengið vald til þess að koma í veg fyrir, að loftskeytin verði notuð til þess að gera lögbrotin auðveldari.

Það er ekki hægt að neita því, að málstaður andstæðinganna er næsta ömurlegur í þessu máli. Í hinni rökstuddu dagskrá frá háttv. núv. formanni Sjálfstfl. er því lýst yfir, og einnig í bréfi fyrrv. landssímastjóra, að ríkisstj. hafi „fortakslausa heimild“ til þess að láta rannsaka öll loftskeyti. En hv. 5. þm. Reykv., sem fyrstur bar hér fram fyrirspurn í þessu máli, sagðist nú álíta, að skoðun á loftskeytum milli skipa og lands, milli hinna fjölmennu heimila á sjónum og heimilanna í landi, sem full væru af einkamálum þessa fólks, væri alveg hliðstæð því, að hlustað væri á símtöl í símanum hér í bænum, m. ö. o. það verk, sem þeir eru að deila á lögregluna í Reykjavík og lögreglustjórann fyrir að hafa framkvæmt samkv. dómsúrskurði.

Ég ætla að ljúka þessari grg. minni fyrir þeirri aðferð, sem notuð var til þess að koma upp um njósnarana í landhelgismálunum, með því að benda andstæðingunum á það, að þegar litið er á, hvað hefir upplýstst í því máli og hvernig framkoma þeirra hefir verið þar, þá mun þessum góðu mönnum ráðlegast að hafa hægt um sig. Það væri e. t. v. fróðlegt, að þeir reyndu að gera grein fyrir því, hvers vegna hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. G.-K. notuðu ekki þessa heimild til skeytaeftirlits, þegar þeir voru dómsmrh.

Ég kem þá að þeirri ádeilunni, sem beint er gegn lögreglustjóranum í Reykjavík fyrir 2 úrskurði, sem hann hefir kveðið upp um að hlusta á tiltekin símanúmer. Hvorugur þessi úrskurður er kveðinn upp eftir kröfu eða beiðni frá mér. Og hvorugan úrskurðinn lét dómarinn mig fá nokkra vitneskju um, eins og líka vera bar. Dómarinn getur bezt borið vitni um þetta sjálfur, og ég gæti leitt að þessu nægar sannanir, ef ég annars nennti að eltast við það. En það vill nú líka svo til, að úrskurðirnir bera þetta með sér.

Dómarar landsins, þar á meðal lögregludómarinn hér í Reykjavík, kveða vitanlega upp tugi af allskonar úrskurðum, úrskurðum um að gera húsleitir, skoða einkabréf manna, svipta þá frelsi og setja þá í fangahús, án þess að ríkisstj. fái nokkra vitneskju þar um. Nákvæmlega sömu reglur gilda um þá úrskurði lögreglunnar að hlusta á tiltekin númer, ef hún telur það nauðsynlegt fyrir rannsóknir eða vegna öryggis í bænum. Ríkisstj. getur hvorki boðið né bannað dómsvaldinu viðvíkjandi úrskurðum þess,

Dómsvaldið er samkvæmt 56. gr. stjskr. sjálfstætt vald, óháð framkvæmdarvaldinu. Framkvæmdarvaldið verður einmitt að lúta úrskurðum dómsvaldsins á þeim sviðum, sem dómsvaldið nær til.

Þetta verða menn að gera sér ljóst, þegar þeir eru út í bláinn að deila á ríkisstj. fyrir úrskurði lögregludómarans í Reykjavík. Þeir gætu með jafnmiklum rétti deilt á ríkisstj. fyrir úrskurði eða dóma, sem sýslumaðurinn á Sauðárkróki eða sýslumaður Þingeyinga og sýslumaður Skaftfellinga kunna að hafa kveðið upp; hvorttveggja er nákvæmlega sama fjarstæðan.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á það, að þeirri kröfu hefir skotið upp, að símnotendur hér í bænum fengju eftirlitsmann við símann til öryggis — eins og það er kallað. Sá eftirlitsmaður virðist eiga að líta eftir dómsvaldinu. En leyfist mér að spyrja — hvaðan á sá eftirlitsmaður að fá vald? Svo mikið er víst, að hvorki símanotendur né ríkisstj. gætu að lögum fengið þessum eftirlitsmanni vald til þess að stöðva framkvæmd á úrskurðum lögreglustjórans eða annara dómara í opinberum málum — vegna þess að það hefir ekkert vald í þjóðfélaginu rétt að lögum til þess að gera það, meðan úrskurðurinn er ekki felldur úr gildi af æðri dómstól.

Borgararnir gætu með nákvæmlega sama rétti og að heimta eftirlitsmann við símann krafizt þess að fá eftirlitsmann, sem segði til um það, hvenær dómarinn mætti láta taka menn fasta, hvenær mætti skoða einkabréf manna, og hvenær lögreglan mætti gera húsrannsóknir o. s. frv. Til þess að setja slíkan eftirlitsmann yrði hvorki meira né minna en að breyta stjórnskipulaginu og afnema hið óháða dómsvald, sem er eitt af einkennum okkar stjórnskipulags og annara lýðræðislanda.

Eftir að slíkur eftirlitsmaður væri kominn yfir dómsvaldið, væri hið óháða dómsvald afnumið.

Af þessu geta menn jafnframt séð, á hve miklum rökum ádeilan á landssímastjórann er reist fyrir það, að hann hefir hlýtt úrskurðum dómarans, eins og honum var skylt samkv. 55. gr. stjskr. Og ef hann hefði reynt að torvelda framkvæmd á þessum úrskurði dómarans, þá hefði hann beinlínis skapað sér refsiábyrgð samkvæmt 12. kap. hegningarlaganna. Þetta tel ég rétt, að komi hér fram, þar sem ráðizt hefir verið á landssímastjórann hér á Alþingi, þar sem hann getur ekki borið af sér árásirnar.

Ég tel jafnframt og af sömu ástæðu rétt að skýra málstað lögreglustjórans, og er þá eðlilegt, að í þessu sambandi séu athugaðar fyrri aðgerðir dómara viðvíkjandi símanum.

Andstæðingarnir hafa deilt mjög á lögreglustjóra fyrir áðurnefnda úrskurði, og þeir staðhæfa, að ekkert svipað hafi átt sér stað áður. Það er að vísu ekki dregið í efa, að lögreglustjóra sé þetta heimilt, þegar um stór afbrot og víðtæk lögreglubrot er að ræða. Enda þýðingarlaust að reyna að halda slíku fram, því að hér er um að ræða viðurkenndan rétt dómsvaldsins í öllum menningarlöndum. En það, sem deilt er um, er þá það, að við uppljóstrun í áfengismálunum hafi ekki legið fyrir nægilega alvarlegt brot til þess að grípa til þessa ráðs. Það er vitanlega dómsvaldsins og þess eins að úrskurða þetta atriði, og það er æðra dóms að ákveða það, hvert undirrétturinn hefir farið út fyrir sitt svið, en það má þó benda á það, að því er lýst yfir af hv. 8. landsk. þm. hér á Alþingi, að allur bærinn hafi vitað, að flestir þeir menn, sem áttu símanúmerin, sem hlustað var á, seldu áfengi. Það má líka benda á það í þessu sambandi, að lögreglan verður þráfaldlega að gera það, sem alvarlegra er, til þess að koma upp m. a. áfengislagabrotum; hún verður þráfaldlega að svipta menn persónulegu frelsi og hafa í gæzluvarðhaldi, hún verður þráfaldlega að rjúfa heimilisfriðinn og gera þar húsrannsóknir, og hún verður oft að rjúfa bréfhelgina. Allt þetta verið talið nauðsynlegt til að auðvelda lögreglunni að upplýsa afbrotamál, þar á meðal áfengismál, enda vitanlegt, að það er oft ómögulegt að upplýsa þessi mál, nema nota þessi meðul. — En hversu miklu alvarlegra er ekki þetta vald lögreglunnar en það vald hennar að hlusta á samtöl þeirra símanúmera, sem hún hefir rökstuddan grun um, að séu notuð til að fremja afbrot.

Viðvíkjandi rétti lögreglustjórans til þess að úrskurða, að hlustað skyldi á viss símanúmer í bifreiðastjóraverkfallinu, er því og haldið fram, að þá hafi engin lögbrot verið framin, sem gæfu heimild til þessara ráðstafana. Voru það ekki lögbrot að stöðva alla bifreiðaumferð í þessum bæ með valdi? Eru það ekki lögbrot að taka m. a. einkabifreiðar með valdi, loka þeim og taka lyklana? Eru það ekki lögbrot að taka bifreiðar konsúla erlendra ríkja, hvar sem þær voru á ferð? Voru það ekki lögbrot að taka yfirvald úr öðru lögsagnarumdæmi — ég á þar við sýslumann Skaftfellinga — og banna því að fara heim til síns embættis? Máttu lögbrjótarnir sjálfir nota vitneskju, fengna að því er virðist gegnum landssímastöðvar hér rétt við bæinn, fyrir milligöngu manna, sem þar virðast hafa legið á hleri, til þess að hefta heimför þm.?

Vitanlega voru framin mörg lögbrot og alvarleg lögbrot í bifreiðastjóraverkfallinu, einmitt svo mörg og af svo mörgum, að þjóðfélagið taldi hyggilegt, eins og líka oft hefir verið gert áður, bæði hér og annarsstaðar, að láta sakir falla niður, þegar um afbrot mjög margra manna er að ræða, framin í æsingarástandi.

Átti svo lögreglan og lögreglustjóri, sem lögbrjótarnir stöðvuðu bifreiðar fyrir, og tóku úr sumum bílunum ýmsa hluti, svo að ekki væri unnt að aka þeim, að horfa á, að þessir lögbrjótar legðu undir sig tæki þjóðfélagsins, eins og símann í Skíðaskálanum og í nánd við Elliðaárnar, og notuðu þessi tæki til þess að ráðgast um, á hvern hátt þeir ættu að framkvæma næstu lögbrot? Átti lögreglustjóri að horfa á allt þetta án þess að honum væri heimilt að kveða upp úrskurð þess efnis, að hlusta skyldi á, hvað fram færi á milli þessara manna í símanum, og hvort þeir væru að stöðva matvælaflutninga til bæjarins eða eitthvað þess háttar? Ég ætla að láta almenning um að dæma um það, hvort lögreglustjóri átti að sitja og halda að sér höndum, meðan þessu fór fram, og álíta tæki þau, sem lögbrjótarnir höfðu lagt

undir sig og misnotuðu, svo heilög, að lögreglan hefði ekki heimild til að koma þar nálægt?

En menn skyldu ætla, að þeir, sem eru svo sárlega hneykslaðir yfir því, að ég hafi ljóstrað upp um njósnarana í landhelgismálunum, og yfir lögreglunni og lögreglustjóra út af því, að hann hefir kveðið upp úrskurð um að láta hlusta á símanúmer lögbrjótanna, — menn skyldu ætla, að þeir hefðu ekki notað samskonar aðferðir sjálfir, og því síður skyldu menn ætla, að þeir hefðu sjálfir bæði viðvikjandi loftskeytunum og bæjarsímanum notað aðferðir, sem eru miklu viðtækari og miklu alvarlegri heldur en þær aðferðir, sem þeir eru nú að deila á. Það skyldi nú ekki einmitt vera svo, að árásirnar og öll tortryggnin stafaði af því, að þessir sömu menn, sem nú deila á mig fyrir að hafa ljóstrað upp um landhelgisbrjótana og deila á lögreglustjóra fyrir að hafa kveðið upp 2 framannefnda úrskurði, hefðu ekki aðeins notað samskonar aðferðir sjálfir, sem heldur ekki væri ádeiluvert, heldur beinlínis misnotað bæði vald sitt yfir loftskeytastöðinni og bæjarsímanum, þegar þeir fóru með völd, — og það skyldi ekki einmitt vera svo, að árásirnar og tortryggnin stafaði af því, að þeir ætli nú öðrum sömu misnotkunina og þeir frömdu sjálfir?

Og við skulum athuga, hvernig þessir sömu menn, sem nú deila á mig fyrir að hafa látið skoða skeyti til og frá togurunum, notuðu vald sitt yfir loftskeytastöðinni. Menn mun reka minni til þess, að árið 1921 stofnuðu íhaldsmenn hér í bænum til óeirða út af því, að þeir vildu taka með valdi unglingspilt af Ólafi Friðrikssyni, sem þá var ritstjóri Alþýðublaðsins, og átti að flytja drenginn af landi brott undir því yfirskini, að hann væri sjúkur af smitandi og jafnvel ólæknandi sjúkdómi, en það reyndist síðar rangt. Ólafur Friðriksson vildi ekki beygja sig, og út af þessu stofnaði íhaldið til mikilla æsinga hér í bænum. Og hvernig notaði Íhaldsflokkurinn þá vald sitt yfir símanum? Hann notaði það þannig, að um tíma var sett hér á stofn almenn skoðun á öllum skeytum, er send voru til útlanda og komu frá útlöndum. Og þetta var gert án dómsúrskurðar, án þess að landsímastjóra virðist hafa verið skrifað, án þess að hinn minnsti grunur lægi fyrir, hvað þá heldur rökstuddur grunur um það, að skeytin til og frá landinu væru misnotuð. Það eru til næg vitni til þess að sanna það, að þetta var gert. Skeyti sumra firma hér í bænum voru tafin heilan dag vegna þessarar skeytaskoðunar, og þegar verzlunarmenn sneru sér til stjórnarráðsins með fyrirspurnir um, hverju þetta sætti, var þeim skýrt frá af einum ráðh., að almenn skeytaskoðun væri sett á. Það eru til verzlunarmenn hér í þessum bæ, sem geta borið um, að þetta er rétt. Þannig notaði eða öllu heldur misnotaði Íhaldsflokkurinn vald sitt yfir símanum.

Það eru þessir sömu menn, sem nú eru að deila á mig fyrir það að hafa notað vald mitt til skeytaskoðunar, eftir að hafa aflað ýtarlegra sannana, og ljóstra á þann hátt upp einhverju alvarlegasta glæpamáli, sem þekkzt hefir hér á landi. En það er hinsvegar ekkert undarlegt, þótt þessir menn, sem svo herfilega hafa misnotað vald sitt yfir símanum, séu tortryggnir og ætli öðrum sömu misnotkunina og þeir framkvæmdu sjálfir. En ég vil einungis benda þeim sömu mönnum á það, að ríkisstj., sem nú situr, hefir ekki notað nema lítinn hluta af því valdi, sem formaður Sjálfstfl. vill gefa henni í hinni rökstuddu dagskrá, úrskurði fyrrverandi landssímastjóra og með eigin framkvæmdum þeirra manna, sem nú deila fastast á stj. Þeir geta sannarlega ekkert sagt, þessir menn.

Og hvernig notuðu þessir sömu menn bæjarsímann? Menn skyldu ætla, að í þeirra tíð hafi ekki verið hlustað á símtöl manna á milli. Þessir vandlætarar, sem nú eru að ráðast á lögreglustjóra fyrir að hafa kveðið upp úrskurð um, að hlusta skyldi á tiltekin símanúmer í lögbrotamáli, ættu sjálfir að vera hreinir af slíku. En lögregluþingbækur Rvíkur bera vitni um ýmislegt, sem stjórnarandstæðingar hafa ekki ætlazt til, að kæmi í dagsins ljós. Sama daginn og aðförin var gerð að Ólafi Friðrikssyni, hinn 18. nóvember 1921, kl. 12½, mætti annar af núv. ritstjórum Morgunblaðsins, þáverandi fulltrúi lögreglustjórans í Rvík, á skrifstofu bæjarfógeta. Þar var réttur settur, og þar gerði þessi fulltrúi þá kröfu, að lögreglunni væri heimilað að loka símanúmerum að húsinu nr. 14 við Suðurgötu og símanum á afgreiðslu Alþýðublaðsins. Hinn uppkveðni úrskurður er svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Ár 1921, föstudaginn 18. nóvember kl. 12½ var lögregluréttur Reykjavíkur settur í bæjarfógetaskrifstofunni og haldinn af fulltrúa bæjarfógetans, Lárusi Jóhannessyni, með undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir:

Mætti fyrir réttinum Jón Kjartansson, lögreglufulltrúi, og upplýsti, að hann teldi brýna nauðsyn bera til, ef mótstaða væri sýnd af hálfu Ólafs ritstjóra Friðrikssonar við brottflutning drengsins Nathan Friedman, að heimild væri til þess, að einangra hús það, sem hann býr í, Suðurgötu 14, frá símasambandi svo og afgreiðslu Alþýðublaðsins, sem Ólafur Friðriksson er ritstjóri að. Í húsinu Suðurgötu 14 eru símar nr. 401 og 980, en afgreiðsla Alþýðublaðsins hefir síma nr. 988. Dómarinn kvað upp svohljóðandi úrskurð:

Með því að lögreglan telur nauðsynlegt, að lokað verði símum þeim, er liggja til hússins Suðurgötu 14 og afgreiðslu Alþýðublaðsins við brottflutning drengsins Nathan Friedman úr húsinu, ef mótstaða verður sýnd, þá úrskurðast:

Lögreglan má, ef þörf þykir, láta loka símanúmerum nr. 401, 980 og 988 meðan á brottflutningi Nathan Friedman stendur.

Rétti slitið.

Lárus Jóhannesson ftr. Jón Kjartansson ftr.

Vottar: Kristján Jónasson. Guðlaugur Jónsson."

Og það var jafnframt eftir kröfu Jóhanns P. Jónssonar, sem þá var ólöglega settur aðstoðarlögreglustjóri í Rvík, kveðinn upp svolátandi úrskurður hinn 24. sama mánaðar á skrifstofu bæjarfógetans:

„Ár 1921, fimmtudaginn 24. nóv., var lögregluréttur Reykjavíkur settur í bæjarfógetaskrifstof-

unni og haldinn af bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni með undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir.

Fyrir réttinum mætti settur aðstoðarlögreglustjóri í Reykjavík, varaliðsforingi Jóhann P. Jónsson, og upplýsti að lögreglan teldi nauðsynlegt að rannsaka bækur, bréf og skjöl, sem Ólafur ritstjóri Friðriksson, sem tekinn hefir verið fastur fyrir mótþróa gegn lögreglunni og fleira, hefir haft í vörzlum sínum, og óskaði að fá réttarúrskurð fyrir því að þetta væri heimilt. Rétturinn kvað upp svo hljóðandi úrskurð:

Með því að lögreglan telur nauðsynlegt, til upplýsingar í máli, sem hún hefir með höndum út af mótþróa gegn henni o. fl., að rannsakað sé bækur, bréf og skjöl, er Ólafur ritstjóri Friðriksson hefir haft með höndum, en hann er tekinn fastur í nefndu máli, þá **úrskurðast:**

Rannsaka má lögreglan bækur, skjöl og bréf, sem Ólafur ritstjóri Friðriksson hér í bænum hefir haft í vörzlum sínum, hvar sem það finnst.

Úrskurðurinn var lesinn upp í réttinum.

Rétti slitið.

Jóh. Jóhannesson. Jóh. P. Jónsson.

Vottar: F. Árnadóttir. St. Jóh. Stefánsson.

Af þessum 2 úrskurðum og af mörgum öðrum gögnum, sem sjálfsagt er að finna í lögregluþingbókum, þótt þau hafi enn ekki komið fram, geta menn séð spegilmyndina af því hvernig núv. stjórnarandstæðingar notuðu vald sitt yfir símanum og hvernig þeir notuðu vald sitt yfir einkabréfum, einkaskjölum og bókum, þegar þeim bauð svo við að horfa.

Það er vitað mál, og fór alls ekki leynt, að á sama tíma og þessi aðför var gerð að Ólafi Friðrikssyni voru tiltekin símanúmer jafnaðarmanna hlustuð **án úrskurðar.** Fjölmörgum, sem með valdi voru úrskurðaðir í „hvítaliðið", er það fullkunnugt, og þeir muna það vel, að ekki fór leynt í hernum, hvað talað var í þessi númer. Slík var nú samvizkusemin og þagmælskan. Hvað segja menn svo um árás Morgunblaðsins og Jóns Kjartanssonar á núv. lögreglustjóra fyrir að hafa í lögreglumálum úrskurðað, að hlusta skyldi á tiltekin númer? Og það var þannig gert, að enginn leyfir sér að halda því fram, að almenningi hafi verið skýrt frá því, hvað talað hafi verið í þessi símanúmer. Hafa sjálfstæðismenn og Morgunblaðið gert sér það ljóst, hvaða fordæmi þeir gáfu, þegar þeir 1921 **án dómsúrskurðar** hlustuðu á símtöl sinna pólitísku andstæðinga eftir geðþótta, og hefir núv. ritstjóri Morgunblaðsins, Jón Kjartansson, athugað, hvaða fordæmi hann hefir gefið, þegar hann mætti 1921 á skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík og gerði þá kröfu og fékk um það úrskurð bæjarfógeta, að símanúmerinu hjá Alþýðublaðinu, málgagni aðalandstöðuflokks íhaldsmanna hér í bænum, skyldi lokað?

Hafa andstæðingarnir nú loksins gert sér það ljóst, hvaða fordæmi þeir gáfu, þegar þeir sama ár án dómsúrskurðar og án rökstuddra grunsemda settu á almenna skeytaskoðun í landinu? Ef þeir hafa gert sér það ljóst, til hvers þessi fordæmi þeirra gætu leitt, ef þau væru notuð, þá get ég skilið og þá býst ég við, að mönnum skiljist það almennt, af hverju stafar öll þessi tortryggni, allur þessi taugaæsingur og öll þessi hræðsla andstæðinganna við að hér sé búið að setja upp samskonar njósnakerfi og þeir starfræktu árið 1921.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég skal ekki vera langorður, en ég finn mig knúðan til þess að segja nokkur orð út af ræðu hæstv. forsrh., sem mér fannst alleinkennileg. Hann sagði, hæstv. ráðh., að brotið hefði verið upp á þessu máli, þeim umræðum, sem orðið hafa út af hlustun þeirri, sem átt hefir sér stað í bæjarsímann undanfarnar vikur, af mönnum þeim, sem brotlegir hefðu gerzt um skeytasendingar til innlendra og útlendra togara nú að undanförnu. Þetta er hrein fjarstæða. Slíkur málflutningur sem þessi er óþolandi og ekki samboðinn manni, sem gera verður þá kröfu til, að sé a. m. k. siðaður maður. Þær umr., sem hér hafa farið fram, eru í sambandi við það, sem ég vakti fyrstur máls á hér í d. síðastl. þriðjudag, að bæjarmenn myndu vera á einu máli um það, að tryggja bæri betur en gert hefir verið betri og öruggari umgang um símastöðina hér og í Hafnarfirði. Í sambandi við þessar umr. hefir það komið fram, ýmsum á óvart, að það er ekki í fyrsta skipti, að hlustað hafi verið á símtöl manna frá miðstöð bæjarsímans nú í þetta skipti, heldur hafi það átt sér stað áður. Þá gat hæstv. ráðh. þess, alveg án tilefnis frá mér, að hann hefði einu sinni áður fyrirskipað skeytaskoðun án úrskurðar. Hann hafi einu sinni rofið friðhelgi símans sem dómsmrh. Með þessu hefir ráðh. því viðurkennt, að hann hafi þó einu sinni gefið fordæmi um, að stjórnarvöldin gætu komið á eftirliti með notkun manna á þessum tækjum. Að þessu leyti er því hér um annað mál að ræða en ráðh. vildi vera láta. Með þessu hefir hann viljað leggja áherzlu á, að skeytaskoðunin væri allt annars eðliş en að læðast aftan að mönnum og hlusta í talsíma þeirra. Hvað hlustunina snertir, þá þykir mér undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli neita að gefa upp þau númer, sem hlustað hefir verið í. Það er og furðulegt, vegna þess að þessi ráðstöfun hefir þegar komið að fullum notum, þar sem búið er að framkvæma hana, og eins og hv. þm. V.-Sk. tók fram, þá eru þessir hlutir hér eftir eins og hver önnur skjöl í sögu þessa máls. Að endingu skal ég taka það fram, að mér þykir vænt um, að ekki skuli eiga að hætta við þetta mál við svo búið, heldur halda því áfram, eins og hv. þm. G.-K. hefir lýst yfir.

Thor Thors: Ég verð að viðurkenna, að ræða sú, sem hæstv. forsrh. flutti áðan, er einhver sú skemmtilegasta, sem flutt hefir verið hér í d. Hún brá svo skýru ljósi yfir eiginleika hans og gáfnafar í heild.

Mér þykir leitt, að ráðh. skuli vera flúinn úr d., því að ég vildi upplýsa hann um, hvað hér væri verið að ræða um í raun og veru, því að það virðist algerlega hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá honum. Eins og kunnugt er, þá leggur allshn. til, að frv. það, sem hér á að vera til umr., verði samþ. En við hv. 8. landsk. tökum það fram, eins og segir í nál., að við litum svo á, að sömu ráðstafanir og í frv. felast hefði verið hægt að gera með reglugerð, byggðri á lögum nr.

82 14. nóv. 1917. Af því nú að hæstv. ráðh. virðist ekki skilja, á hvaða lagabókstaf þessi ummæli okkar séu byggð, þá vil ég vísa honum á, hvar lagaákvæði um þetta er að finna. Það er þá fyrst, að í lögum nr. 82 frá 1917, 3. gr., segir svo: „Þráðlausar firðviðskiptastöðvar á íslenzkum skipum, hvort heldur er innan eða utan íslenzkrar landhelgi, og ekki eru eign landssjóðs, má aðeins setja á stofn og starfrækja að áður fengnu leyfi ráðuneytisins."

Og í 4. gr. sömu laga segir svo:

„Innan íslenzkrar landhelgi og á Íslandi má aðeins að fengnu leyfi ráðuneytisins og með þeim skilyrðum, sem leyfið ákveður, setja upp og nota stöðvar eða annan útbúnað til þráðlausra firðviðskipta."

Í reglugerð frá 17. maí 1918, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, er svo ákveðið í 2. gr.:

„Enginn má setja upp eða reka loftskeytastöð á Íslandi eða innan íslenzkrar landhelgi eða á skipum, sem skrásett eru á Íslandi, nema að þar til fengnu leyfi ráðuneytisins, er gefur út leyfisbréf fyrir stöðina. Leyfisbréf þetta eða staðfest afrit af því skal ávallt geymt á þeirri stöð, sem það er gefið út fyrir. Sé skilyrðum þeim, er leyfisbréfið tiltekur, ekki fullnægt, má afturkalla leyfið og taka áhöld stöðvarinnar niður."

Þarna er beinlínis tekið upp ákvæði úr lögunum. Þá segir og í 19. gr. þessarar reglugerðar:

„Ráðuneytið getur bannað öll loftskeytaviðskipti innan íslenzkrar landhelgi, bæði frá íslenzkum og erlendum skipum, og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja, til þess að bannið verði hlýtt.

Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, látið stöðva þau skeyti, sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins."

Hvað sýna nú þessi lagafyrirmæli og þessi reglugerðarákvæði, sem ég hefi lesið? Þau sýna það fyrst og fremst, að ráðh. hefir alla tíð getað sett skilyrði fyrir því, hvort starfrækja mætti loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum, og ef hann hefði haft grun um, að slíkar stöðvar væru misnotaðar, þá gat hann bannað þær. Þessi löggjöf sýnir það þannig skýrt og ákveðið, að sá réttur, sem stj. hyggst að ná með frv. þessu, hefir verið í höndum hennar alla tíð frá því, er hún tók við völdum. Vegna hins sífellda ruglings hæstv. ráðh. á þessum hlutum, þá vil ég upplýsa hann um það, að hér er aðeins átt við loftskeyti. Það er því alveg út í hött hjá honum, þegar hann fer að halda því fram, að þetta nái einnig til skeyta almennt. Út af þessu vil ég því spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé satt, sem fullyrt hefir verið, að stj. hafi látið skoða almenn verzlunarskeyti og haft sérstakan snuðrara til þess. Ég skora á hæstv. ráðh. að svara þessu. Eins fráleitt og það er, að stj. hafi heimild til þess að láta skoða almenn verzlunarskeyti, eins fráleitt er það, að hún hafi rétt til þess að láta hlera á símtöl manna.

Þá sagði hæstv. ráðh., að frv. þetta væri svipað frv. því, sem lagt var fyrir þingið 1928 og nefnt hefir verið ömmufrumvarpið. Þessi skoðun hefir komið fram í blöðum Framsfl. og sömuleiðis verið haldið allmjög á lofti af lærifeður hæstv. forsrh., þm. S.-Þ. En sannleikurinn er sá, að frv. þetta er mjög óskylt, því að ömmufrv. frá 1928 beindist eingöngu gegn íslenzkum veiðiskipum, og ákvæðum þess var ekki ætlað að ná til skeytasendinga til erlendra skipa. Það skipti engu máli að dómi þeirra manna, sem það frv. fluttu, þó að allskonar skeytasendingar færu fram á milli erlendra togara og lands. Og skal ég þessu til sönnunar lesa upp nokkur atriði úr þessu frv. 2. gr. frv. hljóðar svo:

„Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfélags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hér við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hér við land eða milli íslenzkra veiðiskipa innbyrðis."

Hér er eingöngu átt við íslenzka menn. Þá segir svo í 3. gr.:

„Hver loftskeytastöð á Íslandi og hvert íslenzkt veiðiskip, sem hefir loftskeytatæki, skulu hafa frá dómsmálaráðuneytinu sérstök eyðublöð til skeytasendinga vegna veiðiskipa."

Og ennfremur segir svo:

„Hvert loftskeyti, til eða frá íslenzkum veiðiskipum, skal frumritað á slíkt eyðublað."

Þá segir svo í 5. gr.:

„Nú sannast, eða leikur mjög sterkur grunur á, að útgerðarmaður hér á landi eða skipstjóri á veiðiskipi hafi misnotað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja eða dylja landhelgisbrot o. s. frv."

Hér er eingöngu átt við útgerðarmenn hér á landi og íslenzka skipstjóra, hvergi minnzt á erlenda skipstjóra. Grg. frv. segir og alveg hið sama. Hún byrjar svo:

„Frá því íslenzk botnvörpuskip tóku að stunda veiðar hér við land, hefir það verið alkunnugt, að sum þeirra hafa veitt mikið í landhelgi. Og eftir að loftskeytastöðvar voru reistar og botnvörpungar fengu loftskeytatæki, hefir sterkur grunur leikið á því, að einstök útgerðarfyrirtæki stjórnuðu landhelgisbrotum úr landi."

Svo er róginum haldið áfram um fjöldamörg ár í blöðum Framsfl. og alltaf eingöngu talað um íslenzka menn. Ég vil því vekja athygli á því, að þó að frv. þetta hefði náð fram að ganga, þá hefðu njósnir fyrir erlend veiðiskip ekki fallið undir ákvæði þess.

Það liggur nú beint við að spyrja, hvers vegna hv. þm. S.-Þ. hafi ekki, á meðan hann var ráðh., sett ákveðin skilyrði fyrir því, að skip mættu nota loftskeytastöðvar, og hvers vegna hann hafi ekki látið stöðva skeyti, sem honum þóttu grunsamleg. Svarið liggur beint við. Hann gerði það ekki, af því að hann vildi alltaf geta notað þetta í pólitískum tilgangi og haft þessi mál til þess að reyna að svívirða andstæðinga sína með.

Eitt var það í ræðu hæstv. forsrh., að hann sagði, að rignt hefði niður grunsamlegum skeytum. En því notaði hann þá ekki þann rétt, sem hann hefir jafnan haft til þess að stöðva slík skeyti?

Afstaða okkar sjálfstæðismanna er hrein í þessu máli. Við höfum bent ráðh. á þann rétt, sem hann hefir haft í þessu máli alla tíð frá því, að hann tók við völdum. Að við erum með þessu

frv. nú, er sakir þess, að við treystum honum ekki til þess að nota þennan rétt, nema hann fái ákveðna nýja áminningu um það frá Alþingi. Ég mun alls ekki undir þessum umr. fara að svara öllum þeim firrum, sem ráðh. leyfði sér að fara með í ræðu sinni áðan. Það bíður síns tíma. Enda lít ég svo á, að misbeiting stjórnarvaldanna með notkun símans eigi ekkert skylt við mál það, sem hér á að vera til umr. nú.

*Ólafur Thors: Ég get nú ekki annað en látið í ljós þakklæti mitt til hæstv. dómsmrh. fyrir þessa ræðu, sem hann flutti áðan, því að hann er ekki vanur að vera neitt sérstaklega fyndinn, en núna var hann þó öllum til ánægju, nema kannske þeim, sem er sérstaklega vel til hans. Ræðan var nú vitanlega alveg fyrir utan efnið, eins og ræður þessa hæstv. ráðh. eru nær æfinlega, og ekki til neins sóma fyrir hann. — Það er nú ágætt að vita það, að ef mann langar í whisky, þá er ekki annað en að biðja um bíl nr. 3 með stóru teppi. Mann fer bara að þyrsta, þegar maður heyrir þetta. En það er ekki beint hægt að segja, að þetta sé virðuleg framkoma hjá hæstv. ráðh.

Annars vil ég benda á það, að það er svona í samræmi við aðra röksemdafærslu hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann í fyrri hluta ræðu sinnar lagði áherzlu á að sanna, að hann væri sjálfur sýkn saka, þó að hann væri búinn að slá því föstu, að aldrei mætti rannsaka skeyti né hlusta á símtöl, nema með dómsúrskurði, og þó hann sjálfur hafi brotið þetta, af því að hv. þm. Vestm. *og ég hefðum 1928 talið, að í lögum væri heimild til þess að rannsaka loftskeyti.* Ég gat því ekki betur séð, að svo miklu leyti, sem hægt var að taka þessa ræðu hæstv. ráðh. alvarlega, en að hann talaði í sama dúr og eðlilegt væri, að t. d. hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. töluðu, þ. e. a. s. út frá þeim málstað, sem Sjálfstfl. hefir haldið fram í sambandi við þetta nýja „ömmufrv.“, nfl. að ekki væri nauðsynlegt að setja þessi lög. Öll hans ræða hné að þessu, að rökstyðja það, að það þyrfti engin lög að setja, og það er sjálfsagt út frá því, sem hann sem ráðh. hefir haft leyfi til þess að brjóta þessa sjálfsögðu grundvallarreglu um dómsúrskurði, þegar hann neyddi símamálastjóra til þess að skoða skeyti án dómsúrskurðar. En endirinn á ræðu hæstv. ráðh., eftir að hann er búinn að rökstyðja þetta svona prýðilega, er svo bara sá, að af þessu sé alveg sjálfsagt að setja þessi lög. — Ég veit nú satt að segja ekki, hvort þetta á að takast í gamni eða alvöru, en ég get vel trúað því, að ræðan verði, þegar hún kemur í Tímann — því þangað á hún vitanlega að fara — ágætt fóður handa þeim, sem eiga að fá þar pólitíska næringu. En fyrir þingið verður þetta að skoðast sem grínræða og ekkert annað.

Viðvíkjandi öllum þeim lögbrotum, sem hæstv. ráðh. taldi upp, að framin hefðu verið í bílstjóraverkfallinu í vetur, ætla ég bara að segja það, að hann fær tækifæri til þess síðar, þegar hann hefir látið af ráðh.embættinu og tekið við sínu fyrra embætti, lögreglustjóraembættinu, að sýna, hvernig hann tekur á slíkum lögbrotum. Það voru stöðvaðir bílar, segir hann, og erlendir konsúlar reknir út úr bílum sínum, teknir af þeim lyklarnir og bílunum lokað, og hv. þm. V.-Sk. var tekinn fastur á leiðinni heim til sín og sendur aftur til Reykjavíkur sem ómagi. Voru þetta ekki allt saman lögbrot? segir hæstv. ráðh. Ég ætla nú, að það geti komið sér vel að rifja þetta upp fyrir hæstv. ráðh., þegar hann síðar er orðinn lögreglustjóri.

Þá var það líka ágætt skemmtiskráratriði hjá hæstv. ráðh., þegar hann var að hamast út af því, hvað sjálfstæðismenn vildu vera að belgja sig upp í þessu máli; þeir hefðu nú svo sem annað eins á samvizkunni, þar sem þeir 1921 hefðu framið miklu verri og glæpsamlegri afbrot. Ég verð nú að segja það, að ég vissi ekki allt, sem gerðist 1921. Ég var þá með í „hvítaliðinu“ að fremja þennan ægilega glæp. Hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þessa leið: — Það var einhver hin eftirminnilegasta og svívirðilegasta árás, sem gerð hefir verið á nokkurn mann hér í þessum bæ. — Ég man nú ekki betur en að við hæstv. ráðh. séum þá samsekir um þessa svívirðilegu árás. Ég fór í liðið ótilneyddur, en það getur verið, að hæstv. ráðh. hafi verið svo hræddur, að hann hafi ekki þorað annað. Þá var það, sem ég rak mig fyrst á þennan pilt, sem nú er orðinn dómsmrh.; og ég man, að mér þótti hann allvígamannlegur með sína byssu.

Svo ætlaði nú hæstv. ráðh. að lofa okkur að heyra, hvað sjálfstæðismenn hefðu gert 1921, og hann tók upp gamlan doðrant og fór að blaða í honum. Eitthvað hlýtur maðurinn að hafa fyrir sér, hugsaði ég, því að hann lét eins hermannlega með doðrantinn eins og byssuna 1921, og hélt ég, að nú kæmi einhver ógurleg bomba. En viti menn, þessi ógurlegi glæpur og röskun á friðhelgi borgaranna var þá bara sá, að lokað hafði verið 3 símanúmerum, og svo skildist mér, að eftir að búið var að loka þeim, þá hafi verið setið dag og nótt og hlustað á, hvað sagt var í þennan lokaða síma. — Ég verð nú að viðurkenna, að ég hafði ákaflega mikla ánægju af hæstv. ráðh. Það liggur við, að hann sé eins skemmtilegur og Bjarni Björnsson, sem er einhver okkar fyndnasti maður. En svona málfærsla og svona framkoma hjá einum ráðh. getur bara ekki gengið. Og það er ekki hægt að svara hæstv. ráðh. öðruvísi en í gríni, því það er ekki lengur hægt að rökræða við hann.

En ég vil segja hæstv. ráðh. það, að það, sem ég hefi við hann að tala í þessu máli, mun ég eða minir flokksmenn gera, þegar sú till. kemur til umr., sem ég hefi áður getið um. Og í öðru lagi vil ég vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það er háll málstaður fyrir hann, þegar hvað eftir annað hefir verið skorað á hann að leggja fram afrit af þeim úrskurðum, sem lögreglustjóri hefir kveðið upp um að njósna símanúmer manna, sem ekki einu sinni hafa verið leiddar líkur að, að grunur hvíldi á um afbrot, að svara því með því að lesa upp einhvern úrskurð frá 1921, þar sem að vísu er talað um símanúmer, en að þeim símanúmerum hafi bara verið lokað. Hæstv. ráðh. þykist hafa verið tilneyddur til þess að lesa upp þennan úrskurð. En með hvaða rökum ætlar hann þá að færast undan því að lesa þann úrskurð, sem felldur var í sambandi við

njósnirnar um áramótin, og gefa skýrslu um það, hvaða númer það voru, sem þá voru tekin fyrir? Ég fyrir mitt leyti skoða engan rétt heilagari en þann, að mega tala um min einkamál í skjóli þeirrar friðhelgi, sem hið opinbera hefir tryggt mér með fyrirmælum um öryggi símans, og ég vil miklu síður, að þeim rétti sé stolið af mér heldur en öllum mínum fjármunum. Og ég vil beina þeirri kröfu til hæstv. ráðh., að úr því að hann tók á sig þá rögg að lesa upp væntanlega Tíma-grein, þá botni hann söguna með því að láta sér skiljast, að fólkið er ekki að biðja um þau símanúmer, sem lokað var 1921, heldur að fá að vita, hvaða númer það voru, sem njósnuð voru í bílstjóraverkfallinu og jafnvel líka nú í sambandi við þessa óleyfilegu vínsölu. Ég fullvissa hæstv. ráðh. um það, að allur þorri borgaranna krefst þess að fá vitneskju um þetta, og ég hygg, að enginn þeirra, sem orðið hefir fyrir þessu innbroti ríkisvaldsins — því ríkisvaldið er það, sem stendur á bak við þetta allt —, kærir sig um, að þessu sé haldið leyndu, því að það er ekkert fyrir þá að skammast sín fyrir, þó að móðursjúk ríkisstj. gruni þá um einhver afbrot. En ég skil það vel, að hæstv. ríkisstj. blygðist sín fyrir að láta uppskátt um þessi númer, en það verður haldið áfram að krefjast þess, að þau verði birt.

Að öðru leyti, eftir því, sem málefnið sjálft gefur tilefni til, mun ég ræða þetta mál, þegar þál. okkar sjálfstæðismanna kemur fram. En ég ítreka það, að hæstv. ráðh. verður að gera sér það ljóst, að á þessu stigi málsins er ekki hægt að svara honum öðruvísi en út í hött og með grini.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Ég bjóst við því, að hv. þm. mundu svara ræðu minni á þann hátt, sem þeir hafa nú gert, þ. e. a. s. á þann hátt að svara engu. — Það, að hlustað var í símann af þeim sjálfum 1921, og sennilega miklu oftar, án dómsúrskurðar, segja þeir, að komi málinu ekkert við. Þeim sömu mönnum, sem nú dæma lögreglustjóra fyrir það að hafa kveðið upp úrskurð um að hlusta í tiltekin númer, finnst það ekki koma neitt málinu við, þó að þeir sjálfir hafi látið hlusta á andstæðinga sína í Ólafs Friðrikssonar málinu 1921. Og svo reynir hv. þm. G.-K. að snúa þessu öllu saman upp í létt gaman og grín, og það er heldur ekki nýtt, að hann spili slíka grínfígúru, sem hann hefir alltaf spilað meira að segja frá því, að hann var í skóla. Ég get þess vegna tekið þetta gaman hans eins og yfirleitt þetta venjulega hjal, sem hann er vanur að grípa til, þegar hann er algerlega kominn í rökþrot. — Þegar ég t. d. skýri frá því, að það séu óteljandi vitni að því, að það hafi 1921 verið hlustað á tiltekin númer án úrskurðar, þá svarar hv. þm. G.-K. því, að það muni hafa verið hlustað eftir að búið var að loka símanum, af því að 3 símanúmerum var lokað, þar á meðal hjá Alþýðublaðinu. Hvað ætli nú væri sagt, ef tekið væri upp á því að loka símanum hjá Morgunblaðinu, ef það hvetti til óeirða, eins og í bílstjóraverkfallinu í vetur? Hvað mundi þá syngja í andstæðingunum? — Nei, það er þýðingarlaust að reyna að snúa þessu upp í nokkurt grín. Það var ekkert grín, þegar sett var á almenn skeytaskoðun 1921 og hlustað var á símtöl borgaranna.

Þessir menn geta því sannarlega ekkert sagt viðvíkjandi lögreglustjóranum í Reykjavík, og það er þýðingarlaust fyrir þá að reyna að dæma ríkisstj. fyrir úrskurði og dóma, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefir kveðið upp. Nákvæmlega með sama rétti mætti dæma ríkisstj. fyrir úrskurði og dóma, sem sýslumaðurinn á Blönduósi, hv. þm. Ak., kann að hafa kveðið upp, eða hv. 1. þm. Skagf. Þetta er því algerlega út í hött.

Hv. þm. G.-K. sagði m. a., að við hefðum verið saman í „hvítaliðinu“ 1921. Ég get nú sagt þá sögu eins og hún var, að þegar ég var boðaður, kom ég einu sinni eða tvisvar, en neitaði svo að koma aftur, af því að mér fannst þetta svo hlægileg samkoma. Mér fannst satt að segja nóg um vitleysuna, þegar farið var að halda ræður yfir manni í Goodtemplarahúsinu um það, hvað maður ætti að borða til þess að vera vel undir það búinn að lenda í bardaga. Og þegar settir voru verðir til þess að stöðva friðsama borgara á götum bæjarins, þá fannst mér brjálæðið gengið svo langt, að ég neitaði algerlega að taka þátt í þessari vitleysu. Brjálæðið var sem sé gengið svo langt, að þessum mönnum fannst ekkert við það að athuga, þó að hlustað væri á símtöl manna hér í bæ og almenn skeytaskoðun sett á. Og svo rísa þessir sömu menn hér upp, sem stóðu fyrir þessum ósóma 1921, með vandlætingu gagnvart lögreglustjóra fyrir að hafa kveðið upp þessa úrskurði. Þeir gætu alveg eins ráðizt á hann fyrir einhverja húsleitarúrskurði, sem hann hefir kveðið upp.

Það eina, sem ríkisstj. þarf að svara fyrir í sambandi við þetta mál, — og það hefi ég gert —, er sú árás, sem hv. 5. þm. Reykv. beindi gegn mér fyrir að hafa látið skoða skeyti í togaranjósnamálinu. Hv. þm. sagði, að með því hefði ég gefið fordæmi, sem samsvaraði því að láta hlusta á samtöl manna hér í bænum. En ég hefi sýnt fram á það með gildum rökum, að ég hafði fulla ástæðu til að gera þetta.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. Snæf. minntist á. Hann reyndi nú að svara — þó það væri með óþarflega miklum þjósti — með dálitlum rökum því, sem ég hafði haldið fram viðvíkjandi heimild minni til þess að skoða skeytin. Hann vildi álíta, að samkv. þeim heimildum, sem fyrir liggja, hefði mátt gefa út reglugerð um það að láta skoða loftskeyti til og frá togurum. Það hefir nú verið talað mikið um þessa heimild, en ég hefi ekki talið mér heimilt að nota hana, nema með því að færð væru veruleg gögn til sönnunar því, að skeytin væru misnotuð. Og það er sá stóri munur að þurfa að afla þessara sönnunargagna fyrst og hefja frumrannsókn áður en skeytin eru skoðuð, í staðinn fyrir að hægt væri að fyrirbyggja þessi brot. Og ég vil spyrja: Ef nægjanleg heimild er til þess að skoða loftskeyti togaranna, — hvers vegna greiða þá hv. stjórnarandstæðingar atkv. með frv. því, sem nú er komið fram um þetta efni? Er það ekki vegna þess, að gamla heimildin er svo veik, að þeir þora ekki lengur að standa á móti því, að þessi lög séu samþ.? Þannig hafa þeir með sinni eigin atkvgr.

lýst því yfir, að þeir séu nú á annari skoðun í þessu máli heldur en þeir hafa verið, því ef heimildin væri nægileg, — hvers vegna væru þeir þá að samþykkja þessi nýju lög?

Það er deilt á fyrrv. dómsmrh. fyrir það að hafa ekki notað þessa heimild. En þá má spyrja: Hvers vegna gleymdi hv. þm. G.-K. því, þegar hann var dómsmrh., að hann hafði þessa heimild? Hvernig stóð á því, að hann gleymdi þessari heimild, sem hann hafði haldið svo fast fram hér á Alþingi, að hver dómsmrh. hefði? Og hvernig stóð á því, að hv. 1. þm. Skagf. gleymdi henni í þau tvö ár, sem hann var dómsmrh.? Þeir gleymdu sem sagt að nota aðra heimild heldur en þá, sem felst í þeirri reglugerð, sem ég las upp. Þeir gleymdu ekki að setja á almenna skeytaskoðun til útlanda, þegar Ólafs Friðriksssonar málið var á döfinni. Þeir gleymdu engu nema því að skoða einmitt þessi skeyti, sem þurfti að skoða, þ. e. a. s. togaraskeytin. Það er bezt að spyrja þessa herra að því, hvers vegna þessi gleymska hafi átt sér stað, sem sannarlega er ekki afsakanleg hjá þeim mönnum, sem hafa haldið því fram, að þessi heimild væri fullnægjandi. Og svo koma þessir herrar og þykjast vera að deila á mig fyrir það að afla sönnunargagna til að upplýsa lögbrot.

Það er einmitt rétt að ræða þetta mál í sambandi við lögin, sem nú eru til umr., um heimild til þess að skoða loftskeyti togaranna, en það er einmitt það, sem hv. stjórnarandstæðingum er verst við. Öll þessi ólæti eru meðal annars sprottin af því, að nú er síðasta umr. um þetta mál, og þeir sjá fram á, að það verður samþ., og einnig af þeirri tortryggni, sem ríkir hjá þessum mönnum vegna misnotkunarinnar á símanum 1921.

Úrskurðir lögreglustjórans í Reykjavík ganga vitanlega til hæstaréttar, og þar verður dæmt um þá, en það er ekki Alþingis að dæma um það, hvort þeir eru réttir. Og þess vegna eru allar þessar ádeilur, eins og ég hefi margtekið fram, gersamlega út í hött.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

*__Jakob Möller:__ Það liggur við, að ég geti fellt niður umr. um þetta mál, sérstaklega ef hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur.

Síðan ég kvaddi mér hljóðs, hefir það komið fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefir sent út gegnum útvarpið opinbera tilkynningu um afstöðu sína til símamálsins, eða m. ö. o. þess, að það hefir komið upp, eins og hv. þdm. er í fersku minni, að leynd talsmans hefir tvisvar verið rofin hér í bænum á 3—4 mánaða tíma, sem sennilega er einsdæmi, líklega þó nokkuð víða væri leitað.

Ég skal nú ekki gera þessa opinberu tilkynningu hæstv. ríkisstj. að umtalsefni hvað þetta snertir. En stj. hefir í sambandi við þetta talsímamál notað tækifærið til þess að gefa út tilkynningu um afstöðu sína til togaraskeytamálsins eða dulskeytamálsins, þó að það mál komi hinu málinu, um talsímahleranirnar, ekki nokkurn skapaðan hlut við. Því að ég veit ekki til þess, að hæstv. ríkisstj. sæti nokkrum ádeilum fyrir það, þó að hún að gefnu tilefni — nefnilega njósnarstarfsemi í sambandi við landhelgisveiðar og brot á löggjöf í því sambandi — ryfi leynd loftskeyta, þannig að hún léti rannsaka skeyti, sem fara eiga á milli togara og lands og á milli togara innbyrðis á hafinu. Hæstv. ríkisstj. hefir engum ámælum sætt fyrir þetta, af þeirri einföldu ástæðu, að stjórnarandstæðingar, sjálfstæðismenn, hafa haldið því fram, að ríkisstj. væri þetta fullkomlega heimilt. Hinsvegar er það að vísu satt, að því hefir verið haldið fram í blöðum stjórnarflokkanna, að stj. hafi ekki haft samkv. þessum l. heimild til slíkra ráðstafana, og því hefir líka verið haldið fram í þeim sömu blöðum, að sú rannsókn, sem stj. hefir látið fram fara um þetta, hafi verið framkvæmd eftir úrskurði lögregluvaldsins. Þetta hefir mörgum sinnum verið staðhæft í blöðum stj., og þess vegna kemur það dálítið undarlega fyrir, þegar nú í sambandi við umr. um símamálið og mér skilst líka í þessari opinberu tilkynningu því er haldið fram, að viðkomandi ráðh. hafi talið sér fullkomlega heimilt að framkvæma þessa rannsókn alveg án úrskurðar, enda hefir hún verið framkvæmd án úrskurðar. M. ö. o., ráðh. hefir með þessu lýst því yfir, að hann sé um þetta alveg á sömu skoðun og sjálfstæðismenn, að til þessarar rannsóknar hafi verið fullkomin heimild í gildandi l. Þannig er þá fengin viðurkenning fyrir því, að sú lagasetning, sem hér er á ferðinni og hæstv. stj. hefir gefið út sem bráðabirgðalög nú fyrir skömmu, sé a. m. k. að mestu óþörf, og ég vil jafnvel segja gersamlega óþörf, því að sú viðbára, sem stj. hefir haft um það, eða hefir nú um það, að nauðsynlegt hafi verið að setja ákveðnari reglur um þetta en felast í l. frá 1917 og reglugerðinni frá 1918, er einskis virði, vegna þess að það er auðsætt, að stj. gæti breytt reglugerðinni frá 1918 og sett svo nákvæmar reglur sem henni sýndist um það, hvernig þetta eftirlit yrði framkvæmt.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu í dag, að heimildin í l. frá 1917 og reglugerðinni frá 1918 væri svo viðtæk, að manni skildist, að honum hefði óað við því að nota hana, því að menn gætu jafnvel leiðzt út í gönur, ef framkvæma ætti rannsókn samkv. þeirri heimild. En ef hann óttast það, þá hefði hann þar getað sniðið sér þrengri stakk með nýrri reglugerð. Hitt var alveg óþarft, að gefa út þessi bráðabirgðalög. Það er því sýnt, að það hefir ekki verið neitt nema marklaust skvaldur, sem stjórnarflokkarnir hafa alltaf verið að tala um, að sjálfstæðismenn hafi beitt sér á móti því á undanförnum árum, að fullnægjandi löggjöf yrði um þetta sett, því að það er viðurkennt, að fyrrverandi löggjöf var fullnægjandi. Og þar er því við að bæta, sem hv. þm. Snæf. benti á fyrr við þessa umr., að sú löggjöf, sem stjórnarflokkarnir hafa viljað

koma fram hér á þingi, hefði verið gersamlega ófullnægjandi til þess að ná þeim tilgangi, sem nú hefir verið náð samkv. gömlu l. Ef þessi löggjöf, sem framsóknarmenn börðust fyrir alla tíð síðan 1928, hefði verið sett, þá hefði það orðið til þess að koma í veg fyrir, að því eftirliti hefði verið komið á, sem nú hefir verið komið á samkv. gömlu l. Hún hefði sem sé þrengt þá heimild, sem hæstv. forsrh. kvartaði undan, hvað væri víðtæk, svo að ekki væri hægt að framkvæma eftirlit með skeytum til togara.

Þó að þetta mál sé óviðkomandi símanum, þá get ég ekki annað en fagnað því, að hæstv. stj. hefir gefið út þessa tilkynningu og tekið þar einmitt upp þennan kafla um togaranjósnarmálið, því að með því er svo fullkomlega staðfest sem hægt er að óska, að við sjálfstæðismenn höfum haft fullkomlega á réttu að standa hvað þetta snertir. Það er viðurkennt af hæstv. stj., svo að þar verður engu um þokað. En þar af leiðir það, að því fer fjarri, að stj. eigi nokkrar þakkir skilið fyrir þá röggsemi, sem látið er svo mikið af, að hún hafi sýnt í þessu máli, því að það er vitað, að tilefnið til að hefja rannsókn í þessu máli gafst 10 mánuðum fyrr en rannsóknin var hafin. Það var sem sé eftir að dulskeytin fundust í enskum togara, sem strandaði fyrir meira en ári síðan. Og það er vitað, að dulmálslykill, sem fannst þar, gaf tilefni til rannsóknar. Og í stað þess að hefja hana í marz 1934, þá dregur hæstv. stj. rannsóknina alveg þangað til um eða eftir áramót, svo að öll sú þökk, sem krafizt er til handa hæstv. stj. fyrir röggsemi í þessari rannsókn, snýst að mínu viti upp í vanþökk fyrir framkvæmdaleysi.

Það er svo ekki ástæða til að ræða þetta mál frekar, af því að mér virðist, að því sé alveg slegið föstu, að þessi löggjöf hafi í rauninni verið óþörf. Hinsvegar föllumst við sjálfstæðismenn á, að það geti heldur engan skaða gert, þó að hún sé sett, eins og nú er frá henni gengið.

Ég skal ekki nú blanda símamálinu á nokkurn hátt inn í þessar umr. Það mál verður rætt nánar næstu daga og því óþarfi að fara út í það nú.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér skildist, að hv. 3. þm. Reykv. væri að finna að því, að stj. hefði gefið út tilkynningu í útvarpið og tekið þar sérstaklega fram, að fyrirspurnin um hlustun í síma hefði komið fram undir 3. umr. þessa máls, og að stj. hefði blandað þessum tveimur málum saman, þ. e. a. s. dregið þetta mál inn í fyrirspurnina og aðfinnslur þær, sem fram hafa komið út af símamálinu. Það er þó vitað mál, að fyrirspurnin um þá hlustun, sem lögreglustjóri hefir látið gera eftir úrskurði. kom einmitt fram undir 3. umr. þessa máls, eins og tekið var fram í tilkynningunni.

Það dylst sennilega ekki mörgum, a. m. k. kom það greinilega fram hjá hv. 5. þm. Reykv., sem spurði um þetta, að þessi tvö mál standa í órjúfandi sambandi. Ádeilur þær, sem komið hafa á stj. fyrir það, að lögreglustjórinn í Rvík hefir kveðið upp úrskurði um að rannsaka mál á tiltekinn hátt, mundu vitanlega aldrei hafa komið fram, ef ekki væri talsvert ríkjandi gremja yfir, að þetta afbrot hefir orðið uppvíst, en það eru eingöngu þau mál, sem stj. á að svara fyrir, eins og ég veit, að hv. þm. er nú orðið ljóst.

Mér virðist, að hv. 3. þm. Reykv. hafi líka gleymt því, að þegar var verið að ræða þetta mál hér, þá kom fram sú skoðun hjá hv. 5. þm. Reykv., að skoðun á loftskeytum, sem eru eins og hann komst að orði, simtöl á milli heimila á sjónum og í landi, væri í raun og veru hliðstæð hlustun í síma. Þessi ummæli, sem voru sögð í aðfinnslutón, mega til sanns vegar færast, því að loftskeytin eru einkamálefni, sem fara á milli þessara fjölmennu heimila á sjónum og þeirra mörgu heimila, sem þeir, sem á skipunum eru, hafa samband við í landi. Og þó að ekki kæmu fram frekari aðfinnslur út af þessari loftskeytaskoðun heldur en raun hefir á orðið, þá er það vitanlega eingöngu fyrir það, að þessi skoðun á loftskeytum sýnir, að bak við loftskeytaleyndina hefir vaxið upp einhver ógeðslegasti hópur afbrotamanna, sem þekkzt hefir í þessu landi, og það er ástæðan til þess, að enginn leyfir sér að finna að því, að flett var ofan af þeim. Almenningsálitið er þar of mikið á móti, til að menn þori það. En þá er reynt að finna eitthvað annað upp til þess að reyna að þyrla upp ryki og þá tekið það ráð að deila á lögreglustjóra og gerðir hans, sem eru óviðkomandi ríkisvaldinu, eins og margsinnis hefir verið bent á.

Því er haldið fram af þessum hv. þm., að næg heimild hafi verið til að skoða þessi skeyti og þess vegna hafi ekki þurft að setja ný lög. Hann segir jafnframt, að ég hafi álitið þessa heimild svo víðtæka, að mér hafi óað við henni. Ég hefi bent á, að sú dagskrá, sem tveir þm. Sjálfstfl. hafa borið fram hér á þingi, er rökstudd með því, að þessi heimild sé mjög víðtæk, og bréf fyrrv. landssímastjóra, sem hann skrifaði dómsmálaráðuneytinu 1931, rökstyður það á sama hátt. Ég hefi sagt það áður og get sagt það enn, að ég álít, að samkvæmt l. nr. 82 frá 1917 og reglugerðinni nr. 32 frá 1918 þurfi, þrátt fyrir þennan rökstuðning, sem sjálfstæðismenn hafa haldið fram, rökstuddur grunur að liggja fyrir misnotkun skeytanna, til þess að heimilt sé að láta rannsaka þau. Og það var einmitt vegna þess, að látin var fara fram ýtarleg rannsókn, sem ég hefi lýst hér áður og þarf ekki að endurtaka, ýtarleg rannsókn, sem leiddi sterkar líkur að því, að loftskeytin væru misnotuð, og það var það, að þegar varðskipin fóru úr höfn, eins og t. d. „Ægir", þegar hann hafði kannske verið hér lengi vegna viðgerðar, þá sýndi það sig, að loftskeytin voru send í tugatali til togara. Og eftir að við höfðum safnað ýtarlegum skýrslum um það, hvernig loftskeytin voru send út um leið og skipin lögðu úr höfn, þá taldi ég mér heimilt að láta stöðva þessi skeyti og spyrjast fyrir um það, til hvers þessi skeyti væru send, þegar varðskipin hreyfðu sig úr höfn.

Lykillinn, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist hér á og talað hefir verið um í skröksögu í „Vísi", hann komst ekki í hendur dómsmálaráðuneytisins fyrr en um leið og skilað var

skýrslunum um þetta atriði. Annar þeirra manna, sem skipaður var til að framkvæma þessa athugun, Guðjón Tómasson, — um leið og hann sendi athuganirnar um hvernig loftskeytin hefðu verið send, þegar varðskipin fóru úr höfn, þá sendi hann þennan lykil, sem hann taldi, að gæti vel verið lausn á þessu safni, sem hann hafði aflað, og gerði líkur fyrir, að loftskeytin hefðu verið misnotuð. Á þennan hátt hefir þessi rannsókn fengizt, þannig að lykillinn kemur ekki til stjórnarráðsins fyrr en þessir menn, Guðjón Tómasson og Guðmundur Pétursson, eru búnir að skoða talsvert mikið af skeytunum og komast fyrir, að þau eru send á sama tíma og hin. Þau voru vitanlega lokuð fyrir þeim, og jafnframt sendu þeir þennan lykil. En það voru nokkur af varðskipunum, sem framkvæmdu undirbúningsrannsóknina, án þess að við vissum um þennan lykil, sem svo oft hefir verið talað um í þessu sambandi. Síðan voru kveðnir upp úrskurðir hjá lögreglustjóra um viðtækari skoðun en þá hafði fram farið á þessum sérstöku skeytum. Svona er rannsóknin fram komin. Og einmitt vegna þess að ég tel tvímælalaust, að það hafi ekki verið heimilt að láta skoða þessi skeyti, nema fyrst væri aflað sannana eða sterkar líkur leiddar að því, að loftskeytin væru misnotuð, einmitt vegna þess var þörf að setja bráðabirgðalög og þörf að setja l. um stöðugt eftirlit með loftskeytum til þess að koma í veg fyrir misnotkun, því að samkv. gömlu l. er hægt að senda út þessi skeyti án þess að heimilt sé, eða a. m. k. mjög vafasamt, hvort er heimilt að setja á stöðugt eftirlit. Það er munurinn á þessum tvennum ákvæðum. Samkv. þeim ákvæðum, sem nú á að setja í lög, á að hafa ýtarlegt eftirlit með loftskeytum, en samkv. þeim ákvæðum, sem áður voru fyrir hendi, mátti skoða skeytin, ef grunur lá fyrir, að þau væru misnotuð, eftir að þau höfðu verið misnotuð. Öll ákvæðin, sem eru í þeim l. og í reglugerðinni, eru um það, að banna megi að senda loftskeyti aðeins undir vissum skilyrðum. Sá grundvöllur er því ekki nærri því eins öruggur og sá, sem lagður er með þessum lögum.

Ég vil í þessu sambandi spyrja um tvennt. Ef þessi ákvæði, sem felast í þeim l., sem hér á að setja, eru óþörf og það er rétt, sem andstæðingarnir hafa haldið fram alltaf síðan 1928, — hvers vegna greiða þeir þá atkv. með þessu frv. nú? Hvers vegna greiða þeir nú atkv. með að setja nýja löggjöf um þetta efni, þegar þeir hafa alltaf á fyrri þingum barizt á móti að setja slík l. og afgr. málið með dagskrá, sem var rökstudd með tilvísun til reglugerðarinnar nr. 32 frá 1918 og l. nr. 82 frá 1917, og sagt, að heimild um þetta væri fyrir hendi og því þyrfti engin ný l. að setja? Ef rétt var að gera þetta þá, — hvers vegna er þá ekki eins rétt að gera það nú með sömu rökum og undanfarin ár? Hvers vegna eru þeir snúnir í þessu máli? Ef heimildirnar voru nægilegar á undanförnum árum, — hvers vegna eru þær það ekki eins nú?

Svo er annað, sem er athyglisvert og einkennilegt, sérstaklega þegar sjálfstæðismenn þykjast vera að deila á stj. fyrir, að hún hefði ekki komið þessum brotum upp nógu fljótt, ekki gert það fyrstu dagana eftir að hún tók við. En við töldum heimildina til að opna skeytin miklu vafasamari en andstæðingarnir gerðu. Og þá má spyrja annarar spurningar: Hvers vegna sat Magnús Guðmundsson sem dómsmrh. í tvö ár, maður úr flokki, sem taldi heimildina jafnvafalausa, — hvers vegna sat hann sem dómsmrh. í tvö ár án þess að nota þessa vafalausu heimild? Hvers vegna var Ólafur Thors, sem þykist hafa svo mikinn áhuga fyrir landhelgismálum, — hvers vegna sat hann sem dómsmrh. einn mánuð eða 1½ mánuð án þess að nota þessa heimild, sem hann taldi svo skýlausa, að hann samþ. rökstudda dagskrá um, að til væri ótakmörkuð heimild til slíkrar rannsóknar? Hvers vegna gleymdi hann að nota þá heimild? (GÞ: Hvers vegna gleymdi Jónas því í 4 ár?). Ég vil minna þennan hv. þm. á það, sem ég sagði í upphafi máls míns og hann hlýtur að hafa heyrt, ef hann hefir ekki sofið, að við töldum þessa heimild ekki jafnvafalausa og þessir hv. sjálfstæðismenn, sem samþ. rökstudda dagskrá, þar sem þeir lýstu því yfir, að þessi heimild væri vafalaus. En fyrst hún var vafalaus, — hvers vegna notuðu þeir hana ekki? Nei, vitanlega vildu þeir ekki, að bráðabirgðalögin væru sett eða þetta frv. samþ., ef þeir væru ekki búnir að sjá, að heimildin, sem til hefir verið, er ekki nægilega vafalaus og sterk til þess, að henni væri treystandi. Og svo neyðast þeir til vegna almenningsálitsins að samþ. ákvæði, sem fyrirbyggja þetta. Og ástæðan til þess, að þessir tveir ráðh. hafa ekki látið skoða þessi skeyti, liggur svo í augum uppi og er svo mikið í vitund hvers hv. þm. í þessari d. og hvers mannsbarns á þessu landi, að það þarf ekki að svara þessari spurningu.

Það er ekki rétt, að stj. hafi farið fram á neinar þakkir fyrir, að hún hefir upplýst þetta mál, en hún hefir samt sem áður fengið þakkir víðsvegar af landinu og þar á meðal einróma þakkir úr kjördæmum stjórnarandstæðinga. En við lítum svo á, að stj. eigi engar þakkir skilið fyrir þetta, því að hún hefir aðeins gert það, sem henni var skylt, að leita þeirra sannana, sem gerðu mögulegt og leyfilegt að láta skoða skeytin. Og þegar næg gögn voru fengin, þá datt mér ekki annað í hug en að nota þessa heimild, sem sjálfstæðismenn voru sífellt að vítna til. Hv. þm. S.-Þ., sem var ráðh. á undan mér, taldi þá heimild aftur á móti vafasama. En þó að stj. eigi engar þakkir skilið fyrir sínar aðgerðir, þá eiga þeir menn, sem töldu heimildina skýlausa, en notuðu hana aldrei, skilið ævarandi skömm og óþökk alþjóðar fyrir að hafa ekki notað þá heimild, eftir að hafa lýst því yfir, að þeir teldu sig hafa greiðan aðgang að því að skoða þessi skeyti.

Ég held, að þetta skeytamál og njósnir viðvíkjandi því, sé svo upplýst mál, að óþarfi sé að eyða að því miklu fleiri orðum en gert hefir verið utan veggja Alþingis, bæði á fundum og í blöðum. En eitt er víst, að þegar verið er að dæma um þessa heimild í l. frá 1917 og teygja orðalag bæði reglugerðarinnar og l., — svo mikið er víst, að þeir menn, sem framið hafa þau afbrot, sem nú eru komin upp, þeir hafa haft á tilfinningunni samkv. þeim umr., sem fram hafa

farið um þessi mál, að lögbrotin væru þeim sæmilega örugg, því að annars hefðu þeir aldrei árætt að fremja þau. Það er sá mikli ávinningur, að nú vita allir, að loftskeytamennirnir eru ekki lengur öruggir um að fremja þessi afbrot, vegna þess að litið er eftir þeim. Því fylgja andstæðingarnir þessu máli nú, sem þeir hafa vísað frá þrisvar sinnum áður.

Thor Thors: Hæstv. forsrh. var svarafátt við ásökunarræðu þeirri, sem ég beindi til hans við síðustu umr. Ræða hans nú var aðeins endurtekning á því nauðaómerkilega fálmi, sem hann var þá að reyna sér til varnar. Hann er að reyna að tengja þetta mál, sem hér liggur fyrir, við það dæmalausa hneyksli, sem nú hefir nýlega komizt upp, að stjórnarvöldin hafa notað lögregluna til þess að hlera einkamál manna í símanum. En þessi mál eru gersamlega óskyld og koma hvort öðru ekkert við. Hæstv. ráðh. veit vel, að það var hending ein og ekkert annað, að hv. 5. þm. Reykv. kom fram með fyrirspurn sína um símanjósnirnar sama daginn og þetta mál var hér til umr. Munurinn er sá, að hæstv. ráðh. hefir alla tíð verið heimilt að láta skoða öll skeyti til togaranna og frá þeim, en símanjósnirnar eru í senn þvert ofan í öll lög og siðferðisreglur.

Ég vil þá nokkuð víkja að hinni svokölluðu svarræðu hæstv. ráðh. Ég hafði sagt, að hv. þm. S.-Þ., sem fór með völd dómsmrh. í 4 ár, væri stórkostlega ámælisverður fyrir það að hafa aldrei allan þann tíma notað sér heimildina í lögum frá 1917 og reglug. frá 1918 um skeytaeftirlit togara, þrátt fyrir það, að stjórnarandstæðingar hefðu hvað eftir annað bent honum á það, að þessi heimild væri fyrir hendi. Svör hæstv. forsrh. við þessari ásökun minni eru nú þau, að hv. núv. þm. S.-Þ. muni ekki hafa þótt ákvæði laganna um þetta efni nægilega skýr og ótvíræð! Þetta er ákaflega fróðleg og skemmtileg skýring, þegar þess er gætt, að í hlut á maður, sem umgekkst lögin jafnvarlega og hv. þm. S.-Þ. gerði í sinni ráðherratíð. Þessi viðbára ráðh. er því ekkert annað en hin augljósasta blekking, svo augljós, að hún er sprenghlægileg.

Ég sagði ennfremur, að hæstv. ráðh. sjálfur væri stórkostlega ámælisverður fyrir það að setja ekki, strax og hann tók við stjórn, þær reglur, sem hann taldi nauðsynlegar um rekstur loftskeytastöðva og skeytaskoðun, til þess að koma í veg fyrir misnotkun. Að ráðh. gerði þetta ekki, sýnir bezt, að hinn málefnislegi áhugi hefir ekki verið ýkjamikill hjá hæstv. ráðh. Hann réðst með offorsi á hv. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Skagf. fyrir að hafa ekki gert slíkar ráðstafanir, er þeir voru dómsmrh. En ef engin heimild var til slíks í lögum, eins og hv. ráðh. heldur fram, hvernig áttu þeir þá að gera það?

Nei, munurinn er hér sá, að hvorki hv. 1. þm. Skagf. né hv. þm. G.-K. hafa ráðizt á íslenzka útgerðarmenn með svívirðingum og dylgjum fyrir óleyfilegar skeytasendingar, eins og hv. þm. S.-Þ. og hans fylgifiskar. Sá grunur, sem hv. þm. S.-Þ. og hæstv. dómsmrh. þykjast hafa haft, var ekki til hjá fyrrv. ráðh. Sjálfstfl., og þá var vitanlega engin ástæða fyrir því að fara að beita heimildinni, þótt þeir vissu, að hún væri til. — Hæstv. ráðh. spurði, hvers vegna við sjálfstæðismenn greiddum atkv. með frv. nú. Það get ég sagt honum. Við treystum honum ekki til þess að notfæra sér þá heimild, sem fyrir er í lögum, fremur nú en áður, og því þurfi ákvæði þessa frv. sem spora á hann. Skoðun flokksins á málinu er alveg óbreytt, en það hefir sýnt sig, að nýrra ráðstafana þarf til þess að knýja dómsmrh. stjórnarliðsins til þess að gera skyldu sína í þessum efnum.

Hæstv. dómsmrh. kveðst hafa fengið þakkir víða að fyrir aðgerðir sínar í skeytasendingamálinu. Já, sér er nú hver röggsemin, að aðhafast ekki nokkurn skapaðan hlut í heilt ár, þangað til loksins að dulmálslykill flýtur upp í hendurnar á honum, þrátt fyrir öll skrif flokksblaða hans árum saman um þetta mál og árásir og ásakanir hv. þm. S.-Þ. í garð útgerðarmanna.

Ég vil láta það í ljós, að ég er hræddur um, að frá teknisku sjónarmiði séu lögin ekki nógu vel útbúin, og sum ákvæði þeirra geti orðið til trafala, t. d. skrásetning allra skeyta um síldveiðitímann, þegar engin landhelgi er í raun og veru til. En í 3. gr. segir á þessa leið:

„Öll skeyti til og frá veiðiskipum eða milli veiðiskipa — hvort heldur eru loftskeyti, talskeyti eða lofttal — skulu rituð á skeytaeyðublöð, og send landssímastjórninni að líðnum hverjum mánuði, en landssíminn geymir þau a. m. k. í 5 ár."

Hér er tekið fram, að öll loftskeyti skuli vera skrásett. En allir, sem þessum efnum eru nokkuð kunnugir, vita, að talstöðvar í vélbátum eru mikið notaðar til þess að rabba saman um síldveiði, afla og horfur um síldveiðitímann, þegar engin landhelgi er til. Skrásetning slíkra samtala er því varla annað en óþörf og skaðleg skriffinnska. — Við hv. 8. landsk. höfðum óskað eftir því, að landssímastjóri kæmi á fund allshn., er hún hafði þetta mál til meðferðar, en úr því varð ekki. Það er því á ábyrgð stjórnarflokkanna, að frágangur frv. er eins og hann er, og þeir verða að taka á sitt bak þá óánægju, sem þetta ákvæði frv. og ef til vill fleiri kunna að vekja meðal sjómanna.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. þm. Snæf. byrjaði ræðu sína, eins og hv. þm. G.-K. er vanur að gera, með því að segja, að allt, sem andstæðingurinn hefði sagt, væri nauðaómerkilegt. En þegar þau atriði, sem hv. þm. hélt fram, eru krufin til mergjar, verður heldur lítið úr öllum gorgeirnum. Hann leyfði sér að halda því fram, að úrskurður lögreglustjórans í Rvík um það að láta hlusta á símtöl leynisalanna væri runninn undan rifjum stj. Ég vil skora á hv. þm. Snæf. að endurtaka þessi ummæli opinberlega utan þings, ef hann hefir hug til. (GSv: Þetta hefir verið sagt berum orðum í blöðunum. Hvers vegna lögsækir hæstv. dómsmrh. þau ekki?). Ég vil nú gera greinarmun á því, sem þm. segja, og hinir ómerkilegu blaðasneplar íhaldsins, eins og Vísir og Stormur. (SK: Ég hefi fullyrt þetta utan þings). — Þá hélt hv. þm. Snæf. því fram, að úrskurðir lögreglustjóra hefðu verið þvert ofan í lög. Ég skal ekki fara út í þá sálma, enda

vita allir, að hv. þm. Snæf. fer hér með vísvitandi ósannindi um leið og hann vegur að fjarstöddum manni. En það væri eiginlega fróðlegt að vita það, hvaða tegund afbrotamanna það er, sem íhaldið ætlar að fara að skýla bak við símaleyndina, eins og veiðiþjófunum bak við loftskeytaleyndina áður. Það er æðri dómstóla að skera úr um úrskurði lögreglustjóra. Hitt er ósæmilegt, en að vísu hv. þm. Snæf. samboðið, að kasta fram órökstuddum svívirðingum í garð fjarstaddra manna.

Ég þarf ekki að svara því, hvers vegna núv. stj. hafi ekki notað heimildina, sem hv. þm. segir, að sé í lögunum frá 1917. Við töldum, að þessi heimild væri ekki til, svo að fullu haldi kæmi. En hvers vegna svarar hann því ekki, af hverju hv. 1. þm. Skagf., sem var dómsmrh. á annað ár, og hv. þm. G.-K., sem líka var dómsmrh. um tíma, notuðu sér ekki þessa heimild sem þeir sögðu, að væri til? Þessu hefir hv. þm. Snæf. ekki svarað, og hann sleppur ekki með það að vera með uppgerðarvandlætingu í garð núv. stj. fyrir vanrækslu í þessum efnum. Það er líka á allra vitorði, hvers vegna þessir tveir dómsmrh. Sjálfstfl. kærðu sig ekki um neinar upplýsingar í landhelgisnjósnamálinu.

Núv. stj. hóf undirbúning til þess að koma upp njósnunum, strax og hún hafði tekið við völdum. Nú segist hv. þm. Snæf. vilja hafa þessi lög sem keyri á mig! En ef sá dómsmrh., sem nú situr, þarf keyri á sig til að sinna þessum málum, — hvaða verkfæri hefði þá þurft að nota á þá hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. G.-K. þegar þeir voru dómsmrh.?

Ég hefi þegar upplýst allt um dulmálslykilinn, sem hv. þm. Snæf. segir, að flotið hafi upp í hendurnar á mér, og fært sönnur á það, að hann fannst ekki fyrr en löngu eftir að stj. hafði látið hefja rannsókn á því, hve mikið hefði verið sent af skeytum til togara, er varðskipin fóru út.

Hv. þm. var að tala um gorgeir í mér yfir þeirri röggsemi, er ég þættist hafa sýnt í málinu. Ég tók það einmitt fram, að ríkisstj. ætti engar þakkir skildar fyrir að hafa gert skyldu sína í þessu máli. En víst er um það, að hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. G.-K. eiga skömm skilið fyrir sína frammistöðu. Allt öðru máli gegnir um hv. þm. S.-D., sem taldi ekki nóga stoð í gildandi lögum og barðist fyrir nýrri löggjöf um þetta efni gegn þrálátum fjandskap íhaldsins. En það er á allra manna vitorði, hvers vegna íhaldsráðh. tveir svikust um að gera skyldu sína.

*Jóhann Jósefsson: Hæstv. forsrh. var í ræðu sinni að vitna í dagskrá okkar hv. þm. G.-K. 1928 í þessu máli, ömmumálinu svokallaða. Af því að ég stóð að þessari dagskrá, vil ég skýra nokkuð, hvers vegna við vildum vísa málinu frá og töldum næga heimild í gildandi lögum. Það frv., sem þá var flutt, var eftir orðalagi þess og anda eingöngu flutt til höfuðs íslenzkum útgerðarmönnum. Í grg. er aðeins veitzt að íslenzkum togurum og útgerðarmönnum þeirra. Hv. þm. S.-D., sem þá var dómsmrh., virðist ekki sjá neina hættu annarsstaðar. Grg. byrjar á þessa leið:

„Frá því að íslenzk botnvörpuskip tóku að stunda veiðar hér við land, hefir það verið alkunnugt, að sum þeirra hafa veitt mikið í landhelgi. Og eftir að loftskeytastöðvar voru reistar og botnvörpungarnir fengu loftskeytatæki, hefir sterkur grunur á því leikið, að einstök útgerðarfyrirtæki stjórnuðu landhelgisbrotum úr landi."

Í þessum tón var talað fyrir málinu á þingi, og þó einkum af þáverandi dómsmrh. Frv. var meingallað að öllum frágangi, eins og þingið fann og viðurkenndi með því að vilja ekki samþ. það. Þannig var í því gert ráð fyrir, að hegna mætti mönnum án sannana, ef grunur lá á þeim.

Svo að ég fari fljótt yfir sögu, vil ég benda á nál. minni hl., sem endaði á hinni rökst. dagskrá. Í nál. segir svo m. a.:

„Minni hl. vill leiða athygli að því, sem höfundum frv. sýnist hafa verið óljóst, að ríkisstj. hefir næga stoð í gildandi lögum til þess að hafa það eftirlit með sendingu loftskeyta, sem nægilegt er til að hindra misnotkun þeirra í þágu landhelgisveiða, sbr. meðal annars lög nr. 82 14. nóv. 1917, og reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918 samkvæmt þeim lögum."

Dagskráin er svo rökstudd með þessu og öðru, sem kemur fram í nál., og hún samþ., og hæstv. forsrh. hefir samþ. Það og lýst yfir því hér á þingi, að við höfum lagt sér í hendur þau meðul, sem þurfti til að framkvæma þá rannsókn á njósnum þessum, sem nú er fræg orðin. Ég tel ekki, að við, sem að þessu stóðum fyrir átta árum og þá bentum á þessa leið, séum á nokkurn hátt ámælisverðir. Hitt mætti heldur segja, að þeir, sem mesta trú höfðu á því, að loftskeytin væru misnotuð af íslenzkum skipum — því eins og áður er fram tekið, var þessu frv. eingöngu stefnt á móti íslenzkum skipum — hefðu átt að nota sér þessa heimild þá strax, og þá sérstaklega sá ráðh., sem mest barðist fyrir þessu máli, og skal ég ekki lasta það, að svo miklu leyti sem heill hugur fylgdi. En flutningi málsins fylgdi svo mikið ofstækisæði gegn íslenzkum togaraeigendum, að það var viðbjóðslegt fyrir þm. að fylgja því. Það hefir líka sýnt sig, að frv. var óþarft, og hæstv. forsrh. hefir nú undirstrikað það bæði með ræðu hér í þingi og með útvarpstilkynningu, að þessi heimild er til og að hann notaði þá heimild til þess að komast fyrir þessar njósnir. Ég myndi hafa verið þakklátur hverri stj., sem hefði viljað nota þessa heimild, því að hún var til og hefir verið til öll þessi ár. Það hefði líklega verið hægt að koma í veg fyrir þessi hneykslismál — ég hefi ekki tekið eftir því, á hvaða tíma þessi brot voru fyrst framin — ef notuð hefði verið þessi heimild og þannig farið að þeim ráðum sjálfstæðismanna, sem fram komu á þingi 1928.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um gremju yfir því, að þessar njósnir hefðu komizt upp. Ég tel það mjög undarlegt að tala um gremju í þessu sambandi. Ég hefi hvergi orðið var við þessa gremju, sem hann telur, að komið hafi fram hjá sjálfstæðismönnum. Ég minnist þess ekki, að í blöðum sjálfstæðismanna hafi verið öðruvísi talað um þessi njósnarmál heldur en algerlega hlutlaust. Ég man ekki eftir, að ég hafi nokk-

ursstaðar utan þings heyrt þessum njósnum mælta bót, og ég veit ekki heldur til þess, að hér á þingi hafi nokkur mælt þeim bót.

Eins og tekið hefir verið fram, var frv. 1928 einvörðungu stefnt gegn íslenzkum togurum, en mér finnst, að reynslan hafi sýnt það, að hættan var meiri gagnvart útlendum skipum, sem þá átti alveg að sleppa, en með lögunum frá 1917 og reglugerðinni frá 1918 féllu útlendu skipin eins undir þessi ákvæði eins og íslenzku skipin, enda eðlilegt, að ákvæðin væru látin gilda eins um loftskeyti til útlendra skipa og íslenzkra. Ég held, að það sé ekki ofmælt, að rannsóknin hafi leitt það í ljós, að meiri þörf hafi verið á að rannsaka loftskeyti, sem send voru til útlendra skipa, heldur en þau, sem fóru til þeirra íslenzku. En á þessu tímabili, 1928—1930, og frameftir skelltu ráðh. skolleyrum við því að nota þessa heimild — ég segi þetta ekki ráðh. til ámælis — þangað til nú í haust, að hafizt var handa um þessar rannsóknir með þeim árangri, sem nú hefir sýnt sig. — Það er sannarlega engin gremja í Sjálfstfl. yfir því, að þessum njósnum hefir verið lostið upp. Síður en svo.

Ég ætla ekki að fara að ræða um símamálið, eða þá hlustun, sem framkvæmd hefir verið í bæjarsíma Rvíkur, en ég skil ekki ummæli hæstv. forsrh., að símahleranirnar og loftskeytaskoðunin í sambandi við njósnaramálið standi í órjúfanlegu sambandi. Ég vil líka nota tækifærið til þess að mótmæla fyrir mína hönd og annara þeirri skoðun, að með rökstuddu dagskránni 1928 höfum við á nokkurn hátt gefið undir fótinn með það, að hlusta mætti í síma eða skoða önnur skeyti en loftskeyti. Það er skýrt tekið fram í þeirri löggjöf, sem þar er nefnd, að eftirlitið á einvörðungu við loftskeyti. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa 19. gr. reglugerðarinnar. Hún hljóðar svo:

„Ráðuneytið getur bannað öll loftskeytaviðskipti innan íslenzkrar landhelgi, bæði frá íslenzkum og erlendum skipum, og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja, til þess að banninu verði hlýtt.

Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, látið stöðva þau skeyti, sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins."

Hæstv. forsrh. segir, að við höfum viljað láta gera þessar rannsóknir eftir á, þegar skaðinn var skeður, en þetta er á engan hátt rétt. Í þessari gr. felast möguleikar til alls þess, sem hæstv. forsrh. hefir látið framkvæma, og jafnvel til meira, því að hér er svo víðtækt vald til fyrir ráðh., að hann getur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru.

Mér finnst óviðkunnanleg aðdróttun hjá hæstv. forsrh., sem hann kom með hér og hefir komið með annarsstaðar, að það sé öllum ljóst, hvers vegna hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. G.-K., þegar þeir voru ráðh., hafi ekki notað eða látið nota ákvæði reglugerðarinnar frá 1918. Mér skilst, að með þessum fullyrðingum sé hæstv. forsrh. á alveg ósæmilegan hátt að gefa undir fótinn með það, að þessir tveir hv. þm. hafi í ráðherrastóli viljað hlynna að misnotkun loftskeyta í þessu efni. Ef ég skil þetta skakkt, þá er hægur hjá fyrir hæstv. forsrh. að leiðrétta, en þar sem hann hefir tvítekið þetta, þá er nauðsynlegt, að það sanna komi fram. **Forsrh.:** Hvers vegna heldur hv. þm., að þeir hafi ekki notað heimildina? — **PO:** Hvers vegna notaði hv. þm. S.-Þ. ekki heimildina, þegar hann var ráðh.? — **Forsrh.:** Hann áleit heimildina vafasama). Mér finnst ég alveg eins vel geta fundið aðrar ástæður.

Eins og þetta mál var uppvakið og framborið á þingi 1928, þá var því einvörðungu stefnt að íslenzkri útgerð. Ég held ekki, að allir hafi verið jafnsannfærðir um það eins og hv. þm. S.-Þ., að íslenzkir togarar misnotuðu loftskeytin, og ég held, að rannsókn hafi leitt það í ljós um íslenzku togarana, að þar voru ekki eins mikil brögð að þessari misnotkun eins og af var látið. Ef svo á að áfella þessa tvo ráðh., sem annar sat á annað ár, en hinn í nokkra mánuði, — því á þá að undanskilja þann ráðh., sem sat í 4 ár í stjórnarsessi og virtist trúa því, að íslenzkir togarar misnotuðu loftskeytin? Mér finnst, að þessar ásakanir eigi hér ekki heima. Við stöndum gagnvart þeirri staðreynd, og það er beinlínis viðurkennt og undirstrikað af hæstv. forsrh., að við þentum á það á þinginu 1928, að stjórnarvöldin hefðu næga stoð í lögum til þess að framkvæma þessar rannsóknir, og við höfðum rétt fyrir okkur. Þetta er beinlínis undirstrikað af hæstv. forsrh., og að því leyti getum við verið ákaflega ánægðir.

Þetta nýja frv., sem hér liggur fyrir, er náttúrlega ákaflega ólíkt ömmufrv. gamla, en ég held að það hafi mjög litla praktiska þýðingu að samþ. það, og ég stend enn á þeim sama grundvelli eins og á þinginu 1928. Ég álít, að þau lagaákvæði sem snerta loftskeytaeftirlit, megi vel nota og að ný löggjöf í þessu efni sé óþörf. Ég held, að þetta frv. hafi orðið til af því, að fát hafi komið á stj. við það að uppgötva þessar njósnir og hún hafi hugsað sem svo, að eitthvað yrði nú að gera, og svo hafi þetta frv. fæðzt. En ég vænti einskis árangurs af þessari löggjöf fram yfir það, ef beitt væri ákvæðum laganna frá 1917 og reglugerðarinnar frá 1918. Ég hefi ekki mikla trú á því.

Ég hygg, að þær rannsóknir, sem hafa verið framkvæmdar, og þær njósnir, sem upp hafa komizt, muni verða til þess, að þeir, sem hafa stundað þessa njósnarstarfsemi, fái þar nægilega áminningu til þess, að þá fýsi ekki að halda þeirri starfsemi áfram, og ef það ekki dugir framvegis, þá er næg heimild til í lögum og hægt að breyta reglugerðarákvæðum, svo að ekkert skorti á, að nægilegt eftirlit sé hægt að hafa um loftskeytin. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komizt, þegar þetta frv. er orðið að lögum, að það verði til allmikils trafala þeim, sem nota loftskeytin í algerlega löglegum tilgangi. Þar geldur, eins og svo oft vill verða, sá saklausi hins seka. Þessu fylgir t. d. töluverð skriffinnska, sem hin nýju ákvæði koma til með að leiða af sér, jafnframt því sem þau ef til vill auka nokkuð ótta manna við að misnota loftskeytin, en ég veit ekki, hvort þess er þörf, sérstaklega nú eftir að ríkisstj. hefir mannað sig upp og notað þá heimild, sem til var í lögunum frá 1917.

Ég hefi þá lýst afstöðu okkar, sem stóðum að

rökstuddu dagskránni 1928. Ég þóttist til þess neyddur, af því að sífellt hefir verið á þessu klifað. Ég tel þessa afstöðu fyllilega réttmæta, enda er það nú undirstrikað af hæstv. forsrh. með því fyrst og fremst að nota heimildina, og síðan með því beinlínis að lýsa yfir því fyrir öllum landslýð, að ríkisstj. hafi notað þessa heimild til þess að komast fyrir þessar njósnir.

Ég vil mótmæla því, að nokkur ástæða sé til að væna þessa tvo ráðh. úr Sjálfstfl., sem hafa átt sæti í stjórn frá 1928, um nokkra yfirhylmingarstarfsemi, eins og mér skildist, að hæstv. ráðh. vildi gefa í skyn með orðum sínum. Ég vil líka mótmæla því, að hjá okkur sjálfstæðismönnum hafi orðið vart við nokkra gremju út af upplýstun á misnotkun loftskeytanna. Ekkert af þeim ásökunum hefir við rök að styðjast, og því fer fjarri, að svo hafi verið. — Um frv. það, sem hér liggur fyrir, læt ég mér í léttu rúmi liggja, hvort það verður að lögum eða ekki.

*__Finnur Jónsson:__ Áður en þetta mál fer hér út úr þessari hv. d., vil ég segja um það nokkur orð frá sjónarmiði þeirra útgerðarmanna, sem mest hafa orðið fyrir ágangi togaranna og þyngstar búsifjar hafa hlotið af landhelgisbrotum þeirra. Það má vera, að hæstv. ríkisstj. eigi ekki — að dómi sumra manna — miklar þakkir skilið fyrir þá rannsókn, sem hún hefir látið framkvæma á ólöglegri notkun loftskeyta í þjónustu veiðiþjófa, og þá miklu röggsemd, sem hún hefir sýnt í því máli. Það getur líka vel verið, að sumir líti svo á, að hún eigi ekki miklar þakkir skilið fyrir það að bera nú fram frv. til laga til þess að koma í veg fyrir, að þetta stórfellda hneyksli geti endurtekið sig.

Afstaða Sjálfstfl. í þessu máli er ljós fyrir þá, sem hlustað hafa á ræður þeirra um þetta mál nú á undanförnum dögum og svo hinsvegar á ræður þessara sömu hv. þm. um símahleranir hér í bæjarsíma Rvíkur. Annarsvegar tala þeir með mjög mjúkum orðum um togaranjósnirnar, og virðist helzt svo sem þeir telji þær í raun og veru sjálfsagðar. En hinsvegar tala þeir um símahleranirnar eins og þær væru eitt hið alstærsta hneykslismál, sem komið hefði fyrir í réttarfars- og stjórnmálasögu þjóðarinnar. En ég veit, að íslenzkir sjómenn, sem eiga lífsmöguleika sína undir því, að landhelginnar sé vel gætt, líta þetta allt öðrum augum. Ég veit, að þeir líta svo á, að það að nokkur íslenzkur maður skuli leyfa sér að selja sig til þess að leiða útlenda togara í landhelgi eða gefa þeim upplýsingar, til þess að þeir gætu stolizt í landhelgi, sé langstærsta hneykslið, sem hér hefir komið fyrir. Um þetta hneykslí fara sjálfstæðismenn mjög mjúkum orðum, t. d. hv. þm. Vestm., sem sjaldan lætur standa á sér að láta skoðanir sínar í ljós og það alloft með stórum orðum. Nú bar ræða hans þess vott, að hann liti á þetta sem leiðinlegt atvik og ekkert meira. — Ég heyri, að hann kveður sér nú hljóðs, og þykir mér það vel, því að ég vænti, að það sé til þess að leggja nú þungan dóm á þessi óhæfuverk, sem hafa orðið íslenzkum sjómönnum til hins mesta skaða, og þá ekki sízt í kjördæmi hans, því að þar er bátaútvegur mikill, og hafa fiskimenn þar orðið mjög fyrir barðinu á útlendu togurunum.

Hv. þm. Snæf., sem einnig er þm. fyrir kjördæmi, þar sem bátaútvegur er mikill og menn hafa mjög um sárt að binda vegna landhelgisveiða togara, fór líka mjúkum orðum um þessa njósnarstarfsemi, en á hinn bóginn mjög þungum orðum um lögreglustjórann í Rvík fyrir að hafa notað símann til þess að koma upp um mjög víðtæk brot á vínsölulöggjöfinni. Á afstöðu þessara manna og ummælum þeirra um þessi mál má marka afstöðu Sjálfstfl. í heild til þessa máls.

Fyrir hönd þeirra mörgu manna á Vestfjörðum, sem hafa átt við þungar búsifjar að búa af völdum togaranna, vil ég þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þá röggsemi, sem hún hefir sýnt í þessum málum, og fyrir það frv., sem hér liggur fyrir.

Það er í raun og veru svo, að engin stjórn hefir litið svo á þær heimildir, sem til eru í lögum, að þær væru nægilegar til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með loftskeytasendingum til togaranna. Líka er það vitað, að þegar hv. þm. S.-Þ. reyndi að koma á ýtarlegri löggjöf um það efni, þá var hann ofsóttur fyrir það af Sjálfstfl. að hafa gerzt svo djarfur að bera slíkt frv. fram á Alþingi. Ómmufrv. gamla, sem svo var nefnt, var ekki með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hv. þm. Vestm. las upp áðan, vísað frá með þeim rökstuðningi, að það væri gallað, heldur var löggjöfin talin óþörf. Nú hefir það sýnt sig átakanlega, að þessi löggjöf hefði átt að komast á fyrir mörgum árum, eða um leið og stöðvar voru settar í skipin.

Það er talsvert annað að fá heimild til að rannsaka skeyti, eftir að fenginn er rökstuddur grunur um misnotkun þeirra, eða að hafa heimild til að hafa eftirlit með skeytunum jafnóðum og þau eru send, og geta þannig gripið á kýlunum strax þegar ígerðin gerir vart við sig. Fyrir þá, sem eiga að hafa hagnað af löggjöfinni, er langur vegur milli þess, hvort löggjöfinni er hagað þannig, að haft sé eftirlit með skeytunum jafnóðum og þau eru send, eða byrjað er á því, eftir að grunsemd er vakin um, að þau séu notuð til hjálpar við ólöglegt athæfi. Í þessu er fólginn sá mikli munur, sem er á þessu frv. og þeim heimildum, sem til hafa verið áður.

Það er að vísu rétt, sem hv. þm. Vestm. sagði, að það hefði ekki heyrzt, að neinn sjálfstæðismaður hefði mælt togaranjósnunum bót. En í umr. sjálfstæðismanna hér á þingi, og utan þings raunar líka, hefir alveg vantað þá heilögu reiði og vandlætingu, sem hvern einasta sannan Íslending átti að grípa, þegar upp komst um þetta svívirðilega mál. Það er nú svo, að það hafa margir hrokkið við út af þessum togaranjósnum, og það er þess vegna eðlilegt, að þetta frv., sem fram er komið frá ríkisstj., sé þannig útbúið, að reynt sé að koma í veg fyrir, að á því verði nokkur smuga fyrir þá sjálfstæðismenn, sem í framtíðinni skyldu vilja selja landhelgismiðin til erlendra veiðiþjófa og gera sér það að atvinnu. Það er þess vegna eðlilegt, að þetta frv. sé nokkuð þröngt. Og ég hefi veitt því eftirtekt, að í 3. gr. getur leikið vafi á því, hvort síldveiðiskipum fyrir Norðurlandi yfir sumartímann sé ekki gert nokk-

urt óhagræði, þar sem ákveðið er, að öll skeyti, hvort heldur það eru talskeyti eða loftskeyti, milli veiðiskipa skuli rituð á þar til gerð skeytaeyðublöð og send landssímastjórninni að liðnum *hverjum mánuði og síðan geymd hjá landssímanum* a. m. k. í 5 ár. Ég verð að segja það, hafandi hlustað í 2 sumur á það tal, sem fram fer milli síldveiðiskipa fyrir Norðurlandi, að ég álít ekki, að á þessu sé fullkomin þörf. Ég álít, að þarna mætti gera nokkra undanþágu, þar sem talstöðin á Siglufirði mun hafa aðstöðu til þess að hlusta á flestöll þessi skeyti og gæti því gert aðvart, ef eitthvað væri grunsamlegt á ferðinni. Ég vildi því skjóta því til hæstv. dómsmrh., hvort ekki mundi mega — jafnvel þó frv. færi svona í gegn — gera frá þessu einhverja undanþágu fyrir a. m. k. vélskip og linuveiðaskip, sem *stunda síldveiðar fyrir Norðurlandi yfir síldveiðimánuðina.*

Hv. þm. Vestm. sagði, að hann áliti, að það hefði mjög lítla praktiska þýðingu að samþ. þetta frv. Ég fyrir mitt leyti álít, að það hafi mjög mikla praktiska þýðingu. Þetta frv. gerir, eins og ég hefi þegar tekið fram, fyrst og fremst sterklega ráð fyrir mjög ýtarlegri skeytaskoðun *til og frá veiðiskipum og eftirliti á skeytum*, þó að þau séu ekki grunsamleg, þar sem aftur á móti þær heimildir, sem e. t. v. voru til í lögum áður, eingöngu viku að því, að hægt væri að hefja rannsókn á grunsamlegum skeytum. Og þar *kemur í ljós sú gullvæga regla*, að það er betra að koma í veg fyrir lögbrot heldur en að hafa heimild til þess að refsa fyrir þau á eftir.

Ég skal ekki í þessu sambandi fara neitt út í hið svokallaða símanjósnamál, þó að það komi nokkuð undarlega fyrir sjónir að sjá gamla bindindis- og bannhetju, eins og hv. 5. þm. Reykv., ganga hér uppbólgna af illsku, grípandi fram í *fyrir hæstv. forsrh. með ókurteisi, af æsingi yfir* því, að komið er upp um eins hættulegt hneykslí og það, að bifreiðastöðvar skuli vera hafðar fyrir knæpu.

Umr. frestað

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GÞ, GG, HV, JónP, JG, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, EE, EmJ, JörB.

GSv, GÍ, HannJ, JakM, ÓTh, PHalld, SK greiddu ekki atkv.

Sex þm. (JJós, JÓl, JS, MT, BJ, BB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 565).

35. Forgangsréttur til embætta.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta (þmfrv., A. 221).

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Sigurður Einarsson:** Þetta frv. er flutt samkv. till. kennara í heimspekideild Háskóla Íslands og nemenda í þeirri deild. Í fskj., sem er með frv., er það tekið fram, að réttur kandídata frá heimspekideildinni til þess að stunda þá atvinnu, sem þeir hafa búið sig undir, sé minni en annara sambærilegra starfsmanna, og sé það m. a. ekki sambærilegt, hvað kennarar frá kennaraskólanum hafi meiri rétt í þessu efni heldur en þeir, sem ljúka meistaraprófi í íslenzkum fræðum við háskólann, til þess að stunda kennslu í íslenzku eða íslenzkri sögu. N. sá sér ekki fært að verða við þessum tilmælum í jafnviðtækri *mynd og farið er fram á af hálfu háskólans*, en hinsvegar hefir hún fallizt á, að þeir, sem lokið hafa meistaraprófi við heimspekideildina, skuli hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, sögu og bókmenntum við skóla ríkisins, þegar kennslan nemur fullu kennarastarfi, að því viðbættu, sem stendur í vatill. frá menntmn.: „eða ef sérstakur kennari er tekinn til starfsins.“

Það hefir enginn ágreiningur orðið um þetta í n., og leggur hún til, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem n. flytur það, ásamt vatill.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 221, 231).

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. menntmn., sem flutti þetta frv., hvort það beri að skilja svo, að þeir, sem lokið hafa kandídats- og meistaraprófi *í íslenzkum* fræðum við heimspekideild háskólans, skuli ganga fyrir í embætti fram yfir þá menn, sem lokið hafa prófi í sögu og norrænum fræðum við norræna háskóla.

Mér er kunnugt um það, að þannig er ástatt um sögukennslu í norrænudeild háskólans hér, að þar er aðeins kennd Íslands saga. Þeir, sem stunda sögunám, t. d. í Danmörku og Noregi — og það hafa margir gert — stunda sögu yfirleitt og eru að því leyti betur undir það búnir að hafa með höndum kennslu í veraldarsögu heldur en nemendur frá norrænudeild háskólans hér. *Ég álít mjög sanngjarnt og eðlilegt*, að norrænufræðingar héðan hafi forgangsrétt fram yfir aðra ólærða menn í slíkum stöðum, en mér finnst æðivarhugavert, ef þeir ættu að hafa forgangsrétt fram yfir lærða sögumenn, sem stundað hafa nám sitt erlendis, í norrænum löndum sérstaklega. — Ég vil mega vænta skýringar á þessu frá hv. menntmn.

Mér virðist, að orðalagið á frv. bendi til þess, að það sé svo einskorðað, að þeir, sem lokið hafa prófi héðan frá háskólanum, eigi að ganga fyrir þeim, sem lokið hafa prófi í samskonar fræðum við aðra norræna háskóla. En ef svo mætti skilja frv., þá teldi ég það ekki allskostar rétt, og vildi skjóta því til hv. menntmn., hvort hún sæi sér ekki fært a. m. k. að kveða skýrt á um það, að *þessi forgangsréttur útskrifaðra manna úr norrænudeild* háskólans hér næði ekki til þess, að þeir stæðu feti framar heldur en sögufræðingar og norrænufræðingar frá öðrum norrænum löndum.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það kann að vera nokkur ástæða til þessa misskilnings, sem kom fram í ræðu hv. 1. landsk., en þeir, sem frv. fluttu, leggja þann skilning í það, að hér sé aðeins átt við Íslands sögu, íslenzkar bókmenntir og íslenzka tungu.

Orðið „íslenzkum", sem stendur í frv. á undan orðunum „íslenzkri tungu, sögu og bókmenntum", á við allar þessar þrjár greinar, enda eru ekki aðrar greinar kenndar við Háskóla Íslands í þessu efni. Almenn mannkynssaga stendur þar utan við. Ef mönnum fyndist ástæða til, þá mætti hafa það skýrara, að orðið „íslenzkum" næði til allra þessara greina. En ég hygg þess vart þörf, sérstaklega þegar það nú kemur fram í umr.

Þá vil ég geta þess, að þó að það sé talið í frv., að það þurfi að vera fullt kennarastarf til þess, að norrænukandídatar hafi forgangsrétt fram yfir aðra, á n. við það, að þó að kunni að vanta nokkra tíma upp á fulla kennslu, þá nær forgangsrétturinn engu að síður til þeirra, sérstaklega ef ekki er farið í kringum þetta ákvæði með því að draga úr íslenzkukennslunni. En n. hikaði þó við að setja nokkurt sérstakt lágmark, eins og það, að þessi námsgrein skyldi nema 70—90% af kennarastarfinu, og er þá fullvíst, að þessu er ekki misbeitt í framkvæmdinni.

Þetta tek ég sérstaklega fram í samráði við forstöðumann heimspekideildar háskólans.

***Sigurður Einarsson:** Ég gæti raunar fallið frá orðinu, en ég vildi aðeins benda á það, að það er óalgengt, að íslenzkir menn, sem tekið hafa háskólapróf við aðra háskóla en hér, við skulum segja guðfræðingur frá Hafnarháskóla, þurfi að fá sérstaka heimild í hvert sinn og þeir þyrftu á að halda. En þessi heimild er alltaf veitt, og þetta mun verða „praktiserað" á sama hátt og hefir verið gert í mörgum tilfellum með guðfræðinga og lögfræðinga frá öðrum háskólum.

***Stefán Jóh. Stefánsson:** Jafnvel þó að að mínu áliti sé erfitt að leggja þann skilning í gr. frv., sem hv. þm. V.-Ísf. gat um, þá munu þessar umr., sem fram hafa farið um frv., ef til vill hjálpa til þess, að því verði slegið föstu, að þannig beri að skilja frvgr. Og að fenginni yfirlýsingu hv. þm. V.-Ísf. sé ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til þess að óska eftir frekari breyt. á frv.

ATKVGR.

Brtt. 231 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 259).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 259).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, SÁÓ, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HG, HermJ, IngP, JBald, PHerm, EÁrna.

nei: JAJ.

MG greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (JJ, MJ) fjarstaddir.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 481).

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Það er óþarfi að halda hér langa ræðu. Þetta mál hefir fengið afgreiðslu í menntmn. og var samþ. þar ágreiningslaust. — Tildrögin til þessa frv. eru þau, að stúdentar við háskólann skrifuðu háskólaráðinu bréf og fóru fram á það, að kandídötum og meisturum frá heimspekideild háskólans væri veittur forgangsréttur til kennslu í íslenzkri tungu, bókmenntasögu og sögu við alla skóla ríkisins. — Það virðist ekki nema eðlilegt, að þessir menn leggi þetta til. Því að til hvers væru þeir að leggja mikið í kostnað og leggja áherzlu á að mennta sig, ef þeir hefðu svo ekki neina von um það, að þeir gætu að námi loknu látið ljós sitt skína öðrum til gagns? Við lifum á þeim tímum, að það má segja, að varla sé það svið til í þjóðfélaginu, sem ekki er á einhvern hátt bundið sérréttindum. Þá finnst mér það mjög eðlilegt, að þeir menn, sem hér er um að ræða, fái líka sérréttindi.

Ég get bætt því við, að menntmn. lagði það einhuga til, að þetta mál væri samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég sé, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þeir kandídatar, sem hafa tekið próf í íslenzkum fræðum, eigi að hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, sögu og bókmenntum við alla skóla ríkisins, þegar kennslan nemur fullu kennarastarfi. Mér skilst, að þetta eigi að vera við alla æðri skóla, en vildi þó spyrja hv. menntmn., hvort þetta eigi einnig við barnaskóla. Sé svo ekki, þá er sjálfsagt að gera hér undantekningu. En mig grunar, að þetta eigi ekki við barnaskóla.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Hér mun aðeins átt við hinar æðri menntastofnanir ríkisins,

sem ríkið kostar að öllu leyti. Barnaskólar koma þá ekki til greina.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

36. Meðferð einkamála í héraði.

Á 3. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um meðferð einkamála í héraði** (þmfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og sést í grg. þessa frv. og hv. þdm. muna, var samskonar frv. lagt fyrir síðasta þing. Þegar það var lagt fram, gerði ég með nokkrum orðum grein fyrir tildrögum þessa máls og skýrði með nokkrum orðum þau nýmæli, sem eru í frv. Þykir mér því óþarfi að endurnýja þær skýringar og þá grg., sem ég lét þá fylgja frv. nú fyrir nokkrum mánuðum síðan. Leyfi ég mér því aðeins að vísa til þess, sem þá kom fram hér í d.

Frv. þetta er að áliti okkar flm. mjög mikil endurbót og réttarbót frá því, sem nú er, en varla var við því að búast, að það næði fram að ganga á síðasta þingi, þar sem það kom ekki fram fyrr en liðinn var nokkur hluti þingsins. Hinsvegar vil ég vænta þess, þar sem frv. kemur fram nú í byrjun þessa þings, að það nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi.

Ég vil leyfa mér að óska, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn. þessarar d., sem fékk hitt frv. í fyrra, en afgr. það ekki þá, heldur varð það að samkomulagi að gera það ekki, m. a. vegna þess, að það var leitað umsagnar lagadeildar háskólans og Málaflutningsmannafélags Íslands um frv., en nú má vænta þess, að álit þessara aðilja sé á leiðinni, svo að það þyrfti ekki að tefja fyrir framgangi þessa máls á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 189).

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þegar þetta mál kom fyrst fram á síðasta þingi, þá gerði ég við 1. umr. nokkra grein fyrir innihaldi þessa frv. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þær skýringar nú. Ég vil aðeins geta þess, að frv. er endurbót á íslenzkri réttarfarslöggjöf í einkamálum. Fyrst og fremst með því að sameina í eina heild öll ákvæði, sem farið er eftir í þessu efni. Í öðru lagi með því að sníða ákvæði l. á þá leið, að það flýti rekstri mála og geri auðveldari fyrir alla aðilja. Þetta er m. a. gert með munnlegum málaflutningi, sem verði aðalreglan fyrir undirrétti, í stað þess að verið hefir skriflegur. Þá er og styttur frestur í ýmsum tilfellum, og mörg eru fleiri ákvæði, sem miða að því, að mál megi fyrr ljúkast. Í þriðja lagi er ætlazt til með frv., að mál megi ljúkast á þá lund, sem landslög mæla fyrir um, og er reynt að búa sem tryggilegast um það. Til þess er m. a. ákvæðið um aðiljaskýrslur, sem allshn. og þeir aðrir, sem um málið fjalla, eru fullvissir um, að leiði til réttari niðurstöðu í málum heldur en treysta má nú, vegna þess að þess hefir ekki verið kostur að leiða aðilja fyrir rétt og láta þá segja undir refsiábyrgð, hvernig málsatvikum er háttað. En það hefir þótt við brenna, þegar menn standa utan við og segja aðeins málaflutningsmönnum sínum frá málavöxtum, að þeir dylji ýmsar upplýsingar og fari sumstaðar ekki rétt með. En það er búizt við að fá tryggari upplýsingar, sem leiði til öruggari niðurstöðu, þegar aðiljaskýrslur verða teknar eftir því, sem frv. mælir fyrir.

Allshn. er því á einu máli um það, að mæla mjög eindregið með því, að frv. nái fram að ganga, og byggir skoðun sína á því, að okkar réttarákvæði séu mörg næsta úrelt og ekki í samræmi við kröfur tímans. Enda er það svo, að mörgum okkar réttarfarsákvæðum svipar til þeirra, sem giltu á Norðurlöndum fyrir nokkru síðan, en hafa verið endurbætt upp í svipað fyrirkomulag því, sem ætlazt er til að lögfesta með þessu frv.

Eins og getið er um í nál., sendi n. þetta frv. á síðasta þingi til tveggja aðilja, sem búast mátti við, að gætu gleggst um það dæmt, hvort ákvæði frv. væru til bóta, og þá bent á aðra leið, ef þeim þætti ástæða til. Þessir aðiljar voru lagadeild háskólans og Málaflutningsmannafélag Íslands. Lagadeildin hefir því miður ekki getað sent umsögn sína, sem stafar af því (eins og greinir í nál.), að einn lagakennarinn hefir verið mjög forfallaður vegna veikinda, annar, sem aðeins er settur, hefir haft óvenju miklum störfum að gegna í háskólanum undanfarið, og þriðji kennarinn hefir af sorgaratburðum, sem fyrir hann komu, ekki getað tekið þátt í venjulegum störfum um tíma. Allshn. sá sér því ekki fært að bíða eftir þessu áliti, þar sem hún hefir og mikla ástæðu til að ætla, að lagadeildin sé meðmælt þeim meginbreyt., sem í frv. felast. Veit ég, að ég má segja það eftir persónulegu viðtali við a. m. k. tvo af kennurum háskólans, að d. muni vera frv. í aðalatriðum sammála.

Málaflutningsmannafélag Íslands tók málið til rækilegrar athugunar, skipaði n., sem fór í gegnum frv. og benti á nokkrar breyt., sem hún taldi til bóta á því. Álit n. var lagt fyrir almennan fund í félaginu, sem einróma samþ. till. og álitsskjal n. innan félagsins. En heildarniðurstaða

þessa álits er á þá leið, að mælt er mjög eindregið með því að samþ. frv., en bent er hinsvegar á nokkrar breyt., og tel ég þær horfa til bóta á frv. Allshn. athugaði þessar brtt. sérstaklega, og leiddi sú athugun til þess, að þær brtt. voru teknar upp, sem n. leyfir sér að bera fram á þskj. 189. Eru nokkrar þeirra fullkomlega í samræmi við ábendingu frá málaflutningsmannafélaginu.

Ég skal nú í fáum orðum gera grein fyrir brtt. n. Fyrsta brtt. er smáleiðrétting á frv., þar sem láðst hafði að geta, að vitnað er í 82. gr. frv. til tryggingar því, að það væri augsýnilegt, að leitað skuli um sættir aðeins af héraðsdómara, en ekki sáttanefnd, í þeim málum, sem áður hafa verið rekin fyrir gestarétti samkv. sérstakri heimild í l. frá 1905 um varnarþing í veðskuldamálum. Það var alltaf meining þeirra manna, sem frv. sömdu, að þessu skyldi vera svo háttað, en var ekki nógu skýrlega tekið fram í 5. gr. frv.

2., 3. og 4. brtt. eru aðeins formsbreytingar viðkomandi starfi sáttanefndar, sem miðaðar eru við Reykjavík sérstaklega, þar sem langflest mál koma fyrir sáttanefnd. Og þetta er nánast eftir ábendingu frá þeim manni, sem um margra ára skeið hefir starfað í sáttanefnd Reykjavíkur, skrifstofustjóra Alþingis, Jóni Sigurðssyni. Hefir hann bent á þessi atriði samkv. fenginni reynslu sáttanefndar um framkvæmd bókhalds síns viðkomandi sáttaumleitunum, og allshn. hefir fallizt á röksemdir hans.

5. brtt. fjallar um það, að þegar þörf þykir á því að heyja dóma fyrir lokuðum dyrum vegna glundroða, sem ella kynni að eiga sér stað, eða vegna þess að málið er svo vaxið, að það særir blygðunartilfinningu manna, þá skuli dómari kveða upp úrskurð um þau atriði. Þetta er í samræmi við það, sem tíðkast annarsstaðar, þar sem dómþing eru háð í heyranda hljóði, og á að vera til þess, að það sé ekki órökstutt, að réttarhald fari ekki fram í allra áheyrn. B-liðurinn er aðeins formsbreyting.

6. brtt. er þess efnis, að leyfisgjald fyrir að flytja mál fyrir undirrétti sé 50 kr. í stað 100 kr. í frv. Málaflutningsmannafélagið mótmælti því, að gjaldið væri svo hátt, enda gat allshn. fallizt á að lækka það, þegar á það er litið, að stimpilgjald af skipunarbréfi til embættis er ekki nema 25 kr.

7. brtt. er á þá leið, að málaflutningsmönnum skuli vera skylt að hafa skrifstofu opna á ákveðnum tíma og tilkynna það dómara. „Setudómara“ í brtt. er prentvilla, sem ég vona, að nægilegt sé að leiðrétta hér með.

Eftir 8. brtt. skulu ekki aðeins héraðsmálaflutningsmenn, heldur einnig hæstaréttarmálaflutningsmenn hafa með sér félagsskap og velja fulltrúa úr sínum hópi.

Málaflutningsmannafélagið gerði aths. út af ákvæðum frv. um þetta, og þótti okkur rétt að ákveða, að allir málaflutningsmenn skyldu mynda með sér félagsskap til þess að gæta hagsmuna sinna og hafa eftirlit með því, að allir innan stéttarinnar hagi sér eins og svo ábyrgðarmiklu starfi sæmir. B-liður brtt. er á þá leið, að stj. félags löggiltra málaflutningsmanna geti veitt einstökum félagsmönnum áminningar og jafnvel lágar fésektir fyrir ávirðingar í starfi þeirra. Þetta er í samræmi við það, sem erlendis tíðkast. Þar ber öllum málaflutningsmönnum skylda til þess að mynda með sér félagsskap, og skal stjórn félagsins gæta þess, að meðlimir þess hagi sér eins og sómi stéttarinnar krefst, og má jafnvel svipta þá rétti til starfa. Við höfum þó ekki viljað ganga svo langt, heldur látið nægja að geta félagsstjórninni vald til áminninga og smásekta.

9. brtt. er efnisbreyting. Var drepið á þessa breytingu í álitsskýrslu málaflutningsmannafélagsins, án þess þó að nánar væri þar út í það atriði farið. En allshn. varð sammála um að taka það upp að greina sundur sakarefni. — Segjum svo, að mál hefjist út af árekstri skipa. Þá ber vitanlega fyrst að athuga það, hvort stefndur á sökina. Ef stefndur á hana ekki, koma auðvitað kröfur um bætur ekki til greina, en sé hann sekur fundinn, er fyrst um það að ræða, hve miklar bæturnar eigi að vera. Því er rétt að taka fyrra atriðið til meðferðar fyrst, en hefja ekki þegar mál út af skaðabótunum, og spara þannig málflutning, ef fyrra atriðið útilokar það síðara.

Þetta er í samræmi við þann aðaltilgang frv., að flýta fyrir málunum og fá á þeim sem öruggasta lausn.

Þá er 10. brtt. við 109. gr. Við viljum láta það koma skýrt fram, að málflutningur fyrir undirrétti skuli að öllum jafnaði vera munnlegur, en hitt séu undantekningar. Þetta er greinilega tekið fram í 10. brtt., og eru ákvæði hennar mjög í samræmi við það, sem tíðkast í hæstarétti. Allir þar, bæði dómarar og málaflutningsmenn, eru sammála um það, að munnlegi málaflutningurinn sé bæði eðlilegri og betri en hinn skriflegi, enda hefir allt gengið í þá átt þar að afnema skriflega málaflutninginn, eftir því sem sem mögulegt er. 10 ára starf hæstaréttar hefir fært mönnum heim sanninn um yfirburði hins munnlega málaflutnings. Við viljum slá hinu sama föstu í undirrétti með 10. brtt.

11. brtt. er ekki efnisbreyting. Aðeins er þar kveðið skýrara á um það, að aðili skuli leiddur fyrir rétt eins og vitni almennt. Við vildum orða þetta svo ljóst, að það gæti ekki orkað tvímælis.

Í 12. brtt. er nánar ákveðið um það, að dómari eiga að leyfa málaflutningsmanni að spyrja vitni, en ekki aðeins geti leyft það. En dómarinn verður auðvitað að vaka yfir því, að vitnin séu ekki þvæld eða spurð ósæmilegum spurningum né um það, sem ekki kemur málinu við. Dómarinn á að vera svo kunnugur málinu eftir framlögðum gögnum, að honum veitist auðvelt að hafa nauðsynlegt eftirlit með slíkum vitnaspurningum.

Í 13. brtt. er því bætt inn í 172. gr., að vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar í gjafsóknarmálum skuli í té látið tafarlaust og ókeypis.

Þá er 14. brtt., sem er þess efnis, að í fjölskipuðum dómi skuli birt ágreiningsatkvæði, t. d. í sjódómi, verzlunardómi og iðnaðardómi.

Ég vil að lokum mæla eindregið með því í nafni allshn., að þessar brtt. nái fram að ganga. Við teljum, að frv. með þessum breyt. sé framför og réttarbót, sem alþjóð sé fengur í, og verði til þess að flýta málum og gera lausn þeirra örugg-

ari. Með þessari löggjöf losnum við við hinn gamla, tafsama, skriflega málaflutning, sem auk þess var ekki eins öruggur sem hinn munnlegi, þar sem aðiljar sjálfir fást eigi ávallt fyrir dóm, þegar skriflegum málaflutningi er beitt.

*__Guðbrandur Ísberg:__ Ég mun ekki ræða einstakar gr. frv. að þessu sinni. Ég get þegar lýst yfir því, að í heild tel ég frv. vera til stórbóta. Það eitt er þegar mikils virði að fá fjölda lagaákvæða samræmd í ein lög. Þá tel ég líka, að umsögn málaflutningsmannafélagsins um frv. sé mikils virði. En mér eru það hinsvegar vonbrigði, að umsögn lagadeildar skuli ekki liggja fyrir, því að ég veit, að þar hefði verið tryggt, að jafnt tillit hefði verið tekið til dómara og málaflutningsmanna. En mér finnst sem í sumum greinum frv. sé gengið nokkuð nærri dómurunum. Frv. eykur þannig mjög störf dómara, einkum í kauptúnum. Þótt það sé annað mál, verður að hafa það í huga, að gera dómurum kleift að framkvæma þessi störf. Ég held, að með núverandi skrifstofufé verði það erfitt eða ómögulegt, sérstaklega fyrir bæjarfógeta, að leysa þessi auknu störf af hendi. Þetta verður þing og stj. að athuga, um leið og þessi lög koma til framkvæmda.

Ég vil að lokum spyrja hv. frsm., hvort ekki sé bráðlega von á umsögn lagadeildar, a. m. k. svo snemma, að hún geti legið fyrir Ed.

*__Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Lagadeild fól þeim prófessornum, sem hefir kennslu í réttarfarssögu á hendi, að semja álit um málið. En síðan hefir sá maður orðið fyrir miklum sorgaratburði og því ekki getað sinnt neinum aukastörfum. Ég veit ekki, hve það dregst lengi, að hann geti gefið sig að samningu álitsins, en ég vil taka það fram fyrir n. hönd, að okkur er það mjög kærkomið, að álit lagadeildar gæti komið sem fyrst, og þótt það gæti ekki komið fyrr en allshn. Ed. hefir fengið málið til meðferðar, væri auðvitað mikill vinningur í því. En ég tel ekki rétt að tefja málið í þessari d. af þeim ástæðum, þar sem búast má við því, að málið þurfi enn talsverðrar athugunar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 189,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 189,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
8.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 189,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
16.—23. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 189,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
29.—37. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 189,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
40.—44. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
45.—54. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 189,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
57.—58. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 189,7 samþ. með 19 shlj. atkv.
59. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
60.—62. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 189,8 samþ. með 20 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
64.—65. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
66.—70. gr. samþ. með 21 shlj. atkv
Brtt. 189,9 samþ. með 21 shlj. atkv.
71. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
72.—86. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
87.—102. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
103.—108. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 189,10 samþ. með 18 shlj. atkv.
109. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
110.—113. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 189,11 samþ. með 18 shlj. atkv.
114. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
115.—120. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
121.—132. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 189,12 samþ. án atkvgr.
133. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
134.—170. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
171. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 189,13 samþ. með 18 shlj. atkv.
172. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
173.—174. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
175.—186. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
187.—189. gr. samþ. með 21 shlj. atkv
190.—191. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 189,14 samþ. með 19 shlj. atkv.
192. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
193.—196. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
197.—199. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
200.—206. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
207.—210. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
211.—215. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
216.—221. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
222.—224. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3 umr. (A. 220, 234).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 234. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*__Guðbrandur Ísberg:__ Frá því að 2. umr. þessa máls fór fram hér í d., hefi ég athugað frv. þetta nánar en ég hafði gert þá, og því betur sem ég hefi skoðað það í kjölinn, því sannfærðari er ég um, að breyt. þær, sem í því felast frá gildandi lögum, eru til bóta. Við athugun málsins hafði ég og í huga þá breyt. á þessari löggjöf að aðskilja meira en gert er lögregluvald og dómsvald og hafa t. d. fjórðungsdómara, en við nánari athugun þykist ég sjá, að þær breyt. eiga ekki við hér enn sem komið er. Get ég því fallizt á frv. eins og það liggur fyrir, a. m. k. í aðalatriðum. Það eru því aðeins nokkur smærri atriði, sem ég hefði óskað að fá breytt, sérstaklega að

því, er orðalag snertir. Það hefir t. d. verið breytt orðalagi á eiðstafnum, sem ég felli mig illa við. En eigi að síður mun ég ekki fara fram á, að því atriði sé breytt í frv., þar sem hér er einungis um smekksatriði að ræða, en ekki lagalegt atriði, sem ég vil ekki fara að vekja deilur um. Þannig mætti og nefna fleiri atriði, sem ég hefði frekar kosið, að orðuð væru á annan veg, en um það skal ég ekki fara fleiri orðum nú. Aftur á móti tel ég alveg nauðsynlegt að breyta 27. gr. frv., en hún fjallar um greiðslur til sáttanefndarmanna. Að sjálfsögðu tel ég, að *sáttanefndarmenn eigi tilverurétt*, því að sú aðferð að láta mál ganga til sáttanefndar er bæði ódýr og hentug leið til þess að ljúka málum á fyrsta stigi. En eins og gr. er orðuð, geta reikningar frá sáttanefndarmönnum orðið háir, sérstaklega utan kaupstaða. Noti sáttanefndarmenn t. d. bíl til þess að komast á fundarstað og þaðan aftur, getur kostnaðurinn við sættagerðina eða sáttatilraunina tæplega orðið undir 24 kr. Þetta finnst mér óþarflega stórt spor frá því, sem nú er. Ég vildi því leggja það til, að greiðslan til sáttanefndarmanna yrði 1 kr. til hvors, þegar ekki gengur úrskurður um mál, en 2 kr. til hvors, þegar úrskurður gengur í málinu, eða samtals 4 kr., en það er sama og greiða ber til dómara fyrir úrskurð samkv. aukatekjulögunum. Auk þessa vildi ég, að sett yrði fast ákvæði *um ferðakostnaðinn*, að *hann* verði t. d. ákveðinn 7 kr. á dag, eins og hjá sýslunefndarmönnum.

Þá vildi ég leggja til, að gerðar yrðu lítilsháttar breyt. á 17. gr. frv. Þar er haldið þeirri reglu, að menn geti leitað til dómara og krafið hann um að gefa út stefnu endurgjaldslaust. Þetta getur í sumum tilfellum verið mjög óþægilegt. Það kemur nfl. oft fyrir, að ýmislegt, sem ekki er tekið fram í stefnunni, kemur fram undir rekstri málsins. En það er leiðinlegt fyrir dómara að hafa gefið út stefnu, ef sakarefni eyðileggst af þeim ástæðum, að það er ekki réttilega tilfært í stefnunni. Hjá þessu mun þó tæplega vera hægt að komast upp til sveita, þar sem engir málaflutningsmenn eru. Ég myndi nú alls ekki vera að hafa á móti því að halda þessu ákvæði í lögum eins og það er, ef það skipti eingöngu fátækari mennina, gæti verið þeim eingöngu til hagsbóta. En því fer fjarri, að svo sé, a. m. k. er það mín reynsla og fjölda annara starfsbræðra minna, að flestar stefnur úti á landi komi frá verzlunarmönnum eða iðnrekendum. Þeir spara sér fé með því að fleygja blaði í sýslumanninn með áletruðum kröfum sínum og biðja hann að gefa út stefnuna. Ég hefi sjálfur orðið fyrir þessu. Það hefir komið til mín kaupmaður og fengið mér lista með mörgum nöfnum skuldunauta sinna og beðið mig að gefa út stefnur á þá hvern fyrir sig. Þetta var vitanlega töluvert mikið verk, og tilgangur stefnanda að komast hjá sérstökum kostnaði á þennan hátt. Mér finnst því, að ekki megi minna vera en að eitthvað sé fyrir það borgað, ekki síst þegar gefið er upp rangt heimilisfang skuldunauta, svo að það hefir þurft að endurrita stefnur á þá og gefa þær út á ný. Að vísu er það sök kröfueigenda. En þegar það stendur skýlaust í lögum, að þetta skuli gert borgunarlaust, þá hika dómarar við að krefjast endurgjalds fyrir það.

Sáttanefndir geta tekið ritlaun fyrir eftirrit af málsskjölum, og prestar fyrir vottorð, sem þeir eru beðnir að gefa. Þess vegna finnst mér, að það megi ekki minna vera en að héraðsdómarar fái einnig þóknun fyrir það. Þetta er að vísu ekkert stórmál, en það er ástæðulaust að ætla þeim að gefa afrit af slíkum skjölum endurgjaldslaust í viðbót við það, að þeir verða að semja stefnur fyrir ekki neitt. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að 87. gr. verði breytt þannig að *greitt verði fyrir að semja stefnur*, er samsvari ritlaunum.

Sömuleiðis legg ég til, að gerðar verði orðabreytingar í 135. og 137. gr. — Nú hefi ég ekki gengið frá þessum brtt. né látið prenta þær, og vil helzt komast að samkomulagi við hv. frsm. allshn., hvort heldur þær skuli orðaðar á þann hátt, sem ég hefi gert, eða með lítilsháttar breyt., er hann kynni að óska eftir. Ég vil því leyfa mér að beina því til hæstv. forseta og hv. frsm., hvort þeir geti ekki fallizt á, að umr. verði frestað og málið tekið af dagskrá, til þess að mér gefist kostur á að tala við hv. n. um þessar brtt.

*__Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson)__: Ég vil þakka fyrir hin vinsamlegu ummæli hv. þm. Ak. um frv., og það því fremur, sem hann hefir athugað það rækilega og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri til mikilla bóta. Ég hefi átt kost á að sjá brtt. hv. þm. við frv., í handriti, og eru þær allar á þá lund, að ég get vel fellt mig við þær. Tvær þeirra eru aðeins málfarsbreytingar, sem ég get fallizt á, að betur muni fara. En hinar tvær eru ofurlitlar efnisbreyt., sem hann hefir gert grein fyrir í ræðu sinni, og ég hefi ekkert á móti, að verði samþ. Mér finnst önnur þeirra vera sanngjörn og eðlileg, sem fer fram á það, að dómari fái þóknun fyrir að gefa út stefnu.

Ég hefi lagt fram brtt. við frv. á þskj. 234. En þar sem ekki hefir verið leitað afbrigða fyrir því, að hún megi komast að til umr., þá ræði ég ekki um hana að sinni. En ég get fyrir mitt leyti fallizt á, að málið verði tekið af dagskrá, svo að hv. þm. Ak. geti haft tækifæri til að koma að sínum brtt. við þessa umr. Jafnframt mælist ég til þess við hæstv. forseta, að það verði aftur á dagskrá á morgun, því að allshn. vill, að frv. gangi fram á þessu þingi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 234, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*__Magnús Torfason__: Ég heyrði það á hv. frsm., að honum var annt um, að þetta frv. fengi greiðan framgang hér í d. og að hann ætlast til þess fyrir sitt leyti, að frv. verði afgr. sem lög frá þessu þingi. — Það stendur í 222. gr. frv., að l. eigi að ganga í gildi 1. sept. 1936. Eftir því á undirbúningur undir þessa breyt. að vera sem skemmstur. Mér skilst, að dómarar eigi að nota sumarfríið til þess að undirbúa hana. Ég held, að þetta sé fullmikið bráðlæti. Mér er kunnugt

um, að þegar gerðar eru meiri háttar breyt. á réttarfarslöggjöfinni í öðrum löndum, þá eru skipaðar n. til þess að athuga málið, og hafa þær langan tíma til að undirbúa breyt. Svo er komið með þær inn í þingin, og er þeim velt þar ár eftir ár, þar til samkomulagi er náð um það, hvernig á að afgr. þá lagabálka. En hér er verið að leggja til, að þessi lög verði hespuð af á einu þingi. Ég álít, að það hefði ekki veitt af að þvæla um þau á tveim þingum, þannig að hvor d. fyrir sig hefði haft það heilt þing til meðferðar. — Nú er það vitanlegt, að þetta frv. hefir verið undirbúið af sérfróðum mönnum góðum og gætnum. Ég held líka, að það sé enginn vafi á, að þessi löggjöf stefnir í rétta átt og að hún er að mörgu leyti til bóta. En það er heldur enginn vafi á hinu, að það er full þörf á að athuga frv. betur en gert hefir verið.

Við skjótan yfirlestur virðist mér frv. of einhæft, og er það sýnilega miðað við staðhætti og starfsmenn hér í Rvík, enda er það undirbúið af lögfræðingum, sem aðallega eru kunnugir meðferð mála þar. Ég skal nú færa þessum orðum mínum stað með því að benda á nokkur atriði í frv., sem ég tel, að betur hefðu mátt fara. — Í 2. gr. frv. er sagt, að bæjarstjórnir í kaupstöðum skuli skipa sáttamenn. Ég veit nú ekki fullkomlega, hvað á að felast í þessum orðum; en ég hélt, að meiningin væri sú, að þær ættu að velja sáttanefndarmenn, og ef svo væri, þá yrði það gert samkv. hlutfallskosningu. Og þá er það pólitískt vald, sem á að framkvæma þessa skipun. Þetta bendir fyllilega til þess, að það veltur gersamlega á agitationum hins pólitíska valds, hverjir verða sáttasemjarar, og veit ég ekki, hvort það er rétt. Amtmennirnir skipuðu áður sáttanefnarmenn í hreppunum, og sýslumenn hafa gert það nú um alllangt skeið, og hefi ég ekki orðið þess var, að það færi illa á því; en nú eiga hreppsnefndir að skipa þá samkv. þessu frv. Þar sem þetta er einn mikilsverður liður í réttarfarsmálunum, finnst mér eðlilegra, að dómararnir, sem eiga að byggja á gerðum sáttanefnda, skipi sáttanefndarmenn. Hinsvegar hefir því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv., verið framfylgt í Rvík og kaupstöðunum nú um skeið, og hefir það ekki orðið til bóta. Það hefir jafnan mikið að segja fyrir meðferð og úrslit mála, að í sáttanefndum séu gegnir og góðir menn. Þess vegna má ekki láta sér standa á sama um það, hverjir til þess veljast. Skipunarvaldið mun bezt komið hjá dómurunum m. a. vegna þess, að þeir hafa hagsmuna að gæta um það, hvernig sáttanefndir rækja störf sín. Því betur sem þær inna þau af hendi, því færri mál koma til dómara. Úr því að verið er að breyta þessum lögum á annað borð, þá álít ég rétt að vikka nokkuð verksvið sáttanefnda. Ég sé t. d. ekki, hvers vegna eigi má trúa þeim fyrir einföldum skuldamálum, einkum að því er kemur til útivistardóma. Með því mætti áreiðanlega spara mönnum talsverð fjárútlát. Þetta ákvæði 2. gr., um að hreppsnefndir skuli skipa sáttamenn, virðist vera í ósamræmi við síðustu málsgr. 4. gr., þar sem sýslumönnum, og í bæjum lögmönnum, er ætlað að meta ástæður manna til undanfærslu frá sáttastarfinu. Hvers vegna er bæjarstjórnum og hreppsnefndum ekki ætlað að skera úr því?

Þá er í 8. gr. sagt, að sáttamaður skuli rita á kæru ákvörðun sína um stað og stund sáttafundar. En ég tel réttara, ef það væri til hægðarauka fyrir aðilja, að ákveða sáttafundarstað þingstað hreppsins; það er sá staður, sem bezt er í sveit komið samkv. nálega 1000 ára reynslu hér á landi, um það hvar slíkar samkomur eiga að vera. Ég sé enga ástæðu til annars en að sáttaþing séu látin fara fram á þingstað hreppsins, ef annað er ekki viðkomandi aðiljum til meiri þæginda. — Þá vil ég athuga lítilsháttar ákvæði 27. gr. frv., um borgun til sáttamanna. Ég get ekki verið sammála hv. þm. Ak. um það, að þeir eigi aðeins að fá 1 krónu á dag, en þar er nú líka nokkurt bil á milli þess og ákvörðunar frv. Ég fæ ekki séð, að þetta geti staðizt eins og það liggur nú fyrir í frv., að í Rvík geti sáttamaður fengið 7 kr. á dag eða fyrir hluta úr degi; við vitum, að sáttamenn taka hér oft fyrir tugi mála á dag, og það er ekki annað sýnilegt en að þeim sé ætlað að fá 7 kr. fyrir hvert mál. (GÞ: Ekki í Rvík). Ja, það stendur í frvgr., að ef sáttamenn gegna fleiri málum í sömu ferð, skal skipta dagpeningum og ferðakostnaði sanngjarnlega milli málanna. — Já, það er rétt, þetta á við sáttamenn utan kaupstaða.

En svo er það annað, sem ég sé ástæðu til að drepa á. Sáttamaður á aðeins að fá borgun fyrir verk sín, ef sáttafundur er haldinn utan heimilis hans. Ég skal ekki, hvers vegna á að gera upp á milli sáttamanna í þessu efni. Sá, sem er aðkomandi, fær dagkaup, en hinn, sem heldur sáttafund á heimili sínu, á ekkert að fá. Að vísu fá sýslumenn ekki sérstaka borgun fyrir störf, sem þeir framkvæma heima hjá sér, svo sem skattanefndarstörf o. fl. En það hefir verið fóðrað með því, að sýslumenn hefðu föst embættislaun. Sáttamenn hafa hinsvegar engin laun sem slíkir. Þetta þýðir það, að ef sáttamaður stefnir málsaðiljum á heimili sitt til sáttafundar, verður hann að traktera þá auk þess tíma, sem hann eyðir, án nokkurs endurgjalds, en hinn sáttamaðurinn á að fá dagpeninga fyrir sín störf. Ég held, að það hefði mátt ganga betur frá þessu atriði en gert hefir verið í frv. Ég get ekki séð hvaða sanngirni er í því, að sáttamaður, sem fer máske í næsta hús til sáttafundar, fái 7 kr., en hinn ekki nema 2 kr. fyrir sáttastarfið.

Í II. kafla, sem fjallar um dómara o. fl., er í 29. gr. kveðið svo á, að héraðsdómari eigi að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli. Þetta getur verið gott og gilt, og hefi ég ekkert á móti því. En ég held, að það hljóti að vera réttara að ákveða nánar um þetta, og þá sérstaklega, hver á að úrskurða um það, hvað heppilegast sé að gera í hverju máli í þessu sambandi. — Þá er í 30. gr. sagt auk þess, sem konungur skipar reglulega héraðsdómara, að ráðh. ákveði embættisbústað þeirra hverju sinni. Það mun nú vera nokkurnveginn ákveðið um allt land, hvar embættisbústaðir héraðsdómara skuli vera, en það er í kaupstöðum og stærstu verzlunarstöðum héraðanna. Þó er hér á Suðurlandsundirlendi alls ekki fullvíst, hvar þeir sýslumenn, sem þar eru, skuli

hafa sinn embættisbústað, eða hvort það verður á þeim stöðum, sem þeir nú eru. En það getur kostað þessa embættismenn stórfé, ef þeir eru búnir að byggja sér hús á einhverjum vissum stað í héraðinu, og svo skyldi embættisbústaðurinn ákveðinn annarsstaðar. Getur það vissulega orðið til þess að koma þeim embættismönnum í fjárhagslegt öngþveiti frá upphafi embættisstarfs þeirra til enda. Til sveita er ekki hægt að selja slíkar eignir fyrir sannvirði; það hefir reynslan sýnt. Þess vegna tel ég rétt, að um leið og þessi kvöð er lögfest, þá sjái ríkið um, að embættisbústaðirnir séu að fullu ákveðnir. Enda mun nú yfirleitt vera orðin þörf á því allsstaðar, m. a. vegna þeirra skjalasafna, sem nú fylgja dómaraembættum. Og ef það á að vera unnt að gegna þessum embættum svo að vel sé, þá hygg ég, að flestir skilji, að ríkið verður að sjá um, að embættinu fylgi sæmilegar skrifstofur, svo að hægt sé að koma þar fyrir skjölum, svo að í lagi sé, þannig að þeim sé vel niður raðað. En það er ekki hægt, nema embættisbústaðirnir séu góðir. — Nú, þá er í 32. gr. tekið fram, að til þess að maður geti orðið dómari, verði hann áður að hafa verið í vissum stöðum. Það á t. d. að vera meðmæli með manni í dómarastöðu, að hann hafi verið bankastjóri, sendiherra eða fulltrúi sendiherra. Mér þykir þetta dálítið hjákátlegt, því ég held tæplega, að bankastjórar færu að sækja um dómaraembætti. Það er ekki það vel launað starf. Og ég hélt satt að segja, að þessar stöður væru heldur til þess, að slíkir menn gleymdu því alveg, sem þeir hefðu lært í lögum. Það er eins og gerist, þegar menn fá stöður, sem ekki koma við þeirra námi, þá gleyma þeir sínum barnalærdómi smátt og smátt.

Eitt aðalatriðið í þessum lögum er það, að dómarar eiga að stýra málum og leiða þau, og það er ekki nema gott um það að segja, og tel ég það sjálfsagða bót. En með því er sett á þá talsverð ábyrgð frekar en áður var, og það er enginn vafi á því, að það verður ekki minni þörf heldur en áður til þess að hafa dugandi menn í þessum embættum. En nú er svo komið, að það vill helzt enginn dugandi lögfræðingur fara í þessi embætti. Hann gerir það aðeins tilneyddur, og stéttin hefir verið talsvert rýrð með þeim launakjörum, sem henni hafa verið boðin. En það virðist sem svo, að þeir, sem um þetta mál hafa fjallað, hafi ekkert hugsað um þetta, og virðist þó rétt að gera það um leið.

Þá stendur í 55. gr., að menn séu skyldir að fela löggiltum málflutningsmanni mál sín, nema með þeim undantekningum, sem áður eru í gr. taldar, að menn geti látið frændur sína að feðgatali eða niðja o. s. frv. fara með þau. Hér er lögboðinn nokkurskonar einkaréttur fyrir málflutningsmenn, en ég veit ekki, hvort það er full ástæða til enn sem komið er að gefa þeim þennan einkarétt. A. m. k. skilst mér, að það sé nokkuð hart, ef þær stofnanir eða einstakir menn, sem hafa lögfræðinga í sinni þjónustu, mættu ekki láta þá sjá um mál sín, sérstaklega ef um einföld skuldamál væri að ræða. Það er reynsla fyrir því, að þetta getur orðið alldýrt. T. d. kom það fyrir hjá mér nýlega, að maður í Reykjavík átti 35 kr. hjá manni austur í sveit. Hann fékk dóm fyrir skuldinni, og var svo farið austur í Árnessýslu til að gera fjárnám, og var skuldin þá komin upp í 212 kr. Í þessu sambandi kemur mér í hug, að menn ættu að geta farið með slík mál til sáttanefnda, en þurfi ekki að leita til málaflm., m. ö. o., að menn geti leitað sáttanefnda í þeim tilfellum, þegar viðkomandi utanhéraðsmenn eru skyldir til þess að mæta hvort sem er. Mér finnst yfir höfuð að tala, að þessi forréttur málflutningsmanna verði nokkuð víður og að það mætti vel þrengja hann. Frv. ber líka vott um það, að tiltrúin er ekki alveg örugg hjá þeim, sem frv. hafa samið, til málflutningsmanna. Það stendur sem sé í 60. gr., að loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf sé ekki skuldbindandi. Mér finnst þarna sveigt nokkuð að málflutningsmönnum og að það sýni, að það er þó ekki full og undantekningarlaus tiltrú til þeirra. Það er síður en svo, að ég æili að fara að gera lítið úr þessari stétt yfirleitt, en hún er nú risin upp á fáum árum, svo að þetta má heita alveg ný stétt, og það er ekkert undarlegt, þó að þar kunni að vera misjafn sauður í mörgu fé.

Þá þarf ég aðeins að minnast á 135. gr., um þóknun til vitna. Þar stendur, að vitni eigi aðeins að fá þóknun, ef það krefjist þess. Mér finnst ekki rétt að pína vitnið til þess að gera kröfu um þóknun; það er sjálfsagt, að það fái hana án þess. Ég hefði því talið réttara að orða þetta þannig, að vitnið ætti að fá þóknun, ef það ekki neitaði að taka við henni. — Svo á vitnið að fá 50 aura til 1 krónu fyrir hverja klukkustund, er það missir af starfi vegna þingsóknar. Ég veit ekki, hvort það er ástæða til að halda þessum gömlu 50 aurum; ég hefði talið réttast að láta þetta vera blátt áfram 1 krónu.

Þá er í 137. gr., þegar matsgerðir eiga fram að fara, ekki talað um það, hverjir eigi að stýra matsgerðinni eða hverjir hefjist handa um hana. Gæti það því komið fyrir, að þeir væru að bíða hver eftir öðrum, matsmennirnir. Ég hélt, að það væri útlátalaust að setja það í l., að dómari ákvæði það, hver þessara manna ætti að stýra matsgerðinni og hver þeirra ætti að bóka.

Þá er eitt atriði, sem ég tel til bóta, það er 7. liðurinn í 175 gr., um kostnað af flutningi mála, að hann á að vera hæfilega metinn af dómara. Það hefir nefnilega oft komið fyrir, að málflutningsmenn hafa tekið alveg óþarflega hátt fyrir flutning mála í útivistardómum, þar sem eiginlega er ekki annað verk en að búa til stefnu. Ég segi fyrir mitt leyti, að mér hefir þótt það illt verk að þurfa að taka þær kröfur til greina, og því tel ég þetta ákvæði til bóta og býst við, að það verði skoðað sem svo, að dómarar séu ekki bundnir við taxta málflutningsmanna. Og í því sambandi vil ég minnast á 148. gr., þar sem aðilja er heimilt að leggja fram sundurliðaðan reikning yfir kostnað sinn, og skal þá að jafnaði dæma honum þann kostnað, sem hann hefir haft af málinu. En aðili þarf ekki annað en að láta málflutningsmann rubba upp einhverjum reikningi, og bendi ég á þetta út af því, að ég vil hafa skilið þetta „að jafnaði“ sem svo, að dómari sé ekki bundinn við það.

Nú, hvað viðvíkur málinu á þessu frv., þá

hefði það mátt vera betra víða hvar. En ég skal ekki fara að elta ólar við það, aðeins nefna sem dæmi, að þeir, sem um frv. hafa fjallað, virðast hafa mikið dálæti á orðinu „undir“, eins og t. d. „undir sama skilyrði“. Þetta er ekki nokkur íslenzka. Eins er um fyrirsögn 18. kaflans: „Um mál til faðernis óskilgetinna barna“. Þetta er ekki fallegt mál. Svona mætti telja áfram, en ég ætla ekki að fara frekar út í það.

En hvað sem þessu öllu líður, þá óska ég þess, að ef þessi l. verða samþ., þá verði þau ekki látin ganga í gildi fyrr en 1. jan. Ég hygg, að þau séu ekki of vel undirbúin, þó frestur sé gefinn þangað til. En eins og tekið hefir verið fram hér, þá eru einmitt flest mál til sveita síðari part sumars og að hausti.

Það hefir verið minnzt á það hér, að æskilegt væri að aðskilja dómsvaldið frá öðrum störfum. Ég tel alls ekki tíma til kominn að hugsa um það, m. a. vegna fásinnisins, sem hér á landi er, auk þess sem það verður allt of dýrt. Það hefir sýnt sig í öðrum löndum, þar sem það hefir verið gert, að það hefir kostað mikið fé. Og ég býst ekki við, að menn líti svo á, að það sé nokkur vegur til þess að fara að taka á sig slíkar byrðar að nauðsynjalitlu, eins og högum er nú háttað.

*__Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson)__: Þó að þetta mál verði nú tekið af dagskrá, áður en þessari umr. lýkur, þykir mér rétt að minnast fáum orðum á ræðu hv. 2. landsk., sem nú hefir lokið máli sínu.

Hv. þm. taldi það fyrst og fremst mikið bráðræði að ætlast til þess, að þetta frv. verði að l. á yfirstandandi þingi, og tók sem dæmi, að í öðrum löndum væru slík mál sem þessi undirbúin af allskonar n. og veltust síðan á þingi ár eftir ár, áður en þau væru afgr. Jafnvel þó að segja megi, að þetta sé rétt, þá getur nú verið álitamál, hvort þetta sé nokkur fyrirmynd. Ég er alveg sammála hv. 2. landsk. um það, að þetta mál verði að vera vel undirbúið, enda tel ég, að svo sé, þar sem það hefir verið athugað allrækilega af mönnum, sem álitnir voru að vera vel til þess hæfir. Síðan var það lagt fyrir síðasta Alþingi, að ég hygg í nóvember, og síðan tekið upp strax í byrjun þessa þings. Hv. þm., sem nú sitja á þingi, hafa því átt þess fullan kost að kynna sér þetta frv. frá því í nóvember s. l. Ég hygg því, að það sé engin goðgá, þó að við í allshn. höfum mælt eindregið með því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Hv. 2. landsk. gat þess, að frv. bæri þess merki, að um það hefðu fjallað menn, sem miðuðu mest við Reykjavík. Það má að vísu til sanns vegar færa, að frv. sé þannig úr garði gert, að það sé mest miðað við Reykjavík, en það kemur til af þeirri einföldu ástæðu, að meiri hluti allra dómsmála á landinu kemur fyrir í Reykjavík. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þó sagt sé, að yfir 90% allra dómsmála komi fyrir í Reykjavík, en aðeins tæpur 1/10 hluti utan Reykjavíkur. Frv. gerir líka ráð fyrir því, að það gildi nokkuð sérstakt um meðferð mála hér í Reykjavík, þar sem enginn hörgull löglærðra málflutningsmanna er.

Þá hafði hv. 2. landsk. það við 2. gr. frv. að athuga, að sáttanefndarmenn væru skipaðir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum, og taldi vafasamt, að orðalagið „skipun sáttanefnda“ þýddi það sama og val sáttanefnda. En ég álít, að það geti ekki verið neinum vafa bundið. Það eru til ákveðin fyrirmæli um það og verða nú, þegar afgr. verður frv. til l. um kosningar í málefnum sveita og bæja, að ef kosnir eru fleiri en einn maður af bæjarstjórn og hreppsnefnum, þá skuli farið eftir hlutfallskosningareglum. Og frá því 1932 hafa sáttanefndarmenn í Reykjavík verið kosnir af bæjarstjórninni þar, og ég veit ekki til þess, að undan því hafi verið kvartað á nokkurn hátt, enda skilst mér, að sú kosning hafi ekki verið neitt pólitísk. Ég hygg, að ég megi fullyrða, að val á sáttanefndarmönnum í Reykjavík, eftir að bæjarstjórnin fór að kjósa þá, hafi ekki tekizt verr heldur en áður, og ég vænti þess, að svo verði annarsstaðar, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir velji þá menn eina til sáttanefndarstarfa, sem þær hyggja, að séu bezt til þess fallnir. Ég hygg, að þetta val á sáttanefndum sé öllu heppilegra heldur en hjá héraðsdómurum, því að það er svo, t. d. þar sem um víðáttumikil lögsagnarumdæmi er að ræða, að hreppsnefndir hafa miklu betri skilyrði til þess að velja góða menn í þessu tilliti heldur en héraðsdómarar, þó að ég vilji ekki halda því fram, að þetta hafi mistekizt hjá dómurum yfirleitt.

Þessi sami hv. þm. var að tala um laun sáttanefndarmanna. En fyrir mér er það aukaatriði. Ég tel, að þeir eigi að hafa hæfilega þóknun, og virðist mér sæmilega frá því gengið í frv., en hinsvegar tel ég, að í væntanlegum brtt. hv. þm. Ak. felist ákvæði, sem séu sanngjörn og eðlileg, og ég hefi eftir lauslega athugun á þeirri brtt., sem þetta snertir, komizt að þeirri niðurstöðu, að ég geti vel fylgt henni.

Um bústaði dómara ræddi hv. 2. landsk. líka, og mér skildist á honum, að hann væri hræddur um, að í höndum dómsmálaráðuneytisins kynni það að vera vafasamt, hvernig tækist til með skipun um bústaði dómara. En ég ætla þó, að þetta hafi verið þannig undanfarið, að dómsmálaráðuneytið hafi þurft að samþ. bústaði dómara, þó að oftast hafi verið farið að ráðum hlutaðeigandi dómara, ef ekki hefir þótt einhver sérstakur staður alveg sjálfsagður. Ég álít því, að með þessu ákvæði 31. gr. frv. verði engu breytt frá því, sem tíðkazt hefir til þessa með bústaði dómara.

Hv. 2. landsk. taldi það vafasamt, að bankastjórar og sendiherrar hefðu haldið vel við lærdómi sínum í lögvísindum og að þeir væru vel til þess fallnir að gegna þeim starfa, sem ræðir um í 32. gr. frv. En ég hygg þó, að þeir lögfræðingar, sem hafa verið bankastjórar, sendiherrar eða fulltrúar sendiherra, hafi átt þess nægan kost í starfi sínu að rifja upp fyrir sér fræði sín og jafnvel nota þau. Ég hygg því, að það megi til sanns vegar færa, að þessi störf geri menn frekar hæfa til dómarastarfs heldur en mörg önnur störf, þar sem engin lögfræðiþekking þarf til að koma. Annars er þetta í sjálfu sér mjög mikið aukaatriði.

Þá skildist mér, að hv. þm. hefði út á það að setja í 55. gr. frv., þar sem svo er fyrirskipað,

að í Reykjavík mætti maður ekki flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í því sambandi við aðilja, sem tilgreint er í þessari gr., eða sé löggiltur málaflutningsmaður. Þetta ákvæði nær aðeins til Reykjavíkur, en dómsmálaráðuneytinu er heimilt að láta sömu reglu gilda um aðra kaupstaði landsins, ef þar er enginn hörgull löglærðra málflutningsmanna. Reynslan er sú, bæði hér á landi og annarsstaðar, að það hefir orðið mörgum manninum bjarnargreiði að leita til ólöglærðra manna með mál, og ég veit þess mörg dæmi, að dýrara hefir verið fyrir menn að leita til slíkra manna með mál sín, því að þeir hafa sökum kunnáttuleysis síns, sem eðlilegt er, gert það að verkum, að það hefir ekki náðst sá árangur af málinu, sem hefði getað fengizt, ef þeir menn hefðu fjallað um málið, sem með kunna að fara. Ég hefi sjálfur tekið við fleira en einu máli, sem flutt hafa verið fyrir undirrétti af ólöglærðum mönnum, sem hafa gengið þannig frá málunum, að mjög illt hefir verið að koma fram málstað umbjóðendanna, sökum aðgerða hinna ólöglærðu manna fyrir undirrétti, og nú er svo komið hér í Reykjavík, að það er mjög lítið leitað til annara manna í þessu efni heldur en löglærðra manna, og ég tel það yfirleitt óheppilegt fyrir menn, sem þurfa að fara í mál, að leita til ólöglærðra manna. Frá sjónarmiði dómaranna get ég fullyrt, að þeir eru þess mjög hvetjandi, að aðeins löglærðir menn fjalli um mál, og telja þeir, að oft sé erfitt að taka við máli úr höndum ólöglærðra manna, sem ekki hafa athugað að upplýsa málið þannig, að öruggt væri að leggja dóm á það. Ég ætla því, að bæði frá sjónarmiði almennings, dómaranna og eins frá því sjónarmiði, að það sé æskilegt, að sem bezt lausn fáist í hverju máli, þá sé yfirleitt öruggast, að löglærðir menn fari með málflutning, þar sem þess er kostur. Í nágrannalöndum okkar er það fyrirskipað, að löglærðir menn fari með málin. — Hv. 2. landsk. taldi, að mál gæti orðið dýrara í höndum málflutningsmanna, og nefndi dæmi í því sambandi, en ég verð að segja, að þótt ólöglærður maður hefði farið með þetta mál, sem hv. þm. gat um, þá efast ég um, að það hefði orðið ódýrara í hans höndum. Ég þekki fleiri en eitt dæmi þess, að í höndum ólöglærðra manna eru mál sízt ódýrari fyrir skjólstæðinginn.

Út af 137. gr. hafði hv. þm. það að athuga, að þess er ekki getið, hverjir eigi að stjórna mati, þar sem matsmenn eru tilnefndir. Í Reykjavík hefir það tíðkazt um langan aldur, að aldrei hefir verið tekið fram, þegar matsmenn hafa verið útnefndir, hverjir eiga að stefna þeim saman, heldur hefir sá, sem útnefndi matsmennina, séð um, að þeir kæmu saman. Ég ætla því, að með þessari gr. sé engin breyt. gerð á því, sem áður var, því að mér er ekki kunnugt um það, að í lögum hafi gilt einhverjar aðrar reglur um það, að svo skuli fyrir mælt, að einhver matsmaður skuli stjórna matinu og kveðja matsmenn til funda. Með þessari gr. er því engin breyt. gerð frá því, sem áður ríkti í þessu efni, enda var engin ástæða til þess.

Það voru yfirleitt smáatriði, sem hv. þm. sá eitthvað athugavert við, og þykir mér það góðs viti, því að hann hefir fengizt við dómarastörf í mörg ár.

Um málfarið á frv. má náttúrlega alltaf deila, og getur vel verið, að það mætti orða einstaka setningu betur, og er sjálfsagt að taka til greina till. til bóta í þá átt, en ég held, að það séu ekki mörg atriði í frv., sem geta verið sérstakur ásteytingarsteinn frá málfarslegu sjónarmiði.

Það mun vera ákveðið af hæstv. forseta, að þetta mál verði tekið af dagskrá, og þar sem hv. þm. Ak. mun bera fram brtt. við það, þá gefst hv. 2. landsk. líka kostur á því að bera fram brtt. við það, ef hann æskir þess, út af þeim atriðum, sem hann hefir drepið á í sinni ræðu.

*__Magnús Torfason__: Hv. frsm. þurfti ekki að taka það fram, að ég myndi geta sætt mig við þetta frv., því að ég lýsti því sjálfur yfir og þóttist fara heldur lofsamlegum orðum um það. Þótt ég gerði við það einstakar aths.

Ég þarf litlu að svara, en þó vil ég taka það fram, að mér er ekki kunnugt um það, að dómsmrh. hafi til sveita nokkurntíma notað þá heimild, sem hann kann að hafa til þess að ákveða, hvar sýslumaður eigi að sitja, blátt áfram af því að hann hefir ekki getað það. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að við sýslumannaskipti í sveitum verður breyting á bústöðum þeirra. Í Skaftafellssýslu sat sýslumaður að vísu lengi á sömu jörðinni, sem var þjóðjörð, en það stafaði blátt áfram af því, að sýslumaðurinn gat hvergi annarsstaðar fengið jarðnæði, og gengur það líka oft illa t. d. í Árnessýslu. Sýslumaðurinn þar sat á Eyrarbakka í nokkur ár, þangað til hann gat fengið sæmilegt jarðnæði annarsstaðar. Að því, er sjálfan mig snertir, þá sit ég á þeim stað í Árnessýslu, sem bezt er til þess fallinn að vera sýslumannssetur, en þangað varð ég að flækjast, af því að ég fékk hvergi inni annarsstaðar og hafði ekki ráð á að byggja sýslumannssetur fyrir 40—50 þús. kr. og eiga svo ekki von á að geta selt það fyrir meira en 10—12 þús. seinna. Sjálfur hefi ég keypt mér hús það, sem ég bý nú í, og þó ég fengi það með vægu verði, þá hefi ég enga von um að geta selt það fyrir sama verð og ég keypti það. Þetta á sjálfsagt að vera uppbót á launakjör sýslumannanna.

Ég fæ nú ekki séð, að bankastjórar hafi yfirleitt þá æfingu í lögfræðingsstörfum, að þeir séu neitt sérstaklega vel fallnir til þess að gegna dómarastörfum, og hefi ég orð mjög greindra manna fyrir því.

Að því er snertir málskostnað og flutning málflutningsmanna á einföldum málum, þá tók ég það sérstaklega fram, að mér fyndist viðeigandi, að stofnanir og einstakir menn gætu látið þjóna sína reka slík störf fyrir sig, og mér er t. d. kunnugt um það, að landsbankinn hefir gert þetta, og veit ég ekki til þess, að það hafi komið neitt að sök. Hinsvegar hefir búnaðarbankinn ekki gert þetta; þessi banki hefir leitað til málaflutningsmanna með mál, og verður hann að borga fyrir þetta fleiri hundruð króna, og jafnvel á annað þúsund krónur, og hafa málin stundum verið svo vitlaust upp tekin, að bankanum hefir ekki dottið í hug að reyna að hlíta dómnum. Þetta er mín reynsla í þessu efni, og Jón Repp

sagði, að reynslan væri ólygnust. Annars er til málsháttur, sem segir, að ef menn fara í mál, þá hafi sá, sem vinnur málið, skyrtu á sér á eftir, en hinn sé skyrtulaus, og þessi gamli málsháttur virðist benda til þess, að það sé ekki svo mikill þjóðarhagur í því að pína fólk til þess að nota málflutningsmenn meira en þörf krefur.

Að því er snertir það atriði að ákveða, hver eigi að standa fyrir mati og stjórna því, þá vil *ég benda á það, að í löggjöfinni er til fast á*kvæði um það. Ég sé ekki, að það kosti neitt að setja þetta atriði inn í frv., fyrst málinu verður frestað á annað borð. Ég skal taka það fram, að ég mun ekki bera fram brtt. við frv. að öðru leyti. Ég er einn míns liðs hér í d., og það er enginn hægðarleikur fyrir einn mann að afla sér nægilegs liðskostar til þess að koma fram sínum till., og þess vegna hefi ég alltaf haft það lag að benda á það, sem mér hefir þótt ábótavant, og sem betur fer hefir því oftast verið vel tekið og einhverjir úr stærstu flokkum þingsins hafa þá tekið málið að sér og komið því fram.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 220, 234, 241).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 241. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Guðbrandur Ísberg:** Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. þær, sem sjá má á þskj. 241. Eins og hv. dm. er kunnugt, þá gerði ég grein fyrir efni þessara brtt. hér í d. í gær, og mun því ekki fara að endurtaka nú það, sem ég sagði þá. En ég vil leyfa mér að minna á það, að hv. frsm. allshn. lýsti því yfir í gær, að n. féllist á þær að öllu leyti. Vænti ég því, að þær verði samþ.

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil aðeins vekja athygli á brtt. frá mér á þskj. 234, sem er leiðrétting á 71. gr. frv. Þar hafði við 2. umr. slæðzt inn sú villa, að dómari ætti *sjálfur að sjá um að áfrýja dómi, sem hann* hefir kveðið upp samkv. síðustu málsgr. þessarar greinar. En slíkt er vitanlega ekki tilætlunin, enda ekki leyfilegt, þegar um einkamál er að ræða. Ég hefi því komið fram með brtt. þessa, þar sem svo er ákveðið, að slíkum dómi megi áfrýja innan viku frá dómsuppsögn. En það er vitanlega ekki dómarinn, sem á að gera það, heldur málsaðiljar.

Um brtt. hv. þm. Ak. á þskj. 241 hefi ég ekkert að segja umfram það, sem ég tók fram í gær, og legg því til, að þær verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 241,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 234 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 241,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 241,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 241,4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 246).

Á 37. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 246, n. 395, 412).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 412. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allshn. hefir athugað þetta frv. allýtarlega og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum *breyt., sem n.* flytur á þskj. 395. Vil ég drepa á brtt., áður en ég tala um málið almennt.

1. brtt. er við 29. gr. Þar er gengið út frá því, að stj. hafi heimild til þess að fjölga lögmönnum í Rvík. N. vill láta þetta bíða, enda álítur hún, að það eigi að vera á valdi löggjafarvaldsins sjálfs að ákveða tölu og verkaskiptingu þeirra. Annars áleit n., að réttara væri að kalla þessa menn dómara, þar sem lögmaður myndi halda sínum framkvæmdastörfum og hinir því eingöngu fást við dómsmál. Seinni brtt. við þessa gr. er leiðrétting á ónákvæmni í frv. Lögreglustjórar í kauptúnum úti um land eiga lögum samkv. að fara með bæði lögreglumál og einkalögreglumál. En nú er með frv. felld niður hin sérstaka meðferð einkalögreglumála og því gengur brtt. út á að taka það fram berum orðum, að þau mál, sem hingað til hafa sætt meðferð einkalögreglumála, séu einnig framvegis á valdsviði þessara sérstöku lögreglustjóra kauptúnanna.

Þá er brtt. við 31. gr. viðvíkjandi embættisbústöðum sýslumanna. Í stað þess, að ráðh. er ætlað samkv. frv. að ákveða allsstaðar, hvar þeir eigi að vera, er slíkt vald takmarkað með till. n. þannig, að ráðh. skuli aðeins ákveða um bústaðinn, ef ágreiningur rís um hann, og þá að fengnum till. sýslunefnda.

Þá er brtt. við 33. gr. Hún stendur í sambandi við brtt. við 29. gr. Samkv. henni fá fulltrúar lögmanns meira vald og frjálsræði en verið hefir. Þetta er gert með tilliti til þess, að með hinni munnlegu málfærslu aukast afskipti dómara af *málum mjög frá byrjun.*

Brtt. við 41. gr. er lítilfjörleg. Hún kveður svo á, að vottagjöld skuli aldrei vera minni en 50 aurar. Þetta er gert með tilltit til þess, að borgunin yrði annars of lítil.

Þá er breyting gerð á 55. gr. þess efnis, að stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, megi láta þá *flytja* mál sín. Eftir frv. mega engir flytja mál, nema málfærslumenn, aðiljar sjálfir eða venzlamenn þeirra; „þjónar“ mega hinsvegar ekki flytja mál lengur. N. telur rétt að taka þessa brtt. upp. Með „fastri þjónustu“ er átt við, að aðalstarf mannsins sé við viðkomandi stofnun.

Þá er með brtt. við 56. gr. lagt til að fella niður, að lögfræðingar þurfi að hafa flutt eitt opinbert mál af fjórum til þess að öðlast mál-

færsluréttindi. Þetta er gert með tilliti til Rvíkur, þar sem lögmaðurinn hefir engin opinber mál með höndum. Er þá hver sjálfráður um, hvort hann hefir eitt prófmálanna opinber mál eða ekki.

Næsta brtt. er leiðrétting, og sama er að segja um 8. brtt. 9. brtt. er við 86. gr. Sú gr. er orðuð að nýju, þótt innihaldið sé svipað og áður, en tilvísanavillur eru leiðréttar.

Þá er 10. brtt. við 191. gr. Hún heimilar dómurum sem aðalreglu að hafa 3 vikur til að kveða upp dóm, þegar málaflutningur er skriflegur, í stað tveggja vikna í frv. N. fannst 2 vikur of knappur tími, þar sem dómarinn getur samtímis haft fjölda mála til meðferðar. Að vísu segir í seinni hl. gr., að dómsuppkvaðning megi dragast fram yfir þetta, ef um miklar embættisannir sé að ræða. En n. vildi ekki gera undantekninguna að aðalreglu og leggur því þetta til.

Þá er a-liður 12. brtt. Þar er bætt við tilvísun í 83. gr., sem er nauðsynlegt vegna þess, að oft eru í barnsfaðernismálum fleiri en einn varnaraðili. Þá er b-liðurinn um, að í upphafi 5. málsgr., þar sem stendur „héraðsdómara er skylt" komi: dómara er skylt.

Brtt. við 214. gr. gengur út á það, að meðan á rannsókn máls stendur, geti barnsmóðir átt kröfu á aðstoð barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. En utan kaupstaða, þar sem ekki starfa barnaverndarnefndir, þá á barnsmóðir kröfu á aðstoð manns eða konu, sem hún nefnir til. Eftir bendingu frá barnaverndarnefndinni í Rvík þótti n. rétt að verða við þeim tilmælum að taka upp þetta ákvæði. Ég sé, að hv. form. n. hefir flutt um þetta aðra brtt., en um hana mun ég ekki ræða, fyrr en hv. flm. hefir talað fyrir henni. Ég vil þó segja, að ég skil ekki, að aðrir séu kunnugri þessum málum en barnaverndarnefndir, enda taldi hv. flm. þessarar nýju till. sig fylgjandi till. n., og undrar mig því þessi brtt. hans.

Þá skal ég taka 14. og 15. brtt. í einu, því að þær eru um ógildingu skjala með dómi. Þessi ógildingarmál hafa verið dýr og að ýmsu leyti viðhöfð aðferð, sem ekki er í samræmi við önnur mál. Þó virðist ekki ástæða til að fyrirskipa margbrotnari aðferð við að ónýta skjal en við aðra dóma ekki sízt þar sem það mun aldrei hafa átt sér stað hér á landi, að skjal, sem átti að ógilda með dómi, hafi verið lagt fram í rétti og ógildingunni þess vegna neitað.

Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, þó að létt væri undir með þeim, sem þurfa að fá slíka dóma, því að það hefir mátt heita mjög erfitt hér á landi. Stafar það einkum af tvennu, kostnaði við að fá úrskurð, áður en stefna er gefin út, og birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaðinu, sem er ákaflega dýr, a. m. k. 50 kr. Þess vegna leggur n. til, að þessi úrskurður á undan málshöfðuninni sé felldur niður, þegar dómari gengur inn á að gefa út stefnu. En telji dómari, að skjal, sem beðið er um að ógilda, teljist ekki til þeirra skjala, sem ógilda má með dómi, þá synjar hann beiðninni með úrskurði, sem þá má áfrýja til æðra dóms. En telji dómari þau skilyrði fyrir hendi, er heimila að gefa út stefnu, er ástæðulaust að tefja málið og auka kostnað með því að heimta fyrst úrskurð, áður en stefna er gefin út, ekki sízt þegar þess er gætt, sem ég sagði áður, að skjal hefir aldrei verið sýnt í rétti, sem átt hefir að ómerkja með dómi.

Annað atriði, sem n. hefir lagt til að breyta til þess að draga úr kostnaði, er, að ekki þurfi að birta stefnuna nema einu sinni í Lögbirtingablaðinu.

Þá er 16. brtt. við 222. gr., þar sem gildistaka l. er færð frá 1. sept. 1936 til 1. jan. 1937. Er þetta gert eftir eindreginni beiðni margra dómara utan Reykjavíkur, sem óttast, að tíminn til 1. sept. verði of skammur fyrir sig til þess að kynna sér l., en hafa gert sig ánægða með, að gildistökunni væri frestað til 1. jan. 1937. Í sambandi við þetta get ég nefnt, að það er ekki lítill uggur í dómurum úti á landi um, að þetta frv., ef að lögum verður, valdi meiri kostnaði og persónulegri fyrirhöfn en nú er. Hafa margir þeirra farið fram á að fá skrifstofufé greitt eftir reikningi, og er sjálfsagt sanngjarnt, að þeir fái það, eða a. m. k. er ekki sanngjarnt, að sumir fái það, en aðrir ekki. En n. tók þetta atriði ekki til verulegrar athugunar vegna þess, að ákvæði um það eiga ekki heima í þessu frv., þar sem það er ekki réttarfarsatriði, hvernig dómarar taka þorgun fyrir störf sín. Þá hafa dómarar talsvert hreyft því að fá hækkuð ritlaun fyrir afrit og útskriftir, og má segja nokkuð það sama um það og skrifstofufé.

Þá er a-liður 17. og síðustu brtt., við 224. gr., þess efnis að bæta við ýmsum lagaákvæðum, sem eiga að falla úr gildi; sérstaklega úr Norsku lögum. Virðist þetta hafa fallið úr í ógáti eða það hefir brenglazt í prentun. Í b-lið er leiðrétt skökk tilvísun, sem var í frv.

Fleiri brtt. hefir n. ekki flutt. En ég skal taka það fram fyrir mitt leyti, að þó ég hafi farið talsvert gegnum málið, vil ég ekki ábyrgjast, að ekki geti verið fleiri tilvísana- eða prentvillur, en það verður að sýna sig í framkvæmdinni.

Ég vil að lokum segja, að frv. er prýðilega samið, betur en venjulegt er um frv., enda samið af þeim manni, sem ég veit færastan til að semja frv., hæstaréttardómara Einari Arnórssyni.

Er vitanlegt, að frv. var algerlega tilbúið, áður en n. sú var skipuð, sem um þetta mál fjallaði. Var frv. afhent mér nokkru fyrir síðustu stjórnarskipti, og veit ég, að það var að mestu undirbúið af E. A. í Kaupmannahöfn. Einhverjar smábreyt. hafa verið á því gerðar, en engar stórvægilegar. Sú breyt. á meðferð einkamála í héraði, sem frv. veldur, ef að l. verður, er ákaflega mikil. Hingað til hafa dómarar venjulega ekki vitað um innihald máls, nema að örlitlu leyti, fyrr en eftir að það hefir verið tekið til dóms. Dómarinn hefir ekki átt nein tök á því að afla sér upplýsinga um það, sem verulega skiptir máli, eða hversu rétt og skýrt er flutt málið sjálft. Það hefir oft verið svo, að málin hafa verið dregin og flækt með löngum innleggjum, án þess nokkuð hafi verið á þeim að græða eða nokkuð gott leitt af. Nú er dómurunum ætlað að fylgjast með frá upphafi, en af því mun leiða tvennt. Fyrst og fremst mun svo fara hér sem annarsstaðar, að dómarinn sætti mörg mál. Þegar annar aðili

hefir algerlega á röngu að standa, tekst dómaranum oft með góðu að sýna fram á það, og er þetta ákaflega mikill kostur, enda sýnt sig annarsstaðar, að þannig er hægt að ná sætt í upp undir helming mála. En þegar dómari sér ekki strax, hvernig í máli liggur, eða getur ekki fengið nægilegar upplýsingar, eða aðiljar vilja ekki sættast við fortölur dómarans, þá getur hann þó fyrirbyggt, að mál bólgni mjög upp með því að vísa frá málalengingum og spyrja um meginatriði. Þetta eru miklir kostir við munnlegan málflutning. auk þess sem mál taka skemmri tíma. Samkvæmt 109. gr. frv., eins og það var upprunalega, var dómara ætlað að ákveða, hvort mál skyldi flytja munnlega eða skriflega. En n. telur heppilegra, eins og Nd. hefir samþ., að ákveðið sé sem aðalregla, að málflutningur sé munnlegur, en dómari geti þó leyft undantekningar um skriflegan málflutning:

1) ef hann telur hættu á því, að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi, t. d. ef mikið er af tölum eða öðru, sem erfitt er að átta sig á, eða
2) ef annarhvor aðilja eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings, og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.

Ég held, að það sé hyggilegt að lögbjóða munnlegan málflutning sem meginreglu, en hafa skriflegan málflutning sem undantekningar, og að dómari sé nokkuð sjálfráður um, hvenær hann veitir þær. Ég skil vel, að eldri dómarar, sem óvanir eru munnlegum málflutningi, séu með nokkurn ugg yfir honum, en þeir munu venjast honum smám saman. Það sýndi sig í hæstarétti. að í byrjun var talsverð andúð gegn munnlegum málflutningi, einkum meðal dómaranna, en nú er sú andúð horfin, og það er nú undantekning, að mál sé þar flutt skriflega. Margar fleiri breytingar gerir frv. á gildandi lögum, en ég ætla ekki að fara út í þær, enda yrði það of langt mál. Ég vil þó geta þess, af því flestir hafa heyrt getið um gestarétt, að slík málsmeðferð fellur niður, enda óþörf við munnlegan málflutning, þar sem allt gengur miklu fljótar. Ég vil svo vænta, að hv. d. samþ. frv. með brtt. n., sem hún er sammála um.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi ekki neinu að bæta við málið sjálft, en ég á hér smávægilega brtt. á þskj. 412 við 13. lið í brtt. n. á þskj. 395. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að till. n. er sett eftir bendingu frá lögmanninum í Reykjavík og að ég var samþykkur þeirri stefnu, sem í henni felst, og gekk inn á hana. En það er svo hér í Reykjavík, að barnaverndarnefndin er að mestu skipuð karlmönnum; það munu ekki vera nema 1—2 konur í henni. En ég býst við, að karlmönnum sé heldur ósýnt um að aðstoða konur á þennan hátt, en að það heyri fremur undir kvenmenn. Ég býst við, að reynslan sanni, að það sé full þörf á að aðstoða ístöðulitlar barnsmæður, því að ég hefi heyrt, að sumar stúlkur komi sér ekki að að gefa nauðsynlegar upplýsingar. Hér í Reykjavík er starfandi mæðrastyrksnefnd, sem ég hygg, að væri fús að láta slíka hjálp í té. Að vísu eru þessar n. ekki til nema í Reykjavík nú, en munu koma víðar upp. En eftir till. geta stúlkur leitað aðstoðar hvers, sem þær vilja, á þeim stöðum, sem mæðrastyrksnefndir eru ekki.

Ég legg þetta svo undir dóm hv. þdm., hvort þeir telja betra, en þetta er tilfinningamál, og ég hygg, að heppilegra sé, að það séu konur, sem aðstoðina veita. — Þá hefir því lauslega verið hreyft, að mæðrastyrksnefndirnar ættu ekki stoð í l., en ég hygg, að það þurfi ekki að verða þessari till. til farartálma. Vænti ég, að hv. þdm. geti við nánari athugun fallizt á að samþ. brtt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég mun ekki fara í neinn harka út af þessari brtt. á þskj. 412, en ekki greiða henni atkv., og býst ég við, að hinir nefndarm. segi sama. Ef mæður óska að fá aðstoð konu, þá geta þær það eftir till. n., því að í barnaverndarnefndum munu vera konur. En svo er það, að ég er alls ekki viss um, að það sé undir öllum kringumstæðum betra fyrir barnsmæður að fá aðstoð konu, þegar karlmaður er á móti. Ég hygg, að það geti verið hyggilegra, að karlmaður komi móti karlmanni en kona á móti karlmanni. Eftir till. n. getur barnsmóðir valið þar um, en annars er hún bundin við að velja sér konu til aðstoðar. Mæðrastyrksnefndirnar eru einnig félög einstaklinga, sem geta lagzt niður hvenær sem er, en hinar ekki, nema með breyt. á lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 395,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 395,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 395,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
38.—40. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 395,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
42.—44. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
45.—54. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 395,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 395,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
57.—64. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 395,7 samþ. án atkvgr.
65. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
66.—71. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 395,8 samþ. með 10 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
73.—85. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 395,9 (ný 86. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
87.—102. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
103.—120. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
121.—170. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
171.—174. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
175.—186. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
187.—189. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
190. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 395,10 samþ. með 13 shlj. atkv.

191. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 395,11 samþ. með 13 shlj. atkv.
192. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
193.—196. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
197.—199. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
200.—206. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
207.—210. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 395,12 samþ. með 12 shlj. atkv.
211. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
212.—213. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 412 felld með 8:4 atkv.
— 395,13 samþ. með 10 shlj. atkv.
214. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
215. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
216. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 395,14 samþ. með 10 shlj. atkv.
217. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 395,15 samþ. með 12 shlj. atkv.
218. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
219.—221. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 395,16 samþ. með 11 shlj. atkv.
222. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
223. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 395,17 samþ. með 10 shlj. atkv.
224. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. og 59. fundi í Ed., 27. og 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 429, 446, 453).

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Allshn. hefir borið hér fram þrjár brtt. á þskj. 453, sem liggja þá fyrir til umr. En þó að n. hafi borið fram þessar brtt., er ekki svo að skilja, að allir nm. séu fullkomlega sammála, en kunnu ekki við að vera að kljúfa n., en hafa óbundið atkv. um einstök atriði. Sá nm., sem er flm. till., hv. 1. þm. Skagf., hafði ekki ástæðu til að mæta, en sendi þær inn í n.

Um fyrstu brtt. er það að segja, að ég get ekki greitt henni atkv. Er þar farið fram á, að framkvæmdarstjóri yfirgripsmikils viðskiptafyrirtækis öðlist rétt til að skipa dómarasæti. Ég tel þetta ekki rétt, enda hygg ég, að ekki verði um marga menn að ræða, sem lesið hafa lögfræði, en farið svo út í viðskiptalífið og síðar leita til dómsstarfa.

Sama má segja um aðra brtt., að nm. hafa um hana óbundið atkv. Þessi brtt., sem er við 33. gr., fer fram á, að víkja megi frá skilyrðinu, sem sett er í 6. lið, að því er snertir þá menn, þó ólöglærðir séu, hafi þeir gegnt skrifarastörfum hjá héraðsdómara a. m. eitt ár samfleytt. En það er svo, að í bæjunum er dómarastarfið svo fjölþætt, að það liggur í hlutarins eðli, að dómarinn getur ekki alltaf verið við, og að þess vegna er nauðsynlegt, að næsti maður sé löglærður. Allt frv. miðar að því, að málflutningur geti gengið hraðar, þar sem hann er nú munnlegur í flestum tilfellum, en var áður skriflegur. Ég tel því ekki rétt að víkja frá þeirri kröfu, að fulltrúi bæjarfógeta þurfi að vera löglærður maður. Og eins og kunnugt er, þá er hópur lögfræðinga til í landinu, sem búið hefir sig undir þetta sem lífsstarf og fengið þannig aðstöðu til að búa sig frekar undir dómarastarfið; virðist því engin ástæða til að veita þessa undanþágu.

3. brtt. held ég, að allir nm. geti fallizt á. Fer hún fram á, að vitalaust sé, þó að reglulegt bæjarþing sé ekki haldið oftar en einu sinni í hálfum mánuði. Getur það oft komið fyrir, að dómari í sýslufélagi þurfi að vera fjarstaddur svo lengi, að svari allt að ½ mánuði. Telur n. sanngjarnt að leyfa þetta, ef slíkt ber við. Annars er þetta að mestu sagt frá eigin brjósti, en ef hv. nm. hafa aðra skoðun, þá lýsa þeir henni.

*__Þorsteinn Briem:__ Það var aðeins ræða hv. form. allshn., sem gaf mér tilefni til að standa upp. Eins og hann tók fram, talaði hann meir frá eigin brjósti, að ég ætla, en fyrir hönd n. Að því er 1. brtt. snertir, þá ætla ég, að meiri hl. n. hallist að því, að forstjóri fyrir stóru fyrirtæki sé hliðstæður bankastjórum, a. m. k. við smáútibú, en af frv. verður ekki séð, að þeir séu undanskildir. Það má t. d. líta svo á, að lögfræðingur, sem unnið hefir í stjórnarráðinu í eitt ár og síðan veitt stóru fyrirtæki forstöðu í 2 ár, sé ekki lakar búinn undir að taka að sér dómarastarf en sá, sem verið hefir 3 ár bankastjóri við smáútbú, þar sem viðskiptalíf er fábreytt.

Þessari skoðun hygg ég, að meiri hl. n. fylgi og muni samþ. 1. brtt. á þskj. 453 við 32. gr.

Um 2. brtt., við 33. gr., má vera, að frekar séu skiptar skoðanir í n. En þó má benda á, að þar er aðeins um 3 tegundir dómsathafna að ræða. Í fyrsta lagi uppskriftir í sambandi við skipti búa, sem ég ætla, að hingað til hafi verið framkvæmdar af ólöglærðum mönnum. Í öðru lagi fógetagerðir. Og í 3. lagi uppboðsgerðir. Allt hefir þetta a. m. k. í viðlögum verið framkvæmt af ólöglærðum mönnum og ekki þótt koma að sök. Hinsvegar er það tekið fram í 33. gr., að fulltrúi megi því aðeins kveða upp úrskurð í sambandi við dómsathöfn, að hann hafi lögfræðipróf. Þar sem um svo takmarkað verksvið er að ræða, verð ég að vera brtt. fylgjandi.

Um 3. brtt. hefi ég engu við að bæta það, sem hv. form. n. sagði, og er ég henni fylgjandi, því að ég tel hana réttari en brtt. á þskj. 446, sem hnígur í sömu átt, en er víðtækari.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Ég á hér brtt. á þskj. 446, sem var útbýtt á undan brtt. 453, og sé ég, að n. hefir að mestu tekið til greina það, sem ég vildi láta taka fram. — Í kaupstöðum utan Rvíkur er ekki þörf að halda bæjarþing oftar en einu sinni í hálfum mánuði. Þetta hefir n. tekið til greina á þann hátt, að vitalaust sé, þó að þau séu ekki oftar haldin, ef dómari er í embættisferðum í lögsagnarumdæminu, en þessu vildi ég breyta á þann veg, að einnig vegna embættisanna á skrifstofu mætti dómari láta niður falla að halda bæjarþing vikulega. Það er í nálega öllum tilfellum óþarft að halda það oftar en hálfsmánaðarlega utan Rvíkur. Ef dóm-

arinn gæti komið því við vegna anna, er ekki að óttast, að hann vildi ekki eins vel halda bæjarþingið vikulega, því að annars hrúgaðist þeim mun meira fyrir, og mundi hann því kosta kapps um að halda það svo oft sem annir leyfðu.

Ég vil taka undir það, sem hv. 10. landsk. sagði um nauðsyn þess, að sem flestir geti framkvæmt lögtök o. fl., en aðalfulltrúi, sem framkvæmir dómarastörf, þarf að vera lögfræðingur. Enda er það svo, að lögreglustjórar hafa haft fulltrúa, sem á þeirra ábyrgð hafa framkvæmt ýms störf fyrir bæjarfélögin. Svo hefir það verið á Ísafirði um langt skeið, að bæjarfógeti hefir fengið útnefndan mann til þess að annast lögtök, innheimtu bæjargjalda o. fl.

Ég vildi um leið og ég get tekið aftur brtt. á þskj. 446, bera fram skrifl. brtt. um, að í stað „embættisferðar í umdæmi sínu“ komi: embættisanna.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Út af orðum hv. þm. N.-Ísf. þá get ég ekki svarað fyrir alla n. um það, hvort þessi breyt. ætti að komast á, en ég get aðeins sagt það sem mína skoðun, að ég tel þetta fullvíðtækt, því að eftir þessu þá gæti dómari, ef hann vildi það við hafa, tafið mál með því að bera einhverju við. Frv. vill gera ráð fyrir, að bæjarþing sé haldið einu sinni á viku eða jafnvel tvisvar, en brtt., sem n. flytur, gerir aðeins þá undantekningu, að ef dómari sé fjarverandi og af þeim sökum geti ekki sinnt því, þá sé gefin nokkur tilhliðrun í þessum efnum. En ef þetta orðalag væri tekið upp, sem hv. þm. leggur til, þá er hægt fyrir dómara að tefja gang mála og bera öðru við. En tilgangur þessa frv. er að tryggja öllum réttan gang í málum og gera þannig almenningi léttara fyrir að fá fljótari afgreiðslu mála. Ég get því ekki mælt með þessari brtt., hvað sem aðrir segja um það efni.*

Mig greinir á við hv. 10. landsk., og gat ég búizt við því. Ég hafði líka þann fyrirvara í minni ræðu, að hver einstakur nm. hefði óbundið atkv., en ég er ekki viss um, að meiri hl. n. sé fylgjandi fyrstu brtt. Ég hefi gert grein fyrir, hvers vegna ég er henni mótfallinn, og sú skoðun mín hefir alls ekki breytzt við ræður þeirra, sem hafa lagt henni liðsyrði. Um fyrstu brtt. er það að segja, að hér er um að ræða menn, sem eru alveg komnir út úr því að stunda lögfræðisstörf. Ef það er maður, sem hefir haft málflutning með höndum, þá kemur hann til með að ná þeim rétti, sem frv. ætlast til; t. d. ef hann stjórnar viðskiptafyrirtæki og annast þann málarekstur, sem hann þarf viðvíkjandi því, þá á hann að öðlast þennan rétt. Hv. þm. vitnaði í bankastjórana. En það vill svo til, að meðal okkar bankastjóra er aðeins einn maður, sem er lögfræðingur, og það er öllum kunnugt, að hann hafði lengi fengizt við víðtæka málafærslustarfsemi hér í bæ, áður en hann tók við þessum starfa, og ég hygg, að ef maður vitnar í það, þá geti það ekki sannað neitt.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 453: Í staðinn fyrir „embættisferða í umdæmi sínu“ komi: „embættisanna“. Þarf tvenn afbrigði, svo að hún megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 478) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 429, 446, 453, 478).

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég gæti tekið aftur till. mína á þskj. 446 og vil gera það hér með í von um það, að brtt. mín á þskj. 478 nái fram að ganga. Þetta er það, sem ég vil ná, að bæjarfógetar séu ekki undir öllum kringumstæðum skyldir til þess að hafa bæjarþing vikulega, heldur megi það vera hálfsmánaðarlega, ef embættisannir þeirra tálma því, að þeir geti með sæmilegu móti haldið það vikulega. Það er vitanlegt, að bæjarfógetar hafa svo mikið starf með höndum, að þeir blátt áfram komast ekki til þess að halda bæjarþing vikulega. Allir vita, að þeir þurfa oftsinnis að ferðast út um hérað, og fellur þá bæjarþing að sjálfsögðu niður. Og það er ekki nauðsynlegt í kaupstöðum utan Rvíkur að hafa bæjarþing oftar en hálfsmánaðarlega. Auðvitað má flýta einkamálum með því að hafa bæjarþing vikulega. En það má telja nægilegt sem aðalreglu að hafa bæjarþing vikulega, með nefndri undantekningu, ef embættisannir hamla. Vitanlega vilja embættismenn koma málum sem fyrst frá, en ein vika getur engum orðið bagaleg í meðferð einkamála.*

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Þó að brtt. á þskj. 478 sýnist ekki mjög hættuleg, þá hefir hún það í för með sér, að það er alltaf hægt að vitna undir embættisannir til að fresta máli. Nú er eitt aðalmarkmið þessa frv. að hraða öllum réttargangi. Og ég get búist við, að jafnvel í bæjum utan Reykjavíkur, þar sem meiri háttar verzlun er og nokkuð tíðar siglingar, geti mönnum verið kærkomið, að sum mál séu ekki dregin óhæfilega lengi. Málamergð er talin minni á slíkum stöðum en í Reykjavík. Og liggi nú ekkert mál fyrir einhverja viku, þá tekur náttúrlega engan tíma fyrir dómarann að setja bæjarþingið og slíta aftur á einkaskrifstofu sinni. En ef mál liggur fyrir, sé ég ekki ástæðu til að gera löggjöfinni neitt örðugra en efni standa til, enda getur legið mjög á að hraða máli. Ég get því ekki veitt þessari till. atkv. mitt, af því að ég tel hana geta gert eitthvert tjón, en dómurum í flestum tilfellum enginn óleikur ger, þó að hún sé ekki samþ.*

ATKVGR.

Brtt. 453,1 felld með 8:5 atkv.
— 453,2 felld með 8:5 atkv.
— 446 tekin aftur.
— 478 felld með 8:5 atkv.
— 453,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 507).

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 507, 533).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 533. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*__Bjarni Ásgeirsson:__ Ég skal ekki hafa langt mál um þá brtt., sem við hv. 2. þm. Árn. berum fram á þskj. 533. Við ætluðum að bera þessa brtt. fram við 3. umr. málsins hér í hv. d., en málinu lauk þá, áður en við værum tilbúnir með hana, svo að við afréðum að flytja hana nú.

Það má vafalaust telja, að þetta frv. hafi margt það, sem sé til bóta. En ég tel það óþarft og galla á frv. að gera málflutning einokaðan í höndum hinna svokölluðu málaflutningsmanna. Nú er það vitanlegt, að það hafa ýmsir leikmenn unnið þessi störf og farizt það vel úr höndum, og þeir hafa reynzt ódýrari en lærðir lögfræðingar, og því hafa menn oft gripið fremur til þeirra heldur en til hinna löglærðu.

Ég álít þetta ákvæði bæði ranglátt og óþarft. Það er ranglátt gagnvart almenningi, sem getur komizt að hagkvæmari greiðslu fyrir málaflutning með því móti, að frjálst sé að leita til þessara ólærðu manna, sem svo eru kallaðir, en reyndar geta oft haft mjög mikla verklega þekkingu og sjálfsmenntun, og það er líka ranglátt gagnvart þessum mönnum, sem hafa varið bæði fé og fyrirhöfn til þess að gera sig færa til þessa starfs. Óþarft tel ég það, ef það á að vera til þess að vernda alþýðu manna frá fúskurum, því að ef reynslan sýndi það, að þessir menn væru ófærir til að taka að sér málflutning, þá myndi almenningur vitanlega ganga eingöngu til þeirra löglærðu með mál sín. Ég hefði viljað, að þetta væri rýmra en svo, að það væri bundið við þá eina, sem hafa haft opna skrifstofu í þessu skyni á undanförnum 10 árum, en ég hugði, að ekki mundi blása byrlega með að fara lengra en eins og till. er nú orðuð. Þetta nær þannig aðeins til örfárra manna, og ég sé enga ástæðu til að svipta þá þessari atvinnu sinni.

*__Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Hv. Ed. hefir gert breyt. á þessu frv. frá því, sem það var, þegar það fór frá þessari hv. d., og tel ég, að nokkrar þeirra séu til bóta, en sumar þess eðlis, að ég tel þær vafasamar, en álít samt, þar sem svo er orðið áliðið þings sem nú er, að ekki sé rétt að hrófla við málinu og reka það á milli d., svo að ég hefi ekki séð ástæðu til þess að bera fram brtt. Hinsvegar hefir hér komið fram brtt. frá hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Árn. En ég ætla, að sú brtt. sé byggð á misskilningi. Eftir orðum hv. þm. mátti skilja það svo, að hann teldi, að samkv. frv. væri engum heimilt að flytja mál í annars nafni öðrum en lögfræðingi, hvar sem væri á landinu. En í 55. gr. eru þessi ákvæði þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ef mál er rekið fyrir dómi í Reykjavík og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt, eða lögmæltur fyrirsvari eða venzlamaður samkv. áðursögðu, skal hann fela meðferð þess löggiltum málflutningsmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í Reykjavík má maður ekki annars flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áðurnefndu sambandi við aðilja eða sé löggiltur málflutningsmaður. Dómsmrh. getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli þessarar málsgreinar um málflytjendur í Reykjavík skuli og taka til annara kaupstaða, þar sem enginn hörgull er löggiltra málflutningsmanna."

Með öðrum orðum, skyldan til þess að láta lögfræðinga fara með málin gildir aðeins hér í Reykjavík, en að sjálfsögðu er mönnum sjálfum heimilt að fara með mál sín, og þeim stofnunum, sem hafa löglærða menn í þjónustu sinni, er heimilt að láta þá fara með mál fyrir sig. Nú er það svo, að hér í Reykjavík er mikið til af lögfræðingum, og ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um, að það sé heppilegra að láta löglærða menn fara með málin, og það eru mörg dæmi þess, að ólöglærðir menn hafa farið svo með mál, að það hefir verið til stórtjóns fyrir umbjóðendur þeirra. Ég legg eindregið á móti þessari brtt.; ég tel hana ekki eingöngu óþarfa, heldur beinlínis óréttmæta.

Við erum nýbúnir að samþ. hér forréttindi norrænufræðinga frá Háskóla Íslands um kennslu í norrænum fræðum, og sætti það engum mótmælum, og það samhliða því, að hér er nægur kostur á löglærðum mönnum til að láta fara með málin, finnst mér, að sé næg sönnun fyrir því, að það eigi að fella brtt. á þskj. 533.

*__Pétur Ottesen:__ Við leikmennirnir stöndum nú nokkuð höllum fæti að deila við dómarana um jafnhájúridisk efni eins og frv. það, sem hér liggur fyrir. Hinsvegar dylst það ekki okkar augum, að lögfræðingarnir ota fram sínum tota og að frv. ber full einkenni þeirra stéttarhagsmuna, sem vaða uppi nú á dögum. Það er augljós sá tilgangur að skáka öllum út úr meðferð og flutningi mála, sem ekki hafa tekið lögfræðipróf, og það þótt þeir standi lögfræðingum fyllilega á sporði í meðferð mála og skilningi á íslenzkri löggjöf. (__GSv:__ Hverjir eru það?). Það eru margir ólöglærðir menn, sem hafa tekið að sér flutning mála og farizt vel, og sumir hafa jafnvel verið settir sýslumenn um lengri eða skemmri tíma. Þeir hafa verið settir af sýslumönnum og vitanlega á þeirra ábyrgð, en það ber vott um, að sýslumennirnir hafa borið það traust til þessara manna, að þeir hafa álitið, að málunum væri vel borgið í þeirra höndum.

Það verður sjálfsagt ekki miklu um þokað í þessu efni, en ég held, að það ætti þó að taka tillit til þessarar litlu tilraunar hv. þm. Mýr. — Annars virðist það harður dómur, sem ólöglærðir menn hér í Reykjavík fá með þessu frv., þar sem það er ákveðið, að þeir megi ekki taka að sér þau störf, sem ólöglærðir menn utan Reykjavíkur mega vinna. Mér finnst þetta svo harður dómur um borgara bæjarins, að þótt ég sé enginn málsvari Reykvíkinga, þá finnst mér, að ég verði að taka upp þykkjuna fyrir þá, þegar þeir eru settir þannig skör lægra en aðrir menn hér á landi.

Það er svo sem augljóst, hvað hér er á ferðum.

Lögfræðingastéttin vill sitja ein að krásinni — ef um einhverja krás verður að ræða — og aðrir eiga ekki að komast þar að. Það eru eiginhagsmunirnir, sem hér vaða uppi, og mér finnst, að það sitji allilla á sósialistum, sem segja við alþýðuna „komið til mín og njótið verndar minnar“. En það er einmitt einn úr þeirra hópi, hv. 1. landsk., sem hefir verið valinn til að berjast fyrir þessu eiginhagsmunamáli lögfræðinganna, og berst mjög hraustlega. En ég vil rýmka þetta frá því, sem er í brtt. Ég vil ekki, að það miðist við neinn einstakan mann, heldur við heildina, og vil láta falla niður orðin: „enda hafi haft í því skyni opna skrifstofu a. m. k. 10 ár samfleytt“, og að það sé aðeins sett sem skilyrði, að maðurinn hafi stundað lögfræðistörf áður en lögin komast í gildi. Með því er það útilokað, að fleiri bætist svo við í þetta starf hér í Reykjavík, en það er betri hálfur skaði en allur.

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. till. mína. Það er dálitil réttlæting á þeim dómi, sem með frv. er felldur um hæfileika ólöglærðra manna hér í Reykjavík, ef þessi till. mín fæst samþ.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf. við brtt. á þskj. 533. Mun ég leita afbrigða frá þingsköpum, svo að brtt. þessa megi taka til umr. og atkvgr. á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 571) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég þarf ekki að svara hv. þm. Borgf. með löngu máli. Hann sagði, að þetta frv. bæri blæ sérhagsmuna lögfræðinganna. En ég vil segja það, og segi það með fullum rökum, að það er endurbót á réttarfarinu í landinu. Í því felast miklar umbætur á meðferð einkamála, sem ég ætla, að séu hagkvæmar öllum almenningi í landinu. Hv. þm. taldi sjálfsagt, að sama regla væri látin gilda um það hér í Reykjavík eins og annarsstaðar á landinu, hverjir mættu taka að sér að fara með mál fyrir aðra. Þarna kemur fram greinilegur skoðanamunur um það meginatriði, hvort þeir, sem hafa aflað sér sérþekkingar og eru ordnir öðrum færari í ákveðnum greinum, eigi að hafa forréttindi fram yfir þá menn, sem engrar þekkingar hafa aflað sér í sömu fræðum. Það mætti eftir sama þankagangi og fram kom hjá hv. þm. leyfa hverjum ólærðum manni sem væri að stunda lækningar, og hverri konu sem væri að stunda ljósmóðurstörf, og annað þess háttar. En ég hygg að það yrðu fáir til þess að mæla með því, að í þessum efnum yrði leitað til ófaglærðra manna, sem ekki hefðu ástæðu til að leysa verkin af hendi svo að vel færi. Ég álít, að það sé hinn versti greiði við almenning, ef á að fara að setja við sama borð þá, sem faglærðir eru, og hina, sem ólærðir eru, og veita þeim ólærðu sama rétt eins og hinum, sem varið hafa miklum hluta ævi sinnar til að afla sér sérþekkingar. Ég er þess viss, að eins og það yrði til óhagræðis fyrir almenning, ef skottulæknar og skottuyfirsetukonur fengju að vaða uppi, eins yrði það til óhagræðis, ef ólöglærðir menn fengju jafnt rétt til að flytja mál eins og löglærðir menn. Ég vil ekki með þessu níðra þeim góðu og greindu mönnum utan lögfræðingastéttarinnar, sem hafa fengizt við að flytja mál og eftir aðstöðu sinni farizt það prýðilega, en þó er ég ekki í vafa um það, ef hv. þm. Borgf. talaði við þá menn, sem flesta dóma hafa dæmt og vandasamasta, svo sem hæstaréttardómara eða þá Jóhannes Jóhannesson fyrrv. bæjarfógeta og Björn Þórðarson lögmann o. fl., að þeir mundu allir svara á sömu lund, að það væri erfiðara að komast að réttri dómsniðurstöðu, ef ólöglærðir menn flyttu málin, heldur en ef þau væru flutt af lærðum lögfræðingi. Eins og eðlilegt er, þá getur ólöglærðum manni fatazt ýms tök, sem getur leitt til þess, að niðurstaðan samkv. lögum verði óhagstæð fyrir skjólstæðing hans.

Ég tel, að það sé algerður misskilningur, að hér sé um að ræða eiginhagsmuni vissrar stéttar. Það er verið að tryggja rétt borgaranna í landinu. Sú sérstaða lögfræðinganna, sem hér kemur fram, er ávöxtur þekkingar, og það á að láta sérþekkinguna á hverju sviði sem hún er, njóta sín sem bezt til góðs fyrir alla menn í landinu.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég skal ekki verða margorður. Hv. 1. landsk. hefir í raun og veru sagt það flest, sem þarf að segja.

Eins og frv. ber með sér, þá er gerður greinarmunur á því, hvort flutningur máls fer fram utan Reykjavíkur eða í Reykjavík, og er það vegna þess, að tekið er tillit til þess, að enn er skortur á löglærðum mönnum utan Reykjavíkur, og þar er þeim mönnum því leyft að flytja mál, sem ekki eru löglærðir.

Ég er á móti þessari brtt., sem borin hefir verið fram um þetta, og hún er í rauninni hvorki fugl né fiskur og aðeins til þess að tryggja einum manni hér í Reykjavík, að hann geti fengið að flytja mál, og hv. þm. Borgf. vill ekki takmarka till. við þennan eina mann, en hann takmarkar hana við þá, sem hafa stundað málflutning áður en lögin öðlast gildi. Mér finnst, að ef þessir hv. þm. vilja í alvöru taka upp hanzkann fyrir þessa ólærðu menn, þá eigi þeir að bera sömu umhyggju fyrir þeim, sem síðar vildu taka upp þessa starfsemi.

Ég sé ekki, hvað sá er betur staddur, sem byrjar t. d. 20. des. 1936, heldur en sá, sem vildi byrja 5. jan. 1937. — Svo er annað atriði, sem sést í till. hv. þm. Mýr., en ekki í till. hv. þm. Borgf., og það er, hvað meint sé með því, að maðurinn hafi stundað lögfræðistörf. Ef till. er orðuð eins og hv. þm. Borgf. óskar, þá hljóðar hún þannig: „eða hafi stundað málaflutningsstörf, áður en lög þessi öðluðust gildi.“ Hvað þarf þá til þess, að telja megi, að hann hafi stundað lögfræðistörf? Þarf hann að hafa haft opna skrifstofu? Hvað á hann að hafa flutt mörg mál? Þarf hann aðeins að hafa flutt mál fyrir sjálfan sig, eða á hann að hafa flutt mál fyrir aðra? Ég veit satt að segja ekkert, við hvað er átt.

Í till. eins og hún er frá hv. þm. Mýr., þá er þetta að því leyti skilgreint, að þess er krafizt, að maðurinn hafi haft opna málflutningsskrif-

stofu svo svo lengi. Og það er náttúrlega sök sér. Ef þetta er óbundið og miðað er við gildistöku l., þá gætu menn til þess að tryggja sér þennan rétt auglýst fyrir áramótin, að þeir ætluðu að taka að sér málflutning, og ef þeir fengju svo eitt mál til flutnings, þá gætu þeir slegið því föstu, að þeir hefðu stundað málflutning, áður en l. gengu í gildi. En sannleikurinn er sá, að hér er ekki verið að taka rétt af neinum mönnum. Ég held, að það sé yfirleitt ekki á færi ólöglærðra manna að stunda málflutning hér í Reykjavík og hafa upp úr því nokkrar tekjur. Það getur náttúrlega verið, að þeir fái einstaka mál. En ef eitthvað liggur við, þá dettur mönnum ekki í hug að fara til ólöglærðra manna. Það má vera, að ólöglærður maður geti skýrt lögin jafnvel, en það þarf þó ekki að vera, og það er auðvitað minni trygging fyrir því, að svo sé.

En hvernig er þetta annarsstaðar? Annarsstaðar er þetta líka takmarkað við málflutningsmannastéttina, og það af ýmsum ástæðum. Það er ekki það, að það sé verið að tryggja þessari stétt einhver forréttindi. Það er verið að vernda frá því, að allskonar menn taki að sér mál, þótt þeir séu alls ekki hæfir til þess, og hafi fé út úr almenningi með því móti. Það er ekki einsdæmi hér í Rvík, að menn gefi sig við slíkum störfum til þess að fléttа fólk, sem ekki er fyllilega ljóst, hvort viðkomandi maður er fær til starfsins eða ekki, og heldur jafnvel að viðkomandi maður sé lögfræðingur, af því að hann auglýsir, að hann hafi þau störf með höndum. Hvernig er það t. d. með hæstarétt? Þar er þetta takmarkað, ekki við málflutningsmannastéttina yfirleitt, heldur aðeins við ákveðinn hóp úr þeirri stétt. Menn geta flutt sín eigin mál í hæstarétti, en ekki tekið að sér mál fyrir aðra. En hver er í raun og veru munurinn á því að flytja mál fyrir undirrétti hér í Reykjavík og fyrir hæstarétti? Það er stigmunur ef til vill. En ég hygg, að þeir, sem þekkja inn í málflutning, áliti, að það sé síður en svo minna komið undir málflutningi í undirrétti en í hæstarétti, vegna þess að allar kröfur og línur eru dregnar í undirréttinum. Fyrir hæstarétt getur mál í raun og veru aldrei komið í annari mynd en það var í í undirréttinum. Það er eins í þessu og öllu öðru, að það er mest undir því komið, að undirstaðan sé rétt fundin. Ef hún er skökk, þá hrynur allt saman. Það er þess vegna síður en svo, að það sé minni vandi að leggja mál rétt frá byrjun og leggja þau þá rétt fyrir dóm. Það er ekki einsdæmi, að mál tapast í hæstarétti vegna þess, að málið var vitlaust höfðað. Það er ekki einsdæmi, og almenningur eða ólöglærðir menn geta auðvitað ekki haft jafnmikla þekkingu á því að byggja mál upp á réttan hátt. Ef það er talið nauðsynlegt, að í hæstarétti starfi sérstaklega færir menn, þá er ég sannfærður um og veit það af eigin reynslu, að það er síður en svo, að mál sé minna undir því komið, að mál séu réttilega lögð fyrir dóm í upphafi. Ólöglærðir menn geta ekki alltaf lagt það niður fyrir sér, hvort einhver gögn eru nægileg til þess að teljast lögfull sönnun eða einungis líkur.

Nú er líka eitt atriði í þessu frv., sem gerir þetta enn nauðsynlegra, og það er, að mál eiga að flytjast munnlega, en ekki skriflega. Það er auðveldara að flytja mál í undirrétti skriflega heldur en munnlega, eða ég geri a. m. k. ráð fyrir því. En það er mikill sparnaður í því að flytja þau munnlega, og málin verða engu síður vel upplýst, ef þau eru flutt munnlega. Það hvílir miklu meira starf á málflutningsmanninum til þess að fá málin réttilega upplýst, ef þau eru flutt munnlega. Hann verður áður en málflutningurinn fer fram, að vera búinn að afla sér allra gagna í málinu, sem hann ætlar að styðja sig við. Þegar málin eru flutt skriflega, þá er reynslan sú, að það verður að toga fram í þessu réttarhaldi þetta skjal, og svo kemur hinn með annað skjal, og það er hægt að draga málið mánuðum saman með því að vera að skiptast á skjölum. En eftir þessum nýju l. er skylt að koma með öll gögn á borðið strax.

Svo er eitt atriði í þessu nýja frv., um yfirheyrslur aðilja sjálfra og vitnaleiðslur, sem ég hygg, að sé sá þáttur í málflutningnum, sem er vandasamastur, og það svo, að það er óhætt að segja, að það sé ekki nema einstaka lögfræðingar, sem í raun og veru eru færir um að standa vel fyrir vitnaleiðslu. Í stað þess að dómari einn spurði vitnið áður, þá hefir málflutningsmaður rétt til þess að spyrja vitnið sjálfur, svo að það er ljóst, að með þessu nýja frv. er miklu meira lagt á málflutningsmanninn en áður. Dómari á svo strax að málflutningi loknum að kveða upp sinn dóm. Það er ekki eins og áður, þegar lesin voru skjöl svo svo lengi og það leið langur tími, þangað til kveðinn var upp dómur. Nú á að kveða upp dóminn strax að munnlegum málflutningi loknum.

Ég er því sannfærður um, að þó að þessi till. sé borin fram í þeim góða tilgangi að útiloka engan frá atvinnu, þá er mín skoðun sú, að málflutningsmannastéttin sjálf biði engan fjárhagslegan hnekki við það, þó fleirum sé leyft að flytja mál, því að reynslan sýnir, að það eru svo fá, og það eingöngu lítilfjörleg mál, sem fara utan við málflutningsmannastéttina í Reykjavík. Hún fær í raun og veru öll mál, sem fyrir rétt eru lögð, þó kannske einhver mál séu undanskilin, sem ekki skipta neinu máli.

Því hefir verið haldið fram, að það sé vegna hagsmuna málflutningsmannastéttarinnar, sem ég og hv. 1. landsk. erum á móti till. Við viljum, að frv. sé sjálfu sér samkvæmt að þessu leyti, og það verði gengið þannig frá því, að sem mest öryggi sé fyrir því, að mál séu rétt dæmd, en það fæst frekar, ef sú leið er farin, sem frv. segir til um, og því legg ég á móti till.

*__Jón Pálmason:__ Í till. þeirri, sem þeir flytja hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Árn. á þskj. 533, stendur, að þessi undanþága gildi aðeins fyrir þá, sem hafa flutt mál áður og haft opna málflutningsskrifstofu a. m. k. í 10 ár. Ég geri ráð fyrir, að flm. þessarar till. þekki menn, sem þannig er ástatt um, úr því að þeir miða við þetta takmark. En hvers vegna skyldu vera til menn hér í bænum, sem hafa haft opna málflutningsskrifstofu svo lengi? Skyldi það ekki vera fyrir það, að þeir gefa almenningi betri kjör með flutning þeirra mála, sem ekki þarf mjög

mikla lögfræðilega þekkingu til þess að flytja? Ég get ekki hugsað mér aðrar ástæður, sem þar liggja til. Ég get ekki skilið, að það þurfi svo sérstaklega mikla málflutningsþekkingu til þess að innheimta skuld, sem er tvímælalaus. Það hafa sagt mér ýmsir menn, bæði hér í Reykjavík og víðar, sem fást við verzlun og annað, að það sé svo dýrt að innheimta smáskuldir með málssókn, að það borgi sig í mörgum tilfellum alls ekki, vegna þess að þó að skuldin innheimtist að fullu, þá fari hún svo að segja öll í málskostnað. Ég verð þess vegna að segja það, að þar sem það er fjöldi mála, sem eru þannig vaxin, að það eru einfaldar innheimtur, þá sé það hart að útiloka með löggjöf, að það megi ekki aðrir fást við það en þeir, sem hafa lögfræðilega þekkingu og eru útskrifaðir lögfræðingar.

Ég finn þess vegna ekki, að nokkuð af því, sem hv. 1. landsk. og hv. 8. landsk. hafa sagt í þessu sambandi, sé þannig vaxið, að það sé eðlilegt að fella þessa till. Þar sem það eru líkur til þess, að það sé almenningi miklu kostnaðarminna að leita til manna, sem gefa sig í það að innheimta slíkar skuldir, þá sé ég ekki, að það sé nein ástæða til þess að gera það dýrara en þörf er á, og ef til vill þess vegna vinna að því með löggjöf, að menn vilji heldur vinna það til að sleppa skuldakröfum en innheimta þær með málssókn, vegna þess hvað málflutningurinn er dýr.

Ég mun þess vegna greiða atkv. með þessari till., og ég fæ ekki séð, að það séu annað en eigin hagsmunir málflutningsmannastéttarinnar, sem gera það að verkum, að þessir hv. þm. eru á móti þessari till.

*__Pétur Ottesen:__ Það mátti svo sem búast við því, að þeir hv. 1. landsk. og hv. 8. landsk. mundu nota málfærsluhæfileika sína, sem þeir byggja starf sitt á, til þess að snúa því í villu fyrir mér, sem ég sagði um það, að þetta frv. bæri einkenni sérhagsmuna hjá þeim. Þeir snúa því svo rækilega við, að í stað þess að þeir berjist fyrir sérhagsmunum, þá séu þeir orðnir fullir sjálfsafneitunar gagnvart öllum almenningi. Þeir segja, að samkv. þessu frv. sé lagður svo mikill þungi á þeirra bak, að það liti út fyrir, að þeir séu blátt áfram orðnir nokkurskonar píslarvottar, eftir að þetta frv. hefir náð samþykki Alþingis og verið fært inn í lögbók ríkisins.

Ég ætla í raun og veru ekki að fara að bæta neinu við það, sem ég sagði út af þessu frv., né draga nokkuð úr því, sem ég sagði um það, að það beri með sér fullkomin merki sérhagsmuna þeirra í þessu efni. Þeir vilja sem mest sitja einir að þessu og útiloka alla aðra frá því að vera þátttakendur í þessu starfi. Þótt ekki þurfi nema að innheimta vesala verzlunarskuld, þá eiga þeir einir að geta setið að því, sem hafa tekið lögfræðipróf, þótt það sé ekki meiri þekkingarraun en það að geta lesið rétt úr þeim tölum, sem skuldin hljóðar upp á.

Hv. 1. landsk. fór að gera samanburð á því, að ef læknar, sem hann vildi kalla skottulækna, og ljósmæður, sem hann kallaði skottuljósmæður — með öðrum orðum þá kennir hann þetta fólk við alþekkta afturgöngu í þessu landi — fengju leyfi til þess að stunda lækningar eða ljósmóðurstörf. Það væri auðvitað varhugavert að ganga inn á slíkt. En þetta snertir ekkert það, sem ég sagði í þessu efni. Ég benti á það ósamræmi í þessu frv. að heimila ólöglærðum mönnum meðferð mála utan Reykjavíkur, en banna þeim það í Reykjavík. Hv. þm. skaut því að þessu sinni alveg yfir markið með þeirri samlíkingu, sem hann var með að því er þetta snerti.

Hv. 8. landsk. fann það helzt til foráttu þessari brtt., sem hér liggur fyrir, að honum fannst hún ganga of skammt. Þegar hann er að berjast fyrir því hér, að þessir menn séu útilokaðir, þá byggir hann málflutning sinn á móti till. á því, að það séu of fáir, sem komist undir þetta samkv. till. Þarna er málflutningsmönnunum og þeirra málflutningi rétt lýst, þegar þeir þykjast vera að berjast fyrir hagsmunum almennings í landinu. Þetta er aðeins eitt sýnishorn af þeirra málflutningi, og skal ég ekki fara frekar út í það.

Að því leyti sem hv. 8. landsk. talaði um það, að ekki væru sett takmörk fyrir því samkv. minni brtt. ef hún næði samþ., hvað þessir menn hefðu lengi fengizt við málflutningsstörf áður, eða hvort þeir hefðu haft opna málflutningsskrifstofu, eða hvað mörg mál þeir hefðu flutt, þá vil ég spyrja, hvað sagt sé um þetta viðvíkjandi ólöglærðum mönnum, sem leyfð er þátttaka í þessu utan Reykjavíkur. Það er ekkert sagt um þetta. Það er þess vegna sama máli að gegna um þátttöku ólöglærðra manna í Reykjavík samkv. minni brtt. eins og frv. gerir ráð fyrir um þátttöku þessara manna utan Reykjavíkur. Ef hv. þm. telur þetta galla á minni brtt., hvers vegna hefir hann þá ekki sett undir þennan leka að því er snertir þátttöku ólöglærðra manna utan Reykjavíkur? En það hefir hann alls ekki gert.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fara langt út í þetta. Það er náttúrlega alltaf svo, að þegar einhver flokkur eða stétt manna er að skara eld að sinni köku, þá hjúpa þeir sig í skikkju þekkingarinnar, og úr því vígi berjast þeir alltaf. Það ber auðvitað að viðurkenna þekkingu lögfræðinga eins og þekkingu á öllum öðrum sviðum. En þetta má aðeins ekki fara út í það að vilja útiloka alla aðra menn frá því að nota sína þekkingu í þessu efni. Með slíku er verið að ganga á rétt annara.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Það var út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði síðast í ræðu sinni, að till. hans væri að efni til í samræmi við það, sem gilti um rétt manna utan Reykjavíkur. Þetta er misskilningur, vegna þess að í frv. sjálfu, í 55. gr. þess, er hverjum lögráða manni með óflekkað mannorð heimilt að fara með mál fyrir aðra utan Reykjavíkur, en samkv. till. hv. þm. Borgf. mega menn ekki fara með mál fyrir aðra, nema þeir hafi stundað málflutning áður en l. öðluðust gildi. Utan Reykjavíkur þurfa þeir þá ekki að hafa haft opna skrifstofu til þess að geta flutt mál fyrir aðra. En í Reykjavík er þetta sett að skilyrði í till. hv. þm. Það er augljós munur á þessu, því þarna er þetta takmarkað við þann hóp manna, sem hefir stundað málflutning, áður en l. öðlast gildi. En í framtíðinni getur

hver maður utan Reykjavíkur, sem uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru, flutt mál fyrir aðra. Hann þarf ekki að hafa stundað málflutning áður en l. öðluðust gildi. Ég býst við, að flestir geti séð þennan mismun.

Svo sagði hv. þm., að mér hefði fundizt, að till. hans gengi of skammt. Þetta er rétt. Ef byggt er á þeim forsendum, sem komu fram í ræðu hv. þm., þá er till. skökk. Hv. þm. sagði í ræðu sinni, að hann sæi ekki ástæðu til þess að takmarka þennan rétt til málflutnings við málflutningsmannastéttina sjálfa, heldur ætti hver góður og gegn maður að hafa þennan rétt og geta flutt mál fyrir aðra. Ef þetta er skoðun hans, þá á hann vitanlega ekki að takmarka þetta við gildistöku l. Ef hv. þm. vill því vera í samræmi við sjálfan sig, þá átti hann ekki að orða till. eins og hann gerði. Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta atriði.

Út af því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, þá er það auðvitað, að hinn eiginlegi málflutningur er ekki í sambandi við viðurkenndar kröfur, sem hann talaði um. Sé um viðurkenndar kröfur að ræða, þá er það algengt, að eigendur krafnanna leggi þær sjálfir í dóm. Þessi rök hans skipta því engu.

Þar sem hann talaði um kostnaðinn, þá er það líka byggt á nokkrum misskilningi. Það er vitanlega dýrt að reka mál, enda neitar enginn því. En það eru líka gjöld, sem verður að borga af hverju máli í ríkissjóðinn og til þeirra manna, sem með málin fara frá hinu opinbera, bæði votta og stefnuvotta. Ég hygg, að það séu um 26 kr., sem sá maður, sem leggur mál í dóm, verður að greiða í ríkissjóðinn og í vottagreiðslur. Það eru a. m. k. ekki peningar, sem renna til málflutningsmannanna.

Ég hefi ekki orðið þess var, að þeir ólöglærðir menn, sem stunda málflutning, gefi sitt starf frekar en hinir sitt. Ég hygg, að það sé alveg öfugt. Þetta kann að þykja ótrúlegt, en ég hygg, að það sé alveg öfugt, að málflutningur sé sízt ódýrari hjá hinum ólöglærðu en hjá lögfræðingunum. Ef þetta atriði á að vega eitthvað hjá hv. þm. A.-Húnv., þá hygg ég, að hann fari þar villur vegar.

ATKVGR.
Brtt. 571 felld með 13:4 atkv.
— 533 felld með 13:5 atkv.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 573).

37. Landsbanki Íslands (frv. fjhn. Nd.).

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 8. sept. 1931, um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928 (þmfrv., A. 430).

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

*__Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson)__: Hér er eingöngu að ræða um framlengingu á rétti þeim, sem Landsbanki Íslands hefir haft um að telja ekki með erlendum lánum lánið 1927, þegar talin er fram gulltrygging bankans. Þar sem þessi réttur hefir gilt og verið framlengdur alllangan tíma, virðist rétt að framlengja hann enn, enda virðist landsbankinn ekki geta fullnægt ákvæðum landsbankalaganna, og þau hafa raunar aldrei komið til fulls í framkvæmd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 430).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 516).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

__Frsm. (Jón Baldvinsson)__: Ég vil aðeins vísa til nál. á þskj. 516, sem upplýsir þetta mál, og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 590).

38. Ríkisborgararéttur.

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 422).

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Grg. fyrir því, hvers vegna frv. þetta er fram komið, er sú, að til allshn. hafa borizt þrjár umsóknir um ríkisborgararétt, þar sem umsækjendur leggja fram nægileg gögn fyrir, að þeir fullnægi settum skilyrðum samkv. l., og mælir því n. öll með því, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 422).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 422, n. 527).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Allshn. þessarar d. hefir yfirfarið skilríki þessara manna, sem hér um ræðir, og hefir ekkert við þau að athuga. Þeir uppfylla þau skilyrði, sem l. setja, að undanteknum einum manni, sem er fæddur á Íslandi, en hefir dvalið í Ameríku. N. er þeirrar skoðunar, að rétt sé að veita þessum manni íslenzkan ríkisborgararétt, þar sem hann starfar við innlent fyrirtæki.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 591).

---

39. Brúargerðir (frv. samgmn. Nd.).

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23 júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 44).

Á 10. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Finnur Jónsson): Fyrir síðasta Alþingi lágu nokkrar breyt. á l. um brúargerðir, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er samhlj. þeim brtt., sem samgmn. lagði þá til, að samþ. yrðu. Til viðbótar við þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafa komið nokkrar brtt. Á ég þar við frv. til l. um sama efni á þskj. 31, frá hv. 9. landsk., sem n. að nokkru leyti hefir tekið til greina með því að taka 1. gr. þess frv. upp í þessar breyt. sínar. — Viðvíkjandi 2. gr. þessa sama frv. skal ég taka það fram, að það mál er ekki nægilega rannsakað, og hefir n. ákveðið að óska eftir því við vegamálastjóra, að hann láti rannsaka brúarstæði á þeim 3 vatnsföllum, sem þar er getið um.
Þá hafa komið fram nokkrar brtt. frá hv. þm. Snæf. á þskj. 66. Þær eru allviðtækar, og hefir n. ekki unnizt tími til þess að athuga þær, en hún mun að sjálfsögðu gera það á milli umr.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál og óska þess, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

***Sigurður Einarsson:** Þetta frv., sem hér er um að ræða, kemur fram eftir að ég hefi flutt frv. mitt til breyt. á brúal., og vildi ég beina því til samgmn., hvort hún vildi ekki taka til endurnýjaðrar athugunar, hvort hún sæi sér ekki fært að mæla með því, að eitthvað af þeim 3 ám í Vestur-Barðastrandarsýslu, sem frv. mitt fjallar um, yrðu teknar upp í frv. n. Það er þá sérstaklega Hvestuvaðall í Ketildalahreppi, sem ég

ber fyrir brjósti. Þessi á er í leiðinni milli Bíludals og Selárdals, og er það póstleið og sú leið, sem menn verða að sækja lækni, fara í kaupstað og annara nauðsynlegra erinda. Áin er ekki allajafna svo mikið vatnfall, að hún sé til verulegrar torfæru, en löngum á vetrum og á vorum er hún mjög ill yfirferðar. — Það er misskilningur, að því er menn, sem kunnugastir eru þarna, segja, að hér sé ekki um allstóra brú að ræða. Í gærkveldi átti ég tal við greindan bónda úr Selárdalnum, sem oft hefir farið þessa leið, og sagði hann, að hér gæti varla verið um að ræða minni en 12—14 metra brú, og það þó að brúað væri á hagkvæmasta staðnum. — Ég vildi sem sagt beina því til hv. samgmn., hvort hún vildi ekki afla sér frekari vitneskju um þetta mál heldur en fengin er frá vegamálastjóra, sem reyndar gat þess í fyrra, að hvorki hann né verkfræðingur hans hefðu komið á þennan stað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 4. og 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 44, 66, 69, 219, 281).

Frsm. (Finnur Jónsson): Samgmn. hefir sent allar brtt., sem fram hafa komið við brúalögin, til umsagnar vegamálastjóra, og hefir samkv. hans till. lagt til, að gerðar verði á hinu upphaflega frv. þær breyt., sem hún ber fram á þskj. 281. Þar eru teknar upp allar þær breyt. á brúalögunum, sem vegamálastjóri mælir með af þeim, sem bornar hafa verið fram á öðrum þskj., og auk þess nokkrar brýr, sem vegamálastjóri telur rétt að taka með, en ekki hafa verið gerðar till. um af einstökum þm. Er það brú á Vesturdalsá í Miðfirði, Hrolleifsdalsá í Sléttuhlíð, Sandós í Fljótum, Reykjaá í Fljótum, Hólsselskíl á Fjöllum, Hörðudalsá í Hörðudal og Miðá í Miðdölum. En þær brýr, sem gerðar eru till. um á þskj. 66 og vegamálastjóri mælir ekki með, hefir n. ekki treyst sér til að taka upp, og þá ekki heldur brú á Sandá eða Brunná neðan þjóðvegar í Öxarfirði sem hv. þm. N.-Þ. gerir till. um á þskj. 219. — Ég ætla ekki að fara nánar út í till. vegamálastjóra um þessi mál, en umsögn hans er í mínum höndum, og er ég vitanlega fús að lána hana hverjum þeim hv. þm., sem óskar að athuga þetta nánar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. samgmn. hefir tekið upp brtt. mínar á þskj. 69, og um leið og ég tjái henni þakkir fyrir það, tek ég hér með aftur mínar till. á nefndu þskj.

***Gísli Guðmundsson:** Ég stend ásamt öðrum nm. samgmn. að þeim brtt., sem hv. frsm. hefir gert grein fyrir, en auk þess hefi ég sérstaklega flutt brtt. á þskj. 219, sem n. í heild gat ekki fallizt á að taka upp í sínar till., þar sem hún tók aðeins upp þær af till. einstakra þm., sem vegamálastjóri hafði mælt með, og auk þess nokkrar brýr, sem einstakir þm. höfðu ekki gert till. um, en vegamálastjóri taldi rétt, að teknar væru upp, ef breyt. á brúalögunum væru samþ. á annað borð.

Þessi till., sem ég hefi leyft mér að bera fram, er um brú yfir Sandá neðan þjóðvegar í Öxarfirði, og í umsögn sinni hefir vegamálastjóri látið þau orð falla, að hann teldi mikla þörf á að byggja þessa brú, þó hann hinsvegar — sökum þess að hér á ekki stór byggð hlut að máli — treysti sér ekki að mæla með því, að hún væri tekin upp. Ég vil þó þrátt fyrir það, að vegamálastjóri treystir sér ekki til að mæla með þessari till. minni, sem ef til vill stafar að einhverju leyti af ókunnugleika norður þar, og þar af leiðandi n. í heild ekki heldur, fara þess á leit, að hv. d. líti með velvilja á þá þörf, sem þarna er fyrir hendi, og taki til yfirvegunar að samþ. till. mína. Það hagar þannig til í Öxarfirði, að þar eru nokkur byggð býli í svokölluðum Sandi. Úr Jökulsá á Fjöllum rennur lítil kvísl, sem Sandá heitir, ofan við þessa bæi og í aðra á, sem Brunná heitir og fellur til sjávar austan Sandsbæjanna. Þessi litla byggð er þannig afskorin frá aðalbyggðinni á alla vegu af vatnsföllum. Yfir sjálfa Jökulsá er yfirleitt ekki fært á þessum stað, nema á ferju, en um Sandá og Brunná er það að segja, að langan tíma ársins geta þær verið þannig, að þær séu alls ekki færar t. d. fyrir sauðfé. Þannig hefir það verið svo þrásinnis á síðustu árum, að þegar vöxtur hefir verið í Jökulsá á Fjöllum, þá hefir verið svo mikið vatn í Sandá og Brunná fram eftir öllu sumri, að bændurnir á Sandsbæjunum hafa ekki með neinu móti getað komið fénu frá sér á afrétt. Þeir hafa verið fjármargir, og hefir það horft til stórvandræða að geta ekki komið fénu úr heimahögum, því landrýmið þarna svarar ekki til fjárfjöldans. Í hitteðfyrra réðust bændurnir seinast í það, þegar komið var langt fram á sumar, að koma fénu yfir Sandá og Brunná upp til afréttа. Höfðu þeir sumpart til þess ferjur, en sumpart var féð rekið í árnar. Tókst að vísu að koma meginhlutanum yfir, en það fórst margt fé við þetta, þannig að bændurnir urðu fyrir tilfinnanlegum skaða af því, auk þess tjóns, sem það olli þeim, að hafa fé'ð svo lengi í heimahögum. Vegna þessara vandræða hins afskorna hl. sveitarinnar vildi ég leyfa mér að bera fram till. um að taka brú á Sandá eða Brunná upp í brúalögin. Það væri hentugra fyrir byggðina að fá brú á Brunná með tilliti til þjóðvegarins, en hinsvegar telur vegamálastjóri, að ódýrara yrði að brúa Sandá, og menn mundu sætta sig við, að brúin væri byggð á þeim stað.

Ég þykist nú hafa gert grein fyrir, að það liggja til þess fullar ástæður, að þessi till. er fram komin, og ég hygg, að hv. Alþingi hafi oft litið á þörf einstakra byggða, þó litlar séu, sem ekki hefir verið brýnni eða auðsærri en þörf þessara manna á því að fá yfirunninn þennan farartálma.

Thor Thors: Ég hefi borið fram allmargar brtt. við þetta frv. á þskj. 66. Hv. samgmn. hefir nú tekið sumar þeirra upp í sínar till. samkv.

því, sem vegamálastjóri lagði til. Þær brýr, sem samgmn. hefir tekið upp, eru á Kálfá í Staðarsveit, Fróðá í Fróðárhreppi, Laxá í Nesshreppi, Svelgsá í Helgafellssveit og Svínafossá á Skógarströnd. Allar þessar brýr eru yfir meira en 10 metra haf, og því nauðsynlegt að taka þær sérstaklega upp í brúalögin. Hinar árnar, sem tilteknar eru í till. minum, hafa reynzt minni en svo að nauðsynlegt sé að tiltaka þær í lögunum, þar sem brúarlengdin nær ekki 10 metrum, en slíkar brýr greiðast að öllu úr ríkissjóði samkv. því, sem ákveðið er í b-lið 2. gr. í brúalögunum frá 1932. Að þessum upplýsingum fengnum vil ég leyfa mér að þakka hv. samgmn. fyrir það, að hún hefir tekið til greina allar mínar till., sem máli skipta í þessu sambandi, og vil ég þá jafnframt taka aftur hinar aðrar brtt. mínar á þskj. 66.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 66 og 69 teknar aftur.
— 281,I samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 281,II.a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 281,II.b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 219 felld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JakM, JG, MT, SigfJ, ÞorbÞ, ÁÁ, EystJ, GG, JörB.
nei: GSv,[1]) GÍ, HV, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, StJSt, TT, EmJ, FJ, GÞ.
EE, PZ, SK greiddu ekki atkv.
Sex þm. (JÓl, PÞ, SE, BJ, BÁ, BB) fjarstaddir.
3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 323).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

1) GSv: Þótt samgmn. hafi tekið upp ýmsar till., þá eru þær byggðar á því, sem vegamálastjóri hefir talið gerlegt. Aðrar brýr hefir n. ekki talið gerlegt að taka með. Ég er því á móti brtt. þessari og segi nei.

Á 56. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 416).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Í forföllum hv. frsm. vil ég lýsa því yfir, að n. hefir fallizt á að mæla með því, að frv. verði samþ. með lítilli vatill. á þskj. 416. — Annars er það svo, að þótt bætt verði nokkrum ám í lögin, þá er ekki víst, hvenær framkvæmdir verða hafnar um einstakar brúargerðir. Má segja, að það kunni að líða mörg ár þangað til sumar þessar brýr verða gerðar. Þó mundu sumar þær brýr, sem hér eru settar inn, verða látnar ganga fyrir þeim, sem áður hafa verið samþ.
Ég vænti, að hv. d. geti fallizt á að samþ. frv. með þeim brtt., sem hér eru fluttar af n.

ATKVGR.
Brtt. 416,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 416,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 440).
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 440, 473, 474).

__Gísli Guðmundsson:__ Þetta mál er komið frá Ed., og hefir það tekið þar nokkrum breyt. Ég tel rétt að óska þess, að umr. verði frestað, svo að samgmn. geti gert brtt. við frv.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

__Gísli Guðmundsson:__ Ég skal skýra frá því, að n. hefir óbundin atkv. um þetta frv. Það hefir ekki náðst samkomulag í n. um neina sérstaka afstöðu til málsins.

*__Jón Sigurðsson:__ Ég á hér ásamt hv. 2. þm. Skagf. brtt. við þetta frv. Er þar gert ráð fyrir, að teknar verði upp í brúal. 3 brýr. Ein af þessum brúm á að vera á Jökulsá eystri í Austurdal. Sú á er venjulega alls ekki reið fyrr en fram á öræfum, og er því ákaflega mikill farartálmi í þessari að vísu fámennu sveit. Hún hefir ekki verið brúuð enn, aðallega af því, hvað þetta er

framarlega, en engu að síður er full þörf fyrir þessa brú, ekki síður en á ýmsum öðrum stöðum, þar sem teknar hafa verið í brúalög brýr, sem eru algerlega í óbyggð. Ég vænti því, að þessi brú hafi fullan rétt á sér og að hv. þdm. geti léð þessari till. fylgi.

Um hinar brýrnar er það að segja, að þær *eru talsvert stórar og í sveitum, þar sem mikil* er umferð. Þær eru hvortveggja á sýsluvegum, eins og sumar þær brýr, sem nú hafa verið teknar upp. Mér virðist það því vera í fullkomnu samræmi við það, sem gert hefir verið áður á þessu þingi, að lofa þessum brúm að fylgjast með.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Þetta er ljóst og einfalt mál og brýtur ekki í bág við það, sem áður hefir verið gert í þessum málum.

*__Pétur Ottesen:__ Ég á brtt. við þetta frv., þar sem farið er fram á að taka á brúalög 3 brýr á 2 stórar ár, sem eru mitt í hjarta Borgarfjarðarhéraðs. Ég held, að engum manni geti blandazt hugur um, eins og þetta frv. liggur fyrir nú, að það sé sjálfsagður hlutur og fullkomið sanngirnisatriði að taka upp í frv. brýr á þessar ár.

Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta, en ef einhver kynni að álíta, að málinu væri ef til vill stofnað í einhverja hættu með því að gera á frv. breyt., svo að það yrði aftur *að ganga til Ed., þá get ég tekið það fram*, að ég hefi talað við menn úr samgmn. Ed., sem hafa tjáð mér, að samþykkt á þeim brtt., sem hér liggja nú fyrir, mundu engan veginn verða til þess að breyta þeirra afstöðu til þessa máls og þeir mundu greiða götu þess, að það nái samþykki með þeim breyt. Ég get nefnt nöfn þessara manna úr samgmn., ef ástæða þykir til í þessu sambandi. Ég vænti þess vegna, að d. sjái sanngirni í því að samþ. þessa brtt. mína og að framgangur málsins sé jafnvel tryggður og jafnöruggur á þessu þingi, þó að sú brtt. verði samþ.

*__Frsm. (Finnur Jónsson):__ Samgmn. fylgdi þeirri sjálfsögðu reglu að leita um þessi atriði umsagnar vegamálastjóra, en af þeim brtt. og breyt., sem gerðar voru í Ed. á þessu frv., verður ekki séð, að samgmn. Ed. hafi fylgt þeirri sjálfsögðu reglu. M. a. er hægt að benda á, að eftir till. n. og þeim breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed., verður Skjálfandafljót þríbrúað eftir brúal., þar sem ennþá er gert ráð fyrir nýrri brú á *Skjálfandafljót. Ég geri ráð fyrir*, að það séu fleiri atriði í þessum breyt., sem frv. hefir tekið í Ed., sem tæplega hafa verið borin undir vegamálastjóra.

Ennfremur hefði verið æskilegt að geta leitað álits vegamálastjóra um þær till., sem liggja nú nýjar fyrir í d., eins og gert var um þær till., sem lágu fyrir áður en frv. fór úr d. Ef þessar brtt., sem liggja hér fyrir, ofan á þær breyt., sem samþ. voru í Ed., verða samþ. og vikið frá þeirri reglu, sem samgmn. hefir tekið hér upp, að taka ekki aðrar brýr inn á brúal. en þær, sem vegamálastjóri samþ., þá treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með þessu frv.

*__Pétur Ottesen:__ Það er aðeins út af því, sem hv. þm. Ísaf. minntist á, að þessar brtt. hefðu ekki verið bornar undir vegamálastjóra. Hvað mínum till. viðvíkur, þá hefi ég talað um þær við vegamálastjóra, og hann lét þau orð falla, að hann mundi, ef þetta mál væri borið undir hann, mæla með, að þær yrðu teknar inn í þetta frv., og áleit þær fullkomlega hliðstæðar því, sem þar væri fyrir. — Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram. Hinsvegar má ekki tefja þetta mál úr þessu, ef það á að ná fram að ganga.

*__Gísli Guðmundsson:__ Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál. — *Ég ætla ekki að leggjast mikið á* móti þessum brtt., sem hér liggja fyrir, en vil aðeins vekja athygli á því, að ég geri ráð fyrir, að það skipti í raun og veru fremur litlu máli, hvort þessar brtt. verða samþ. á þessu þingi eða ekki, því að fyrir þinginu liggur nú breyt. á vegal., og ef hún verður samþ., þá hlýtur hún að hafa það í för með sér, að það verður að taka inn í brúal. brýr yfir margar ár, sem eru á þessum vegum, sem nú á að setja á vegal. Hinsvegar er nú enginn tími, hvorki fyrir samgmn. né vegamálastjóra, til að gera tæmandi athugun á því, hverjar af þessum brúm, sem hér eru gerðar till. um, sé rétt að taka inn í brúalögin.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að það verður óhjákvæmilegt að taka brúal. til nýrrar athugunar á næsta þingi.

*__Jón Sigurðsson:__ Ég vil aðeins geta þess út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að tvær af þessum brúm, sem ræðir um í till. okkar hv. 2. þm. Skagf., eru á vegum, sem vegamálastjóri hefir látið mæla fyrir og lagt til, að væru teknir upp í sýsluvegakerfi Skagafjarðar, og þar af leiðandi óhjákvæmilegt að byggja. Þessar brúabyggingar eru því beinlínis eftir hans till. og í þeim áætlunum, sem hafa legið fyrir sýslun. Skagafjarðar. Þessar brýr verða því byggðar, en hér er ekki ætlazt til annars en að þær séu teknar upp í ákvæði l. Strangt tekið geta Skagfirðingar fengið þessar brýr byggðar, en okkur þótti samt réttara, að þær væru teknar upp í brúal.

En þá er það bara brúin á Jökulsá eystri, sem yrði, eins og ég sagði áðan, framarlega í Skagafirði, og hvorki á þjóðvegi eða sýsluvegi, en hér er um á að ræða, sem er ófær mestan hluta ársins, nema á kláf, því að hún er svo straumhörð, að hún verður ekki riðin fyrr en frammi á öræfum. Og þegar kunnugt er, að farið er að brúa jökulár í óbyggðum, þá er ekki óeðlilegt, að slíkar ár sem þessi séu teknar með, þar sem hún er mikill þröskuldur og niðri í byggð.

*__Sigurður Einarsson:__ Ég flutti snemma á þessu þingi frv. um breyt. á brúal. Litlu síðar kemur samgmn. með þetta frv. og tekur upp eina af þeim brúm, sem ég hafði farið fram á í mínu frv. Ég man ekki betur en þegar um þetta var rætt, þá hefðu fulltrúar samgmn. látið skína í að taka það eitt, sem bráðlægi á, að þær brýr, sem minni þörf væri á, yrðu látnar sitja á hakanum. Þessi svör lét ég mér þá nægja, en nú get ég ekki annað en rekið augun í, að það eru hvorki meira né minna en milli 20 og 30 nýjar

brýr, sem hér hafa verið teknar upp í frv., og auk þess liggja hér fyrir till. um fjölda nýrra brúa frá einstökum hv. þm. (PO: Fjórar eða fimm). Það verður þá milli 3. og 4. tugarins, sem á að gleðja landslýðinn með af nýjum brúm. Ég ætla þá að vekja upp með skrifl. brtt. þær brýr, sem ég bar fram frv. um, en n. vildi ekki taka upp. Það er brú á Hvestuvaðal í Dalahreppi og Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.

Ég hefi að vísu ekki komið að öllum þeim fljótum og ám, sem á að brúa samkv. þessu frv. og brtt., en ég veit, að margar þeirra eru ekki meiri vatnsföll eða verri farartálmi en þessar tvær ár.

Ég hefi áður borið fram till. um að taka þessar brýr upp í brúal., en því var tekið kuldalega og það fært til, að þetta væri órannsakað og ekki um svo miklar torfærur að ræða; en ég vil láta þess getið, að bæði þessi vatnsföll eru á fjölförnum leiðum, og yfir annað þeirra verður að vitja læknis. Hafa menn oft verið þar tepptir og komizt í allmiklar svaðilfarir.

Annars verð ég að segja það, að ef ekki þykir fært að taka þessar hóflegu till. minar til greina, en frv. hinsvegar svo blásið út, að það er að sjá sem líknarbelgur næfurþunnur — það er svo miklu troðið í það —, þá geri ég ráð fyrir, að ég greiði atkv. á móti frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 531) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 473,a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 473,b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 474,a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 474,b samþ. með 17 shlj. atkv.
— 474,c samþ. með 17 shlj. atkv.
— 531,a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 531,b samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv. og endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 532).

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 592).

---

40. Tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Á 50. fundi í Ed., 17. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð (þmfrv., A. 345).

Á 51. fundi í Ed, 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Mér skilst, að hér þurfi tvennskonar leyfi. Í fyrsta lagi þurfi einfaldan meiri hl., vegna þess að frv. er of seint fram komið, og hinsvegar aukinn meiri hl., þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu frv. Er því ekki hægt að leyfa annað, en synja hinu með sömu atkvgr.

Forseti (EÁrna): Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að í öðrum þessum afbrigðum þarf ¾ atkv., en þá felst alltaf minna leyfið í því stærra. — Ég skal í öðru lagi benda hv. þm. á, að nú eftir hinum nýju þingsköpum þarf ekki nema einfaldan meiri hl., ef málið er flutt að tilhlutan ríkisstj., eða fyrir hennar hönd, þar sem áður þurfti ¾ greiddra atkv.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi skilið svo ákvæði 36. gr., að um stjfrv. og frv., sem flutt eru fyrir hönd ríkisstj., ráði einfaldur meiri hl., á nokkuð annan veg en hæstv. forseti. Ég hefi álitið, að þetta ætti við, þegar mál er of seint fram komið.

Í 54. gr. gömlu þingskapanna segir viðvíkjandi undanþágu frá þingsköpum — en það er það, sem hér er um að ræða —, að út af þeim megi bregða, ef ráðh. eða umboðsmaður hans leyfir og ¾ þeirra þm., er um það greiða atkv., samþykkja. Ég hefi ekki orðið var við, að þetta væri neitt breytt. Og ég leit svo á í allshn., að þetta væri með öllu óbreytt. Hitt atriðið er bara um það, hvort málið hafi komið nægilega snemma fram.

Jón Baldvinsson: Það, sem hér hefir farið fram, er ekki annað en það, sem venja hefir verið, þegar leitað hefir verið afbrigða fyrir málum. Og hæstv. forseti hefir skýrt frá því, að ef komið hefðu fram atkv. á móti, sem gert hefðu vafasamt, að þau afbrigði væru leyfð, sem með þarf til þess að málið megi komast að, þá hefði líka verið leitað atkv. aftur. En þessi atriði voru borin upp með venjulegum formála, sem sé þeim, að leita ætti þeirra afbrigða, sem með þyrfti til þess, að málið mætti komast að, og það var samþ. með 9 shlj. atkv. Hitt er annað mál, hvað hæstv. forseti gerir, ef menn óska eftir að breyta sínu atkv.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins í þessu sambandi geta þess, að ég fyrir mitt leyti greiddi atkv. út frá því, að verið væri að leita leyfis til þess að taka frv. fyrir, þar sem of langt væri liðið frá þingbyrjun. Þess vegna vildi ég óska eftir því, að atkvgr. væri að minnsta kosti endurtekin, því að ég mundi hafa hagað mér öðruvísi við atkvgr. um afbrigði.

Jón Baldvinsson: Það er ekki von til þess, að menn séu strax orðnir þaulkærðir í hinum nýju þingsköpum, sem eru orðin að lögum fyrir nokkrum dögum og birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu 14. apríl, en enn er ekki búið að fella þau inn í hin gömlu þingsköp, svo menn geti áttað sig á þeim í fljótu bragði. 54. gr.

gömlu þingskapanna, sem ræðir um afbrigði, hljóðar svo: „Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þm. í Ed., 6 þm. í Nd. og 9 í Sþ. má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðh. eða umboðsmaður hans leyfir og ¾ þeirra þm., er um það greiða atkv., samþykkja.“ En samkv. 64. gr. nýju þingskapanna á þarna að bætast við: Um stjfrv. eða frv., sem flutt eru fyrir hönd ríkisstj., ræður þó einfaldur meiri hl. — Ég fæ því ekki betur séð en að gerð sé sú undantekning um afbrigði fyrir slíkum frv., að þar ráði einfaldur meiri hl. til hvers sem vera skal.

Forseti (EÁrna): Út af þessu, sem fram hefir komið, vil ég enn á ný taka það fram, að ég viðhafði sömu regluna og alltaf hefir gilt hér í d., og að ég hygg líka í hv. Nd., þegar leitað hefir verið um slík afbrigði sem þessi. Það hefir oft komið fyrir, að þurft hafi að leita tvennskonar afbrigða, bæði leyfis og afbrigða, og hefir það alltaf verið gert hvorttveggja í senn, og aldrei fyrr en nú verið gerð nein aths. við það. Atkvgr. var líka mjög skýr um þetta. — Það er í rauninni ákaflega erfitt að ræða um þær breyt., sem gerðar hafa verið á þingsköpunum, meðan ekki er búið að fella saman nýju þingsköpin við þau eldri. En ég vil taka það fram, að ég hefi skilið 64. gr. nýju þingskapanna eins og hv. 4. landsk., og ég hygg, að þeir, sem stóðu fyrir því að semja þessi nýju þingsköp, hafi einnig litið svo á þetta mál, og við það vil ég miða mína skoðun, meðan ekki reynist annað réttara. En þar sem þess hefir verið óskað, að þetta væri borið upp í tvennu lagi, þó það sé óvenjulegt, þá skal ég gjarnan verða við því. **(Rödd af þingbekkjum:** Sá, sem þess óskaði, er farinn úr d.). Þá sé ég ekki ástæðu til að breyta neitt út af venjunni, og er þá málið til 1. umr.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og getið er í grg. frv., þá er það flutt af meiri hl. fjhn. samkv. beiðni hæstv. fjmrh. Fer frv. fram á að framlengja til ársloka 1937 þá tekjustofna, sem ríkissjóður hefir samkv. lögum á þessu ári og ekki er þegar búið að leita framlengingar á í öðrum frv. Ég get nú ekki skilið, að það hafi komið neinum á óvart, að þetta frv. væri fram borið. Menn hafa getað séð það strax, þegar fjárlfrv. var lagt fyrir Alþingi, að það mundi vera ætlun ríkisstj. að leita framlengingar á þeim tekjustofnum, sem þetta frv. fjallar um, því í tekjuáætlun fjárl. eru einmitt teknir upp allir þessir tekjustofnar, og eins og menn vita, þá hafa fjárl. verið samþ. til 3. umr. í Sþ. með þessum tekjustofnum. Eins og menn vita, þá var niðurstaða fjárl. eftir 2. umr. sú, að það mundi vera um 400 þús. kr. tekjuhalli samkv. áætlun þeirra. Nú hefir það komið til orða, sérstaklega af hendi stjórnarandstæðinga, að áætlun sumra eldri tekjustofna mundi mega hækka allverulega, og ég skal játa, að ég býst við, að óhætt muni vera að hækka þessa liði eitthvað, eða nálægt því, sem tekjuhalla fjárl. nú nemur, þannig að fjárl. ættu samkv. því að geta orðið tekjuhallalaus, en þó því aðeins, að þeim tekjustofnum sé haldið, sem verið hafa.

Það hefir nú komið fram, bæði í fjvn. og eins við 2. umr. fjárl., að það mun alls ekki vera ágreiningur um öll atriði þessa frv., heldur mun ágreiningurinn aðeins vera um þau atriði frv., sem standa í lögum þeim frá í fyrra, sem í daglegu tali eru kölluð „klauflax“. Eftir fjárlfrv. eru tekjurnar samkv. þeim lögum áætlaðar af hátekjuskatti 200 þús. kr., og af gjaldi af innfluttum vörum 750 þús. kr. Er þetta samtals 950 þús. kr., eða tæp milljón. Meiri hl. fjhn. lítur nú svo á, að þessi upphæð, sem hér er um að ræða og ágreiningur er um, megi alls ekki missast, ef tryggilega á að vera gengið frá fjárhagsáætlun ríkisins fyrir árið 1937. Ef fella ætti niður þessa tæpu milljón kr., þá virðist sem það þyrfti jafnframt að finna sparnað, sem næmi a. m. k. jafnhárri upphæð, en það hafa nú ekki komið fram neinar slíkar sparnaðartill. ennþá. Þvert á móti voru þær till., sem fram komu við 2. umr. fjárl., allar til hækkunar, en ekki til lækkunar. En ef fram kæmu skynsamlegar sparnaðartill. um eina millj. kr., þá mætti e. t. v. láta þetta frv. falla niður.

Fjhn. mun að sjálfsögðu telja sér skylt að athuga þetta frv. nánar, en þar sem það er flutt af meiri hl. hennar, þá sé ég ekki ástæðu til að leggja til, að því verði sérstaklega til hennar vísað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, EÁrna.
JAJ, MG greiddu ekki atkv.
Sex þm. (JJ, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL) fjarstaddir.

Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil aðeins geta þess, að meiri hl. fjhn. mun við 3. umr. flytja nokkrar brtt. við þetta frv., sem honum hefir ekki unnizt tími til að ganga frá. Ég sé ekki ástæðu til, að þessari umr. verði frestað nú, þar sem 3. umr. er eftir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.
nei: MJ, PM.
MG, ÞBr, JAJ greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (ÞÞ, GL, HG) fjarstaddir.
4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.
MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, MG, JAJ greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (GL, HG) fjarstaddir.
5.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 345, 404, 409).

*Frsm. (Bernharð Stefánsson): Meiri hl. fjhn. ber fram lítilsháttar brtt. á tveim þskj. Á þskj. 409 er brtt. við 3. gr., um það, að jafnframt því, sem vitnað er í lög frá 31. des. 1935, um tekjuöflun ríkissjóðs, skuli einnig vitnað í hin nýsamþykktu lög frá 21. apríl 1936. Þá eru tvær brtt. á þskj. 404. Sú fyrri orðar um síðari málsgr. 3. gr. Nú er þar aðeins um heimild að ræða, en meiri hl. n. telur rétt að fastákveða þetta, enda þótt líklegt sé, að stj. hefði notað sér heimildina hvort sem var.

Í seinni brtt. er tekið fram, að fyrir framan tölurnar í öllum liðunum í 5. gr., um benzínskattinn, skuli standa „allt að". Engin vissa er fyrir því, að skatturinn verði eins mikill og áætlað hefir verið, og því má ekki fastbinda upphæðirnar. — Býst ég við, að form. fjhn. flytji einnig skrifl. brtt. við frv. viðvíkjandi þessu.

Jón Baldvinsson: Ég vil leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. á þessa leið:

„Aftan við 5. gr. bætist ný málsgr.:

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 250000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1938." — Þetta er sviparað ákvæði og áður hefir verið í lögum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 414) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Magnús Jónsson: Af því að ég var ekki viðstaddur 1. umr., en 2. umr. er ekki ætluð til almennra aths., vil ég grípa tækifærið til þess að skýra frá því, hvers vegna ég gat ekki flutt þetta frv. með meiri hl. fjhn.

Þegar þetta frv. var fyrir síðasta þingi, gerði ég grein fyrir andstöðu minni gegn því, sérstaklega aðallögunum. Nú á að framlengja þessi lög, og sannast að segja er flutningurinn á þessari framlengingu fyrir neðan allar hellur. Hér er mörgum lögum grautað saman í einhvern óendanlegan hrærigraut, sem enginn getur botnað í. Það er byrjað á 2. gr., 1. gr. verður 3. gr. o. s. frv. Þó hefir stj. ekki talið það ómaksins vert að semja ný lög upp úr þessu og nema hin úr gildi, enda þótt það hefði legið næst. Ég tel þetta óafsakanlegt og benda á allt annað en góða samvizku hjá stjórninni.

Annars er ekkert nýtt í þessu lagafrv., nema það, að loforðin um það, að álögurnar skyldu gilda aðeins um eitt ár, hafa öll verið svikin. Þó var lögð á það mikil áherzla af stj. og fylgifiskum hennar á síðasta þingi, að „bráðabirgðatekjuöflun ríkisins" skyldi ekki gilda nema eitt ár, en nú hafa þessi loforð verið þverbrotin, eins og búast mátti við. Annars verð ég að segja það, að þessi aðferð í skattamálunum, að framlengja skatta og tolla sífellt frá ári til árs, er orðin lítt þolandi. Áður þótti það óheppilegt að framlengja einn og einn skatt eða toll frá ári til árs, en nú er svo komið, að mikill hl. af tekjum ríkissjóðs er þannig til kominn. Auk þessa frv. bætist við framlenging á lögum þeim, sem hlotið hafa nafnið „bandormurinn", um frestun ýmissa framkvæmda. Það er augljóst, að hæstv. fjmrh. hugsar ekki í þessum efnum langt út fyrir sína eigin ráðherratíð, sem að líkindum verður ekki mjög löng, því að eftirmaður hans verður sannarlega ekki öfundsverður af því að botna í öllum þessum frámunalega hrærigraut eða gera sér ljóst, hvaða fjármálastefnu hæstv. núv. fjmrh. hefir eiginlega fylgt. Ég er satt að segja hissa á hæstv. fjmrh. með báða sína flokka að baki, að hann skuli a. m. k. ekki sýna lit á því, hvað hann vill í fjármálunum. Þetta eru þær almennu ástæður fyrir því, að ég er á móti frv.

Ég mun ekki fara út í að rekja efni hinna einstöku laga, sem hér á að framlengja. Fyrstu greinarnar eru um 10% álag á tekju- og eignarskatt, 25% á verðtoll og 80% á skemmtanaskatt. En aðalefni frv. er bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs. Eins og ég hefi lýst yfir áður, er ég gersamlega mótfallinn hátekjuskattinum, nema því aðeins, að bæjar- og sveitarfélögum sé tryggt eitthvað í stað hans, því að staðreyndirnar sýna, að bæjar- og sveitarfélögum er nú orðið ókleift að ná inn þeim tekjum, sem þau þurfa til eigin nauðsynja, vegna ágengni ríkissjóðs við skattborgarana. Hér liggur að vísu fyrir álit frá n., sem ríkisstj. skipaði til að athuga tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. En enginn áhugi virðist vera hjá stj. fyrir því máli. En það er alveg augljóst, að ef hátekjuskatturinn á að verða áframhaldandi skattur til ríkissjóðs, verður að finna nýja tekjustofna handa bæjunum.

Um annan liðinn í þeim l., nefnilega vörugjaldið, er það sama að segja og um slíkar stórfelldar hækkanir á tollum, að það eru að vísu gerðar undantekningar um ýmsar vörur, sem beinlínis þarf til framleiðslunnar. En hinsvegar er ómögulegt að neita því, að hið stórkostlega hækkaða gjald á fjöldamörgum vörum, sem enginn getur komizt hjá að nota, hlýtur vitanlega óbeinlínis að lenda á framleiðslunni, vegna þess að allur kostnaður þeirra, sem að henni standa, er aukinn. Dýrtíðin í landinu er yfirleitt aukin með þessum álögum.

Það er nú tekið fram mjög greinilega í upphafi þessa frv., til hvers eigi að verja þessum gjöldum, og skal ég ekki fara út í það, hvað lítið gagn er að slíkum ákvæðum. En það er þó við það að athuga, að í einum af þeim liðum, sem þar um ræðir, nefnilega alþýðutryggingunum, sem hafa í för með sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð, felast líka ákaflega mikil bein gjöld frir einstaklingana, sem þó ekki eru heimt inn af þeim sem fastur skattur. Og fjöldi manna á að greiða þennan skatt án þess að fá nokkuð fyrir hann, og ég sé ekki, hvað langt þá er orðið að markinu fyrir því, að slíkir skattar náist inn.

Síðasti liðurinn er benzínskatturinn. Það hefir nú farið giftusamlegar um hann heldur en útlit var fyrir, þar sem bifreiðarstjórarnir með sínum samtökum og verkfalli knúðu það fram, að þessi skattur lenti að mestu eða öllu leyti á steinolíufélögunum, sem selja benzín hingað.

En það er eftirtektarvert, að þessar aðgerðir bifreiðarstjóranna, sem veltu þessum stóra skatti yfir á steinolíufélögin, mættu svo miklum fjandskap frá ríkisstj., að þeir voru blátt áfram meðhöndlaðir eins og glæpamenn í blöðum stj. Það var meira að segja settur hlustvörður við símann, sem nú er yfirlýst, að ekki skuli gera nema þegar um stórglæpamál er að ræða. Svona var litið á þessar athafnir, sem þó urðu til þess að bjarga þessu axarskafti stj. Ég skal ekki fara frekar út í þetta spæjaramál, sem rekið var í sambandi við verkfallið, því mér þykir ólíklegt, að hæstv. stj. komist hjá því að verða að svara fyrir það alveg sérstaklega.

Þetta frv., sem sagt, fer fram á það að halda því hæsta horfi, sem fram hefir komið til útgjalda á þinginu. En á hinn bóginn stendur hæstv. stj. eins og veggur fyrir öllum tilraunum til þess að fá færð niður einhver gjöld, eins og sást við afgreiðslu fjárlfrv. í Sþ., þar sem stj. og hennar flokkar stóðu á móti því að létta af því háskalegasta gjaldi, útflutningsgjaldinu, af sjávarútveginum, til þess að opna honum möguleika til þess að vera rekinn með arði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég vildi aðeins gera grein fyrir því í örfáum orðum, hvers vegna ég ekki gat verið meðflm. að frv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að form frv. væri ekki frambærilegt, þar sem framlengd væru mörg lög og ákvæðum skipað í einn graut. Ég get ekki verið hv. þm. sammála um þetta, því mér finnst það einmitt til bóta að safna framlengingarákvæðum um tolla og skatta í sem allra fæst lög, og það hefir verið reynt að gera svo, og eru nú aðeins tvenn lög — að mig minnir —, sem hafa í sér fólgna framlengingu eldri skattalaga, sem sé þessi, sem hér er um að ræða, og lög um framlengingu verðtolls og bráðabirgðaverðtolls. Um hitt geta verið skiptar skoðanir, hvort eigi að taka lagaákvæðin sjálf orðrétt upp eins og þau eru í upphaflegu lögunum, en það hefir ekki verið siður að gera, svo sem eins og bezt sést á þeirri reglu, sem höfð er um framlengingu verðtollslaganna. Þar hefir ekki verið siður að taka gömlu lögin upp með öllum upptalningum, heldur aðeins framlengd með stuttri málsgr. í hvert skipti. Og hér hefir verið haldið sömu reglunni.

Þá fannst hv. 1. þm. Reykv. einkennilegt, að ég skyldi ekki beita mér fyrir því að koma á skatta- og tollalöggjöf, sem gæti verið til frambúðar. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að þeir tímar, sem nú eru, eru illa til þess fallnir að gera slíkar frambúðarráðstafanir, þar sem þeir verða að teljast — sem betur fer — með öllu óvanalegir, eða það verður maður a. m. k. að vona. Ég sé þess vegna ekki, að það sé réttlát krafa að heimta það af þessari stj., að hún geri þetta, þar sem stj. þær, sem setið hafa að undanförnu á betri tímum, hafa ekki séð sér fært að koma þessu í framkvæmd, og þar á meðal stj. sú, sem þessi hv. þm. studdi á sínum tíma, stj. íhaldsflokksins gamla, frá 1924—1927. Ég held meira að segja, að sú stj. hafi byrjað á því á þeim góðu árum að koma með bráðabirgðaskatta; ég held, að verðtollur hafi þá fyrst komizt á. Þessi gagnrýni hv. þm. hefir því ekki við neitt að styðjast.

Svo ætla ég ekki að eyða fleiri orðum að formshlið þessa máls, en út af efnisatriði, sem hv. 1. þm. Reykv. drap hér á, vil ég fyrst leiðrétta þann misskilning hjá honum, að ég hafi lýst yfir, þegar ég beitti mér fyrir þessari tekjuöflun í fyrra, að hún ætti aðeins að vera til eins árs. Ég vil rifja það upp fyrir hv. þm., að ég sagði þá, að ég gæti búizt við því, að þessi tekjuöflun yrði að fara fram á árinu 1936 og eitthvað lengur, ef ekki rættist úr. Þetta mun hægt að finna í mörgum þingræðum, sem ég hélt í fyrra, þegar þessi lög voru til umr. Það er þess vegna mjög fjarri því, að ég hafi gefið í skyn og því síður lofað, að þessi tekjuöflun ætti aðeins að vera til eins árs. Ég tók það einmitt alltaf fram, að það væri sjálfsagt að búast við því, að þessi lög yrði að framlengja a. m. k. eitt ár í viðbót, ef ekki gerðust einhverjir þeir atburðir, sem bættu stórlega ástandið og tekjuöflunarmöguleikana frá því, sem þá var.

Um hina einstöku liði, sem hv. 1. þm. Reykv. fór lítillega út í, ætla ég ekki að ræða. Við töluðum svo mikið um þetta í fyrra, og þá komu fram öll rök með og á móti því að setja þennan skatt. En ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. sagði um benzínskattinn og þá atburði, sem gerðust í sambandi við álagningu hans, taka það fram til leiðréttingar misskilningi hjá hv. þm., að því fór mjög fjarri, að frumhlaup það, sem gert var af hálfu bifreiðarstjóranna hér í bænum, hafi haft nokkur áhrif í þá átt að lækka benzínverðið. Beiðnin um innflutningsleyfi fyrir því benzíni, sem síðar varð til þess að lækka benzínverðið, kom ekki til greina fyrr en allmjög var liðið á verkfallstímann og stóð ekki í neinu sambandi við verkfallið, fyrr en verkfallsmenn notfærðu sér það, að það átti að veita þetta leyfi, til þess að skríða út úr verkfallinu. Þetta er sannleikurinn í þessu máli. Það hefði aldrei komið til mála að neita um innflutningsleyfi fyrir þessu benzíni, ef þær yfirlýsingar, sem fylgdu beiðninni, um að selja benzínið svona ódýrt, hefðu fylgt. Og ástæðan til þess, að þetta blandaðist inn í verkfallið, var engin önnur en sú, að bifreiðarstjórarnir voru að reyna að finna leið til þess að draga sig út úr þessu verkfallsfyrirtæki, sem var að verða þeim til hins mesta tjóns. Þess vegna eru það ekkert nema örökstudd ummæli hjá hv. þm., að þær aðgerðir, sem hafi lækkað benzínverðið, hafi mætt fjandskap frá ríkisstj., því það var þvert á móti ríkisstj., sem beitti sér fyrir því, að þetta leyfi yrði veitt, og það stóð ekki í neinu sambandi við þetta blessað verkfall.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Hæstv. fjmrh. hefir að mestu tekið af mér ómakið, svo að það er ekki nema fátt eitt, sem ég sé ástæðu til að minnast á.

Hvað formshlið þessara mála snertir, þá get ég að nokkru leyti verið sammála hv. 1. þm. Reykv. Ég lít svo á, að það sé hin mesta nauðsyn, svo fljótt sem kostur er á, að koma tollalöggjöfinni í fast horf, þannig að ekki þurfi

þessar stöðugu framlengingar á hverju einasta þingi. En eins og hæstv. fjmrh. minntist á, þá hafa síðan þetta fargan byrjaði, oft verið heppilegri tímar til þess heldur en nú, þar sem öll viðskipti og þar af leiðandi fjármálin eru á hverfanda hveli. En um leið og ætla má, að þau mál séu komin í nokkurn veginn fasta rás, tel ég, að þjóðin verði að hefjast handa í þeim efnum. Annars er það, eins og hæstv. fjmrh. drap lítillega á, að það er svo langt frá því, að núv. stjórnarflokkar hafi byrjað á þessu. Það var gamla íhaldsstjórnin frá 1924—1927, sem byrjaði á því að fá tollalöggjöf samþ. fyrir ákveðinn tíma, og framlengja svo frá ári til árs. (MJ: Var það aldrei gert áður?). Það kann kannske að hafa verið eitthvað lítilsháttar, en það er víst, að sú stj. lagði drjúgan skerf til þessara vinnubragða.

Af því að ég var töluvert riðinn við þetta mál í fyrra, þar sem ég var að forminu til annar af flm. aðalmálsins, sem innifelst í þessu frv., þá vil ég fyrir mitt leyti alveg mótmæla því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að um loforð hafi verið að ræða af okkar hendi um það, að þetta ætti að gilda aðeins til eins árs. Það kann að vera, að bent hafi verið á það, að l. væru aðeins til eins árs, og að lagt yrði undir úrskurð þingsins, hvort ætti að framlengja þau eða ekki. En ég hygg, að það hafi komið greinilega fram, að ekki hafi verið búizt við því, að l. yrðu afnumin, nema því aðeins, að séð yrði fyrir einhverjum öðrum tekjum í staðinn, eða þá að einhverjum gjöldum yrði létt að ríkissjóði.

Það er að nokkru leyti rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að hátekjuskattur og tekjuskattur yfirleitt er að nokkru leyti tekinn frá sveitar- og bæjarfélögum, — að því leyti, að slík gjöld minnka gjaldþol þegnanna til sveita og bæja. Hið sama má að nokkru leyti segja um öll gjöld til ríkisins. Sú álagning á vörur, sem fram kemur af tollum, verður náttúrlega til þess að draga úr gjaldþoli þegnanna til sveita og bæja. Annars má segja það, að sveitar- og bæjarfélögin eiga nú að fá helminginn af þessum hátekjuskatti, svo ekki er um verulega háar upphæðir að ræða, sem af honum kemur til ríkissjóðs.

Þá sagði hv. þm. það, að stj. og hennar flokkar hefðu staðið eins og veggur fyrir því, að gjöldum væri af létt. Náttúrlega hefir hæstv. ríkisstj. haft á móti því, að tekjustofnar væru afnumdir, meðan ekki er sýnt, að ríkið megi missa þá. En hvað er að aflétta gjöldum? Ég hélt, að undirstaðan undir því, að það væri hægt, væri fyrst og fremst að draga úr þeim útgjöldum, sem á ríkinu hvíla. Og ég hefi ekki orðið var við það, að hv. 1. þm. Reykv. eða hans flokksmenn yfirleitt hafi barizt mikið fyrir því að létta gjöldum af ríkissjóði. Við afgreiðslu síðustu og næstsíðustu fjárl. var það einmitt hans flokkur, sem flutti allverulegar hækkunartill. Að vísu flutti fulltrúi þess flokks nokkrar lækkunartill., en þær voru ekki miklar samanborið við þær hækkunartill., sem fram höfðu komið frá hans flokksmönnum. En það er ekki til neins að afnema einhverja tekjustofna ríkissjóðs, en hafa útgjöldin jafnhá eftir sem áður. Nei, mér finnst — ekki beinlínis út af ræðu hv. 1. þm. Reykv., heldur yfirleitt út af skrafi sjálfstæðismanna, bæði í blöðum og á þingmálafundum, um skattpíningu stjórnarflokkanna og eyðslu þeirra —, að það ættu að koma fram raunverulegar till. frá þessum flokki um að létta gjöldum af ríkissjóði, svo að um munaði. Og þá mætti e. t. v. á eftir bera fram till. um að láta einhverja tekjustofna ríkissjóðs falla niður.

*__Jón Baldvinsson__: Af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, heyrði ég, að samnm. minn, hv. 1. þm. Reykv., mundi hafa farið út í benzínverkfallið í vetur. Ég skal nú upplýsa þetta mál nokkuð, því að ég er sennilega kunnugri því heldur en nokkur hv. dm. Það voru hér fjögur félög um benzínsöluna, þar af þrír stórir hringar, sem höfðu samband hver við annan og höfðu sameiginlegt verð. En hið rússneska félag hafði flutt inn nokkuð af benzíni undanfarið, og það er ákaflega sennilegt, að það hafi verið í samkomulagi við hina hringana um verðið, þó að það væri einum eyri lægra heldur en hjá þeim. Það mun hafa sýnt sig hjá þessu félagi, að það var ekki vænlegt að keppa við stóru félögin með eyris mun á benzínverðinu, a. m. k. með þeirri aðstöðu, sem það félag hafði með því að verða að flytja inn í tunnum. Félagsmenn voru því orðnir hálfuppgefnir á benzínsölunni, en þeir höfðu verið að tala við gjaldeyrisnefndina um innflutning, og það mun ekki hafa staðið á neinum innflutningi til þeirra, en þeir munu ekki hafa treyst sér til þess að halda uppi samkeppninni með þessum verðmun. En þegar hinsvegar kom fram á þingi síðastl. haust og það vitnaðist, að í vændum væri skattur á benzíni, sem ætti að nema allt að 4 aurum, þá fóru þessir menn að hugsa um að fara nú að flytja inn benzín, með því að þá væri meiri von til, að þeir gætu selt, því að þeir gætu líklega haft meiri verðmun heldur en áður. Þeir töluðu m. a. við mig um þessa hluti, og þeir töldu, að ef skatturinn kæmist á, og þar sem hin félögin höfðu gefið í skyn, að þau mundu hækka verðið, þá mundu þeir geta selt með lægra verði, og taldi ég því sjálfsagt, að þeir fengju innflutningsleyfi, eins og þeir mundu hafa fengið áður, ef þeir hefðu talið sér það hagkvæmt. Í raun og veru var þetta því ekkert í sambandi við bílstjóraverkfallið, heldur eingöngu í sambandi við það, að skatturinn er settur á og hinir olíuhringarnir hækka verðið. Það skapaði möguleikana fyrir hið pólsk-rússneska félag til þess að geta flutt inn benzín, svo að bílstjóraverkfallið kom þessu ekki nokkurn skapaðan hlut við, nema að því leyti, sem bílstjórarnir notuðu sér það, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, sem átyllu til þess að aflétta verkfallinu. Þannig var þessu háttað, að hækkunin hjá olíufélögunum skapaði þessu pólsk-rússneska félagi möguleika til þess að geta flutt inn benzín og selt það ódýrara.

Það var löngu byrjað að tala um þessa möguleika áður en bílstjórarnir tóku sína ákvörðun um að gera verkfall. Hitt er vitanlegt, að það hefir hraðað því, að „Nafta“ gæti fengið nokkurnveginn vissa sölu og viðskiptamenn, með

því að hafa benzínið ódýrara, að hin oliufélögin voru búin að lýsa yfir, að verðið mundi hækka, og bílstjórarnir voru í þessum ham, sem skiljanlegt var frá þeirra sjónarmiði, þó óvenjulegt sé að gera verkfall um langan tíma vegna löggjafar frá Alþingi. Því má segja, að það hafi ekkert staðið í sambandi við bílstjóraverkfallið, þó veitt væri innflutningsleyfi fyrir pólsk-rússneskt benzín. Mér datt aldrei í hug sem nm. í innflutningsnefnd að minnast á það við ríkisstj., hvort slíkt leyfi ætti að veita. Ég var ákveðinn í því og sagði hverjum, sem um það spurði, að ég mundi verða með því að leyfa innflutning á ódýrara benzíni, ef nokkur hefði tök á að flytja það inn. Það má vel vera, að formaður gjaldeyrisnefndar hafi sagt ríkisstj. frá því, að þessi beiðni kom fram, en það var ekki hið allra minnsta talað um það við mig af ríkisstj. að veita slíkt innflutningsleyfi, og ég veit, að sama er að segja um tvo aðra af nm.

Viðvíkjandi þeirri framlengingu, sem hér er rætt um, á þeim tekjustofnum, sem teknir voru upp í fyrra, tekjuskattinum, benzínskattinum og aðflutningsgjaldinu, skal ég játa það, að það flaug í huga minn í fyrra og ég bjóst hálfpartinn við því, að hægt mundi verða að létta einhverju af þessum gjöldum af þegar á næsta ári. En það vita allir hv. þm., eins og yfirleitt allir landsmenn, að undanfarið hefir verið óvenjulegt erfiðleikaástand, og menn vita, að það er ekki aðeins, að ekkert hafi batnað á þessu ári, heldur hefir ástandið farið stórum versnandi. Það veldur því, að ríkissjóður má ekki við því að fella niður neitt af þeim framkvæmdum, sem hugsaðar hafa verið til þess að bæta upp það tap, sem fólkið verður fyrir vegna þess, hvernig atvinnurekstrinn gengur. Þetta óvenjulega ástand ár eftir ár skapar þannig þörfina fyrir þær tekjur, sem hér er um að ræða. Við höfðum satt að segja margir alþýðuflokksmenn gert okkur í hugarlund, að það mætti létta þessum gjöldum af, því maður vonar ávallt, að ekki verði alltaf svo slæmt árferði og nú. En ég tel réttara, að ríkissjóður hafi fé til þess að mæta örðugleikunum og bæta úr atvinnuskortinum, jafnvel þó ég játi, að til þess þurfi að ganga nærri mönnum. Það ræður úrslitum um það, að ég tel réttara að framlengja þessar álögur að svo komnu, meðan það ástand helzt, sem nú er og því miður lítur út fyrir, að verði eitthvað áfram, og meðan annað fyrirkomulag er ekki fundið til þess að ná tekjum í ríkissjóð, sem ég get að vísu hugsað mér, en ekki er til neins að gera till. um, eins og þingið er nú skipað.

*__Magnús Jónsson:__ Áður en ég fer út í að svara þeim þremur hv. þm., sem svarað hafa minni ræðu, ætla ég aðeins að minnast á tvær brtt. frá meiri hl. fjhn. á þskj. 404, sem eru um að setja „allt að“ framan við þær tölur, sem felast í 5. gr. frv., um framlög til ýmsra vega af því fé, sem kemur inn vegna hækkunar benzínskattsins. Þetta eru meinlausar till., getur maður sagt, og sjálfsagt gagnslausar, því vafalaust kemur þetta fé inn. Vil ég í því sambandi taka fram, að ég tel, og vona, að það sé einnig skilningur hv. fjhn., að þetta „allt að“ þýði ekki það, að lagt sé á vald ríkisstj. að veita minna til einstakra vega en þarna er tiltekið, þó að fé komi inn því frá minu sjónarmiði þarf ekki að efast um, hvernig slík heimild yrði notuð. Það mætti skilja till. þannig, að stj. væri með henni gefið undir fótinn með að setja ekki alla þá upphæð, sem inn kemur, í þessa vegi, og vil ég, að það komi fram, að slíkt sé ekki meiningin. Hinsvegar ætti að vera ákvæði um það, að ef skatturinn hrekkur ekki, þá skuli það, sem á vantar, skiptast jafnt niður á þá vegi, sem þarna eru taldir, þannig að ef t. d. vantaði 20—30 þús. kr., þá geti stj. ekki dregið það allt frá þeim vegum, sem hún af einhverjum ástæðum kann að telja óverðuga til þess að fá þetta fé.

Hæstv. fjmrh. sagði, að með því formi, sem ég var að deila nokkuð á, væri aðeins fylgt þeirri venju, sem verið hefði um framlengingar slíkra skatta, þ. e. a. s. vitnað aðeins til eldri ákvæðanna. Nei, þessari reglu er einmitt ekki fylgt á sama hátt og áður hefir verið gert. Þegar skattar hafa verið framlengdir hingað til, hefir það að vísu aðeins verið gert með tilvitnun, en hver l. fyrir sig hafa verið framlengd í heilu lagi. Það hefði mátt bera fram eitt frv. um að framlengja þau þrenn l., sem hér er um að ræða. En í þessu frv. eru þau slitin öll í sundur, þannig að einstakar gr. þeirra koma undir mismunandi gr. þess frv., sem hér liggur fyrir. Hvað þetta snertir er fylgt annari venju en verið hefir, bersýnilega í því skyni að láta menn út í frá ekki verða meira en svo vara við, hvað það er, sem verið er að framlengja. Hæstv. ráðh. er að reyna að fela upphæðirnar, sem með þessu er verið að leggja á gjaldendur. Hann hefir upphaflega talið tormerki á að gefa út l. um alla þessa tekjuauka í einum bálki, og af sömu ástæðum mun framlengingunni vera hagað svona. Ég býst við, að hæstv. ríkisstj. mundi óa við því að gefa út ein skattalög, sem fælu í sér þó ekki væri nema þessar allra síðustu skattahækkanir frá síðasta þingi, með þeim upphæðum, sem nú er komið fram, að þessar álögur nema. Það hefði þó verið hreinlegast. En það er e. t. v. gott, að hæstv. stj. skuli vera farin að sjá, að svo langt er komið, að hún verður að reyna að fela þetta sem mest.

Hæstv. ráðh. sagði, að nú væri sérstaklega óheppilegur tími til þess að koma framtíðarskipulagi á skattamálin. Já, ætli það sé ekki hér um bil alltaf svo? Það hefir alltaf verið svo og mun alltaf verða svo, að framtíðin er meira og minna hulin. Hann taldi líklegt, að það mætti síðar draga verulega úr þessum gjöldum, og vonandi væri, að ekki þyrfti lengi að halda sköttunum í þessari háspennu. Ég vil þá spyrja hann, hvaða liðir hann býst sérstaklega við að verði lækkaðir. Ég fæ ekki betur séð en hingað til hafi útgjöldin farið stöðugt hækkandi. Ég er hræddur um, að þó maður óski hæstv. ráðh. langra lífdaga, þá muni hann aldrei lifa það, að undir hans stjórn lækki útgjöld ríkissjóðs svo, að hægt verði að létta sköttum af fólkinu.

Það komu mjög saman ræður hæstv. ráðh. og hv. frsm. Báðir vildu halda því fram út af

því, sem ég talaði um, hvað það væri óheppilegt að framlengja þannig skatta og tolla frá ári til árs, að á þessu hefði ekki verið byrjað í tíð núv. stj., eða yfirleitt undir stjórn þeirra flokka, sem nú fara með völd, heldur mætti rekja þetta til íhaldsstjórnar. Það er í sjálfu sér gleðilegt, að þegar þessir hv. þm. geta komið einhverju undir stjórn Íhaldsflokksins, þá á það þar með að vera gott og blessað. Ég get ekki annað en þakkað þetta traust til þeirrar stj., að það virðist ekki þurfa annað en vitna til, að þetta og þetta hafi átt sér stað í stjórnartíð Íhaldsflokksins, þá þurfi ekkert um það að deila. En það er ekki rétt, að þetta hafi byrjað í stjórnartíð íhaldsins; það var byrjað áður, og verður líklega alltaf eitthvað til af því, að sett séu á bráðabirgðagjöld til að mæta einhverjum útgjöldum, sem menn vonast eftir, að síðar sé hægt að koma öðruvísi fyrir. Ég man ekki betur en útflutningsgjaldið væri sett á sem bráðabirgðagjald; ég man ekki, hvaða ár, en það er miklu eldra en frá þeim tíma, er Íhaldsflokkurinn tók við völdum, ef ég man rétt. Ég er ekki að finna að því, þó þingið grípi til svona ráða í einstökum tilfellum. Náttúrlega er heppilegast, að það sé þá hægt að standa við að létta þessu af aftur, en það vill nú oft ganga svo, að það er erfiðara að draga saman seglin. Þó byrjaði íhaldsstj. á sínum stutta valdatíma á því að færa niður þessi gjöld. Því er ómögulegt að neita, að þegar íhaldsstj. tók við, var að því leyti sérkennilegt ástand, að stj., sem verið höfðu við völd á undan henni, höfðu hrúgað upp ákaflega miklu af skuldum, og það lausaskuldum, sem brýn nauðsyn bar til að greiða upp. Var þess vegna eðlilegt, að settur væri á bráðabirgðaskattur, eins og t. d. verðtollurinn, til þess að borga niður þessar skuldir, og hann var notaður til þess, en ekki teknir upp nýir gjaldaliðir, eins og nú er alltaf gert, þegar bætt er á nýjum álögum. Þegar búið var að borga niður skuldirnar, svo að vaxtabyrðin hafði minnkað um ½ millj., þá var þessi skattur lækkaður. Það er engin ástæða til annars en ætla, að ef þessi flokkur hefði verið áfram við völd, þá hefði hann komið fjárhag ríkisins í það horf, að hægt hefði verið að fella niður að fullu þessa bráðabirgðaskatta. En þetta sýndi reynslan aldrei, því flokkurinn fór frá völdum 1927, og fyrsta verk hinnar nýju stj. var að setja allt upp í hámark aftur. Ég held því, að hæstv. ráðh. og hv. frsm. ættu sízt vegna sinna flokka að brýna íhaldsstj. á þessu. En það, sem ég er hér að deila á, er vítaskuld það, að svo og svo mikill hl. af öllum tekjum ríkissjóðs er nú tekinn með endalausum bráðabirgðaframlengingum. Hér er ekki um að ræða einn bráðabirgðaskatt, heldur er þetta orðin svo óendanleg benda, að mér er óhætt að segja, að hæstv. stj. þorir ekki að gefa út ein skattalög í staðinn fyrir allar þessar framlengingar, af því þjóðinni mundi afbjóða, ef hún sæi þetta allt fram sett undir einu formi. Það er þægilegra að setja þetta fram í þessari flækju, svo almenningur sjái ekki eins greinilega, hvað um er að ræða, og lofa um leið óbeinlínis, að þetta skuli fara að hverfa, með því að framlengja það aðeins til eins árs í senn. Þetta er óhæfileg stefna, og ef hæstv. ráðh. ekki gerir bragarbót og tekst að koma skattamálunum upp úr því dæmalausa feni, sem hann öllum öðrum fremur hefir komið þeim í, þá mun sagan telja hann með þeim mönnum, sem orðið hafa þjóðinni til óhappa.

Bæði hæstv. ráðh. og hv. frsm. sögðu, að því hefði alls ekki verið lofað í fyrra, að þessar álögur skyldu aðeins vera til eins árs. Er það þá bara kjaftæði og vísvitandi blekking, þegar verið er að segja í l., að þau séu til eins árs? Ég hefi nú alltaf haldið, að öll löggjöf væri þannig, að eitthvert loforð fælist í því, sem þar er sagt; að ef skattur er ákveðinn í l. til eins árs, þá fælist í því loforð eða a. m. k. sterk von um, að hann þyrfti ekki að vera nema til eins árs. En nú standa þeir upp, hæstv. ráðh. og hv. frsm., og segja með köldu blóði, að þeim hafi aldrei dottið í hug, að þessir tekjuaukar yrðu ekki nema til eins árs. Hæstv. ráðh. hefði þá átt að taka drengilega þessari vitneskju sinni um það, að ekki yrði hægt að létta þessum álögum af, og vera ekki að blekkja landslýðinn svona. Honum var svo sem bent á þetta í fyrra, hvað heimskulegt væri að halda, að þær yrðu ekki nema til eins árs. Það þarf ekki annað en líta á formálann fyrir einu af þeim frv., sem hér á að framlengja. Þar er sagt, að tekjurnar eigi að nota til þess að greiða sérstök framlög til atvinnuveganna, verklegra framkvæmda, nýbýlamyndunar og alþýðutrygginga. Hverju af þessum útgjöldum hafa menn von um, að hægt verði að létta af eftir eitt ár? Þetta var bara blekking, eins og þegar var bent á. Það er náttúrlega ágætt að standa upp og krossa sig eitt árið og koma svo fram næsta ár og segja: Mér datt þetta aldrei í hug. — Ég bendi á þetta sem vott þess, hvað hægt er að reiða sig á þessa herra.

Hv. frsm. fór ofurlítið út í það, sem ég sagði um, hvað stjórnarflokkarnir hafa staðið mikið á móti því, að létt væri nokkrum gjöldum af framleiðslunni, og kom í því sambandi með þau gömlu rök, að það þyddi ekki að létta gjöldum af fólkinu, nema hægt væri að létta útgjöldum af ríkissjóði um leið. Ég vil fyrst benda hv. frsm. á það, að á síðasta þingi fór því svo fjarri, að stjórnarflokkarnir vildu létta nokkru af fólkinu, að þeir þvert á móti stofnuðu til stórkostlegra nýrra gjalda. Það fyrsta, sem manni finnst hægt að heimta af flokki, sem þykist mikill sparnaðarflokkur, er það, að hann noti ekki erfiðleikatímana til þess að auka gjöldin. Það er enginn maður kominn til að segja, að t. d. alþýðutryggingarnar með öllu, sem þeim fylgir, sé mál, sem endilega þurfti að komast fram einmitt á árinu 1935. Og svo er um fleira. Annars skal ég ekki fara mikið út í það, sem svo ákaflega oft er búið að tala um hér, eins og t. d. það, að við stjórnarandstæðingar gerum engar till. um lækkun á fjárlögunum, heldur þvert á móti berum við fram fjölda hækkunartill. Ég held, að allur landslýður hljóti að vera farinn að kunna utan að rökin, sem þessu eru til andsvara. Lækkunartill. minni hl. fjvn. voru allar felldar á síðasta þingi, og við sjálfstæðismenn svívirtir frammi fyrir alþjóð fyrir að bera slík-

ar till. fram. Í öðru lagi, þegar stjórnarflokkarnir voru ráðnir í að skipta á milli sín og sinna kjördæma stórfé til ýmsra framkvæmda, þá báru okkar menn fram sínar útgjaldatill., ekki til þess að sýna, að þeir vildu auka útgjöldin í heild, heldur til þess að sýna, hvernig þeir teldu, að ætti að verja fénu, sem eyða átti á annað borð. Þegar t. d. stjórnarflokkarnir ákveða að leggja stórfé til einhvers vegar, er ekki nema eðlilegt, að við bendum á þá vegi, sem við teljum eins mikla eða meiri nauðsyn á að veita fé til. Það er ákaflega eftirtektarvert, að á fjárlfrv. í fyrra voru t. d. vegir í Suður-Múlasýslu hækkaðir langmest frá till. vegamálastjóra. Þingið reyndi að vísu að leiðrétta þetta gerræði hæstv. stj. nokkuð, en ekki til fulls. Þó sjálfstæðismenn beri fram útgjaldatill., er ekki meiningin að hækka útgjöldin í heild, heldur að breyt til um, hvernig fénu er varið. (**Fjmrh.**: Hvers vegna bera þeir þá ekki fram lækkunartill. jafnframt?). Þeir báru fram till. um 600 þús. kr. lækkun í fyrra. Það átti að vera prófsteinn á stjórnarliðið. Ef þeirri till. hefði verið tekið vel, mátti fimmfalda eða tífalda þá upphæð. En þegar fyrsta tilraunin mætir ákveðnum fjandskap frá hv. meiri hl., hvaða ástæða er þá til fyrir minni hl. að halda áfram að gera slíkar till.? Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðh. og hans flokk að slá sjálfan sig þannig á munninn og heimta lækkunartill. frá andstæðingunum. Þeir bara sýna óheilindi sín með því að fella þær og prédika í blöðunum, hvílíkt ógurlegt gerræði það sé, að vilja lækka framlög til svo þarflegra hluta. Síðan standa þeir upp á þingi og segja, að stjórnarandstæðingar geri engar till. til lækkunar.

Ég vil svo aðeins, áður en ég sezt, minnast á það, sem bæði hæstv. ráðh. og hv. 4. landsk. sögðu viðvíkjandi bílstjóraverkfallinu og benzínskattinum. Þó þeir hefðu lesið upp af sömu bók, hefðu þeir ekki getað verið betur sammála um það efni. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri svo fjarri því, að verkfallið hefði áorkað nokkru um benzínlækkunina, og hv. 4. landsk. sagði, að hún stæði ekki í nokkru sambandi við verkfallið. Ég skil svo sem vel, sérstaklega um hv. 4. landsk., að það komi við sáran blett, þegar minnzt er á þetta, svo miklum örðugleikum var það bundið fyrir hann, þennan gamla verkfallsforingja, sem alltaf hefir staðið fremstur í flokki við að espa menn til verkfalla, að standa nú gegn þeim mönnum, sem voru að fara eftir leiðbeiningum hans. Því stóð hann nú upp, þó hæstv. fjmrh. væri áður búinn að taka fram allt, sem hann hafði að segja um þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að krafan um verðlækkun hefði ekki komið fram fyrr en langt var liðið á verkfallið. (**Fjmrh.**: Beiðnin um innflutningsleyfið, sagði ég). Ég skal ekki leggja dóm á, hvað skynsamleg sú krafa var, sem bílstjórarnir gerðu í upphafi. Persónulega tel ég óskynsamlegt að gera verkfall út af lögum, sem samþ. hafa verið af Alþingi, til þess að hindra framkvæmd þeirra eða fá þau afnumin. Það er langt undir virðingu þingsins, hvað mikla vitleysu sem það hefði gert, að láta hóp manna neyða sig til að falla frá samþykktum lögum eða stjórnarframkvæmd. Því var ekki nema eðlilegt, að þegar leið á verkfallið, færu bæði bílstjórarnir og ríkisstj. að leita eftir nýrri leið til þess að leysa málið. Bílstjórunum var ekkert í nöp við þessi l. af öðru en því, að þau hækkuðu benzínverðið, og vonin um að fá benzínið lækkað aftur, með því að koma skattinum yfir á benzínfélögin, var því eðlilegt tilefni til þess að reyna að fá verkfallinu létt af.

Hæstv. ráðh. sagði sem sagt, að beiðnin um innflutning á „Nafta"-benzíninu hefði ekki komið fram fyrr en langt var liðið á verkfallið, og hv. 4. landsk. sagði, að þetta félag hefði alltaf fengið innflutningsleyfi eftir því, sem það hefði þurft á að halda. Mér kemur þetta undarlega fyrir sjónir, því ég man ekki betur en löngu áður en bílstjóraverkfallið kom til, og löngu áður en benzínskattshækkunin var á döfinni, þá væri verið að skrifa í blöðin, tala við einstaka þm. og senda þinginu erindi um það, að benzínverð hér væri óhæfilega hátt, og ef bara fengist innflutningsleyfi fyrir pólsk-rússnesku benzíni, væri hægt að selja það hér miklu ódýrara. Mér er óskiljanlegt, hvernig hv. þm. getur borið á móti þessu.

Það kemur mjög undarlega fyrir að segja, að allar þessar beiðnir hafi verið gripnar úr lausu lofti. Nei, sannleikurinn var sá, að þetta var allt eins og veggur fyrir. Og menn kenndu því mjög um, að maður, sem stóð ákaflega nærri stj. og er einn af helztu mönnum í stjórnarflokkunum, er einmitt forstjóri fyrir öðru aðaloliusölufirmanu, sem selur hér benzín og olíu. Almenningur lagði það svo út, að þessi mótstaða gegn þessum almennu beiðnum væri nokkurskonar verndarhönd fyrir benzínsalana, eða a. m. k. óhæfilega lin föðurhönd yfir atvinnuvegum þjóðarinnar.

Ég vil nú segja, að það er ákaflega óviðkunnanlegt fyrir hv. 4. landsk., að það er fyrst þegar bílstjórarnir eru búnir að þjarma svo að honum, að hann er orðinn dauðþreyttur í fótunum af því að ganga, þá er eins og allt losni úr læðingi, þá fæst innflutningsleyfið, þá gat „Nafta" lækkað verðið á benzíninu, þá koma tankar, þá kemur allt. Þá fer benzínstiflan úr og bíllinn í gang. Þetta er ákaflega einkennilegt. Og ég er hræddur um, að hæstv. fjmrh. og hv. 4. landsk. verði að taka mikið á mælsku sinni og halda langar og snjallar ræður, ef þeir eiga að fá fólkið til að trúa því, að þetta standi ekki í neinu sambandi hvað við annað. Ég held, að það megi segja um næstum hvaða verkfall sem er, að þegar því lýkur og hækkun fæst á kaupi eða annað, sem verkfallið er stofnað til að ná, þá geti þeir, sem staðið hafa á móti kröfum verkfallsmanna, staðið upp og sagt: „Já, við vorum nú einmitt að hugsa um að bæta kjör þeirra og hækka kaupið" — eða eitthvað þess háttar.

Það þýðir ekkert að bera á móti því, að þá fyrst, er verkfallið var hafið, var farið að reyna að fá benzín fyrir lægra verð. Nei. Ég held, að menn ættu að líta á efndir hæstv. stj. í mjólkurmálinu o. fl., áður en þeir fara að trúa því, að þegar verkfallið var hafið, þá hafi stj. verið í þann veginn að lækka benzínverðið sem svar-

aði því, sem verkfallið kom til leiðar. Hvað sem að öðru leyti má um bifreiðarstjóraverkfallið segja, þá varð það til þess að knýja hæstv. stj. að hefjast handa um að veita þeim aðilja, sem vildi selja benzín hér fyrir lægra verð en hér gerðist, aðstöðu til að gera það, hvað mörg ár sem hæstv. ríkisstj. kann að hafa verið búin að hugsa um að gera þetta.

Ég skil vel, að hv. 4. landsk. hafi verið ákaflega sárt um að reita þessa menn til reiði, sem að verkfallinu stóðu, því að hann gat misst eitthvað af atkvæðum við það við næstu kosningar.

Hv. 4. landsk. sagði svona almennt um málið, að ekki væri hægt að missa tekjur af þessum tekjustofnum ríkissjóðs, af því að ástandið væri svo iskyggilegt. En það er ekki nein von til þess, að ástandið batni á meðan núv. stj. er við völd. Ég get sagt hv. þm. það fyrir satt, að á meðan þessi stj. fer með völd, verður það alltaf jafniskyggilegt. Ef hv. stjórnarflokkar því vilja spara þjóðinni að þurfa að gjalda þessa skatta framvegis, þá skulu þeir leggja niður völdin sem allra fyrst. Því að á meðan alltaf er verið að leggja þyngri og þyngri álögur á atvinnuvegina, þá komast þeir aldrei úr þeirri kreppu, sem þeir eru nú í. Og á meðan stj. skipar máttarvöld eins og fiskimálan., sem standa í gegn framleiðendum um sölu afurða þeirra, þá er heldur engin von um, að atvinnuvegirnir komist út úr þessari kreppu.

Þó að það sé leiðinlegt að hryggja hæstv. ráðh. með því, þá verð ég að segja það, að ég er ákaflega hræddur um, að hann verði að sitja í annari aðstöðu hér á Alþingi en hann gerir nú til þess að sjá upp renna þann gleðidag, að hægt verði að létta eitthvað álögum af þjóðinni.

Magnús Guðmundsson: Það, sem kom mér til þess að kveða mér hljóðs, voru orð hv. 1. þm. Eyf. Hann sagði, að sífellt á stjórnmálafundum, í blöðum og á Alþingi væri af hálfu sjálfstæðismanna verið að tala um, að þeir bæru fram till. til sparnaðar á fjárl., en að hann hefði aldrei séð neitt í því efni. (**BSt:** Þetta sagði ég ekki). Jú, þetta var það, sem hann sagði. Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Reykv. svaraði þessu að miklu leyti.

Ég vil minna hv. 1. þm. Eyf. á það, að á Alþingi 1934 báru sjálfstæðismenn fram till. um 700 þús. kr. sparnað á fjárl. við 2. umr. þeirra. Og í fjvn. þá, sem í voru 4 sjálfstæðismenn og 5 stjórnarstuðningsmenn, var það þannig, að ekki hið allra minnsta tillit var tekið til þess, sem sjálfstæðismenn lögðu þar til. Og fjvn. klofnaði þess vegna. Við 2. umr. bárum við fram þessar till., og hefðu þær verið samþ., þá hefði það verið nóg til þess, að hægt hefði verið að afnema útflutningsgjaldið. Af þessu hygg ég, að hv. 1. þm. Eyf. hafi ofmælt það, er hann sagði, að við hefðum ekki komið með neinar sparnaðartill. Þetta voru till., sem við ætluðum að byrja með.

Við vissum vel, að stjórnarflokkarnir héldu þá sameiginlega flokksfundi og gerðu þar út um þessi mál í hverju einasta atriði, og var það ekki borið undir okkur sjálfstæðismenn á nokkurn hátt, hvernig þær ályktanir væru. Þetta hlýtur hv. 1. þm. Eyf. að muna.

Svo kemur þingið 1935. Þá var samvinnan í fjvn. mjög sæmileg. Ég veit ekki vel, af hvaða ástæðum það var. N. kom þá saman um að færa niður útgjaldaliði fjárl. frá því, er í frv. var ætlað eins og það koma frá stj., um ca. 1 millj. kr. Þetta sýndi, að hægt var að færa gjöldin á fjárl. niður. Og ef það var hægt 1935, þá var það einnig hægt 1934. En svo kemur annað í þessu sambandi. Einmitt á meðan gott samkomulag er um þetta í fjvn., að semja um þessa 1 millj. kr. lækkun, þá semja stjórnarflokkarnir sameiginlega um ný útgjöld ríkissjóðs, sem nema nálægt 1 millj. kr. hækkun. Liggur þá mjög nærri að ályktа, að þessi samningafýsi til lækkunar útgjöldunum hafi verið af því komin, að stjórnarflokkarnir vissu, að þeir voru að semja um hækkun á útgjaldaliðum fjárl., en að þeir hafi ekki þorað annað en að draga úr á öðrum sviðum á móti því. — Það er því fjarri sanni að segja, að ekki hafi komið fram till. frá sjálfstæðismönnum um sparnað á fjárl.

Það er rétt, að við 3. umr. fjárl. í fyrra komu fram töluverðar hækkunartill. frá einstökum þm. Sjálfstfl. um útgjöld á fjárl. Hvað gerði það til þó að þær kæmu fram, þegar hver maður vissi, að það átti að steindrepa þær allar saman, sem og var gert? Og að ætla sér að fara að reyna að hanga á þessu, það er að gripa í vesala taug. Hvers vegna skyldum við reyna að aftra okkar flokksmönnum að bera fram till. til þess að sýna vilja kjósenda sinna, þegar maður veit, að allt á að drepa, jafnt réttmætar till. sem óréttmætar, ef þær eru frá Sjálfstfl.?

Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. að öðru leyti en þessu. Ég vildi ekki láta því vera ómótmælt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að við sjálfstæðismenn höfum ekki borið fram lækkunartill. við fjárl., svo neinu nemi. (**BSt:** Ég sagði það aldrei). Ég vona þá, að hv. 1. þm. Eyf. standi upp og segi okkur, hvað hann sagði um þetta.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á 2. brtt. n. á þskj. 404, vil ég taka það fram sem mína skoðun, að það geta ekki leikið nokkur tvímæli á því, að stj. sé skyldug til að verja öllum þeim tekjuauka, sem leiðir af ákvæðum um hækkaðan benzinskatt, ca. 250 þús. kr., til lagningar akvega og malbikunar þjóðvega, eins og greint er í frv. Þetta í brtt. á þskj. 404, um að framan við tölurnar í 5. gr. frv. komi „allt að", það þýðir: Því aðeins, ef tekjuaukinn verður ekki svona mikill af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins (í frv.), skulu þessi framlög vera lægri en þetta. Ég tel, að 5. gr. frv. taki af öll tvímæli um þetta, því að í annari mgr. hennar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins, skal varið til þess að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, sem hér segir."

Ég hygg því, að þetta sé tvímælalaust. (**MJ:** En ef þetta skyldi ekki verða nóg?). Þá kemur

einmitt að þessu, sem ég gat um, og þess vegna er brtt. fram borin. (MJ: Getur stj. þá dregið úr framlaginu aðeins til eins eða fárra vega vegna þessa, ef tillagið hrekkur ekki til til þess að fullnægja þörf allra veganna?). Ég álít, að öll sanngirni mæli með því, að húu dragi hlutfallslega sem jafnast úr tillaginu til hinna ýmsu leiða í því tilfelli, ef tillagið verður ekki fullnægjandi. En hvort nógu vel er búið um það í l., hvort stj. geti gert annað, veit ég ekki, þó að þetta sé mitt álit. En ég fulltreysti því, að þarna þurfi ekkert að óttast.

Hv. 1. þm. Reykv. upplýsti það áðan, að ekki einasta hefði íhaldsstj. á undan framsóknarstj. sett bráðabirgðatekjuöflunarl., og fengið þau svo framlengd, heldur hefðu ríkisstj. á undan henni einnig gert það. Já, þetta er nú aðeins stuðningur við það, sem ég sagði. Ég benti einmitt á það, að það væri ekki núv. ríkisstj., sem hefði byrjað á þessu, og ekki einu sinni fyrri framsóknarstj., heldur hefði þetta verið gert áður. Þetta er sem sagt gömul venja. Þess vegna er ekki hægt með réttu að deila á núv. stj. sérstaklega fyrir þetta. Ég er þessum hv. þm. sammála um þetta að nokkru leyti, að ég vildi helzt, að þessi síður og þessi vinnubrögð yrðu upphafin. En það er bara það, sem ég vildi leggja áherzlu á, að það er ekki núv. stj. eða núv. stjórnarflokkar, sem þetta hafa innleitt; það er miklu eldra.

Þá fór hv. þm. að benda á, að íhaldsfl. og stj. hans hefðu fært niður gjöldin. Hann varð þó að játa, að hún hefði hækkað gjöldin einmitt á þessum fjárl. í hennar tíð. Í sambandi við þetta má benda á það, að árið 1925 var eitthvert hið bezta árferði til lands og sjávar, sem komið hefir nú í langan tíma. Þess vegna urðu allir tekjuliðir á fjárl. í reyndinni miklu hærri en áætlað hafði verið. Í öðru lagi má benda á það, að þessar lítilfjörlegu lækkanir, sem íhaldsstj. gerði, gerði hún ekki fyrr en á seinasta ári kjörtímabilsins, er hún sat við völd, þegar kosningar stóðu fyrir dyrum. Ætli það mætti ekki hugsa sér, að þetta hefði verið gert svona til þess að þóknast kjósendum rétt fyrir kosningarnar, og hækkanir hefðu svo kannske getað komið aftur til greina eftir kosningarnar, ef Íhaldsfl. hefði sigrað við þær? Ég þykist vera ekki illgjarnari maður en gengur og gerist, en ég get ekki varizt því að láta í ljós, að mig grunar þetta fastlega.

Þá sagði hv. þm., að stj. þyrði ekki fyrir þjóðinni að gefa út heildarskattalöggjöf, vegna þess að hún þyrði ekki að láta þjóðina sjá, hvað hún borgar í skatta. Ég varð nú að segja, að ég skil ekkert í hv. 1. þm. Reykv., að hann skuli segja þessa fjarstæðu. Ég hygg, að þjóðinni sé það á engan hátt hulið, hvað hún borgar í skatta. Það getur náttúrlega vel verið, að kjósendur, sumir hverjir, eigi erfitt með að átta sig á þessum l., sem hér liggja fyrir, og öðrum slíkum. En þjóðin veit ósköp vel, hvað hún borgar í skatta fyrir það, því að það sýna fjárlög og landsreikningar. Þeir sýna, hvað þessi útgjöld hafa reynzt. Þess vegna er þessi framburður hv. 1. þm. Reykv. hin mesta fjarstæða.

Út af því, að ég gat þess, að ég hefði aldrei búizt við, að þessir tekjuaukar, sem samþ. voru í fyrra, mundu geta orðið aðeins til eins árs, þá komst þessi hv. þm. að þeirri niðurstöðu, að það hefðu þá verið vísvitandi blekkingar að bera frv. þannig fram í fyrra, að kalla þetta bráðabirgðatekjuöflun. Ég álít, að það hafi alls ekki verið. Því að það, sem átt er við með því að nefna þetta svo, er það, að Alþingi á að gefast sérstakur kostur á því eftir árið að skera úr því, hvort það vill og telur þörf á því að halda þessum sköttum við eða ekki. Ég man nú ekki, hvort ég tók nokkuð til máls í þessu máli í fyrra. En hitt ætla ég að leyfa mér að fullyrða, að hafi ég tekið til máls í því þá, þá mun það ekki hafa komið fram, að ég byggist við, að hægt yrði að létta af þessum sköttum eftir árið, nema því aðeins, að eitthvað annað kæmi í staðinn.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, að stjórnarfl. hefðu stofnað til aukinna útgjalda ríkissjóðs á síðasta þingi. Ég býst við, að þar eigi hann einkum við alþýðutryggingarnar, og sennilega kannske verklegu framkvæmdirnar líka að einhverju leyti, sem ályktað var að ráðast í. En ég man ekki betur en að sjálfstæðismenn samþ. þetta h. u. b. allt saman. Alþýðutryggingarnar samþ. þeir, nema aðeins einn kafla í því frv. Framlag til vega og annað slíkt, sem orsakaði útgjaldaaukningu, samþ. þeir allt saman líka.

Hækkunartill. sjálfstæðismanna við fjárlagafrv. viidi hv. 1. þm. Reykv. afsaka með því að segja, að stjórnarfl. hefðu verið svo frekir í landssjóðinn til að ná í framlög til sinna kjördæma, að sjálfstæðismenn hefðu viljað ná í eitthvað líka, og þess vegna hefðu þeir borið fram þessar hækkunartill., og nefndi hann Suður-Múlasýslu í þessu sambandi. Þetta hefir heyrzt hjá sjálfstæðismönnum oft á fundum víðsvegar um land. Ég verði nú alveg að mótmæla því, að þau héruð, sem sent hafa sjálfstæðismenn á þing, hafi orðið fyrir nokkru ranglæti um útblutun fjár úr ríkissjóði. Hv. 1. þm. Skagf. vék óbeinlínis að þessu sama atriði áðan. Ég hugsa þó, að hann geti ekki haldið því fram, að Skagfjörður hafi orðið fyrir sérstöku ranglæti í þessu efni. (MJ: Þm. Skagf. eru líka sinn úr hvorum flokki).

Mér dettur í hug eitt atvik frá þinginu 1934. Þá var það einn af hv. landsk. þm., sem bar fram till. um 55 þús. kr. fjárframlag til vegar í minu kjördæmi, sem ætlaðar voru 15 þús. kr. til eftir till. fjvn. Því sem næst allur Sjálfstfl. var samþ. þessari till. Var þetta af þeirri ástæðu, sem hv. þm. nefndi, til þess að reyna að rétta hlut þeirra kjördæma, sem senda sjálfstæðismenn á þing? Ég veit nú ekki betur en að þm. Eyf. séu báðir framsóknarmenn. Og þess vegna hefði Sjálfstfl. ekki þurft að taka upp hanzkann fyrir það hérað. — Þetta er aðeins dæmi.

Ég þarf ekki miklu að svara hv. 1. þm. Skagf., því að það, sem hann minntist á í sinni ræðu, fór hann algerlega rangt með, eins og ég vona, að handrit skrifara sýni. Sjálfsagt er það svo, og það efa ég ekki, að hv. þm. hafi misheyrzt. (MG: Hvað sagði hv. þm. þá?). Ég sagði aldrei, að sjálfstæðismenn bæru aldrei fram sparnaðartill. Ég tók það fram, að á Alþingi 1934 hefðu þeir að vísu borið fram nokkrar sparnaðartill., en hækkunartill. á útgjöldum ríkissjóðs hefðu

verið miklu hærri. Þetta var það, sem ég sagði. Ég man vel eftir því, að fulltrúar flokksins í fjvn. báru fram sparnaðartill. En ég gat jafnframt um hitt, að hækkunartill. einstakra flokksmanna hefðu verið miklu hærri samtals. En ég var aftur á móti að lýsa eftir sparnaðartill. Sjálfstfl. við fjárl., sem nú liggja fyrir, sem sýndu það, að ef þær væru samþ., þá mætti fella niður viðskiptagjaldið, sem á að innheimta samkv. þessum fjárl. Þær sparnaðartill. eru ekki komnar fram enn. Ég skal náttúrlega ekki segja, nema þær kunni að koma fram.

Út af því, sem hann var að tala um vinnu fjvn. á síðasta þingi, þá er það alveg rétt, að þá munu hafa unnið saman í bróðerni í henni menn úr öllum aðalflokkum þingsins að því að fá sparnað á fjárl. um 1 millj. kr. En svo segir hann, að stjórnarfl. hafi samið á bak við tjöldin um aukin útgjöld á fjárl., og mun hann þar hafa átt við *alþýðutryggingarlöggjöfina*. En eins og ég spurði í svari mínu til hv. 1. þm. Reykv., — hvers vegna voru þá sjálfstæðismenn að samþ. þá *löggjöf mestalla? Þeir voru einmitt með í að* samþ. hana mestalla.

Þá er eitt lítilfjörlegt atriði, sem mér virðist þó rétt að leiðrétta. Hv. þm. sagði, að við 3. umr. fjárl. 1934 hefði engin till. frá sjálfstæðismönnum verið samþ., og að það hefði verið vitað fyrirfram, að svo mundi fara. Og þar af leiðandi sagði hann, að sjálfstæðismenn hefðu borið fram hækkunartill. Þetta er alls ekki rétt. Ýmsar þeirra till. voru samþ., einmitt við þessa umr. Við 2. umr. fjárl. þá mun engin till. þeirra hafa verið samþ. En ég fullyrði, að við 3. umr. hafi ýmsar till. þeirra verið samþ.

*__Jón Baldvinsson__: Mér þykir leitt, að hv. 1. þm. Reykv. skuli ekki vera við, því að ég hefði þurft að svara honum nokkrum orðum. En vegna þess að ég vona, að svar mitt berist til hans samt sem áður, mun ég ekki hætta við ræðu mína, úr því að ég hefi kvatt mér hljóðs.

Hv. þm. talaði langt mál um benzínverðið, benzínskattinn og benzínverkfallið. Hann hélt því fram, að þangað til benzínverkfallið skall á, hefði vissum mönnum úr stjórnarflokkunum verið ívilnað með því að neita því félagi um gjaldeyri og innflutningsleyfi, sem hefði getað boðið þessa vöru með lægra verði en hin olíufélögin. Þetta hefir nú að vísu borið allt á góma hér áður, en ég get þó gefið honum skýringu í þessu máli einu sinni enn. Hvernig sem á því stóð, gekk verzlunin ekki vel hjá þessu félagi, sem hann átti við, h/f Nafta. Eins eyris munurinn var ekki nægilega mikill til þess að draga að félaginu mikil viðskipti, auk þess sem afsláttur *hinna félaganna bætti þennan mismun* upp. Félagið blómgaðist ekki, og meira vil ég ekki segja. Ég býst við, að hv. 1. þm. Reykv. hafi *fundið allmargar kvartanir í blaðagreinum* út af því, að synjað hafi verið um innflutningsleyfi. Slíkum kvörtunum rignir niður á hverjum degi, eins og honum ætti sjálfum að vera kunnugast, sem á sæti í bankaráði. Hann veit vel, hvílíkir örðugleikar eru á því að veita gjaldeyrisleyfi. Kröfur h/f Nafta um innflutningsleyfi gengu líka miklu frekar út á að fá flutta inn olíu heldur en benzín. En þar sem nóg olía var fyrir í landinu, þótti ekki ástæða til þess að veita þessi leyfi. En síðastl. haust nær þetta félag nýjum samböndum í Póllandi. Rétt á eftir hittist svo á, að benzínverð er að hækka hér vegna benzínskattsins, og félagið býðst til að selja benzín lægra verði en hin félögin. Þetta var tilviljun, og ekkert annað, og alveg ástæðulaust að blanda þessu á nokkurn hátt saman við bílstjóraverkfallið. Hann vill láta líta svo út, sem gjaldeyrisnefnd hafi af *pólitiskum ástæðum viljað ívilna* sérstökum mönnum, sem riðnir eru við hin olíufélögin. Það er auðvitað öllum ljóst, að hann *stefnir þessu til hv. 2. þm. Reykv. Ég veit nú* að vísu, að hv. 1. þm. Reykv. meinar ekkert með þessu. Hann þekkir þá menn, sem eru í gjaldeyrisnefnd, *og hann veit líka vel*, að það er aðalbankastjóri landsbankans, sem ræður mestu um veitingu gjaldeyrisleyfanna, eins og eðlilegt er. Árásir hv. þm. á gjaldeyrisnefnd lenda því fyrst og fremst á honum.

Bifreiðarstjórarnir fengu ekki framgengt kröfum sínum með verkfallinu í vetur. Þeir fengu því ekki framgengt, að benzínskatturinn yrði ekki innheimtur. Bifreiðarstjórarnir gerðu þá kröfu, að stj. notaði ekki heimildina, og þeir fengu þeirri kröfu ekki framgengt. Mér er vel kunnugt um kröfu þeirra, því að ég sat oft á fundum með þeim, og fór vel á með okkur. En þótt „Nafta“ hefði um það leyti náð nýju sambandi, svo að það gat boðið benzínið fyrir lægra verð en hin félögin, var það á engan hátt verkfallinu að þakka. Það var, eins og ég sagði, tilviljun, að svona hittist á, enda þótti þá þegar sjálfsagt að veita félaginu gjaldeyrisleyfi, og var gert.

Hv. þm. þóttist vera að vorkenna mér og sagði, að ég hefði dottið fyrir björg. Mér þykir engin skömm að því að vera líkt við sólargeislann, sem sagt er, að detti fyrir björg og brotni ekki.

Annars var margt skrítið í ræðu hv. þm. Hann hélt því fram, að ekkert gæti bætnað meðan þessi stj. sæti við völd, hvorki harðindi, aflaleysi, né heldur ófriður úti í löndum, skildist mér. En þegar sjálfstæðismenn tækju við völdum, myndi friður verða saminn, þorskur hlaupa á land og smjör drjúpa af hverju strái. Það vill nú svo til, að flokkur hans hefir, undir ýmsum nöfnum, verið við völd hér á landi án þess að þessi tákn og stórmerki gerðust. Hinsvegar safnaði stj. hans lausaskuldum, en þessi stj. reynir á allan hátt að forðast nýja skuldasöfnun, að vísu með allþungum álögum á landslýðinn.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__: Hv. 4. landsk. og hv. 1. þm. Eyf. hafa að mestu tekið af mér það *ómak að svara hv. 1. þm. Reykv. Hann hélt því* fram í fyrstu, að ég hefði lofað því hátíðlega, að þessir skattar yrðu ekki framlengdar. En í síðari ræðu sinni fór hann þó ekki lengra en það, að hann sagði, að ráða hefði mátt af framkomu okkar, að okkur hefði hvarflað í hug, að þeir yrði ekki framlengdir. Ég get eftir atvikum látið mér þau ummæli hans lynda. Ég hélt því alltaf fram, að líklegt væri, að framlengja yrði þá fyrir 1937, ef engin sérstök höpp kæmu fyrir. Þar sem þetta fororð var haft, er því síður en svo hægt

að tala um neinar blekkingar af stj. hálfu í þessu máli.

Hv. þm. kvaðst hafa verið andvígur bílstjóraverkfallinu, af því að fjarstæða væri að ætlast til þess, að Alþingi breytti ákvörðunum sínum. En á síðasta þingi, þegar benzínskatturinn var til umr. og þessi hv. þm. vissi, að allmargir bílstjórar voru á pöllunum, þrástagaðist hann á því í ræðum sínum, að sér fyndist eðlilegt, að bílstjórar gripu til óvenjulegra ráða út af því máli. En nú lítur út fyrir, að hv. þm. hafi bætt ráð sitt og fengið iðrun, og get ég verið ánægður með það afturhvarf hans.

Magnús Guðmundsson: Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að við sjálfstæðismenn hefðum engar sparnaðartill. borið fram 1935 né 1936. Það er nú fullsnemmt fyrir hann að spá nokkru um það, hvaða sparnaðartill. við berum fram á þessu þingi, enda hafa sjálfstæðismenn í fjvn. áskilið sér rétt til þess að koma fram með slíkar till. Annars er ekki von, að við berum fram sömu sparnaðartill. ár eftir ár, vitandi það, að slíkt er aðeins til þess að eyða fé og tíma þingsins, þar sem fyrirfram er ákveðið af stjórnarliðinu að drepa þær. Annars voru nú sparnaðartill. okkar 1934 ekki vitlausari en svo, að stjórnarflokkarnir gengu inn á sumar þeirra 1935.

Þá sagði þessi hv. þm., að ekki væri rétt hjá mér, að engar fjárlagabreyt. hefðu verið samþ. frá okkur sjálfstæðismönnum við 3. umr. 1935. Ég talaði nú að vísu aðallega um 2. umr. En þær brtt. frá okkur, sem samþ. voru við 3. umr., voru hvorki margar né stórvægilegar. Mér þykir vænt um, að hv. 1. þm. Eyf. skuli hafa viðurkennt það í öðru orðinu, að við sjálfstæðismenn höfum borið fram mikilvægar brtt. til lækkunar á gjöldum ríkisins, en þær verið drepnar af stjórnarliðinu.

Hv. 4. landsk. var að tala um, að lausaskuldir hefðu safnazt 1933. En hann gleymdi að geta um, hvernig fjárl. fyrir það ár voru, en þau voru sett á Alþingi 1932. Hann sagði, að ekki hefði verið hirt um að afla tekna í því skyni. En hann var þó sjálfur í spyrðubandi við stj. 1931—1932, svo að þetta verður að koma á hans eigið bak.

Annars kom sú skoðun stjórnarliðsins vel fram í ræðu hv. 4. landsk., að ekki þurfi annað en að leggja skatta á skatta ofan til þess að leysa öll vandræði. Það er sú eina lausn, sem þessir menn þykjast sjá út úr ógöngunum.

***Magnús Jónsson:** Ég þarf fyrst að víkja nokkrum orðum til hv. 1. þm. Eyf. — Hann sagði, að það hefði áður komið fyrir hjá íhaldinu, að lög hefðu verið framlengd. Ég tók það einmitt fram, að þetta hefði að vísu komið fyrir áður, og væri ekkert sérstakt við því að segja, en ég vitti það, að nú væri það orðin aðalreglan að ná inn sköttum og tollum með lögum, sem gilda aðeins frá ári til árs. Þetta er alveg sama og um umframgreiðslur. Þó að slíkt komi fyrir, er ekki mikið við því að segja, en þegar þær fara út í öfgar eða verða að venju, gegnir öðru máli. Þetta er líka alveg hliðstætt því, að ef mistalning verður hjá gjaldkera í eitt skipti, getur það verið afsakanlegt og eðlilegt, en fari slíkt að endurtaka sig, verður það glæpsamlegt og vítavert.

Hv. þm. sagði, að þegar stjórn sjálfstæðismanna sat við völd, hefði hún ekki lækkað skattana fyrr en á þriðja ári, eða næsta ári fyrir kosningar, og það eingöngu verið gert til þess að afla stj. kjörfylgis. En hvernig átti sú stjórn, sem tók við öllu í öðru neins sukki eins og stjórn sjálfstæðismanna, er síðast fór með völd, að lækka skattana fyrr en á þriðja ári?

Hv. 4. landsk. hélt því fram, að bílstjórarnir hefðu ekki fengið kröfum sínum framgengt með verkfallinu í vetur. En það er alveg ómótmælanlegt, að þeir komu sínu fram að efninu til, þótt þeir ónýttu engin lög frá Alþingi. Þeir fengu því framgengt, að félag, sem bauðst til þess að selja þeim benzín ódýrar en hin olíufélögin, fékk aðstöðu til þess, þótt slíkt hefði verið hindrað áður. Það var náttúrlega ágæt „tilviljun", eins og hv. 4. landsk. kallaði það, að svo skyldi hittast á, að benzín í Póllandi skyldi lækka einmitt um sama leyti og stjórnarliðið var að hátolla þessa nauðsynjavöru hér heima.

Hv. 4. landsk. sagði, að ég hefði haldið því fram, að styrjaldir myndu hætta, tíðarfar og aflabrögð batna, ef sjálfstæðismenn tækju við völdum. Er þá enginn munur á vondu og góðu stjórnarfari? Það er satt, að tíðarfarið getur verið illt viðureignar, en það er bara mjög mikill munur á því, hvernig við því er brugðizt.

Hæstv. fjmrh. var að endurtaka það, sem hann hefir áður verið að stagast á, að sjálfstæðismenn hefðu staðið fyrir bílaverkfallinu. Ég hefi þegar sýnt fram á, að þetta er ósatt, og get ég ekki séð, hvað það kemur þessu máli við. Ég veit, að hæstv. ráðh. getur ekki með öllum sínum hlustunum í síma fært nokkur rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að sjálfstæðismenn hafi staðið fyrir verkfallinu, sem endaði með sigri bílstjóranna.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Hv. 1. þm. Skagf. gengur enn illa að hafa rétt eftir orð mín, og fer mig að gruna, að það sé ekki með öllu ósjálfrátt. Nú segir hann, að ég viðurkenni, að sjálfstæðismenn hafi borið fram veigamiklar sparnaðartill. Ég hefi viðurkennt, að þeir hafa borið fram sparnaðartill., en ég held, að þessu orði framan við sparnaðartill. hafi hann sjálfur bætt við. Þó skal ég játa, að þær sparnaðartill., sem fjvn. bar fram í fyrra, og í henni eiga sjálfstæðismenn vitanlega sæti, voru allveigamiklar, en þetta orð viðhafði ég ekki áðan. (**MG:** Er veigamikill og allveigamikill ekki svipað?). Ég notaði þetta orð ekki áðan. En ég viðurkenni ekki, að sjálfstæðismenn hafi nokkurntíma sérstaklega borið fram veigamiklar sparnaðartill. Þær sparnaðartill., sem fulltrúar þeirra í fjvn. báru fram á haustþinginu 1934, voru um það, að lækka atvinnubótafé, og hitt var yfirleitt lækkun á áætlunarupphæðum, en það get ég ekki kallað veigamikla till., heldur er slík till. þvert á móti í sjálfu sér alveg þýðingarlaus; það gerir hvorki til né frá, en að því er snertir till. um atvinnubótafé, þá er þess að geta viðvíkjandi afstöðu Sjálfstfl. sem heildar, að einn sjálfstæðismaður bar fram till. um að hækka atvinnubóta-

féð um helming, svo að það er vandséð, hver er skoðun flokksins í því máli.

Ég sé ekki ástæðu til þess að karpa við hv. 1. þm. Reykv. lengur. — Það stendur fast, sem ég sagði, og hann er alltaf að viðurkenna það, að það, sem nú er verið að gera, framlenging tollalaganna, sem hafa gilt um ákveðinn tíma, er arfur frá löngu liðnum tímum, og þess vegna er sízt ástæða til þess að kenna núv. stj. um það, en hitt er annað mál, og um það erum við sammála, að það væri æskilegt að vinna að því, að þessi siður gæti lagzt niður sem fyrst.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér er sagt, að hv. 1. þm. Reykv. hafi sagt, að það væri ósatt, að sjálfstæðismenn hefðu staðið fyrir bílstjóraverkfallinu, og sagði hann það í tilefni af því að *ég hefði haldið því fram*, að sjálfstæðismenn hefðu staðið fyrir verkfallinu. Þetta sagði ég aldrei. En það, sem ég sagði, og ég held, að hv. þm. hafi heyrt það, var það, að hann hefði í ræðu hvatt mjög til þess, að bílstjórarnir gripu til óvenjulegra ráðstafana. — Viðvíkjandi því, hvort bílstjórarnir hafa unnið verkfallið eða ekki, hafa komið fram nægilegar upplýsingar í umr. til þess að sýna fram á, að innflutningsleyfið, sem gefið var á benzíninu, stóð ekki í sambandi við bílstjóraverkfallið og hefði fengizt, þótt ekkert slíkt verkfall hefði komið til greina. Ég vil ennfremur benda á það, að krafa bílstjóranna var ekki aðeins sú, að benzínskatturinn skyldi ekki koma niður á þeim vegna verðlagsins, heldur beinlínis að enginn benzínskattur skyldi koma til framkvæmda. En þessi krafa fékkst ekki. Stj. tók ekki í mál að hika við að nota þá heimild, sem hún hafði til þess að framkvæma benzínskattinn.

Magnús Guðmundsson: Ég veit ekki, hvort það er unnt fyrir mig að hafa rétt eftir orð hv. 1. þm. Eyf., en mér finnst hann nú játa, að það hafi verið allveigamiklar till. til sparnaðar, sem bornar voru fram af fjvn. á þinginu 1935, en svo sagðist hann líka geta viðurkennt, að það hefðu verið veigamiklar sparnaðartill., sem bornar voru fram 1934, og það var einmitt það, sem ég sagði, að hefði verið, því að till., sem nema 700 þús. kr., eru töluvert veigamiklar í fjárl., sem þó eru ekki hærri en okkar. Hann sagði, að þetta hefði flest verið áætlunartill. Þetta er ekki rétt. Þvert á móti er t. d. framlag til nýrra síma ekki áætlunarupphæð, og þannig voru margar fleiri. Svo nefndi hv. þm. atvinnubótafé í sambandi við það, að fram hefði komið till. frá sjálfstæðismanni um að auka það um helming, og það sýndi, að flokkurinn væri ekki heilsteyptur í málinu. En hann verður að athuga, hvers vegna hækkunartill. var borin fram; það var af því, að það átti að koma tvöfalt framlag annarsstaðar frá á móti þessu framlagi, og það áleit flm. þessarar till. ófært, því að það fé væri ekki til hjá bæjum og kauptúnum, enda kom það á daginn, því að stj. hefir orðið að láta fé til atvinnubótavinnu, þó að ekki hafi komið tilskilið framlag á móti. Þetta var viðurkennt í fjvn. í fyrra.

Þar sem hv. 1. þm. Reykv. er dauður í þessum umr., vil ég aðeins drepa á þau ummæli hæstv. ráðh., að hv. þm. hefði hvatt til bílstjóraverkfallsins. Ég man eftir því, að í blöðum stjórnarflokkanna var um þetta leyti sagt, að sjálfstæðismenn stæðu á bak við þetta verkfall, og ég býst við, að þessar símahlustanir, sem þá voru settar á stofn, hafi verið gerðar til þess að komast að raun um þetta, en þar sem stj. hefir á þennan hátt fengið að vita, að þetta var ekki satt, þá ætti hún að viðurkenna, að ekkert kom fram í þessari símahlerunarstarfsemi, sem benti á nokkurn hátt til þess, að Sjálfstfl. væri við þetta verkfall riðinn.

ATKVGR.

Brtt. 409 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 404,I samþ. með 9 shlj. atkv.
— 404,II samþ. með 9:2 atkv.
— 414 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 415).

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

nei: ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS.

GSv greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (BJ, HannJ, JÓl, ÁÁ) fjarstaddir.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er flutt af meiri hl. allshn. Ed. að minni tilhlutun og gerir ráð fyrir framlengingu á þeim sköttum og aðflutningsgjöldum, sem lögð voru á af síðasta þingi. Ennfremur er tekin inn í sama frv. framlenging gengisviðaukans, sem framlengdur hefir verið hér ár eftir ár. Þegar flutt var í fyrra frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, þá sem hér er farið fram á að framlengja, var þess getið af mér, að þó þau l. væru að vísu um tekjuöflun til eins árs, þá mætti búast við, að það yrði að framlengja þau a. m. k. fyrir árið 1937, ef ekki breyttist verulega til batnaðar um allt viðskiptaástand frá því, sem þá leit út fyrir. Nú hafa engar breyt. orðið í þessa átt, sem þykja gera mögulegt að leggja út á árið 1937 án þess að hafa a. m. k. heimild til þess að afla þessara tekna, og því er þetta frv. fram komið.

Ég vil svo að viðhöfðum þessum formála óska, að málinu verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

***Ólafur Thors:** Það er nú komið á daginn, sem við sjálfstæðismenn spáðum, þegar þetta mál var lagt fyrir síðasta þing, að þessir nýju skattar mundu ekki aðeins verða til eins árs, eins og þá var haldið fram, þó hæstv. ráðh. vilji nú leggja höfuðáherzluna á, að hann hafi þegar í upphafi gert þjóðinni *kunnugt* um, að þetta ætti að gilda lengur. Ég minnist þess vel, að í ræðum sínum gerði hann yfirleitt ráð fyrir, að ekki væri vert að gera því skóna, að þetta þyrfti að gilda

lengi; það væri aðeins um það að ræða, hvort menn vildu sætta sig við þetta til eins árs. Það er nú komið í daginn, að þessar álögur á að framlengja, enda mátti alltaf búast við, að svo yrði. En afstaða okkar sjálfstæðismanna til málsins verður sú sama og áður var, að við verðum á móti ýmsum af þessum sköttum, m. a. vegna þess, að það er ekki nokkur von til, að atvinnurekstur þjóðarinnar geti risið undir svona þungum álögum. Þetta eru ekki skattalög. Margt af þessu er öllu heldur eignarnám. Í mörgum tilfellum er nú svo komið, að þegar ákvæði þessara l. koma saman við útsvarsreglurnar, t. d. hér í Reykjavík, þá er tekið meira en allur hagnaðurinn af atvinnurekstri manna.

Þessu máli verða sjálfsagt gerð skil af okkar hendi sjálfstæðismanna við 2. umr., en ég vil nota þessa umr. til þess að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort hans tilgangur er, að 3. gr. þessara l. lögfesti, að tekjuskattinn megi innheimta einnig með 10% álaginu, sem heimilað var 1935. Ég hefi ekki borið orðalag gr. saman við l., en eftir því, sem ég bezt man ákvæði l., sem vitnað er til, orkar þetta tvímælis, og óska ég að vita, hvort þetta er tilgangur hæstv. ráðh.

Að öðru leyti vil ég svo aðeins út af þeim margendurteknu fullyrðingum hæstv. fjmrh., að viðskiptagjaldið svokallaða bitni ekkert á framleiðendum eða atvinnurekstri landsins, upplýsa hann um það, sem ég veit ekki, hvort honum er ljóst — því maður hikar við að trúa því, að fjmrh. þjóðarinnar hafi hvað eftir annað í frammi staðhæfingar, sem honum er sjálfum ljóst, að hafa við engin rök að styðjast — að eftir þeirri reynslu, sem nú er komin á þetta hjá þeim, sem eiga að borga þessi gjöld, þá er þetta á miklum misskilningi byggt. Ég get sagt það að því er þann atvinnurekstur snertir, sem ég þekki persónulega mest til, togaraútgerðina, að á hana leggst þessi löggjöf mjög þungt, og svo mun vera um allflestan atvinnurekstur í landinu. Verði þetta vefengt, er ég fús að leggja skýrslu um það fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, ef hún þá gefur sér tíma til að athuga það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að setja fram frekari aths. við þessa umr., en vísa að öðru leyti til þeirrar afstöðu, sem sjálfstæðismenn hafa haft til þessara mála á undanförnum þingum.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Það eru aðeins örfá orð í tilefni af orðum hv. þm. G.-K. Hann segir, að aðflutningsgjaldið nýja, sem framlengja á með þessu frv., bitni mjög á atvinnurekstri landsmanna, þar á meðal togaraútgerðinni. Ég hefi hvað eftir annað bent á, að við samningu laganna um þetta gjald var reynt að sneiða hjá þessu með því að undanskilja þær vörur, sem notaðar eru beint við framleiðsluna. Það er æskilegt, að hv. þm. gefi þær upplýsingar, sem hann talaði um, til hlutaðeigandi nefndar.

Þá spurði hv. þm. að því, hvort 10% viðaukinn, sem gert er ráð fyrir, að megi leggja á tekjuskattinn í ár, sé framlengdur með þessum l., eða heimildin til að leggja hann á. Þessi viðauki er ekki notaður þetta ár vegna þess, að í stað hans kemur skattstiginn, sem er innifalinn í l. um bráðabirgðatekjuöflun. Þetta frv. framlengir bæði heimildina til að nota skattstiga bráðabirgðatekjuöflunarlaganna og 10% viðaukann, þannig að gert er ráð fyrir, að það megi velja um þetta tvennt, eins og hægt var að velja um það á árinu 1936.

Þá sagði hv. þm., að það væri nú komið á daginn, sem stjórnarandstæðingar hefðu spáð, að þessi l. yrðu í gildi lengur en eitt ár, þó ég hefði lagt áherzlu á í fyrra, að þetta væri aðeins til eins árs. Ég held, að hv. þm. misminni þetta. Ef hann athugar ræður mínar frá í fyrra, getur hann séð, að ég lagði einmitt áherzlu á, að þó þetta væri bráðabirgðatekjuöflun, þá mætti búast við, að hún yrði framlengd eitthvað, nema verulega breyttist ástandið, eins og ég sagði áðan. Mér var ljóst, að þær greiðslur, sem átti að inna af hendi með þessum tekjum, væru til frambúðar, og því væri ekki hægt að afnema þessa skatta fyrr en búast mætti við, að aðrir tekjustofnar gæfu meira af sér heldur en árið 1936. Nú er ekki hægt að búast við því, og þess vegna er þetta frv. borið fram.

*__Ólafur Thors:__ Ég sé ekki, að það leiði til neins í þessu máli, þó farið væri að leiða athygli hv. þm. á ný að ummælum hæstv. fjmrh. við umr. þessa máls í fyrra, en ég hygg, að margir muni minnast þess, að höfuðáherzluna lagði hann á það, að menn skyldu ekki vera að hugsa nema um líðandi stund, láta hverjum degi nægja sínar þjáningar, en vildi minna um hitt ræða, hvort þessar álögur yrðu framlengdar eða ekki.

Ég er ánægður með skilning hæstv. ráðh. á 3. gr. frv., þar sem hann lýsir því yfir, að þessi gr. eigi að þýða það, að annað tveggja gildi um álagningu tekjuskattsins, að hann verði innheimtur með 10% viðaukanum, sem eldri l. gera ráð fyrir, eða eftir hinum nýja skattstiga frá síðasta þingi. Það er með öðrum orðum um aðrahvora þessa leið að ræða, en ekki báðar. Það, sem fyrir mér vakti, var að fá þetta skýrt fram.

Að öðru leyti mun ég verða við tilmælum hæstv. ráðh. um að upplýsa hv. fjhn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, um það, hvernig viðskiptagjaldið lendir beinlínis á þeim vörum, sem notaðar eru við framleiðsluna. Að því er snertir sérstaklega þann þátt framleiðslunnar, sem ég minntist á, togaraútgerðina, þá verður hún að því leyti harðara fyrir barðinu á þessu heldur en aðrar framleiðslugreinar, að talsvert veigamikill þáttur í kaupgreiðslum þessa hl. útvegsins liggur í því að brauðfæða þá menn, sem að útgerðinni vinna, þar sem þeir eru ráðnir upp á frítt fæði auk kaups. Ég skal upplýsa nánar í fjhn. bæði þetta og hvernig þetta gjald leggst á aðrar notaþarfir útvegsins en fæði skipverja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 415, 441, n. 466 og 472).

*Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég get látið mér nægja að vera mjög stuttorður, því að málið er gamalkunnugt hér í d. Er bara um það að ræða að framlengja nokkur laga-ákvæði, sem afgr. voru á síðasta þingi. Kjarninn í frv. er framlenging á tekju- og eignarskatti og álagningu vörugjalds og bifreiðaskatti.

Á síðasta þingi urðu allmiklar umr. um þessi mál, og var þá gerð grein fyrir því, hvers vegna þessi tekjuöflun væri talin nauðsynleg af stjórnarflokkunum. En þá var ákveðið, að þessi l. skyldu aðeins gilda eitt ár. Þó voru þá þegar nokkrar líkur fyrir því, að framlengja yrði þessa tekjuöflun að meira eða minna leyti. En ég, sem var frsm. allshn. þá, gat þess, að þó að ólíklegt væri, að skjótt rættist úr, virtist stj. réttara að lögfesta ekki þessa tekjuöflun nema fyrir árið 1936. En eins og skýrt var frá á síðasta þingi, er þetta ráðstöfun vegna viðskiptakreppunnar, sem leiddi til minnkunar á aðflutningsgjaldinu, um leið og við urðum að takmarka innflutninginn. Ef innflutningurinn hefði verið óháður höftunum, er líklegt, að hægt hefði verið að fá nægar tekjur í ríkissjóð með hinum vanalega innflutningi, sem áður var, en þar sem gjaldeyrisvandræðin ráku okkur út í nauðsyn þess að takmarka innfluttar vörutegundir til landsins, þá var sýnt, að það myndi hafa í för með sér mikla tekjurýrnun fyrir ríkið. En hinsvegar var nauðsynlegt að halda í horfinu um tekjuöflun ríkisins, til þess að geta haldið uppi verklegum framkvæmdum í landinu og komið á endurbótalöggjöf fyrir alþýðuna, eins og tryggingalöggjöfinni o. s. frv. Nú er það komið á daginn, sem vitanlegt var, að ekki myndi svo rakna úr viðskiptaörðugleikunum, að hægt yrði að draga úr innflutningshöftunum, og eru því miður líkindi til, að þeim verði að beita enn harðar en áður, vegna nauðsynjar ríkissjóðs á því að afla sér tekna 1937, og er því lagt til, að þessi löggjöf sé framlengd enn um eitt ár, sem sett var á síðasta þingi, ásamt nokkurri hækkun á skemmtanaskatti o. s. frv. — Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í frv. né gera fyrir því viðtækari grein, því að eins og það ber með sér, er það óbreytt framlenging á l., sem sumpart hafa gilt um nokkur undanfarin ár og sumpart voru lögfest á síðasta þingi. Þó hefir verið gerð nokkur breyting á ákvæðinu um það, hvernig verja skuli benzínskattinum, og er þó stærstu upphæðinni varið til vega, eins og áður.

Ég vil láta þessi fáu orð nægja til að fylgja frv. úr hlaði. Mælist ég til þess f. h. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt.

*Jóhann Jósefsson: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við frv., samskonar og ég flutti á síðasta þingi. Þegar benzínskatturinn var settur á, var gerð sú yfirbót, liggur mér við að segja, að heitið var, að þessum skattauka skyldi varið til lagningar akvega og malbikaðra þjóðvega, eins og sagt var þá í frv., og eru ákvæðin í þessu frv. hliðstæð því. Ég sýndi fram á það á síðasta þingi, að einu kjördæmi landsins er þannig í sveit komið, ef þannig mætti að orði komast, að það getur ekki notið þessara hlunninda, sem frv. gerir ráð fyrir. Mælir því öll sanngirni með því, að þetta kjördæmi, Vestmannaeyjar, fái að njóta skattaukans að einhverju leyti til endurbóta á sínum vegum. Liggur í augum uppi, að Vestmannaeyjar eiga líka heimtingu á þeim hlunnindum, sem stj. býður öllum landsmönnum, um leið og hún hækkar skattinn. Í Eyjum eru nú um 50—60 bifreiðar, sem notaðar eru mjög til fiskflutninga, heyflutninga, við byggingar o. s. frv. Benzíneyðsla er þar því allmikil. Ég sýndi fram á það á síðasta þingi, að þessi skattauki myndi í Eyjum nema 6000 kr., lágt reiknað. Ég held, að það hafi verið misskilningi að kenna, að till. mín var þá felld. Ber ég því nú fram samskonar brtt. og treysti því, að hv. d. fallist á að láta þetta kjördæmi njóta sömu réttinda og önnur.

*Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það vildi svo óheppilega til, að fjhn. gat ekki, vegna þinganna, afgr. þetta mál á venjulegan hátt, þ. e. með fundi, þar sem ákvæði þessa frv. væru borin saman við gildandi l., svo að hægt væri að ganga úr skugga um, að í þessum l. stæði ekki annað en það, sem til var ætlazt, að þar stæði. Fjhn. hefir afgr. málið í flýti utan fundar, af því að form. n. rak svo mikið á eftir því fyrir tilmæli hæstv. fjmrh., og við sjálfstæðismennirnir í n., sem erum andstæðir frv., sáum þó ekki ástæðu til þess að tefja málið með því að krefjast reglulegs nefndarfundar, þar sem liðið er að þinglokum og talsvert enn ógunnið af þingstörfum.

Ég hafði ætlað mér að leggja fyrir n. skjöl og skilríki fyrir því, að í ákvæðum frv., sem fjalla um viðskiptagjaldið, fælust þungar skattaálögur á framleiðsluna. Ég hafði aflað mér skýrslna um þetta frá útgerðarfyrirtækjum, þar sem tilgreindar eru 30—40 vörutegundir, sem notaðar eru til útgerðarinnar og þessi skattur leggst á með miklum þunga. Þessar skýrslur gat ég ekki lagt fram í n., og verð ég því að láta mér nægja að segja frá þessu hér, og ætti það að nægja þeim, sem vilja taka það til greina, en þetta get ég sannað. Ég hika því ekki við að endurtaka það, að auk þess sem viðskiptagjaldið leggst beint á þær fæðutegundir, sem útgerðin verður að láta sjómönnum í té, þá kemur það einnig niður á mörgum vörum, sem notaðar eru við framleiðsluna og óbeint í hennar þágu. Af þessum ástæðum, og einnig hinum, að frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna hvíla nú þegar svo þungir skattar á þjóðinni, að ekki er fært að auka við, þá höfum við hv. þm. V.-Sk. lagt á móti því, að þetta viðskiptagjald yrði samþ. Sama gildir að því er snertir ákvæði frv. um hækkun á tekju- og eignarskattinum. Nú hefir það komið í ljós, að það, sem hæstv. stj. hefir sagt, að þessi skattauki kæmi eingöngu niður á hinum efnaðri borgurum, hefir við engin rök að styðjast. Það er nú skjallega sannað, að það er rétt, sem við sjálfstæðismenn höfum haldið fram, að þessi skattauki leggst fyrst og fremst á notaþarfir almennings í landinu og á framleiðsluna.

Þessar skjallegu sannanir er að finna í frv. og nál. mþn., sem skipuð var 2. des. 1935 til þess að gera till. um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga,

en í þessari n. störfuðu alþm. Jónas Guðmundsson, Bernharð Stefánsson og Magnús Guðmundsson, eins og kunnugt er. Í þessu frv. er, vegna tekjubrests hjá sveitar- og bæjarfélögum, fyrst og fremst farið fram á, að sveitir og bæir megi leggja vörugjald á notaþarfir almennings. En ef ríkissjóður hefði ekki með þessum nýju skattaukum seilzt svo djúpt í vasa þeirra skattborgara, sem hafa meðaltekjur og minna en það, þá hefðu sveitar- og bæjarsjóðir getað tekið þessa skattstofna í sínar þarfir og ekki þurft að biðja um nýja skatta af notaþörfum almennings. — Við sjálfstæðismenn erum mótfallnir einstökum atriðum þessa frv. og frv. í heild, og munum greiða atkv. gegn því, af þeim ástæðum, sem ég nú hefi greint. Og auk þess skilur algerlega á milli okkar og stjórnarliðsins um það, hvaða leiðir skuli fara til þess að rétta við atvinnuvegina. Við lítum svo á, að kreppa atvinnulífsins eigi aðalrætur sínar að rekja til þess, að núv. valdhafar hafa lagt of þung gjöld á gjaldþegna þjóðfélagsins, og þá sérstaklega atvinnuvegina. Það eru þessir þungu skattar, sem nú eru búnir að sliga sjávarútveginn og valda því þar með, að atvinnuleysið fer vaxandi í landinu. Við lítum svo á, að leiðin til þess að draga úr atvinnuleysinu og stöðva hrun atvinnuveganna sé ekki sú, að þyngja skattana, heldur létta þá. Við höfum því borið fram á þessu þingi till. um að létta sköttum af atvinnuvegunum, svo sem um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Stjórnarflokkarnir líta aftur á móti svo á, að til þess að ráða bót á atvinnuleysinu eigi ríkið að auka sínar framkvæmdir og taka á sína arma það, sem einstaklingarnir fá ekki undir risið. Það eru þessi tvö sjónarmið, sem flokkarnir hafa glímt um hér á Alþingi síðastl. 10 ár, og það er hið síðara, sem orðið hefir ofan á lengst af á þessu tímabili, með þeim árangri, að ástandið hefir farið stórum versnandi með hverju ári. Við sjálfstæðismenn verðum náttúrlega að una því, þangað til þjóðin hefir fengið fullan skilning á því, hvert stefnir, og tileinkað sér okkar málstað og fengið okkur meirihlutaaðstöðu við almennar kosningar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. En ég vil þó að lokum minna á þau orð, sem fóru á milli mín og hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls. Ég beindi þá til hans fyrirspurn um það, hvort beita mætti bæði þeirri skatthækkun, sem hér er fyrirhuguð, og 10% hækkuninni á tekjuskattinum, er verið hefir í gildi, eða aðeins öðruhvoru. (**Fjmrh.**: Einungis öðruhvoru). Hæstv. ráðh. grípur nú aftur fram í fyrir mér og staðfestir það, sem hann áður sagði. Ég vil leggja áherzlu á að fá þetta staðfest, því mér skilst, að eftir frv. gæti verið heimilt að beita hvorutveggja ákvæðinu. En ég geri mig ánægðan með þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. Hún er tvímælalaus og skjalfest við báðar umr., er fram hafa farið um þetta mál, og getur því ekki orkað tvímælis eftir á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:10 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13:9 atkv.
Brtt. 441 samþ. með 14:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14:3 atkv.
6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EystJ, FJ, GG, JörB.

JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GSv, GÍ, HannJ greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (JÓl, MT, BJ, BÁ, EE, EmJ, GÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:11 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 506).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

nei: TT[1]) GÞ, GSv, HannJ, JakM, JS, ÓTh, PHalld, SK.

EE, GÍ, JJós, JónP greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (BJ, EmJ, JÓl, MT, PO) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:7 atkv. og endursent Ed.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 506).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 593).

---

41. Garðyrkjuskóli ríkisins.

Á 6. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um garðyrkjuskóla ríkisins (þmfrv., A. 30).

Á 8. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurður Einarsson)**: Þetta frv., sem ég flyt hér, er í nokkrum verulegum atriðum samhljóða frv. því, sem fyrir lá á síðasta Alþingi og við alþýðuflokksmenn fluttum þá. Efni frv. er því hv. þdm. nokkurnveginn kunnugt. Sú breyt. er þó gerð á frá því, sem var í frv. okkar í fyrra, að í 1. gr. þessa frv. er ekki gert ráð fyrir, að endilega þurfi að stofna garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi, heldur einhverjum öðrum jarðhitastað, sem jafnhentugur kynni að þykja.

Í 2. og 3. gr. frv. eru nokkur ákvæði um það, hvað leggja skuli skólanum til.

4. gr. fjallar um fræðslu þá, sem skólinn á að veita, og er gert ráð fyrir því, að hún sé bæði

1) **TT**: Ég sé ekki ástæðu til að flaustra af svo stórkostlegu skattaálögufrv. sem þessu og segi því nei.

verkleg og bókleg. Þar er ennfremur ákveðið, að skólinn skuli útskrifa fullmenntaða garðyrkjumenn, sambærilega við það, sem tíðkast í garðyrkjuskólum á Norðurlöndum. Skal námstíminn þó ekki vera lengri en 3 ár, en það er nokkuð skemmri tími heldur en gerist á Norðurlöndum. En ég hefi samt sem áður, eftir að hafa talað við fróða menn um þessa hluti, sem kunnugir eru okkar staðháttum, sannfærzt um, að ekki sé nauðsynlegt að binda þennan námstíma við meira en 3 ár.

Þá er svo ákveðið, að nemendur fái ókeypis húsnæði og kennslu í skólanum, en greiðsla fyrir fæði fari eftir ákvæðum, sem síðar verði sett, og skal þá miðað við allar ástæður og hvað kostnaðurinn sýnir sig að verða.

Loks eru ákvæði um það, að landbrn. skuli hafa á hendi yfirstjórn garðyrkjuskólans, og að kostnaður við stofnun hans skuli greiðast úr ríkissjóði.

Það kom allgreinilega fram við umr. þessa máls í fyrra um bæði frv., sem fyrir lágu, að það var ekki deilt um nauðsyn þess að koma slíkum skóla á fót. En bæði frv. áttu það sammerkt, að með þeim var ekki fyrirhugað að útskrifa fullfæra garðyrkjumenn, heldur aðeins menn, sem fengið hefðu nokkra fræðslu í garðyrkjustörfum umfram almenning. Og vafalaust mundi sú fræðsla hafa getað komið að miklum notum. En við nánari athugun virðist ástæðulaust að taka ekki skrefið til fulls og fullmennta menn á þessu sviði, ef á annað borð er horfið að því ráði að stofna garðyrkjuskóla. Slíkur skóli sem um var rætt í fyrra mundi ekki verða neitt ódýrari í stofnun né rekstri heldur en fullkominn garðyrkjuskóli, sem ætlað væri að útskrifa fullfæra garðyrkjumenn.

Ég hefi tekið þetta upp af því, að ég hefi þá trú, að garðyrkjan geti orðið eins lífvænleg atvinnugrein eins og hver önnur tegund ísl. landbúnaðar, ef hún er stunduð við sæmileg skilyrði af mönnum, sem þekkingu hafa á því sviði. Og enn er langt frá því, að svo mikið sé framleitt af garðávöxtum og nytjajurtum, að eðlilegri þörf landsmanna sé fullnægt, svo þar má bæta miklum starfskröftum við, áður en þeim er ofaukið.

Ég vil svo mælast til þess, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 51. og 52. fundi í Nd., 18. og 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 30, n. 339 og 353).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): N. hefir klofnað um þetta mál, eins og meðfylgjandi nál. ber með sér. Hv. minni hl., hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf., leggur til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá á þessu þingi, en hann er því hinsvegar meðmæltur, að það nái fram að ganga á næstunni, en þó í nokkuð annari mynd en nú, og munu þeir gera grein fyrir því. Það, sem sérstaklega ber á milli, er það, að minni hl. leggur til, að garðyrkjuskólinn verði, þegar hann er stofnaður, settur í samband við annanhvorn búnaðarskólann. En meiri hl. leggur til, að stofnaður verði sérstakur garðyrkjuskóli á Reykjum í Ölfusi, og mælir sérstaklega með því fyrst og fremst af því, að ríkið á þar nú mikið land og hefir þar með höndum mikinn rekstur og umsvifamikla garðyrkju, og er þar því mjög þægilegt að koma fyrir allri kennslu, fyrst og fremst verklegri kennslu. Ríkið á gróðrarskála, vermireiti og aðra hluti, sem nauðsynlegir eru til kennslu í þessum efnum, og eins og nú háttar til um garðyrkju hér á landi, þá er nokkur vissa fyrir því, að í framtíðinni muni verða mikið að henni hlúð. Það er vafalaust, að einn mikill þáttur í landbúnaði og yfirleitt í atvinnurekstri þjóðarinnar verður garðyrkjan, þar sem svo mikið er af heitum stöðum hér á landi við hverri og laugar. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve mikil vöntun hefir verið á nokkrum þeim næringar- og bætiefnum, sem menn þurfa með til þess að halda heilsu, sérstaklega þeim, sem kölluð eru kolvetni. Það hefir því orðið að afla þessara efna frá öðrum þjóðum í brauðmat eða kornmat eða í innfluttu garðmeti, sem hefir orðið að borga mikið fé fyrir. *Það er vafalaust, að við getum sparað mjög mikið fé með því að framleiða þessar fæðutegundir hér á landi, og nota til þess hverina og laugarnar, sem til eru í landinu. En kennsla í garðyrkju verður að fara fram á þeim stöðum, þar sem einnig er jarðhiti. Þess vegna álítum við Reyki í Ölfusi vel fallna til að hafa þar skóla í ræktun garðávaxta, þar sem bæði er heit og köld mold og skilyrði bæði til ræktunar undir gleri og á víðavangi.* Og mjög er það hentugt líka, þó skólanum sjálfum sé aðallega ætluð kennsla í bóklegum fræðum, að hægt sé að reka verklega kennslu jafnframt bæði vetur og sumar. Og þá er það ennfremur einn liðurinn í þessu, að gerðar verði sérstakar tilraunir á sviði garðyrkjunnar, einkum með ræktun í heitri jörð og í húsum. Og þar sem ríkið á nú þegar orðið gróðurhús nægilega mikil til þess, að slík kennsla geti farið fram, þá álítum við, að það beri að reisa skólann á þessum stað. Við álítum, að eftir því, sem búið er að koma fótum undir þessa starfsemi í Ölfusi, þá muni með lagi vera hægt að reka þar garðrækt, þannig að hún standi algerlega undir kostnaði við skólann. Þetta er mín persónulega skoðun og okkar í meiri hl. n. Við flytjum nokkrar brtt. við frv., og skal ég geta þeirra helztu. Í fyrsta lagi leggjum við það til, að skólinn verði sjálfstæð stofnun, sem beri sjálf uppi sem mestan hl. af kostnaðinum, eins og ég sagði áðan. Um leið leggjum við til, að skólanum verði afhent nægilegt land og svo þeir gróðurskálar og aðrar byggingar, sem ríkið á þarna og rekur. Þá viljum við bæta þeim ákvæðum við 4. gr., að tilraunir í garðyrkju fari fram á garðyrkjuskólanum. Það er nauðsynlegur þáttur í framför garðyrkjunnar, að slíkar tilraunir séu gerðar af þar til hæfum mönnum. Við höfum hugsað okkur að láta verklegu kennsluna fara

fram með tvennu móti. Annarsvegar verði kennt í stuttum námskeiðum, og verði á þeim kennd hin almennasta garðyrkja, sem sé ætluð þeim mönnum, sem ekki ætla sér sérstaklega að gera garðyrkjuna að lífsstarfi, en þurfa að styðjast við hana, eins og flestir bændur gera. Það er ætlað, að þessi námskeið standi yfir svo sem 3—4 vikna tíma. Hinsvegar eru svo þeir, sem ætla sér að gera garðyrkju að ævistarfi sínu. Þeir þurfa að hafa meiri þekkingu á þessum hlutum. Við höfum hugsað okkur, að það verði þannig hagað kennslu þessara manna, að það verði löggilt nokkur garðyrkjubú til að hafa slíka kennslu með höndum, og að þegar menn hafa lokið þar námi eftir 2—3 ár, þá verði menn komnir það langt í þekkingu á þessu sviði, að menn séu færir til þess að taka eins árs bóklegt nám, eins og sömuleiðis viðgengst í nágrannalöndum okkar. Yfirleitt eru þessar till. um fræðsluna mjög sniðnar eftir því, sem gerist í nágrannalöndunum um þessi efni, t. d. Danmörku. Þá er gert ráð fyrir, að rekin verði námskeið í sambandi við þessa skóla, þar sem fari fram kennsla í matreiðslu, einkum þeirra rétta, sem búnir eru til úr garðávöxtum. Stjórnarfyrirkomulag við skóla þessa er gert ráð fyrir, að verði þannig, að landbrh. skipi 3 menn, sem sé einskonar skólanefnd. Nánari ákvæði um fyrirkomulag kennslunnar og próf setur landbrh. í reglugerð, sem gert er ráð fyrir, að hann setji. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en mun ef til vill taka til máls seinna, þegar frsm. minni hl. hefir lokið máli sínu.

***Frsm. minni hl. (Jón Pálmason):** Eins og frsm. meiri hl. vék að og fram kemur í nál. beggja hl. landbn., hefir hún ekki getað orðið samferða um meðferð þessa máls. Sá ágreiningur nær þó ekki til þess, að n. er öll sammála um, að það sé nauðsynlegt, að garðræktin sé aukin í þessu landi, og okkur er fullkomlega ljóst öllum, að til þess eru miklir möguleikar. Ekki heldur tekur ágreiningurinn til þess, að það sé ekki nauðsynlegt, að þekking á þessu sviði fari vaxandi og kennsla um þá hluti frá því, sem nú er. En okkar ágreiningur byggist á því, að við teljum ekki nauðsyn bera til þess að stofna nýjan skóla í þessu skyni, fyrst og fremst af því, að samkvæmt l. er ætlazt til, að búnaðarskólarnir annist þessa kennslu, og það eru fullkomnir möguleikar til að auka þá starfsemi frá því, sem nú er, svo að það ætti að vera nægileg garðyrkjufræðsla fyrir landsmenn. Til þess þarf ef til vill að breyta reglugerðum þessara skóla, og að einhverju leyti l. sjálfum. En það ætlumst við til, að ríkisstjórnin annist fyrir næsta þing í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þá er að minnast á hitt atriðið, sem hv. frsm. meiri hl. vék að, um að það þyrfti að vera tvennskonar fræðsla, annarsvegar almenn fræðsla, sem allir, sem stunduðu garðyrkju í landinu, þyrftu að njóta, og hinsvegar fullkomin garðyrkjufræðsla, sem mundi taka 3—4 ár og væri fyrst og fremst miðuð við það, að menn gætu stundað garðyrkju sem starf og gætu tekið að sér að stjórna garðyrkjubúum á hitasvæðunum og í gróðurhúsum eða yfirleitt við þau fullkomnustu og beztu skilyrði, sem hægt er að fá hérlendis. Til þess að koma því í kring, að menn geti fengið þá fræðslu, teljum við ekki heldur nauðsyn bera til að stofna nýjan skóla. Við teljum yfir höfuð, að þetta mál sé of lítið undirbúið að því leyti, að ekki liggja fyrir neinar áætlanir um það, hvað mikinn kostnað mundi af þessu leiða, og hvað þyrfti að bæta við af húsum til þess að koma þessum skóla á fót, og ekki heldur um það, hvað mikla starfskrafta þyrfti að fá þarna til kennslu og stj. Þetta er það, sem er undirstöðuatriði og leikur mjög í lausu lofti. En það er af þessum sökum, sem ég hefi þegar tekið fram og þarf ekki að fjölyrða mikið nánar um að sinni, að við hv. þm. Borgf. og ég leggjum til, að þetta frv. verði afgr. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir á þskj. 353.

***Sigurður Einarsson:** Af því að ég hefi flutt þetta mál, þykir mér hlýða að segja nokkur orð við þessa umr. málsins, en ég get verið stuttorður. Ég get verið meiri hl. landbn. þakklátur fyrir, hvernig hann hefir tekið undir þetta mál. Hitt er aftur á móti ekki eins gleðilegt, að nál. og brtt. skuli ekki hafa komið fram fyrr en svona er liðið á þingtímann, því að það gæti hugsazt, að það yrði málinu til þeirrar tafar, að það næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég verð að segja það, að brtt. meiri hl. n. eru þannig, að ég get ákaflega vel sætt mig við þær allar. Meiri hl. vill stefna að því að festa þessa starfsemi á Reykjum í Ölfusi. Og þó að ég vildi hafa þetta svo rúmt, að aðrir staðir gætu komið til greina, þá hefi ég síðan sannfærzt um, að Reykir hafa ýmsa kosti fram yfir aðra staði, meðal annars þann kost, að það er ódýrara að koma þessu máli af stað þar en annarsstaðar, með því að þar er hægt að hagnýta þau húsakynni og aðra hluti, sem þar eru til staðar. 3. brtt. get ég vel sætt mig við, þó að ég geti í rauninni ekki séð, að það skipti miklu máli, hvort skólinn er rekinn sem sérstök stofnun eða ekki. En það gladdi mig mjög mikið, sem hv. frsm. sagði, en hann er kunnáttumaður um þessa hluti, að hann gerði sér vonir um, að garðyrkjubúið mundi bera uppi að mestu eða öllu leyti kostnaðinn við skólahaldið. Ég tel, að mál þetta hafi hlotið búningsbót í n. og að það sé einsætt að halda sig við þær till., sem hún gerir, og greiða atkv. með þeim. Þar af leiðandi er ég andvígur því, sem kemur fram hjá hv. þm. A.-Húnv., og sé ekki, að það verði að neinu leyti betur séð fyrir þessari starfsemi, þó að hún verði fengin búnaðarskólunum í hendur, að þeim alveg ólöstuðum. Það, sem mælir sérstaklega á móti því, er það, að staðirnir fyrir þá skóla voru valdir út frá allt öðru sjónarmiði og eru áreiðanlega ekki eins vel hæfir til garðyrkjunáms og rekstrar garðyrkjubús eins og á jarðhitasvæðunum. Ég tel þess vegna, að þessi dagskrártill. minni hl. sé ekki til annars en að tefja fyrir málinu og hrekja það út af réttri braut.

***Bjarni Bjarnason:** Á síðasta þingi komu fram 2 frv. um garðyrkjuskóla ríkisins. Annað var flutt af nokkrum jafnaðarmönnum, en hitt

af hv. 1. þm. Árn. og mér. Nú er komið fram frv. um þetta efni, nú flutt af hálfu jafnaðarmanna, en aðeins af hv. 9. landsk. Við, sem fluttum hitt frv. í fyrra, sáum ekki ástæðu til að fara í neitt kapphlaup um að leggja þetta frv. fram aftur. En við væntum þess hinsvegar, að landbn. mundi taka málið til athugunar og taka til hliðsjónar bæði frv., sem lágu fyrir síðasta þingi. Og sú varð líka raunin á. Till. landbn. stefna mjög í þá átt, sem frv. okkar samþm. míns var á síðasta þingi. Með hliðsjón af því mun ég geta fallizt á afgreiðslu þessa máls á þeim grundvelli, sem landbn. hefir lagt til, að það verði samþ.

*__Frsm. minni hl. (Jón Pálmason):__ Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. flm. þessa frv., hv. 9. landsk., sagði í sambandi við þá dagskrártill., sem við hv. þm. Borgf. flytjum. Það kom fram hjá þessum hv. þm., eins og vænta mátti, að það væri sjálfsagt, að ríkið tæki lán til þess að koma þessu máli fram. Hvað mikið þetta lán þarf að vera, hefir ekkert verið upplýst um, hvorki af flm. eða frsm. meiri hl. n. En það er aðeins staðhæfing, sem ekki er að neinu leyti útskýrð, sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að það væri líklegt, að þessi starfsemi gæti staðið undir sér sjálf og að garðræktin gæti borgað kostnaðinn við skólahaldið. Þetta er atriði, sem er í raun og veru meginatriði, þegar um er að ræða, hvaða leið á að fara í þessu máli. Hvað það snertir, sem hv. 9. landsk. vék að búnaðarskólunum, að þar sé svo vond aðstaða í þessum efnum, að ekki sé hægt að fá þar fullnægjandi þekkingu í garðrækt, þá er það að því leyti rétt, að búnaðarskólarnir eru ekki á jarðhitastöðum og því ekki fullnægjandi fyrir þá þörf, sem er fyrir aukna þekkingu um rekstur garðyrkju á þeim stöðum. En það er svo almennt í þessu landi, að ekki er þeim skilyrðum til að dreifa, að það verður fyrst og fremst að miða kennsluna við þá almennu þörf, sem fyrir hendi er. Og þeirri almennu þörf er fullkomlega hægt að fullnægja á þeim stöðum, sem búnaðarskólarnir standa nú. Hinsvegar er ekkert því til fyrirstöðu, að þau garðyrkjubú, sem þegar eru hér starfandi, geti tekið að sér þá fræðslu, sem mest þörf er fyrir til þess að annast garðyrkju, þar sem jarðhiti er fyrir hendi. Þetta er atriði, sem mér finnst menn eigi og hljóti að gera sér grein fyrir, þegar þeir velja um, hvort þessi aukna fræðsla á að fara fram í búnaðarskólunum eða að stofnaður verði nýr skóli. Það var ekki fleira, sem fram kom í ræðu hv. frsm., sem ég þarf að taka til athugunar að sinni.

__Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson):__ Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta. Ég skal aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. frsm. minni hl. sagði um lántöku, sem nauðsynleg væri til þess að koma þessu af stað. Ég get ekki skilið, að það þyrfti að vera nema að mjög litlu leyti, sem taka þyrfti lán til þessa. Það er þegar búið að koma upp þarna á Reykjum það miklu af húsum, bæði gróðurhúsum og húsum yfir bú, að það er mitt álit, að þar þurfi litlu við að bæta. Það er vitanlega rétt, að skólahúsið vantar. En það má gera ráð fyrir því, að a. m. k. fyrst um sinn verði nemendur ekki margir, sem taki bóknámið. Það getur ekki verið mikill kostnaður við að koma upp húsum til þess að láta bóknámið fara fram í, því að eins og rætt hefir verið um, þá er ætlazt til, að meginhluti kennslunnar fari fram verklega. Og þó að það þurfi að koma upp einhverjum skála fyrir nemendur yfir sumarið, þá getur það ekki orðið mjög kostnaðarsamt. Það er rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að það eru ekki nema tiltölulega fá bændabýli á landinu, sem hægt er að nota jarðhita við garðrækt. Því er það nauðsynlegt, eins og tekið er fram í frv., að verklega kennslan fari bæði fram á heitum stað og köldum. Hinsvegar vil ég halda því fram, að jarðhitinn sé svo veigamikill þáttur í okkar garðrækt, eins og ég álít, að hún muni verða í framtíðinni, að það sé nauðsynlegt, þegar skólinn verður settur á fót til þessa náms, þá sé búið svo um, að nægilegur aðgangur fáist að heitu vatni til rekstrar gróðrarskála bæði til kennslu og svo einnig til þess, að hægt sé að reka nauðsynlega tilraunastarfsemi, sem síðar verði byggðar á framkvæmdir í starfrækslunni í þessu efni. Það hefir kannske misskilizt hjá mér áðan, þar sem ég talaði um, að löggilt væru garðyrkjubú til þess að hafa verklegu kennsluna með höndum. Ég ætlaðist til, að það yrði bæði þessi garðyrkjuskóli ríkisins og svo þau bú önnur, sem fær væru til þess að inna kennsluna af hendi. Ég er ekki í vafa um, eins og mikið er búið að leggja þarna í kostnað, að þar verður alltaf rekið stórt og umfangsmikið garðyrkjubú, sem ríkið á. Og þegar svo er komið, þá finnst mér liggja opið fyrir, að þessi staður geti haft garðyrkjuskóla ríkisins, bæði til þess að njóta framkvæmdanna þar og eins til þess að halda lifandi sambandi sumar og vetur milli verklegs og bóklegs náms.

*__Pétur Ottesen:__ Það hefir nú komið skýrt í ljós með flutningi þessa frv., og ekki síður við umr., sem fram hafa farið um þetta mál, að það er alveg aukaatriði í flestum tilfellum sá kostnaður, sem leiðir af því að gera hitt og þetta. Það er talað um, að framkvæmdin sé nauðsynleg og hvers árangurs megi vænta af henni. En hitt er alveg aukaatriði, hvort kostnaðurinn, sem það hefir í för með sér, er mikill eða lítill. Það er yfirleitt litið með svo mikilli fyrirlitningu á kostnaðarhlið málanna, að þó að bent sé á leið til að ná sama takmarki með minni kostnaði, þá er ekki talið vert að athuga málið neitt út frá því sjónarmiði. Það hefir hingað til verið svo, þegar rætt hefir verið um skólastofnanir, eins og t. d. alþýðuskólana, að í upphafi hefir verið gert ráð fyrir kostnaði. Afleiðingin hefir orðið sú, að fjárveiting hefir verið tekin upp á fjárl., svo unnt yrði að gera sér grein fyrir, hver kostnaður mundi hljótast af fyrir ríkissjóð.

Nú þykir þetta ekki lengur athugunarvert, og í sambandi við þetta mál hefir ekki verið gerð áætlun um, hver kostnaður mundi verða við stofnun og starfrækslu garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi, því síður að þyki taka því að setja hann á fjárl. Nú á bara að taka lán. Ríkið er ekki enn búið að fylla mælinn með lántökunum.

Hv. frsm. meiri hl. hefir einungis talað um kostnaðinn, sem yrði af rekstri skólans, og ætlast hann til, að búskapurinn beri hann uppi. Það vill nú svo vel til, að við höfum yfirlit um kostnaðinn á þessu búi, þar sem nú eru komin upp mikil gróðurhús og allmiklar framkvæmdir í garðræktinni á okkar mælikvarða. Þessi mikla garðrækt hefir verið rekin á hagkvæmum stað nú um nokkur ár, og árangurinn sjáum við í fjárl. og LR., m. a. í fjárlfrv. fyrir 1937 er gert ráð fyrir tekjuafgangi, 4 þús. kr., af öllum búrekstrinum, innifalið garðræktin, mjólkurbú o. fl. Ég býst við eftir þeirri reynslu, sem við höfum af skólahaldi, að þessar 4 þús. kr. hrökkvi skammt. Það kann að verða mikil breyt. á, en hún má verða ærin, ef hv. frsm. getur gert sér vonir um, að búið beri uppi þann kostnað, sem leiðir af rekstri skólans og stofnun, eins og t. d. af byggingu.

Ég vildi benda á þetta atriði, af því að það eru líka til menn, sem vilja gjarnan líta á, hver kostnaður verði af þessum framkvæmdum

Eins og hv. frsm. minni hl. landbn. hefir lýst, þá höfum við lagt til, að athugað yrði a. m. k., hvort ekki mundi hægt að auka þekkingu manna í garðrækt að verulegum mun með því að auka og umbæta skilyrði til garðyrkjunáms við bændaskólana, þar sem svo hagar til, að hægt er án mikils kostnaðar að koma þeirri kennslu við. Verklega námið yrði að vori til eða sumri, þegar húsakostur er nægur, og nauðsynlegri bókfræðslu mætti sinna að vetrinum.

Ég held, að með samstarfi milli verklegrar og bóklegrar fræðslu búnaðarskólanna við fyrirmyndarbú þau, sem til eru í garðyrkjunni, muni vera hægt að ná alveg sama árangri og næst með því að reisa garðyrkjuskóla á Reykjum í Ölfusi; munurinn yrði aðeins sá, að kostnaðurinn yrði margfalt minni.

En þar sem sá andi ríkir nú á Alþingi, að kostnaðurinn sé algert aukaatriði, og um hann þurfi ekki einu sinni að gera áætlun, þá getur maður búizt við, að málið fái framgang. En ég vildi láta þetta koma fram út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að við, sem erum í minni hl. landbn., viljum engu síður en meiri hl. styðja aukna garðrækt, og að þeir menn, sem hana stunda, fái aukna hagnýta þekkingu, en við sjáum bara leið til að gera það á ódýrari hátt, eins og reynslan mun sýna, ef lög þessi verða samþ.

*__Sigurður Einarsson:__ Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þessar umr. Ég vil aðeins benda á það, sem hv. frsm. minni hl. hefir í rauninni viðurkennt, að sökum legu sinnar og staðhátta eru búnaðarskólarnir ekki eins vel settir til þessara hluta og sá skóli mundi verða, sem reistur yrði að Reykjum í Ölfusi og ég og hv. meiri hl. landbn. viljum og mælum með, því búnaðarskólana skortir stærsta skilyrðið, jarðhitann. Þrátt fyrir það, þó hv. frsm. minni hl. og hv. þm. Borgf. séu sammála um þessa brtt., þá hefir ekki heyrzt ennþá, að þeir færðu nein rök að því, að rekstur skóla yrði þar ódýrari. Þó að þar sé e. t. v. nægilegt húsnæði, þá vantar þar ýmsa hluti aðra, svo sem eins og áhöld ýmiskonar og jarðhita, sem er þar enginn; m. a. fæ ég ekki séð annað en þurfa muni aukna starfskrafta til kennslu.

Þá vil ég mótmæla því, að vísu með mildum og hógværum orðum, sem hv. þm. Borgf. hafði við orð, að kostnaðarhliðin væri fyrir okkur aukaatriði og við fyrirlitum að taka það atriði til greina. Þetta er fjarstæða, sem ekki nær neinni átt. Þó að hv. þm. Borgf. sé nýtur, aðgætinn og glöggur við samningu fjárlaga, þá getur hann ekki búizt við, að tekin sé upp á fjárl. fjárveiting til þeirra hluta, sem ekki er farið að ræða enn, og því síður sýnt, hvort muni ná fram að ganga, en það var allt of snemmt að gera ráð fyrir lögum í þessu efni, þegar gengið var frá fjárl. til 2. umr.

Ég verð að segja það, að rök þessa hv. samnm. míns í fjvn. fyrir því, að rekstur garðyrkjuskóla yrði ódýrari í sambandi við búnaðarskólana, voru ekki traust né haldgóð og geta því ekki orðið tekin gild. Hefir verið sýnt fram á það, að á Reykjum í Ölfusi er margt til taks, sem nota þarf í sambandi við slíkan skóla. Ég verð því að segja það, að hv. minni hl. hefir ekki bent á leið, sem er haldbetri en sú, sem ég og hv. meiri hl. landbn. hefir gert till. um.

*__Frsm. minni hl. (Jón Pálmason):__ Það hefir náttúrlega komið í ljós undir þessum umr., svo sem vænta mátti, að starfsemi þessa skóla muni verða þrennskonar. Í fyrsta lagi verklegt nám, í öðru lagi bóklegt nám og í þriðja lagi, sem a. m. k. hv. frsm. meiri hl. minntist á, tilraunastarfsemi í sambandi við skólann.

Þegar á að gera það upp, hvort unnt sé að búnaðarskólarnir taki við þessu hlutverki, þá koma til athugunar þessi atriði öll, og þá í fyrsta lagi bóklega námið.

Ég fæ nú ekki séð, að það séu að neinu leyti meiri líkur til, að bóklega námið geti farið fram austur á Reykjum í Ölfusi en í sambandi við auka fræðslu í búnaðarskólunum.

Hvað tilraunirnar snertir, sem hv. frsm. var að tala um, þá álít ég, að á þessu sviði eigi að ræða um hlut, sem hefir almenna þýðingu, en svo er alls ekki um garðyrkju, sem rekin er á jarðhitasvæðinu. Slíkar tilraunir eiga að beinast að almennri starfsemi, og til þess eru skilyrði fyrir hendi á búnaðarskólunum. Hvað verklega námið snertir, hefi ég bent á það, að full skilyrði eru fyrir hendi, að það fari fram á búnaðarskólunum, og hefir ekki verið hrakið, að það er hægt a. m. k. í samvinnu við þau garðyrkjubú, sem þegar eru fyrir hendi.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að kostnaðarhliðinni. Það virtist koma fram hjá hv. frsm., að aðeins þyrfti lítið lán til þess að koma þessu af stað. Nú er vitað mál, að þarna vantar hús bæði fyrir skólastjóra, kennara og nemendur, og þetta mundi aldrei verða byggt nema fyrir talsvert fé, auk þess sem reksturinn mundi verða dýr. En á búnaðarskólunum myndi ekki þurfa að bæta við, þó húsin séu gömul. Ég veit, að það er rétt, sem hv. frsm. vék að; það mundi að vísu hafa nokkurn aukinn kostnað í för með sér, ef garðyrkjukennslan yrði aukin við búnaðarskólana, en sá kostn. yrði alltaf minni. Ég þarf ekki fleira að segja, þar sem ekkert nýtt hefir komið fram.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Aðeins örfá orð, og þá sérstaklega út af orðum hv. þm. Borgf. Ég skal segja honum það, þó að hann kannske trúi því ekki, að fyrir mér er kostnaðurinn alls ekki aukaatriði, og ef svo stæði á, að austur á Reykjum í Ölfusi þyrfti að reisa slíkan skóla frá grunni, þá mundi ég alls ekki leggja til, að skólinn yrði reistur nú á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. En þegar þannig vill til, að búið er að leggja tugi þúsunda í landkaup og aftur tugi þúsunda í framkvæmdir á þessum stað, sem alls ekki verða betur notaðar en í sambandi við garðyrkjuskóla, þá finnst mér rétt að reisa skólann þar. Ég er alveg sannfærður um, að það er rétt hjá hv. 9. landsk. þm., að ef við ætlum okkur að koma upp myndarlegum garðyrkjuskóla á búnaðarskólasetri, þá mundi það verða ærið kostnaðarsamt. Ég hugsa, ef um það yrði að ræða, að þá yrði Hvanneyri fyrir valinu, en ekki Hólar. Eins og hv. þm. veit, hafa ekki allir komizt að Hvanneyri undanfarið, sem sótt hafa um skólavist og eiga þar aðgang sem bændaefni, svo að þar þyrfti að bæta við húsakost og sömuleiðis kennara í garðyrkju, sem í rauninni á að vera til taks fyrir austan sem starfsmaður við garðyrkjuna og gæti fallið þar inn í skólafyrirkomulagið.

Þá álít ég og nauðsynlegt að koma upp gróðrarhúsum og vermireitum, og ég tel því mjög vafasamt, hvort kostnaður við þetta yrði minni en sá viðbótarkostnaður, sem verður á Reykjum í Ölfusi við byggingu íbúðar- og skólahúss. Og einmitt þetta, að þar er til nægur jarðhiti, gerir *mögulegt að byggja þar ódýrt*. Það er því einmitt þetta atriði um kostnaðinn, sem vegur mest í mínum augum.

Þó að búið gefi ekki mikið af sér nú, þá stendur það til bóta; reksturinn er alltaf að aukast og afkoman að batna. Ég tel því víst, að áður en langt um líður geti það staðið undir rekstri skólans.

Ég held því, ef tekið er tillit til kostnaðarins, eins og hv. þm. var að benda á og eins og sjálfsagt er, þá hnigi öll rök að því, að fremur beri að reisa þennan skóla að Reykjum í Ölfusi en í sambandi við búnaðarskóla, því það verði í öllu ódýrara.

***Pétur Ottesen:** Það er gott, að umr. þær, sem hér hafa orðið, vekja menn til umhugsunar um kostnaðarhlið þessa máls, en hingað til held ég, að lítið hafi verið um það fjallað.

Hv. frsm. meiri hl. komst ekki framhjá því, að ef reisa á garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi þá verður að byggja skólahús, því að það er ekki til. Við höfum nú allmikla reynslu af kostnaði við byggingu skólahúsa, jafnvel þó að við jarðhita sé. En með þeirri tilhögun, sem við í minni hl. landbn. leggum til, að verði, þá þarf ekki að byggja neitt hús, en það álít ég höfuðkost.

Af áhöldum er allmikið til, a. m. k. á Hvanneyri, en þar álít ég heppilegt að hafa skólann. Annars eru áhöldin aukaatriði í stofnkostnaðinum og ekki sambærilegt við byggingu skólahúss.

Það er sjálfsagt að taka til athugunar það, sem hv. þm. Mýr. benti á, en ég tel sjálfsagt að nota þá fjárhagslegu hagkvæmnisaðstöðu, sem búnaðarskólarnir bjóða.

Það er rétt, sem hv. frsm. benti á, að fullskipað er á Hvanneyrarskóla, en vitað er, að hinn skólinn hefir ekki verið fullskipaður, og mætti auðveldlega haga því svo til í framkvæmdinni, að garðyrkjunemendum yrði beint til Hvanneyrar, en venjulegum landbúnaðarnemendum að Hólum. Hvernig sem á þetta er litið, þá er mikill munur á fjárhagshliðinni.

Að því er snertir garðyrkju á köldum og heitum stað, þá hefir garðyrkja á hersvæði ólíkt meiri þýðingu. Eftir því, sem mér er tjáð, þá er jarðhiti aðeins á 230 býlum af 6000. Má því sjá, að vegna fjárhagslegrar aðstöðu er miklu meira atriði að veita nauðsynlega undirstöðuþekkingu um garðrækt við venjuleg skilyrði, eins og t. d. kartöflurækt.

Hitt er heldur alls ekki útilokað, sem ég hefi bent á, að hafa samvinnu milli búnaðarskólanna og þeirra garðyrkjubúa, sem við eigum og eru við heitar lindir, eins og t. d. Reykjabúið í Ölfusi og Reykjabúið í Mosfellssveit, sem stjórnað er af sérfróðum manni.

Það þýðir ekkert að gera lítið úr stofnkostnaðinum, því að hann er ærið mikill. — Um þá von hv. þm. Mýr., að húskapurinn muni standa undir skólakostnaðinum, má segja, að alltaf sé hægt að gera sér vonir, en reynslan hefir bara sýnt, að tekjuafgangur búsins hefir hæst numið 4 þús. kr. Þarf heldur ekki um það að deila, að fjárhagshliðin hangir svo í lausu lofti sem frekast getur verið, *og hvergi er tiltekið í frv. þessu*, að taka skuli lán, og ekki heldur ætlað fé á fjárl. til þessa skóla.

Hv. 9. landsk. þm. sagði, að minni hl. landbn. vildi hrekja málið út af réttri leið, þar sem við vildum, að það færi til búnaðarskólanna. Ég veit ekki, hvort álit hv. þm. á bændaskólunum er þannig, að hann telji bezt að sigla sem flestu framhjá þeim. En það hefir verið bent á með fullnægjandi rökum, að hægt væri að ná sama marki með notkun búnaðarskólanna, ef samkomulag og samstarf yrði tekið upp við þau garðyrkjubú, sem eru við heita staði, og þar sem full þekking er fyrir hendi.

***Sigurður Einarsson:** Ég vil bara minnast á eitt, sem hv. þm. Borgf. sagði, er hann talaði um, að ég hefði látið þau ummæli falla, að till. minni hl. vildu beina máli þessu í ranga átt eða færa það af réttri leið. Í þessum ummælum liggur engin lítilsvirðing á búnaðarskólunum gagnvart því hlutverki, sem þeim er ætlað.

Það vill svo heppilega til, að ég hefi skrifað hér niður hjá mér þau ummæli, sem ég lét falla, og sagðist ég álíta þetta, að þeim ólöstuðum. En ég byggði þetta á þeim rökum, sem ég hefi áður fram tekið, að máli þessu mundi betur borgið með sérstökum skóla, en hann yrði ekki settur niður á óheppilegum stöðum, sem miðaðir væru við allt önnur viðfangsefni, því að það gæti orðið erfitt og brasksamt að breyta því, sem þyrfti.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, svo um þetta atriði gæti enginn misskilningur ríkt.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 353, frá minni hl. landbn., felld með 16:11 atkv.

Brtt. 340,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, JörB.

nei: SK, TT, GSv, GÍ, JJós, JónP, JS, ÓTh, PO, JakM, PHalld greiddu ekki atkv.

Sex þm. (BJ, EE, GÞ, HannJ, JÓl, MT) fjarstaddir.

Brtt. 340,2 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JG, JörB.

PHalld, PO, SK, TT, EE, GSv, GÍ, JakM, JónP, JS greiddu ekki atkv.

Sex þm. (MT, ÓTh, BJ, GÞ, JJós, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 340,3 (ný 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 340,4 (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JörB.

JónP, JS, PHalld, PO, SK, TT, EE, GSv, GÍ, JakM, JJós greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (JÓl, MT, ÓTh, BJ, GÞ) fjarstaddir.

Brtt. 340,5 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 16:1 atkv.

5.—7. gr. (verða 6.—8. gr.) samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 340,6 (8. gr. falli niður) samþ. með 16:2 atkv.

— 340,7 (ný 9. gr.) samþ. með 16:2 atkv.

10. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 403).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed. 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 403).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 503).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:2 atkv.

***Frsm. (Jón Baldvinsson):** Það er að vísu svo, að landbn. hefir ekki haft ríflegan tíma til að athuga þetta mál, því að það hefir verið meginhluta þingtímans í hv. Nd. En n. hefir nú samt farið yfir frv., og ekki orðið þess vör, að það þyrfti að gera á því breyt., sem verulegu máli skiptu. En meiri hl. n. telur það svo mikilsvert mál að útbreiða fræðslu meðal landsmanna í garðyrkju, að hann vill flýta fyrir afgreiðslu frv., svo að skólahugmyndinni verði komið sem fyrst í framkvæmd.

Þegar þrengingatímar ganga yfir þjóðina, eins og nú á sér stað, þá fara menn að leita ýmsra úrræða og atvinnumöguleika, sem lítil rækt hefir verið lögð við áður, og svo er um garðræktina. Það er ætlazt til þess, að garðyrkjuskólinn verði rekinn á Reykjum í Ölfusi. Þar eru góð skilyrði vegna jarðhita, og ríkið á þá jörð. — N. óskar þó eftir, að það verði tekið til athugunar, hversu táir hafa aðstöðu til þess að reka garðyrkju á jarðhitasvæðum; þess vegna þarf ekki síður að kenna fólkinu að rækta garðávexti í köldum jarðvegi. Og það hefir sýnt sig hér í Reykjavík og víðar um land, þar sem eru tiltölulega litlar garðholur í köldum og grýttum jarðvegi, að þar er hægt að fá góðan árangur, og hefir garðræktin tekizt þar prýðisvel. Ef garðarnir eru hirtir með kostgæfni og nákvæmni, þá geta þeir gefið ótrúlega góða uppskeru.

Það má vel vera, að ekki sé hægt í öllum árum að stunda garðrækt, og þá sérstaklega jarðeplarækt, í sumum landshlutum, t. d. á Norðurlandi og norðvesturlandi. En þrátt fyrir það er þetta mikið nauðsynjamál, og vil ég benda hv. þdm. á, að frv. þarf að komast fram á þessu þingi, enda er það nú hér til 2. umr. Það er ætlazt til þess, að skólinn verði kostaður af ríkissjóði, þar verði gerðar ýmiskonar tilraunir í garðyrkju, enda er að sjálfsögðu mikið órannsakað á því sviði hér á landi, hvaða garðávextir þrífast hér bezt og undir hvaða skilyrðum.

Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. En ég vil geta þess, að hv. 2. þm. Rang. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann sjálfur skýra frá því, ef honum þykir þörf til.

***Þorsteinn Briem:** Ég hefi veitt því eftirtekt, að 1. gr. frv. hefir verið breytt frá því, sem hún var í frv. upphaflega, eins og það var flutt í Nd. Þá var hún orðuð á þessa leið:

„Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi eða þeim öðrum jarðhitastað, er jafnhentugur kynni að þykja."

Þessu var breytt svo í Nd., að nú er 1. gr. þannig:

„Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi."

Það virðist hafa vakað fyrir hv. flm. frv., að ekki væri fullvíst, hvort Reykir í Ölfusi væri bezti staðurinn fyrir þennan skóla. En Nd. hefir ekki gert neitt með þann fyrirvara hv. flm. Ég vil benda á þetta vegna þess, að fyrir nokkrum dögum var allshn. þessarar d. á ferð austur á Reykjum í Ölfusi og leitaði sér þar ýmsra upplýsinga um kosti og einkenni jarðarinnar. N. átti þar kost á að tala við fyrrv. búnaðarmálastjóra Sigurð Sigurðsson og bústjóra Reykjabúsins, og létu þeir það báðir ótvírætt í ljós, að landið þar væri óhentugt til garðyrkju, einkum jarðeplaræktar, og færðu þær ástæður fyrir því, að eðliseinkenni jarðvegsins væru þannig, að landið gæti tæplega talizt ræktanlegt. Af því að þetta

kom fram frá þessum sérfróðu mönnum, vildi ég benda hv. d. og hv. landbn. á að taka þetta til meðferðar, þar eð hv. flm. hefir sýnilega ekki viljað halda fast við Reyki sem skólastað, heldur hvern þann stað, sem kynni að þykja hæfastur.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Ég vildi aðeins gera lítilsháttar aths. við það, sem hv. 10. landsk. sagði um skilyrði til jarðyrkju á Reykjum í Ölfusi. (__ÞBr:__ Kartöfluræktar). Já, meðal annars. Þetta kemur mér mjög á óvart, ekki síst vegna þess, að þegar þetta frv. var undirbúið í fyrra af þeim Steingrími Steinþórssyni búnaðarmálastjóra og Sigurði Sigurðssyni fyrrv. búnaðarmálastjóra, þá mæltu þeir mjög með þessum stað fyrir garðyrkjuskólann og töldu hann heppilega valinn. — Sigurður Sigurðsson vann einmitt að undirbúningi þessa frv. í fyrra og benti á þennan stað fyrir skólann; nú er þessi sami maður borinn fyrir því, að staðurinn sé óhæfur. Ég held, að það sé ekki mikið upp úr þessu að leggja, og býst við, að ummæli Sigurðar Sigurðssonar vegi salt, fyrst hann segir sitt á hvað um staðinn, — mælir með honum við undirbúning frv., en telur hann svo óhæfan nú í viðtali við allshn. Við garðyrkjustjórann hefi ég ekki átt tal um þetta.

Út af því, sem hv. þm. sagði um jarðveginn og moldina, þá vil ég benda honum á, að hún er misjöfn í dalnum. Sá jarðvegur, sem myndazt hefir af framburði árinnar, og það land, sem er neðan við ána, er mun lakara en hitt. — En á það má benda, að einmitt þessi maður, Sigurður Sigurðsson, sem þekkir þar vel til og er manna kunnast um jarðveg viðsvegar um landið, hann hefir valið sér og sýni sínum þennan stað til þess að rækta þar ýmiskonar garðjurtir. Sigurður hefir sjálfur fengið blett þeim megin við ána, sem garðyrkjuskólinn verður væntanlega rekinn, af því hann taldi sér það nauðsynlegt vegna þess, hvað jarðvegurinn væri þar góður. Svo að þetta virðist stangast alleinkennilega við þau ummæli, er hv. 10. landsk. flytur eftir honum. Á Reykjum hafa ætíð verið bæði kartöflugarðar og rófugarðar og þrifizt vel, svo að eigi hefir verið undan því kvartað. Enda verður ekki um það deilt, að skilyrðin eru hin sömu og Sigurður Sigurðsson benti á, þegar hann undirbjó frv., og taldi hann þau þá mjög góð á þeim stað, sem ríkið á, en það land, sem hann hefði sjálfur, væri rýrara, þó að uppskeran hefði reynzt þar góð nú haust eftir haust. — Staðurinn er einnig valinn með tilliti til þess, að þar eru viðlíka skilyrði í kaldri mold eins og þau eru bezt annarsstaðar á landinu. Þar er heit jörð, og þess vegna hægt að sameina kennsluna bæði í kaldri og heitri mold. Í öðru lagi er á Reykjum ýmiskonar undirbúningur fyrir, svo að það kostar miklu minna fé fyrir ríkið að koma á fullkomnum garðyrkjuskóla þar en á ýmsum öðrum stöðum.

Í þriðja lagi eru Reykir tiltölulega nálægt þeim stöðum, þar sem markaður er beztur fyrir þessar afurðir, og líklegt, að skólinn geti borið sig með mjög litlum kostnaði, eða jafnvel engum, einmitt vegna þess.

Ég skal aðeins geta þess, að mikið hefir verið rætt um Laugarvatn í þessu sambandi. En það hefir einmitt verið bent á það af Sigurði Sigurðssyni fyrrv. búnaðarmálastjóra og fleirum, sem hafa reynslu af þessum stað, að hann liggi of hátt, og að haustkuldarnir komi þar of snemma, til þess að hægt sé að hafa skólann þar.

Ég held því að öllu samanlögðu, þá geti menn verið sammála um það, að því betur sem þessi staður er athugaður, því betur komi það í ljós, að ekki sé völ á betri stað að öllu samanlögðu en einmitt þessum.

*__Þorsteinn Briem:__ Það kemur nú í ljós, að þetta mál hefir ekki verið rannsakað sérstaklega. Hæstv. forsrh. bar ekki fram neina rannsókn til stuðnings máli sínu. Það að Sigurður Sigurðsson fyrrverandi búnaðarmálastjóri hefir valið sér og sýni sínum stað þarna nálægt til sinnar jarðyrkju, sannar ekki neitt í þessu sambandi að því er snertir kartöflurækt, því hann mun aðallega stunda aðra garðyrkju en kartöflurækt, þó hann kunni kannske að hafa einhverja kartöflurækt jafnframt. En hann lét það í ljós, að aðstaða til kartöfluræktar væri örðug þarna vegna eðliseinkenna jarðvegsins, og hann hefði valið staðinn vegna annarar jarðyrkju, sem hann hefir þar, sérstaklega í gróðurskálum.

Mér er ekki kunnugt um það, að Sigurður Sigurðsson hafi sótzt eftir landi hinu megin árinnar í landi Reykja sérstaklega vegna kartöfluræktar. A. m. k. sáust þess ekki merki, að kartöflur hefðu verið ræktaðar þar. Þar voru kálgarðar, en ekki kartöflugarðar, og sá maður það á jurtaleifunum, sem þar voru.

Hitt er ekki nema rétt, að á Reykjum er hafinn ýmiskonar undirbúningur, sem mundi, ef önnur skilyrði væru þar líka fyrir hendi, verða til ýmiskonar hagræðis, og að því leyti hafa Reykir í Ölfusi ýmsa kosti, bæði vegna legu sinnar og vegna þeirra framkvæmda, sem þar hafa þegar verið gerðar.

En ég vakti máls á þessu í þeim tilgangi, að hv. landbn. athugi þetta mál sérstaklega, og ég ætla, að það sé jafnmikil þörf á því þrátt fyrir þau ummæli, sem komu fram frá hæstv. forsrh.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

*__Magnús Jónsson:__ Ég verð að segja það, að ég er alveg undrandi yfir því, að þetta mál skuli ekki hafa vakið meiri ágreining hér í þessari hv. d. en raun er á, þó að þetta sé í rauninni ekkert stórmál. En mér finnst það einkennilegt að fara út í það, eins og nú stendur á, að stofna nýjan skóla einmitt í þeirri grein, sem mætti sjá fyrir í sambandi við þá skóla, sem fyrir eru í landinu. Og þar við bætist svo það, að mér finnst ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um þetta mál. Því hefir verið breytt nokkuð frá því, sem það var upphaflega borið fram, en hvorki

í grg. frv. né heldur nál. hafa komið fram neinar áætlanir um það, hvað svona skólahald muni kosta, og því síður ástæður fyrir því, að ekki sé hægt með góðu móti að koma þessari kennslu fyrir í sambandi við búnaðarskólana. Mér finnst, að þegar meta á þá fræðslu, sem fram fer í garðyrkjuskólum, þá sé um tvö ólík atriði að ræða, annarsvegar það garðyrkjunám, sem gerir menn svo og svo lærða í þeim efnum og hæfa til þess að stunda garðyrkju sem sitt æfistarf, — og ég gæti hugsað mér, að heppilegt væri, að slíkt nám færi einmitt fram á Reykjum eða öðrum heitum stað, þar sem hægt er að reka garðyrkju í stórum stíl með jarðhita —, en hinsvegar er aftur það garðyrkjunám, sem allir geta haft gott af, þó að þeir ætli sér engan veginn að leggja fyrir sig garðyrkju sem sitt aðalstarf. Það er ákaflega þarft og gott, ekki aðeins fyrir sveitamenn, heldur líka kaupstaðamenn, að vera vel að sér í almennri garðyrkju, en mér finnst, að slík fræðsla þyrfti alls ekki að fara fram á heitum stað, heldur miklu frekar á köldum stað, þ. e. a. s. undir þeim skilyrðum, sem allur fjöldi landsmanna verður að búa við. Það er þessi síðartalda tegund af garðyrkjunámi, sem mér finnst miklu meira virði í sjálfu sér, og mér finnst það liggja í augum uppi, að sjálfsagt sé að hafa slíkt nám í sambandi við búnaðarskólana, enda er gert ráð fyrir því í l. um búnaðarskóla frá 1930, en að vísu mjög lauslega. En í reglugerðum um búnaðarskóla virðist þetta hafa fallið niður, að það ætti að fara fram garðyrkjunám við skólana. Það þyrfti því kannske að breyta þessu eitthvað, því það er enginn vafi á því, að svo framarlega sem það er meiningin að koma þekkingu á almennri garðyrkju sem mest inn á heimilin, þá er langódýrast og hentugast að koma þeirri fræðslu fyrir við búnaðarskólana. Þar hljóta að jafnaði að vera fyrir kennarar, sem annaðhvort eru vel að sér í slíkum fræðum eða geta fljótlega kynnt sér þau. (**JBald:** Því er verið að hafa sérskóla fyrir presta?). Ég veit það hinsvegar, að ef á að koma upp fjölmennri garðyrkjumannastétt, þá er ástæða til að hafa sérskóla, og þá kannske einmitt í sambandi við jarðhita. Og þetta dæmi, sem hv. 4. landsk. skaut inn, er alveg hliðstætt því, að það er mjög mikið sérnám, sem hér er um að ræða, og aðrir skólar á landinu geta ekki tekið það að sér, nema með því að hafa sína sérfræðinga. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera fram svo hljóðandi till. til rökst. dagskrár:

„Með því að ekki liggja fyrir neinar fullnægjandi áætlanir um kostnað við garðyrkjuskóla, og með því að eðlilegra virðist og sennilega ódýrara að koma þessari fræðslu fyrir við búnaðarskólana, felur d. stj. að gera frekari athuganir á málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi till. til rökst. dagskrár frá hv. 1. þm. Reykv:

Sjá að ofan.

Þessi dagskr.till. liggur þá einnig fyrir til umr.

***Frsm. (Jón Baldvinsson):** Sá rökstuðningur, sem hv. 1. þm. Reykv. færir fram gegn því, að þetta frv. verði samþ. nú, er tvennskonar: Í fyrsta lagi, að þetta mál sé ekki nægilega undirbúið, og í öðru lagi, að þessari kennslu mætti koma fyrir án þess að setja upp sérstakan skóla. Hvað viðvíkur því, að undirbúningur þessa máls sé of lítill, þá getur verið, að hv. 1. þm. Reykv. líti öðrum augum á það en ég, vegna þess að það á að leggja það í hendur stj. að hafa á hendi framkvæmd þess. Eins og kunnugt er, eru andstæðingar hv. þm. í stj. nú, og því skil ég þetta vel. Undirbúningur undir framkvæmd þessa máls hefir nú nokkur farið fram, en ég álít hann sannast að segja ekki svo ákaflega erfiðan eða mikilvægan, að það þurfi að valda neinum vandkvæðum, þótt ég játi, að undirbúningur sé til bóta í hverju einasta máli, en málið er nú satt að segja einfaldara en svo, að það þurfi að vísa því frá þinginu núna, ef menn aðeins treysta ríkisstj. til þess að fara ekki stærra af stað en svo, að þessi byrjun geti orðið myndarleg. Viðvíkjandi því að auka kennslu í garðyrkju við búnaðarskólana, fannst mér það eiga við, sem ég skaut fram í hjá hv. þm., hvers vegna væri verið að hafa sérstaka prestaskóla. Það mætti segja, að það mætti bæta við lýðskólana deild til kennslu í kristnum fræðum til þess að upplýsa menn í þessum efnum, ef það ætti ekki að búa menn sérstaklega undir það, sem menn hafa í hyggju að gera að lífsstarfi sínu. Þarna á einmitt að ala upp ég vil segja stétt til þess að stunda garðyrkju. Ég teldi það til ákaflega mikils gagns fyrir bændauppeldið, ef hver maður, sem færi á slíkan skóla, stundaði sérstaklega garðyrkjunám. Og það eru þegar nokkrir menn, sem hafa gert sér þetta að atvinnu, aðallega á hitasvæðunum. Ég sé því ekki annað, og ég er sannfærður um, að takist vel að hrinda þessu máli af stað, mun þetta koma að ákaflega miklu gagni, þegar fram í sækir, og miklu meira en menn gera sér grein fyrir. Ég vil því leggja á móti því, að þessu máli verði nú vísað frá, og legg til, að þessi rökstudda dagskrá, sem hv. 1. þm. Reykv. ber fram, verði felld. Ég held, að við höfum ekki ráð á því að kasta frá okkur því, ef við getum, að auka fjölbreytni framleiðslunnar í landinu, eins og kvartað er nú með réttu undan því, hve atvinnuvegirnir gangi illa. Ég hygg, að reynslan sé búin að sýna, að þetta sé unnt að reka með góðum árangri, ef búið er að vekja almennan áhuga á þessu. Ég er því á móti þessari dagskrá og teldi illa farið, ef þessu máli yrði frestað um ófyrirsjáanlegan tíma, og ég álít, að þetta yrði betra, því fyrr sem á því yrði byrjað.

***Pétur Magnússon:** Ég skrifaði undir álit landbn. um þetta mál með fyrirvara. Það, sem vakti fyrir mér með þeim fyrirvara, var raunverulega hið sama og komið hefir fram hjá hv. 1. þm. Reykv., og sem raunar var búið að koma fram áður í hv. Nd. Það er ómögulegt að neita því, að það liggur nærri, að kennsla í garðyrkju sé einmitt sett í samband við bændaskólana, þar sem ýms önnur kennsla fer fram í framkvæmd og vinnubrögðum í ýmsum jarðræktarmálum. Það nær ekki nokkurri átt, sem hv. 4. landsk. var að tala um, að sú kennsla, sem hér er um

að ræða, sé svo fjarskyld þeirri kennslu, sem fram fer í bændaskólunum, að það sé svipað eins og guðfræðideildin væri sett í samband við alþýðuskólana. Það, sem gerði það að verkum, að ég vildi ekki setja mig upp á móti þessu frv., var það, að *ég er ekki fjarri því* að halda, að skilyrði til þess að reka garðyrkjuskóla séu að öllu samanlögðu betri á þeim stað, sem hér er gert ráð fyrir, heldur en við bændaskólana. Það er beinlínis af því, að þar getur verið um ræktun bæði í heitri jörð og kaldri að ræða. Mér er það ljóst, að garðyrkjan þarf að fara í vöxt hér á landi, og það hefir margsinnis verið á það *bent*, hvílíkt hneyksli það væri, að árlega skuli vera fluttar inn kartöflur fyrir fleiri hundruð þúsund krónur, og það er vissulega fleira en kartöflur, sem við gætum ræktað hér til hagnaðar og ekki síður til búsþæginda til þess að bæta viðurværi fólks. T. d. hafa fram að þessu verið svo að segja óþekktar hér nema fáar káltegundir, þótt vitað sé nú, að fjöldi þrifst hér vel bæði *í heitri og kaldri mold*. Einnig er vitanlegt, að margar garðjurtir er hægt að rækta hér, sem ekki þrífast vel nema í hlýrri mold. Á þessum stað eru skilyrðin þannig, að þar er unnt að stunda garðyrkju bæði í hlýjum jarðvegi og köldum. Það er ekki ólíklegt, að menn myndu sækja þennan garðyrkjuskóla af tvennum ástæðum, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á. Annarsvegar *menn, sem ætluðu sér* að hafa það í hjáverkum að rækta ýmsar garðjurtir fyrir heimili sín, og hinsvegar menn, sem ætluðu að hafa atvinnu af því. Nú er það vitanlegt, að víða eru harla góð skilyrði til þess að rækta ýmsar garðjurtir í hlýrri mold, og það er sérstaklega með tilliti til þess og þeirra manna, sem kynnu að vilja hefjast handa um slíka ræktun í stórum stíl, að *ég hefi ekki* viljað setja mig á móti þessu frv. Náttúrlega verður maður að játa, að það er ekki annað en reynslan, sem sker úr um það, að hve miklu gagni þetta kemur í framtíðinni. Hitt verða menn þó að vera sammála um, að það er naumast vansalaust fyrir okkur, að ekki skuli vera annars kostur en að sækja menn til annara landa þar, sem á að rækta garðjurtir í *stórum stíl*. Maður verður að ætla, að ef slík kennsla kæmist á, yrði sú breyting á í þessu efni, að menn gætu fengið þá kunnáttu, að þeir yrðu hæfir til þess að stunda þessa atvinnu. Það hefir verið svo t. d. á stórbýlunum hér uppi í Mosfellssveit, þar sem garðrækt hefir verið rekin í stórum stíl, að þess hefir ekki verið kostur að fá innlenda menn, er hafi getað tekið þetta starf að sér. — Ég skal játa það með hv. 1. þm. Reykv., að það hefði verið mjög æskilegt, að fyllri áætlun hefði verið um þetta gerð. Ég býst þó við, að stofnkostnaðurinn við þetta geti ekki orðið mjög mikill, þar sem ríkið á þarna yfir landi að ráða, og þarna eru væntanlega nokkur mannvirki og áhöld, sem unnt yrði að nota einnig við þessa kennslu, og myndi þá verða til þess að lækka stofnkostnaðinn eitthvað. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að óttast, að kostnaðurinn af þessu verði svo risavaxinn, að ástæða *sé þess vegna til*, þar *sem um nauðsynjamál* er að ræða, að vera að setja sig á móti framgangi málsins.

*__Magnús Jónsson__: Ég býst við því, að þótt það sé e. t. v. hjátrú, að mjög fátt sé unnt að rækta hér á landi, þá verði Ísland seint verulegt garðyrkjuland, nema þá að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess, og að garðyrkjumannastétt í líkingu við það, sem er erlendis, verði seint til hér á landi. Hitt er eðlilegt, að þegar byrjað er á einhverjum hlut, þá séu sóttir sérfræðingar til að annast um þá. Ég býst við, að ef þessi skóli yrði settur upp, þá þyrfti að sækja útlendinga til þess að kenna þar. Það væri ekkert ólíklegt, að jafnóðum og komið væri upp stórum garðyrkjustöðvum, þá færu þangað þeir menn, sem hafa áhuga á þessum efnum, og við það koma af sjálfu sér menn, sem hafa mikla reynslu og þekkingu á þessum hlutum, og að af sjálfu sér verði hér til, án þess að kosta til þess sérstaklega, allmikill hópur manna til þess að vinna á þeim stöðvum, þar sem garðyrkja er rekin í stórum stíl. Hitt finnst mér meiri ástæða til, að útbreidd væri þekking og áhugi á því að rækta einföldustu nytjajurtir, t. d. kartöflur. En það vill svo sorglega til, að þessi staður, Reykir í Ölfusi, er eftir þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir, mjög óhentugur staður fyrir kartöflurækt. Það kemur því ekki vel heim hjá hv. 2. þm. Rang., þar sem hann segir, að Reykir séu mjög hentugur staður til þessa og hinsvegar, að það væri hin mesta nauðsyn að þurfa ekki að flytja inn kartöflur.

Annars vil ég út af ræðu hv. 4. landsk. segja það, að ég skil ekki almennilega, hvað hann átti við, þegar hann var að tala um, að ég vantreysti stj. til þess að undirbúa þetta mál. Ég sé satt að segja ekki, að það standi neitt um undirbúning í þessu frv. Það stendur aðeins „stofna skal garðyrkjuskóla“. Það er sama, hvað kemur upp í þeim athugunum, sem ríkisstj. kynni að gera eftir að þessi l. eru sett. Henni er sagt að setja upp svona skóla. Ég renni auðvitað í blindni í sjóinn um, hvað rekstur svona skóla mundi kosta, en ég get ímyndað mér, að talsverðan kostnað þurfi alltaf að leiða af honum. Ég býst við, að þar sem þarna er um ríkisskóla að ræða, þá mundi hann verða að taka á móti öllum þeim nemendum, sem sæktu um að komast í skólann, og kostnaðurinn fer þá vitanlega talsvert eftir því, hvað þeir verða margir á hverjum tíma. Það er sem sagt, að það hefir engin áætlun verið gerð um neitt viðvíkjandi þessum skóla, hvaða húsnæði þarf, hvað marga kennara þarf að hafa, eða neitt því um líkt. Ég verð að segja það, að ég álít ekki, að þetta sé svo aðkallandi, að það megi ekki bíða eitt ár, og leita sér frekari upplýsinga um þetta atriði. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um það, að vel mætti tengja guðfræðideildina við alþýðuskólana, þá vil ég segja það, að það er náttúrlega ekki fjarstæða að kenna kristinfræði við alþýðuskólana, en sérmenntun í guðfræði er ekki hægt að nema á þeim skólum, nema þá að koma upp sérstakri deild við þá skóla, en það verður vitanlega sérstakur skóli eftir sem áður. Það liggur frekar í augum uppi að taka önnur dæmi; t. d. *er hagfræði oft kennd í sambandi við lögfræði*. Ég get satt að segja ekki skilið, hvers vegna mönnum finnst það óeðlilegt, að kennsla í garð-

yrkju væri höfð í sambandi við búnaðarskólana. Ég veit ekki betur en við þá skóla sé kennt það, sem er alveg hliðstætt. Það er svo hliðstætt, að í l. um búnaðarskólana er beinlínis tekið fram, að það eigi að kenna jarðrækt. Ég veit hinsvegar ekki til, að það sé tekið fram í l. um barnaskóla og alþýðuskóla, að það eigi að kenna guðfræði. Og það hefir a. m. k. stundum verið svo, að búnaðarskólarnir hafa ekki verið sóttir svo mikið, að það væri ekki æskilegt að fá einhverja námsgrein, sem frekar ýtti undir menn að sækja þessa skóla. Og til þess að kenna mönnum almennt jarðrækt, á kennslan að fara fram á hliðstæðum stöðum, sem menn almennt hafa við að búa í landinu. Ég vil svo að endingu rétt benda á það í þessu sambandi, að þetta frv. kemur hálfilla heim við annað frv., sem liggur fyrir þinginu um stjórn Reykjatorfunnar, þar sem mér skilst það koma fram, að það sé talin nauðsyn að hrekja menn burt úr sumarbústöðum, af því að það sé hættulegt að hafa þá í nánd við berklafólkið, en svo á að fara að hrúga þarna upp fólki við skóla. Önnurhvor þessi röksemd hlýtur að vera röng. Mér virðist það satt að segja einstök fjarstæða að vera að koma með svona frv. á þessum tímum, þegar þarf stöðugt að vera að hækka skattana til þess að geta staðið í skilum á greiðslum ríkissjóðs á þeim lánum, sem fyrir eru.

Sem sagt ég vil láta fresta þessu máli fyrst um sinn og láta leita upplýsinga um málið. Mér finnst nógur tíminn, þegar eitthvað fer að greiðast úr vandræðunum, að fara þá að „flotta" sig með því að setja upp sérstakan skóla í þeirri fræðigrein, sem vel er hægt að bæta við skóla, sem fyrir er.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég get ekki látið með öllu ósvarað því, sem fram hefir komið í sambandi við þetta mál, sérstaklega í ræðu hv. 1. þm. Reykv. Fyrsta atriðið, að skilyrði séu ekki góð á Reykjum fyrir ræktun þeirra matjurta, sem nauðsynlegastar eru, eins og t. d. kartöflur. Ég álít, að þar sem slíkur skóli verður settur á stofn, eigi skilyrðin ekki að vera sérstaklega góð, heldur sé það heppilegt, að þau séu eins og gengur og gerist hér á landi. Hv. þm. talaði um, að hægt væri að kenna þetta án þess að hafa sérstakan skóla. Skýrsla, sem ég hefi um ræktun garðávaxta, segir allt annað. Hana er að finna í A-deild Alþt. 1935, bls. 845.

Það veitir sannarlega ekki af því að ýta undir garðræktina í landinu, meðan við flytjum inn garðávexti fyrir ½ millj. kr. En það er tilgangurinn með þessum skóla að ýta undir garðræktina meira en verið hefir, því að þessum málum hefir miðað allt of hægt áfram.

Það var minnzt á það áðan, að ekki lægi fyrir nein kostnaðaráætlun um þetta, og þess vegna væri allt í óvissu um það, hvað kostaði að koma skólanum á fót og reka hann, og hvað tekjuhallinn mundi verða mikill. Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á það, og öðrum, sem kynnu að vera á sömu skoðun og hann, að það fylgir grg. frv., eins og það var borið fram á þinginu 1935, og sú grg. er í A-deild Alþt. frá 1935, bls. 845. — Þar er ýtarlega gerð grein fyrir því, hvað kosti að koma skólanum upp og hvernig eigi að haga rekstri hans. Þar er gert ráð fyrir, að þeir lærðu garðyrkjufræðingar, sem nú annast garðyrkjuna á Reykjum og vermihúsin, annist þessa kennslu. Þess vegna verður ekki annar kostnaður við að koma skólanum upp en að byggja hús yfir nemendurna, ef ekki verður hægt að kaupa fyrir sanngjarnt verð hús af félagi, sem byggði austurfrá yfir börn, sem dvalið hafa þar að sumrinu. En félagið er nú hætt við að reka þetta hús og vill gjarnan selja það.

Það hefir verið bent á það, að garðræktina ætti að kenna á búnaðarskólunum, og þess vegna væri ekki þörf á sérstökum skóla. Ég hygg, að það sé flestum hv. alþm. kunnugt, að garðræktin er sérstök námsgrein, sem tekur, þó að hún sé tekin út af fyrir sig, 2 til 3 og upp í 4 ár að læra. Það er þess vegna alveg fráleitt, enda veit ég ekki til, að það sé nokkursstaðar gert, að kenna garðyrkjuna á þann hátt, að menn læri aðeins undirstöðuatriðin á bændaskóla, og svo ekki meir. Og það mun allsstaðar vera í nágrannalöndum okkar, eins og bent er á í grg. fyrir frv., þegar það var flutt á þinginu 1935, að það eru sérstakir garðyrkjuskólar, enda er þess full þörf, því að kennslu í þeim efnum verður ekki komið við í bændaskólunum, svo að nokkru verulegu gagni verði, a. m. k. ekki þeirri kennslu, sem ætlazt er til, að þeir njóti, sem stunda nám í þessum sérskólum.

Þá var það ein röksemdin á móti þessum skóla, að ekki væri viðeigandi að reka hann nálægt hæli fyrir menn, sem eru veikir eða hafa verið veikir. Það eru aðallega sendir á þetta hæli menn, sem eru eitthvað lasburða og eru útskrifaðir af berklahælum. Ég held því, að hv. 1. þm. Reykv. trúi varla mikið á þessa röksemdafærslu sjálfur, því að samkvæmt henni ætti að vera stórhætta fyrir starfsfólkið, sem annast þessa sjúklinga, en því hefir aldrei verið haldið fram í sambandi við Vífilsstaðahælið og Kristneshælið. Því síður ætti þessi röksemdafærsla að gilda hér, þar sem nemendunum er ætlað að búa í öðru húsi.

Þá minntist hv. þm. á, að það væri einkennilegt, að frv. væri komið fram einmitt núna, þegar erfitt væri í ári og vandræði steðjuðu að. Minntist hann í því sambandi á aflaleysið og till., sem fram er komin í hv. Nd. út af því. En ég álít, að einmitt þegar svona stendur á, sé sérstök þörf á því að auka þennan atvinnuveg, og ekki sízt, þegar að því er gætt, að auk þess sem við verðum að kaupa garðávexti fyrir allt að ½ millj. kr., er það upplýst, að við notum ekki nema ⅛ af grænmeti samanborið við það, sem ýmsar nágrannaþjóðir okkar nota.

35% af þeim garðávöxtum, sem við notum, kaupum við frá útlöndum, borgum fyrir þá peninga út úr landinu, í staðinn fyrir að skapa atvinnu við að rækta þá, og þó notum við ekki nema ⅛ af garðávöxtum í hlutfalli við nágrannaþjóðir okkar. Þess vegna er mikil þörf á þessum garðyrkjuskóla, ef hann gæti orðið til þess að efla garðræktina og ýta undir menn að nota meiri garðávexti heldur en verið hefir. Það er aldrei meiri þörf á því en einmitt nú, þegar kreppir að á öðrum sviðum.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Ég verð að taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, þó að það verði á nokkurn annan hátt. Hann sagði, að óheppilegt mundi vera að setja slíkan skóla á stað, þar sem ekki væru fyrir hendi skilyrði, sem menn almennt eiga við að búa. Þetta tel ég skynsamlegt. Nú er það vitanlegt, að skilyrðin til garðræktar eru nokkuð mismunandi eftir því, hvar er á landinu. Loftslagið á Norðurlandi og Suðurlandi er ákaflega ólíkt, og jarðvegurinn á Vesturlandi og Suðurlandi er ákaflega ólíkur. Ef ætti því að reyna að finna einhvern meðalveg og haga kennslunni með það fyrir augum, að nemendurnir gætu stundað garðrækt hver í sínu héraði, þá hygg ég, að væri óhjákvæmilegt, að slíkir skólar væru a. m. k. á Vestur-, Norður- og Suðurlandi.

Það er ekki til neins að halda því fram, að það sé heppilegt að hafa þennan skóla austur á Reykjum. Það er öllum vitanlegt, að jarðhiti er ekki til nema á einum bæ af hverjum fimm eða sex hundruðum, svo að sú kennsla, sem veitt er þar, sem jarðhitaskilyrði eru fyrir hendi, kemur því ekki að almennum notum. Þess vegna er ég á móti þessum skóla, og ég hygg, að eins og nú hagar til á Reykjum, geti þeir, sem búa við hitaskilyrði, fengið þar fræðslu. Þess vegna þarf ekki annan skóla heldur en búið, eins og það er rekið á Reykjum, því að þar má efalaust mikið læra, og þar er sá maður, sem getur kennt mönnum mikið.

En hitt er jafnvíst, að það getur orðið til stórskaða, ef menn læra garðrækt við önnur skilyrði en þau, sem þeir stunda garðrækt við síðar.

Ég hefi átt tal við bændur í mínu héraði einmitt nú, meðan stóð á búnaðarsambandsfundi, og þeir telja varhugavert og alls ekki rétt að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir. Þeir töldu réttara að byrja með því að veita bændum, sem hafa stundað garðrækt með góðum árangri á köldum stöðum, styrk til þess, að þeir gætu tekið nemendur og kennt þeim. Það er ég sannfærður um, að mundi verða happasælast fyrir aukna garðrækt í okkar landi. Þess vegna get ég ekki greitt þessu frv. atkv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Reykv. felld með 9:4 atkv.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 594).

42. Jarðakaup ríkisins.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um jarðakaup ríkisins (þmfrv., A. 267).

Á 41. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

__Flm. (Páll Zóphóníasson):__ Herra forseti! Á seinasta þingi var samþ. frv. um erfðaábúð og óðalsrétt. Og um það frv. var ekki mjög mikill ágreiningur. Mönnum var ljóst þá, að það var óheppilegt, að hver kynslóð verði orku sinni og striti til þess að kaupa jarðirnar, og ég hygg, að fjöldanum af hv. þm. hafi verið ljóst, að með því að festa jarðirnar í erfðaábúð, eða gera þær að ættaróðali, þá var skapaður möguleiki til þess, að nokkuð af því fé, sem undanfarið hefir farið í afborganir og vexti af jarðakaupalánum, færi í það að bæta jarðirnar og lífsskilyrði framtíðarkynslóðarinnar, og því væri það til bóta að samþ. frv.

Ég hygg líka, að flestum hv. þm. hafi þá orðið það ljóst, að með sölu jarðanna og jarðabraski fluttist fjármagnið úr sveitunum í kaupstaðina, og að það var allt annað en heppilegt fyrir gjaldgetu sveitarfélaganna og framtíð búskaparins þar.

Úr hvorutveggja þessu er nú bætt með þær jarðir, sem komast undir lögin um erfðaábúð og óðalsrétt. En þetta eru þó enn tiltölulega fáar jarðir. Það *opinbera* á um milli 700 og 800 jarðir. Af þeim eru allmargar embættismannabústaðir, og til þeirra ná lögin ekki. Það eru því milli 600—700 jarðir, sem vænta má, að erfðaábúðin nái til.

Á tæpum 400 jörðum, sem taldar eru í sjálfsábúð, mun ekki hvíla meira af fasteignaveðslánum en það, að þær geta þess vegna orðið að ættaróðulum. Hinar allar komast það ekki, og okkur, sem að þessu frv. stöndum, er þetta ljóst, og því viljum við með flutningi þess styðja að því, að *fleiri jarðir hverfi úr braskinu*, og að á fleiri jörðum geti skapazt þeir nýju möguleikar til framkvæmda, sem erfðaábúðin gerir ráð fyrir.

Að þessu leyti er þetta frv., sem hér liggur fyrir, mál framtíðarinnar. Það gerir ráð fyrir, að ríkið fái heimild til að kaupa jarðir og leigja þær á erfðafestu. En það er líka og jafnframt dægurmál, sem getur, ef að lögum verður, orðið til þess, að ýmsir þeir, sem nú hafa eignarhald á jörðunum, en geta ekki risið undir skuldunum, sem á þeim hvíla, geti þó *haldið áfram* að búa á þeim, og það undir nýjum skilyrðum, sem bæði eru þeim og þjóðfélaginu sem heild hagkvæmari.

Það munu nú vera um 1200 af þeim ca. 3200 jörðum, sem í sjálfsábúð eru taldar, sem á hvíla 90% af fasteignamatsverði jarðanna, og allar þær skuldir, sem þannig hvíla á jörðum, munu vera um 8 millj. kr. Þeir, sem á þessum jörðum búa, eiga mjög erfitt með að standa í skilum með afborganir og vexti af veðlánunum. Um 700 mann eiga enn óborgað af lánum sínum, og hjá þeim hefir verið krafizt sölu á jörðunum, verði ekki komin full skil fyrir 15. apríl. Það kann að vera, að hjá einhverjum stafi þetta af trassaskap, en hjá fjöldanum er það getuleysi, og á það vitanlega að nokkru leyti rót sína að rekja til þess harðæris, sem í tvö und-

anfarin ár hefir gengið yfir stóran hluta af landinu.

Þessum mönnum er frv. þessu ætlað að hjálpa, ef þeir vilja. Það er gert ráð fyrir, að ríkið geti tekið að sér skuldirnar eftir því, sem um semst við lánsstofnanirnar, og að því, sem fæst í afgjöld eftir þjóð- og kirkjujarðirnar, verði varið til að standa straum af afborgunum og lánunum á jörðunum, sem keyptar yrðu.

Segja má, að þetta geti ekki hjálpað öllum, og það er rétt. En þar við er það að athuga, og lítil líkindi eru til þess, að allir þeir 1200, sem eiga og búa á jörðum, sem meira hvílir á en 90% af fasteignamati, vilji selja þær.

Ég hefi athugað þetta nokkuð með því að lesa yfir, hvaða jarðir þetta eru, sem mest hvílir á, og athuga svo eftir mínum kunnugleika, hverjar líkur væru til, að þær yrðu boðnar ríkinu. Og ég sé að margar af þeim verða alls ekki boðnar ríkinu til kaups. Sumir vilja alls ekki selja því, og sízt fyrir það, sem frv. gefur fyrirheit um; aðrir mundu hafa kaupendur, sem biðu hærra, og enn margir, sem kljúfa mundu þrítugan hamarinn til þess að halda eignarréttinum og hafa von í hærri sölu síðar, og hafa þá ágóðann sjálfir, í stað þess að gefa framtíðinni hann með því að selja ríkinu. Ég býst því við, að verði þetta frv. að lögum, þá geti hvorttveggja orðið — mörgum af þeim, sem nú búa á jörðum, sem mikið hvílir á, og sem þeir sjá ekki fram á, að þeir geti búið á áfram, gert mögulegt að gera það, og miklu fleiri jörðum komið undir það ábúðarfyrirkomulag, sem þingið í fyrra var sammála um að telja bezt, en hægt var þá með lögunum um erfðaábúð og óðalsrétt.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn., að þessari umr. lokinni.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

***Jón Sigurðsson:** Það er nokkuð síðan hv. frsm. þessa máls flutti sína síðustu ræðu, og ég er búinn að týna einu og öðru af því, sem ég ætlaði að segja. Hann minntist á það, að það væru aðeins 300 jarðir á landinu í sjálfsábúð, sem gætu komið undir óðalsréttarlögin. Ég hefi ekki rannsakað þetta, en ég tek orð hans trúanleg um þetta, og sýnir þetta greinilega, hvernig haldið hefir verið á málefnum bænda í þessu efni. Það er gengið þannig frá þessu, að það eru aðeins 300 bændur á landinu, sem geta notfært sér þetta, enda þótt meiri hl. af bændum landsins séu sjálfseignarbændur. Ákvæðin í þessari löggjöf eru svo ströng, að það er aðeins þessi fámenni hópur, sem fellur undir þessa löggjöf; það er ekkert tekið tillit til þess, hvernig hag manna er komið að öðru leyti. Það er álitið sama, hvort skuldir viðkomandi bónda hvíla á jörð hans að öllu leyti eða aðeins að örlitlu leyti, og hann ber svo og svo mikið af lausum skuldum, sem gætu verið jafnþungbærar eða jafnvel þungbærari. Auk þess er þetta ekki aðeins komið undir skuldaupphæðinni, heldur líka dugnaði mannanna og ýmsu öðru, sem vitanlega getur komið til greina í þessu sambandi.

Þetta veit ég, að sjálfstæðismenn í n. reyndu að fá lagfært, en vegna andstöðu þessa hv. þm. og fleiri manna tókst það ekki, og ég veit, að þetta var gert með ráðnum hug til þess að útiloka sem allra flesta af sjálfseignarbændum frá því að geta komizt undir þessi ákvæði l. Nú hefir nokkur hl. n. flutt frv. um það að losa allmarga sjálfseignarbændur við jarðir sínar. Þetta er náttúrlega ekki annað en það, sem maður vissi fyrirfram, því að það, sem hér er að gerast, er í raun og veru aðeins einn liðurinn í þeim samningi, sem gerður var í tíð stjórnarmyndunarinnar. Markmiðið er að reyna að koma sem flestum jörðum í leiguliðaábúð og eign ríkisins. Annars tel ég það lítinn drengskap gagnvart íslenzkri bændastétt, að leggja slíkt kapp á að ná jörðunum af bændum, einmitt þegar verst gegnir. Ég hefði talið það meiri drengskap af hálfu þessara hv. þm., að þeir reyndu að styðja að því, að bændur yrðu þess megnugir að halda jörðum sínum, því að það er vitanlega sprottið af örðugum kringumstæðum og erfiðri fjárhagsafkomu, að þær óskir koma fram, að ríkið kaupi jarðir af sjálfseignarbændum. Það hefði vafalaust orðið töluverð leit að þeim sjálfseignarbændum, sem óskuðu eftir þessu á árunum 1927—1930, og þótt þessu verði komið í kring, þá er það víst, að jafnskjótt og hagur bænda kemst aftur í viðunanlegt horf, þá ris aftur upp ný alda um það frá þessum sömu mönnum að fá þessar sömu jarðir keyptar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að því er einu sinni þannig farið, að bændur óska fyrst og fremst eftir því að geta átt jarðir sínar sjálfir og ráðið yfir þeim. Yfirleitt finnst mér ekki verða vart við viðleitni hjá þessum mönnum, sem vilja koma jörðunum undir ríkið, til þess að styðja að bættri afkomu bænda, og yfirleitt finnst mér þeim svipa til ákvæðins stjórnmálaflokks, sem telur það sína stefnuskrá að eyðileggja allan atvinnurekstur til þess að geta komið sínum málum í framkvæmd. Hér er að vísu ekki gengið eins langt, en það er ekki hirt um það, þótt allt stefni meira og meira að því marki að fara í rústir. Auk þess er gengið út frá því að taka hér stóran sjóð, sem lögum samkvæmt á að hafa það hlutverk að láta vexti sína ganga til prestlaunasjóðs, og loks á að taka nokkuð af tekjum ræktunarsjóðs. Það er kunnugt, hvernig ástæður þess sjóðs eru; þær eru vissulega ekki svo glæsilegar, að heppilegt sé að skerða tekjur hans. Því að það er vitanlegt, að það er margt, eins og t. d. bygging á jörðum, sem bændum er knýjandi nauðsyn að koma í framkvæmd, en þeir geta ekki fengið lán til þess, nema helzt úr ræktunarsjóði. Hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, virðast hafa verið frekar einhliða í skoðunum sínum í þessum efnum. Þeir hafa ekki séð annað en það, að nauðsynlegt væri að koma jörðunum undir ríkið, en um hitt hafa þeir ekki viljað hugsa, að reyna að styðja að því að þær væru í sjálfsábúð, og að leiguliðar gætu fengið jarðir sínar keyptar; það virðist vera þeim þyrnir í augum.

Ég ætla ekki að fara út í einstakar gr. frv., þar sem þetta er 1. umr. En benda má á, að hér mun vera í uppsiglingu nýtt embætti, sem n. hugsar sér að stofna; er það ekki nema eðlilegt og í samræmi við annað. Það er sjálfsagt einhver, sem vantar feitan bita.

*Guðbrandur Ísberg: Það er e. t. v. ekki ástæða til að fjölyrða um þetta frv. þegar við þessa umr., en þó finnst mér rétt að fara um það nokkrum orðum. Hv. frsm. hefir nú gert grein fyrir því, hver væri tilgangurinn með flutningi þess. Í fyrsta lagi sem sé sá, að ná sem fyrst því fyrirkomulagi, að allar jarðir séu ríkiseign, og í annan stað að hjálpa þeim bændum, eins og hann orðaði það, sem erfiðast eiga nú, þeim bændum, sem skulda svo mikið út á jarðir sínar, að þeir rísa ekki undir því.

Sá tilgangur hv. flm., að ná öllum jarðeignum í landinu undir ríkið, er sannarlega ekki nýr, ekki heldur hér í þessari hv. d. Það hefir verið klifað á þessu þing eftir þing, og annar þeirra flokka, sem nú fara með völdin, sósíalistar, hafa fyrir löngu lýst yfir því sem sinni stefnu, að svona ætti þetta að verða. Mér var nú kunnugt, að hv. 2. þm. N.-M. hallaðist að þessari skoðun, en mér kemur það hinsvegar á óvart, að hv. þm. Mýr. skuli nú vera í þessari fylkingu, nema svo sé, að hitt atriðið, að koma nauðstöddum, skuldugum bændum til hjálpar, hafi glapið honum sýn og dregið hann til fylgis við málið, þó hann sé e. t. v. í hjarta sínu höfuðatriðinu mótfallinn.

Ég get tekið undir það með hv. 7. landsk., að mér finnst dálítið harkalegt að nota sér þá neyðaraðstöðu, sem margir bændur eru nú í, til þess að reyna að ná jörðunum af þeim. Því það er vitanlegt, að enginn bóndi, sem á þess kost að velja um að búa á sjálfseign eða leigujörð, kýs leiguábúðina. Hinsvegar má gera ráð fyrir, að margir bændur myndu nú grípa þetta tækifæri til þess að reyna að losna við jarðirnar. Það er nú svo, að þó þessi tilgangur sé að mínu áliti illur, þá er frv. þetta eins og það liggur fyrir e. t. v. ekki eins hættulegt eins og hefði mátt halda og e. t. v. er ætlazt til. Hv. þm. benti á það, að þrátt fyrir alla örðugleikana væri þó til nokkur eftirspurn eftir jörðum, þannig að einstakir menn mundu kaupa jarðir jafnvel hærra verði heldur en þær eru metnar að fasteignamati. Sem betur fer, er þetta rétt, en það gildir bara um þær jarðir, sem menn almennt telja sæmilegar ábúðarjarðir. Svo er hópur jarða, sem ekki mundu seljast nema fyrir neðan fasteignamat til einstaklinga, og það eru þá fyrst og fremst þessar jarðir, sem menn mundu vilja selja ríkinu. Þetta eru jarðir, sem ýmsar eru komnar að því að leggjast í eyði. Ég veit t. d. um eina jörð, sem búið er á góðu búi nú og bóndinn á skuldlausa, en hann getur ekki selt hana, þó hann af sérstökum ástæðum vilji og þurfi að komast í burtu. Það er búið að gera þarna talsverðar jarðabætur, en jörðin er afskekkt og mundi leggjast í eyði, ef bóndinn, sem þar er nú, flytti burtu. Það væri tilvalið að selja ríkissjóði þessa jörð og aðrar, sem svipað er ástatt um. En hverju ríkissjóður væri bættari að eiga þessa skika fram um allar heiðar, er mér ekki ljóst. Virðast þeir, sem að þessu máli standa, a. m. k. ekki telja ríkissjóð eiga svo erfitt, að hann geti ekki lagt fé í eitthvað, fyrst þeir telja honum mögulegt að kaupa slíkar jarðir, er eg nú lýsti. Að vísu er sagt hér, að ekki eigi að kaupa þær jarðir, sem hætta er á, að leggist í eyði í náinni framtíð. En hvað ætli menn fari að greina frá því, hvort mönnum þykir líklegt, að þær jarðir leggist í eyði, sem menn vilja selja ríkinu, og hvað vita þeir menn, sem jarðakaupunum eiga að stjórna hér í Reykjavík, um þetta? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Þeir vita, hvort jarðirnar eru komnar í eyði, en hvort þær eru á leiðinni að fara í eyði, um það verða þeir að hlíta umsögn manna úr viðkomandi sveit, sem varla mundu vilja spilla fyrir því, að nágrannar þeirra geti selt ríkinu jarðir sínar. Það er þannig útilokað með sumum ákvæðum frv., að ríkið geti eignazt aðrar jarðir en þær, sem fæstir einstaklingar vilja eiga, og má þá segja, að minni skaði sé, þó þær lendi í eign ríkisins fyrir það fé, sem menn vilja fyrir þær fórna.

Þetta er 1. umr. málsins, og vil ég því ekki fara út í einstakar gr. frv. Ég vil aðeins benda á, að það er rétt, sem hv. 7. landsk. hélt fram, að bændur eru nú einu sinni þannig gerðir, að þeir vilja heldur eiga sínar jarðir en vera leiguliðar, og þegar batnar í ári, er það víst, að ef bændur annars hafa með sér nokkurn félagsskap um þessa hluti, eru þeir þess megnugir að fá breytt þeim l., sem kunna að vera þeim til tjóns á þessu sviði. Svo ég er ekkert hræddur við það, þó svona löggjöf verði knúin í gegn. Hún er gagnslaus og heimskuleg og þeim einungis til háðungar, sem að henni standa.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

*Sigurður Kristjánsson: Það er kunnugt, að á þessu jarðakaupamáli var gerð skipun á síðasta þingi, en þetta er eitt af þeim málum, sem núv. stjórnarflokkar gerðu samning um, þegar sti. var síðast mynduð, á þann hátt, að þeir virðast hafa skuldbundið sig til þess að ná jarðeignum í landinu yfirleitt undir ríkið. Það er líka kunnugt, að út af þessu hafa risið miklar umr. víða úti um land, og eins í blöðunum. Sjálfstfl. hefir haldið því fram, að yfirleitt væri heppilegast, að jarðirnar séu í sjálfsábúð, og auk þess hafa margir haldið því fram, að það hefði stórkostlega þjóðfélagslega þýðingu að viðhalda óðalsrétti og sjálfsábúð á óðulum landsins, og helzt að auka sjálfsábúðina þannig, að hver maður eigi þá jörð, sem hann situr á og ræktar. Það er áreiðanlegt, að við þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál utan þings, og jafnvel á þingi, hefir það greinilega komið í ljós, að menn hallast mjög að sjálfsábúðarstefnunni, og má telja víst, að hún hafi þegar ger-

sigrað meðal bændastéttarinnar, og að það séu ekki nema fáir menn, sem hafa þann hugsunarhátt að vilja heldur vera leiguliðar en sjálfseignarbændur.

Það er áreiðanlegt, að Framsfl. hefir skilið, hvernig ástatt er í þessum efnum, og af þeirri ástæðu ætla ég, að það hafi verið, sem Framsfl. hér á þingi gekk mjög frá þessum samningi stjórnarflokkanna í framkvæmdinni, þegar hann gekk inn á frv. um óðalsrétt og erfðafestuábúð í fyrra. Það er líka minnisstætt, hvernig þá þaut í Alþfl.-skjánum, því að þm. þess flokks hér í þessari hv. d. vilja telja þetta samningsrof af hálfu bandalagsflokksins, og ég vil ekki alveg neita því, að það hafi nálgazt það. Nú er auðséð, að þessum draug er að aukast ásmegin, og hann er að ná gamla takinu fastara og fastara á þessum vesala bandalagsflokki, sem er líklega í andarslitrunum, því að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sýnir, að Framsfl. hefir ekki aðeins verið þvegður í þessu máli, heldur hefir hann verið svínbeygður.

Um einstakar gr. frv. skal ég ekki ræða að þessu sinni, af því að þetta er 1. umr. málsins, en þó vil ég víkja nokkuð að því, sem stendur í e-lið 4. gr. frv., sem sé því, að það skuli kaupa *jarðirnar yfirleitt fyrir það, sem á þeim hvílir.* Eins og kunnugt er, stendur svo á með landbúnaðinn eins og aðra atvinnuvegi, að hann hefir átt við mikla erfiðleika að stríða undanfarið, en það er öllum kunnugt, að þolleysi manna verður því meira í baslinu með atvinnurekstrinn, því fleiri ár sem hann er rekinn með tapi, og þegar búskapurinn gengur mjög illa, vilja fleiri selja jarðir sínar en í góðu árunum, en svo þegar betur borgar sig að reka búskap, þá vilja margir kaupa jarðir.

Þeir, sem vilja svipta menn yfirráðarétti jarðanna, eru því að bíta bakfiskinn úr íslenzkri bændastétt og koma henni undir þrældómshugsunarhátt sósíalista, því að þeir svíkjast aftan að mönnum á þeim tíma, sem bændurnir eru mest þvegðir af erfiðleikunum. Ég tel þetta bæði fávíslegt og miður drengilegt, og það er sýnilegt, hvaða hagnað bændur eiga að hafa af því að losna við jarðirnar, þegar þeir eiga aðallega að afhenda þær fyrir áhvílandi skuldir. Mér dettur í hug saga af Íslendingi einum í sambandi við þetta. Hann hafði varið öllum sínum eignum í að eignast taminn hvítabjörn, og ætlaði hann að gefa dýrið, en á leiðinni til þess, sem gjöfin var ætluð, varð hann fyrir því óhappi að skorta fóður handa dýrinu. Fór hann þá á fund ármanns konungs, sem var Sveinn konungur í Danmörku — en hann átti að fá dýrgripinn — til þess að fá keypta fæðu handa dýrinu, en ármaðurinn notaði sér vandræði Íslendingsins og heimtaði hálft dýrið að launum fyrir greiðann. Þegar konungur spurði ódrengskap trúnaðarmanns síns, fékk ármaðurinn að sjálfsögðu makleg málagjöld.

Þeim mönnum, sem ætla að nota sér illt árferði til þess að þvinga bændastéttina til að afsala sér sjálfseignarjörðum sínum, fer líkt og ármanni konungs. Bændurnir fá ekkert í staðinn fyrir jarðirnar, sem taka á af þeim. Þeir sitja sömu jörðina og áður með engan eyri í höndunum, þeir verða leiguliðar og hafa látið kúga sig til þess að bregðast skyldu sinni gagnvart eftirkomendum sínum og erfingjum.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi orð mín hafi nokkur áhrif á atkvgr. manna, en mér þykir rétt að láta skjalfesta þessa skoðun mína.

Ég tel rétt að mótmæla þessu frv., sem ég álít mesta gerræði, og ég vænti þess, að þegar við, sem erum á móti þessari jarðránsstefnu, komum skoðun okkar fyrir augu og eyru almennings í landinu, þá muni verða þungur róðurinn fyrir kommúnistana, hvort sem þeir eru í líki framsóknarmanna eða sósíalista, að koma sínu gerræði fram í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 15. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 267, n. 341 og 378).

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Eins og nál. þau, sem lögð hafa verið fram í þessu máli, bera með sér, hefir n. klofnað. Við, sem erum í meiri hl., hv. þm. Mýr., hv. þm. Hafnf. og ég, leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en minni hl. leggur til, að það verði felllt.

Það, sem gerir það að verkum, að við þrír leggjum til, að frv. verði samþykkt, er sérstaklega þrennt. Í fyrsta lagi er það, að við viljum láta sem flestar jarðir komast undir ákvæði laganna um erfðaábúð og óðalsrétt, sem gengið var frá á síðasta þingi. Okkur er öllum ljóst, að með því fyrirkomulagi fær bóndinn, sem á jörðinni býr, allt aðra og betri aðstöðu til að afla sér lífsþarfa og til að vinna að umbótum á jörðinni heldur en undir öllu öðru ábúðarfyrirkomulagi, sem þekkt er.

Hér á landi er það svo, að landverð allra jarða í sveit er milli 27 og 28 millj. kr., en landverð jarða, sem eru í sjálfsábúð, er í kringum 15 millj. kr. Ég hefi ekki aðgætt, hversu mikið verð allra húsa á sjálfsábúðarjörðunum er, en gera má ráð fyrir, að það sé að minnsta kosti eins mikið og landverðið. Þessar jarðir eru ailtaf verið hverju að skipta um eigendur, en ekki liggja gögn fyrir um, hversu oft það er; þó er óhætt að slá því föstu, að með hverri kynslóð skipti allar jarðir um eiganda, annaðhvort með sölu eða þá með arftöku. Sú kynslóð, sem við tekur, þarf þá oftast að verja miklu fé og löngum tíma — oft allri ævinni — til að endurborga jörðina. Svo tekur næsta kyn-

slóð við á sama hátt, og svona gengur það koll af kolli.

Ef aftur á móti erfðafestufyrirkomulagið kæmist á, mundi þetta hverfa, og í staðinn fyrir að þurfa að verja miklu af afrakstri búsins til afborgunar á jarðarverðinu, gæti bóndinn notað það fé til sinna lífsþarfa og til endurbóta á jörðinni.

Þetta er fyrsta ástæðan til þess, að ég vil láta sem flestar jarðir komast undir þetta ábúðarfyrirkomulag. Það liggur í hlutarins eðli, og ætti að vera öllum ljóst mál, að með þessu getur bóndinn búið betur í haginn fyrir sig og komandi kynslóðir en með því að vera stöðugt að rembast við að borga jörðina.

Í öðru lagi er það ljóst, að hin mikla sala, sem verið hefir á jörðum, hefir orðið til þess, að mikið fé hefir runnið úr sveitunum til kaupstaðanna. Ég geri ráð fyrir, að ekki þurfi að verja mörgum orðum til að útskýra það; það er svo alkunnugt, enda ekki skiptar skoðanir um það hér í háttv. deild í fyrra, þegar lögin um erfðaábúð og óðalsrétt voru samþ. Í lögum um erfðaábúð og óðalsrétt er lagður grundvöllurinn að því, að sá fjárflótti úr sveitunum stöðvist, hvað snertir þær jarðir eða verð þeirra jarða, sem byggðar verða eftir lögunum. Og með þessu frumv. er skapaður möguleiki til þess, að enn fleiri jarðir geti komizt undir erfðaábúðarfyrirkomulagið, og þar með verið teknar úr braskinu.

Þriðja meginstoðin, sem rennur undir þetta frumv. að áliti okkar meirihlutamanna, er sú, að nú er svo komið, að ekki er annað sýnna en að talsverður hl. af þeim bændum, sem nú búa á jörðunum, sem taldar eru í sjálfsábúð, geti ekki risið sjálfir undir þeim skuldum, sem á þeim hvíla, og jarðirnar verði því seldar undan þeim. Mundu þær lánsstofnanir, sem með hafa í jörðunum, verða þar fyrir töpum og skakkaföllum, en á lánsstofnununum ber ríkissjóður ábyrgð, og lentu töpin því á honum á endanum. Eina leiðin til þess, að menn þessir geti búið áfram á jörðunum, er að koma jörðunum undir þá ábúðarlöggjöf, sem er heildinni fyrir beztu, og hjálpa bændunum þar með til að búa á þeim áfram.

Þetta er þriðja ástæðan fyrir því, að við viljum láta samþ. frumv. óbreytt.

Til þess að sýna fram á þetta ofurlítið öðruvísi, skal ég nefna það, að nú búa 1200—1300 bændur á jörðum, sem svo há fasteignaveðslán hvíla á, að þeim væri beinn fjárhagslegur ávinningur að því, að jarðirnar væru keyptar eftir þessum lögum og þeir fengju þær byggðar í erfðaábúð.

Ég skal ennfremur geta þess, að nú eru í kringum 700 bændur, sem eiga eftir að borga af þessum fasteignaveðslánum fyrir síðasta ár, og er ekki annað sjáanlegt en að jarðir þeirra verði seldar, ef þeir geta ekki greitt. Það kann að vera, að þessi tala hafi breytzt, því að það er verið að smáborga þetta, en svona var það um mánaðamótin síðustu.

Það, sem hér er lagt til, er fyrst og fremst, að ríkið fái heimild til að kaupa jarðir. — Til þess að fá fé til þessara kaupa, leggjum við til, að til þessa sé varið afgjaldi af þjóð- og kirkjujörðum, svo og þeim jörðum, sem keyptar verða eftir þessu frv., ef að l. verður.

Það var vakið máls á því við 1. umr., og lögð á talsverð áherzla, hvort þetta væri hægt, því að afgjaldið af þessum jörðum ætti að renna til sérstakra sjóða, afgjald af þjóðjörðum til ræktunarsjóðs og afgjald af kirkjujörðum til prestlaunasjóðs. Ég skal benda á það, að þegar jarðræktarlögin voru sett, var leiguliðum á þessum jörðum leyft að vinna afgjöldin af sér í jarðabótum, en borga þau ekki í sjóðinn. Þannig var fé tekið úr sjóðunum. Það hefir verið svo, að bændur á þessum jörðum hafa unnið af sér alls um helming afgjaldsins. Hér er því ekki um neitt nýtt að ræða, þó að afgjöldunum sé kippt burt úr sjóðunum. Það hefir verið gert öll þau ár, sem jarðræktarlögin hafa staðið, án þess að nokkur hafi haft neitt við það að athuga.

Til þess að tryggja það, að ekki geti komið fyrir tilfelli eins og hv. þm. Ak. minntist á við 1. umr., að t. d. heiðarbóndi, sem vildi losna við kot sitt, sem væri að fara í eyði, gæti selt það ríkissjóði og þar með fengið sitt, látið jörðina fara í eyði og ríkið svo bíða skaðann, eru sett ákvæði í 4. gr. Þar er svo ákveðið, að ríkið megi ekki kaupa þær jarðir, sem horfur séu á, að verði fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar eða ef líkur eru til, að þær leggist í eyði í náinni framtíð af öðrum ástæðum. Í öðru lagi má ríkið ekki kaupa jarðir nema tryggt sé, að þær byggist eftir lögum frá síðasta þingi um erfðaábúð og óðalsrétt. Loks er í c-lið ákveðið, að kaupverðið skuli miðast við fasteignaveðslánin, er á jörðinni hvíla, og þó aldrei vera hærra en fasteignamatsverð. Þetta er sniðið við þær ca. 1200 jarðir, sem nú hvílir mest á, og sett til að reyna að hjálpa þeim, sem á þeim búa, að halda þeim og búa á þeim áfram. Þá er og gert ráð fyrir, að lög þessi gildi lengur en kreppan stendur, og því eru ákvæði í frv. um, að þegar búið er að hjálpa þeim bændum að halda jörðum sínum, þeim sem mest hvílir á, að ríkisstj. sé og heimilt að kaupa jarðir, enda þó að minna hvíli á þeim af fasteignaveðslánum en nemur sanngjörnu kaupverði þeirra, ef tekjur jarðakaupasjóðs hrökkva fyrir meiri jarðakaupum en bjóðast samkvæmt ákvæðum c-liðs 4. gr., en kaupverðið má aldrei fara fram úr fasteignamatsverði. Um þetta er svo reynt að búa eins vel og hægt er, svo ekki verði keyptar aðrar jarðir en þær, sem rétt og nauðsynlegt telst að kaupa til þess að hjálpa viðkomandi bændum til þess að búa áfram.

Þegar ríkið kaupir jarðir, er ætlazt til, að það taki að sér þau lán, sem á jörðunum hvíla, og í 8. gr. er gert ráð fyrir, að leigja megi jarðir, sem keyptar eru eftir þessum lögum, 1% hærra en getur í 2. gr. laga um erfðaábúð, á meðan á þeim hvíla fasteingaveðslán, sem eru svo há, að vextir þeirra eru hærri en nemur afgjaldinu, reiknuðu eftir þeim sömu lögum. Það er ekki gott að gera sér ljóst, hve miklum hluta þeirra bænda, er þyngst hafa veðlánin, er hægt að hjálpa til að búa áfram á jörðunum með þessu frv. Veðlán, sem á þeim jörðum

hvíla, sem bændur búa á, sem hefðu fjárhagslegan hagnað af að selja ríkissjóði eftir þessu frv., eru nú um 8 milljónir. Af sumum þeirra eru greiddir 4½—5% og 6% vextir og af öðrum enn hærra. En nú er ekki ætlazt til, að bændur greiði hærra en sem nemur 4% af fasteignaverði jarðanna í afgjald af þeim. Mismunurinn þarna á milli, þ. e. þess, sem bóndinn borgar, og hins, sem borga þarf af fasteignaveðslánunum, sem ríkið tæki að sér að standa undir með kaupunum, er ætlazt til, að greiddur sé með afgjaldi þjóð- og kirkjujarðanna, sem byggðar verða með erfðaábúð.

1932—1933 var greitt:

Eftir kirkjujarðir	kr.	15171,77
Eftir þjóðjarðir	—	29374,17
Unnið af sér með jarðabótum ...	—	43671,00
Alls	kr.	88216.94

1933—1934 var greitt:

Eftir kirkjujarðir	kr.	14786,30
Eftir þjóðjarðir	—	31982,70
Unnið af sér með jarðabótum ...	—	44091,00
Alls	kr.	90860,00

Í þessu eru ekki talin afgjöld þeirra kirkjujarða, sem metnar eru upp í prestslaun sem heimatekjur. Ekki heldur nokkurra annara, s. s. skólasetranna o. fl.

Athugi maður hinsvegar verð jarðanna, þá eru 539 kirkjujarðir metnar á kr. 2077600 og 215 þjóðjarðir á kr. 798300, eða alls á kr. 2875900, og eru 3% af því 86000.

Í þessu eru ekki hús né kúgildi. Matið, sem afgjaldið miðast við, virði því töluvert hærra, en aftur falla úr því prestssetur og fleiri jarðir, sem aldrei verða leigðar eftir lögunum. Það virðist því mega gera ráð fyrir, að sjóðurinn fengi 80—90 þús. kr. árlega.

Ég hefi áður nefnt, að um 8 millj. kr. í veðlánum hvíli samtals á þeim jörðum, sem svo mikið hvílir á, að bændum væri beinn hagnaður að selja. Væri vaxtamunurinn á veðlánunum og því, er bændur greiddu af jörðunum, 2% — en svo hár verður hann varla — væri hægt að kaupa jarðir fyrir 2—3 milljónir, en það eru milli 300 og 400 jarðir, eða af öðrum hverjum bónda, sem 1. apríl var í vanskilum með greiðslur af lánunum.

Við 1. umr. benti ég á, að margir mundu geta selt jarðir sínar hærra til annara, að aðrir mundu klífa þrítugan hamarinn til að halda eignarréttinum, og að allmargar þessar jarðir, sem bændur eru í vanskilum með, væru þannig settar, að ekki væri rétt að kaupa þær samkv. 4. gr.

Ég hygg því, að úr mundu falla það margar jarðir, að flestum, kannske öllum, sem vildu láta hjálpa sér á þennan hátt, væri hægt að hjálpa.

Við 1. umr. þessa máls var því haldið fram, að helzt liti út fyrir, að aðaltilgangurinn með frv. væri sá, að búa til bitling handa einhverjum stjórnargæðingnum, og mun þar hafa verið átt við ákvæði 7. gr. frv., þar sem ráðh. er heimilað að fela sérstökum manni umsjón með jarðakaupum ríkisins og eftirlit með þjóð- og kirkjujörðum. Hér er aðeins um heimild að ræða, sem ekki er víst, að verði notuð, en það fer eftir því, hve mikið af jörðum ríkisins fer í erfðaábúð. Og þó aldrei nema heimild þessi verði notuð, þá yrði það á engan hátt til þess að auka útgjöld frá því, sem nú er, hvað þetta snertir, því að eins og kunnugt er, þá annast hreppstjórar í flestum tilfellum innheimtu á afgjöldum þjóð- og kirkjujarða, og hafa vitanlega sín innheimtulaun fyrir það. Á tveim stöðum eru sérstakir umboðsmenn fyrir stærri svæði, og allir þessir menn fá nú í innheimtu meira en eins manns kaup. Reynslan mundi því verða sú, að það mundi síst verða greitt meira fyrir þetta eftirlit, þó að horfið yrði að því ráði að sameina það undir einn hatt, heldur en að láta hátt á annað hundrað manns hafa það með höndum, eins og nú er gert.

Með því, sem ég nú hefi sagt, hefi ég viljað skýra það, að höfuðástæðan, sem fyrir meiri hl. landbn. vakir með því að æskja þess, að frv. þetta nái fram að ganga, er sú, að koma fleiri jörðum undir bezta ábúðarfyrirkomulagið — erfðaábúðina, að fyrirbyggja fjárflutning úr sveitunum til kaupstaðanna gegnum jarðasöluna og að stuðla að því, að þeir, sem nú yrðu flæmdir frá jörðum sínum — eða a. m. k. álitlegur hópur þeirra — vegna þess að þær verða seldar undan þeim, gefist kostur á því að selja ríkinu og búa áfram á jörðunum, og þá undir miklu hagkvæmari kjörum fyrir þá en þeir áður hafa gert.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Á undanförnum þingum hefir oft verið mikið rætt um jarðir, eignir, ábúðarrétt á jörðum o. fl. Og á síðasta þingi voru afgreidd víðtæk lög um þetta efni með góðu samkomulagi Sjálfstfl. og Framsfl. Þegar hér var búið að afgr. þessi þýðingarmiklu lög um erfðaábúð og óðalsrétt, mun almennt hafa verið búizt við, að hlé yrði á meðferð þessara mála hjá þinginu, það vrði reynt að bíða eftir því, hvernig erfðaábúðar- og óðalsréttarlögin reyndust. Grundvöllurinn, sem þau lög eru byggð á, er sá, að það fari eftir frjálsu vali manna, hvort þeir eiga jarðir sínar eða komi þeim undir lögin um erfðaábúð. En nú kemur þetta frv., sem verður að teljast stórt atriði í þessu máli. Það, sem meiri og minni hl. landbn. sérstaklega greinir á um í þessu máli, er stórt stefnuatriði. Hv. frsm. meiri hl., 2. þm. N.-M., hefir um langt skeið flutt landslýðnum þá skoðun sína, að ríkið eigi að eiga jarðirnar, og að bændur hafi þær svo aftur á erfðaábúð. Það er því í samræmi við þá skoðun, að hann flutti frv. Ég lít aftur nokkuð á annan veg á þessi mál, því ég tel heppilegast, að allir bændur væru sjálfseignarbændur, ef þeir gætu verið það í raun og veru. En af því að það er nú einu sinni svo, að það er ekki hægt að öllu leyti, þá hefi ég gengið inn á að tryggja þá eftir getu og fylgt því, að sett væru lög um erfðaábúð.

Með því að slá því föstu, sem hv. frsm. meiri hl. hefir haldið fram, þá er því jafnframt slegið föstu, að eignarrétturinn sé einskis virði, og jafnframt er stefnt að því að gera einstaklingana sem mest háða ríkisvaldinu. En út í

þetta mun ég ekki fara frekar að sinni, en snúa mér að því, sem hv. frsm. meiri hl. taldi mest mæla með frv. Hann sagði, hv. þm., að það væru 1200—1300 jarðir á landinu, sem væru að mestu leyti í skuld. Þetta má vel vera rétt. Hann sagði ennfremur, hv. þm., að svo mjög væri á jarðir þessar hlaðið, að á þær yrði ekki bætt, og nú stæðu sakir þannig, að ekki væru núna í apríl nema 600—700 menn af eigendum þessara jarða búnir að greiða af lánum sínum í kreppulánasjóði. Væri því ekki um annað að ræða en að hið opinbera hlypi undir bagga með þessum nauðstöddu bændum, svo að þeir þyrftu ekki að hrökklast frá jörðum sínum. Hvað snertir okkur minnihlutamenn, þá teljum við þetta rangt. Við teljum ekki rétt að grípa tækifærið nú, þegar kreppan og illt árferði þjakar bændur, eins og nú á sér stað, til þess að svipta þá eignarrétti á jörðum sínum. Hér er ekki um almennt sjálfskaparviti að ræða fyrir bóndanum. Það ástand, sem fjárhagur þeirra er nú kominn í, á auk hins illa árferðis rætur sínar að rekja til misbeitingar hins opinbera valds á undanförnum árum.

Jarðaverðið mun jafnan verða hinn öruggasti mælikvarði fyrir því, hvernig menn líta á afkomumöguleika í sveitunum, en eins og kunnugt er, þá hefir verð jarða lækkað um 40—70% nú síðustu árin, þrátt fyrir allmiklar umbætur víða, og eru jarðirnar yfirleitt óseljanlegar. Það verður því að teljast mjög óheppilegur tími til að selja jarðirnar einmitt nú, þegar þær eru í þessu lága verði. Hinsvegar er það von allra, sem sveitaframleiðslunni unna, að jarðarverðið breytist nú næstu árin, vegna þess að atvinnuvegir sveitanna blómgist. Þá er það og engan veginn víst, að þeir, sem seldu jarðir sínar nú, myndu halda áfram að búa á þeim; gæti því farið svo, að þessi hjálp, að kaupa jarðirnar af bændunum, næði ekki tilgangi sínum.

Þá kem ég að því, sem á að vera aðalatriði þessa máls að því er snertir jarðakaupasjóðinn, en það eru þau ákvæði 4. gr. frv., þar sem það er tekið fram, að ekki verði keyptar þær jarðir, sem liggja undir skemmdum af völdum náttúrunnar, og yfirleitt engar þær jarðir, sem ekki er tryggt með, að byggist eftir lögum um erfðaábúð og óðalsrétt. Nú er það svo, að það getur alltaf verið álitamál, hvar eigi t. d. að draga merkjalínuna milli þess, hverjar jarðir séu afskekktar og hverjar ekki. Þá er það og heldur ekki tryggt, þó að maður vilji taka jörð í erfðaábúð, að hann vilji búa þar nema eitt ár, og fari því á næsta ári, eftir að hann tók jörðina. Mesta tryggingin fyrir því, að bændur búi rólegir á jörðunum, hefir jafnan verið sú, og mun jafnan verða sú, að þeir eigi jarðirnar sjálfir. Það er eignarrétturinn á ábýlunum, sem margir telja traustustu taugina, sem bindi þá við jörð sína og sveit.

Þá verð ég að segja það, að ég tel með öllu ófært að fara nú að taka af tekjum þeirra sjóða, sem gert er ráð fyrir í 11. gr. frv. Hvað ræktunarsjóðinn snertir, þá er hann nú í slíkum kröggum, að það má telja, að hann sé nær lokaður. Það nær því ekki nokkurri átt að fara að skerða hann frá því, sem hann er nú. Það ætti miklu frekar við, að hann væri aukinn, svo að hann gæti innt ætlunarverk sitt af hendi, eins og honum er ætlað.

Hvað prestlaunasjóðinn snertir, þá mun gegna nokkuð sama máli með hann. Hann mun sízt vera fær um, að af honum séu teknar þær tekjur, sem hér er ætlazt til, að af honum verði teknar.

Það mun nú eiga að vera aðalatriði þessa frv., að með því eigi að hjálpa bændum til þess að búa áfram á jörðum sínum. Hvort slíkra ráðstafana er þörf, fer vitanlega eftir því, hvernig lánsstofnununum er stjórnað. Verði þeim stjórnað á þann veg, að gengið verði miskunnarlaust að bændum og þeir flæmdir af jörðum sínum fyrir hin minnstu vanskil, getur slíkra ráðstafana sem þessara verið þörf, en ég verð nú að telja, að Alþingi hafi ráð á að koma í veg fyrir slíkt. Það hefir vitanlega í hendi sinni að láta lánsstofnanirnar ekki ganga að mönnum nema innan vissra takmarka, og það er mitt álit, að á meðan kreppan stendur, þá verði Alþingi að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem tryggi það, að menn verði ekki braktir af jörðunum sakir getuleysis að borga af þeim.

Í mínum augum verður það jafnan stærsta atriðið í þessu máli, að yfirráð jarðanna verði í höndum bændanna sjálfra, því að það er nú svo, að þó að í fljótu bragði séð geti ýmislegt verið, sem geri það girnilegra fyrir menn að búa á jörðum í erfðaábúð en sjálfsábúð, þá er það þó alltaf tryggt, að á meðan bóndinn á jörð sína sjálfur, þá er þó ekki hægt að skipta henni án samþykkis hans eða á annan hátt að þrengja kosti hans, eins og alltaf getur komið fyrir, ef eignarrétturinn er í höndum annara. Yfirráð jarðanna verða því alltaf viðkvæmasti punkturinn í þessum málum. Í því efni vil ég ekki ganga að því, sem frv. gerir ráð fyrir, að kaupa jarðirnar af bændum, þegar þær eru í lægsta verði og einstaklingarnir, sem á þeim búa, eru verst settir efnalega.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en vænti, að hv. þdm. sjái, að þessi afstaða okkar minni hl. landbn. til frv. er ekki sprottin af neinum öfgaskoðunum eða flokkaþrætu, heldur erum við mótfallnir frv. af því að stefna þess er mjög óheppileg, og af því að við teljum, að það þurfi að bugsa þetta mál vandlega, áður en Alþingi gengur inn á þá stefnu, sem það markar.

*__Pétur Ottesen:__ Ég hafði búizt við, að hv. frsm. meiri hl. fyndi ástæðu til að svara hv. frsm. minni hl., eftir að hann hafði haldið hina röggsamlegu ræðu sína, þar sem hann fletti svo gersamlega ofan af þeirri kórvillu, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., að það sé bændum til uppbyggingar og bjargar nú í kreppunni, að ríkisvaldið sé látið lokka frá þeim eignarhaldið á jörðunum.

En hv. frsm. meiri hl. hefir ekki fundið ástæðu til þess. Má vera, að það stafi af því, að hann þykist standa svo föstum fótum hér í þd. til að koma þessu máli fram, að hann þurfi ekki að eyða orðum að því. Það sé því

óhætt að reiða sig á þau bönd, sem sósialistar hafa reyrt að Framsfl. í þessu máli. Hann þykist vist mega treysta því, að ekki verði slakað á þeim helfjötrum, sem sósialistar eru nú, með atbeina Framsfl., að leggja á bændur til þess að kippa fótunum undan sjálfstæðum atvinnurekstri í sveitum þessa lands.

Að því er stefnu þessa frv. snertir, þá er það að segja, að hún miðar að því, að allar jarðir verði þjóðnýttar og að bændurnir verði ósjálfstæð leiguþý þess opinbera, hafi ekkert hjá sjálfum sér að taka, en verði að bugta sig og beygja fyrir valdi og ofríki sósialista í landinu. — Sumir voru orðnir svo barnalega bjartsýnir, að þeir voru farnir að ala þá von í brjósti, áður en þetta þing var sett, að Framsfl. myndi fá því framgengt, að slakað yrði á þessu atriði samningsins á milli Alþfl. og Framsfl. Þetta skilyrði samningsins, um að sett væru lög, er heimiluðu stj. að láta ríkissjóð kaupa jarðirnar af bændum, var eftir að uppfylla. Mér er persónulega kunnugt um, að ýmsir bændur í Framsfl., er voru sérstaklega óánægðir með þetta atriði í samningnum, voru nú farnir að hugga sig við það, að sú óhamingja, er af samningnum stafaði, mundi þó ekki renna sitt skeið á enda, ef frestur fengist á því, að þessu atriði yrði fullnægt.

En það er nú komið í ljós, að sósialistar hafa ekki linnt svipuhöggunum á baki þm. Framsfl., fyrr en þeir voru barðir til hlýðni um að fullnægja líka þessu atriði samningsins. Þegar leið á þingið og fylling tímans var komin, var þm. sýnt framan í þetta frv. Það var þá ekki heldur lítil gleidd á Alþýðublaðinu, málgagni sósialista, þann daginn, er þetta frv. var komið fram til fullnægju því atriði samningsins, sem þeim var svo mikið í mun að fá tekið í lög. Það var líka ekkert annað en upptugga úr Alþbl., sem hv. 2. þm. N.-M. flutti hér í sinni framsöguræðu, að með þessu frv. væri leystur allur vandi fyrir landbúnaðinn, þar sem nú á að skera á þá taug, sem seigust hefir reynzt og mikilvægust fyrir framfarir í íslenzkum landbúnaði. Framfarir í íslenzkum landbúnaði hafa aukizt í réttu hlutfalli við það, er fleiri og fleiri bændur í sveitum landsins hafa náð eignarhaldi á býlum sínum. Má rekja ferilinn þessu til sönnunar um allt land, og hvar sem vera skal, að samtímis því, sem jarðirnar hafa komizt í sjálfsábúð, hefir ræktun aukizt á jörðunum og húsin verið endurreist. Aðalundirstaðan að þróun landbúnaðarins á síðari tímum er sú, að jarðirnar kæmust í sjálfsábúð. En það er þessi þróun, sem nú á að stöðva. Og það níðingslegasta og í mínum augum andstyggilegasta í þessu máli er það, að nú á að nota það erfiðleikaástand, sem ríkir í sveitunum fyrir óáran í sauðfénu, örðugleika á sölu landbúnaðarafurða í markaðslöndunum, fádæma harðindi í sumum landshlutum — það á að nota sér þessa neyð bænda til að knýja fram þetta spellvirkismál. Og svo er því haldið fram, að þetta frv. sé björg fyrir bændastéttina.

Á tveimur síðastl. árum hefir mest borið á því, að fólkið hefir streymt úr sveitunum í kaupstaðina. Það hefir líka ýmislegt verið gert til þess að laða fólkið þangað, m. a. með því að halda uppi hámarkskauptaxta í kaupstöðunum og skapa fólkinu þar önnur friðindi, t. d. með atvinnubótavinnu, og nú á síðasta þingi með því að veita fé úr ríkissjóði og bæjarsjóðum kaupstaðanna til að greiða þeim, sem mynda þar atvinnuleysingjafélög, það er að segja, að með ákvæðum hinna nýju laga um atvinnuleysistryggingar, þá geta þessir menn fengið fé úr ríkissjóði og bæjarsjóðum gegn nokkrum framlögum frá þeim sjálfum í atvinnuleysissjóði þessara félaga.

Þar sem fólkið ber lítið úr býtum í sveitunum, hefir þetta þau áhrif þar, að fólkið hverfur í stríðum straumum úr sveitunum og leitar til kaupstaðanna. En einn allrasterkasti þátturinn, sem heldur aftur af þessu öfugstreymi, er einmitt það, hversu margir menn eru enn bundnir sjálfseignarböndum við býli sín. Þeir hafa setið kyrrir á jörðum sínum, af því að þeir báru svo mikla rækt til framkvæmda sinna þar og báru hlýjan hug til jarðarinnar og vildu klifa þrítugan hamarinn til þess, að synir þeirra og dætur gætu tekið við óðalinu af þeim. Þar að auki hafa sumir bændur setið kyrrir af því að þeir gátu ekki losnað við jarðir sínar. Af þessum ástæðum sitja margir bændur enn í sveitunum, og hafa ekki safnazt í atvinnuleysingjahópinn í kaupstöðunum.

Þannig er það á þessum erfiðleikatímum, sem nú standa yfir, að sjálfseignartilfinningin er sterkasti þátturinn í eðli sveitafólksins, sem stendur fastast á móti þeirri byltingu, er veldur því, að fólkið flýr úr sveitunum í kaupstaðina. Það er einmitt þessi þáttur, sem heldur lengst jafnvægi á milli sjávar og sveita. Með frv. er verið að skera á þennan þátt, til þess að tryggja það, að sveitunum haldi áfram að blæða til ólífis. Sú er stefna þessara herra, sem að frv. standa, og er það blátt áfram gerræði eða ósvífið tilræði við sveitabúskapinn í landinu. Og ég verð að segja, að mér þykir það hart, þegar þeir menn, sem telja sig forsvarsmenn landbúnaðarins og sveitanna, þegar þeir láta þrælbinda sig svo á höndum og fótum til fylgis við þá rótlausu stefnu eða stefnuleysi sósialistanna, að koma öllum jarðeignum og atvinnurekstri í landinu undir ríkið. Það er sannarlega hart, að slíkir menn skuli verða til þess að láta reyra sig fasta eins og þræla við þá óheillastefnu.

Það er augljóst, að nú á að reyna að fullkomna þetta verk; það er annað og meira en viðleitnin. Þetta sýnir bezt, hversu gersamlega framsóknarmenn eru máttlausir í sambúðinni við sósialistana, að þeir skuli hverfa svo vendilega frá þeirri braut, er þeir áður hafa fylgt gagnvart landbúnaðinum. Framsóknarmenn hafa oft talið sér það til gildis, að þeir hafi komið á stofn lánsstofnunum fyrir landbúnaðinn, t. d. ræktunarsjóði og byggingar- og landnámssjóði. Þessar lánsstofnanir hafa dyggilega stutt sjálfseignarstefnuna í landinu. Þær eru byggðar upp til þess að geta varðveitt og fært út á víðara svið sjálfsábúðina í sveitunum. En hún tryggir það bezt, að ræktun jarðarinnar og aðrar umbætur verði auknar og nýjar byggingar reistar

í sveitunum. Að þessu hafa ræktunarsjóður og byggingar- og landnámssjóður stuðlað með lánveitingum til bænda. Með þessu frv. á sýnilega að fullkomna þetta verk á þann hátt að ná eignarumráðum yfir jörðunum af bændum og koma þeim undir ríkið, en jafnframt er lagt til, að grafnar verði ræturnar undan þessum lánsstofnunum, sem komið var á fót fyrir nokkrum árum sem höfuðstoðum landbúnaðarins. Það er beinlínis lagt til í frv., að teknar verði af ræktunarsjóði þær tekjur, sem hann er stofnaður af, og notaðar til þess að kaupa jarðirnar af bændum handa ríkinu. Það er svo sem ekki verið að fikra við þetta, heldur á umsvifalaust að fullnægja þeirri stefnu, að allir bændur verði gerðir að leiguþjónum þrælavalds sósíalista.

Þetta er ein grimmúðlegasta árás á sjálfstæði landsins að því leyti, sem það byggist á sjálfstæðum landbúnaði; það er árás á sveitabúskapinn. — Að vísu má segja, að ekki sé farið í stórum stíl á stað, en hér er þó verið að grafa ræturnar undan ræktunarsjóðnum, og hálfnað er verk þegar hafið er. Það verður hægra að halda því áfram og leiða það til fullkomnunar. — Að því leyti, sem það er talið nauðsynlegt, að hlaupa undir baggann með þeim bændum, sem ekki hafa getað staðið í skilum við lánsstofnanir um vexti og afborganir af lánum sínum, þá lægi nær, ef nauðsyn rekur til, að gera það með þeim hætti, sem ekki miðar að því að skerða framtíðarmöguleika landbúnaðarins. Og þá t. d. með því að veita þeim styrki eða lán til þess að standa straum af skuldbindingum sínum án þess að skerða eða lama þá taug, sem þeim er dýrmætust — sjálfseignarskipulagið. — Ég býst við, að miðað við þær fjárhæðir, sem ríkissjóður veltir, þá sé hér ekki um svo óskaplegar upphæðir að ræða, er þurfi til að hjálpa bændum að standa straum af lánum sínum, að það geti talizt ókleift. Sem betur fer, þá er það ekki nema á einstökum svæðum á landinu, og þá helzt í þeim héruðum, þar sem harðindin hafa dunið yfir í vetur, að bændur hafa ekki getað staðið straum af skuldbindingum sínum við lánsstofnanir.

Ég verð að segja, að mér þykir það í meira lagi napurt, að einmitt fulltrúar þeirra kjördæma, sem eru á harðindasvæðinu, þar sem bændur hafa orðið harðast fyrir barðinu á óáran í sauðfé og þeim harðindum, er nú ganga yfir, sem hefir valdið bændum svo miklum fóðurbætiskaupum, að þeir þurfa að verja miklum hluta af bústofni sínum til greiðslu á fóðurbætinum — það er napurt, að fulltrúi af þessu svæði skuli nota sér þetta neyðarástand bændanna þar og beita sér fyrir því að vinna þau spellvirki, sem þessu frv. er ætlað að koma fram, en það er að svipta bændur möguleikunum til þess að reka sjálfseignarbúskap á jörðunum. — Það er gott fyrir þá góðu menn, sem hafa valið þennan fulltrúa á þing — ég sný mér aðallega að honum, hv. 2. þm. N.-M. — að hann skuli vera málsvari þessa óþokkaverks hér á Alþingi, því að það er hann, sem mest beitir sér fyrir því. Það er gott fyrir kjósendur hans að minnast þess, hversu giftusamlega þeim tókst, þegar þeir völdu hann sem fulltrúa sinn á Alþingi.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði þessa máls. Hv. frsm. minni hl. hefir gert það, en ég vil aðeins benda á það, eins og hann gerði líka, að það kemur nokkuð fram í þessu frv., að þeir, sem að því standa, eru hræddir um, að nokkur hætta geti stafað af því, þegar þannig er breytt til um eigendur þessara jarða, því að það sé ef til vill ekki hlaupið að því að byggja þær. Það er sett sem skilyrði fyrir því, að kaup geti orðið, að það sé tryggt, að hægt sé að byggja þær. Þarna er fyrsti óttinn að skjóta upp höfðinu. En það á að fyrirbyggja þetta með frv. Það er líka gert, en ekki af því, að það sé á valdi neinnar löggjafar að fyrirbyggja slíkt. Það er ekki hægt að gera það, því að þótt jörð sé byggð til lífstíðar, eins og gert er ráð fyrir, þá er ákvæði núgildandi ábúðarlaga þannig, að hver ábúandi getur sagt upp ábúð, hvenær sem hann vill; hann þarf aðeins að hafa gert það fyrir jól ár hvert. Ekkert bindur hann við jörðina, þó að eigandi jarðarinnar sé bundinn fyrir langa framtíð gagnvart ábúandanum. Ætli það væri ekki hætta á því, þegar þessar jarðir væru komnar í eign ríkisins, að þær losnuðu árið eftir, og ætli það gæti ekki komið fyrir, að það vantaði ábúanda á jarðirnar? Og hvar er tryggingin þá? Nei, höfuðtryggingin fyrir íslenzkan sveitabúskap er náttúrlega fólgin í því, að hægt sé að reka hann þannig, að hann beri sig, en það gerir hann helzt með því, að jarðirnar séu sem mest í sjálfsábúð. Og þegar þessu er sleppt, þá er, eins og ég sagði áðan, hætt við því, að þegar erfiðleikaástand er og allir eru orðnir leiguliðar, þá verði það ekki lengur sjálfsábúð, sem bindur þá lengur við íslenzkan sveitabúskap. Þetta tryggingaratriði, sem þarna er sett, er því alveg haldlaust; það getur brostið eftir eitt ár.

Ég verð að segja, að það er hastarlegt, að á sama tíma, sem þingið stuðlar að því, að sem flestir í kaupstöðum landsins hafi þak yfir höfuðið, er ráðið að því öllum árum, að bændur verði sviptir þessum sömu frumskilyrðum. Við sjáum áður en langt um líður, hvað ofan á verður um þetta mál, en eftir því, sem í pottinn er búið, og eftir þeirri reynslu, sem við höfum fengið af uppfyllingu á hverju einstöku atriði samnings þess, sem gerður var á milli Framsfl. og Alþfl. við stjórnarmyndunina, má ganga út frá því sem vísu, að þetta verk verði líka fullkomnað.

Samkvæmt þessu frv. skilst mér, að þeir, sem kynnu að verða til þess að taka þessar jarðir á leigu, ættu að borga 4% af landverði og húsverði á þessum jörðum, og er það 1% hærra en gert er ráð fyrir, að þeir borgi, sem fá jarðir ríkisins byggðar samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt, en nú skilst mér, að samkvæmt þessu ákvæði gæti vel farið svo, og mundi fara svo í sumum tilfellum, að nokkuð meira hvíli á jörðunum heldur en sem nemur þessu afgjaldi, og yrði þá ríkissjóður vitanlega að greiða mismuninn. En það er það, sem mér virðist hepnilegast, eins og ég tók fram áðan, að ríkið rétti fram höndina, eins og það hefir í

rauninni gert áður, til íslenzks landbúnaðar og hjálpi bændum, sem ekki geta innt af hendi þessar greiðslur, til þess að gera það í eitt eða tvö ár a. m. k., og sjá svo, hvernig skipast, því að það er engin hjálp í því að þykjast vera að rétta þeim höndina um leið og tekinn er af þeim sterkur möguleiki til þess að komast út úr erfiðleikunum.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég gerði það með vilja, hv. þm. Borgf., að biðja ekki strax um orðið á eftir hv. frsm. minni hl., því að ég vissi vel, að ég mundi geta svarað mörgu af því, sem þið báðir segðuð, í einu lagi, enda komu sömu mótbárurnar frá báðum gegn ýmsu af því, sem ég hafði sagt.

Hv. þm. Borgf. talaði mikið um það, að jafnaðarmenn hefðu svínbeygt okkur framsóknarmenn, og honum þykir það hart, þegar því gerræði er beitt gagnvart manni, sem telur sig forsvarsmann sveitanna, og hann er þrælbundinn bæði á höndum og fótum, eins og hv. þm. telur, að gert sé við mig. Ég heyri, að hv. þm. les yfirleitt heldur lítið, meira að segja búnaðarrit, því að síðan 1912 hefir hann á hverju ári getað séð greinar um þetta mál eftir mig, svo að böndin, sem jafnaðarmenn hafa lagt á mig, eru orðin æðigömul, og ég held, að hann ætti að skjóta geiri sínum að öðrum en mér og öðrum en Framsfl. yfirleitt, því að þetta hefir verið stefna hans um langt skeið, og í þessu sambandi vil ég biðja hv. þm. að taka eftir því, að ég benti á það í minni fyrstu ræðu, að jarðaverð þeirra jarða, sem eru í sjálfsábúð, er í kringum 15 millj. kr., og ég benti á það, að húsverðið mundi líklega vera hærra. Ég benti á það, að hver kynslóð þarf að kaupa þessar jarðir af annari. Ég skal ganga inn á það, að ef ekki eru oftar eigendaskipti en við arftöku eða kaup, þá skipta þessar jarðir um eigendur einu sinni á kynslóð, og ég sagði, að það yrði léttara fyrir hverja kynslóð, ef hún þyrfti ekki á hverjum 40 árum að borga jarðarverðið aftur og aftur. Segið þið mér þá, hvernig þið hugsið ykkur, að bóndanum sé auðveldara að kaupa jörðina í ár og borga hana svo næstu 40 ár, heldur en að taka jörðina á erfðafestu fyrir sig og sína ætt og borga 3%. Segið þið mér, hvor þarf meira að borga.

Ég skil það vel, að það eiga margir örðugt með að átta sig á því, sem er nýtt og hefir ekki verið reynt. Þessir hv. þm. hafa bitið það í sig, hvernig þetta hefir verið, og það er ekki undarlegt, þó að þeir menn, sem eiga margar jarðir og þykir vænt um þær, eigi bágt með að gera greinarmun á því, hvort maður hefir eignarhald á jörð eða hann hefir full yfirráð yfir henni að öllu leyti, eins og það er eftir ábúðarlögunum. Ég hélt þó, að sumir hv. þm. í þessari d. væru búnir að sjá, að munurinn er heldur lítill. Þessir hv. þm. leggja mikið upp úr því, að það sé illa gert að fara þannig með bændur, þegar kreppan þjakar þeim. Hv. þm. Borgf. taldi hana stafa af óáran í fénu, harðindum og slæmu tíðarfari, en hv. þm. A.-Húnv. áleit, að orsakanna væri að leita í misbeitingu á valdi hins opinbera. Þessir hv. þm. kvarta yfir því, að kreppan þrengi að bændum, en samt þykir þeim illa gert að reyna að hjálpa þeim.

Sannleikurinn er sá, að með þessu frv. er ekki verið að taka jarðirnar af neinum. Það er síður en svo. Mönnum er gefinn kostur á því að selja ríkinu þær, og í sambandi við það reyna báðir þessir hv. þm. að gera mikið úr því, að þó að það sé ákvæði í b-lið 4. gr. um það, að eiganda sé tryggt, að jörðin fari í erfðaábúð, þá sé ekki hætt við, að hún verði það lengi, en ef hún sé aftur á móti í sjálfsábúð áfram, þá muni hún verða það. Það er eins og hvorugur þessara hv. þm. hafi lesið c-liðinn, sem ákveður, að það megi aldrei kaupa jörð fyrir meira en á henni hvílir.

Hv. þm. Borgf. talaði um það, að ég hefði sagt, að allur vandi landbúnaðarins væri leystur, ef þetta frv. yrði samþ. En það er svo langt frá því, að mér hafi nokkurn tíma dottið slíkt í hug. Það eru vissulega fjölmörg vandamál eftir, þó að þetta frv. verði samþ.

Sömuleiðis benti ég á það í minni ræðu, að með þessu frv. væru jarðir teknar úr braski, og þess vegna væri minni hætta á því, að fjármagnið flyttist úr sveitunum í kaupstaðina heldur en ef þær gengju kaupum og sölum milli manna. Hvorugur hv. þm. úr minni hl. reyndi að andmæla þessu. Hvorugur þeirra reyndi heldur að benda á neina aðra leið til þess að hjálpa þeim bændum, sem nú er svo ástatt fyrir, að það er helzt útlit fyrir, að þeir missi jarðir sínar. Hv. þm. Borgf. sagði að vísu, að það mætti hjálpa þeim með því að veita ný lán. Því líkt bjargráð! Ætli þeir vildu ekki hlaupa undir það margir, sem geta ekki borgað af þeim lánum, sem nú hvíla á þeim, svo að hengingarólin snérist enn fastara að hálsinum á þeim? Það þarf að létta af bændum lánunum í stað þess að veita þeim ný lán.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði líka um það, að ef þetta væri tekið sem kreppuráðstöfun bændum til hjálpar, þá mætti finna ýmsar aðrar leiðir en þessar, en hann hefir ekki enn bent á þessar „ýmsar aðrar leiðir“. Hann verður líka að gæta þess, að þó að hann gæti fundið einhverjar aðrar leiðir, t. d. þá að veita bændum styrk, eins og hv. þm. Borgf. vildi láta gera, þá er ekki með því búið að létta neinu af bændum; það er ekki þar með búið að koma þeim í betra ábúðarfyrirkomulag, sem geri þeim mögulegt að lifa betra lífi á jörðunum, en það er gert fyrir þá, sem vilja nota sér þetta frv. og uppfylla þau skilyrði, sem 4. gr. getur um.

Með því, sem ég hefi nú sagt, hygg ég, að flestum mótbárum þessara tveggja hv. þm. sé svarað.

Það, sem hv. þm. Borgf. lagði mesta áherzluna á, var það, að þetta væri samningur milli flokkanna, og jafnaðarmenn væru búnir að svínbeygja okkur framsóknarmenn. Eins og ég hefi þegar sagt, þarf ekki að binda mig í þessu máli, en ég vil gjarna geta bundið hv. þm. og aðra góða menn til fylgis við þetta mál. Ég hefi talað við marga sjálfstæðismenn — þar á meðal kjósendur úr kjördæmum hv. þm. G.-K. og hv. 7. landsk. —, sem hafa litið svo á, að þetta

mál þyrfti endilega að leysa, hvað sem öðru líður. Ég þekki bændur úr Framsfl., sem eru með því, og aðra, sem eru á móti því, og ég þekki bændur úr Sjálfstfl., sem eru með því, og aðra, sem eru móti því. Það sýnir, að þetta er ekki flokksmál. Það fer eftir því, hvort þeir hafa vaxið upp í það að skilja, að erfðafestuábúð er eins góð fyrir bóndann, sem á henni býr, að því er snertir frjálsræði, og betri að því leyti, að með því þarf ekki stöðugt að vera að leysa út jarðarverð, svo að bóndinn hefir rýmri hendur til þess að búa í haginn fyrir sig og sína.

Hv. þm. Borgf. skal ég að lokum segja það, að ég er ekki hræddur við að sjá framan í mína kjósendur fyrir þessar sakir. Það er síður en svo. Það getur verið, að það sé eitt eða annað, sem þeir eru óánægðir við mig fyrir, en það er ekki fyrir þetta.

***Jón Sigurðsson:** Ég skal ekki fjölyrða um málið að þessu sinni, en samt get ég ekki komizt hjá því að víkja nokkrum orðum að því, vegna þess að þetta er fyrst og fremst merkilegt mál, og svo finnst mér vera um viss atriði að ræða, sem ekki hafa komið fyllilega fram í þessum umr. Ég ætla ekki að fara út í tölur, eins og hv. frsm. meiri hl. gerði, því að til þess hefi ég ekki nægileg gögn í höndunum. Ég get náttúrlega að svo stöddu ekki sagt um, á hve miklum rökum þessar tölur hv. frsm. eru reistar, en ég verð að segja, að því miður hefir það oft viljað vera svo, að tölur hans hafa reynzt óábyggilegar.

Við þessar umr. komu mér í hug gamlar endurminningar frá því, að ég var krakki. Ég heyrði talað um gamlan bónda, sem notaði sér neyð nágranna sins til þess að sölsa undir sig staðfestu hans. Ég heyrði engan minnast á þetta öðruvísi en með fyrirlitningu. Mér virðist hv. 2. þm. N.-M. fara líkt að eins og þessi bóndi. Nú, þegar bændur eiga við mestu örðugleika að stríða, þá sætir hann lagi til þess að reyna að ná frá þeim því, sem þeim er mörgum dýrmætast í eigu sinni. Og það er ekki svo að skilja, að þetta sé gert af umhyggju fyrir því að reyna að bjarga, sem hv. þm. þykist þó vera að gera, því að hvernig hefir það farið þegar reynt hefir verið að bjarga bændum? Ég man ekki betur en að þessi hv. þm. berðist með hnúum og hnefum á móti frv. um lækkun vaxta af fasteignalánum, sem ætla mætti, að bændur hefðu þó mjög mikla þörf fyrir.

Það væri drengilegra að létta undir með bændum heldur en að reyna að ná frá þeim staðfestu þeirra, á meðan þeir sjá enga aðra leið út úr ógöngunum. Ég tel hv. þm. sæmra að tala ekki mikið um það, að hann ætli að hjálpa bændum.

Hann talaði um það, að margir sjálfstæðismenn, þar á meðal í minu héraði, vildu selja jarðir sínar. Ég þekki suma þessa menn og veit, af hvaða ástæðum þeir óska að selja jarðir sínar. Það er vegna þess, að þeir eru nú búnir, m. a. vegna framkomu þessa hv. þm., að missa trúna á því, að þeir geti reist rönd við erfiðleikunum, og kjósa þá heldur að láta jarðir sínar fara til þess að geta setið kyrrir, af því að þeir sjá ekki aðra leið út úr ógöngunum. Fyrir öðrum er það þannig, að þeir hugsa sér að losa sig við jarðirnar, og munu því gera það við fyrsta tækifæri. Þeir eru orðnir þreyttir á einyrkjabúskapnum, sem þessi hv. þm. og fleiri lofa hástöfum, og vilja því losna frá honum. Þeir telja sig ekki hafa hag af því að búa.

Það var svo á hv. þm. að heyra, að þeim mönnum væri gert sérstaklega létt undir fæti, sem hlytu þetta hnoss. Þeir, sem leigðu, yrðu þá bústólpar og bjarg sveitanna, ef svo mætti segja. Að nokkru leyti varð ekki annað skilið en að mikið af vanda sveitanna leystist, ef þetta kæmist í kring. En það vill nú svo vel til, að við höfum haft leiguliðaábúð fyrr en nú, þar sem hið opinbera hefir haft umráð yfir jörðunum, og þær hafa verið byggðar með hinum ákjósanlegustu kjörum. Þær hafa verið byggðar með gamalli ábúðarveitingu, sem ekkert haggast þrátt fyrir verðlagsbreytingar. En hvernig er þá útkoman? Ég vil spyrja hv. þm. að því, hvort þessir menn hafa verið öðrum fremur bústólpar eða staðið í fylkingarbrjósti fyrir þeim umbótum, sem gerðar hafa verið í sveitum landsins. Mér er ekki kunnugt um það. Það getur verið, að hann þekki þess dæmi einhversstaðar á landinu, en í minu héraði hefir það ekki verið. Ég hygg, að það muni verða svo framvegis, eins og það hefir áður verið, og þó að hv. þm. sé að spá því, að það verði hér á breyt. við þessa nýju löggjöf, þá eru það aðeins gyllingar, sem hv. þm. er að varpa fram. Ég get þess vegna tekið undir það, sem hv. minni hl. landbn. segir, að hér er verið að vinna óhappaverk, sem áreiðanlega verður íslenzkum bændum til tjóns, þegar fram líða stundir.

***Pétur Ottesen:** Hv. 2. þm. N.-M. þótti ég hafa lítið lesið af því, sem skrifað hefði verið um landbúnaðarmál. Ég gerði strax þá afsökun, að ég hefði lítið lesið af því, sem hann hefði skrifað, sérstaklega upp á síðkastið, og ég ætla, að þetta eigi ekki eingöngu við mig, þegar miðað er við menn í bændastétt yfirleitt. Það skyldi nú ekki vera af þeim rótum runnið, skrifum hv. 2. þm. N.-M., að í frv. því til breyt. á jarðræktarlögunum, sem útbýtt var í dag, er það gert að skilyrði fyrir jarðræktarstyrk, að menn kaupi það tímarit, sem búnaðarfélag Íslands gefur út og kallað er Freyr. Það skyldi ekki vera svo komið, að skrif hv. þm. væru búin að kippa svo rótunum undan fjárhagslegu sjálfstæði þessa tímarits, að það verði að leggja þessa kvöð á þá, sem fá jarðræktarstyrk, að þeir kaupi þetta tímarit. En menn þurfa náttúrlega ekki að lesa það, eða a. m. k. munu menn hlaupa yfir þær greinar, sem P. Z. stendur undir.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, og yfirleitt mun ég minnast á fátt eitt af því, sem hv. þm. sagði, því hv. 7. landsk. hefir gert það svo rækilega. En það eru tvö atriði, sem ég ætla að minnast á. Það er ef til vill ekki tilviljun, að nú skuli fyrst lagt til að framkvæma þetta atriði í samningunum milli jafnaðarmanna og framsóknarmanna, og ef það

er ekki tilviljun, þá er það sönnun þess, að það hefir ekki þótt fýsilegt að bjóða íslenzkri bændastétt upp á þetta fyrr. En nú þegar harðindi og illt árferði og aðrir erfiðleikar steðja að, þá þykir kominn hinn rétti tíma til þess að sýna bændum framan í þennan ófögnuð. Það eru réttu orsakirnar fyrir því, að þetta atriði í samkomulaginu var ekki framkvæmt á fyrra helmingi sambúðartímabilsins. Þetta hefir verið dregið þangað til núna. Nú þykir fært að setja þessa spennu um háls íslenzkrar bændastéttar. Nú þykir nóg að þeim kreppt til þess að setja þá í þennan gapastokk. Þetta sýnir tilganginn, sem á bak við þetta er.

Hv. þm. talaði um það, að þeir, sem væru á annari skoðun, hefðu hlaupið framhjá einu atriði, og það væri flutningur fjármagnsins úr sveitunum og í kaupstaðina samfara sjálfseignarskipulaginu. Ég hefi bent á það, að grundvöllurinn undir því, að menn geti staðnæmzt í sveitunum, er það, að hægt sé að reka búskapinn þannig, að hann beri sig.

Ég hefi líka sýnt fram á, að sterkur þáttur í því, að þetta geti orðið, þó að fleiri komi þar til greina, er einmitt þetta sjálfsábúðarfyrirkomulag. En er nú girt fyrir það, þó farið sé inn á þá braut að gera alla að leiguliðum í landinu? Hvað verður um þau verðmæti, sem byggð hafa verið upp með íslenzkum sveitabúskap, ef jarðirnar leggjast í eyði og enginn býr á þeim og fólkið, sem þar hefir búið, flytur í burtu? Hvað skapar íslenzkri gróðurmold verðmæti? En ef afleiðingin af þessari breyt. verður sú, að svo og svo mikið af jörðunum leggst í eyði, sem annars mundi haldast í ábúð með því fyrirkomulagi, sem nú er, er þá girt fyrir fjárflóttann í kaupstaðina? Nei, það er ýtt undir hann.

***Ólafur Thors:** Það er ekki af því, að ég búist við að geta upplýst nokkuð um efnishlið málsins og ákvæði frv., sem flokksbræður mínir eru ekki búnir að segja, að ég kvaddi mér hljóðs, heldur af því að hv. frsm. meiri hl. ávarpaði mig sérstaklega í ræðu sinni, og hefir þar með gefið mér tilefni til aths.

Hv. þm. vildi halda því fram, að þetta mál væri ekki flokksmál, því það væru menn í Sjálfstfl., sem styddu það, en aðrir væru á móti því, og sama væri að segja um bændur í Framsfl. Ég get hugsað mér, eins og nú er komið högum bænda, að þá eigi þessi skoðun við einhver smávægileg rök að styðjast. Ég hygg, að það sé það sannleikskorn, sem fólst í þeim rökum, sem veldur því, að þetta frv. er borið fram, og ég hygg, að það sé það sama, sem veldur því, að við sjálfstæðismenn hér á þingi rísum upp til þess að andmæla þessu frv., sem sé það, að með þessu frv. er opnuð leið til þess að gefa útrás þeirri fyrirsát, sem verið hefir á vegi bænda vegna aðsteðjandi örðugleika, til þess að kasta af sér bagganum. Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að allir bændur innan Sjálfstfl. séu það framsýnir og glöggir á kjarna þessa máls, að þeir sem heild geti staðizt þessa fyrirsát. Ég veit, að sumir þeirra finna vissa tilhneigingu og freistingu til þess nú í örðugleikunum að varpa af sér hinum þungu áhyggjum og losna við jarðir sínar og hagnýta þá heimild, sem hér er opnuð fyrir ríkissjóðinn til þess að eignast þær. En ég er sannfærður um, að þó að fyrir þessa bændur kunni að vera viss freisting til þess að hagnýta þessa heimild, þá er það til niðurdreps fyrir framtíð íslenzkrar þjóðar og landbúnaðarins, að þessi freisting verði gerð svo rík, að hún valdi verulegum straumhvörfum í þessu efni frá því, sem nú er um eignarheimild jarðanna. Það er mín skoðun, eins og skoðun flokksbræðra minna, sem hér hafa talað, og raunar hinna, sem ekki hafa talað, að íslenzkum landbúnaði sé í framtíðinni miklu betur borgið með þeim hætti, að bændur séu sjálfseignarbændur heldur en leiguliðar, enda þótt vel megi viðurkenna, að erfðafestuábúðin er nokkur breyt. til bóta frá venjulegri leiguliðaábúð. En frá mínu sjónarmiði ekki svo, að það skipti neinu verulegu máli í þessu sambandi.

Ég veit, og það er leiðinlegt til þess að vita, að hv. 2. þm. N.-M. hefir farið varhluta af skilningi þess þáttar, sem ég hygg, að sé drýgstur og sterkastur í lyndisfari íslenzks bónda, og sá þáttur í hans skapgerð, sem sterkastan þátt hefir átt í því að forða honum frá freistingum, og þar af leiðandi sterkasta stoð íslenzks landbúnaðar, ástin til jarðarinnar og þess lands, sem hann á sjálfur og yrkir, — ég veit vel, að það má færa vissar líkur fyrir því, að það létti lífsbaráttu bóndans að mega verja afrakstrinum til þess að yrkja jörðina, í stað þess að nokkur hlutinn fari til greiðslu þess kaupverðs, sem hann verður að inna af hendi, ef hann kaupir jörð. Ég er sannfærður um, að þegar til lengdar lætur, þá er meðvitundin um sjálfseignina, ástin á óðalinu, hverjum íslenzkum bónda svo mikil stoð í lífsbaráttunni, að hún vegur upp þennan annmarka, sem verður að viðurkenna, að það er að þurfa að inna af hendi vissar greiðslur árlega, afborganir og vexti af kaupverði jarðarinnar. Þar til frádráttar kemur svo árleg leiga þeirrar jarðar, sem bóndinn ekki á, en situr sem leiguliði. Munurinn milli okkar og hans, milli okkar, sem hér höfum talað, og hans og þeirra, sem hugsa eins og hann hugsar, er sá, að hann leggur enga áherzlu á það og virðist engan skilning hafa á því, sem við teljum, að sé sterkasti þáttur í lundarfari íslenzks bónda og sú skoðun, sem hefir staðið undir hinni hörðu lífsbaráttu íslenzka bóndans hér á landi. Hann hefir engan skilning á þessu, og þess vegna talaði hann eins og hann talaði, með tölum, sem hafa að vísu sönnunargildi, en vega ekki á móti kjarna lífsins, sem hann ekki kom auga á. Um hitt, hvort hann getur talað djarft úr flokki og áfellzt menn eins og hv. þm. Borgf., hv. þm. A.-Húnv. og hv. 7. landsk. fyrir, að þeir kunni lítið og þekki lítið í þessu efni, þá vil ég ekki fara út í samanburð á honum og þeim. En um það sérstaka atriði vil ég leggja orð í belg, þegar hv. 2. þm. N.-M. staðhæfði, að þessir menn, sérstaklega hv. þm. Borgf., séu að vaða reyk og fara með staðlausa stafi, þegar þeir segja, að hér sé um að ræða stefnumál, sem kom fram

að svo miklu leyti, sem það kemur fram fyrir hönd Framsfl., sem nýr liður í þeirri ánauðarkeðju, sem Framsfl. var hengdur í undir valdstjórn sósialista.

Hv. 2. þm. N.-M. neitaði þessu og vítnaði í það, að hann hefði undanfarin 24 ár sí og æ verið að minnast á þetta í ræðu og riti. Ég verð að biðja hann velvirðingar á því, að það hefir farið eins fyrir mér og hv. þm. Borgf., að ég hefi of lítið lesið af því, sem hann hefir skrifað, og það kann að vera, að einmitt fyrir það, hvað lítið ég hefi lesið af því, þá sé ég að rökræða um þetta. Það má vel vera, að mér þætti það tilgangslaust, ef ég hefði mikið eftir hann lesið. En hvað sem hann hefir sjálfur álitið í þessu efni í 24 ár, þá þarf ég skammt að rekja aftur í *tímann til þess að benda honum á*, að flokkur sá, sem hann telst til, hefir haft aðra stefnu í þeim málum.

Ég lagði upp í fundaleiðangur ásamt fleirum 13. sept. 1928, og var förinni heitið austur í Vestur-Skaftafellssýslu til fundarhalda. Í þessari för voru fyrir utan þáverandi form. Sjálfstfl., *Jón heitinn Þorláksson, og nokkra aðra* sjálfstæðismenn, form. Alþfl., hv. 4. landsk. og núv. hæstv. atvmrh., og frá Framsfl. voru þeir hv. þm. Mýr., hv. þm. V.-Ísf. og núverandi form. Framsfl., hv. þm. S.-Þ.

Það bar svo við á fundinum, sem haldinn var á Sauðhúsvöllum undir Eyjafjöllum, að núverandi hæstv. atvmrh. varpaði fram þeirri hugmynd, sem að sumu leyti kemur fram í þessu frv., að það ákjósanlegasta væri, að ríkið ætti allar jarðirnar, og sjálfsábúðin ætti í raun inni að hverfa úr sögunni.

Næsti ræðumaður á eftir var núverandi form. Framsóknarfl., hv. þm. S.-Þ. Hann svaraði þessu þannig, að þegar vitleysan keyrði svo úr hófi, og öfundin færi að verða svo uppivöðslusöm í þjóðfélaginu, að jafnaðarmenn ætluðu að afnema óðalsrétt íslenzkra bænda, þá tökum við framsóknarmenn höndum saman við íhaldið, sagði hann. Þetta var hans skoðun í september 1928, og það eru ekki liðin nema 8 ár síðan. Ég hygg því, að það verði nokkuð örðugt fyrir hv. 2. þm. N.-M. að leiða rök að því, að í 24 ár hafi það verið stefna Framsfl. að afnema óðalsréttinn á Íslandi.

Mér þótti rétt að segja þetta við þessar umr., því mér finnst, að hann geti ekki djarflega úr flokki talað. Ég hygg, að við sjálfstæðismenn höfum almennt ástæðu til þess að segja honum það, að þessi stefna, sem kemur fram í þessu frv., sé nokkur hluti þess beiska kaleiks, sem Framsfl. hefir orðið að bergja í sambúðinni við sósialista, eða ef hv. þm. velur heldur þann kostinn, að skoðanabræður hans og þar á meðal formaður flokks hans hafi farið með blekkingar fyrir bændum og ekki þorað að segja þetta fyrr en fylling tímans kæmi, eða fyrr en þeim í skjóli blekkinganna hafði tekizt að leiða bændur það langt frá ást hins íslenzka bónda á moldinni, að þeir treystu sér til þess að láta sinn innri mann koma fram.

Ég læt hv. 2. þm. N.-M. velja um það, hvaða kost hann kýs flokksmönnum sínum til handa, hvað sem líður hans eigin fortíð í þessu máli.

Ég skal svo enda þessi orð mín með því, að ég ætla ekki að gera einstök atriði þessa máls að umtalsefni fyrir þær sakir, að flokksbræður mínir eru allir til samans og hver fyrir sig kunnugri þessu máli heldur en ég og hafa fært fram betri rök en ég að öðru leyti gæti komið fram með.

*__Jónas Guðmundsson:__ Mér þykir það næsta ójafn leikur, sem hér hefir verið leikinn, þar sem hv. 2. þm. N.-M. hefir verið einn til andsvara gegn mörgum ræðumönnum sjálfstæðismanna. Og þar sem ég sé, að hér er ekki viðstaddur sá fulltrúi Alþfl., sem er annar flm. að frv., þá þykir mér, að ekki megi undir höfuð leggjast, að Alþfl. eigi þó eina ræðu í málinu í þingtíðindunum, þar sem sérstaklega hefir verið veitzt að hv. 2. þm. N.-M. fyrir það, að hann flytti þetta mál sem sósialisti, og að Framsfl. fyrir það, að þetta væri einn af þeim hnútum, sem sósialistar væru að renna um háls hans, til marks um það, hvað hann væri þeim sérstaklega háður. Ég skal í fáum orðum segja mína skoðun á þessu máli. Ég álít, að þetta frv. sé til þess flutt og til þess ætlað að verða að lögum, að koma til móts við fjöldamargar óskir á undanförnum þingum, eða a. m. k. á þeim þingum, sem ég hefi setið á, sem legið hafa fyrir Alþingi. Á öllum þeim þingum, sem ég hefi verið á, hafa legið fyrir fjvn. margar beiðnir um kaup á *jörðum, og það af ýmsum ástæðum, og meira að* segja hefir einn þm. úr Sjálfstfl., hv. þm. V.-Sk., farið fram á það, að ég ætla öll þessi þing, að ríkið keypti 3—4 jarðir austur þar, sem liggja undir skemmdum. En hvers vegna? Fyrir tilverknað ríkisvaldsins segir hv. þm., að þessar jarðir liggi undir skemmdum. En ríkisstj. hefir ekkert fé með höndum til þess að kaupa þessar jarðir, og henni er ekki ætlað það. Vel mætti hugsa sér það, að ríkisstj. gæti, ef hún keypti þessar jarðir, komið í veg fyrir það, að þær skemmdust alveg. En hún hefir ekkert fé í höndum, nema henni sé veitt það í hvert skipti til kaupa á slíkum jörðum. Það liggja nú fyrir fjvn. tilboð um 7—8 stórar jarðeignir hér á Suðurlandsundirlendinu, sem að dómi kunnugra manna gætu vel verið þannig settar, að í framtíðinni mætti stofna þar mikinn og öruggan búskap, en það þarf þá einnig að leita ákveðinnar heimildar í þessu skyni. Þetta hefir verið gert, t. d. þegar sett var í fjárl. heimild til þess að kaupa biskupssetrið gamla, Skálholt. Það var gert þvert ofan í vilja sjálfstæðismanna, og var á ýmsan hátt farið um það mjög óviðurkvæmilegum orðum, bæði í þinginu og utan þings, þó vitanlega sé ekkert sjálfsagðara en það, að ríkið eignist þetta merka og fornfræga höfuðból landsins. Það tíðkast hjá öðrum þjóðum, að slíkir staðir eru í ríkiseign. Það ætti ekki að þurfa að sækja um það til þings á hverjum tíma að kaupa slíka staði. Hér með þessu frv. er ætlazt til, að ríkið kaupi þær jarðir, sem það fær, eftir skynsamlegum reglum, sem settar kunna að verða og settar eru hér í þessu frv. Hinsvegar er það vitanlegt, að stefna okkar sósialista í þessum málum er sú, að við teljum rétt, að ríkið eða þjóðin eign-

ist sjálf sem mest af jarðeignum í landinu, af því að það er böl, að hver kynslóð þurfi að kaupa jarðirnar af þeirri næstu á undan. Þetta hefir hv. 2. þm. N.-M. greinilega bent á, að það er þetta, sem orsakar marga þá röskun í hvaða þjóðfélagi sem er, og sem gott væri að komast hjá. Ég verð að taka undir með hv. 2. þm. N.-M. um það, að í öllum stjórnmálaflokkum, bæði Sjálfstfl. og Framsfl., þekki ég menn, sem eru þeirrar skoðunar, að það væri réttast, að ríkið ætti allar jarðir. Ég held, að þessi skoðun sé smátt og smátt að ryðja sér til rúms. Ég held, að það sé heppilegast, alveg eins og það er talið heppilegra, að eitt bæjarfélag eigi sjálft það land, sem það þarf að nota, heldur en að einstakir menn eigi það, en sú skoðun er nú orðin svo almenn, að það eru fáir, sem mæla því í gegn. Og þá vinnur líka sú skoðun smátt og smátt fylgi, að það sé betra, að þjóðfélagið sem heild eigi allar jarðeignir, og þeim sé á hverjum tíma skipt eins og atvinnuhættir hvers tíma krefjast. Þetta er skoðun okkar alþýðuflokksmanna sem stjórnmálaflokks, og þessi skoðun ryður sér óðfluga til rúms í öllum stjórnmálaflokkum. Ég er sannfærður um, þó að kannske enginn þm. Sjálfstfl. hafi þessa skoðun eða vilji kannast við hana opinberlega, þá er ég sannfærður um, að allir hv. þm. Sjálfstæðisfl. þekkja persónulega í sínum flokki einhverja, sem hafa þessa skoðun. Hv. þm. G.-K. talaði hér áðan, og hann sagði þá, að sterkasti þátturinn í lífi bændastéttarinnar væri sjálfseignarhvötin, og sveitabúskapurinn hlyti að byggjast á henni fyrst og fremst. Það kann vel að vera, að hann líti svo á, en ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það sé sterkasta hvöt bóndans, að hann eigi sjálfur jörðina, heldur sé það sterkasta hvöt hvers bónda, að hann geti í þeim atvinnurekstri haft sem bezta tryggingu fyrir sem beztri og öruggastri afkomu sinni og sinna, hvort sem hann á sjálfur fyrirtækið, sem hann hefir með höndum, eða jörðina, sem hann býr á, eða einhver annar á það, ef hann einungis getur notað afraksturinn af því. Ég álít, að sú bezta trygging, sem þjóðfélagið geti gefið þegnum sínum á hverjum tíma, sé öryggi fyrir afkomu hvers eins. En það er ekki nálægt því alltaf, að það fáist með því að vera sjálfseignarbóndi eða eiga sjálfur fyrirtækið, sem maður stjórnar. Ef svo væri, hvers vegna mundu þá svo margir sækjast eftir lágt launuðum föstum störfum? Það er af því, að í fasta starfinu finna menn dálítið öryggi. **(PHalld:** Sósialistar eru búnir að gera alla að skepnum). Menn hafa gert þetta frá öndverðu. Löngu áður en sósialistar komu, voru embættismannastörfin eftirsóttustu stöður þjóðfélagsins. Svona er það, að þetta er lífsins lögmál, að þegar menn finna öryggið í einhverjum hlut, vilja menn það heldur en eiga að nafninu til stórar jarðir. Menn finna, að í því er ekkert öryggi; það getur brugðizt til beggja vona. Hv. þm. Borgf. hefir sagt, að við viljum með þessu herða hnútinn að hálsi bænda. Mér hefir nú sýnzt, síðan þessir tveir rauðu flokkar tóku við völdum í þessu landi, þá hafi þeir gert allt annað en að herða hnútana að hálsi bænda. Ég veit ekki til, að nokkurntíma hafi verið eins mikið veitt til bænda eins og nú, og aldrei hefir verið veitt eins mikið fé til þess að gera tilraunir með að auka afurðasölu bænda og tryggja hana á allan hátt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins heimild fyrir ríkisstj. til þess að geta komið til móts við þær óskir, sem á hverjum tíma berast frá bændastétt landsins um, að ríkið kaupi jarðirnar, sem þeir á einn eða annan hátt geta ekki haldið, en vilja gjarnan búa á áfram, en yrðu að missa þær að öðrum kosti.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Hv. 7. landsk. var að tala um það, að mínar tölur væru oft óábyggilegar. Þetta hefir áður komið fram hér í þingi, en ég hefi aldrei svarað því neinu. Það er alltaf vitnað í þennan ágreining, sem varð milli Þóris á Hvanneyri og mín um það, hvað þyrfti að gefa kúm mikið. Ég byggði á reynslunni, en hann á útreikningum. Ég ætla ekki nú að gera neitt upp á milli okkar hvað þetta snertir, en við skulum bara bíða dálítið ennþá. Það er verið að rannsaka meltanlegleika töðunnar, og við skulum sjá, hvort þær niðurstöður geta ekki eitthvað skýrt þetta mál. Hv. þm. G.-K., sem raunar hefir af þeim hv. stjórnarandstæðingum hér í d., sem um þetta mál hafa talað, talað af langsamlega mestum skilningi, honum var ljóst, að það er betra fyrir bóndann sjálfan fjárhagslega að búa á jörð eftir óðalsréttarskipulaginu heldur en að þurfa að kaupa hana. En hann sagði jafnframt, að það lægi annar hlutur þarna á bak við, sem ég hefði ekki litið á, og hefði engan skilning á um, það væri ástin á landinu, sem myndaðist hjá bændunum við eignarréttinn. Ég skal ekkert fara að rannsaka hjörtu og nýru um það, hvor okkar hefir meiri þekkingu á aðstöðu bænda og meiri skilning á kjörum þeirra. En benda vil ég hv. þm. á það, að erfðaábúðin er nokkurnveginn það sama og eignarréttur. Eini munurinn er sá, og ég skil vel, að þessi hv. þm. sem kaupsýslumaður sjái þann mun í stóru ljósi; hann er sá, að erfðafesturétturinn gefur ekki rétt til að selja jarðirnar með stigandi verði, eins og eignarrétturinn. Erfðafesturétturinn veitir ekki þetta, en að öllu öðru veitir hann það sama og eignarréttinn. Og ef það er bara þessi gróðavon, von í hækkandi jarðarverði, sem gefur íslenzka bóndanum ást á landinu, þá blæs ég á þá ást, þá er hún einskis virði. Ef hún er ekki sprottin af öðru en því að geta selt jörðina eftir 10—20 ár og geta grætt eitthvað á henni, en ekki hitt, að menn ætli hana handa sínum ættmönnum, þá er þessi ást einskis virði **(JS:** Hvers vegna hamaðist hv. þm. móti óðalsréttarfrv. í fyrra?). Ég skal benda á það, að árið 1932 og aftur 1933 flutti hv. þm. S.-Þ. í Ed. frv. til l. um byggingu jarða, sem eru almannaeign. 10. gr. þess frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir afgjald þeirra jarða, sem byggðar eru eftir l. þessum, skal árlega kaupa jarðir, sem bjóðast, en þó aldrei fyrir hærra verð en fasteignamatsverð."

Þessi gr. nefnds frv. sýnir, að stefna form. Framsfl. er sú sama í þessu máli þegar á árinu

1932 eins og hún nú er. Þess vegna hygg ég, að ég fari með algerlega rétt mál, þegar ég sagði, að Framsfl. vildi vinna að framgangi þessa máls á þessum grundvelli, áður en hann myndaði stjórn með sósialistum. Hvort allur flokkurinn hefir viljað þetta, skal ég láta ósagt, og líka það, hvort allur flokkurinn vill það enn. Úti á meðal bænda er a. m. k. mikill ágreiningur um þetta án tillits til flokkaskipunar. Ég vil að lokum undirstrika það, sem ég áður hefi sagt, og benda sjálfstæðismönnum og þó einkum hv. 5. þm. Reykv. á það í tilefni af því, sem hann skaut hér fram í, að í l. um erfðaábúð og óðalsrétt, sem sett voru á síðasta þingi, er ákvæði um, að jarðir, sem byggðar eru í erfðaábúð, megi selja, séu þær gerðar að ættaróðali. Því er það, að svo framarlega, sem þeir hafa trú á þessu óðalsréttarfyrirkomulagi, og þegar þeir nú sjá, að ástandið er þannig, að jarðirnar verða teknar af mönnum, ef ekkert er gert, og hér er gerð tilraun til að reyna að bjarga þeim á þennan hátt, þá ber þeim skylda til að vera með frumv., svo mennirnir síðar geti byggt þær og gert að ættaróðali. Verði þeir það ekki, þá trúa þeir ekki á ættaróðulin og ábúð á þeim. En atkvgr. sýnir nú trú þeirra.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Það er orðið nokkuð áliðið kvöldsins til þess, að ég hafi löngun til að blanda mér of mikið inn í þessar umr. til að lengja þær meira en orðið er. Ég kvaddi mér hljóðs af litlu tilefni, sem hv. 6. landsk. gaf. Hann færði fram sem dæmi um það, hvað bændur væru áfjáðir í að selja jarðir sínar, jafnvel sjálfstæðismenn utan þings og innan, að 3 jarðir í Vestur-Skaftafellssýslu hafi verið boðnar ríkinu til kaups nú á undanförnum 2—3 þingum. En hv. þm., sem þessi orð talar, veit vel, að hér skýtur mjög skökku við. Það er engin hætta á því, að þessar jarðir hafi verið boðnar ríkinu til þess að losna við þær. Við, sem til þekkjum, vitum það, að ríkisvaldið var búið með framkvæmdum, sem það lét gera þarna, að gera það að verkum, að þessar jarðir lágu undir skemmdum og voru farnar að skemmast. Við þessu lá í rauninni einfalt ráð. Þessir eigendur áttu auðvitað kröfu á að fá árlega greiddar skaðabætur fyrir þetta tjón, sem ríkisvaldið hafði lagt þeim á herðar. En þeir töldu sér heppilegast, að ríkið tæki þessar jarðir, áður en þeir neyddust til að flæmast burt, og væru þá kannske búnir að missa meira eða minna af sinni áhöfn. Það varð að samkomulagi, að ríkisvaldið gekkst við þessu á þessum grundvelli. En ég þori að fullyrða, að þessum mönnum hefði ekki komið til hugar að fara að bjóða ríkinu jarðir sínar, ef þetta hefði ekki í skorizt. Það hefir ekki átt sér stað, að bændur gerðu mikið að slíku, en það er náttúrlega sennilegt, að það fari að eiga sér stað eftir þær aðgerðir, sem nú er verið að framkvæma og festa með löggjöfinni, og vafalaust síðar á öruggari hátt, til þess að ná þeim tilgangi, sem þetta frv. er sprottið af. Til þess að finna þessum orðum mínum stað verð ég að fara nokkrum orðum um frv. og það, sem komið hefir fram í málfærslu þeirra, sem stutt hafa frv. Mér virðist það í fyrsta lagi mjög einkennilegt eftir það, sem gerðist á síðasta þingi, þegar aðalflm. þessa máls og frsm. meiri hl. voru með því að setja það í l., að ríkið héldi aðeins áfram þeim jörðum, sem einhverja sérstöðu hefðu hvað ábúð snerti. En svo kemur fram á næsta þingi frá þessum sömu mönnum frv. um, að ríkið eigi að kaupa sem flestar jarðir. Í þessu tel ég hina mestu mótsögn. Það er enginn vafi á því, að þetta er fyrir áhrif frá sósialistum, og af engu öðru. Þetta kemur fram á þessu þingi sem nokkurskonar samkomulagsmál milli þessara flokka, til þess að þjóna báðum stefnunum. Það er víst, að með þessu frv. hafa framsóknarmenn sýnt og sannað, að þeirra stefna er orðin sú sama og sósialista, að ríkið eigi sem mest af jörðunum. Ég tel fyrir mitt leyti, að nokkuð sé fengið með þessu. Ég vissi ekki betur en allir frambjóðendur Framsfl. við síðustu kosningar hafi mótmælt því harðlega, að þeir ætluðu að fylgja sósialistum í þessu máli. Það er fullyrðing, sem ekki hefir við rök að styðjast, að bændur hafi ekki einungis lýst sig fylgjandi því, að jarðirnar væru seldar, heldur væru þeir búnir í fleiri ár að bjóða ríkinu jarðir sínar til kaups. Hér er verið að vitna til þess, að raddir hafi komið um það frá bændum úr öllum flokkum, að þeir vilji losna við jarðirnar á þennan hátt, en ég mótmæli, að svo sé. Mun þetta þann veg til komið, að nú þegar er svo komið, að bændur sjá, að ríkisvaldið ekki aðeins býðst til að kaupa, heldur setur sérstök l. um jarðakaup ríkisins, þá getur vel svo farið, að menn af öllum flokkum glæpist á að sinna því af þeirri höfuðástæðu, að bændur eru nú í því skuldaöngþveiti, að þeir sitja þar fastir, eins og fiskur í neti, og óttast það hlutskipti að flosna upp. Og það, sem einkum er deilt á flm. frv. fyrir, er að flytja það, þegar ástandið er þannig, og segja við bændurna: „Þið skuluð bara fara, áður en til þess kemur, að þið flosnið upp; við skulum kaupa af ykkur jarðirnar, en auðvitað ekki fyrir nema lágt verð.“ Þess vegna er það alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. og hv. 7. landsk. bentu á, að af þessu stafar aðalvoðinn, að örva bændur, þegar erfiðleikarnir eru mestir, til þess að víkja frá þeim skyldum, sem þeir fúsir vildu rækja, og freista þeirra þannig til að yfirgefa jarðirnar og gera ástandið á þann veg enn verra en það þyrfti að vera. Er það gamla sagan um freistinguna, og hefir því aldrei verið bót mælt að freista þess, sem illa er staddur og veikur á svellinu. Það mun vera gefið, að ríkisvaldinu takist á þennan veg að ginna bændur frá jörðum sínum, en hitt er efamál, hvort ríkið stenzt það áhlaup, sem á það verður gert, og hvort rétt sé að binda því þann bagga, að eiga allt á hættu, ekki aðeins stofnkostnaðinn, heldur einnig um að jarðirnar byggist, sem vitanlega verður á kostnað allra þjóðfélagsstétta.

Þó sú verði raunin á, að margir verði til þess að bjóða fram jarðir sínar, er víst, að margir gera það ófúsir. En fyrr eða seinna mun koma að því, að jarðirnar byggjast ekki, og er þá vafasamt, að það borgi sig fyrir það opinbera að yfirtaka skuldirnar, ekki betri tök en það hefir á því að bæta á sig greiðslum. Er þá einmitt

komið að því, að áhættan getur verið óútreiknanleg, þegar það hleðst ofan á, að jarðirnar ekki byggjast, og ríkið verður að borga skuldirnar, en situr með arðlausar jarðirnar. Ef fjölmargar jarðir fara í eyði fyrir þær sakir, að bændurnir flýja burtu af þeim, og hús og ræktun fara í rústir og flag, hvað verður þá um allar þær millj., sem búið er að leggja í þessar jarðir? Er öllu því fé á glæ varpað? Það er svo glæfralegt að leggja þetta allt á hættu, að það er algerlega óverjandi.

Ég sé ekki, að meðmælendur frv. hafi borið fram nein rök, sem gera glæsilegt, að málið gangi fram.

Hv. 6. landsk. vildi sýna fram á, að þó það opinbera keypti jarðir, sem því væru boðnar, þá þyrftu þær ekki að fara í eyði fyrir það; nefndi hann t. d. Skálholt. Ég hygg, að ekki hafi allir verið sammála um, að það hafi verið sérstaklega glæsileg kaup. Annars mætti fara nákvæmar út í það mál, ef það tæki tali að nefna það sem fyrirmynd.

Þá er það aðeins eitt atriði, sem hv. þm. talaði um, sem ég vildi minnast á, því aðrir hafa tekið flest þeirra til rækilegrar gagnrýni. Mér þótti það alleinkennileg setning, sem hv. þm. sagði, að allir hefðu viljað og vildu heldur vera starfsmenn þess opinbera en sjálfseignarbændur. En þetta er nýtt fyrirbrigði, þótt nú megi e. t. v. segja, að almenningur lifi í vonum þess að komast á launaspena ríkisins, og helzt það í hendur við meirihlutavald núverandi stjórnarflokka. Veit hv. 6. landsk. ekki meira í sögu en svo, að honum sé ókunnugt um, að áður vildu allir embættismenn þjóðarinnar jafnframt vera óðalsbændur. Þó þeir yrðu að sitja svo að segja á mölinni, gerðu þeir sér allir far um að eignast jarðaróðal, og þótti sín framtíð ekki sæmilega tryggð á annan veg.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Ég hafði helzt ekki ætlað mér að taka aftur til máls, vegna þess að mér ofbauð, að samherjar hv. 2. þm. N.-M. skyldu láta hann einan um að verja jafnóvinsælt mál og hér er til umr. En hv. 6. landsk. mun hafa runnið til rifja einstæðingsskapur hv. flm. og hefir nú tekið sig til og snúizt á sveif með honum. Og það var í tilefni af nokkrum atriðum, sem hv. 6. landsk. minntist á, sem ég kvaddi mér hljóðs, og skal ég nú víkja að þeim nokkru nánar.

Þau rök, sem hv. 6. landsk. taldi mæla sterkast með því, að heppilegast væri, að ríkið ætti allar jarðirnar, voru, að þá væri hægt að skipta þeim á hverjum tíma eftir því sem hentugast þætti. Hér kemur einmitt mjög skýrt fram það, sem vakað hefir fyrir sósíalistum, og mun eiga eftir að koma betur fram, að þegar svo er komið, standa menn varnarlausir gegn ríkisvaldinu, sem getur skipt jörðunum eftir því, sem því þóknast á hverjum tíma, og einnig breytt umráðaréttinum eins og því þóknast. Þetta er líka grundvallarpúnkturinn í þeirri stefnu, sem stendur að frv. En frá mínu sjónarmiði er ekki heppilegt að stefna að því að útrýma sjálfseignarbændum úr okkar landi. En með þessu frv. er stefnt að því að girða fyrir, að bændur geti orðið sjálfstæðir og óháðir ríkisvaldinu og gerðum þess á hverjum tíma.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði í síðari ræðu sinni, að það hefði verið ósamræmi í rökum hjá mér og hv. þm. Borgf.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ástæðan fyrir því, hvað ástandið í sveitunum væri nú slæmt, væri að kenna sjúkdómum í búfénaði og harðindum, en ég sagði, að þar væri um að kenna misbeitingu ríkisvaldsins. En hér er ekki um neitt ósamræmi að ræða. Höfuðástæðan fyrir því, hvernig komið er fyrir landbúnaðinum, er sú, að vegna misbeitingar ríkisvaldsins stóðu búin varnarlaus gegn þeim áföllum, sem hv. þm. Borgf. taldi upp. Ríkisvaldinu hefir sem sé verið beitt þannig, að fólkið hefir flúið sveitirnar meira en nokkru sinni áður, og fólkið, sem eftir stendur, er varnarlaust, ef nokkuð út af ber. En það þarf lengra mál en ég vil eyða nú til þess að sanna, að þessu er í raun og veru svo varið.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði um, að hver kynslóð þyrfti að kaupa jarðirnar, þá er það því aðeins rétt, að svo mikil viðskiptakreppa sé, að jarðirnar séu að öllu leyti í skuld. En þessi kenning er algerlega röng, ef svo skipast aftur, eins og var á tímabili, að bændur eignuðust meiri eða minni hl. í jörðum sínum, sem svo gekk að erfðum til næsta viðtakanda. Og ef svo gengi í nokkra liði, er alveg rangt, að hver kynslóð þurfi að kaupa af annari. Þá er athugandi í þessu sambandi það, sem hv. 2. þm. N.-M. hélt fram, að landverð allra jarða á landinu, sem þessum lögum er ætlað að ná til, væri 15 millj. kr. og húsaverð aðrar 15 millj. kr., eða samtals 30 millj. kr., sem hver kynslóð þyrfti að borga. Hér er atriði, sem vert er að athuga. Hvernig er varið getu ríkissjóðs til þess að kaupa allar þessar eignir? Ég sé ekki, að þetta geti orðið á annan hátt en þann að auka skuldir ríkissjóðs smátt og smátt um sömu upphæð.

Þá er annað atriði, sem æskilegt væri, að hv. þm. gerði grein fyrir. Það er, hvernig er um getu kaupstaðanna til þess að taka á móti því fólki, sem stöðugt flýr sveitirnar, þar sem auðséð er, að með þessari stefnu muni sá straumur aukast. Ég benti um daginn á, að á síðustu 9 árum hefði a. m. k. 10 þús. manns flutt úr sveitunum til kaupstaða og kauptúna, og að þar væri ekki sú þörf fyrir það, að vinna þess kæmi að því gagni, sem svaraði tapi sveitanna. Allt ber þetta að sama marki, að ekki gengur lengur, nema komið sé á samræmi milli afurðaverðs og vinnu. Það er alveg rétt, sem hv. 6. landsk. sagði, að um hverja launastöðu sækir fjöldi manna. Þetta er vitanlega vegna þess ósamræmis, sem er á tekjum þess, sem framleiðir, og þess, sem er á föstum launum. Og á þennan hátt, að hafa launastöðurnar miklu glæsilegri en framleiðsluna, er fólkið beinlínis ginnt frá framleiðslunni, og það svo gífurlega, að þjóðfélaginu er voði búinn, ef svo heldur áfram sem undanfarandi ár.

Að því er snertir styrki þá, sem hv. þm. var að tala um, er því til að svara, að það dugir engin styrkjapólitík, ef grundvöllurinn er ekki réttur. Sú úrlausn er því stefna í öfuga átt.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að landbúnaðinum yrði ekki bjargað með nýjum lánum, heldur þyrfti

að létta lánunum af. En hvað var verið að gera með kreppulánasjóðnum? Var ekki verið að létta lánum af? En allar þær ráðstafanir dugðu ekki af þeim orsökum, sem ég hefi áður vikið að, að það er annað, sem hefir dregið atvinnuveginn niður. Það duga engin lán og engin styrkjapólitík, ef eins á að ginna menn inn í launastöðurnar og gert hefir verið.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að ef sú hugsun bænda, að vilja eignast jarðirnar, væri eingöngu bundin við von um hag af verðhækkun, þá mundi hann aðeins blása á þá hugsun. Þess vegna vill hann koma þessari hugsjón sinni fram nú, meðan kreppan stendur sem hæst. Því þó jarðir séu nú í svo lágu verði, að allar umbætur séu eigendum þeirra tapaðar vegna verðfalls, er ekki loku fyrir skotið, að búskapur blómgist svo, að bændur fái laun fyrir sína vinnu og sínar umbætur. Þá geta komið þeir tímar, að margur sæi eftir að hafa ginið við þeirri flugu, sem hér er verið að renna fyrir þá.

Ég ætla ekki að taka fleiri atriði, eða fara út fyrir það mál, sem hér er um að ræða, þó hv. 6. landsk. gæfi ástæðu til þess, því ætti að fara að ræða hér um þau atriði, sem hann minntist á, mundi það endast í alla nótt, og jafnvel morgundaginn líka.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Ég fylgdi málinu með nokkrum orðum til n. og skal ekki endurtaka þau hér. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka minni hl. landbn. fyrir þá skilmerkilegu grein, sem hann hefir gert fyrir því, að frv. stefnir til stórskemmda fyrir landbúnaðinn. En þó kvaddi ég mér ekki hljóðs til þess eins, heldur út af nokkrum orðum, sem féllu hjá hv. 6. landsk., en nú er að miklu leyti búið að svara.

Um hv. 6. landsk. er það að segja, eins og allir hv. þm. vita, að hann er greinagóður maður, og þó að hann lýsti sínu viðhorfi til málsins, er öllu viðkunnanlegra að heyra hann mæla með þeirri stefnu heldur en bandingjana úr hinum flokknum. En hann sagði nokkuð mikið, að aldrei hefði verið gert meira fyrir bændur en síðan núverandi flokkar fengu meiri hl. á þingi. Taldi hv. þm., að sú löggjöf, sem sett hefir verið til hjálpar bændastéttinni, væri sérstaklega vel lukkuð. Það er sjálfsagt hægt að leggja misjafnan skilning í, hvað sé vel lukkað, ef það er frá sjónarmiði sósialistanna vel lukkað, að bændurnir missi svo fótanna, að þeir og allur landslýðurinn verði algerlega háðir duttlungum þeirra, sem með völdin fara. En frá sjónarmiði okkar, sem viljum helzt vera sjálfstætt fólk, bæði í sveit og til sjávarbyggðar, þá er þetta mjög illa lukkað. Í þessu sambandi minntist hv. þm. á kjötsölulögin og mjólkursölulögin. Ég vil nú aftur á móti spyrja hann um það, hvað hann hafi því til sönnunar, að gert hafi verið mjög mikið fyrir bændur, og að það hafi vel tekizt. Er það svo, að bændur uni hag sínum betur og ástæður þeirra séu rýmri og framtíð þeirra bjartari heldur en var áður en núverandi stjórnarflokkar byrjuðu að ráðska í þessu landi? Mér skilst, að úr þeim flokkum sé öðrum þræði æðimikið prédikað, hvað ósjálfbjarga menn séu nú í sveitum, hvað mikils styrks þeir þurfi með og hversu gersamlega þeir séu þess ómegnugir orðnir að sjá fyrir sínum eigin hag. Ber þetta vott um, að það hafi verið svo sérstaklega vel lukkað, sem stjórnarflokkarnir hafa gert fyrir bændastétt landsins? Ég held það beri vott um það gagnstæða. Síðan áhrifa þessara flokka fór að gæta í stjórnmálum landsins, sem er allt síðan 1927, að sjálfstæðismenn hættu að hafa stj. og þingmeirihluta, þá hafa áhrif þessara flokka verið ráðandi yfir atvinnurekendum þessa lands. En þetta tímabil allt saman hefir verið það mesta hrakfalla og hörmungatímabil, ekki aðeins fyrir menn, sem reka atvinnu við sjávarsíðuna, heldur líka fyrir þá, sem í sveitum landsins búa. Og það sýnir vel, hversu tekizt hefir þessum flokkum að vinna fyrir bændastétt landsins. Það hefir verið vel lukkað á þann hátt ekki aðeins að kippa undan þeim fótum fjárhagslega, heldur líka bita úr þeim kjarkinn og sjálfstæðið og þar með girða fyrir, eftir því sem unnt er, að þeir geti rétt við, þó að árferði skáni.

Ég vil ekki eyða tíma í að fara sérstaklega út út í þessa löggjöf um kjötsölu og mjólkursölu. Það er vitanlegt, að með kjötlögunum er tekinn af bændum umráðaréttur yfir þeirra vörum, þeir hnepptir í einskonar verzlunaránauð í viðbót við þá, sem áður var, svo að allt stefnir að því, að þeir verði að afhenda sína framleiðslu án þess að ráða nokkru yfir henni, og þeir eru bundnir við að verzla í skuldaverzlun þar, sem aðstaða þeirra neyðir þá til að setjast að með afurðasöluna. Áður voru þeir þó frjálsir að því, hvar þeir slátruðu, fyrir hvað þeir seldu, og líka frjálsir að kaupa fyrir andvirði afurða sinna. Um mjólkursöluna er sama að segja. Það eru stjórnskipaðir menn, sem ráða þar mestu eða öllu; bændur mega aðeins horfa á í fjarlægð og borga kostnaðinn af hinum stjórnskipuðu nefndum. Það er þeirra náð. Og svo fá þeir að aura saman í kosningasjóð sósíalista, og það er eitt af því, sem er afskaplega vel lukkað.

Sannleikurinn er sá, að þetta, sem hv. þm. var að telja, að gert hefði verið til öryggis bændum og atvinnurekstri þeirra, það er það, að þyngdir hafa verið stórlega skattar á þeim, að það hefir verið lagt í vald Alþýðusambands Íslands að ráða kauptaxta í sveitum við alla opinbera vinnu og þar með skapa kauptaxta fyrir bændur. Það hafa verið tekin af þeim umráðin yfir framleiðsluvörum þeirra, eins og ég hefi nefnt, og það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að slíta síðustu leifar vinnukraftsins úr sveitunum með því að bjóða mönnum heim á mölina og heita þeim því, að þó að þeir hafi ekkert að gera, skuli þeir tryggðir fyrir atvinnuleysi með atvinnuleysisstyrkjum. Og bændum er boðið upp á með nýjum og hækkuðum tollum að kasta síðustu leifum vinnukraftsins burt frá sér á mölina og líka boðið að afhenda jarðirnar, svo að þeir eigi ekki búfuna, sem þeir standa á. Og það er í minum augum endahnúturinn á öllu þessu. Í þessu frv., sérstaklega c-lið 4. gr., er sýnt, með hvaða kjörum þetta á að verða. Bændur eiga ekkert að fá fyrir jarðir sínar, þeir fá af náð að afhenda þær fyrir skuldir. Þetta gæti skoðazt hagræði fyrir bóndann, að ríkið tæki að sér skuldir hans með þessum kjörum, en er það samt ekki. Frekar

væri, ef honum væri gefinn kostur á að sleppa eignarhaldi á jörðinni gegn því að fá honum rekstrarfé í hendur, til þess að hann gæti aukið bústofn sinn og þar með kannske bætt skilyrði sín til að koma fram fjölskyldu sinni. En það er ekki meiningin með þessu frv. Meiningin er sú, að maðurinn standi algerlega með tvær hendur tómar eftir. En hann getur tekið pjönkur sínar, farið og setzt að á mölinni og bætzt þar í atvinnuleysingjahópinn.

Hv. frsm. meiri hl. sagði hér ýmislegt, sem ég hafði skrifað niður hjá mér, en hv. frsm. minni hl. hefir svarað því, og skal ég ekki þreyta með því að endurtaka það. En út af orðakasti, sem fór á milli hans og hv. þm. G.-K. um það, að Framsfl. væri þarna aftur tekinn og mýldur af sósialistum, vil ég segja þá skoðun mína, að svo mun vera sem hv. 2. þm. N.-M. sjálfur sagði, að ekki hafi hann þurft að sækja þessa skoðun til sósialista eða kommúnista. Því að þrátt fyrir það, þótt ég þykist viss um, að hann viti það ekki sjálfur, þá er hann ekkert annað en kommúnisti í sínum skoðunum. Hann fylgir þeirra róttækustu stefnu, en hefir ekki hugmynd um það sjálfur, af því að hann skortir svo mjög dómgreind um sjálfan sig og hefir skrökvað að sjálfum sér svo lengi. Það er svo um þessa kommúnista, að þeim getur viða skotið upp, þeir spretta upp eins og hundasúrur til og frá, stundum úti um sveitir. Hann er einn af slíkum kommúnistaplöntum. Og afstaða hans til þessa máls sannar þetta ef til vill betur en nokkuð annað. Ég veit líka, að þm. hafa tekið eftir, að það kemur ekki svo róttæk kommúnistisk krafa fram í þinginu, að hann fylgi henni ekki sem fastast, haldandi sig vera andstæðan kommúnistum. En hann unir því vel, að sósialistar hafi valdið til að leggja söðulinn á Framsókn og vill halda í tauminn, á meðan þeir eru að skríða á bak aftur, því að þeir duttu af baki og gátu ekki komizt aftur á fararskjótann. Þeir helltu úr skálum reiði sinnar og kölluðu samningssvik. En nú hefir hv. 2. þm. N.-M. tekið að sér að koma múlnum á Framsókn og teyma að bakþúfunni; skal ekki spá, hve glæsilega verður sprett úr spori, en hinu vil ég spá, að spretturinn muni ekki verða alllangur. Því að það er mín bjargföst sannfæring, að það fyrirkomulag komist á í jarðeignamálinu, og það kannske innan skamms, að allir bændur landsins verði sjálfseignarbændur. Það er enginn minnsti vafi á því, að sú stefna hefir unnið geysimikið fylgi einmitt á þessum síðustu árum. Og það má segja, að stefna sú sé sterk, að hún skuli hafa getað unnið fylgi einmitt í því árferði, sem verið hefir undanfarið. Það er mála sannast, að ekkert getur bitið frekar kjark úr mönnum, sem eru að basla við búskap, en verðfall afurða, þverran vinnukraftar í sveitum og verzlunaránauð samfara uppivöðslu sósialista á öllum sviðum. En þrátt fyrir allt þetta er áreiðanlegt, að sjálfseignarstefnunni hefir vaxið fylgi geysimikið, og er ekki grunlaust um, að ýmsir framsóknarmenn — og jafnvel á þingi — séu a. m. k. í hjarta sínu algerlega fylgjandi þeirri stefnu. Það á að verða takmarkið, að hver einasti fjölskyldufaðir búi að sínu; að hver maður, sem ræktar landið, eigi það, og hver fjölskyldufaðir í kaupstað, hvaða atvinnu sem hann stundar, eigi íbúðina, sem hann býr í. Þetta er stefna allra góðra manna. Þetta er leiðin til þess að byggja upp það lundarfar með þjóðinni, sem gerir henni það fært að standast slík árferði eins og þau, sem yfir okkur hafa gengið undanfarið.

*Jakob Möller: Ég hefi nú ekki talað svo mikið á þessu þingi, að ég geri ráð fyrir, að mér verði brigzlað um neinn þófarahátt, þó að ég taki til máls um eitt mál, og það svo merkilegt sem þetta er. En af því, sem ég hefi heyrt í umr., virðist mér varla geta leikið neinn vafi á því, að þessu máli sé siglt hér inn á þing undir gersamlega fölsku flaggi. Ef maður athugar ástæður fyrir flutningi málsins samkv. grg., þá sér maður við fyrstu sýn, að þær standast ekki. Þær eru ekkert annað en yfirvarps- og falsástæður.

Höfuðástæðan er talin sú, að þessi ráðstöfun um jarðakaup ríkissjóðs eigi að forða fjárflutningi úr sveitum til kaupstaða. Og það er í raun og veru alveg furðulegt, að nokkur maður skuli vera svo sljór, að hann sjái ekki alveg í hendi sér, að þessi ástæða er á engan hátt frambærileg, því að með þessari ráðstöfun er ekki á nokkurn hátt girt fyrir það, að fé flytjist frá sveitum í kaupstaði. Það, sem reynt er að nota sem rök, vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr grg.:

„Venjan hefir verið sú, að þeir, sem hætt hafa búskap og selt jarðirnar, hafa flutzt búferlum til kaupstaðanna með verð jarða og búa með sér að meira eða minna leyti, en þeir, sem við hafa tekið, keypt að mestu fyrir lánsfé, og því orðið veikari stoð í sveitarfélaginu en hinir voru.“

En hvað skyldi verða, þegar þeir eru orðnir leiguliðar og ríkið er búið að kaupa jarðirnar? Þegar þeir hætta búskap, þá flytja þeir ekki andvirði jarðanna í kaupstað með sér. En hvaða breytingu gerir þetta að öðru leyti? Hvað verður af jafngildi þess fjár, sem bóndinn hefir lagt í þá jörð, sem hann á, hvort sem upphaflega hafa nú hvílt á henni meiri eða minni skuldir, ef hann í stað þess að eiga jörðina hefir búið á henni sem leiguliði? Við skulum gera ráð fyrir, að hann hafi á sinni löngu búskapartíð safnað þeim mun meira lausafé, bústofni eða blátt áfram peningum á vöxtum. Þetta verðmæti flytur hann vitanlega með sér, alveg eins og menn flytja jarðarverðið með sér. Hv. aðalflm. brosir að þessu. En hann brosir eins og fífl. Því að það er svo augljóst, að hver maður, sem athugar, sér að þetta er ekkert annað en fals og blekkingar. Ef það er ekki svo, að maðurinn eigi meira af lausu verðmæti, þegar hann hættir búskap, ef hann hefir ekki lagt fé í að kaupa jörðina, þá er bara afleiðingin sú, að afnám sjálfsábúðarbúskapar verkar þannig, að menn búa verr og safna síður fé. Og það er ennþá rammari dauðadómur yfir þeirri stefnu, sem tekin er upp í þessu frv.

Það er því svo auðsætt, að þessi höfuðástæða, sem færð er fyrir flutningi frv. og skýrð er í grg. og tekur yfir um það bil helming af því máli, sem grg. inniheldur, eru staðlausir staf-

ir. Það er einhver annar tilgangur, sem vakir fyrir flm. frv. — Það er sagt í grg., að auk þessa göfuga tilgangs, að forða frá fjárflutningi úr sveitum í kaupstaði, sé annar höfuðtilgangur þessarar breyt. að létta undir með bændum í þeirra búskaparbaráttu, sérstaklega á þeim erfiðu tímum, sem nú standa yfir. Ber væntanlega að skilja það þannig, að vegna þess hvað þeir eiga við mikla örðugleika að stríða, sem búskap stunda, geti þeir ekki staðið straum af því fé, sem þeir eiga að leggja í jörðina, sérstaklega ef gengið er út frá miklum áhvílandi skuldum með allháum vöxtum. Og ef ríkið kaupir jarðirnar og á að taka að sér skuldirnar, þá færist sá baggi yfir á ríkið af ábúendum, og þeir fá þannig möguleika til þess að geta komizt betur af heldur en með því að standa straum af skuldabyrðinni, sem hvílir á jörðinni.

En hvað segir svo frv. sjálft um þetta? Hv. flm. hefir mjög skilmerkilega undirstrikað það fyrst og fremst, að það væri ekki heimilt — hann sagði nú alveg undantekningarlaust og áfelldi mjög andmælendur sína fyrir að hafa ekki veitt því athygli — að það væri ekki heimilt að kaupa nokkra jörð fyrir hærra verð en sem svarar áhvílandi veðskuldum. En frv. bætir nú sjálft við: „og þó aldrei yfir fasteignamat.“ Ég hygg nú, að þessi góðgerðarstarfsemi gagnvart bændum, að losa þá við skuldabaggana og létta þeim búskapinn með því að kaupa jarðirnar, fari að verða nokkru vafasamari heldur en látið er í veðri vaka, þegar athugað er, að það er bannað að kaupa jarðirnar fyrir hærra verð en fasteignamat. Það kann að vísu að vera svo nú, að fasteignamat á jörðum sé yfirleitt hærra en hæfilegt er. En eins og við vitum, er fasteignamat gert upp á vissu árabili, og það má alveg óhætt ganga út frá því, að skattmat á jörð sé töluvert undir raunverulegu verðmæti. Og það er þá í frv. gert ráð fyrir, að ríkissjóður kaupi alls ekki jarðirnar fyrir fullt verðmæti, heldur alltaf eitthvað dálitið fyrir neðan. Og þetta er nú hjálpin, sem á að veita þeim bændum, sem eiga í stríðu striði að bjargast af við búskap. Það á að nota augnabliksneyð þeirra, vegna þess að búskapurinn um nokkur ár hefir gefið erfiða afkomu, nota þá neyð bænda til þess að láta þá afsala sér jörðum sínum fyrir lægra verð en þær eru í raun og veru verðar. Það er alveg augljóst, að þarna getur ekki höfuðtilgangurinn verið sá, sem látinn er í veðri vaka, að hjálpa bændum, heldur einmitt þvert á móti að rýja þá.

Hinsvegar var það nú engan veginn rétt, sem frsm. n. sagði, að það væri blátt bann lagt við því í frv. að kaupa jarðir til handa ríkissjóði fyrir meira en á þeim hvíldi í veðskuld; það er beinlínis heimilað, sem undantekning að vísu frá þeirri höfuðreglu. En undantekningin er svo rúm, að þar eru alveg óbundnar hendur fyrir þá, sem þessum hlutum eiga að stjórna, þó þannig að vísu, að kaupverðið má aldrei fara fram úr fasteignamati.

Þetta kemur ekki svo mjög tilganginum við. Hann batnar hvorki né versnar við þetta. Þessi undanþága virðist vera sett til þess eins að geta mismunað mönnum eftir hugarfari þeirra og losað suma menn við jarðirnar, án þess að nauðsyn beri til, af því að þeir kjósa heldur að fá stöðu í kaupstöðunum en að strita við búskapinn.

Í sambandi við þá staðhæfingu, að tilgangurinn sé að hjálpa bændum í neyð, má benda á það, sem tekið er fram í frv., að ekki má kaupa jarðir, sem líkur eru til, að skemmdir geti orðið á af völdum náttúrunnar. Virðist þó ekki sízt ástæða til að hjálpa bændum, sem þannig er ástatt um, að þeir eiga slíkar jarðir.

Það er því ljóst, að þessu frv. á að sigla gegnum þingið undir fölsku yfirskini. Tilgangurinn er ekki sá, að koma í veg fyrir fjárflótta úr sveitunum, því að lögfesting frv. getur engin áhrif haft á hann. Og hinn tilgangurinn, að hjálpa bændum í kreppunni, er ekkert annað en fyrirsláttur. Tilgangurinn getur þá ekki verið annar en sá, að koma fram hugsjónum þeim, sem sameignarflokkarnir hafa alltaf barizt fyrir, sem sé þeim, að koma öllum eignum úr höndum einstaklinga í hendur ríkisins. Höggið er að vísu ekki hátt reitt að þessu sinni, en þetta er þó fyrsta skrefið, sem ekki er hægt að villast á. Á það hefir verið bent, að með því að taka að sér þetta mál, hefir Framsfl. gengið inn á braut sameignarflokkanna í landinu. Verður það nú æ meira áberandi, að hann gengur lengra og lengra í þessa átt, enda þótt hann reyni að falsa það og dylja fyrir kjósendum í landinu.

*__Pétur Ottesen__: Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál, sem fyrir liggur, en vil beina því til hæstv. forseta, þar sem klukkan er nú alllangt gengin í eitt, og menn, sem kvatt hafa sér hljóðs, einn eða fleiri, horfnir af fundi og þykjast búnir að vinna lögskil hvað dagsverkið snertir — að hæstv. forseti vilji unna þeim þess réttar, sem þeir hafa til að ræða málin á björtum degi, og meini þeim ekki að tala máli sínu að löglegum hætti. Hafa nú komið fram skoðanir á þessu máli frá þrem flokkum þingsins, öllum nema einum — (__Fjmrh.__: Þeim, sem minnstur er). Já, þeim, sem minnstur er, en engin ástæða virðist vera til að meina honum þess vegna að koma fram með sínar skoðanir.

__Forseti (JörB)__: Þetta er ekki nema 2. umr. málsins, svo að þessum flokki gefst væntanlega tækifæri til að taka til máls, þó að síðar verði, svo að ég sé ekki brýna ástæðu til að fresta umræðunum nú. Hinsvegar mun ég fresta atkvgr. þangað til á morgun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:13 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 15:13 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:12 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 267, 432).

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Eins og hv. þm. hafa sjálfsagt veitt eftirtekt, þá höfum við, hv. þm. Borgf. og ég, sem skipum minni hl. landbn., flutt brtt. á þskj. 432, sem stefna í þá átt, sem ég vék að við 2. umr. þessa máls, að ég teldi, að frv. ætti að stefna í.

Í frv. er svo fyrirmælt, að það eigi að verða bjargráðamál bændanna, að ríkið kaupi jarðirnar, þegar þeir ekki geta staðið í skilum með lán sín við kreppulánasjóð, og það er sá eini rökstuðningur, sem frá minu sjónarmiði gerir þetta mál réttlætanlegt, ef það gæti orðið til þess að forða mönnum frá því að hrökklast frá býlum sínum. En eins og ég drap á við þá umr., tel ég það illa farið, ef gripið verður tækifærið, þegar verst stendur á fyrir mönnum, og koma jörðunum í ríkiseign. Þess vegna legg ég til, ásamt hv. þm. Borgf., að ríkisstj. verði heimilað að greiða afborganir til kreppulánasjóðs fyrir þá bændur, sem við rannsókn sýnir sig, að ekki geta greitt fyrir árið 1935.

Till. okkar er miðuð við að vera bráðabirgðaráðstöfun, sem mætti halda áfram, ef ekki raknaði úr, þar til verð jarðanna væri komið niður að því takmarki, sem lögin um erfðaábúð og óðalsrétt ákveða, að megi vera til þess að gera jörðina að óðalseign. En lengra sjáum við ekki fært að ganga með brtt., en hún er aðeins bráðabirgðaákvæði og hugsuð með það fyrir augum, að ríkisvaldið stuðli að því, að sem allra flestar jarðir kæmust undir ákvæðið um óðalsrétt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að sinni að fara um þetta fleiri orðum, en til þess að sjá, á hvaða niðurstöðu megi byggja þessa hjálp, er sjálfsagt, að ríkisstj. láti fara fram athugun á efnahagsástæðum bænda, hverjir það séu, sem ekki geta staðið í skilum, og fer að sjálfsögðu eftir niðurstöðu þeirrar rannsóknar, hversu víðtæk þessi hjálp verður.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þegar ég sá brtt. minni hl. á þskj. 432, var hvorttveggja, að ég gladdist og hryggðist. Ég gladdist yfir því, að hv. þm. Borgf. hafði vitkazt síðan umr. fóru fram um daginn, svo að hann sér nú, að ekki dugar að hlaða upp nýjum lánum, og það gladdi mig, að báðir þessir hv. þm. eru búnir að eygja eina ástæðuna fyrir því, að þetta frv. er komið fram. Af þessu tvennu gladdist ég. En ég hryggðist jafnframt yfir því, að þessir hv. þm. skyldu ekki enn vera búnir að skilja það, þrátt fyrir setu sína á tveimur síðustu þingum, að bændum er hagnaður að erfðafestunni.

Þó er eins og einhver skilningsglufa sé hjá hv. þm. A.-Húnv. um óðalsréttinn, en hann er lokaður enn fyrir erfðaábúðinni, sem er nokkuð það sama. Ég hryggðist ennfremur af því, að báðir þessir menn, sem eru bændur og þurfa að rísa undir erfiðum kjörum bændastéttarinnar og ættu að skilja, að þeirra hagur er sá, að bændur hafi umráð yfir jörðum sínum, án þess að komandi kynslóð þurfi alltaf að kaupa þær af fráfarandi.

Hvað þessum brtt. viðvíkur geri ég ráð fyrir, að við allir í meiri hl. leggjum algerlega á móti því, að þær verði samþ., af því að ef þær eru samþ. í stað frv., þá næst ekki nema einn árangur af þeim þremur, sem frv. er ætlað að ná. Fyrst og fremst að bændur, sem eiga erfitt, fái hjálp, með því að nota það fé, sem kemur inn sem afgjald af erfðafestulöndum eða þeim jörðum, sem eru og verða í eigu þess opinbera. Við vildum, samhliða því að ná þessu reyna að tryggja það, að jarðarverð verði ekki við endurtekna sölu flutt úr sveitum til bæja. Og í þriðja lagi gerðum við þetta af því, að við vildum reyna að stuðla að því jafnóðum og bændum skildist, að þeim er hægara að búa á jörð með erfðafestu heldur en á jörð, sem þeir að nafninu til teldust eigendur að, en ættu lítið í — jafnóðum kæmi hið opinbera á móti þeim og hjálpaði til að koma sem flestum jörðum undir þetta ábúðarfyrirkomulag.

Af öllu þessu þrennu lögðum við til, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir og þessar brtt. yrðu felldar.

***Pétur Ottesen:** Það er nú ekki ástæða til um þánótt að ræða mikið um þetta mál við hv. 2. þm. N.-M. En þegar hann talar hér um hryggð yfir þessu máli út af framkomu minni og hv. þm. A.-Húnv., þá ætti hann fremur að hryggjast yfir sinni eigin heimsku, sem fram kemur í afstöðu hans í þessu máli.

Ég ætla ekki að ræða um takmarkið í fjórum liðum, sem hann ætlar að ná með þessu frv. Það hefir verið rekið svo fast ofan í hann, og mun þar sitja fast. En ég vil í sambandi við það sem hann gerir lítið úr þeirri hjálp — sem eðlilegast er að miða við þær erfiðu kringumstæður, sem bændur eiga við að búa, — sem felst í okkar till., benda á það, að hún snertir skuldir þær, sem fasteignaveð stendur fyrir. En nú er ekki nema örlítill hl. þeirra, sem tekið hafa kreppulán, sem hafa tryggt með fasteignaveði, svo að þess vegna kemur þetta frv. ekki til hjálpar þeim í erfiðleikum að greiða þessar skuldir. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að af 2804 lánum, sem lánuð hafa verið úr kreppulánasjóði, eru lausafjárveð fyrir 1043 lánum, lausafjárveð ásamt fasteignaveði fyrir 1022 lánum en einungis fasteignaveð fyrir einum 487 lánum. En í þeim tilfellum, þar sem blandað er saman fasteignaveði og lausafjárveði, er í raun og veru ekki um fasteignaveð að ræða, af því að jarðirnar eru veðsettar það hátt áður, að þær bera ákaflega lítið uppi. Svo að það má telja, að einungis þessi 487 lán séu tryggð með fasteignaveði, og í þeim tilfellum einum gæti þetta frv. haft einhver áhrif. Þess vegna er þetta frv. yfirleitt engin hjálp bændum til handa almennt í greiðsluskorti þeirra gagnvart kreppulánasjóði. Sem hjálp er þetta einskis virði, en víst er, að frv. leiðir ógagn mikið af sér með því að stuðla að því að taka jarðir af bændum.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta. Upphæðin, sem um er að ræða, er ekki svo geysilega há, að óttast þurfi hana verulega. En þetta er miðað við þær erfiðu kringumstæður, sem nú eru hjá mönnum, sem mest kveður vitanlega

að í harðindasveitum, og varna mönnum að standa í skilum með sínar skuldbindingar.

*Sigurður Kristjánsson: Ég vil segja eins og hv. þm. Borgf., að það er hálfóþægilegt að þurfa að ræða þetta mál nú að nóttu til, og má vera að verði minna, sem ég segi um málið, af þeirri ástæðu. Er þessi tilhögun því verri, að þetta er síðasta umr. málsins hér í hv. deild.

Þetta mál er þess eðlis, að minnistætt ætti að verða, hvernig því er þröngvað gegnum þingið. Því svipar að því leyti til þess máls, sem rætt var hér áðan, frv. til jarðræktarl., að það eru brein undur, að menn skuli hafa einurð til að bera slík mál fram hér á þingi. Hv. 2. þm. N.-M. sagði það og endurtók víst margoft, að frv. þetta eigi að tryggja það, að menn geti búið á jörðunum án þess að þurfa alltaf að vera að borga þær kynslóð eftir kynslóð. Ég held það sé í hundraðasta eða marghundraðasta skiptið, sem ég heyri þessi orð. Og ég hefði gaman af að vita, hvaða fábjáni það er, sem hefir sagt þau fyrstur. En það er auðheyrt, að hann hefir ekki sagt þau til einskis, því að þetta er tuggið og tuggið af andlegum bræðrum hans aftur og aftur. Og það er að verða svo leitt að heyra þessa heimsku vaða hér uppi, sýknt og heilagt, að ég get varla orða bundizt. Á bak við þessi orð liggur ekki neitt af viti, heldur hreinasta og skærasta heimska og skilningsleysi, sem nokkurntíma hefir komið nokkrum manni í munn. Hvað er það að borga jarðirnar kynslóð eftir kynslóð? Við hvað eiga þessir aumingja menn? Hvað er það, sem maður á að gera, sem situr á jarðeign ríkisins? Hann á að greiða alveg þetta sama í afgjaldi, sem nýr kaupandi greiðir sem kaupverð jarðarinnar. Það er gert ráð fyrir því yfirhöfuð, að þeir menn, sem sitja á jarðeignunum, hvort sem þeir gerast kaupendur eða ekki, reki búskap sinn með einhverjum hagnaði. Og það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem standa upp af jörðum sínum og láta þær af hendi á einhvern hátt, jafnvel til erfingja sinna að sér látnum, hafi eignazt eitthvað sinn búskapartíma. Sú eign flyzt auðvitað til eftirkomendanna. Og það er alveg sama, á hvern hátt maðurinn eignast þetta fé, hann fer með það eða afhendir það eftirkomendum sínum. Og það má enginn búast við, að hann geti gengið að stórum verðmætum algerlega án þess að láta neitt af hendi fyrir það. Kaupandi jarðar verður að afplána með samningsbundnum greiðslum. Ef hann situr á sömu jörð sem leiguliði, verður hann að gera alveg nákvæmlega þetta sama með því að greiða afgjald af jörðinni. Ábúendur á jörð, hvort sem eru leiguliðar eða sjálfseignarbændur, sem kaupa jörðina, eru í sjálfu sér að borga jörðina. Það er sagt, að það eigi að koma í veg fyrir það, að menn flytji andvirði jarðanna til kaupstaðanna. En á bak við þetta liggur líka ekkert annað en vitleysa. Sá maður, sem hefir grætt fé á jörðinni, hann flytur það með sér, ef hann fer eitthvað burt, hvort sem hann fer í kaupstað eða annað, og falli hann frá, afhendist það eftirkomendum hans. Alveg er sama, hvort maðurinn hefir lagt gróðann í jörðina eða lausafé; það er eign mannsins, og getur enginn hamlað því, að hann flytji það með sér hvert sem hann fer, eða afhendi eftirkomendum sínum. Og ef leiguliða tekst nú að eignast fé — en nokkuð er ólíklegt, að hann eignist það sem ríkisleiguliði — þá getur enginn hamlað honum frá að flytja það með sér í kaupstað.

Það er annars eftirtektarvert í þessu sambandi, að einmitt á sama tíma sem á að afgr. þetta mál héðan úr hv. d. er komið inn annað mál, þar sem er ákveðið, að styrkir þeir eða verkalaun, sem lagðir eru í jarðeignir samkv. jarðræktarl., skuli teljast einskonar hlutafé í jörðinni og bætast við verðmæti hennar. Nú er ætlazt til þess, að jarðir séu leigðar út eftir því, hve hátt þær eru metnar. Það virðist nú skina í það í þessu sambandi, að þegar jarðir eru ordnar eign ríkisins, muni eiga að fara að meta þær nokkuð riflega. Því að ef allir þeir styrkir, sem lagðir eru í jarðirnar, eiga nú að bætast við verð þeirra, þá geta jarðir hækkað nokkuð mikið í mati. Ef menn eiga nú að borga í afgjald vissan hundraðshluta af virðingarverði jarðar, þá má búast við, að þau verði ekki sérstaklega bærileg. Enda er það svo, að það verður ekki fundin önnur leið fyrir ríkið til að afla sér nægilegs fjár í ríkissjóðinn heldur en sú, að láta þegna þjóðfélagsins láta úti þetta fé. Og ef stefna sósíalista kemst á í þessu máli, sem þeir virðast reka nokkuð fast á eftir, að allir ábúendur í landinu verði ríkisleiguliðar, og allir verkamenn í landinu ríkisvinnumenn, þá má maður búast við, að þegar ríkið fer að afla sér fjár, þá verði það á þann hátt að þrengja kosti þessara aumingja þræla sinna. Og þá mun koma í ljós, að margur leiguliðinn vill losna frá því að vera ábúandi á ríkisjörð og reyna að taka sig upp. En nú er einmitt sleginn varnagli við því hér í frv., að jarðir verði yfirgefnar, því að svo á að búa um, að ekki sé líklegt, að menn vilji í bili hlaupa af þeim. En nú gætu kjörin smám saman þrengzt þannig, að menn vildu yfirgefa jarðirnar, þá geri ég ráð fyrir, að eins og andi sósíalista hvílir yfir þessu öllu saman á þessu stigi málsins, þá muni sá andi ekki yfirgefa málið í framtíðinni, og næsta skrefið verði svo að banna mönnum fyrst í vissan tíma og svo kannske æfilangt. Yrði þannig ábúandi með tíð og tíma eins og einskonar leigupeningur á jörðinni, sem ekki gæti við jörðina skilið. Þá er komið á svipað fyrirkomulag og frægt var á sinni tíð í Rússlandi.

Eins og ég sagði í upphafi, virðist mér ekki tími til að ræða mjög mikið um þetta mál, og þykir mér það illt, ef þessi óheppilegi tími verður til þess, að það fær minni gagnrýni en skyldi. En ég vildi samt sem áður ekki láta það fara svo út úr d., að ég ekki vekti athygli á því enn á ný, að þetta frv. er áreiðanlega borið fram þvert ofan í vilja bændastéttarinnar í landinu. Bændur hafa ekki látið uppi annað álit um það en það, að þeir séu á móti þessari jarðránsstefnu. Og það er víst, að þessum l. verður hrundið undir eins og bændastétt landsins fær að koma sínum vilja fram, sem við væntum, að henni takist við næstu kosningar.

Það er þess vegna hin mesta skammsýni að láta kúga sig til þessa af tiltölulega litlum flokki

í þinginu, alþýðuflokksmönnum, að setja slík l. sem þetta. Ég læt mér ekki detta í hug, að flm. þessa máls hafi ekki, síðan verulega tókust umr. um það, hverjir skyldu eiga jarðeignir landsins, orðið greinilega varir við það, að allur þorri bændastéttarinnar vill, að bændur eigi jarðirnar. Og getur þessum mönnum ekki dottið í hug, að bændur muni með atkv. sínu hrinda þeim mönnum frá þingsetu, sem fara með slíkan fjandskap á hendur bændastétt landsins?

Ég er búinn að sjá of mikið til fylgismanna þessa máls, að ég geti ætlazt til þess, að þeir *taki tillit til að reynslan hefir sýnt og sannað*, að leiguliðabúskapur og húsgangs- og horkrangabúskapur fylgjast að, enda er mér ljóst, að mörgum þessara *manna* er ekki á móti skapi, þótt bændastétt landsins verði fjárhagslega og menningarlega ósjálfstæð. En hér í Alþingi verða þeir þó að halda fast fram þeirri skoðun, sem hana hafa, að það eigi að leita annara ráða til þess að breyta búskap landsmanna en þeirra að uppræta ræktarsemi þeirra til jarðanna, sem þeir búa á, uppræta virðingu þeirra fyrir atvinnurekstrinum sjálfum, og ala upp hjá þeim ábyrgðarleysi, virðingarleysi og vonleysi um atvinnu sína. En að þessu er fullkomlega stefnt með þessu jarðaránsfrv. Cg ekki bætir úr skák, að það virðist eiga að kúga það í gegnum þingið, jafnvel á móti vilja ýmissa þeirra, sem ætlazt er til, að greiði því atkv. Lagasetningu, sem gerð er með slíkum ósköpum á allan hátt, getur ekki fylgt nein gæfa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 432,1 felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHalld, PO, SK, TT, EE, GÍ, JJós, JónP, JS.

nei: MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB, GSv, JakM greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (ÓTh, BJ, GÞ, HannJ, JÓl) fjarstaddir.

Við nafnakallið um brtt. 432,1 gerðu þrír þm. svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Þar sem þessi brtt. gerir einungis ráð fyrir, að þeim mönnum sé veitt aðstoð til þess að standa undir lánum sínum, sem lán hafa fengið í kreppulánasjóði, og þar sem t. d. í Borgarfjarðarsýslu eru 38 menn, sem ekki geta risið undir lánum sínum, og ekki er nema liðugur helmingurinn þeirra, sem eiga lán í kreppulánasjóði — en hinir eiga að deyja drottni sínum — þá segi ég nei.

***Pétur Ottesen:** Ég vil í sambandi við þá atkvgr., sem hér fer fram, og þá grg., sem hv. 2. þm. N.-M. setti hér fram til skýringar sinni afstöðu til þessa máls, geta þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir og í er talið að vera bjargráð fyrir hina aðþrengdu bændur þessa lands, að því leyti sem um slíkt gæti verið að ræða til handa þeim mönnum, sem komizt hafa í kreppulánasjóð og þar hafa minnst skil orðið á greiðslum hjá sökum erfiðleika þeirra, sem inna eiga slíkar greiðslur af hendi, það hefir, þó samþ. verði, ekki í sér fólgið bjargráð, sem mundi ná nema til svo örlítils brots af þeim mönnum, sem í þessu efni þarf *einna helzt* að hjálpa, og þar sem hinsvegar, samkvæmt okkar brtt. er ætlað að reyna að bjarga þeim öllum, að svo miklu leyti sem þessi löggjöf gæti orðið bjargráð fyrir þá, með því að greiddar yrðu fyrir þá vangoldnar greiðslur til kreppulánasjóðs, þá segi *ég já.*

***Sigurður Kristjánsson:** Það er að sönnu, að ríkið ber ábyrgð á þessu fé, svo að það er þess vegna rétt svo sem sama, hvort það borgar það nú eða það fellur á það síðar. En ef það skyldi geta verið hætta á því, að gengið yrði að mönnum þessum, sem ekki geta staðið í skilum og þessi löggjöf gæti eitthvað hjálpað, ef þeir ekki fá þessa hjálp, þannig að þeir flosnuðu þá upp af jörðum sínum, þá tel ég ekki annað fært en að reyna að afstýra því, og vil þá heldur samþ. þessa löggjöf, ef menn hennar vegna síður flosnuðu upp af jörðum sínum, og segi því já.

Brtt. 432,2—5 komu ekki til atkv.

Frv. samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, JörB.

nei: EE, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS, PHalld, PO, SK, TT.[1])

Fimm þm (GÞ, HannJ, JÓl, ÓTh, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 267).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:6 atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 267, n. 510).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Páll Hermannsson):** Það er eins og oft vill verða, þegar líður á þing, að það er naumur tími til þess að athuga mál í n. Það er svo með þetta mál, að það hefir legið stuttan tíma hjá n., og þegar n. tók það fyrir á fundi, þá gat einn nm., hv. 2. þm. Rang., ekki mætt. Aðstaða hans til málsins er því ekki viðurkennd og ekkert um hana sagt í nál. Hinsvegar erum það við tveir nm., ég og hv. 4. landsk., sem leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

1) **TT:** Þar sem ég tel að þetta frv. miði að því að koma í framkvæmd einu af aðalstefnumálum sósialista, þá segi ég nei.

Ég ætla nú ekki að hefja almennar umr. og hugleiðingar um það, hvernig bezt sé komið fyrir eignarrétti á jörðum í landinu. Ég ætla frá minu sjónarmiði sérstaklega að geta þess, að ég er þessu frv. fylgjandi einmitt af þeirri ástæðu, að ég óttast, að eins og nú standa sakir, sé töluverð hætta á því, að það þurfi að selja jarðir vegna þess, að ekki verði staðið í skilum með vexti og afborganir af lánum þeim, sem á þeim hvíla. Ég veit, að það hefir töluvert borið á því, og ég óttast, að það geti leitt til þess, að selja þurfi jarðirnar, stundum einstaklingum, en stundum lenda þær í eigu þeirra lánsstofnaa, sem aðallega eiga veð í jörðunum. En hvort sem það kemur fyrir, að einstaklingar kaupa jarðirnar eða lánsstofnanirnar eignast þær, þá álít ég miklu minni tryggingu fyrir því, að þeir, sem á jörðunum búa og vafalaust þyrftu á því að halda að geta búið á þeim áfram, fái það. Það er sérstaklega þessi ástæða, sem veldur því, að ég álít það nauðsynlegt, að lagafrv. eins og þetta sé samþ. núna. Að því leyti, sem ríkið annars getur komið því við að kaupa slíkar jarðir, þá fengist miklu meiri trygging fyrir því, að þeir af núverandi ábúendum jarðanna, sem þyrftu að búa á þeim áfram, fái aðstöðu til þess með kjörum, sem þeim reynast miklu kleifari heldur en þeim reynist nú sá ábúðar- og eignarréttur, sem þeir telja sig hafa á jörðunum.

Að öðru leyti skal ég ekki að þessu sinni fjölyrða um þetta frv. En eins og sést á þskj. 510, þá leggjum við tveir nm., sem erum í meiri hl., til, að frv. verði samþ. óbreytt.

*__Pétur Magnússon:__ Það á ekki við við 2. umr. að taka upp almennar umr. um þetta frv. Ég hefi lagt á móti því, að frv. sé samþ., því hér er um að ræða tilraun til þess að þjóðnýta jarðirnar á ný, en sú tilraun hefir áður verið gerð, og allir, sem hér eru, vita, hvernig hún gafst þá. Ég held, að það vanti alla tryggingu fyrir því, að það takist betur í þetta skiptið en hitt.

Það er talað um, að þetta eigi að vera til léttis fyrir þá, sem á jörðunum búa, að þær séu í eign ríkisins. Það mun verða mögulegt fyrir þá að komast af á þennan hátt, en til þess að svo sé, þá verður að ívilna ábúendunum þannig, að eftirgjaldið sé lágt og þeir borgi minni vexti en ríkið sjálft á að borga af skuldum þeim, sem ætlazt er til, að það taki að sér. En til þess að svo megi verða, þá verða að vera aðrir atvinnuvegir í landinu, sem geti tekið á sig þann halla, sem af þessu verður, og það væri þá æskilegt að fá að heyra hjá þeim hv. þm., sem gera sig að talsmönnum þessa frv., hvaða atvinnuvegir það eru, sem þeir telja færa um að taka að sér þennan vaxtahalla, sem gera má ráð fyrir, ef þeim er alvara með það, að búskapurinn léttist hjá mönnum, eftir að ríkið hefir tekið jarðirnar í sínar hendur. En ég get ekki komið auga á það, að svo muni vera. Annars verð ég að segja, að ég er undrandi á því, að þeir, sem hafa sjálfir upplifað þá breyt., sem varð á búskaparháttum og meðferð jarða, eftir að farið var að selja þjóð- og kirkjujarðirnar, að þessir sömu menn skuli gerast málsvarar þess, að ríkið eignist jarðirnar almennt.

Um einstök atriði frv. er ekki verulega margt að segja. Það má benda á það, að samkv. ákvæðum 2. gr. er ætlazt til þess, að fé náist í þennan sjóð með því að taka í hann afgjöld núverandi þjóð- og kirkjujarða og afgjöld þeirra jarða, sem keyptar verða. En þetta fé, sem á þennan hátt fæst í jarðakaupasjóðinn, er að nokkru leyti a. m. k. tekið frá annari stofnun, sem ætlað er að vinna fyrir landbúnaðinn, ræktunarsjóðnum, sem undanfarin ár hefir fengið afgjaldið af þjóðjörðunum. Hitt er tekið frá kirkjujarðasjóðnum, og býst ég við, að það þyki kenna þar, að ríkisvaldið gerist nokkuð fingralangt gagnvart kirkjunni, ef það ætlast til þess, að afgjöld kirkjujarðanna eigi að taka til þess að kaupa á ný jarðir handa ríkissjóði.

En annars þýðir náttúrlega ekki að taka upp langar umr. um þetta. Meiri hl. þingsins ætlar sér að koma þessu í gegn, og er það í raun og veru í fullu samræmi við þá stefnu, sem er ríkjandi. Það eru jafnaðarmenn, sem yfirleitt segja til um það, hvað á að verða að l., og þetta er í samræmi við þeirra stefnu. En maður hefði ekki búizt við því fyrir nokkrum árum, að Framsfl. treysti sér óskiptur til þess að ljá fylgi sitt til þess að þjóðnýta jarðirnar.

Ég taldi rétt að gera hér stutta grein fyrir atkv. minu, en till. mín er sú, að þetta frv. verði felld.

*__Jón Auðunn Jónsson:__ Ástæður hv. frsm. fyrir því, að hann fylgdi þessu frv., voru þær, að það mundi þurfa á næstu árum að selja margar jarðir. Þetta eru ákaflega kyndugar ástæður. Ég veit, að það hefir verið svo um mörg ár, að það hefir þurft að selja mjög mörg skip, og það þarf nú að selja marga tugi skipa, vegna þess að þeir menn, sem hafa haft útgerð með höndum, eru þrotnar. (__PHerm:__ En hér er verið að tala um jarðir). Ég veit það, en þetta er hliðstætt. Það ætti því að stofna annan sjóð til þess að kaupa skip, og vænti ég þess, að hv. þm. taki afleiðingunum af skoðun sinni, ef það kæmi fram frv. um það, að ríkissjóður keypti skip.

Annars hélt ég satt að segja, að það væri ekki til hagsbóta fyrir búnaðinn í landinu, að ríkið færi að kaupa jarðir.

Ef það væri nokkur alvara á bak við það, sem hv. frsm. sagði, að þeir, sem eiga jarðirnar, kæmust léttara út af búskapnum, ef ríkið keypti þær, þá þyrfti í því að liggja það, að ríkið keypti jarðirnar fyrir lágt verð, miklu lægra en þær eru virtar, og gæti þess vegna látið ábúendurna fá miklu hagkvæmari kjör í leigu jarðanna en annars væri. En þetta leiðir til þess, að þeir, sem lánað hafa út á jarðirnar, og lánað kannske fullvirði, eins og lánað hefir verið út á margar jarðir, eiga að tapa einhverju af sínu fé. Að öðru leyti er ætlazt til þess, að teknar séu tekjur ræktunarsjóðs til þess að standa undir þessum jarðakaupum. En það er mér kunnugt um, að af öllu því, sem gert hefir verið fyrir íslenzkan landbúnað, þá álíta nálega allir bændur, að ræktunarsjóðurinn hafi verið ein sú al-

mesta lyftistöng fyrir landbúnaðinn á undanförnum árum. Nú á ríkið að taka hann til þess að kaupa af einhverjum tilteknum mönnum jarðir, sem þeir eru í vandræðum með, af því að þær eru of dýrar eða þeir eru of skuldugir til þess að geta búið á þeim.

Ég held, að þó að það færi svo, að búnaðarbankinn þyrfti að taka nokkrar jarðir, en það mun ekki ósennilegt, og eignast þær með opinberu uppboði, að hann mundi ekki verða lakari landsdrottinn en ríkissjóður. Mér er kunnugt um, að búnaðarbankinn hefir leigt tvær jarðir, þar sem ég þekki til, fyrir miklu lægra afgjald en nemur vöxtum að þeirri skuld, sem á viðkomandi jörðum hvílir. Það er ekki nema eðlilegt, að lánsstofnun, sem veitir lán, taki á sig einhverja áhættu og einhvern halla, þegar illa gengur. Það mun svo vera um hina bankanä, að þeir þurfa oft að taka aðrar fasteignir, eins og t. d. skip, fyrir hærra verð en þeir geta selt eða leigt þau, og verða því að standa undir þeim halla, sem af þessu leiðir.

Ef bændur landsins væru yfirleitt spurðir um það, hvort þeir vildu, að ríkið tæki eitthvað af tekjum ræktunarsjóðs til þess, að ríkissjóður gæti fengið nokkrar jarðir til þess að braska með, og það ef til vill á miður heppilegan hátt, eftir því, sem stjórnarfarið er í landinu, þá mundu bændur segja, að þeir vildu heldur, að ræktunarsjóðurinn væri látinn halda sínum tekjum, svo að hann gæti hjálpað til þess að auka ræktunina í landinu.

Þetta er eitt af þeim málum, sem jafnaðarmenn hafa fengið Framsfl. inn á, þvert á móti yfirlýstri stefnuskrá hans.

*__Frsm. (Páll Hermannsson):__ Hv. 2. þm. Rang. hefir nú lýst afstöðu sinni til þessa máls, og er hún sú, að hann vill, að frv. sé fellt. Ég hafði nú reyndar búizt við því og kom það því ekki á óvart.

Hann sagði, að hann hefði ekki getað búizt við því, að Framsfl. mundi fylgja svona frv. (__PM:__ Fyrir nokkrum árum). Ég býst við, að um nokkur undanfarin ár hafi ég verið eins kunnugur í Framsfl. og hv. þm., og ég minnist þess, að það hafa síðan verið uppi raddir um, að það væri ekkert athugavert við það að samþ. frv. eins og þetta. Það er ekki verið að tala um það að kaupa allar jarðir, en aðeins þær, sem eru til sölu. Það er ekki verið að tala um að taka jarðirnar af mönnum nauðugum.

Ég get sagt hv. þm., að það eru fjöldamargir bændur úti um allt land, sem fagna þessu frv., og ég gæti trúað, að þeir væru til í flokki hv. þm. líka, og það ekki svo fáir.

Ég hefi gert grein fyrir því áður, hvað það er sérstaklega, sem gerir það að verkum, að mér finnst brýn ástæða til þess að samþ. þetta frv. núna.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði dálitið undarlega um þetta. Hann var að tala um, hvort það væri alvara í þessu máli, og í því að samþ. frv. Ég ímynda mér, að hv. þm. reki sig á það, að það fylgir því alvara að gera frv. að lögum. Það er alvara hjá mörgum mönnum að reyna að stuðla að því, að bændur geti haldizt við á jörðum sínum og geti búið þar á þann hátt, sem þeim er haganlegast. Og þó ég mótmæli því ekki, að það geti verið gott, að bændur séu í sjálfsábúð, þá fullyrði ég hitt, að það er líka gott fyrir fjölda manna í landinu, sem vilja stunda búskap, að þeir séu losaðir við að búa í sjálfsábúð. Ef það er nú á annara landi, sem þeir búa, þá ætti ríkið að hafa hægust heimatökin um það að gera þeim ábúðina haganlega, og ég veit ekki betur en að það sé gengið vel frá því, að ábúðin á löndum ríkissjóðs verði í framtíðinni allt önnur en hún hefir verið fram að þessu.

Þá talaði hv. þm. N.-Ísf. um, að margir vildu selja skipin sín, og hvort ekki væri sjálfsagt, að ríkið keypti þau. Hann getur borið fram frv. um það, ef hann vill. Mér er ekki kunnugt um, að ríkið hafi átt veiðiskip, en ríkið hefir átt og á jarðir. Hann sagði, að bændur myndu varla fallast á það, ef þeir yrðu að því spurðir, að jarðræktarsjóður yrði rýrður á þennan hátt, ef hann mætti þá missa nokkurt fé.

Ég ætla, að í jarðræktarsjóði sé nokkurt fé, og hann hafi yfir nokkru fé að ráða, og ég efast um, að hv. þm. hafi rétt fyrir sér í því, að bændum muni þykja fé hans verr varið svona en á annan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til að þrátta mikið um þetta mál. Ég veit, að menn skipta ekki um skoðun, þó að það sé rætt meira. Það mætti ræða þetta frá fleiri hliðum en ég hefi gert, en ég sé hvorki þýðingu þess né þörf, að svo sé gert.

*__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Hv. frsm. endaði ræðu sína á því, að ekki mundi þörf að ræða þetta mál meira, því að menn mundu ekki skipta um skoðun. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé rétt, og býst við, að svo fastbundnar séu nú þessar svokölluðu skoðanir stjórnarflokkanna, að þar verði ekki um þokað.

En ég get ekki orða bundizt, því ég býst við, ef frv. þetta verður samþ. og því verður fylgt fram, að þá muni koma straumskipti í íslenzkan landbúnað.

Það hefir verið álitið og því hefir verið fram haldið og ekki verið hrakið með rökum, þó að einstaka menn hafi maldað í móinn, að jarðir í sjálfsábúð séu betur setnar en leigujarðir. Ég geri líka ráð fyrir því, að þó að ríkið eigi jarðirnar, þá muni ekki verða meira framkvæmt, og með því líka að frv. það, sem lagt var hér fyrir hv. d. í dag, um jarðræktarlög, kippir fótunum undan þeim styrk, sem ábúendur á ríkissjóðs- eða kirkjujörðum eiga að hafa.

Sannast að segja býst ég við því, að þeir bændur, sem eru leiguliðar, eða vona að geta orðið það, leggi lítið í jarðirnar, fari hægara í húsabyggingar og aðrar framkvæmdir eða umbætur, en reyni að koma því til hæstv. ríkisstj., og hóti svo að fara, eða ríkið verði að byggja, og þvinga þannig sinn landsdrottin. ríkið, því að samkv. ábúðarlöggjöfinni er landsdrottni skylt að leggja til allt aðkeypt efni. Mun því við þetta koma mikill afturkippur í landbúnaðinn og verða ýtt undir straumkastið til kaupstaðanna. Þó að það hafi heldur rénað nú í bili, þá er nú heldur alið á því. Þeir, sem

ekki vilja búa lengur og ekki geta selt, þeir sjá nú, hvernig þeir eiga að losna. Hér í gamla daga, þegar fólk streymdi til Ameríku, þá var viðkvæðið: „Ég er ekkert að berjast þetta lengur, nú fer ég bara til Ameríku“. Og alveg það sama verður nú viðkvæðið: „Ég er ekkert að berjast þetta lengur, nú sel ég bara ríkinu og fer til kaupstaðanna.“

Hv. frsm. sagði, að fjöldi bænda um allt land mundi fagna yfir þessu frv. Ég held, að það sé einmitt það gagnstæða, og ég vil satt að segja halda því fram, að ekki muni aðrir fagna en þeir, sem gera sér vonir um að losna við jarðirnar til ríkisstj. með góðum kjörum, en það eru nú ekki allir svo heppnir.

Ég tel, að frv. þetta gangi mjög í ranga átt, og væri sæmilegast, að bæði þetta mál og frv. til jarðræktarlaganna færu í eina og sömu gröf.

*__Jónas Jónsson__: Ég vildi leiðrétta þann misskilning, sem hv. síðasti ræðumaður virtist hafa á því, hvað okkur framsóknarmönnum gengur til með frv. þessu. Það er alls ekki almenn löngun til, að ríkið kaupi jarðirnar, heldur er það sama, sem rekur á eftir þessu, og rak á eftir kreppulánasjóði. Það er þetta ákveðna spursmál, sem ég vildi, að hv. þm. Dal., sem er góður og gegn maður á ýmsa lund, kynni skil á, hvernig ætti að leysa úr.

Það er svo í einni sýslu, sem hefir orðið hart úti m. a. vegna harðindanna — skiptir ekki máli í þessu sambandi, hver hún er — að þar eru 600 menn, sem eiga það á hættu að missa jarðir sínar til kreppulánasjóðs. Þessi sýsla hefir orðið fyrir því óhappi að fá 2 vond sumur hvert á fætur öðru, og síðan nú aftakaharðan vetur og þar af leiðandi óvenjumikil fóðurbætiskaup, og er ég hræddur um, að þarna séu á annað hundrað bændur, sem liggur við borð, að tapi öllu sínu, þ. e. jörðum sínum, í kreppulánasjóð. Ég veit það, af því að fjöldi bænda viðsvegar af landinu hefir skrifað mér, að vísu ekki úr Dalasýslu, að þeir eru margir, sem óttast um, að jarðir þeirra verði seldar. Kreppulánasjóður getur ekki annað eftir sínum lögum en selt jarðirnar, og það þarf ekki eins mikinn búmann og hv. þm. Dal. er til að sjá það, að ef boðnar eru fram í einni sýslu á annað hundrað jarðir, þá munu ekki vera margir til að kaupa. Náttúrlega mundu beztu jarðirnar fara fyrir slikk. Liggur beint við, að peningamenn í kaupstöðunum leggi peninga í slíkar jarðir, og á þann gætu myndazt stór „góss“. Er það vitanlega betra en ekki neitt fyrir kreppulánasjóð, að fá þá peninga, ef það tækist þannig til, en hitt verður að harma, ef svo færi fyrir bændum.

Við lítum því svo á, að einhverja upphót verði að gera á kreppulánasjóði. Það hafa fundizt ýmsir gallar á framkvæmd þeirra laga, en ég skal ekki fara út í það hér nú. En ég er viss um, að hv. þm. Dal. sér það, ef hann athugar þetta mál betur, að þeim dugandi mönnum, sem neyddir eru til að selja og verið er að flæma burtu frá jörðunum, er það betra, að ríkið kaupi jarðir þeirra og þeir geti síðan fengið þær á erfðafestu.

Ég skil ekki, að hv. þm. sé búinn að gleyma þeim l., sem sett hafa verið í hans þingmannstíð um óðalsrétt og erfðaábúð. Er vitanlegt, að eftir ábúðarlögunum, sem nú gilda, eiga menn erfðafesturétt á ábýlisjörðum sínum, er þeir leigja af ríkinu. Það er rétt hjá hv. þm. Dal., að kirkjujarðasjóði veitist fullerfitt að standa undir þeim kröfum, sem gerðar eru af prestssetrunum um byggingar, og þess vegna er erfitt fyrir ríkissjóð að eiga jarðirnar. Þetta er reynt að fyrirbyggja með þeim ákvæðum í erfðafestulögunum, að ættirnar geti fengið jörðina byggða, þannig að börn taki við af föður. Með þessu er reynt að nota hina sterku hlið sjálfsábúðarinnar og fá ættirnar til að leggja fé sitt í jarðirnar, án þess að ættin þurfi að svara vöxtum af því. Þess vegna, ef að því kemur, að ágallar reynist á þessum lögum, þá er alveg sama, hvaða flokkar ráða, að þeir verða að reyna að koma því í það horf, að ættirnar verði ánægðar.

Ég held því, að það geti ekki verið deilumál, að við framsóknarmenn erum ekki fíknir eftir því að veiða jarðir undan bændum í eigu ríkisins, og þó frv. þetta nái fram að ganga, er það ekki til þess, að jarðirnar verði ríkiseign, heldur þvert á móti til að ná því takmarki að hjálpa duglegum, en fátækum bændum, sem eru að tapa jörðum sínum.

Ég hefi áður sagt það, að ég álíti, ef frv. þetta verður að lögum, þá ætti að beita ýtrustu íhaldssemi við framkvæmd þeirra, og ekki kaupa aðrar jarðir en þær, sem ábúendur eru duglegir menn og mundu flæmast frá að öðrum kosti.

Þá hafa sumir hneykslazt á því, að ekki á að sælast eftir að gefa mikið fyrir jarðirnar, og halda því fram, að það sé ólán, ef jarðirnar séu ekki í háu verði, og m. a. hefir einn maður úr minu kjördæmi skrifað um það nýlega, en það, sem liggur á bak við ábúðarlöggjöfina og þetta frv., er að bæta aðstöðuna til að búa á jörðunum, en það verður sízt, ef verð þeirra er hátt.

Ég ætla að taka eina jörð í Eyjafirði t. d.; ég geri það ekki af neinni glettni við neinn einstakan þm., heldur sem dæmi aðeins. (__MG__: Er það Hrafnagilið?). Já. Það er Hrafnagilið. Sú jörð var einu sinni seld á 4—5 þús. kr., en nokkrum árum seinna er hún seld á 40 þús. kr. Sá maður, sem keypti jörðina þá, er duglegur bóndi, og hann er búinn að leggja í jörðina h. u. b. jafnmikla upphæð í byggingar og aðrar umbætur. Þegar Jónas sál. Jónasson yfirgaf jörðina, var hún virt á 4—5 þús. En hvers virði er hún nú fyrir börn þess manns, sem búinn er að leggja í hana um 80 þús. kr.? Þetta er í sjálfu sér lagleg jörð og vel byggð, en það er trúa mín, að hún muni tæpast svara vöxtum af meira en sem svarar 20 þús. kr., og eru það þá 60 þús. kr., sem ættin er búin að leggja í jörðina, en hún svarar ekki rentum af. Þetta er hið stóra spursmál bændastéttarinnar, sem hefir verið reynt að leysa af öllum þingflokkum með lögunum um erfðaábúð og óðalsrétt, þ. e. að tryggja sjálfsábúð þeirra, sem það geta, og í öðru lagi, að þeir, sem ekki geta keypt sér jörð, en taka nýbýli eða aðra leigujörð, séu líka tryggir um sína ábúð.

Þess vegna er áreiðanlegt, að hv. þm. Dal. áttar sig á því, að þessi 2 mál styðja hvort annað, og að þetta mál hefir mjög sterkt fylgi vegna þess augnabliksástands, sem ríkir, að margir bændur eru að missa jörð sína undir hamarinn.

Vitanlega dettur engum í hug, að ríkið kaupi allar jarðirnar, og ég þykist vita, að of fáum verði bjargað, en það á að hjálpa þeim duglegustu. Hitt er misskilningur hjá hv. þm. Dal., að fyrir okkur vaki skipulagsbundin herferð á hendur bændum, og er það sýnt með afstöðu okkar til óðalsréttar og erfðaábúðar, en það, sem hefir gert okkur hneigða til þess, að ríkið kaupi jarðirnar, er hinn mikli samdráttur bændastéttarinnar og erfiðleikar á því að halda jörðunum í ættunum, þegar búið er að gera miklar umbætur á þeim.

Ég skal bara nefna tvær jarðir, aðra á Suðurlandi, en hina á Norðurlandi. Það eru höfuðbólin Selalækur í Rangárvallasýslu og Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu. Þegar ég var drengur, þá var talað um Sigurjón á Laxamýri sem efnaðan og sterkan sjálfseignarbónda, en níðurstaðan varð sú, að jörðin var of dýr fyrir ættina, og síðast var hún seld fyrir 90 þús. kr. Börn Sigurjóns réðu ekki við hana, og líkur eru til, að kaupandinn muni ekki heldur ráða við hana. — Sama er að segja um Selalækinn. Hann var bættur mjög mikið, og varð svo dýr, að ættin réð ekki við hann, og síðan hafa orðið einlæg eigendaskipti. Þetta ættu þeir menn að skilja, sem þekkja til í sveitum og eins og hv. þm. Dal. vilja í raun og veru auka sjálfstæði bændanna, og ættu þess vegna að sjá, að þetta brennt, óðalsréttur, erfðaábúð og þetta frv., styðja í rauninni að því sama og binda ættirnar fastar við jarðirnar og þar með vaxandi hl. fólksins í sveitunum, en þetta hefir aldrei tekizt hjá okkur. Norðmönnum hefir tekizt þetta, en hjá okkur er það undantekning, ef jörðin helzt í sömu ætt 100 ár eða svo, en í bændalandi eins og okkar ætti sama jörðin að vera mörg hundruð ár í eign sömu ættarinnar.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla ekki að taka mikinn þátt í þessum umr. En ég vil segja fáein orð út af ummælum hv. þm. S.-Þ. um, að ekki bæri að skilja flokk hans svo sem hann vildi sækjast eftir, að ríkið keypti jarðirnar, heldur væri þetta gert til þess að hjálpa bændum. Ég vildi benda á aðra leið, sem liggur nær, ef að hjálpa ætti bændum þeim, sem eiga erfitt með að standa í skilum. Og það er sú leið að hjálpa þeim með afborganir í ár, sem tæpastir eru, og svo aftur að ári, ef með þyrfti, og sjá hvort ekki rættist úr kreppunni.

Frá sjónarmiði þeirra manna, sem ekki þykjast vilja, að ríkið eignist jarðirnar, er réttara að grípa til þessa ráðs. Er það illa til fallið að taka einmitt erfiðasta tímann til þessara jarðakaupa, því með því er verið að svíkjast aftan að bændum og taka af þeim möguleikana til að halda jörðunum.

Ef það á að hjálpa bændum, þá er þetta ekki rétta leiðin, heldur hitt, sem ég gat um. Og það er ekki ákaflega stór upphæð, sem þarf. Var það upplýst við umr. í hv. Nd., hve há þessi upphæð væri, og er sýnt, að hún er ekki hærri en svo, að hægt er við hana að ráða.

Náttúrlega er hægt fyrir ríkissjóð að komast yfir margar jarðir, þegar þær eru teknar fyrir það eitt, sem á þeim hvílir, en fyrir vaxta- og afborganagreiðslu þarf þó að hugsa.

Hv. þm. S.-Þ. nefndi verðhækkun á jörðunum vegna umbóta á þeim. Það er náttúrlega ekki undarlegt þó að þær hækki í verði af þeim sökum. Eða hver skyldi leggja á sig að gera umbætur á jörðunum, ef ekkert kæmi á móti í verðhækkun? Hitt er það, að verðsveiflur vegna stríðsins koma ekki þessu máli við, vegna þess að enginn maður gat við þær ráðið, og þær hefðu komið jafnt, þó aðeins hefðu verið leiguliðar. Það er hægt að segja, að þessar sveiflur hafi verið tap fyrir þjóðfélagið, en þó er það meira á yfirborðinu en raunverulegt. Það, sem gerðist, var aðallega flutningur verðmæta milli landsmanna. Má í þessu sambandi minna á þá daga, að kaupamannskaupið var 100 kr. á viku og mjólkurlítrinn 1 kr. En það er ómögulegt að segja, þó að mjólkurlítrinn sé nú 30—40 aurar og kaupamannskaupið 35 kr. á viku, að mismunurinn sé tapaður. Mér sýnist það vera ólíkt skynsamlegra að hjálpa bændum með því að hlaupa undir bagga með greiðslu vaxta og afborgana í eitt eða tvö ár, þar sem ekki þarf nema tiltölulega lítla upphæð, en að rjúka í að kaupa jarðirnar. Og ég er viss um, að bændur mundu verða glaðari yfir því en þeim boðskap, að þeir geti selt ríkinu jörð sína, a. m. k. er ég sannfærður um þetta að því er snertir þá bændur, er ætla sér að búa áfram. En hitt getur verið rétt, sem hv. frsm. sagði, að þeir bændur verði glaðir yfir frv. þessu, sem ætla sér að yfirgefa jarðir sínar og flytja í kaupstað, og ég held, að það sé þeirra málstaður, sem verið er að styðja með frv. þessu.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Hv. þm. S.-Þ. spurði um það, hvaða úrræði ég vildi benda á í þessum vandræðum, ef ekki væri tekinn sá kostur, að ríkið keypti jarðirnar. Ég segi fyrir mig, að ég tel mig ekki undir það búinn að svara þeirri spurningu, enda getur það verið erfitt mál. Ég vil þó benda á, að það má vel orða þá till., sem kom fram frá minni hl. landbn. í Nd., að breyta 1. gr. frv. og láta hana hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að greiða kreppulánasjóði árgjöld ársins 1935 fyrir þá bændur, sem eigi hafa greitt það gjald fyrir 1. júní 1936, svo framarlega sem athugun á efnahag þeirra sýnir, að þeim sé ókleift að inna það af hendi, en hafa að öðru leyti aðstöðu til að halda áfram búrekstri.“

Ég vil benda á, að það má vel orða það, hvort þessi aðferð gæti ekki verið til mikils gagns, og ég efast ekki um, að hún er betri en sú, sem hér liggur fyrir.

Hann minnti á það, hvernig gæti farið, ef útlitið væri eins og það er nú á harðindasvæðunum. Eftir því, sem ég hefi hugsað mér, þá yrði það svo, ef allir væru landsetar, að þá mundu þeir þjóta upp til handa og fóta, segja jörðunum

lausum og flýta sér í kaupstaðina. Þannig mundi þetta koma miklum fólksflutningum af stað, en þeir, sem hefðu eignarrétt á jörðum sínum, mundu sitja kyrrir, og nú blasir við þeim prýðilegasta framtíð, snjór er leystur og jörð komin upp, græn og ófrosin, svo að ástæður þeirra eru engu lakari nú heldur en annarsstaðar á landinu, þar sem betra hefir verið í vetur. Þetta getur bent á, að það er ekki alltaf gróði fyrir landbúnaðinn að þjóta í eitthvað flaumósa. Það er með seiglunni og fastheldninni við sinn bústað, sem bændur hafa barizt áfram gegnum margskonar örðugleika. Það er seiglan og átthagaböndin, sem þar hafa átt sinn drjúga þátt, en með þessu sýnast þau verða miklu færri og veikari, og alltaf er verið að losa meira og meira um þá hnúta.

Ég verð að taka undir það, sem sennilega fyrrverandi kjósandi hv. 2. þm. S.-M. sagði og hann hafði eftir honum í sinni ræðu, að það væri sérstakt ólán, ef jarðirnar væru ekki í háu verði. Ég tel það mikið lán fyrir landbúnaðinn, að jarðirnar séu í háu verði, því að þá veit maður, að annaðhvort er prýðileg afurðasala eða góðæri eða hvorttveggja.

Ég vil ennfremur benda á eitt í þessu frv. Í 4. gr. þess stendur, að aldrei megi kaupa jarðirnar hærra verði en fasteignamat þeirra er. Ef þetta yrði að l., þá geri ég ráð fyrir, að reynt yrði af öllum, sem hafa í hyggju að selja jarðir sínar, að spenna þær sem mest upp við fasteignamat og koma þannig til leiðar tildursverði á jarðeignum, en svo verða allar lægra virtar. Annars virðist yfirleitt þetta frv. vera í áttina til þess að laða þá jafnaðarmenn, sem urðu svo ánægðir, þegar framsóknarmenn urðu svo stórvirkir að vera með óðalsréttarfrv., en þegar búið er að rétta fram litla fingurinn, þá er hætt við, að fljótt verði búið að hrifsa alla höndina.

*__Magnús Jónsson:__ Þetta mál er þannig vaxið, að ekki þýðir mikið að ræða það, enda skal ég ekki lengja umr. mikið.

Ég verð að segja, að mér finnst þetta mál með því ömurlegra, sem ég hefi séð koma fram á þingi, og ekki verður það minna ömurlegt eftir þeirri skýringu, sem hv. þm. S.-Þ. lét fylgja því, sem sé að þetta væri í raun og veru ekkert annað en áframhald af kreppusjóðshjálpinni til bænda, þ. e. a. s., að eftir að það opinbera hefir tekið þetta stóra tak með kreppusjóðsl., þá er svo komið, að þeir sömu menn, sem þar átti að hjálpa, hafa einskis annars úrskosta en að ganga frá öllu saman og það opinbera taki við jörðunum, náttúrlega fyrir sem allra lægst verð. Mér finnst þetta ákaflega ömurlegt, og ég er sannfærður um það, að svo framarlega sem þessi leið, sem farið er fram á í þessu frv., verður farin, og það er allt útlit fyrir, að hún verði farin, þá mun hún reynast sú langstórvirkasta dæla á fólkið úr sveitunum til kaupstaðanna, sem nokkru sinni hefir verið sett upp hér á landi.

Mér finnst það ákaflega einkennilegt, að í grg. frv. er fyrst af öllu talað um það, að því er manni skilst, sem ástæðu fyrir því, að þetta frv. er fram komið, hvernig fólkið hefir flutzt úr sveitunum í kaupstaðina, þannig að sæmilega efnaðir sjálfseignarbændur hafa selt jarðir sínar og farið með peningana til kaupstaðanna, en eignalausir menn tekið við í staðinn. Mér er gersamlega hulinn leyndardómur, hvernig þetta frv. á að koma í veg fyrir þetta. Ég sé ekki, að þessi l. breyti nokkru í þessu efni öðru en því, að hér kemur enn einn nýr kaupandi að jörðunum í viðbót. Menn mega eftir sem áður selja jarðir sínar og fara með andvirðið til kaupstaðanna, og þegar þessi nýi kaupandi kemur, er þeim gert hægara fyrir með það, þannig að margir, sem nú mundu vilja selja jarðir sínar, en fá ekki kaupanda að þeim, þeim opnast hér leið til að losa sig við þær.

Það má náttúrlega segja, að þegar maður selur jörð sína og fer til kaupstaðar, þá kemur nýr maður í staðinn, en það er alls ekki víst, að hann sé efnalaus, en það er nokkurnveginn víst, að þeir, sem koma til með að sitja á þessum leigujörðum, hvort sem það verða nýir menn eða ekki, þeir eru efnalausir. Það þarf víss efni til þess að geta keypt jörð. Ég held, að það sé ekki svo hlaupið í lánsstofnanirnar, að menn geti fengið hvern eyri út, án þess að þurfa að hafa nokkur efni úr að spila sjálfir.

Það er auðséð, að með þessu frv. er ekki farið fram á annað en að nota neyð manna til þess að ná frá þeim jörðunum til þess að framfylgja þeirri pólitísku stefnu, sem er eina ástæðan fyrir svona frv., þeirri pólitísku stefnu, að ríkið eigi jarðirnar, eins og allt annað, sem þarf til framleiðslunnar. Það er náttúrlega rík ástæða fyrir svona frv., en það er líka eina ástæðan, sem er nokkurs virði.

Það er svo með fjárkreppur, að þær skilja alltaf eftir mikil fleiður. Mér finnst það vera mikils virði, þegar svona kreppur ganga yfir, ef hægt er að komast hjá því, að þau fleiður beri varanleg merki. Það verður alltaf nokkurt ör, en það er svo, að lifið lifir, eins og skáldið segir, og það koma nýir menn í staðinn. En ég er ákaflega hræddur um, að merki þessara kreppuára, sem nú standa yfir, sjáist nokkuð lengi, ef þau eiga að verða til þess, að slík l. sem þessi verði sett og þar með stefnt að því að afnema alla sjálfseignarbændur í þeim sveitum, sem harðast verða fyrir kreppunni.

Nei, ef menn vilja fórna einhverju verulegu fé til þess að leysa yfirstandandi og yfirvofandi vandræði, t. d. við kreppulánasjóðinn, þá liggur nær að gera það, sem hv. 1. þm. Skagf. benti á og sömuleiðis kom fram í Nd., að ríkið noti eitthvað af þessu fé til þess að leysa þessi vandræði í svipinn. Það var svona aðferð, sem ég átti við, þegar ég minntist á, að það þyrfti að reyna að láta sárin ekki bera varanleg ör, styðja menn til þess, að þeir þyrftu ekki að ganga frá jörðum sínum, því að ef það yrði að koma fyrir, þá mundi það skilja eftir stórt og varanlegt ör á þjóðarlíkamanum.

Ég hygg, þó að mér sé það ekki fullkunnugt, að það þurfi ekki svo mikið til þess að greiða það, sem áfallið er, til þess að menn lendi ekki í vanskilum, að það sé ekki miklu mögulegra en það, sem hér er farið fram á. Ég get ekki heldur neitað því, að ég ber nokkurn kvíðboga

fyrir því, að framkvæmd þessara l. yrði ekki sem allra hreinust. Mér skildist á hv. þm. S.-Þ., að það ætti að gera talsverðan mismun, þegar atti að kaupa jarðirnar, að ekki ætti að kaupa nema af dugandi mönnum. Og með því að ég býst við, að ekki verði þá dugandi menn nema í einum flokki, þá þykist ég vita, að það þýði það, að menn eigi að hafa rétta skoðun, til þess að hlaupið verði undir bagga með þeim. Ég er ekki að segja, að það verði framkvæmt þannig, en ákaflega verður það erfitt mál fyrir þá, sem þessu eiga að stjórna, að liggja ekki undir neinum grun um, að l. sé misbeitt.

Hv. frsm. segir, að bændur margir mundu fagna þessu frv. Það er kannske hægt að gera ástandið svo ömurlegt, að menn fagni öllum breyt. Það er sagt, að Ítalir komi til að frelsa Abessiníumenn frá morðvörgum og brennuvörgum. Það getur verið, að ástandið sé svo slæmt hjá bændum, að þeir verði fegnir, að ríkið taki jarðir þeirra fyrir áhvílandi skuldir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 9:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:6 atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 595).

43. Brunamál.

Á 43. fundi í Ed., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál (þmfrv., A. 289).

Á 47. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)**: Eins og sjá má í grg. frv., flytur n. það eftir tilmælum hæstv. atvmrh. En tilefni frv. er kunnugt. Það er sá sorglegi atburður, sem gerðist í einu kauptúni hér í grenndinni nú um hátíðarnar. Er hér verið að setja ákvæði til fyrirbyggingar því, að slíkt geti endurtekið sig. — 2. gr. frv. mælir svo fyrir, að leyfi lögreglustjóra skuli þurfa til að mega halda skemmtanir í húsum, þar sem um er að ræða ófullkominn útbúnað dyra o. s. frv. Er atvmrh. heimilað að setja ákvæði um útbúnað í leikhúsum og öðrum samkomuhúsum.

Þetta frv. er samið í ráðuneytinu, og að sjálfsögðu hefir n. málið til meðferðar. Hefir hún ekki enn sem komið er rökrætt það að því er orðalag snertir og slíkt, en um efni þess er enginn ágreiningur. Vona ég, að hv. d. taki málinu vel, slíkt nauðsynjamál sem það er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 289).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 289, n. 551).
Of skammt var liðið frá úthýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Þetta frv. miðar að því að herða á ýmsum varúðarráðstöfunum gegn eldsvoða, sérstaklega í sambandi við samkomur. Í 1. gr. frv. eru ákvæði þess efnis, að sérstaklega skuli gætt varúðar, ef kertaljós eru höfð á jólatré. Er þetta sett að gefnu tilefni í vetur, sem hv. þdm. munu sjálfsagt minnast. — Þá er í 2. gr. frv. ákvæði um, að ekki megi halda slíkar jólatréssamkomur, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra, og að því tilskildu, að samkomuhúsin séu vel útbúin að því er snertir dyraumbúnað o. fl. Ennfremur er atvmrh. heimilað að setja í reglugerð fyllri ráðstafanir gegn eldsvoða, sérstaklega í leikhúsum, á jólatrésskemmtunum og öðrum opinberum samkomum. — Enginn ágreiningur var um þetta frv. í n., og geri ég ráð fyrir, af því að nú er mjög áliðið þings, að frv. fái greiðan gang í gegnum deildina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 596).

---

44. Fræðsla barna (frv. meiri hl. menntmn. Nd.).

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fræðslu barna (þmfrv., A. 148).

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Sigurður Einarsson:** Eins og frv. þetta ber með sér, þá er það flutt af meiri hl. menntmn. Með því er gerð tilraun til að skipa að nýju lögum þeim, sem nú gilda um fræðslu barna. Fyrsti kafli frv. kveður á um fræðsluskyldu barna, og er þar gert ráð fyrir henni nokkru fyllri en hún er nú. Sömuleiðis er í þessum kafla gerð sú breyt. frá gildandi l., að skólaskyldualdurinn skuli vera frá 7—14 ára, og er breyt. þessi gerð sökum þess, að það hefir sýnt sig, að í kaupstöðunum hefir ekki annað þótt fært en að skólarnir tækju að sér kennslu hinna yngri barna.
Annar kafli frv. fjallar um skólahald og kennsluskipun.
Í þriðja kaflanum, sem fjallar um skólahverfi og skólanefndir, fræðslunefndir og fræðsluráð, eru aðalnýmæli frv., svo og í næsta kafla, sem fjallar um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði. Að þessu sinni mun ég ekki fara að ræða nýmæli þessi til hlítar, en aðeins geta þess, að hér er verið að reyna að gera tilraun til að leggja grundvöll undir framtíðarskipun barnafræðslunnar.
Fimmti kafli frv. er um einkaskóla, en sjötti um próf. Sjöundi kaflinn er um námsstjóra. Ákvæði þetta var í lögum áður, en var ekki framkvæmt nema stuttan tíma, sakir fjárhagslegra örðugleika. En kennarar munu hafa verið nokkuð á einu máli um það, að námsstjórarnir höfðu mikla þýðingu fyrir barnafræðsluna yfirleitt, og því er þetta atriði tekið upp í frv.
Að síðustu skal ég taka það fram, að enda þótt frv. þetta sé ekki flutt nema af meiri hl. menntmn., þá mun samt n. öll taka það til athugunar í milli umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Gísli Sveinsson: Mér virtist réttara, að málinu væri formlega vísað til n.

Sigurður Einarsson: Ég hélt, að ég hefði tekið það fullgreinilega fram, að meiri hl. ætlaðist til þess, að frv. væri tekið til ýtarlegrar athugunar af allri n. á milli umr., en hinsvegar skal ég ekkert hafa á móti því, þó að því verði formlega vísað til hennar.

Forseti (JörB): Mér skildist, að fullt samkomulag hefði verið um afgreiðslu þessa máls, og því tel ég óþarfa að fara að vísa því til n.

Eiríkur Einarsson: Ég skal taka það fram, að ég kvaddi mér ekki hljóðs sökum þess, að ég á sæti í menntmn. og bjóst við, að frv. kæmi til hennar og mér gæfist því kostur á að athuga það þar.

Hannes Jónsson: Ég vil benda hæstv. forseta á, að það er ekki venjuleg eða eðlileg aðferð við afgreiðslu mála, ef ætlazt er til, að n. taki þau til meðferðar og gefi út nál., að vísa þeim ekki til þeirra. Mér virðist því, að það sé óþingleg aðferð, sem hér á að viðhafa um afgreiðslu þessa máls.

Gísli Sveinsson: Á ekki að vísa málinu formlega til n.?

Forseti (JörB): Það er misskilningur hjá hv. þm. V.-Húnv., að hér eigi að viðhafa eitthvað sérstaklega óþinglega aðferð. Mál þetta er flutt hér í d. af meiri hl. menntmn., og sá meiri hl. hefir lýst því yfir, að n. öll muni taka málið til *ýtarlegrar yfirvegunar á milli umr.* Hér er því um að ræða mjög þinglega aðferð. Annars vil ég benda hv. þm. á, að það er ekki venja að vísa málum til n., sem flutt eru af einhverjum nefndarhlutum.

Hannes Jónsson: Geti hæstv. forseti bent á eitt einasta dæmi í þingsögunni, að um mál, sem flutt hefir verið af einhverjum hl. nefndar, hafi verið gefið út nál., má vera, að þetta geti staðizt, en annars ekki.

Forseti (JörB): Það skiptir vitanlega ekki miklu máli, hvort hægt er í svipinn að benda á dæmi eins og hv. þm. V.-Húnv. var að tala um. En hitt vil ég benda honum á, að oft hefir komið fyrir, að málum hefir verið vísað til n. aftur, eftir að þær hafa skilað áliti sínu, og þær þá gefið út framhaldsnál.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal geta þess, að það hafa slæðzt nokkrar prentvillur í frv., einkum hefir 11. gr. ruglazt, og munum við í menntmn. flytja brtt. til leiðréttingar við 3. umr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er flutt af meiri hl. menntmn., og geri ég ráð fyrir, að

það hafi fengið athugun í n., en um það hafa sáralitlar eða jafnvel engar umr. orðið að þessu sinni hér í hv. d. Ég hefi ekki haft tíma til að kynna mér þetta mál sem skyldi og er því ekki tilbúinn að ræða um einstök atriði þess. En það er eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega beina athygli hv. n. að, því að ég geri ráð fyrir, að á milli umr. sinni hún málinu. — Í 4. kafla frv. er gert ráð fyrir því, að fræðsluhéruðin komi sér upp skólabyggingum, og er ákveðið í 15. gr., hvaða tekjur skuli renna til sjóðanna, sem stofna á í þessu skyni. Þar er tiltekið, að 10% af tekjum sýslusjóða skuli renna til fræðslusjóða, o. fl. ákvæði eru þarna. En það eru ef til vill einhverjir kunnugri því en ég, hvernig sveitarfélögunum mun ganga að standa straum af þessum skólabyggingum. Ég sé af þeirri grg., sem hefir fylgt frv., að það hafa verið skiptar skoðanir um það hjá hlutaðeigandi mönnum, hvort það sé réttmætt að skylda héruðin til að leggja í þessa sjóði. Ég vildi nú beina því til hv. n., hvort ekki væri rétt að hafa þetta heimild og hvort þetta gæti ekki komið þunglega niður, þar sem ærnir erfiðleikar eru fyrir að standa undir þeim greiðslum, sem hvíla á þessum sjóðum. — Annað atriði er það í sambandi við þessar skólabyggingar, sem ég vildi beina til n. Það eru ákvæðin í 17. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar við skóla utan kaupstaða og helming við byggingu heimavistarskóla, sem sé greitt jafnóðum og skólinn er reistur. Í sömu gr. segir ennfremur: „Heimilt er fjmrh. að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á lögboðnum skólabyggingarstyrk, ef fjárveiting hrekkur ekki til, og ábyrgjast lán fyrir skólabyggingarsjóði.“ Ég álít þessi ákvæði í mesta máta óvarleg. Ég álít, að það eigi ekki að afgr. þetta mál á annan hátt en þann, að það komi undir fjárveitingu Alþingis í hvert sinn, hvað mikið er lagt til þessara mála, en ekki farið eftir því, hvað mikið er lagt til úr héruðunum. Við höfum átakanlega reynslu fyrir því, hvernig getur farið, ef það er ótakmarkað, hvað ríkissjóður á að leggja til ýmissa málefna. Ég vil því alvarlega skora á n. að breyta þessu þannig, að ríkissjóður greiði að vísu ákveðinn hluta, en eftir fjárveitingu í hvert skipti fyrir sig. Ég er mótfallinn því, að ríkissjóði sé ætlað að taka lán til þess að leggja í skólabyggingar; líka finnst mér það vafasamt að láta ríkissjóð fara að ganga í miklar ábyrgðir fyrir skólabyggingarsjóðina. Ég held, að þessi ákvæði öll þurfi nákvæmrar endurskoðunar við. Ég vildi beina því til n. að vera að einhverju leyti í samráði við mig um breyt. á þessu. Ég skal ekki fara út í önnur atriði þessa máls; ég hefi ekki kynnt mér frv. nægilega vel til þess. — Ég rak mig aðeins á þessi atriði, sem snerta fjárhagslegu hlið málsins. Um þá fræðslulegu hlið ætla ég ekki að ræða; til þess skortir mig þekkingu á þeim málum yfirleitt.

***Eiríkur Einarsson:** Þar sem þetta frv. er flutt af meiri hl. menntmn., að ótilgreindu, hver sá meiri hl. er, vil ég taka það fram, að ég er ekki meðal flm. þessa máls. — Ég efa það ekki, að þetta frv. hefir mörg þörf og góð ákvæði að geyma og getur sjálfsagt um margt horft til bóta frá því, sem er. En vegna sérstakra atriða, sem eru aðalatriði, þá gat ég ekki verið flm. málsins. Það, sem ég rak augun í og þótti athugavert, það var, að mér þótti ekki tímabært að lögfesta skólaskyldualdurinn þannig, að öll börn í landinu skuli skólaskyld frá 7—14 ára aldurs. Ég er þeirrar skoðunar, að það verði að gæta mjög hófs í að færa skólaskyldualdurinn niður. Það mun í flestum tilfellum verða happadrýgst að láta heimilin sjálf kenna börnunum, að svo miklu leyti sem þau eru þess um komin. — Annað atriði er það í frv., að allsstaðar í landinu skuli vera heimavistarskólar. Þetta atriði er mjög um deilt, hvað hentast muni í þessu efni. Ég veit, að flm. gengur allt gott til með þessu og að þeir álíta, að þetta muni bezta ráðið til að lagfæra barnafræðsluna í landinu. En ég veit, að fjöldinn allur af fólki er á móti þessu fyrirkomulagi, og margir halda alveg því gagnstæða fram, að takmarkið eigi að vera heimangönguskólar. — Þriðja atriðið er það, sem fjmrh. hefir bent á, og það er fjárhagsatriði þessa máls, og það er ekki hægt að gera það að aukaatriði þessa máls. Ég vil ekki lengja umr. um þetta frv., en þessi 3 meginatriði, sem ég drap á, eru þess valdandi, að ég treysti mér ekki að vera flm. þess.

***Sigurður Einarsson:** Þó að ég sé einn af þeim nm., sem standa að flutningi þessa máls, þá vil ég strax við þessa umr. láta það í ljós, sérstaklega um einn kafla frv., að ég tel, að hann megi tæplega standa óbreyttur. En því miður hefir mér ekki unnizt tími til vegna annríkis við önnur þingstörf að ganga frá brtt., sem ég hyggst að bera fram við þennan kafla. Þetta er 7. kafli frv., þar sem talað er um námsstjóra. Þar er svo ákveðið, að umsjón með kennslunni hafi á hendi svokallaðir námsstjórar, sem skipaðir séu af kennslumálaráðh. Það er gert ráð fyrir, að landinu verði skipt í 6 eftirlitssvæði með einum námsstjóra á hverju svæði. Það er sérstaklega eitt atriði í 24. gr., sem ég vil vekja athygli hv. d. á og ég mun bera fram brtt. við við 3. umr. Það segir í gr., að til námsstjórastarfsins skuli velja hina hæfustu menn úr stétt ísl. barnakennara, og skuli þeir ráðnir til 5 ára í senn. Í fyrsta lagi hefi ég það við þetta að athuga, að sé valinn hinn hæfasti maður í starfið, þá sé hann ekki ráðinn nema til 5 ára í senn. Það er yfirleitt ákaflega hæpið, að nokkur fáist til þess að leggja á sig aukanám og vinnu í að kynna sér þessi mál sérstaklega, sem þörf er á, ef svo á að ganga þannig frá högum hans að skipa hann aðeins til 5 ára í senn. Mér skilst, að hið opinbera verði að taka á sig samskonar áhættu hér og í öðrum tilfellum, þegar það skipar embættismenn til einhvers starfa. — Það, sem ég hefi annað við þetta að athuga, er það, að námsstjórinn eigi endilega að vera úr stétt ísl. barnakennara. Það er ekki svoleiðis, að ég álíti ekki marga úr þeirri stétt hæfa til þessa starfa, en það er engum vafa bundið, að margir þeirra, sem mest hafa numið í uppeldisfræði, þurfa ekki endilega að vera úr stétt barnakennara. Mér er kunnugt um, að nýlega hefir lokið

háskólaprófi í uppeldisvísindum einn Íslendingur, frábær dugnaðarmaður. Með þessum ákvæðum mundum við ekki geta notað þennan mann fyrir námsstjóra. Og yfirleitt þó að einhverjum stúdentum t. d. þætti fýsilegt að búa sig undir þetta starf, þá kæmu þeir ekki til greina. (**Hann-J:** Er hægt að lifa á þessu starfi?). Það stendur ekkert um það hér í frv. Það eru engin ákvæði um, hvort menn geta lifað eða dáið af því. — Í 25. gr. segir, að skólastjórar kaupstaðaskólanna skuli vera námsstjórar yfir þeim, m. ö. o., þeir eiga að vera námsstjórar yfir sjálfum sér. Þessir skólastjórar eiga svo að eiga heimtíng á að fá aðstoð til að vinna sitt eigið embættisstarf, skólastjórnina, til þess að geta framkvæmt eftirlitið með sjálfum sér. Ég efast ekki um, að þetta ákvæði er þarna inn komið af þeim orsökum, að skólastjórarnir við stærri skólana hafa sótt þetta nokkuð fast, að öðrum væri ekki falið eftirlit með þeim en þeim sjálfum. Ég verð að segja, að mér finnast þessi ákvæði óhafandi eins og þau eru í frv. *Ég vildi ennfremur vekja* athygli hv. d. á því, að námsstjórum er eftir ákvæðum frv. ætlað að takast á hendur þó nokkurn hluta af störfum, sem nú heyra undir *fræðslumálastjóra. Allur þessi skilningur á hlut*verki námsstjóra er ekki á rökum reistur. Námsstjóri á að vera fyrst og fremst leiðbeinandi um dagleg störf og fyrirkomulag kennslunnar. *En að mínu áliti á sjálf yfirstjórn skólanna að* heyra undir fræðslumálastjórnina sjálfa.

Ég hefi ekki, eins og ég áðan tók fram, haft tíma til að semja þessar brtt., en ég vænti þess, að 7. kafli þessa frv. megi verða betur úr garði gerður en hann nú er.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fjmrh. hefir gert nokkrar aths. við 15. og 17. gr. frv., sem eru á rökum byggðar. Ég mun sjá um, að þetta verði athugað í n. Hvað viðvíkur lántökunum og ábyrgðum ríkissjóðs er það að segja, að þetta er gamalt mál. Það væri að mínum dómi engin ósköp, þó að ekki þyrfti að standa á ríkissjóði, þegar héruðin eru reiðubúin að leggja fram sinn hluta. En mér er kunnugt um, hvað þetta hefir gengið illa, og ég geri mér ekki vonir um betri endalok þessa máls nú á þessu þingi heldur en áður hefir orðið raun á.

Hv. 11. landsk. hefir ekki gætt þess, að í frv. er heimild til að veita undanþágu frá skólaskyldu 7—9 ára barna. Hitt tel ég nauðsyn, að færa skólaskylduna niður í 7 ár í kaupstöðunum, enda er hún víst nú þegar komin niður í 8 ára aldur.

Í sveitum ganga óskir manna allar í þá átt að fá þar heimavistarskóla. Og það þarf enginn að óttast, að reistir verði þar heimavistarskólar annarsstaðar en þar, sem fólkið óskar sérstaklega eftir því. *Á meðan tillagið til þeirra er ekki* nema 50—60 þús. kr. á ári, þá þarf áratugi til þess að byggja upp skóla landsins. Nú bíða jafnan milli 10 og 20 skólahéruð árlega eftir að fá styrk úr ríkissjóði til þessara hluta.

Um námsstjórana lít ég svo á, að skólastjórar í kaupstöðum séu hér í frv. ekki gerðir að eftirlitsmönnum með sjálfum sér, heldur með kennslunni yfirleitt og hinum kennurunum, og það eru þeir raunar, eins þó að þessi l. verði ekki samþ.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. gat þess, að hann vildi athuga á milli umr., hvort ekki væri rétt að hafa það ákvæði aðeins í frv., að ráðh. væri heimilt að fyrirskipa tekjuöflun til skólabygginga. Ég skora á hv. n. að athuga, hvort ekki er rétt að hafa aðeins í frv. heimild fyrir fræðsluyfirvöldin í hverju fræðsluhéraði til að afla þessara tekna. Ég held, að ákvæði frv. um þetta atriði, eins og þau eru, verði mjög óvinsæl, og að héruðum um landið þyki ekki rétt, að ráðh. geti risið upp og skyldað menn til þess að leggja á sig þessar álögur til þess að koma upp skólabyggingum, nema ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Slíkt væri vitanlega sjálfsagt um þau héruð, þar sem þessi mál væru ekki í góðu lagi, t. d. ef eitthvert ófremdarástand væri ríkjandi um húsnæði skólans og yfirvöldin í héraðinu vildu ekki eða sýndu tómlæti *í að bæta úr því. En ég álít mjög varhugavert* að ákveða, að ráðh. skuli t. d. á erfiðleikatímum skylda menn til þess að afla stórfjár til þess að byggja skólahús fyrir.

Ég veit ekki, hvað hv. menntmn. hefir athugað mikið þetta mál. Það er ekki heldur mitt verk að segja henni fyrir verkum. En ég álít mjög áríðandi, að mál þetta verði mjög vel athugað í n. Því að fyrir utan fræðsluhlið málsins grípur það mjög inn í fjárhagsmál sveita og ríkis. Og ég vil enn leggja áherzlu á, að þetta mál þarf mjög vel að athugast í n., áður en ákvæði um miklar fjárhagslegar álögur vegna þessara mála eru samþ. á þessum sérstöku erfiðleikatímum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17:1 atkv.
6.—9. gr. samþ. með 16:1 atkv.
10—13. gr. samþ. með 16:1 atkv.
14.—17. gr. samþ. með 16:1 atkv.
18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—23. gr. samþ. með 16:1 atkv.
24.—27. gr. samþ. með 15:2 atkv.
28.—31. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 148, 283, 354, 367).

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Menntmn. ber hér fram allmiklar breyt. á tveimur þskj., 354 og 367. Hefir n. tekið upp í till. aðalbreyt. hv. *þm. V.-Sk. Einn nm., hv. 9. landsk., hefir þó ó*bundið atkv. um frv.

Þó brtt. séu margar, þarf ég ekki að minnast á nema fáar. — 3. liðurinn á þskj. 354 er um að veita skólahverfum utan kaupstaða heimild til að færa skólaskylduna úr 7 árum upp í 8, 9 eða 10 ára aldur. Verður þetta að fara eftir húsrúmi og öðru, ekki sízt nú, þegar fjárveiting er lág til skólabygginga.

Næstu brtt. eru aðeins orða- eða formsbreyt. — 10. brtt. er um, að í skólanefnd sitji aldrei nema 3 menn; er það óþarflega þungt í vöfum, að hún sé skipuð 5 mönnum.

Þá skal ég nefna 14. og 15. brtt., sem eru bornar fram vegna aths., sem hæstv. fjmrh. gerði við 2. umr. Er nú felld burtu skylda ríkissjóðs að taka á sig ábyrgðir vegna skólabygginga. Er það svo um þessar brtt., eins og ýmsar fleiri, að ég hefði heldur kosið að hafa þessar gr. eins og þær eru í frv., en hefi þó til samkomulags fallizt á þær. Er hér eingöngu um heimild að ræða fyrir sýslusjóðina, sem ég vænti, að enginn standi á móti, þar sem hún verður ekki notuð nema af frjálsum vilja þeirra, sem hlut eiga að máli. Ég vil ennfremur benda á, að það er full ástæða að vera með því, að svona heimild sé veitt, því þróunin hefir oft gengið þannig, að fyrst hafa verið gefin heimildarlög, sem hafa síðar, ef þau hafa reynzt vel, orðið að allsherjarlögum.

Þá eru ekki fleiri brtt. á þessu þskj., sem ástæða er til að minnast sérstaklega á. Hinar eru um smáatriði eða sem bein afleiðing af öðrum breyt.

Aðalbrtt. á þskj. 367 er um námsstjórana. Er gert ráð fyrir að breyta því ákvæði frá því, sem nú er, á þann hátt, að skipun námsstjóranna sé bundin því skilyrði, að fé sé veitt til þess á fjárlögum.

Þá er ákvæði til bráðabirgða um launakjör kennara, sem í raun og veru heyrir undir launalög, en vegna þess að breyt. snerta launakjör kennaranna er það tekið með hér, þangað til það verður fellt inn í l.

Ég er hræddur um, að það sé fullmikið, að ætla hverjum kennara 50 börn meðan þeir eru ekki nema 1—3 við skóla, og því er gefin heimild um að víkja frá þessu, ef staðhættir eða önnur skilyrði gera það nauðsynlegt. Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna. Og þó ég sé þessu fremur mótfallinn, hefi ég gengið inn á það til samkomulags, til þess að draga úr ótta við kostnaðinn.

Það má nú segja, að allmikið hafi verið dregið úr frv. frá því, sem það var upphaflega, en þeim ákvæðum haldið að fækka kennurum eftir því, sem stöður losna, og lengja starfstímann. Enda er það nauðsynlegt bæði vegna barna og kennara, ekki sízt í kaupstöðum, þegar ómögulegt er fyrir kennarana að hafa fé upp úr sumarvinnu, auk þess sem það getur gert mikið gagn með því að forða börnum frá götunni. Einnig getur það orðið til mikils sparnaðar fyrir bæjar- og sveitarfélögin, þar sem húsrúmið notast miklu betur á þann hátt, og þau komast því af með minni hús en ella. Það er stærsta atriðið, að allt, sem nýtt er í frv., miðar að því, að saman fari hagsmunir kennara og barna.

Þó ekki séu tekin upp ákvæði um heimavistarskóla nú, er að því stefnt, og þróunin gengur ótvírætt í þá átt. Er fjöldi héraða, sem sækist eftir að koma þeim upp. En þó stefnt sé að því að koma upp heimavistarskólum, getur það ekki gengið hraðar en eftir því, sem þingið veitir fé til þess í fjárl., og þannig mun ekki verða hægt að fullnægja nema þeim, sem fastast sækja eftir breyt. Það mundi fyrst verða eftir langan tíma, að það þyrfti að þvinga hreppa til að reisa skólabyggingar, sem þeir væru mótfallnir. En því fleiri ár sem líða, því meiri líkur eru til þess, að þeir hreppar, sem standa á móti þessari breyt., muni sækjast eftir henni, til þess að verða ekki á eftir í þróun fræðslumálanna og sæta ekki lakari skilyrðum um fræðslu barna sinna en aðrir hreppar njóta. En frv. þetta markar í mörgum greinum stefnu framtíðarinnar um samfærslu skólanna og áþekk kjör viðvíkjandi barnafræðslu í sveitum eins og nú eru í kaupstöðum. Það mun ekki venjulegt, að n. verði samþykkar um jafnviðtækar brtt. og þessar. Og ég vænti, að það, að nm. hafa beygt saman höfuð sín og orðið sammála um að bera allir fram sömu brtt., verði til þess, að málið fái fljóta og örugga afgreiðslu á þessu þingi.

*__Gísli Sveinsson:__ Herra forseti! Það frv., sem hér liggur fyrir, er ekki nýr gestur hér. Það kom fram á síðasta þingi og var þá lítið við það gert. Ég leyfi mér einnig að fullyrða, að sá undirbúningur, sem málið hefir fengið, sé harla einhliða í samanburði við það, sem vera ætti, þegar það er haft í huga, að mál þetta á að ná inn á hvert heimili í landinu. Það hefir líka verið upplýst, og var reyndar gefið, þegar athugað er, hverjir unnu að þessu máli í svokallaðri mþn., sem hafði málið til meðferðar, að þeir mundu líta nokkuð sérhliða á málið. Því að það mun hafa verið svo, að til starfa þessa hafa verið valdir einungis skólamenn, sem ekki eru úr héruðum utan kaupstaðanna. Það má í öðru lagi segja, að furðu gegni, hversu hljótt hefir verið um þetta mál á Alþingi, hversu lítið hv. þm. hafa látið það til sín taka yfirleitt, sem ég tel, að hafi komið fram í því, að nú fyrst, alveg á síðustu stundu þessa þings, sem er annað þingið, sem mál þetta liggur fyrir, nú á allra síðustu stundu þessa þings er farið að bera fram brtt. við þetta frv. Málið er þannig lagt fram nú, að því fylgir engin grg. önnur en sú, sem í öndverðu fylgdi því, en það er vísað til hennar. Hv. menntmn. þessarar d. hefir ekki séð sér fært að sinna málinu neitt. Það lítur út fyrir, að menntmn. hafi ekki haft lyst á að taka málið alvarlega. Meiri hl. þeirrar n. bar að vísu málið fram. En maður er nú orðinn því svo vanur, að menn beri fram hin og þessi mál, þó að þeir sömu menn séu í raun og veru þeim ekki samþykkir, og enginn flm. vilji helzt bera ábyrgð sjálfur á flutningi málanna. Þegar einhver meiri hl. n. ber þannig fram mál, þá eru þau vísast þannig til komin, að ríkisstj. vilji ýta málunum áfram, kannske af áhuga fyrir málunum og kannske af skyldutilfinningu, þó merkilegt sé um hæstv. núv. stj. Ég hafði vænzt þess, að n. hefði unnið betur að málinu. Ég vil heyra frá þeim hl. n., hvað hann vill leggja til þessara mála, sem ekki taldi sig í meiri hl. í n. Því að það er kunnugt, að á þessu þingi hafa ýmsir þm., sem eru í fleiri n., svo mikið að gera, að þeir munu ekki hafa tíma til að kynna sér öll mál svo sem skyldi, sem liggja fyrir þeim n., sem þeir eru í, svo sem kunnugt er. Og þannig hefir það orðið fyrir mér. Ég hefi ekki haft tíma né verulega

löngun til að blanda mér í þetta mál, fyrr en á elleftu stundu, er það var sýnt, að enginn mundi taka sig til og kryfja það alvarlega. Og þess er ekki að vænta af meiri hl. n., að hann taki það alvarlega. -- Þetta er formáli minn fyrir því, að ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 283, sem eru að sumu leyti allvíðtækar.

Þessar brtt. taka nú til ýmissa atriða og ýmissa ákvæða frv., sem eru meginatriði þess. En það má segja, að í frv. og þessum brtt. beri mest á fjórum atriðum, þ. e. a. s., það eru 4 atriði í frv., sem ég tel höfuðatriði þess.

Skylt er að vísu að geta þess þegar, að menntmn. virðist hafa vaknað, þegar þessar brtt. komu frá mér, og síðan hefir hún sýnilega farið að fara í gegnum frv. og gera við það brtt., sem nú eru komnar fram allýtarlegar á þskj. 354 og 367, sem snúast um sömu meginatriði og brtt. mínar á þskj. 283. Og mínar brtt. á því þskj. hafa verið teknar upp í brtt. n. í meginatriðum, og er ekkert nema gott um það að segja. Að því leyti er tilgangi mínum náð, úr því að n. hefir einum rómi tekið til greina það, sem ég hefi hreyft. En að sumu leyti hefir n. þó ekki tekið allskostar í sama streng og ég, og mun ég víkja að því síðar.

Þessi fjögur atriði, sem að mínum dómi eru höfuðatriði frv., en líka mikill ásteytingarsteinn fyrir mig og aðra, sem sjá víðar en aðeins yfir kaupstaðalóðirnar, eru þau, sem nú skal greina.

Í fyrsta lagi skólaskyldualdurinn. Það er engin nýlunda, að talað sé um skólaskyldu hér, og heldur ekki nýlunda, að uppástungur komi fram um að haga henni á ýmsa lund. Þessar uppástungur hafa gjarnast gengið í þá átt eina, að þessi svo kallaða skólaskylda barna byrjaði á sem allra yngstum aldri. Það hafa verið færð rök fyrir því, að þetta geti haft fullan rétt á sér á einstökum stöðum, og þessir staðir eru kaupstaðirnir. Það er vitað, að það er allt öðru máli að gegna, þegar talað er um börn í kaupstöðum, sem eru dögum og mánuðum saman á mölinni í kaupstöðunum og götum bæjanna, heldur en um börn í sveit. Engum manni, sem er kunnugur í sveit, dettur yfirleitt í hug að bera saman kjör kaupstaða- og sveitabarna að þessu leyti eða að segja, að það sé jafnsjálfsagt, að öll börn í sveit eigi að vera skólaskyld eða fara í skóla og njóta handleiðslu kennara utan heimilis þeirra á ýmsum tímum árs, eins og um kaupstaðabörn. Það má segja, að nokkur og sumsstaðar full nauðsyn sé á þessu í kaupstöðum landsins. Ég hygg líka, að mönnum komi yfirleitt saman um það, að það sé mikils virði, að kaupstaðabörn gætu verið sem mest uppi í sveit, jafnvel mestan hluta þess tíma, sem við köllum sumar. En þó að hægt væri að ráða fram úr þessum málum, þá mundi engum koma til hugar, að kennari þyrfti að fylgja börnunum upp í sveitina. Ég held, að menn við það að athuga þetta gætu orðið sammála um, að náttúran sjálf, og að öðru leyti góð aðbúð barnanna, gæti orðið börnunum bezti kennari og leiðbeinandi, og að heilsu barnanna væri um leið bezt borgið með því, að börnin fengju þannig að lifa í náttúrunni. En börn í sveit geta lifað og hrærzt í náttúrunni heima í sínum heimilum, og er þess vegna því minni ástæða til að láta þau hafa kennara yfir sér yfir sumarið, og þó lengri tími sé tiltekinn.

Ég og margir aðrir telja, að börn á mjög ungum aldri eigi að vera undir handleiðslu heimilanna, en ekki kennara utan heimila þeirra; það síðartalda sé þeim óhollt. Þetta er mín skoðun, og tala ég þar ekki út frá neinu heimaalningssjónarmiði, heldur þykist ég vera í góðu samræmi við reynsluna, er ég fyllyrði, að það sé ekki hollt börnum á aldrinum 7—10 ára að vera undir hendi kennara utan heimila sinna yfir lengri tíma, kannske kúguð til að sitja við lexiulærdóm. Á þeim aldri er þeim eðlilegra að hafa annað fyrir stafni. Það þori ég að fullyrða, að ef börnin, hvað sem öðru líður, fá að þroskast sem eðlilegast og bezt á þessum aldri, þá er það áreiðanlega sá bezti undirbúningur undir það nám, sem bíður þeirra við 10 ára aldurinn, sem er núverandi skólaskyldualdur þeirra. Það er sannarlega nógu langur tíminn, sem börnin eru látin vera innan húss til þess að reyna að troða í þau fróðleik úr bókum svo miklum, að enginn sér fram á, að börn geti tileinkað sér á þeim aldri neitt svipað því.

Ef hægt væri að uppfylla aðrar skynsamlegar kröfur um barnafræðslu, þá held ég, að börnum væri vel borgið með það, að skólaskyldualdur þeirra væri 4 ár, eins og verið hefir, til þess að nema inni í skólastofum undir hendi kennara bókleg fræði. Það getur verið, að börn innan við 10 ára aldur, sem eru í kaupstöðum og ekkert er hægt að gera við, svo vel sé, heima á heimilum þeirra yfir daginn að vetrinum, sé gott að hafa undir handleiðslu góðra manna á vissum til þess ætluðum stöðum, hvort sem það nú þyrftu að vera kennarar eða það væru einhverjir aðrir yfir þeim til þess, að þau nemi undirstöðuatriði þess, sem þeim er í lífinu nauðsynlegt að vita deili á. En slíka fræðslu væri enganveginn endilega nauðsynlegt að veita með bóknámi. En það er sannarlega nóg, að þau fari að sitja yfir bókum, þegar þau eru orðin 10 ára.

Skólaskyldualdur er og má vera frá 7 til 14 ára í kaupstöðum. En ég legg áherzlu á það, að það má engan veginn ætlast til þess, að aldurinn innan við 10 ár eigi að notast til að læra þá mestmegnis bóklega fræði, þ. e. a. s. til bókalestrar. Menn tala réttilega um það, að undirstaðan undir allri fræðslu sé það að kenna að lesa. Má um það deila, hvenær sé hentugast að byrja að kenna börnum að lesa, því að börn eru mjög misjöfn að þroska, sem kunnugt er. En þó að börn að sjálfsögðu eigi að vera orðin læs 10 ára, þá er hinu enganveginn þar með slegið föstu, að þau eigi að byrja á að læra að lesa svo og svo ung. Það fer mikið eftir upplagi, hvenær hentast er að þau byrji á því. Og svo framarlega sem heimilin nú og verða um langan tíma að annast lestrarkennsluna, þá tel ég, að heimilin eigi að vera alveg sjálfráð um það, hvenær þau byrji að kenna börnum að lesa, hvort það er byrjað þegar börnin eru 4—5 ára eða 6—8 ára. En nú er því til að svara, að allur þorri heimila keppist um að láta börn byrja að læra að lesa mjög snemma. Samt sem áður verður það tíðara með hverju ári sem líður, að börn koma illa læs í skóla 10 ára, verr læs heldur en áður var, að sagt er. Sé svo,

þá getur það ekki komið til af því, að heimilin öll slái slöku við lestrarkennsluna frekar en réttmætt væri. En ég hygg, að þar sem þetta á sér stað, þá eigi það rót sína að rekja til þess, að öll löggjöf virðist miða að því að taka þessa kennslu úr höndum heimilanna og fá hana í hendur einstökum mönnum utan þeirra. Þessi stefna í löggjöfinni getur og hefir verkað þannig á sumt fólk, að það fer að hugsa sem svo, að það taki því ekki að fara að pína börnin til þess að læra það heima hjá aðstandendum þeirra, sem eftir l. er hægt að láta kenna þeim í skóla. Þessi óholli hugsunarháttur virðist vera að færast í auka, ekki sízt í kaupstöðum.

Hv. þm. V.-Ísf. taldi það sjálfsagt takmark, og sem óðfluga yrði keppt að, að stofna heimavistarskóla um landið þvert og endilangt. En ég og fleiri hv. þm. erum á móti því, og það er langt frá, að landslýðurinn yfirleitt áliti það sem sjálfsagt takmark.

Brtt. minar fara í fyrsta lagi fram á það, að breyta ákvæðunum um skólaskyldu barna þannig, að aðeins í kaupstöðum og kauptúnum með 5000 íbúa eða fleiri séu börn skólaskyld á aldrinum 7—14 ára, en á öðrum stöðum 9—14 ára. Þótt ég teldi öllu borgið, þó að miðað væri áfram við aldurinn 10—14, þá geri ég þetta að till. minni og tel það mega að skaðlausu.

Nú hefir hv. n., þegar hún fór að taka málið alvarlega, horfið að nokkuð líku og tekið þessa till. til greina, en orðað hana nokkuð á annan hátt. Tel ég, að við það megi hlíta, því að eftir till. n. er ákvæðið um, að skólaskyldualdur skuli vera 7—14, en hitt sem undanþága. Yrði það þá svo, að úti um land yrði sú undanþága sem aðalregla, og kemur það frá mínu sjónarmiði í sama stað niður.

Þá eru það heimavistarskólarnir. Í 6. gr. frv. er svo fyrirskipað, að heimavistarskóla **skuli** hafa fyrir öll þau börn, sem sökum vegalengdar geta ekki gengið í skóla. Þetta lítur sæmilega út á pappírnum, en þegar betur er athugað, hver er höfuðtilgangurinn með þessu, þá er hert, að það liggur á bak við, að það er verið að gera það að aðalreglu, að heimavistarskólar séu upp teknir. Þá fer þetta að verða nokkuð óákveðið og undir valdi annara komið en þeirra, sem mestu eiga hér að ráða, því að það er og verður álitamál, hvenær börnin geta ekki gengið í skólann sökum vegalengdar.

Ég tel þess vegna óheppilegt, að þetta „skulu“ sé látið standa í gr., og fyrir því hefi ég komið með brtt. um, að þetta skuli orða svo: „Heimavistarskóla má stofna fyrir öll þau börn, sem ekki geta gengið í skóla sökum vegalengdar, þegar samþykkt hefir verið um það gerð af öllum réttum aðiljum.“ Þar vísa ég til 17. gr., því að rétta aðilja í þessu efni tel ég þá, sem eiga að kosta börnin. N. aftur á móti leggur til, að 2 fyrstu málsgr. orðist svo: „Í hverju skólahverfi skal gera skólahús á hentugum stað, sem fræðslumálastjórn samþykkir, heimangönguskóla þar, sem staðhættir leyfa, en heimavistarskóla þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sakir vegalengda í skólahverfinu.“ Þetta er betra en í frv., þetta gefur meira svigrúm, því að í frv. er í raun og veru ætlazt til, að heimavistarskólar verði reistir víðsvegar um land, og síðar í frv. er ákveðið, hvernig slík skólabákn skuli reist, en þó ekki sagt nóg um það, því að með þessu frv., ef að l. verður, eru numin úr gildi fræðslul. frá 1926. Ég tel aftur, að full trygging náist ekki með till. n., heldur aðeins með minni till., því að þar er það ekki ákveðið, að heimavistarskóla skuli reisa, heldur að megi reisa þá, þegar réttir aðiljar samþ. Eftir frv. má reisa stóra heimavistarskóla, sem kæmu til með að gleypa börn af stórum svæðum, en eftir till. n. er ætlazt til, að í hverju skólahverfi skuli reisa skólahús. En um það, hvernig skuli standa straum af stofnun þeirra og starfrækslu, eru, svo sem hv. þm. mun vera kunnugt, ákvæði í 14. og 15 gr., sem bæði ég og hv. n. hefir gert brtt. við, og þá aðallega við ákvæðin um þessa sjóði, sem þar um ræðir.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir, að í hverju fræðsluhéraði skuli vera fræðslusjóður. Það er skylt að stofna hann eftir frv. Þessi sjóður á eftir því, sem gr. segir, að standa straum af kennslunni, og í sambandi við þessa fræðslusjóði skal líka stofna skólabyggingarsjóð, en hann á að standa straum af skólabyggingunni.

Að því er snertir fræðslusjóðinn, því að hann er undirstaðan þarna, þá er ég á móti því, að það sé skilyrðislaus skylda að stofna hann, og geri því brtt. við það. Legg ég því til, að 1. málsliður 14. gr. orðist svo: „Í hverju fræðsluhéraði getur sýslunefnd að fengnum tillögum hreppsnefndar stofnað fræðslusjóð, er stendur straum af útgjöldum til barnafræðslunnar.“ Á þetta hefir hv. n. alveg fallizt, því að mín brtt. stendur orðrétt í 13. brtt. hennar. Hún er því fallin frá því, að skylda skuli ríkja um þetta, og er það vel. Hún hefir séð eins og ég, að það náði engri átt að skylda öll héruð til þess að stofna slíka sjóði og skylda héruð til þess að halda uppi þessum sjóði. Sömuleiðis hefir n. tekið upp svipað ákvæði og ég lagði til, að yrði lögfest, sem sé, að þar sem fræðslusjóðir eru ekki stofnaðir, skuli fara um greiðslu kostnaðar við barnafræðsluna eftir núgildandi reglum. Ég er því alveg þeirrar skoðunar, að n. hafi í þessu tilliti farið rétta braut. Mun ég því fylgja till. hennar eins vel og mínum að því er þetta snertir.

En svo eru ákvæði 15. gr., sem n. hefir líka gert brtt. við í samræmi við brtt. sínar við 14. gr. Hefir hún þannig lagt til, að í staðinn fyrir, að stofna skuli skólabyggingarsjóð, sé það aðeins heimilt, og það er líka alveg rétt og eftir því, sem ég tel, að vel megi við hlíta, þó að ég hafi ekki viljað orða það þannig, heldur leggi til, að þar, sem fræðslusjóðir hafa verið stofnaðir, skuli stofna skólabyggingarsjóð, því að það getur verið rétt að stofna hann þar, sem fræðslusjóður hefir verið stofnaður, en ég sló höfuðvarnaglann með a-lið till.

Þá eru ákvæðin um tekjuöflun skólabyggingarsjóðs, sem ég tel hæpið, að megi haldast óbreytt. Í 15. gr. a-lið er sjóðnum ætlað til tekna 10% af þeim tekjum sýslusjóðs, sem lagðar eru á hvern hrepp eftir skattaframtali. Þetta tel ég, að megi ekki lögfesta.

Ég tel, hvað sem framgangi fræðslumálanna líður, að það sé mjög hæpið að fara **beint** að

skylda sýslusjóð til þess að leggja svo mikinn hluta af tekjum sínum í þennan sjóð, og ég vil ekki vera með í því. Og þótt till. n. nái fram að ganga, sem ég tel réttmætt, þá mun ég ekki geta fylgt því, að taka eigi þetta framlag, en verð að hlíta b- og c-liðnum. D- og e-liður virðast mér mest út í loftið, þar sem talað er um tekjur sjóðsins af sektum, samskotum og gjöfum. Virðist mér það vera sett mest til að prýða upp á tekjuöflun frv., án þess að menn geri sér miklar vonur um tekjur þar af. Sérstaklega álít ég a-liðinn varhugaverðan, sem gerir ráð fyrir, að 10% af tekjum sýslusjóðs skuli fara í þennan sjóð. (**PHalld:** Allt að 10%). Já, en maður þekkir nú það um slík ákvæði, að það er ekki venjan að fara í það lægsta, sem heimilað er, en fremur haldið sig við hámarkið.

Þá er 4. höfuðatriðið, sem ég tel, að frv. hafi inni að halda og ég geri brtt. við. Það er um hina svokölluðu námsstjóra eða eftirlitkennslu. Eins og kunnugt er þeim, sem lesið hafa frv., þá er 7. kafli um þessa eftirlitskennslu. Þetta er ekki nýtt atriði, því að nú eru til l. um þetta efni, þó að framkvæmd þeirra hafi verið frestað á ýmsan hátt. Þessi ákvæði eru í l. nr. 35 frá 1930, og legg ég til, að þau l. verði nú felld úr gildi, svo að ekki verði til tvennar reglur um þetta efni. En ég tel, að ekki sé rétt að lögleiða, að skylt skuli að halda uppi þessari eftirlitskennslu eða hafa þessa námsstjóra, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil því, að þessu sé þannig hagað, að það sé heimild, — fræðslumálastjórn geti sameinað tiltekna hluta landsins utan kaupstaðanna í eftirlitssvæði, ef meiri hluti skólanefnda á svæðinu og fræðsluráð æskja þess. Ég tel þetta sem sé enga lífsnauðsyn, ef kennarar eru sæmilegir, sem yfirleitt má gera ráð fyrir, þar sem þeir hafa verið undir handleiðslu hinna færustu fræðimanna í þessum greinum. Ég tel því enga þörf á því, að hafðir séu þeim til eftirlits menn, sem eru kannske ekkert betur vaxnir starfinu en þeir sjálfir. Við, sem börnin eigum, erum ef til vill ánægð með þessa kennara og þurfum því engan til þess að segja þeim til. Hinu er ég ekkert á móti, tel, að það geti verið og megi hafa þessa eftirlitsmenn hlaupandi út um götur í kaupstöðunum. Frv. gerir ráð fyrir, að skólastjórar séu námsstjórar hver í sínum skóla, en ég vil hafa þar hausavíxl og láta þá lyfta sér upp með því að fara hver í annars skóla, en ekki láta hvern líta eftir sjálfum sér. N. leggur aftur á móti til í sínum seinni till., að námsstjóra skuli skipa, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Má vel við það hlíta, því að þá ræður Alþingi í hvert sinn, hvort þessir menn eiga að vera hlaupandi, gangandi eða farandi um landið.

Fundartíma er nú að verða lokið, og hleyp ég því yfir ýmislegt, sem þörf hefði verið að minnast á. Vil ég þó benda á það, að n. hefir ekki séð sér fært að hreyfa við 18. gr., sem ég hefi séð ástæðu til að hreyfa við. Hún ræðir um þá skóla, sem eru einstakra manna eign. Ég álít, að skólar geti verið góðir, þó að það séu ekki landsins skólar. Ég tel því óþarft fyrir löggjöfina að leggjast á þessa skóla með ákvæðum tilgangi og setja þá á lægri bekk. Þess vegna hefi ég komið með brtt. við þessa gr., og þá fyrst við enda 1. málsgr., þar sem stendur „enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar", en ég vil segja: „enda lúti slíkir skólar eftirliti fræðslumálastjórnar." Getur þá fræðslumálastjórn ráðið með samkomulagi við hlutaðeigendur, hvernig þessum skólum er hagað, eða verið um það einráð. Ég tel ekki brýna nauðsyn á því, að þessir skólar lúti sömu reglum og landsins skólar. Þeir geta verið góðir, þó að þeir hafi einhverjar aðrar reglur.

Í annan stað tel ég réttara, að 2. málsgr. sé ekki orðuð eins og hún er í frv., þar sem segir, að kennarar við slíka skóla verði að uppfylla öll skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um rétt til að kenna í barnaskólum landsins. Mér finnst duga, að þeir hafi samþykki fræðslumálastjórnarinnar til að annast kennsluna. Hér er ekki um neina háskóla að ræða, heldur aðeins barnaskóla, og þá fyrst og fremst smábarnaskóla. Frv. heimtar kennaramenntun af þessum kennurum, svo að enginn má halda á barni og láta það lesa, nema hann hafi próf þar upp á. Eins og við, sem höfum leyfi til þess að tala hér á þingi, eigum ekki að fá að ráða, hverjum við felum að kenna börnum okkar að lesa. Við þurfum ekkert lagaboð til að vísa okkur til vegar þar. Þess vegna vil ég kveða svo að orði, að kennarar við slíka skóla skuli hafa samþykki fræðslumálastjórnar, enda þótt þeir hafi ekki uppfyllt öll skilyrði, sem heimtuð eru af kennurum við skóla ríkisins, sem verða að hafa gengið í gegnum kennaraskóla eða kennaraháskóla.

Ég á ýmislegt eftir, en nú slær klukkan, og mun ég því láta staðar numið að þessu sinni, en mun taka aftur til máls, ef þurfa þykir, þegar málið verður aftur tekið til umr. hér í d.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skal vera stuttorður. — N. hefir nú tekið upp ýmsar þær breyt., sem ég vildi, að gerðar væru við 2. umr., og kann ég henni þökk fyrir. Yfirleitt finnst mér, að allar brtt. n. séu til bóta, og verði þær samþykktar, get ég fellt mig sæmilega við frv. En það er eitt atriði, sem ég vildi gera fyrirspurn um. Í skjali, sem mér hefir borizt, þar sem reiknaður er út af fræðslumálaskrifstofunni sá kostnaðarauki, sem þessi breyt. fræðslulaganna muni hafa í för með sér, er gert ráð fyrir, að kennslutíminn verði 9 mánuðir í kaupstöðum, en 9½ mán. utan kaupstaða. Og jafnframt er reiknað út, að þessi kostnaðarauki muni verða 16 þús. hér í Reykjavík. En eftir því, sem ég hefi komizt næst, þá mun ekki í þessum útreikningum reiknað með fleiri kennurum en þeir eiga að verða endanlega, þegar búið er að koma flokkuninni í framkvæmd. Ég vil því spyrjast fyrir um, hvort þetta sé ekki rétt skilið. Og þegar ég greiði atkv. með frv. út úr deildinni, mun ég gera það í þeirri trú, að kostnaðaraukinn af því verði ekki meiri en fræðslumálaskrifstofan hefir reiknað út. Ég sem sagt treysti því, að á meðan kennararnir eru fleiri en þeir eiga endanlega að vera, þá verði kennslunni komið fyrir á þann veg, með styttingu kennslutímans eða á annan hátt, að kostnaðaraukinn verði ekki meiri en nú er ráð fyrir gert.

Þá legg ég mikið upp úr þeim till, hv. n.,

sem miða að því, að gera fólki léttara fyrir að fá undanþágu frá skólaskyldunni, og eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá tel ég brtt. hv. n. yfirleitt til bóta.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 148, 283, 354, 367).

*__Sigurður Einarsson:__ Ég kann ekki vel við, þegar hv. þm. V.-Sk. eyðir miklum tíma í að deila á menntmn. fyrir það, að hún hafi ekki séð sér fært að sinna þessu máli neitt. Þó það kunni að verða til að styggja þennan hv. þm. eða hryggja hann, þá verð ég að láta hann vita, að það eru alls ekki hans brtt., sem urðu þess valdandi, að n. fór að sinna málinu meira og að hún hefir athugað það svo rækilega og komið með sínar brtt. svo fljótt. Það er alls ekki svo, að n. hafi ætlað að vanrækja málið og að hún hafi vaknað við brtt. þm. V.-Sk. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um skólaskyldualdurinn, þá verð ég að bæta við nokkrum orðum. Það má vel vera, að einstaka mönnum sé það þyrnir í augum, að skólaskyldualdurinn er færður niður í 7 ára aldur. En reynslan hefir orðið sú í öllum kaupstöðum landsins, að ekki hefir verið kostur á að rækja kennsluna sem vera ber, nema með því að færa skólaskyldualdurinn niður, af þeirri ástæðu, að börnin koma ólæs í skólann. Þetta hefir leitt til þess, að undanfarin ár hefir allsstaðar verið stefnt að því að færa skólaskyldualdurinn niður. Og jafnvel neðan við þennan aldur er fólk að kaupa dýrum dómum kennslu fyrir börnin, af því að þau eru ekki komin í skóla. Allur þorrinn af heimilum í kaupstöðum er ekki fær um að leysa þetta starf af hendi, af því að það er enginn til þess, og menn verða þess vegna að kaupa það að. Alveg samskonar ástæður eru fyrir hendi í sveitunum. Hv. þm. virtist gera mjög mikið úr heilnæmi sveitaloftsins; náttúran og aðbúð sveitabarnanna væri svo miklir kostir, sem þau hefðu fram yfir kaupstaðabörnin, að ekki þyrfti að sjá sveitabörnunum fyrir viðlíka fræðslu og í kaupstöðunum. Þó að þetta skipti að vísu miklu máli, þá hefir það sýnt sig, að þetta er ekki einhlítt. Ég get tekið undir það, að það er nokkuð til í því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, að síðan fræðslulögin gengu í gildi hér, þá hefir fólkið slegið áhyggjum sínum upp á skólana um uppeldi barna sinna, eins og hv. þm. komst að orði. En ráðið við þessu er ekki að gera skólana þannig, að þeir verði ekki færir um að taka við þessu verkefni, sem fólkið leggur þeim á herðar, heldur gera þá færa um að takast þetta á hendur. Ég verð að líta svo á, að þetta frv. sniði af núverandi skipulagi marga galla og geri tryggilegt, að börnin njóti nauðsynlegrar fræðslu. — Þá vil ég víkja að því, sem fram hefir komið í þessum umr. og verið mörgum þyrnir í augum, en það eru heimavistarskólar í sveitum. Nú er fengin allýtarleg reynsla um þá. Það var talsverður uggur í mönnum, áður en þetta komst á, um að fyrirkomulagið yrði óvinsælt, að menn mundu kveinka sér við að láta börn sín dvelja svo lengi burtu frá heimilinu, og svo við þeim kostnaði, sem af þessu leiddi. En reyndin hefir orðið sú, að þar sem sæmilega hefir tekizt til um val starfsmanna, þá er síður en svo, að menn séu hikandi við að senda börn sín á þessa skóla. Mörg heimili fagna því að geta sent þau þangað, af því að þau vita, að þar njóta þau heilsusamlegri aðbúðar en illa stödd heimili geta veitt börnum sínum. Að hinu leytinu sýnir það sig, að þar sem vel og skynsamlega er haldið á þessu, þá verður þetta ekki svo ýkja dýrt fyrir heimilin, og þau geta greitt það að mestu með afurðum sínum. Ég er sannfærður um, að þó það kunni að verða langsótt og erfitt að koma upp heimavistarskólum í sveitum, þá er það það, sem ber að stefna að. Þó að farkennslan hafi orkað furðu mikils um að halda barnafræðslunni í horfinu, þá er ekki því að neita, að aðstaðan til þess að reka þá starfsemi, bæði vegna húsnæðisskorts og lítils tíma kennarans handa hverjum hóp barna, mun verri en verða mundi í föstum heimavistarskólum. Hv. þm. V.-Sk. gerði ráð fyrir, að slíkir skólar mundu verða mikið bákn og að það væri ástæða til að fleiri hreppar slægju sér saman um byggingu þeirra. En ég held, að það sé óþarfi að gera ráð fyrir því, heldur finnst mér trúlegra, að þeir verði svipaðir að stærð eins og þeir, sem þegar eru komnir. Það eru hæfilegir skólar fyrir einn kennara og í hæsta lagi einn með honum. Ég sagði við 2. umr., að kaflinn um námsstjóra í frv., eins og það lá fyrir, væri þannig, að það væri ástæðulaust að lögfesta hann, enda var þar talsvert hjal á við og dreif um þetta mál. En ég held, að n. hafi ráðið bót á þessu með því að gera ákvæðin skýrari og leggja það á vald löggjafarvaldsins, hvenær slík starfsemi skuli upp tekin, og að það verði bundið við, að til þess verði veitt fé á fjárlögum. En ég get ekki tekið það sem neina röksemd á móti námsstjórunum, að það sé óviðfelldið að setja leiðbeinanda yfir þá kennara og skólastjóra, sem foreldrar eru ánægðir með. Foreldrarnir geta verið ánægðir með skólahaldið, þó það sé langt frá því að vera eins og það á að vera. Með því móti verður að gera ráð fyrir, að foreldrarnir hafi yfirleitt meira vit á skólahaldi heldur en maður, sem hefir sett sig inn í þau mál. Ég skal ekki flytja langt mál um þetta, en ég verð að líta svo á, að þetta frv. með þeim breyt., sem menntmn. leggur til á því, sé býsna mikilvæg framför frá því skipulagi um fræðslumál, sem við nú eigum við að búa.

*__Eiríkur Einarsson:__ Álit menntmn., sem hér liggur fyrir, ber að forminu til helzt með sér, að n. sé ágreiningslaus um málið. En þetta er ekki að öllu leyti satt, og ég hygg, að hv. þm. V.-Ísf. hafi látið þess getið fyrr við þessa umr. málsins, að ég hafi gert ágreining í n., og er það rétt hermt. Ég var búinn að láta þess getið, þegar mál þetta var til 1. umr., að þótt margt horfði til bóta samkv. þessu frv., væru þau meginatriði fléttuð inn á milli og óaðgreinanleg frá kostum frv., sem mér þættu svo viðsjárverð, að ég treysti mér ekki til að fylgja þeim og stuðla að lögfestingu þeirra.

Til þess að þær endurbætur næðust, sem allir ættu ágreiningslaust að geta orðið sammála um, að þyrftu að eiga sér stað, hygg ég hefði þurft að byggja þetta frv. upp á annan veg en gert hefir verið, nefnilega skipta því í tvo meginkafla, barnafræðslu í þéttbýli — kaupstöðum og kauptúnum — annarsvegar, og í strjálbýli hinsvegar. Því að það er sitthvað í meðferð barna vegna staðhátta og kringumstæðna, sem er svo ólíkt í kaupstöðum og sveitum. Af þessu kemur það, að ég hefi að nokkru leyti fallið frá meðnm. mínum í menntmn., að ekki er um þessa eðlilegu og nauðsynlegu skilgreiningu að ræða. Ég veit að vísu, að nokkur hót er í máli, að málið hefir skýrzt í meðferð menntmn., m. a. veitt mikilsverð undanþága, sem væntanlega verður framkvæmd helzt í sveitum og ég álít miða í rétta átt. Þar sem stefna frv. var skólaskylda um alla landsbyggð fyrir 7 ára börn, er nú komin heimild fyrir heil skólahéruð að veita almenna undanþágu fyrir hin yngri börn. Þetta sjálfsákvörðunarvald heima fyrir ætti auðvitað að draga nokkuð úr áhættunni fyrir sveitafólkið, sem er því andvígt að senda börnin svona ung frá sér. En markmiðið er nú samt sem áður þetta, skólaskylda 7 ára barna, og ég veit, að það er fjöldi manna úti um landið, sem er hreint og beint andvígur skólaskyldu svo langt niður. Hitt er mér vel ljóst og vil láta það koma fram hér, að eins og ýmsir í sveit eru frábitnir því að senda börn tiltölulega ung úr föðurgarði, að sama skapi er þvert á móti nauðsynlegt fyrir marga í kaupstöðum, sérstaklega R-vík, að senda þau ung að heiman hluta dagsins undir handleiðslu kennara, ekki síst þegar sú handleiðsla getur átt sér stað á þeim árstíðum, sem börnin eiga ekkert athvarf yfir daginn. Því að fyrir mörg kaupstaðabörn er ekkert athvarf í veröldinni, þar sem þau geta verið yfir daginn, nema óhrein og glapin gatan, og sér því hver maður, hvers virði er fyrir þau að eiga athvarf undir handleiðslu kennara. Þessa aðstöðu fullyrði ég, að ég skilji alveg til hlítar. Það er því nokkur ástæða til að stefna að 7 ára skólaskyldu í kaupstöðum, en þetta stefnumið fyrir sveitina er mörgu sveitafólki mjög óviðfelldið. Það kunna að vera skiptar skoðanir, en ég veit, að fjöldamargir hafa imugust á þessu, og ég er einn í þeirra tölu. Þeir, sem því láni eiga að fagna til sveita að eiga góð heimili í orðsins beztu merkingu, munu margir vitna um það með mér, að ekki er til betri staður fyrir börnin heldur en heima hjá sínum foreldrum, og vera þar sem lengst, þó að kennari og skólaheimili sé ágætt líka.

Nú eru sum foreldrahús ekki góð, og það skapar óvissu í málinu og gerir því eðlilegt, að skoðanir séu nokkuð skiptar. En því miður eru skólarnir líka sjálfir nokkuð misjafnir. Sumir kennararnir eru afbragðsmenn og jafngilda góðum foreldrum, en sumir hreint ekki. Í öllu þessu er misjafn sauður í mörgu fé. Og ef út af ber, þá er því verr farið, því fleiri sem koma saman, ef óheppilegt hefir reynzt val kennarans.

Nei, það hefir ekki hvatt mig til að fylgja málinu í heild, hvernig þar er blandað saman því, sem ætti að vera aðskilið, þar sem aðstæður í sveit og kaupstað eru svona ólíkar í þessu efni. Og þrátt fyrir hina aðkallandi nauðsyn þess í kaupstöðum að lækka skólaskyldualdurinn eða hafa hann lágan, þá finnst mér lítt gera til, þó að ákvæði þessa frv. séu ekki lögfest, því að slík heimild er einmitt til í fræðslulögunum frá 1926, og er sumstaðar notuð. Þar sem almennur vilji er fyrir því að taka börnin til skólakennslu allt niður í 8 ára aldur, þá veita núgildandi fræðslul. heimild til þess.

Þá er og annað meginatriði, sem ég tel, að hefði átt að vera alveg sérgreint fyrir sveitina. Stefnumið þessa frv. er að gera smám saman landið allt að stórum skólahéruðum um heimavistarskóla. Því að það segir sig sjálft, að stór svæði úti á landsbyggð geta ekki sameinazt um heimangönguskóla, heldur heimavistarskóla. Þetta veit ég, að margir til sveita eru myrkfælnir við. Veit ég, að þetta frv. talar mjúkt og milt um þetta atriði, og það á að búa svo um hnúta, að samkomulag á að vera um, hvernig þessu skal hagað og hve stór skólahéruðin skuli vera. En ef ágreiningur er, er úrskurðarvaldið eðlilega í höndum fræðslumálastjórnarinnar í landinu. Þá er heimaákvörðunarvaldinu ekki lengur til að dreifa, og segi ég þetta ekki af því, að ég telji þetta óeðlilegt.

Ég staðhæfi, að það eru ákaflega skiptar skoðanir úti um sveitir landsins, hvort eigi að stefna að heimavistarskólum, og þá mjög stórum. Ég hefi verið svolítið að hlera eftir þessu þar, sem heimavistarskólar eru. Í þeirri sveit, sem ég er kunnugastur og upp alinn, Gnúpverjahreppi, er heimavistarskóli, sem búinn er að starfa í nokkur ár. Sveitin er meðalsveit, um 30 bú. Ég get borið það og fullyrt, að fyrir liggur margfaldur vitnisburður þessarar sveitar um það, að hann hefir gefizt ágætlega. Ég hefi talað um við fólk, hverju eigi helzt að þakka, að börnin njóta skólans svona vel. Heyri ég marga þakka það aðallega tvennu, að kennarinn er í alla staði til fyrirmyndar, svo að ekki er hægt að kjósa betri kennara, Hinu atriðinu heyri ég marga glögga menn einnig leggja mikið upp úr, að þessi skóli sé hæfilega stór. Börnin eru hvorki of mörg né fá. Þau koma úr hæfilega stóru byggðarlagi, frá fólki, sem þekkir hvað annað, og félagsskapur er á milli þeirra.

Ég skal ekki skýra þetta lengur. En ég gæti hugsað, að ef stefna á að því að reisa stóra skóla, sem taki til 2—3 sveita og fjölda margra barna, svo margra, að kennarastarfið fer að bera á sér lögreglusvip, eins og stundum þarf á að halda í barnaskólaportinu hér í Reykjavík, þá fer málið að horfa allt öðruvísi við. Þegar börnin eru orðin mjög mörg í hóp, verður um fjöldafræðslu að ræða, og þá missir fólkið hina fullu öryggisvissu um það, að vel gefist.

En með því að þannig er nú ástatt, að fræðslul. frá 1926 eru svo víðsýn og frjálsleg, að þau veita einmitt heimild til, að sveitir slái sér saman og stofni skóla, þá þarf enga nýja lagasetningu til þess að þetta megi gera.

Þá er enn eitt atriði í þessu frv., sem ég á erfitt með að átta mig á til fulls og viðkemur kostnaðarhlið málsins. Það eru þessir blessaðir námsstjórar eða milliliðir, sem koma á milli

fræðslunefnda og fræðslumálastjórnar. Það er gert ráð fyrir einum sex fyrir utan Rvík. Ég hefi nú enga heimild til að halda annað en að þetta geti verið í höndum ágætra manna nytsamt starf. En það er nú svo, að nú á dögum er oft hreyft andmælum gegn því að stofna ný embætti. Og eitthvað yrðu þessir menn að fá fyrir snúð sinn, því að þetta yrði yfirgripsmikið starf, sem kostar tíma; það er ofætlun að ætlast til, að þeir vinni það fyrir örlitla greiðslu. Þó ekki sé nema þetta, þá álít ég, að í þeim tón sé nú almennt talað um stofnun nýrra embætta, að maður verði að hika við að stofna ný embætti.

Ég vil þá segja að síðustu, um leið og ég hefi gert grein fyrir afstöðu minni annarsvegar, að ég viðurkenni, að frv. hefir kosti að geyma, þá tel ég jöfnum höndum, að margt af því bezta, sem felst í frv., sé heimilt samkv. gildandi fræðslul., þó að það sé útfært nánar og lengra leitt í þessu frv. en í fræðslul. En hinsvegar séu ágallarnir, sem lúta að landsbyggðinni og ég hefi getið um, allveigamiklir. Og þeir eru þess valdandi, að ég treysti mér ekki til þess að láta telja mig á neinn hátt flm. frv. Þess vil ég láta getið, að ég vil ekki mæla á móti nýjum fræðslul. af því, að ég telji umbætur á þessu sviði neitt smávægilegt málefni. Þetta er eitt stærsta mál þjóðfélagsins, og sem alltaf er á dagskrá, hvernig eigi að leggja undirstöðuna að því að gera börnin að góðum og nýtum mönnum. Og hverjir, sem þess eru vaxnir, að vaka yfir uppeldi barnanna, þeir verða ekki of vel launaðir. A. m. k. er hastarlegt, að slíkir menn, ef þeir leysa starfið vel af hendi, séu hornrekur í mannfélaginu. Með tilliti til þess, að barnakennarar eru svo skammarlega launaðir, að þeir geta varla lifað, vil ég því manna fyrstur gerast liðsmaður við sanngjarnar till. til endurbóta á því sviði.

*__Pétur Ottesen:__ Það virðist nú, að það sé nokkur upplausn í þinghaldi, enda er farið að líða að þinglokum, eftir því sem sagt er. Og vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann vildi prófa, hvort menn eru virkilega á brott viknir úr húsinu, eða hvort þeir væru í hliðarherbergjum, með því að láta þá heyra svolítið í bjöllunni. (__Forseti:__ Sjálfsagt! — Hringir). Það virðist þá vissa fyrir því, að þessir vökumenn þjóðarinnar séu utan húsveggjanna, en ekki innan húss, úr því að aðvaranir forseta hafa ekki meiri áhrif en raun ber vitni um, og þá er að taka því. (__PHalld:__ Það verður bezt að slíta fundi). Ég get frestað minni ræðu, ef vill. (__Forseti:__ Mér virðist fullsómasamlega skipuð deildin, eftir því sem nú standa sakir). Litlar eru nú kröfurnar, sem hæstv. forseti gerir til stundvísi og árvekni þm., og vænti ég, að þetta komist inn í þingtíðindin. Réttast væri að láta nú fara fram nafnakall, til þess að vernda heiður þeirra fáu, sem eftir eru.

En viðvíkjandi því máli, sem nú er til umr. og ekki vekur nú meiri athygli en dæma má eftir fundarsókn hér nú, get ég mjög skirskotað til þess, sem hv. þm. V.-Sk. hefir í alllangri og snjallri ræðu á laugardaginn haldið fram um þetta mál. Hann sýndi það mjög ljóslega, að þeir, sem undirbjuggu þetta frv., hafa tiltölulega lítið hugsað um þá hlið málsins, sem snýr að sveitum þessa lands með þeirra sérstöku kringumstæðum að því er fræðslu barna snertir. Till. hafa miklu meir verið miðaðar við það ástand, sem er í þéttbýlinu, og þá sérstaklega í kaupstöðum landsins. Auk þess sem það er nú ekki neitt smávægilegt atriði í þessu máli, að það fáist sem allra viðtækast starfssvið fyrir þann mjög svo hraða vöxt, sem er í kennarastétt þessa lands, og búa í haginn fyrir hana svo sem bezt væru föng á. Er það í sjálfu sér ekkert undarlegt, fyrst og fremst þegar á það er litið, að það eru eingöngu kennarar, sem hafa fjallað um þetta mál, og hefir starfssvið þessara kennara einmitt legið í kauptúnum og kaupstöðum þessa lands.

Hinsvegar virðast ekki hafa verið gerðar miklar né viðtækar athuganir um það, hvað mundi eiga bezt við úti um sveitir landsins. Þess vegna er það, eins og hv. þm. V.-Sk. benti svo greinilega á, að þetta frv. ber alveg eindregin og ég vil segja nokkuð einhliða merki þess, að einmitt þessir menn hafa farið höndum um málið. En ég vil taka undir það með hv. þm. V.-Sk., að það má ekki bera kringumstæður sveitanna fyrir borð, þegar málið er til meðferðar og á að fá afgreiðslu á þingi, þó að svo hafi skipazt um val þeirra manna, sem undirbjuggu málið, og frv. hafi verið byggt á þeim grundvelli, sem þeir lögðu. Enda felst fullkomin viðurkenning á því, að þetta frv. hafi verið þannig úr garði gert, þegar í þeim till., sem menntmn. hefir borið fram í þessari d., sem ýmist eru teknar úr þeim brtt., sem hv. þm. V.-Sk. hefir áður flutt í hv. d., eða þá byggðar á svipuðum grundvelli. Þessar till. fela í sér fulla viðurkenningu á þeirri vöntun í undirbúningi þessa máls með tilliti til hinna sérstöku kringumstæðna í sveitum landsins. Nefni ég þar til brtt. n. um skólaskyldu, þar sem sveitirnar eiga alls ekki samleið með kaupstöðunum. Sveitirnar skulu í þessu efni hafa heimild til undanþágu, en vera þó undir vald fræðslumálastjórnar gefnar og mega ekki fara að sínum högum um það, hvernig skólaskylda sé.

Þá er ennfremur eitt af meginákvæðum þessa frv., að í stað þess að frjálst sé, hvort hreppar séu út af fyrir sig um skólahald, eins og er samkv. núgildandi l., þá skal nú í venjulegum kringumstæðum skólahéraðið ná yfir sýslufélagið, þegar um sveit er að ræða. Og þar sem yfir þessar stærri heildir verður sett sérstök yfirstjórn, skólanefnd og fræðsluráð, þá eru náttúrlega horfin úr sögunni þau einkayfirráð, sem hver heild út af fyrir sig, það er að segja hreppurinn, hefir til þess að skipa þessum málum eftir því, sem þeir hafa hentugast álitið miðað við þær kringumstæður, sem fyrir hendi eru á hverjum stað. Hér er þess vegna þrengt mjög að umráðarétti hinna einstöku aðilja, hreppanna.

Samkv. frv. á nú barnafræðsla sveitanna að færast í það horf að fara fram aðallega í heimavistarskólum. Frv. er byggt upp á þessu, og er

að vísu veitt nokkur undanþága, sem óhjákvæmilegt er, þó að ekki sé litið á annað en þann mikla kostnað við að koma upp slíkum heimavistarskólum. Mér er sagt, að það kosti 2 millj. að minnsta kosti, eins og það er hugsað. Enn inn á þessa braut er stefnt með frv. til þess að þoka málinu áleiðis, meðal annars með því að veita meiri styrk til slíkra bygginga, helming kostnaðar, í stað þess að veita ⅓ kostnaðar við að byggja heimangönguskóla. Þetta fyrirkomulag hefir ýmsa kosti, — því ber ekki að neita. En það má ekki heldur loka augunum fyrir því, að það hefir líka ókosti, þó að hv. 9. landsk. gerði ekki mikið úr kostnaðaraukanum fyrir menn með slíku skólafyrirkomulagi.

Það ætti nú ekki að vera torskilið neinum þeim, sem nokkur kynni hafa af sveitunum, hve miklu þyngra kemur niður á fólki að greiða bein útgjöld fyrir kennslu barna sinna heldur en að geta miðlað þeim af heimilisforða sínum. Þessi breyt. hefir því ærinn kostnað í för með sér. Auk þess fara börnin ýmislegs á mis á þennan hátt, a. m. k. móðurumhyggjunnar, sem veitir þeim mest öryggi og gefur þeim allajafna bezt veganesti. Að börnin verði í einu og öllu að hlíta forsjá vandalausra manna um námstímann, getur brugðizt til beggja vona, eins og dæmin sýna um heimavistarskólana. Þannig veit ég dæmi um tvo heimavistarskóla í Árnessýslu, þar sem ástandið er þannig, að foreldrarnir álíta skólana ekki hollari en svo, að þeir hafa tekið þá ákvörðun að taka börn sín burtu úr skólanum, ef sömu kennarar verði þar áfram. Þetta hafa hv. þm. Árn. viðurkennt, a. m. k. sá þeirra, sem sæti á í fjvn. Svona getur farið, og áhættan er því sannarlega ekki lítil, þegar dæmi eru fyrir því, að foreldrar neyðast til að gera uppreisn gegn sínum eigin stofnunum, eftir að búið er að koma þeim á fót með geysilegum kostnaði. Hin dæmin eru þó mörg, og sjálfsagt miklu fleiri, að börnum sé hvorki misþyrmt andlega eða líkamlega í slíkum skólum, heldur séu undir handleiðslu kennara, sem vilja ganga þeim í föður- og móðurstað.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af kennurum eingöngu, og aðallega eða eingöngu af kennurum úr Rvík. Aðrir hafa ekki farið um það höndum þangað til nú. Menn úti um sveitir landsins hafa því alls ekki gert það upp við sig enn, hvort rétt sé að fara inn á þessa braut. Hér á að vera um endanlegt skipulag að ræða, og því er engin furða, þótt sá mikli hluti þjóðarinnar, sem í sveitunum býr og á að búa við þetta skipulag, vilji fá að átta sig á því, hver á að vera framtíð þessara mála.

Mér er kunnugt um, að í sveitum landsins eru margir þeirrar skoðunar, að athugandi sé, hvort ekki sé rétt að byrja á þeirri aðferð meira en verið hefir að halda uppi eftirlitfræðslu á þann hátt, að einn kennari hafi á hendi kennslu miklu fleiri barna en nú tíðkast, svo að hægt verði að sameina 3—4 hreppa eftir stærð í eitt fræðsluhérað. Kennarinn kenni vissan tíma á hverjum stað, en hefði jafnframt eftirlit með þeim börnum, sem þann tíma væru ekki undir beinni handleiðslu hans. Mér er kunnugt um það, að margir sem hafa forystuna í skólanefndum í sveitum landsins, hallast að þessu fyrirkomulagi. Ég vil í þessu sambandi benda á till. meiri hl. fjvn. í fyrra um þessi mál, þar sem einn af forystumönnunum í skólamálum landsins var fremstur í flokki. Nú hefir sami hv. þm. flutt frv. í Ed., sem gengur í svipaða átt og bær till. Þetta frv. gengur út á það, að búið sé við bráðabirgðafyrirkomulag í þessum efnum næstu þrjú ár, meðan verið sé að fullbúa framtíðarskipulag. Að vísu er ætlazt til, að þegar sé breytt nokkuð frá þeirri tilhögun, sem nú er, en ég álít, að frv. gangi þó í rétta átt og gangstæða við frv. það, sem hér liggur fyrir. Flm. þess vill fremur draga úr innisetum barna á hörðum skólabekkjum, en láta þau njóta meiri fræðslu í hinni frjálsu náttúru til andlegrar og líkamlegrar hollustu.

Þar sem nú kemur fram hér í Nd. í þessu frv. harðdrægur vilji barnakennaranna, en í Ed. kemur fram skoðun, sem á mikinn stuðning úti um sveitirnar, þykir mér það viðurhlutamikið að knýja fram svo einhliða skipulag sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Og ef það verður gert, er það gert á móti vilja alls þorra sveitafólks, sem vill fá tíma til að átta sig á því, hversu þessum málum verði bezt fyrir komið.

Eins og hv. þm. V.-Sk. sagði, eru mjög ólík viðhorf gagnvart þessum málum til sjávar og sveita. Þar sem það frv., sem hér liggur fyrir, er algerlega byggt á viðhorfi kaupstaðanna, er það ekki ósanngjörn krafa, að sveitirnar fái einnig að láta vilja sinn í ljós um það, hvernig þessi mál verði bezt leyst.

Ég skal geta þess í þessu sambandi, að hv. þm. S.-Þ. flytur till. um að setja við þeim leka, sem m. a. hefir borið á í Árnessýslu, eins og ég gat um áðan, með því að gefa foreldrum og forráðamönnum barna meira svigrúm til þess að ráða því, hverjir eru kennarar barna þeirra. Hann leggur til, að kennarar við heimavistarskóla séu ekki ráðnir nema til eins árs í senn, en ekki í raun réttri æfilangt, eins og nú er, nema stórfelld afbrot komi fyrir, en vitanlega getur oft lent í stappi við stjórnarvöldin um það, hvort brotið sé svo stórt, að kennarinn sé látinn fara, jafnvel þótt almenn óánægja sé orðin með kennarann í héraðinu. Það virðist vera réttara og heppilegra á allan hátt, að foreldrar og ráðamenn sveitanna hafi meiri ráð í þessu efni en verið hefir.

Mín skoðun er því sú, að ekki eigi að afgreiða þetta mál nú, heldur eigi að fara inn á þær brautir að koma á bráðabirgðaskipulagi, eins og hv. þm. S.-Þ. leggur til. Þótt e. t. v. væri ástæða til þess að breyta frv. hans eitthvað í einstökum atriðum, þá er heildarstefna þess alveg rétt að mínum dómi. Ég mun því leyfa mér að bera fram svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

Með því að skoðanir manna eru allmjög skiptar um það, hvernig náð verði beztum árangri í barnafræðslunni með kleifum kostnaði, eins og dæmin sýna nú á Alþingi, þar sem fyrir þessu þingi liggja tvö gerólík og sundurleit frv. um þetta efni, annað fyrir þessari deild, um framtíðarskipulag fræðslumálanna, en hitt fyrir Ed., um bráðabirgðaskipulag þeirra, hvorttveggja frá forystumönnum í kennarastétt, þykir deildinni

ekki tímabært að setja nú framtíðarlög í þessu efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

*__Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson)__: Ég hefi ekki mörgu að svara, en þó gefur ræða hv. þm. Borgf. mér ástæðu til þess að segja nokkur orð. Það er ekki svo oft, sem það kemur fyrir, að hann og hv. þm. S.-Þ. séu sammála, að það er full ástæða til að þykja slíkt bráðralag grunsamlegt og ætla, að eitthvað sérstakt búi undir. Og því ríkari er þessi ástæða, þar sem þeir eru nú sammála um það, að setja bráðabirgðalög um barnafræðslu í landinu. Bráðabirgðalög er venjulegast að setja um tolla eða skatta eða eitthvað, sem á að afnema aftur. En bráðabirgðalög um barnafræðslu virðast tæplega koma til greina, nema það sé tilætlunin að afnema hana á næstunni, eins og þegar tollur er felldur úr gildi. — Nei, annaðhvort verða þau lög, sem nú gilda um barnafræðsluna, að haldast, eða önnur ný að koma í staðinn til frambúðar. Þar verður ekkert millispor stigið.

Brtt. hv. þm. V.-Sk. þarf ég ekki að tala um né heldur svara ræðu hans, því að hún var öll miðuð við frv. óbreytt, en ekki eins og það er með brtt. menntmn. Hann hafði um frv. ýms óvingjarnleg orð, sem ég get ekki verið að tína upp.

En ég vil fullyrða það, að þetta mál er vel undirbúið eftir því, sem gerist um mál á Alþingi, þótt ekki fylgi nál. frv. Því fylgdi í stað þess álit mþn. þeirrar, sem undirbjó málið og samdi frv., og loks álit allra skólanefnda, sem hafa kært sig um að láta það í ljós. Ég held, að mál séu ekki betur undirbúin en þetta á Alþingi að öllum jafnaði.

Menntmn. hefir orðið sammála um að breyta ýmsum ákvæðum frv. í heimildir. Ég get ekki séð neina ástæðu til þess, að við þessu sé amazt. því að þær verða ekki notaðar af öðrum en þeim, sem það vilja. Fyrst þegar almennt er farið að nota heimildirnar, verða þær gerðar að föstum reglum. Ég tek til dæmis heimildina um 7 ára skólaskyldualdur. Það er augljóst, að hún myndi ekki geta orðið að lögum, fyrr en eftir allmörg ár. Eins og stendur er þörf á slíkri skólaskyldu í kaupstöðum og þorpum, og sennilegt, að hún verði fljótlega notuð þar, en síðar í sveitum. Þó væri mjög æskilegt, að einhver sveit vildi gera slíka tilraun. Úrslitin færu svo auðvitað eftir reynslunni. Hér er ekki um neinn klofning að ræða milli skóla og heimila eða milli mæðra og skóla. Ég hefi ekki orðið þessa klofnings var, en hinsvegar oft þakklætis mæðranna til skólanna. Margar mæður í sveitum óska eftir meiri hjálp um fræðslu og uppeldi barna sinna og telja sig standa illa að vígi. Náttúran veitir að vísu gott uppeldi, en í nútíma þjóðfélagi er það ekki einhlítt að verða sterkur og umgangast skepnur. Á þessum tímum geta fáir þrifizt í þjóðfélaginu án einhverrar skólamenntunar. Allir, sem eiga fyrir börnum að sjá eða bera ábyrgð á þeim, verða að nota skólana, og fæstum finnst of mikil sú aðstoð, sem þeir veita. Skólarnir þykja aldrei of margir eða viðtækir, fyrr en er farið að ræða kostnaðarhliðina á þeim.

Ég þarf ekki að tala langt mál um heimildina til að stofna fræðslusjóði og byggingarsjóði. Þetta er aðeins heimild, og ég býst við því, að fáar sýslur noti sér hana. En reyndi ein heimildina, og reyndist hún vel, er líklegt, að fleiri kæmu á eftir.

Hér er yfirleitt ekki um að ræða neinar öflugar fyrirskipanir, heldur heimildir til handa sem flestum, sem vilja stefna í rétta átt. En þó er því miður ólíklegt, að þessar hugmyndir geti orðið að veruleika, fyrr en eftir alllangan tíma. Því að jafnvel þótt héruðin vildu nota sér heimildirnar, er framkvæmd þeirra komin undir fjárveitingum Alþingis. Það yrði stórfé, sem Alþingi þyrfti að veita á hverju ári til skólabygginga. Nú veitir það aðeins ⅓ af því, sem hreppar og bæir óska. Ég held, að andstæðingarnir ættu að láta sér þennan hemil nægja.

Ég kann því illa, að verið sé að hnýta í kennarana. Þeir vinna erfitt starf og vinna vel fyrir lítil laun. Þeir eiga að fá lengri starfstíma og laun að því skapi. Það er í þágu þeirra og barnanna.

Um námsstjórana þarf ég ekki að tala langt mál. Um þá er aðeins heimild, og framkvæmdir komnar undir fjárveitingu Alþingis. En að þeir séu óþarfir, svarar sér sjálft, þar sem starfsemi þeirra hefir verið rekin um tugi ára í nágrannalöndunum og þykir sjálfsögð og ómissandi.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir afstöðu hans til málsins og get fullvissað hann um það, að n. hefir reynt að taka tillit til óska hans. N. gerir ráð fyrir 33 vikna kennslu + 5 vikna frii. Það verða 38 vikur, eða 9½ mánuður. Kostnaður við kennsluna er miðaður við þennan tíma. Ég tel, að það muni vera erfitt að segja um það, hvað mikill kostnaðarauki verði af þessu frv., vegna þess að það er ómögulegt að segja með vissu, hvað verður um hvert einstakt hérað, og hvenær hægt verður að losna við einn og einn kennara. Ýms af ákvæðum frv. er ekki hægt að framkvæma, fyrr en kennarafækkunin fer fram, og ýmsir kennarar þurfa að búa við þau skilyrði, sem þeir hafa nú, og hafa skemmri kennslutíma heldur en frv. ákveður, þangað til kennarafækkunin er alveg komin fram.

Það var líka ein stór breyt., sem við gengum inn á, en mér var að vísu tregt um, og það var að heimila undanþágu frá skólaskyldu í þorpum og kaupstöðum, og yfirleitt við heimangönguskóla utan kaupstaða. En þessi breyt. hefir ákaflega mikil áhrif á það, að kostnaðarauki af þessu frv. verður minni heldur en ella hefði orðið, vegna þess að utan kaupstaða nær skólaskylda nú ekki neðar en 10 ár, en í kaupstöðum öllum nær hún niður í 7 eða 8 ár, svo að lengingin, sem af þessu frv. stafar, mun hvergi vera meiri en 1 ár í kaupstöðum.

Ég vil vænta þess, að þetta mál fái góðar undirtektir hér í d., því ég hygg, að allir aðiljar hafi bezt af því, bæði þeir, sem eiga að annast kostnaðinn af barnafræðslunni, og svo börnin sjálf og kennararnir, og þess þarf sannarlega með að gera einhverjar ráðstafanir til að bæta þeirra kjör frá því, sem nú er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að svo stöddu, vegna þess að margt af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði í sinni ræðu, var ekki beint viðkomandi þessum ákvæðum, sem hér er

um að ræða, heldur svona almenns efnis, og það *mundi taka allt of langan tíma* að fara út í allt það.

***Pétur Ottesen:** Ég vildi aðeins segja örfá orð út af ummælum hv. þm. V.-Ísf., sem fannst það dálítið grunsamlegt, að við skyldum nú vera á sömu skoðun, ég og hv. þm. S.-Þ. Þessi ummæli hv. þm. skyldu nú ekki vera af afbrýðisemi sprottin, því eins og kunnugt er, þá hefir hann fylgt hv. þm. S.-Þ. lengur og dyggilegar heldur en ég hér á Alþingi. Ég veit ekki, hvaða ástæða önnur en þessi geti verið fyrir þessu tali hv. þm.

En út af því, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði, að hér gæti ekki verið um neina bráðabirgðabreyt. að ræða, þá finnst mér það dálítið skrítið, því það *má yfirleitt segja það um allar breyt., sem gerðar* eru, að maður veit ekki, hvað þær standa lengi. En hinsvegar virðist mér í þessu falli fullkomlega réttlætanlegt, að sveitunum sé gefið nokkurt tækifæri til þess að átta sig á því, hvort færa eigi málið inn á þessa braut, sem gert er í þessu frv. Og þá sé ég ekki — ef sá réttur sveitanna er á annað borð viðurkenndur til frekari athugunar á þessu máli —, að neitt sé því til fyrirstöðu að breyta lögunum í smærri atriðum, sem menn geta almennt komið sér saman um, að horft gætu til bóta fyrir barnafræðsluna í landinu.

***Gísli Sveinsson:** Síðan ég talaði hér í gær um þetta mál hafa talað af hálfu n. bæði hv. frsm. *og hv. 9. landsk., og mun ég víkja máli mínu* til hans og þeirra orða, sem hann viðhafði, og þá sérstaklega um mínar till. samanborið við till. n. Hann gat þess, að menntmn. hefði komið fram með sitt nál. og till., þá fyrst, er hún hafði tök á að sinna málinu. Ég býst við því, að n. hafi átt fyrr tök á því að sinna málinu, því eins og kunnugt er, þá hefir þetta mál legið hér fyrir áður, og þeir, sem sæti eiga í menntmn., eins og hv. frsm. og hv. 9. landsk., hafa því átt fullan kost á að kynna sér málið og gera glögga grein fyrir sinni skoðun. Þessi afsökun hv. þm. hefir því ekki við neitt að styðjast. — Hv. þm. vildi líka neita því, að brtt. n. ættu nokkuð skylt við mínar brtt. Hann má gjarnan, ef honum þykir það henta, segja það, sem hann veit sjálfur, að *er rangt. Hann hefir gert* það áður. En það er bersýnilegt, enda er það viðurkennt af n., og er ég ekki neitt að undrast yfir því, að minar till. gáfu tilefni til þess, að n. fór að koma með sínar brtt., sem nógu lengi var búið að standa á, og fóru þær að sumu leyti inn á það sama og mínar brtt., og voru meira að segja sumstaðar teknar upp orðréttar gr.

Það var að heyra á hv. frsm., að hann teldi óviðeigandi, að ég miðaði að nokkru leyti mál mitt við frv. En ég veit ekki betur en að það sé frv., sem liggur til grundvallar fyrir þessum umr., en ekki þær brtt., sem fram koma og raska frv. *En með þessu játar hv. frsm.*, að hann hefir kannske frá upphafi verið þeirrar skoðunar, að frv., eins og það er úr garði gert, sé ekki hæft til þess að verða að lögum, og það sýna líka brtt. hv. nm. Í þessu atriði erum við þá sammála, að frv. er ekki hæft til þess að verða að lögum, eins og það er úr garði gert. Það sýna í fyrsta lagi orð þessara hv. þm. og í öðru lagi áþreifanlega þeirra brtt., sem þeir telja, að geri það að verkum, að nú megi við hlíta að lögleiða ákvæði frv. með þeim breyt., sem þeir vilja vera láta. En því ber ekki að leyna, að þeirra breyt. eru í mikilli andstöðu við sumt af því, sem grg. frv. í upphafi telur stefnu þess. Stefna frv. er í fyrsta lagi sú, að keyra skólaskyldualdurinn niður í 7 ár, í öðru lagi að koma á heimavistarskólum um land allt mjög bráðlega, í þriðja lagi að skylda menn til að stofna fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði og í fjórða lagi að innleiða hreina skyldu fyrir svokallaða *námsstjóra*. Þetta er höfuðatriði frv., en úr þessu öllu er dregið bæði í minum brtt. og einnig í brtt. n. En það er hlutverk okkar hér á Alþingi að kanna það fyrst, hver er stefna þessara eða hinna mála, sem fram koma, og ekki síst, þegar um er að ræða mál eins og þetta, því það er svo viðkvæmt mál, að ekki ber að stíga á það með neinni hörku, og í öðru lagi er þetta svo mikið fjárhagsatriði, að ekki er hægt — sízt á þessum tímum — að ganga svo fram eins og allt sé í lófa lagið. Og í þriðja lagi eru mjög skiptar skoðanir manna í þessum efnum. Á hverju ári heyrir maður talað um nýjar stefnur og rökræður um þær, og er þar hver höndin uppi á móti annari, því það er ekki hægt að ætlast til, að við Íslendingar tökum hverri *stefnu afdráttar- og gagnrýnislaust, jafnvel þó að* að henni standi menn, sem að sumu leyti er trúandi til að vita nokkur deili á þessum efnum. Og ég neita því ekki, að kennarar ættu að vita nokkur deili á þessum efnum, en það er þó ekki nema að nokkru leyti, því þeir hafa sitt viðhorf, og við almenningur höfum líka okkar viðhorf, og engum kennara dettur í hug að neita því, að það viðhorf hafi nokkurn rétt á sér. En ef hægt er að sameina bæði þessi viðhorf, þá má við una, en fyrr ekki. Kennarastéttin er ekki bættari með því að fá löggjöf, sem allur almenningur er óánægður með. Það er öðru nær. Og sízt væri það akkur fyrir yfirstjórn fræðslumálanna að fá slíka löggjöf, og þar býst ég við, að hv. frsm. mætti renna blóðið til skyldunnar, því hann er svo að *segja æðsti maður þar, þó hann hafi ráðu*neytið sér til hægri handar.

Hv. frsm. talaði um málið í gær sem eindreginn talsmaður einnar stéttar, en ég vil nota tækifærið til að benda honum á, að það er hann ekki. Hann er að vísu yfirmaður kennarastéttarinnar, en hann er fræðslumálastjóri, og það hefir mikið viðtækara svið, og ég sakna þess, að hann virðist ekki hafa það nógu ríkt í huga, að hann er a. m. k. að hálfu leyti yfirmaður hins aðiljans, alls almennings í landinu, sem stendur að fræðslunni, foreldra barnanna. — En fyrir utan foreldra, börn og kennara, þá er hér allur almenningur, sem verður að koma til sögunnar, því *þetta hefir* kostnað í för með sér, og hann ekki alllítinn, og þess vegna finnst mér ekki hægt að ganga framhjá því, hvað héruðin segja, og er komið inn á það í brtt. mínum, þar sem ég legg til, að eigi skuli vera skylda að stofna fræðslusjóði, heldur skuli það vera heimilt. Nú gat hv. frsm. þess réttilega, að n. væri gengin inn á það, að

þetta skyldi aðeins vera heimilt, en ekki skylda, en hann verður að athuga það, að þetta var skylda í frv., og hann hreyfði ekki andmæli gegn því, fyrr en á elleftu stundu, þegar menn voru orðnir úrkula vonar um, að nokkuð kæmi frá n. En hann virðist ætla, að þetta heimildarverk n. gangi lengra heldur en það gerir. Í minum brtt. er skólaskyldan ákvörðuð misjafnt, annarsvegar fyrir kaupstaði og hinsvegar fyrir sveitir, og það tel ég réttast. En n. lætur þessi ákvæði halda sér, að skólaskyldan skuli vera þetta, sem í frv. er ákveðið, en svo heimilar hún undanþágu, og það er nokkuð annað. Ég vil eins og nú er komið láta fastákveða, að annað gildi í sveitunum, eða að heimilt sé að færa þar niður skólaskyldualdurinn, ef mönnum sýnist svo. Og erum við þá komin að því, sem hv. þm. Borgf. tók fram — sem reyndar allir vita —, að lögin, sem nú gilda í þessum efnum, heimila þetta, og sú heimild hefir mikið verið notuð í kaupstöðum landsins. Ég tel, að þessi lög, sem endurskoðuð voru 1926, séu vel við hlítandi og geti gert allt, sem menn vilja láta gera, en ef eitthvað á að breyta til, þá verður að gera það svo gætilega, að einskis réttur verði fyrir borð borinn. Ég tók það fram í gær, að við slíkar undanþágur væri e. t. v. hlítandi, ef n. vildi lýsa því yfir, að þær ættu að vera aðalreglan, þannig að hvarvetna sem héruðin færu fram á slíkar undanþágur, þá skyldu þær verða veittar. Þá væri þessu vel borgið, því þá réðu héruðin, en ella ekki.

Hv. 9. landsk. vildi halda því fram í gær, að það hefði komið í ljós með skólaskyldualdurinn, að fólkið í sveitunum hefði unnvörpum óskað þess, að hann væri færður niður. Ég veit ekki, hvað hann meinar með þessu, nema ef komið hafi fram óskir um þetta. En ég fullyrði, að svo sé ekki. Mér er kunnugt um, að það hafi verið notuð þessi heimild að færa niður skólaskyldualdurinn, en þó ekki niður í 7 ár, og heldur ekki 8 ár, nema á Ísafirði, en þar er líka ríkjandi hinn sósíalistiski andi, sem vill keyra þetta allt í sömu hespuna. Alþýðuflokkurinn mun fyrirfram hafa gert ályktun um það að keyra þetta mál í gegn nú á þessu þingi. Í Alþýðublaðinu frá 15. apríl, þar sem einn kennari fær birt viðtal við sig, stendur, að Alþfl. hafi samþ. að fylgja málinu fram til afgreiðslu á þessu þingi. En væntanlega er sá flokkur nú ekki einráður um að keyra þetta mál í gegn. Annars segir þessi kennari, að stefnan sé sú, að setja skólaskyldualdurinn allsstaðar niður í 7 ár og að stofna heimavistarskóla um land allt. Og í laugardagsblaði Nýja dagblaðsins segir skólastjóri austurbæjarskólans, sem staðið hefir að samningu þessa frv., að síðasti farskólinn eigi að víkja fyrir heimavistarskóla eftir svo sem 10—15 ár. Nú vil ég biðja hv. frsm. að taka eftir þessu, því hann talaði um það, að einhvern tíma í framtíðinni mundi e. t. v. nálgast það takmark, ef héruðin vildu, að heimavistarskólar kæmu víðast á í staðinn fyrir farskólana, en nú segir þessi höfundur frv., að stefnan sé sú, að síðasti farskólinn eigi að víkja fyrir heimavistarskóla eftir svo sem 10—15 ár. Er þá ófyrirsynju, að við tölum hér um stefnu frv. og hvað á bak við það liggur? Ennþá er frv. þannig orðað, að það segir „það skal“ í öllum gr.

Það hefir verið nokkuð talað hér um þann mun, sem á því er, hvar barnið er. Ég tel eðlilegt, að um kaupstaðabörnin gildi að ýmsu leyti annað en sveitabörnin, og fellst fyllilega á, að rík ástæða geti verið til ýmislegs hér í Reykjavík og víðar í kaupstöðum, sem ekki getur átt við sumsstaðar annarsstaðar, og svo er um skólaskyldualdurinn. Ég legg talsvert upp úr því, sem hv. 9. landsk. vildi ekki gera mikið úr, að náttúran og aðbúðin í sveitunum hefir mikið að segja, bæði vetur og sumar. Úti um sveitir þarf ekki á þessum hörðu og óheppilegu ákvæðum að halda, fyrir utan það, að foreldrar vilja ekki finna sig í því, að skólaskyldan sé gerð svo gagngerð, og ekki fyrr en í ýtrustu nauðsyn ganga inn á að senda börnin út af heimilinu, allra síst ef skólaskyldan byrjar við 7 ára aldur. Menn vilja ekki allsstaðar senda börnin mikinn tíma af árinu burtu af heimilunum í einhvern samsvæling hér og þar, þessa svokölluðu heimavistarskóla, þó þeir geti átt við annarsstaðar, þar sem aðstaðan leyfir og samkomulag er að öllu leyti um þetta.

Ég skal játa, að ég hefi ekki haft tök á að kynna mér til hlítar reynsluna, sem fengin er af þeim tiltölulega sárafáu heimavistarskólum, sem hér eru til. En það hefir komið hér fram, sem maður vissi áður, að það er öðru nær en hægt sé að fullyrða, eins og gert er í einu blaði bæjarins, og einnig hér af hv. 9. landsk., að reynslan af þessum skólum sé eindregin og öll í þá átt, að heimavistarfyrirkomulagið blessist betur heldur en annað kennslufyrirkomulag. Það stendur í þessu blaði, þar sem skólastjóri austurbæjarskólans talar um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hefi margt gott um þessa skóla heyrt og síðast nú fyrir nokkrum dögum ummæli alþm. úr Árnessýslu, sem eru skólum þessum kunnugir. Voru þeir sammála um, að þessir heimavistarskólar hefðu þegar haft þýðingarmikil menningaráhrif hver í sinni sveit.“

Þarna er vitnað til þm. Árnessýslu, þar sem talið er, að liggi við borð eða sé ákveðið, að foreldrar taki börnin úr öðrum heimavistarskólanum, ef ekki er skipt um kennara. Ekki er reynslan ótvíræð þar, og svona getur farið víðar, svo það getur verið varasamt að taka munninn of fullan í þessu efni. Reynslan af þessum skólum er yfirleitt stutt og sannar út af fyrir sig ekki mikið. Einn og einn skóli getur reynzt vel, en hér er um svo viðurhlutamikið atriði að ræða, að ekki má hrapa að neinu, sem stundum getur átt við, en stundum ekki. Hitt sker úr, hvort menn geta komið kennslunni fyrir, svo vel megi við una, sumpart með heimangönguskólum og sumpart með farskólum, svo ekki þurfi að grípa til óyndisúrræða fjölda mörgum til ama og leiðinda, þar sem aðiljar eru ekki ásáttir um að taka upp hina nýju skipun.

Þá kem ég að því, sem ég sakna, að hv. n. skuli ekki hæta úr með sínum till., og það er, að frv., eins og það er, vill útiloka yfirleitt allt frjálsræði og innleiða skyldu í þessum höfuðatriðum. Ég hafði búizt við, að einhverjar breyt. kæmu fram í þessu efni frá n. hálfu. Frv. gerir ekki ráð fyrir því, nema til bráða-

birgða, að farkennslan geti verið við lýði í landinu. Hvaðan kemur þessum mönnum áræði til þess að bera það fram, að það skuli, ef ekki nú strax, þá a. m. k. innan lítillar tíðar, afnema alla farkennslu í landinu? Ég veit ekki betur en víða hagi svo til, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn að halda við farkennslu, nema því aðeins að byggja eigi heimavistarskóla á hverjum útkjálka og beita kúgun við landslýðinn, ekki aðeins í persónulegu tilliti, heldur líka til fjárútláta, sem er óforsvaranlegt, þegar aðrar leiðir eru færar. Hver er kominn til að segja, að úti um sveitir landsins sé barnakennslunni svo áfátt, að grípa þurfi til þessa? Ég veit ekki betur heldur en kennt sé og troðið í börnin eins og fyrirskipað er, líka í þeim fræðsluhéruðum, þar sem farkennsla er. Og nú eru menn yfirleitt að verða betur og betur sammála um það, að of miklu sé troðið í börnin, skólasetan sé of löng og að allt annað þurfi að gera til þess að tryggja framtíð, heilsu og manngildi fólksins heldur en kúga það til langrar skólasetu á unga aldri til þess að læra utanað það, sem hver maður getur séð í bókum hvar sem er. Með þetta fyrir augum sé ég ekki, hvaða þýðingu það hefir að rjúka í að ákveða, að heimavistarskólarnir skuli vera eina kennslufyrirkomulagið. Því ég vil meina, að þetta sé ekki aðeins stéttarmál barnakennara, til þess að bæta álit og kjör kennarastéttarinnar. Því mótmælir raunar enginn, að æskilegt sé að bæta kjör kennara, en það er bara ekki á þessu þingi verið að bæta kjör neinna stétta. Vilja hv. þm. halda fram, að barnakennararnir séu eina stéttin, sem verðskuldar kjarabætur, eða sem nauður rekur til að hjálpa? Ég held, að þeir verði að vera samferða öðrum stéttum, svo að þeirra vegna getum við látið okkur rólega um málið og gefið okkur tóm til að undirbúa það.

Það hefir verið hneykslazt á því hér, að hv. þm. Borgf. tók svo til orða, að hér væri komið fram í hv. Ed. annað frv. um barnafræðslu, sem gengi nokkuð á snið við þetta frv., eins og einnig er vitnað til í hinni rökstuddu dagskrá. Það frv. er sérstaklega um afstöðu kennaranna; á að gera verksvið þeirra víðara og jafnframt bæta kjör þeirra. Sé ég ekki, að það sé nein goðgá að vitna í frv., þó það sé komið frá hv. þm. S.-Þ., og hv. þm. Borgf. vék að því á hóflegan hátt. Ég verð að hryggja hv. þm. V.-Ísf. ennþá meira með því að lýsa yfir, að heldur mundi ég fylgja því frv., ef ég ætti að velja á milli þess og frv., sem hér liggur fyrir. Er það þó ekki nema eins og bráðabirgðatilraun, og allt heldur lauslopalegt, en það mætti laga. Það er tilraun til þess að koma fram þeim atriðum, sem sumir virðast telja höfuðatriði í þessu máli, án þess þó að farið sé inn á það svið, sem við teljum, að ekki megi fara inn á, að ganga harkalega að því að fyrirskipa langa skólasetu utan kaupstaða og útrýma farkennslu. Ég get því gengið inn á anda frv. í höfuðatriðum, og hv. þm. S.-Þ. má eiga það, að hann hefir sýnilega skilið þetta atriði miklu betur en þeir, sem að því frv. standa, sem nú liggur fyrir.

Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv., sem allar miða í þá átt að heimila það, sem í frv. er gert að skyldu. Geri ég það í því skyni að gera frv. betra, ef það ætti að ná fram að ganga. Einnig get ég gengið inn á eitthvað af brtt. n., af því að ég tel þær frekar til bóta, en hinsvegar er ég engan veginn fylgjandi frv. og mun greiða atkv. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem fram er komin og mér finnst rökstyðja það vel, að málið eigi ekki að ná fram að ganga á þessu þingi, eins og allt er í pottinn búið.

Þeir vilja telja, hv. þm., að heimavistarskólarnir séu þróunarstefnan í þessu efni og æskilegasta lausnin í fræðslumálunum. Hefir maður raunar heyrt það fyrri, en ég bjóst ekki við þessu eins eindregnu eins og það kom fram frá hv. frsm., m. a. af því, að hann stöðu sinnar vegna getur ekki tekið svona einskorðaða afstöðu. Hann vitanlega hefir sitt samvizku- og skoðanafrelsi, en mér þykir miður, hvað hann er yfirleitt einsýnn í þessu máli eftir því, sem fram hefir komið hér. Ég býst við, að hann verði auðveldari í „praksis“ til samkomulags, og þeir, sem hér eiga hlut að máli, geti áfram átt hauk í horni, þar sem hann er, að því er þeirra hagsmuni snertir. En mér þykir leiðinlegt, ef hann er yfirleitt kominn á þá skoðun, að þetta sé æskileg og sjálfsögð stefna, að allt verði kreppt í þessa fjötra; að börnin *skuli* vera í skóla, nema undanþága komi til á vissu ári, að þau *skuli* vera tekin af heimilunum og færð í þessar kviar, sem heimavistarskólarnir vitanlega verða. Hér á ekkert „skal“ að vera, því allt er á hverfanda hveli, og ekki heppilegt að hnoða neitt upp, sem harðnar svo, að það verður ekki umsteypt. Aðeins þær breyt. er rétt að gera, sem menn fyllilega játa, að eigi að vera til bráðabirgða eða sem tilraun til umbóta. Ég fullyrði, að á þessu sviði er ekkert „absolut“.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði frv. frekar heldur en ég gerði í ræðu minni í gær. Ákvæðin um námsstjórana eru nú aftur orðin eftir till. n. heimild, og ekki mikið um þau að fást. Ef frv. á að komast út úr þessari hv. d., fer það væntanlega ekki miklu lengra á þessu þingi. En ég vil geta þess, að það er ekki úrslitaorð í þessu efni eða öðrum, þó hægt sé að segja, að það, sem um er að ræða, viðgangist einhversstaðar annarsstaðar. Hv. frsm. veit, að það er svo margt, sem viðgengst einhversstaðar annarsstaðar. Ég veit ekki betur en allar stefnur, sem fram hafa komið í fræðslumálum, séu einhversstaðar praktiseraðar úti um heim. Allar hafa þær sína skóla við að styðjast. Hver vill svo halda fram, að aðeins eitt sé nauðsynlegt, að aðeins eitt sé sannleikur í þessum efnum? Hvað námsstjórana snertir, þá skoða ég það aðeins sem tilraun. Ég tel, að kennarar hér á landi séu yfirleitt starfi sínu vaxnir, enda sýnir niðurstaðan af barnaprófunum ekki annað. Og nú er farið að hafa sambærilegt próf allsstaðar, svo það ætti að koma í ljós, hvar ómögulegir kennarar eru, og vera hægt að skipta um þá. En að kosta menn til að vera á ferðinni til að heimsækja alla skóla álít ég ekki nauðsynlegt. Þó nauðsyn gæti verið á slíku í kaupstöðunum, ætti ekki að þurfa að taka þetta svona stranglega úti um land. Ég hefi ekki trú á, að það sé mikil bót í því, þó einn maður heimsæki hvern skóla

einu sinni á ári og dvelji þar einn dag. Hvað hefir það að segja? Hvað getur ekki kennslunni verið áfátt alla hina daga ársins? Þegar svo kennararnir hér í Reykjavík eiga eftir frv. að vera sínir eigin námsstjórar, því mega þá ekki kennararnir úti um landið vera það líka?

Hv. 9. landsk. vildi gera lítið úr því, að fólkið, foreldrarnir, ættu að ráða í þessum efnum, og sagðist vita dæmi til þess, að foreldrarnir hefðu verið ánægðir með ómögulega skóla. Ég veit nú ekki betur en að bæði eftir guðs og manna lögum séu foreldrarnir fyrst og fremst ráðamenn barnanna. Eftir okkar landslögum eru engir meiri forráðamenn barnanna heldur en foreldrarnir sjálfir. Undantekningar þar frá eru aðeins í tveimur tilfellum. Önnur er í fræðslulegu tilliti og nokkuð almenn, en hingað til hefir ekki verið álitið gerlegt að hafa fræðsluskyldu-una meiri en góðu hófi gegnir, og góðir menn hafa sagt fram að þessu, að því aðeins verði þessum málum komið í gott horf, að frjálsræði sé og góð samvinna milli allra aðilja. Hin undantekningin er það, að taka verður frá foreldrum í sumum tilfellum börn, sem eru vangæf eða óviðráðanleg, eða sem fallið hafa af einhverjum ástæðum út í glæpsamlegt athæfi. En það er yfirleitt standandi vandamál, hvenær eða hvort yfirleitt nokkurntíma er ástæða til að taka ráðin af foreldrum. Það getur verið sök heimilanna, að þörf sé á slíku, og það getur verið sök barnanna, en það mega ekki vera nema undantekningar. Nú stefnir einmitt í þá átt að hverfa aftur til náttúrunnar á sem flestum sviðum, og í öllum löndum er verið að mynda foreldrafélög til þess að annast hag heimilanna og barnanna gegn þeim yfirgangsofsa, liggur mér við að segja, gegn þeirri ýtni, sem fram hefir komið af hálfu sérfræðinganna í fræðslumálum. Því þá ekki að viðurkenna hér það skipulag, sem enn er þjóðskipulag, að foreldrarnir eigi að hafa mest að segja um uppeldi barnanna? Ég fullyrði, að því sé bezt komið á þann veg, að því sé aldrei bezt komið með því að setja börnin í kvíar burtu frá heimilunum, venja þau undan, svo þau geti vanizt á annað sem fyrst, sem ég og margir aðrir telja óheilbrigt skipulag, þó það sé við lýði í Rússlandi.

Þetta mál er nú því miður við 3. umr., svo að þó eitthvað yrði fellt af till., sem betur mætti fara að samþ., væri enginn til að bæta úr því, ef hv. þm. eru svo fullir af offorsi að vilja keyra málið út úr þessari d., sem ég teldi miður fara. Hv. n. hefir heldur ekki að minum dómi rækt sitt starf eins og vera ber. Hún hefir látið reka á reiðanum þangað til á elleftu stundu, og þá er tíminn ekki nægur. En þó svo vilji til, að frv. fari út úr d. með þeim ágöllum, sem ekki ættu að vera á máli, sem ekki er neitt hégómamál, má gera ráð fyrir, að það strandi á einhverju tundurdufli uppi í hv. Ed.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég finn ósköp litla ástæðu til að taka þátt í því eintali sálarinnar, sem hv. þm. V.-Sk. hefir hér um hönd. Ýmist talar hann við sína eigin sálu, eða þá fólkið á pöllunum og blaðamennina í hliðarherbergjunum með blöðin í höndunum. Því síður er ástæða til að segja margt um þetta, þar sem hv. þm. telur sig nú mest fylgjandi frv., sem hann segir, að geri ráð fyrir nokkuð lausalopalegu bráðabirgðaskipulagi. Þetta lausalopalega bráðabirgðaskipulag liggur nú fyrir hv. Ed., og það er sú lausn á málinu, sem hv. þm. virðist helzt hallast að á þessu stigi. (GSv: Hv. þm. þykir það leiðinlegt). Eftir þá yfirlýsingu, sem hv. þm. hefir gefið um sinn málstað og hans ágæta samherja, sé ég enga ástæðu til að öfunda hann.

Hv. þm. er alltaf að tala um kúgun og ófrjálsræði, að það eigi að kúga foreldra til þess að láta börnin í skóla og kúga börnin til þess að læra eitthvað, sem honum þykir iskyggilegt. Það er ekki að undra, að sú sjálfstæðishetja, sem hv. þm. var áður fyrr, þó árgalinn sé nú þagnaður á ýmsum sviðum, finni ástæðu til að berjast á móti því, að börn séu kúguð til að læra fjóra mánuði á ári í fjögur ár. Það er ofurlítið afskaplegt. (GSv: Á ekki skólaskyldan að vera frá 7 til 14 ára aldurs?). Það er von, að hv. þm., sem sjálfur hefir væntanlega verið í barnaskóla, síðan í menntaskóla 6 ár og í háskólanum 5 ár til viðbótar, hneykslist á því, ef fara á að „kúga“ aðra til þess að læra 4 mánuði á ári í 4 ár. Ég kann illa við þetta tal langskólagenginna manna um, að það sé verið að kúga fræðslu upp á þá, sem minnsta fræðslu fá. Hér á að stuðla að því, að þeir, sem lítils eiga úrkosta, verði ekki alveg útundan. (GSv: Við erum að tala um barnafræðslu). Já. Ég er líka að tala um barnafræðslu. Ef hv. þm. hefir þurft þetta alltsaman ofan á sína barnafræðslu, finnst mér, að hann ætti ekki að sjá eftir þessari litlu fræðslu til þeirra, sem ekki hafa aðstöðu til lengri skólagöngu. (GSv: Þessi hv. þm. hefir víst ekki fengið nóg). Hv. þm. segir, að allt eiga að vera frjálst, vill ekki vita af neinni skyldu á þessu sviði, eða að það megi fyrirskipa héruðum að starfa saman. En þetta er nú gert til þess að spara. Það er ekki gert vegna kennarastéttarinnar, heldur til þess að vernda hag ríkissjóðs, sem hv. þm. er alltaf að tala um í þessu sambandi. Ég veit ekki, með hverju öðru móti á að tryggja hag ríkissjóðs í þessu efni heldur en þessu, að fela fræðslumálastjóra að ákveða fræðsluhéruðin, jafnvel stundum þegar hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman. Það er rétt, að meginatriði þessa máls eru þau að koma á heimavistarskólum í sveitum og færa skólaskyldualdurinn niður í kaupstöðum og þorpum. En þetta eru ekki fyrst og fremst meginatriði þessa frv., heldur er það meginstefna síðustu ára, sú stefna, sem fólkið sjálft hefir ráðið. Það liggja fyrir þessu þingi margar óskir um að fá hjálp til þess að koma upp heimavistarskólum, svo margar umsóknir, að ég efast um, að þeim verði sinnt á skemmri tíma en næstu 3—4 árum. Og þá verður ófullnægt öllum þeim óskum, sem á þeim tíma koma fram. Hér er því sannarlega ekki um neina kúgun að ræða. Ef nokkur kúgun á sér stað í þessu efni, þá er það helzt það, að öll þessi héruð fá ekki þá peninga til skólabygginga, sem þau óska eindregið eftir. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þetta. Það er glöggt, að sveitirnar vilja

koma á hjá sér heimavistarskólum, og þeir hafa allsstaðar gefizt vel, þar sem þeir eru komnir á. — Hv. þm. minntist á, að einhverjir vildu losna við kennara, sem væri við einn af heimavistarskólunum á Suðurlandsundirlendinu. Það er allt annað mál. Það er ekki skólafyrirkomulagið, sem menn vilja losna við, en það er það, sem við erum að tala hér um. Það kemur ekkert þessu máli við, hvort menn vilja losna við kennara frá einhverjum heimavistarskóla, eða af hvaða ástæðum það kann að vera. (GSv: Er það ekki nokkuð mikið höfuðatriði við heimavistarskóla, hvernig kennarinn er?). Jú, það er nokkuð mikið atriði og meira heldur en hvernig sýslumenn eru hver í sinni sýslu. En á sama hátt og sýslumanni er heimilt að vera í hvaða stjórnmálaflokki sem hann vill, eins tel ég, að kennara eigi að vera það heimilt. En hér mun aðallega vera um það að ræða, af hvaða flokki þessi kennari er. Þetta atriði, sem hv. þm. vitnaði til, kemur þannig bókstaflega ekkert við því frv., er hér liggur fyrir.

Þetta frv. er, eins og ég hefi margsagt, fyrst og fremst heimild, og heimild, sem bendir í rétta átt, bendir á þá stefnu, sem fólkið í héruðum landsins hefir haldið í áttina til. Hér er verið að hjálpa fólkinu til þess að fá fullnægt sínum óskum. Það er fjarstæða hin mesta, að hér sé verið á nokkurn hátt að taka yfirráðin yfir börnunum frá foreldrum þeirra. Og ég hefi aldrei talað við móður um fræðslumál og skólaskyldu svo, að móðirin hafi ekki óskað eftir meiri fræðslu handa börnum sínum fremur en að þau fengju minni fræðslu en börn hafa fengið. Foreldrarnir eru sannarlega ráðamenn barnanna. Og í þessu frv. gilda um það allar þær heimildir, sem áður hafa gilt. Í vissum tilfellum er foreldrum nú heimilað að hafa börn utanskóla, ef skólanefnd telur, að fræðsluskyldunni gagnvart þeim sé fullnægt með þeim hætti. Og allar slíkar heimildir, sem nú gilda, gilda einnig áfram eftir þessu frv., og í því efni er því ekki um neina kúgun eða þvingun eða neitt slíkt að ræða. Það er svo fjarri því, að frv. þetta sé andstætt þörfum barna og réttindum foreldra. Það er í aðalatriðum til þess flutt að fullnægja óskum og þörfum þessara aðilja.

Læt ég svo þessi orð nægja, þó færri séu en orð hv. þm. V.-Sk. um þetta mál.

***Gísli Guðmundsson:** Ég skal ekki bæta miklu við þær umr., sem orðið hafa um þetta frv., og ekki blanda mér inn í þær deilur, sem um það hafa orðið manna á milli.

Ég get sagt um þetta frv. yfirleitt, að ég tel það vera til bóta frá þeim fræðslul., sem nú eru í gildi, enda er það ekki undarlegt, þar sem það er undirbúið af mönnum, sem höfðu mjög góða aðstöðu til þess, og ennfremur hefir, eins og grg. frv. ber með sér, verið leitað álits skólanefnda víðsvegar um land um frv., sem lá fyrir þinginu í fyrra. Hafa margar af þessum nefndum, þó ekki allar, því miður, látið í ljós álit sitt um frv. Það er þess vegna ekki rétt, sem haldið hefir verið fram af einstökum hv. þm., að málið sé illa undirbúið, heldur þvert á móti. Hitt er rétt, að þetta er umfangsmikið mál, og sennilegt, að enn séu margir, sem hafa ekki áttað sig á því.

Ég vildi leyfa mér, þó að nokkuð seint sé, að bera fram nokkrar skrifl. brtt., sem að vísu eru ekki stórvægilegar og hafa ekki áhrif á meginefni frv., en ég tel þó, að sjálfsagt sé að gera. Þessar brtt. hefi ég stilað við brtt. á þskj. 344, sem fram eru bornar af hv. menntmn., og eru þær í raun og veru ekki nema tvær. Er önnur viðvíkjandi undanþágum með skólaskyldualdur. Það almenna ákvæði frv. er, að skólaskyldualdur skuli vera 7—14 ára aldur, en gert ráð fyrir, að megi veita undanþágur utan kaupstaðanna, þannig að skólaskyldualdur byrji með 8, 9 eða 10 ára aldri. Gert er ráð fyrir, að þær undanþágur séu veittar af fræðslumálastjórn, en því tel ég rétt að breyta á þann hátt, að undanþágan sé veitt af viðkomandi fræðsluráði. Ég tel þetta rétt m. a. af því, að fræðsluráð hlýtur að hafa meiri staðarlega þekkingu innan síns fræðsluhéraðs af eigin kunnugleik en fræðslumálastjórn getur haft.

Þá kem ég einnig með brtt. við 14. lið þessara brtt., þar sem segir, að fræðslumálastjórn geti fyrirskipað stofnun skólabyggingarsjóðs fyrir skólahverfi, sem telst hafa vanrækt skyldur sínar um byggingu skólahúss. Þetta legg ég til, að heyri undir fræðsluráð, og er það samskonar breyt. og hin fyrri.

Þá er 3. brtt., sem ég vil gera. Hún er um það, að sýslumenn og bæjarstjórar séu ekki sjálfkjörnir formenn fræðsluráða. Ég sé ekki, að þessir menn hafi endilega það til brunns að bera, að þeir séu sjálfsagðir til að vera yfirstjórar allrar fræðslustarfsemi. Tel ég rétt, að allir meðlimir fræðsluráðs séu kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn.

Þetta eru þá þær till., sem ég hefi leyft mér að bera fram. Vænti ég, að hv. d. taki þær til greina, þó að þær séu seint á ferðinni.

Annars vildi ég segja það, að mér virðist, að sumir hv. þm., sem hér hafa talað, hafi farið ýmsum óþörfum orðum um þá menn, sem annast barnafræðsluna í landinu. Sérstaklega hefir verið farið slíkum orðum um einn hluta barnakennarastéttarinnar, sem sé þá, sem stjórna heimavistarskólum í sveitum. Ég vil ekki af minni hálfu láta þessu ómótmælt, því að mér er sérstaklega kunnugt um það, að í því héraði, sem ég er fulltrúi fyrir, hafa skólastjórar heimavistarskólanna reynzt sérstaklega vel og hafa lagt alla alúð við að vinna fyrir sína stofnun. Skal ég þar nefna sem dæmi, að einn af þessum mönnum hefir jafnvel lagt fram hluta af sínum lágu launum til fátækra barna í sínu fræðsluhéraði. Ég býst við, að fáir embættismenn geri slíkt, enda er það vitanlega engin skylda. En þegar verið er að dylgja um starfsemi þessarar stéttar, þá er rétt, að hitt komi líka fram, sem vel er.

Ég vil í öðru lagi minna á það, að sumir af þeim mönnum, sem eru að hnýta í barnakennarana og telja þá sérstaklega óhæfa til síns starfs, það eru menn, sem nú fyrir skemmstu hafa ætlað af göflunum að ganga, þegar átti að fækka um nokkra presta. Og ef hægt er að segja, að barnakennarar hafi ekki rækt sín störf

vel, þá má engu síður segja það um ýmsa presta. Þar með er alls ekki sagt, að prestar ræki yfirleitt störf sín illa, en ég hygg, að kennarastéttin standist fullkomlega samanburð við ýmsa einstaklinga í prestastétt. Það get ég rökstutt nánar, ef þörf er á.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt meira. Ég ætla ekki að fara að ræða það, sem hér hefir verið mjög um talað, hvort hér væru gerðar of háar kröfur til náms barnanna eða yfirleitt of mikið gert að því að kenna börnum og hafa þau í skóla, en vil aðeins minna á það, að tímarnir hafa allmikið breytzt í þessu efni. Það var svo áður, og gat vel gengið þá, að það voru menn í sveitunum, sem lögðu fyrir sig að fræða fólkið, sérstaklega ungdóminn, og meðan fræðsla var lítil í sveitunum, þá gat þetta orðið að miklu liði. Og hvað sem þessu líður, þá hefir sú stefna orðið ofan á erlendis að lengja skólatíma barnanna, eða þann tíma, sem börnin eru undir umsjón og eftirliti kennarans. En hvað okkur snertir, þá er ekki hægt að búast við, að við getum, nema með löngum tíma, komið barnafræðslunni til sveita í það horf, sem við helzt kjósum.

Hvað snertir frv. þetta, sem hér er til umr., þá tel ég það einn höfuðkost þess, að með því er gerð tilraun til þess að hefja meira samstarf um fræðsluna en verið hefir. Eins og málum þessum er nú fyrir komið, þá er það yfirleitt, að hver hreppur sé sérstakt fræðsluhérað út af fyrir sig, en samkv. frv. á hver sýsla að vera sérstakt fræðsluhérað, sem aftur skiptist í skólahverfi. Þetta er mikil umbót frá því, sem nú er. Þess munu dæmi, að einstakir hreppar hafi komið upp heimavistarskólum, en reynslan hefir orðið sú, að það hefir reynzt þeim um megn, en með þessari breyt. er verið að skapa möguleika fyrir því, að héruðin geti staðið undir skólunum, því að því stærri sem héruðin eru, því léttara á þeim að verða það.

Hvað sveitafarkennsluna snertir, þá er ég þeirrar skoðunar, að hún muni haldast um nokkuð langan tíma, en að sjálfsögðu mun frv. ýta undir, að stofnaðir verði heimavistarskólar. Það, sem tefja mun fyrir stofnun þeirra, býst ég við, að verði það, að það muni verða talið dýrara fyrir aðstandendur barnanna að kosta þau í heimavistarskóla heldur en láta þau njóta farkennslu. En þessi skoðun býst ég við, að hverfi smátt og smátt, eftir því sem fólkið kynnist betur hinu nýja fyrirkomulagi. Mér er t. d. kunnugt um, að í sumum heimavistarskólum hefir því verið komið þann veg fyrir, að það hefir verið mjög létt fyrir aðstandendur barnanna að láta þau njóta kennslu þar. Heimilin hafa beinlínis lagt á borð með börnunum, lagt fram ýmislegt, sem þurft hefir þeim til framfærslu. En það hefir ekki orðið aðstandendunum eins tilfinnanlegt og að greiða með börnunum að öllu leyti í peningum. Nú er það alls ekki svo, að farkennslan geti farið fram á hverju heimili eða þá þar, sem flest börnin eru. Um val kennslustaðanna ræður húsnæði o. fl. Það verða því alltaf einhver börn, sem kosta verður heiman að undir farkennslufyrirkomulaginu, og það verða menn jafnan að hafa í huga, þegar þeir ræða um stofnun heimavistarskólanna. Farkennslufyrirkomulagið leysir barnaaðstandendur þannig alls ekki undan því, að þurfa að kosta börn sín að meira og minna leyti frá heimilum sínum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 387) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Gísli Sveinsson: Það voru tvö atriði í ræðu hv. frsm., sem ég vildi gera nokkra aths. við. Hann sagði, hv. frsm., að ég hefði að svo miklu leyti sem ég hefði komið inn á kostnaðarhlið þessa máls, eingöngu borið hag ríkissjóðs fyrir brjósti. En ef hv. þm. hefði ekki alveg verið úti á þekju, þá hefði hann átt að heyra, að ég nefndi alls ekki ríkissjóð í þessu sambandi, enda átti það ekki við það efni, sem ég var að rekja. Ég var að tala um þá hlið málsins, sem sneri að héruðunum, en ekki þá, sem sneri að ríkissjóði, enda var það sú hlið þessa máls, sem mér kom við. Fyrir hönd ríkissjóðs voru aðrir til andsvara. Ég hélt mér eingöngu við þann kostnaðarauka, sem með frv. þessu, ef að lögum yrði, yrði lagður á herðar sveitar- og sýslufélaganna. Í annan stað talaði hv. frsm. um unglingafræðslu og jafnvel háskólafræðslu í sambandi við afskipti mín af þessu máli. Allt, sem hv. þm. sagði um þetta, voru útúrsnúningar einir. Það er vitanlega allt annað að kenna börnum á aldrinum 8—10—14 ára en fullorðnu fólki. Og það, sem hér er um að ræða, er það, hvort auka eigi bóklega fræðslu barna á þessum aldri. Unglingafræðsla eða háskólafræðsla er alls ekki hér til umr. Enn sem komið er er öll slík fræðsla ólögskipuð, en hverjum frjáls, sem hennar óskar og tækifæri hefir. Í þessum tveimur atriðum fór hv. frsm. því villur vegar og á hundavaði.

Í annan stað talaði hv. þm. N.-Þ. nokkur orð. Hann fór fyrst að tala sem fulltrúi fyrir umbjóðendur sína norður í landi, en fór síðan að vaða um allt aðra hluti og meðal annars að hnjóða í þá, sem sýnt hafa fram á galla á þessu frv. Annars skal ég taka það fram út af brtt. þessa hv. þm., að svo fremi að dagskrártill hv. þm. Borgf. verður ekki samþ., mun ég fylgja þeirri brtt. hans, sem miðar í þá átt að gera frv. frjálslegra en það er nú, eins og t. d. till. um að fræðsluráð ráði um undanþágur frá skólaskyldu, í stað fræðslumálastjóra.

Þá fór hann inn á annað svið, sem ekki kemur þessu máli við, en það var fækkun presta, og beindi hann þar orðum til mín. Það er rétt, að ég hefi látið uppi það álit mitt, að ég tel fækkun presta ekki réttmæta. En hvað kemur slíkt þessu máli við? Hér hefi ég rætt um frv. þetta um fræðslu barna, sýnt fram á galla þess, að m. a. væri ekki tekið nógu mikið tillit til héraðanna úti á landi. Um kennarastéttina hefi ég ekkert sagt. Þar er sjálfsagt misjafn sauður í mörgu fé, eins og oft vill eiga sér stað. Má þar benda é ummæli þau, sem hv. þm. Borgf. hafði í dag eftir 2. þm. Árn., að við tvo heimavistarskóla þar í sýslu væri óánægja fólksins orðin svo mikil með kennarana, að helzt væru líkur til, að foreldrarnir fengjust ekki til þess að senda börn sín í skólana eftirleiðis, ef ekki væri úr bætt.

Þetta þykir mér rétt að taka fram hér til þess að sýna fram á, að í kennarastéttinni eru engu síður misjafnir menn en í prestastéttinni.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ef hv. þm. V.-Sk. hefir ætlað undir þessum umr. að halda á málstað sveitanna, taka það upp fyrir þær, sem þeim væri fyrir bestu í þessum efnum, þá hefir honum tekizt það illa. Með heimavistarskólunum er aðstandendum sveitabarnanna tryggður betri aðbúnaður á börnunum, betri kennslukraftar og lengri kennslutími en unnt er að veita með farkennslunni. Börnin koma heim til foreldra sinna á hálfsmánaðarfresti, og gefst þeim því kostur á að fylgjast jafnan með líðan þeirra. Dæmið, sem hv. þm. hafa verið að benda á, með heimavistarskólakennarana í Árnessýslu, á ekkert skylt við þetta. Það afsannar á engan hátt yfirburði heimavistarskólanna fram yfir farkennsluna. Að ég kom nokkuð inn á hina æðri menntun í sambandi við þessar umr. um barnafræðsluna, var sakir þess, að mér þykir leiðinlegt þetta sífellda nöldur hinna langskólagengnu manna, hinar sífelldu eftirtölur þeirra, eins og hv. þm. V.-Sk., *eftir hinni litlu fræðslu*, sem almenningur á að fá að njóta. (GSv: Þetta er vísvitandi rangsleitni hjá hv. þm.). Vitanlega er allt, sem ég segi, sagt vísvitandi, en að það sé rangsleitni kannast ég ekki við. Mér finnst þessi framkoma hv. þm. og fylgifiska hans minna mjög tilfinnanlega á sagnirnar gömlu um öskustóarbörnin, börnin, sem voru *ákveðin til þess að vera í öskustónni og áttu* ekki að eiga þaðan uppreisnarvon. (GSv: Hvað á hv. þm. við með þessum ummælum?). Ég á við það, að það sé ekki viðeigandi af hv. þm. V.-Sk. að vera sífellt að tönnlast á og telja eftir þá litlu fræðslu, sem almúganum er ætluð með lögunum um barnafræðslu. Já, þetta er mjög óviðkunnanlegt af manni, *sem fengið hefir a. m. k.* 20 sinnum meiri fræðslu heldur en þeir aðiljar, sem hann er að telja eftir. (GSv: Vísvitandi rangt). Þetta eru engin vísvitandi ósannindi, heldur sagt sem bein afleiðing af því, sem hv. þm. hefir haldið fram undir þessum umr. Og skilji hv. þm. þetta ekki, þá hefir hann haft lítil not síns langa lærdóms.

*Bjarni Bjarnason: Ég skal ekki tala langt mál að þessu sinni.

Ég hefi haft tækifæri og ástæður til þess að vinna töluvert að þessu frv., og ég hefi gert það í þeirri trú og með það fyrir augum, að ég væri að vinna barnafræðslunni og kennarastéttinni í landinu frekar gagn en ógagn. Hug minn til kennarastéttarinnar hefi ég fengið tækifæri til þess að fá skjalfestan hér á Alþingi, og þá sérstaklega á síðasta þingi. Gerist því ekki þörf að fjölyrða um hann nú. — Frv. þetta er þrauthugsað. Það er samið af leiðandi mönnum í kennarastétt og yfirfarið af menntmn. þessarar hv. d., sem jafnframt hefir borið sig saman við ýmsa helztu menn kennarastéttarinnar. Um það mun og heldur vart verða deilt, að hér sé um að ræða gott mál, bæði fyrir kennarastéttina og barnafræðsluna í landinu. Þetta vænti ég og, að hv. þm. sjái og skilji og leyfi málinu því að ná fram að ganga á þessu þingi.

Það mun nú almennt viðurkennt, að fræðslumál eins lands séu svo erfið, að ekki sé hægt að koma þeim á svipstundu í það horf, að báðir aðiljar séu ánægðir með þau, bæði þeir, sem líta á fjárhagslegu hliðina, og eins hinir, sem líta fyrst og fremst á málið frá sjónarmiði menntunarinnar. Það er erfitt að samrýma það, að kennararnir hafi t. d. nóg að starfa, en að kennslan verði þó ekki of dýr fyrir þá, sem hennar eiga að njóta.

Kröfurnar, sem fram hafa komið um aukna fræðslu barna, eru réttmætar, og þeim verður ekki með rökum á móti mælt. Mér þykir því undarlegt að heyra hv. þm. V.-Sk. vera að tala um þvingun í þessu efni, að það sé verið að þvinga *inn á fólkið aukinni skólaskyldu*. Þetta er vitanlega fjarstæða ein, og ég vil biðja hv. þm. að athuga vel, hvort gildandi lög um fræðslu séu í raun og veru nokkuð frjálslyndari í þessu efni en ákvæði frv. Sá andi er einmitt mjög skýr í frv., að það eigi að hafa kennsluna meira en verið hefir úti í sjálfri náttúrunni. Og er það gert m. a. með því að *færa kennslutímann* fram á vorið og láta hann einnig byrja fyrr á haustin, svo að kennslan fari fram á þeim tímamótum, þegar náttúran er að klæðast í sumarskrúðann, en svipta af sér vetrarkuflinum, og þegar hún fer aftur úr sumarskrúðanum á haustin. Þessi þáttur í framburði hv. þm. V.-Sk. er því gersamlega rangur, svo sem mest má vera. (GSv: Hvar stendur það í frv., að kennslan eigi að fara fram úti í náttúrunni?). Það stendur í grg. frv., og hefir einnig komið fram hér í umr. Og vil ég beinlínis taka það fram, að breyt. á kennslutímanum er gerð til þess að koma þessari útikennslu í framkvæmd. Það er hugmyndin.

Þá vil ég geta þess, að mér er ekki kunnugt um, að við þm. Árn. höfum sagt neitt um það *hér í* þd., að það væri ríkjandi óánægja með barnakennara við heimavistarskóla í Árnessýslu. Það hefir verið borið hér fram eftir okkur í þingræðu, og talið, að við höfum átt að segja frá þessu hér í þd. Ég vil mótmæla þessu sem tilhæfulausum framburði. Við höfum aldrei minnzt á þessa barnakennara í umr. hér á *Alþingi. Hitt veit ég náttúrlega, og* það er sjálfsagt flestum þdm. kunnugt, að það mun víða vera til einhver óánægja með barnakennara; það eru auðvitað misjafnir menn í öllum stéttum. En þegar þetta er dregið hér inn í umr. sem mótbára gegn heimavistarskólunum, þá er það ekkert annað en ósæmileg tilraun frá hendi hv. þm. V.-Sk. *til* þess að *láta málið líta* sem verst út. Ég get upplýst, að þar sem ég þekki til rekstrar heimavistarskóla í sveitum, þá hafa þeir reynzt mjög vel, m. a. af því, að það hefir yfirleitt tekizt heppilega um kennaraval til þeirra. Og þó að á einstöku stað kunni að hafa bólað á nokkurri óánægju með einstaka kennara, þá er það *ekki skólafyrirkomulaginu* að kenna, og getur því á engan hátt gengið út yfir heimavistarskólana. Það er alltaf hægt að bæta úr óánægju með einstaka starfsmenn við skólana, enda verður það gert. Mótstöðumenn heimavistarskólanna klifa sífellt á því, að bændur geti ekki kostað börn sín á skólunum. Þetta mega þeir ekki berja fram *bálkalt*, án þess að leita upplýsinga hjá

þeim bændum, sem hafa reynslu fyrir heimavistarskólunum. Þeir ættu að kynna sér vitnisburði þeirra bænda, sem ekki geta haft kennara út af fyrir sig, og hvað talað er um þetta mál í sveitunum; ég hefi fulla vitneskju um það.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að í framtíðinni verði það svo, að hver kennari hafi ekki færri en 20 börn til kennslu. En vitanlega verður það nokkuð ákveðið eftir staðháttum og viðhorfi í hinum einstöku fræðsluhéruðum á hverjum tíma.

Ég ætla ekki í þetta sinn að ræða neitt um frv. hv. þm. S.-Þ., sem hann hefir flutt í Ed., til breyt. á fræðslulögunum. Með þeirri atkvgr., sem hér fer fram um dagskrártill. hv. þm. Borgf., verður skorið úr því, hvort þessi hv. þd. vill taka það frv. til greina eða ekki, því að dagskrártill. er einmitt borin fram í tilefni af þessu frv. og með skírskotun til þess.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það eru aðeins örfá orð í tilefni af hinum skrifl. brtt. hv. þm. N.-Þ., sem hann gerði grein fyrir áðan í ræðu sinni. Ég mun greiða atkv. á móti þessum brtt., en vil þó bera fram skrifl. brtt. við þær, ef svo fer, að fyrsta brtt. hv. þm. verður samþ. Hin skrifl. brtt. mín hljóðar á þessa leið: „Nú hefir skólahverfi vanrækt fræðslu barna, og getur þá fræðslumálastjórnin fyrirskipað skólaskyldu barna á aldrinum 7—10 ára í hverfinu.“ — Þetta er gert til þess að fræðslumálastjórnin hafi vald til að kippa barnafræðslunni í lag, þar sem hún kann að vera gersamlega vanrækt. En verði fyrsta brtt. hv. þm. N.-Þ. ekki samþ., mun ég taka þessa till. mína aftur, því að þá er hún óþörf.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 388) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Það eru aðeins örfá orð til þess að taka það skýrar fram, sem hv. þdm. hafa vafalaust tekið eftir, að það er blátt áfram ósvífin blekkingartilraun hjá hv. frsm., þm. V.-Ísf., að nokkur þdm. hafi leyft sér að telja eftir þá fræðslu, sem börnin hafa fengið í þessu landi. Ef hv. þm. hefir nokkuð fylgzt með því, sem sagt hefir verið um málið, þá má hann vita, að rætt hefir verið um þann stefnumun, hvort það á að innleiða skólaskyldu fyrir börn, þar sem nú er aðeins heimild í lögum til að koma henni á, utan kaupstaða, því að í kaupstöðunum er hún sjálfsögð, eins og allir vita. Það er deilt um, hvort nú eigi að útvíkka þessa skólaskyldu til sveitanna. Í umr. hefir verið bent á, að þetta væri óþarft, því að þeir, sem vildu, hefðu heimild til að lengja skólaskyldualdur barna. En bæði frá persónulegu og fjárhagslegu sjónarmiði þykir mörgum þetta athugavert. Þetta veit hv. þm., og hann veit það einnig ofur vel, að engum hefir dottið í hug að telja eftir þá fræðslu, sem börnum er almennt veitt, hvorki þeir langskólagengnu, sem hér eiga sæti í þd., né aðrir. Annars heyrir hv. þm. V.-Ísf. sjálfur til þeim flokki, sem hann þykist nú þurfa að eiga í höggi við og átelja. Hann hefir verið að hjakka á námsbraut hinna langskólagengnu eins lengi og ég, og veit ég ekki, hvort hann hefir borið þar meira frá borði. — Þessar umr. eru nú að verða búnar, og þær hafa sýnt, að hv. þm. V.-Ísf. skilur ekkert í þessu atriði, sem er þó í sérgrein hans sem embættismanns.

***Pétur Ottesen:** Ég veit ekki, hvort það hefir átt að skilja orð hv. 2. þm. Árn. svo, að hann vildi neita því, sem ég bar hann fyrir, um árekstur þann, sem orðið hefði í Árnessýslu milli kennara í heimavistarskólum og foreldra barnanna. Hann kveðst ekki hafa sagt neitt um það í þingræðu, og það er rétt, en hinsvegar hefir hann sagt það í viðtali við mig, að þetta væri rétt, og auk þess hefi ég heyrt hann skýra öðrum frá því. Ég verð að segja það, að ég hefi þá ekki skoðað þennan hv. þm. í réttu ljósi, ef hann neitar þessu. Ég benti á þetta til sönnunar því, sem ég taldi vera kost á frv. hv. þm. S.-Þ. í Ed., um breyt. á fræðslulögunum, fram yfir það frv., sem hér er til umr., að heimilað er að skipta um kennara við heimavistarbarnaskóla. En í þessu frv. er gert ráð fyrir, að barnakennarar í sveitum geti haldið því starfi óslitið æfilangt. Það var aðeins þetta, sem ég vildi láta koma skýrar fram. Annars mátti skilja hv. 2. þm. Árn. svo, að hann vildi neita þessum framburði sínum og viðurkenndu sannindum.

***Bjarni Bjarnason:** Ég vil aðeins gera hv. þm. Borgf. það til geðs að endurtaka nokkur orð af því, sem ég áður sagði í minni ræðu. Og það er þetta: Ég mótmæli því afdráttarlaust, að frá okkur þm. Árn. hafi fallið nokkurt orð um það, að óánægja væri ríkjandi með barnakennara í Árnessýslu. En hinsvegar hefi ég ekki ætlað mér að ræða um þetta mál hér í þd. **(PO: Vill þm. mótmæla því, að hann hafi sagt þetta?).** Já, það geri ég.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 148, 283, 354, 367, 387, 388).

***Pétur Halldórsson:** Það hefir nú atvikazt svo undanfarið, að ég hefi ekki átt kost á að vera viðstaddur fyrstu, aðra né þriðju umr. þessa máls hér í hv. d. Ég óskaði þess síðari hluta dagsins í gær, að málið yrði tekið út af dagskrá, því að ég var á mælendaskrá, en að ekki yrði lokið umr. um það þá. En ég sé, að því hefir ekki verið sinnt. Ég var þá að gegna öðrum nauðsynlegum störfum. Vildi ég því gjarnan eiga kost á að taka til máls nú.

***Forseti (JörB):** Því miður er umr. lokið nú um málið, og þetta var 3. umr. Ég dró umr. að því leyti, sem í minu valdi stóð, til þess að gefa hv. 5. þm. Reykv. kost á að taka til máls. Hinsvegar hygg ég, að við getum orðið sammála um það, að ef ætlað er að fara að bíða eftir mönnum með umr. um mál, jafnvel þó að þeir vegna áríðandi starfa utan þings geti ekki verið viðstaddir, er umr. fara fram, þá mundi

ganga ærið seint afgreiðsla þingmála, ef sá háttur yrði upp tekinn.

Ég sé mér ekki fært, og sizt með mál, sem fremur er kallað eftir, að haga þannig umr. Umr. um þetta mál var ekki slitið fyrr en í lok fundarins í gær, síðla dags. Og ég hafði í byrjun eftirmiðdagsfundarins gert hv. 5. þm. Reykv. aðvart um, að málið yrði tekið fyrir og umr. yrði haldið áfram. Álít ég, að ég hafi þar með gert hvað ég gat til þess að gefa hv. 5. þm. Reykv. kost á að ræða málið.

***Pétur Halldórsson:** Ég lét þau skilaboð ganga til hæstv. forseta í gær, að ég óskaði, að umr. um mál þetta yrði frestað þangað til í dag, vegna þess að ég gæti ekki komið á fund þá. En forseti telur sig ekki hafa getað orðið við því. Mér þykir þetta undarlegt, þegar svo margar brtt. voru gerðar við frv. fyrst við 3. umr. málsins. Málið fór gegnum 1. umr. og 2. umr. án þess að n., sem með málið fór, tæki það til athugunar — sannast að segja. Og það er þá dálitið óvenjulegt, vil ég segja, að svo stórkostlegar brtt. komi fram frá n. við 3. umr. máls. Og þessi 3. umr. hefir enn ekki staðið svo lengi, að það sé mikil ósk eða krafa, að ég fái nú að taka til máls um þetta mál. Ég þeygi mig að sjálfsögðu fyrir úrskurði hæstv. forseta um þetta. En ég get ekki látið hjá líða að benda á, að þessi afgreiðsla n. á afdrifaríkum málum á þessu þingi er ákaflega óviðkunnanleg. Það er því ekki verulega mikil tilhliðrunarsemi, sem hér er sýnd við afgreiðslu þessa máls. Hitt má vel vera, að það hafi ekki mikla þýðingu að ræða þetta mál miklu meira og að rekið sé á eftir um afgreiðslu þess. En ég vil segja, að meðferð máls þessa öll í þessari hv. d. sé með þeim einkennum, að það væri ekki óeðlilegt, þó að heimild væri gefin til þess að halda áfram umr. um það í þetta sinn.

***Forseti (JörB):** Mér þykir leiðinlegt að hafa ekki getað orðið við ósk hv. 5. þm. Reykv. í þessu efni. En ég vil vona, að hann virði mér það til vorkunnar, þó að ég fari ekki út á þessa braut, að bíða með umr. eftir því, að hv. þm. fái lokið störfum sínum utan þings. Það yrði erfitt fyrir forseta að dæma um það í hvert sinn, hve brýnn slíkur erindisrekstur kann að vera hjá hv. þm. Ég sé, að mál þetta er flutt af meiri hl. menntmn. og að brtt., sem fyrir liggja, eru fluttar af n. allri. Ég hygg, að hv. 5. þm. Reykv. eigi nú sæti í menntmn., og ég vil því vona, að hann standi að þessum brtt. Þær brtt. allar, sem fyrir liggja í þessu máli, eru fyrir nokkuð löngu fram komnar (**PHalld:** Ekki allar.), nema aðeins smávægileg brtt., sem kom fram í gær á síðustu stundu — ég skal játa það — eins og stundum ber við. En jafnvel þó að þannig standi á, að komið sé með brtt. á síðustu stundu, þá gæti það verið hál braut fyrir þingið að gefa frest á umr. í hvert sinn, þegar þannig stæði á.

Ég get því ekki eftir málavöxtum fundið það, að ég hafi beitt hv. 5. þm. Reykv. harðræði, enda vildi ég sízt af öllu gera það. En ég sé mér hinsvegar ekki fært að ganga inn á þessa braut, nema alveg sérstaklega standi á og það skipti engu máli upp á afgreiðslu málsins, sem slíkur frestur væri gefinn á umr. um.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ástæðan til þess, að þessar brtt. komu fram við 3. umr., en ekki 2. umr., er sú, að samkomulagstilraun stóð yfir í n., sem tafði brtt. Og þó að gott samkomulag næðist um brtt. að lokum, þá dróst það það langan tíma um sumar brtt., að þær urðu að koma á sérstöku þskj. daginn áður en málið var tekið á dagskrá til 3. umr.

En hv. 5. þm. Reykv. hefir ekki átt kost á að taka til máls við umr. um málið, og vil ég skjóta þeim tilmælum til hæstv. forseta, að sá hv. þm. fái að taka til máls um málið á þann hátt, að hann geri sérstaklega og í einu lagi grein fyrir atkv. sínu um frv. og brtt. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann álíti þetta ekki framkvæmanlegt, ef enginn þm. mælir gegn því. Grg. fyrir atkv. þekkist oft við alkvgr., og virðist mér, að í þessu tilfelli mætti hún fara fram í einu lagi á undan atkvgr.

***Pétur Halldórsson:** Ég þakka hv. þm. V.-Ísf. vinsamlegar till. hans. En ég ætlast ekki til þess, að þessi tilmæli mín um að fá að taka til máls séu skoðuð sem beiningarför til hæstv. forseta. Og ég bið hann að ætlast ekki til þess, að ég fái það sem einhverskonar ölmusugjöf að fá að tala hér.

***Forseti (JörB):** Það er rétt, að það hefir oft borið við, að þm. hafa með nokkrum orðum gert grein fyrir atkv. sínu. Ég vil gjarnan fallast á uppástungu hv. þm. V.-Ísf., að hv. 5. þm. Reykv. fái að gera grein fyrir atkv. sínu á undan atkvgr. Og ég get heitið hv. 5. þm. Reykv. því, að slíkt verði alls ekki skoðað sem nein greiðasemi eða gustukaverk eða neitt þess háttar, heldur sem afleiðing þess, hvernig sakir standa nú við þessa umr. Af minni hálfu þætti mér betra, ef hv. 5. þm. Reykv. gæti fallizt á að gera þetta.

***Hannes Jónsson:** Þessar umr. gefa tilefni til þess að líta yfir þau vinnubrögð, sem yfirleitt eru að verða ríkjandi á þessari samkundu. Það er kunnugt, að það hefir verið leikinn sá skollaleikur hér á Alþingi að koma fram með stórfelldar brtt. við frv. við 3. umr., svo stórfelldar, að þær í raun og veru gerbreyta öllu efni og tilgangi málsins. Það er m. ö. o. unnið að því að innleiða þá óþinglegu starfsaðferð við afgreiðslu mála hér á Alþingi að afgreiða mál við eina umr. í d., í stað þess að hafa um þau 3 umr. í hvorri d. Þetta er einn þátturinn í verklagi Alþingis.

Annað er það, sem ég vil benda á. Það er sá háttur, að n. leggjast á mál og afgreiða þau ekki frá n., ekki einungis á þessu þingi, heldur þing eftir þing. Mér virðist þetta með öllu óverjandi aðferð hjá n. þingsins og einstakra hv. þm. í nefndum, algerlega óhæf aðstaða þm. gagnvart málum, sem flutt eru á Alþingi.

Ég verð hinsvegar að segja það, að tilmæli til hæstv. forseta, eins og komið hafa fram um

frestun á umr. og rætt hefir verið um hér, þá mætti líka með þeirri aðferð stefna afgreiðslu mála í óefni, þannig að mér virðist að hæstv. forseti verði annaðhvort að gera, að neita yfirleitt að verða við slíkum tilmælum eða að stefna störfum þingsins í hin mestu vandræði.

Þá er enn eitt atriði í sambandi við störf Alþingis, sem sé það, að margir hv. þm. eru svo störfum hlaðnir, að þeir mega ekki vera að sinna þingstörfum sem skyldi. Sérstaklega á þetta við um þá þm., sem eiga heima hér í Reykjavík.

Allt þetta, sem nú hefir verið talið um vinnubrögð hæstv. Alþingis, stefnir í svo mikið óefni störfum þess, að ég sé ekki annað en að það verði að taka þessi atriði til alveg sérstakrar athugunar og reyna að færa vinnubrögð Alþingis í betra horf.

Að síðustu vil ég svo beina þeim eindregnu tilmælum mínum til hæstv. forseta, að hann ýti á eftir málum, sem nú liggja óafgreidd hjá n. þingsins.

*__Forseti (JörB)__: Ég hefi þrásinnis látið í ljós, að *n. eigi að skila málum frá sér og ekki tefja þau meira en nauðsyn krefur*, því að það er vitanlega Alþingis í heild að skera úr um það, hverja afgreiðslu málin fá, en ekki einstakra n. Vil ég hér með enn lýsa því yfir, að ég vænti þess, að n. hér í hv. Nd. skili málum þeim frá sér, sem fyrir þeim liggja.

*__Pétur Halldórsson__: Ég get ekki neitað mér um að *standa upp og benda á*, hvernig málið horfir við frá mínu sjónarmiði, þar sem þetta er eitt af mestu málum þingsins. Málið kemur fram, ekki frá stj., heldur frá meiri hl. menntmn., og er gersamlega óathugað, þegar það kemur fram. Það er í raun og veru ekki fyrr en milli 2. og 3. umr., að farið er að athuga málið, með þeirri útkomu, að meiri hl. n. skilar af sér 20—30 till., sem gerbreyta málinu og *taka upp 4 síður í venjulegu þingskjalabroti*.

Hæstv. forseti taldi það ekki góðan sið, sem ég fór fram á, að umr. yrði ekki slitið, heldur væri hv. d. gefinn kostur á að athuga málið nánar. Ég verð nú hinsvegar að telja þetta óvenjulega afgr., sem höfð hefir verið. Málið hefði auðvitað átt að koma frá stj. í upphafi, vel athugað og undirbúið, en í stað þess er það borið fram af meiri hl. n. gersamlega óathugað. *Ég hefi ekki heldur getað athugað málið fyllilega ennþá.*

*__Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson)__: Ég get ekkert óvenjulegt séð í því, að menntmn. beri nú fram þessar brtt. Um þessar till. náðist sæmilegt samkomulag í n. Ég vil heldur ekki taka undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, að þessar brtt. gerbreyti málinu, því að þær, sem mest er um vert, *fara yfirleitt í sömu átt* og frv. sjálft, og mikill hluti þessara till. er ekki annað en orðabreytingar og skipulags. Sú till., sem ég flutti í gær skrifl., er ekki mikilvæg, nema samþ. verði till. sú, sem hv. þm. N.-Þ. bar fram í gær. Ef þessi till. hv. þm. N.-Þ. verður felld, er mín till. óþörf. Mín till. kom fram einungis vegna þess, að umgetin skrifleg brtt. hv. þm. N.-Þ. var komin á undan.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Borgf. felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PO, SK.

nei: EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, JörB.

HannJ, EE greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (EmJ, JÓl, MT, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 354,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

*__Gísli Sveinsson__: Sökum þess, að hv. menntmn. hefir í brtt. sínum gengið inn á flest af því, sem ég tel höfuðatriði í málinu og ég ber fram í brtt. mínum á þskj. 283, tek ég till. mínar aftur. — Brtt. n. á tveim þskj., 354 og 367, og brtt. hv. þm. N.-Þ. á þskj. 387 er þann veg farið, að ég get sætt mig við þær sem endurbót á frv., enda þótt ég sé á móti aðalmálinu. Get ég því tekið aftur brtt. mínar allar, með það fyrir augum, að það, sem enn er ábótavant, verði bætt í Ed. eða nái ekki fram að ganga þar.

Brtt. 283 tekin aftur af flm., en 6. liður tekinn upp af 5. þm. Reykv.

— 354,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 387,1 samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, GSv, GÍ, HannJ, JónP, JS, PZ, PHalld, PO, SigfJ, TT, EystJ, GÞ.

nei: HV, JG, PÞ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, EmJ, FJ, JörB.

ÓTh, SK, BB, EE greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (JakM, JJós, JÓl, MT, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 388 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 354,3, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

— 354,4 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 354,5 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 354,6 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 354,7 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 354,8 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 354,9 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 387,2 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JG.

nei: PÞ, PHalld, PO, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, ÞorbÞ, JörB.

BÁ, BB greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BJ, JÓl, MT) fjarstaddir.

Brtt. 354,10 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 354,11 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 354,12 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 354,13 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 387,3 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 354,14, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

— 354,15 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 354,16 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 283,6 felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ.

nei: HV, JG, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EystJ, FJ, GG, JörB.
PZ, EmJ greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (JakM, JÓl, MT, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 367,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 354,17, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 354,18 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 367,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 354,19 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 367,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 354,20, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, JörB.

nei: EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JJós, JónP, JS, ÓTh, PO.
Fjórir þm. (JakM, JÓl, MT, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 407).

Á 56. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég legg til, að málinu verði vísað til sömu n. og hafði það til meðferðar í Nd., nefnilega menntmn., enda vænti ég þess, að n. hraði afgreiðslu málsins svo sem verða má.

***Jónas Jónsson:** Það er eðlilegt, að ýtt sé á n. að vinna að afgreiðslu frv., en á hinn bóginn veit hæstv. ráðh. og skilur, að um mál, sem skiptir þjóðina í heild eins mikið og þetta mál gerir, þá eru það engin vinnubrögð að afgreiða það á einum degi eða fáum. Af því að ég er málinu hlynntur, þá vil ég vinna að því, og mér þykir rétt að nota það, sem eftir er af fundartímanum í dag, til þess að ræða það.

Ég álít að aðalkostur frv. sé sá, að þar er gert ráð fyrir að færa saman kennsluna og undirbúa það, að hver barnakennari komist þannig yfir meiri vinnu en áður. Úr því að hæstv. ráðh. er hér viðstaddur hjá okkur í d., langar mig til að heyra, hvers vegna hann er svo óánægður með frv. mitt um sama efni, til bráðabirgðabreytingar á fræðslulögunum, er ég hefi flutt hér í d., þar sem settar eru upp í samstætt kerfi launabætur fyrir barnakennara. Þar er gert ráð fyrir, að giftir kennarar í Rvík fái 1200 kr. í húsaleigustyrk, og að farkennarar í sveitum, sem ekkert er hugsað um í þessu frv. í þá átt, fái verulega bót á kjörum sínum, ef frv. nær fram að ganga. Ég fæ ekki skilið, hvernig meðhaldsmenn þessa frv. geta haldið því fram, að í mínu frv. sé ekkert gert fyrir kennarana á þann hátt.

Ég tel það mjög athugavert við þetta frv., að lengd vinnutíma í barnaskólum skuli háð ákvörðunum skólanefnda. Hitt er aftur á móti allt annað, þó að gert sé ráð fyrir því, að skólatíminn sé látinn ná lengra fram á sumarið, svo að börnin geti verið meira úti við heldur en á vetrum. Eins og frv. var fyrst hugsað, hefðu skólahéruð og ríkissjóður komið til með að greiða allháar fjárupphæðir til byggingar heimavistarskóla. Að hafa skólana stóra hefir náttúrlega þann kost, að þá getur hver kennari kennt miklu fleiri börnum heldur en við farkennslu, þar sem kennari hefir sumstaðar aðeins 6 börn yfir veturinn, eins og dæmi eru til. En þessar stóru skólabyggingar eru áætlaðar allt of þétt í dreifbýlinu. Í Nd. hefir nú mikið verið dregið úr þessum ákvæðum frv. á þann hátt, að þeim er að mestu leyti breytt í heimildir. En ég veit ekki, til hvers er að samþ. slíkar heimildir, þegar ekkert fé er fyrir hendi og engin tök verða á að framkvæma þær á næstu árum. Á undanförnum árum hafa fjárhagsörðugleikar ríkissjóðs verið svo miklir, að það er naumast hægt á þremur árum að koma upp Flensborgarskólanum í Hafnarfirði og húsmæðraskólanum á Laugalandi, þó að fé hafi verið lagt fram á móti af hlutaðeigendum. Ég sé engar líkur til þess, að á næstu árum verði hægt að framkvæma nokkuð af þessum heimavistarskólabyggingum. Og vil ég skjóta því til hæstv. kennslumálaráðh. til athugunar, að hvorki ríkissjóður eða Rvíkurbær hafa séð sér fært að byrja á byggingu fyrir gagnfræðaskóla í Rvík vegna féleysis. Ég sé ekki, hvers vegna á að lögbjóða þessar skólabyggingar, þegar ekki verður hægt að reisa þær í náinni framtíð.

Þá er það annað, sem ég vildi biðja hæstv. ráðh. og aðra meðmælendur þessa frv. að veita athygli. Í II. kafla frv., sem fjallar um kennsluskipun og skólahald, er ætlazt til, að lágmark árlegs námstíma skólaskyldra barna í heimangönguskólum skuli vera fyrir börn 7—9 ára 33 vikur á ári, sem svara til 500 kennslustunda, og fyrir börn 10—14 ára 24 vikur á ári, eða 700 kennslust. Ég álít, að t. d. í sveitum sé það nokkuð mikil fjarstæða að ætla börnum á góðum, en fátækum heimilum á 7—9 ára aldri að vera 33 vikur í skóla árlega. Kemur mér þetta svo spánskt fyrir, að ég undrast, að menn, sem fæddir eru hér á landi, skuli láta sér hugkvæmast að framfylgja þessari firru hér, og þó vilja þeir vel með þessari till. Segjum, að þessum börnum sé ekkert kennt heima. Það getur verið, að þessu verði beitt þannig, að börnum verði kennt t. d. lestur og reikningur í tvo mánuði, og svo aðrar námsgreinar jafnlangt tímabil; en ég get þó ekki fengið það út, að skólinn þurfi að standa í 33 vikur. Og sé ég enga ástæðu til þess að hafa börnin undir sérstökum húsaga kennara á þessum aldri.

Ástandið er nú þannig, þrátt fyrir margra ára skólaskyldu barna, að margir unglingar virðast ekkert geta við inntökupróf í héraðsskólana og aðra ungmennaskóla. — Ég skal nefna dæmi þessu til sönnunar. Einn skólastjóri við héraðsskóla hefir tjáð mér, að við inntökupróf í skólann hafi verið lagt fyrir 53 nemendur þetta dæmi. Á jörð í nágrenni skólans leigðu 3 bændur, hafði einn bóndinn ⅓ til ábúðar, annar ¼. En á hve stórum parti bjó sá þriðji? Tveir gátu reiknað dæmið eftir skólareglum, einn reiknaði það í huganum, en hinir gátu ekki reiknað það.

Til hvers er nú að berjast við að kenna börnum reikning þessar mörgu vikur árlega þegar

árangurinn er ekki annar en þessi? Í unglingaskólunum læra þau reikninginn á miklu skemmri tíma og með minni fyrirhöfn á þeim aldri. Ég vil skjóta því til hæstv. ráðh., hvers vegna frv. er svo einhliða sem raun ber vitni um. Í n. þeirri, sem undirbjó frv., voru þrír kennarar, allir fagmenn í þessum efnum. Þeir hafa að vísu lagt fram mörg atriði, sem hægt er að framkvæma og koma að verulegum notum, en önnur koma ekki til greina fyrr en langt um líður. Svona fer það jafnan, þegar fagmennirnir einir eru fengnir til þess að gera uppástungur um breytta tilhögun og auknar framkvæmdir í sinni sérgrein. Till. þeirra verða of einhæfar og kreddukenndar og kröfurnar úr hófi fram. Svona er því einnig varið um aðra fagmenn. Ef við spyrjum lögfræðingana um skipun lögsagnarumdæma og dómstóla, þá vilja þeir náttúrlega hafa lögmenn sem víðast. Ef við spyrjum læknana um fyrirkomulag sjúkrahúsa o. s. frv., þá vilja þeir líka hafa þau sem fullkomnust og dýrust. Og það hjálpar þeim jafnan, að við þekkjum svo lítið til í þeim efnum og getum síður haldið í stélið á þeim. En um verkefni barnakennara og störf þeirra veit almenningur svo margt, að hann lætur þá ekki bjóða sér allt athugasemdalaust.

Þegar kemur að þeim lið gr., er fjallar um börn í heimavistarskólum, þá á hvert barn að stunda nám minnst 12—13 vikur á ári, og séu námsvikur aldrei færri en 88 samtals á aldrinum 7—14 ára, nema undanþága hafi verið veitt. — Nú hafa mörg börn haft aðeins 4 vikna nám, sum 6—8 og nokkur mest 12 vikna nám á vetri í sveitum, og þó hafa þau í flestum tilfellum komizt lengra á námsbrautinni á unglingsárunum en börnin úr langsetu barnaskólanna. Ég neita því, að það sé nokkur ástæða til að heimta það, að öll börn verði svo lengi, sem tiltekið er í frv., í föstum skóla. Það er alveg nægilegt í sveitum að hafa börn á 12—14 ára aldri undir eftirliti kennara. Í bráðabirgðaákvæðum frv. er vel og skynsamlega gert ráð fyrir því, að 50 börn á aldrinum 7—14 ára skuli koma á hvern kennara að jafnaði við heimangönguskóla, og svo 30 börn á 10—14 ára aldri. En í heimavistarskóla á kennari að hafa 40 börn á 10—14 ára aldri. Ég sé ekki, hvernig á að framkvæma þessa samfærslu, eða hvar börn á þessum aldri eiga að fá sitt aukna frí. Það er langt frá því, að n. hafi tekizt að leysa úr þessu spursmáli, og það mun heldur ekki vera til hér í Rvík, að 30 börn komi á hvern kennara. Hvernig á þá að ráða fram úr þessu? Ég hefi gert þessar fyrirspurnir til hæstv. stj., af því það lítur svo út, að hún telji frv. ágætt og þrautrannsakað, eins og það liggur hér fyrir, svo að það megi samþ. það óbreytt.

Nú vil ég skjóta því til hæstv. kennslumálaráðh., án þess að ég vilji á nokkurn hátt gera lítið úr kjósendum hans á Seyðisfirði, að við athugun á skýrslum um kostnað við fræðslu barna í ýmsum skólahéruðum kemur það í ljós, að í Seyðisfjarðarkaupstað er kennslukostnaður á hvert barn 259 krónur. Aftur á móti er hann í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu aðeins 24 kr., í mínu kjördæmi í Mývatnssveit 29 krónur á hvert barn. Nú vil ég ekki með þessu kasta rýrð á kjósendur hæstv. atvmrh., og ekki vil ég heldur draga af þessu þá ályktun, að þeir verði þeim mun vitrari, sem meira er til þeirra kostað en skólabarna í Kaldrananeshreppi eða Mývatnssveit. En hinsvegar álít ég ekki þörf á meiri fræðslukostnaði í þessum hreppum.

Ég álít, að þetta mál hafi ekki verið athugað nægilega frá öllum hliðum af þeim, sem unnið hafa að þessu frv., en það verður að gerast. Það hefir náttúrlega í beztu meiningu verið reynt að lagfæra ýmsa ágalla, sem nú eru á barnafræðslunni. Að sumu leyti hefir því miðað áfram, en að öðru leyti ekki. Börnin eru víða ofþreytt í skólunum á margra mánaða bóklegu námi, og þess vegna álít ég, að það eigi að vera aðalatriðið, þegar gerðar eru breyt. á fræðslulögunum, að ekki sé verið að þvæla börnin í skólanum á of löngum yfirheyrslum, heldur séu gerðar aðrar ráðstafanir gagnvart börnunum, sem vega á móti áhrifum hinnar löngu skólagöngu, sem í flestum tilfellum virðist lama þau.

Taki maður þá hliðina, sem snýr að foreldrunum, þá er hin langa dvöl barnanna í heimavistarskólunum allt of kostnaðarsöm, svo að aðstandendur barnanna rísa ekki undir því. Og að lokum verður að benda á það, að ekkert er hugsað fyrir fræðslu þeirra barna, sem fá undanþágu frá skólaskyldu. Foreldrar þeirra verða að sæta því að fá sem ódýrasta kennslu handa þeim hjá einhverjum heimilislausum og rótlausum flækingum.

Það, sem fyrir mér vakir, er það, að kennararnir fái að njóta þess, að þeir eru eina launastéttin í landinu, sem vilja gera meira fyrir sín laun en nú er af þeim krafizt. Þess vegna vil ég jafnframt bæta kjör þeirra nokkuð um leið og verkefnin eru aukin. Í öðru lagi óska þeir eftir að fá aukna menntun, til þess að geta betur fullnægt þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Ég hefi út af því hugsað mér að bera fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta athuga og undirbúa fyrir næsta þing, hvort ekki ætti að hætta að taka nýja nemendur í 1. bekk kennaraskólans, t. d. þegar á næsta hausti, og undirbúa það, að skólinn verði lagður niður, — en taka hinsvegar upp tveggja vetra framhaldsmenntun í uppeldisfræði fyrir stúdenta í sambandi við háskólann. Og ennfremur að launakjör núverandi barnakennara verði bætt og þeim jafnframt ætlað að vinna meira en þeir gera nú. Svo endurnýjast stéttin smám saman á þann hátt, sem ég gat um.

Ég vonast til, að hæstv. kennslumálaráðh. líti ekki svo á, eins og mér skildist við 1. umr. þessa máls, að ég vilji helzt eyðileggja menntun barna í landinu, þegar ég hefi nú bent á þetta. Vera má, að þetta frv. verði samþ. nú, en ég mun samt halda áfram að flytja brtt. á næsta þingi um að kjör kennara verði bætt, og að þeir starfi þar, sem börnin eiga heima.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég mun geyma mér til 2. umr., sem væntanlega verður innan skamms, að svara fyrirspurnum hv. þm. S.-Þ., enda mun málið þá liggja ljósara fyrir. Mér skilst á hv. þm., að von sé á brtt. frá hon-

um við frv., sem þá munu einnig liggja fyrir til umræðu.

Guðrún Lárusdóttir: Það mun ekki vera til siðs við 1. umr. að ræða mikið um einstök atriði mála, og er það ef til vill óþarfi. En þó eru það nokkur atriði í sambandi við þetta frv., sem mig langar til að drepa á áður en málið fer til n. — Eins og til hagar í þessu landi, þá geri ég ráð fyrir, að það reynist erfitt að koma barnafræðslunni í gott horf, sérstaklega í sveitunum, þ. e. a. s., ef gengið er framhjá sjálfum heimilunum, eins og mér virðist, að gert sé ráð fyrir í þessu frv., þar sem talað er um að reisa þar skólaheimili til langdvalar fyrir börn á skólaskyldualdri, sem á svo að safna saman af stórum svæðum. Heimilin í sveitunum eru ríki út af fyrir sig, ríki, sem hingað til hafa séð börnunum fyrir fræðslu og annazt uppeldi þeirra. Ég hygg, að góð heimili veita jafnan drýgsta og bezta undirstöðuna undir líf og framtíð barnsins, og þess vegna er ég, ásamt fleiri mæðrum, dálítið smeyk við þær breyt., sem þetta frv. stofnar til. Að vísu er það lítið annað en stórfelldar ráðagerðir fyrir framtíðina, enda mun fjárskortur hamla því, að ráðizt verði til framkvæmda bráðlega í stórum stíl. Einnig er í frv. gert ráð fyrir undanþágum fyrir börn frá því að fara í heimavistarskóla í sveitunum eins snemma og í kaupstöðunum. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að heimilunum yfirleitt muni hrjósa hugur við að afhenda börn sín vandalausum kennurum til undirbúnings undir lífið, og afhenda þeim þá einnig að miklu leyti umráðaréttinn yfir börnunum. Og hvað snertir börnin sjálf, þá verður að taka til greina tilfinningar þeirra. Það eru mörg börn, sem fremur kjósa að vera heima hjá föður og móður og fá þar kennslu heldur en í heimavistarskóla. Þegar verið er að undirbúa löggjöf um fræðslu barna, þá verður að athuga þetta. Ég veit það af viðtali mínu við foreldra um burtför barna af heimilum þeirra, að þeim er það í flestum tilfellum mjög mikið áhyggjuefni. Þau segja sem svo, að þau geti ekki fengið af sér að leggja dýrmætustu eign sína, börnin, í hendur annara kennara en þeirra, er þau treysti fullkomlega til þess að fræða barnið og æfa það í öllu góðu og fögru. Það er næsta eðlilegt, að foreldrar, a. m. k. allir alvarlega hugsandi foreldrar, séu ekki áhyggjulausir í þessu efni, og þeim hrjósi hugur við að afhenda ungt barn sitt í hendur ókunnugum manni, kannske langa leið í burtu, þar sem öllu daglegu sambandi þeirra við barnið er slitið um langan tíma ársins. Samkv. þessu er það ekkert undarlegt, þó að foreldrar vilji sjálfir velja börnum sínum kennara, og ef þau verða óánægð með kennarann, hafa rétt til að geta losnað við hann. En á þessu frv. er svo að sjá, að barnakennarar eigi að vera ráðnir upp á lífstíð, þannig að ómögulegt sé að víkja þeim frá. Ef þetta er misskilningur minn og aðrir hv. þm. hafa lesið þetta á annan hátt, þá verður þetta leiðrétt af þeim, sem betur vita.

Þá er það eitt vandamálið í þessum efnum, sem þörf væri á að leysa úr, en það er, að kennarar, foreldrar og skólanefndir geti haft meiri samvinnu sín á milli um uppeldi og kennslu barnanna en nú á sér stað. Og í því sambandi vil ég spyrja: Hvernig eiga þeir barnakennarar, sem eru bundnir við kennslu í heimavistarskólum allan daginn, að hafa lifræn sambönd við heimili barnanna? Þetta þykir mér stór galli á frv., og það gerir mér erfitt um að fylgja því. Hér er að vísu nokkuð öðru máli að gegna um kaupstaðabörnin, breyt. verður ekki eins mikil þar, þó að skólaskylda barnanna verði lengd og jafnframt kennslutími þeirra. Vormánuðirnir eru sérstaklega góðir til útivistar og námsiðkana úti í náttúrunni fyrir kaupstaðabörnin, og útiíþróttir eru mikil nauðsyn fyrir þau, enda mun þessi fyrirhugaða framlenging barnakennslunnar fram á vorið sérstaklega við það miðuð, þar sem börnin hafa annars ekkert fyrir stafni. — En hér er um allt aðrar ástæður að ræða í sveitunum. Þar hafa börnin svo mikið að gera á vorin úti við, sjálfum sér til hressingar og heimilunum til gagns. Og þau störf eru þeim svo holl og eiga svo vel við börnin, að ekkert skólanám fær jafnazt á við það.

Mér finnst, að í frv. þessu séu einkaskólarnir allt of mikið settir hjá. Þó má búast við, að mörg heimili óski heldur að láta börn sín í þá, þar sem foreldrarnir fá að ráða meira um, hvernig þeim er kennt, og kennslan er jafnvel betur af hendi leyst en í opinberum skólum. En frv. gerir ráð fyrir, að þessir skólar verði sviptir öllum styrk. Það er dálítið hart fyrir fátæka foreldra, sem ekki geta sent börn sín í einkaskóla fátæktar vegna. Það eru gerðar sömu kröfur til þessara skóla, bæði hvað fræðslu og próf snertir, og ég sé því ekki ástæðu til þess að taka svo strangt til orða, að þeir séu sviptir ríkisstyrk með öllu.

Þá vil ég að lokum fara örfáum orðum um kennarana sjálfa, sem eru þriðji aðili þessa máls. Til þess að geta treyst kennurunum, þá þurfa foreldrarnir helzt að þekkja þá og hljóta að gera til þeirra allmiklar kröfur, ef þeir eiga öruggir að afhenda þeim börn sín í hendur. Kennararnir eru áhrifamestu menn þjóðfélagsins í uppeldismálunum. Áhrif þeirra fylgja börnunum svo að segja frá vöggu til grafar. Það veltur því ekki lítið á því, hvernig þessir menn eru. Allir góðir foreldrar hljóta að leggja áherzlu á, að þessir menn séu vænir og vandaðir.

Það eru þrjár kröfur, sem ég hygg, að maður komist varla hjá að gera til barnakennara. Fyrsta krafan er sú, að kennarinn sé alger bindindismaður, bæði á áfengi og tóbak. Það er fyrirskipuð fræðsla í barnaskólunum um skaðsemi slíkra nautna, og ég hygg, að ef sú fræðsla á að ná tilgangi sínum og verða til þess gagns, sem ætlazt er til, þá verði sá maður, sem fræðir barnið um þetta, að sýna það sjálfur í verkinu, að honum sé alvara með fræðsluna, hvort sem hún er um vín eða tóbak.

Það er annað atriði í þessu máli, sem er núna mjög tímabært, og það er, að kennari, sem tekur barn til fræðslu, sé hlutlaus í pólitík. Þess er krafizt af dómara, að hann hafi ekki pólitísk störf með höndum og sé hlutlaus, en ég hygg, að barnafræðslustarfið sé ekki síður

vandasamt en dómarastarfið. Ég veit, að það þykir mörgum leitt að heyra börn vera að þrátta um stjórnmál, og koma þá með setningar úr skólanum, og hafa þær jafnvel eftir kennara sínum. Kennarinn má vitanlega hafa þá skoðun á stjórnmálum, sem hann vill, en hins verður að krefjast af kennaranum, ekki síst barnakennaranum, að hann haldi ekki fram stjórnmálaskoðunum sínum í áheyrn nemendanna. Þetta á að sjálfsögðu við um alla tíma, hvaða stjórnmál sem eru efst á baugi og hverskonar stjórn sem situr að völdum; fræðsla kennarans má ekki bera hinn minnsta blæ af þeirri pólitísku stefnu, sem hann aðhyllist.

Þá er ein krafa, sem ég vil gera til allra kennara, a. m. k. þeirra, sem kenna börnunum kristin fræði, að þeir trúi því sjálfir, sem þeir eru að kenna. Ég get tekið dæmi. Hvernig halda menn, að söngkennsla gengi, ef maður, sem kann ekkert í söngfræði, tekur að sér að kenna börnum að syngja, eða maður, sem kynni ekkert í leikfimi, tæki að sér að kenna leikfimi? Hér er um það að ræða, sem er miklu meira virði fyrir sál barnsins en bæði söngur og leikfimi. Þetta er því ein af þeim kröfum, sem foreldrarnir hljóta að gera til kennarans, eða þeir foreldrar a. m. k., sem vilja hlúa að hjartagróðri barnanna.

Þetta eru ekki nema sundurlausir þankar um frv., framkomnir af því, að hér liggur fyrir það mál, sem einna mesta þýðingu hefir fyrir framtíð þjóðarinnar og það, hvort vegur hennar liggur til gæfu og gengis. Það er því mikið undir því komið, að mál þetta sé athugað með gætni og nákvæmni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (EÁrna): Út af tilmælum frá hv. þm. S.-Þ. um að taka af dagskrá 8. dagskrármálið (frv. til l. um fræðslu barna) skal ég geta þess, að það er tekið á dagskrá samkv. ósk hæstv. kennslumálaráðh., og væri æskilegt, að þeir kæmu sér saman um meðferð málsins.

Umr. frestað um stund, en síðar á fundinum mælti

forseti (EÁrna): Það hefir ekki fengizt samkomulag milli hv. form. menntmn. og hæstv. kennslumálaráðh. um 8. dagskrármálið (frv. til l. um fræðslu barna).

***Jónas Jónsson:** Ég vil taka það fram, að ég álít mjög óviðkunnanlegt og óviðeigandi af hæstv. ráðh. að heimta, að svona stórt mál og vandasamt sé tekið til umr., áður en menntmn. hefir haft aðstöðu til að halda fund um það. Ef hæstv. ráðh. vill halda ræðu um málið, sem hann vildi ekki gera við 1. umr., þá hefi ég ekkert á móti að heyra hana, en hitt get ég ekki gengið inn á, að málið sé afgr. áður en n. hefir lokið athugun á því.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get ekki fallizt á þessi rök. N. hefir haft frv. síðan á laugardag og hefir því haft nægan tíma til að sinna því. Ég held því við ósk mína, að frv. verði tekið fyrir nú á þessum fundi, nema hv. þm. vilji lofa að hafa frv. tilbúið á morgun og skila áliti áður en fjárl. koma til afgreiðslu.

***Jónas Jónsson:** Það er öllum kunnugt, hvernig ástatt er í menntmn. Einn nm. hefir orðið að vanrækja sín störf meira en aðrir, þar sem hann er upptekinn fram til hádegis. Ég hefi alltaf reynt að halda fundi um málið, við höfum reynt að koma á fundum um það undir umr. Það ætti að vera nóg fyrir hæstv. ráðh. að vita, að mér er það eins mikið áhugamál og honum, að málið fái afgreiðslu. Ég tel það mjög óviðeigandi af honum, að hann skuli láta sér detta í hug að afgr. málið áður en n. hefir athugað það, og ég lofa engu um málið nema að vinna að því eins og ég get.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Eftir þessa yfirlýsingu hv. þm. óska ég eftir, að málið sé nú tekið fyrir.

Forseti (EÁrna): Vilja hlutaðeigendur ekki fallast á að geyma málið þangað til á laugardag?

Jónas Jónsson: Ég geri ráð fyrir, að n. geti verið búin með málið fyrir laugardag, þó að hún sé ekki búin nú, en ég er því mótfallinn, að málið sé tekið fyrir nema nál. liggi fyrir.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ef hæstv. forseti lofar að taka málið fyrir í fundarbyrjun á laugardaginn, get ég sætt mig við það eftir atvikum, en ég vil mælast til þess, að það verði tekið fyrir þá, hvað sem því líður. Annars er þetta 2. umr., og hv. þm. er ekki óvanur að geyma brtt. sínar til 3. umr.

Guðrún Lárusdóttir: Ég er hissa á þeim ákafa, sem fram kemur um afgreiðslu þessa máls. Það eru ekki nema fáir dagar síðan menntmn. fékk málið, og eins og hv. form. menntmn. sagði, þá hefir n. ekki enn unnizt tími til að afgr. það.

Ég vil í þessu sambandi minna á annað mál, frv. til l. um heimili fyrir vangæf börn. Mér skilst, að það snerti alls ekki svo lítið þetta skólafrv., og ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. form. allshn., hvernig standi á því, að málið hefir legið í n. og hún ekkert orð látið frá sér fara um málið. Meinar n., að þetta sé svo smávægilegt og litilfjörlegt mál, að það eigi ekki skilið að fá að koma hér til umr.? Ég óska að fá svar við þessu.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það var út af ummælum hv. 5. landsk. um frv. um heimili fyrir vangæf börn. Ég skal skýra hv. þm. frá því, að n. hefir oftar en einu sinni minnzt á málið. Það var sent til landlæknis til þess að fá umsögn hans, og eftir að sú umsögn kom, hefi ég ekki

orðið var við annað en n. væri sammála um, að það væri ótímabært að afgr. málið nú á þessu þingi, og það er m. a. af því, að það er ekki sýnt, að neinir möguleikar séu til að koma slíku heimili upp, því að til þess mundi að sjálfsögðu þurfa fjárveitingu í fjárl., en slík fjárveiting er ekki fengin.

Ég hygg, að það sé skoðun n., að það sé ekki rétt að vera að búa til l., hvorki um þetta heimili eða önnur, meðan sýnt er, að engin leið er til að reisa slík heimili.

Þetta er ástæðan til þess, að málið hefir ekki komið úr n. En ef hv. þm. óskar eftir, að málið verði afgr., þá getur n. auðvitað skilað áliti. Býst ég við, að hún kæmi þá með till. um að vísa frv. til ríkisstj., en ég sé ekki, að málinu sé neinn hagur í því. — En það er annað mál frá hv. þm., sem ég er honum sammála um, en það er frv. um drykkjumannahæli. Hv. þm. veit, hvernig fór um þá fjárveitingu, sem lagt var til, að Alþingi veitti í því skyni. Hún féll með svo miklum atkvæðamun, að engin von er til, að hægt sé að fá neitt fé til þeirra hluta. Og til hvers er þá að koma með þessi mál, meðan engin von er til að geta pínt fram fjárveitingu til þeirra? En n. er ekki á móti efni frv., — það er öðru nær.

Guðrún Lárusdóttir: Það má heita góðra gjalda vert að fá að vita þetta. En ég vil spyrja: Hvaða aðstöðu hefir landlæknir frekar öðrum mönnum til að leggja fram álit, sem n. þótti svo mikil ástæða til að bíða eftir, að hún stöðvað afgreiðslu frv. úr nefndinni fyrir það?

Viðvíkjandi fjárframlögum í því skyni að stofna heimili fyrir vangæfa unglinga er það að segja, að ég bar fram brtt. um nokkurra þús. kr. framlag til þess að kosta dvöl vangæfra barna, þar til ríkið hefði stofnsett heimili fyrir þau. Ég tók þessa brtt. aftur til 3. umr. samkv. beiðni hv. frsm., og bið ég nú átekta til þess að sjá, hvað gert verður í því efni. Og þó að fjvn. fallist á að veita umbeðna upphæð, þá er það aðeins bráðabirgðaúrlausn, sem fellur fullkomlega saman við þetta frv. Hvað sem landlæknir segir, þá sé ég ekki, að það sé nein ástæða til þess að hamla því, að eitthvað sé gert í þessum málum, því við komumst ekki heldur hjá því öllu lengur að áætla fjárframlög til slíkra stofnana, svo aðkallandi er nauðsynin á að hefjast handa um þessi mál.

Jón Auðunn Jónsson: Það er eitt mál, sem ég vildi spyrja menntmn., hvort hún geti ekki afgr. sem fyrst.

2. apríl var vísað til þeirrar n. frv. um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands. Þetta er einfalt mál; það er um það, hvort þeir, sem hafa aflað sér þeirrar þekkingar, sem þar um getur, eigi að hafa forgangsrétt til að fá embætti við skóla, sem kostaðir eru af ríkinu. Ég vænti, að n. geti afgr. þetta mál næstu daga. Málið er komið frá Nd., og getur því orðið að l. í þessari d., ef n. vill gera sitt til að greiða fyrir því með því að leggja fram álit sitt um það.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

***Jónas Jónsson:** Það stendur þannig á með fyrsta málið, sem hér er á dagskrá, að ekki er búið að ljúka við prentun á nál., sem gengið var frá í gær, en ég hefi vænzt þess, að það kæmi hér á fundinn, og gerir þá ekki til, þótt umr. verði hafin um málið. Hinsvegar þurfum við, ég og hv. 1. þm. Reykv., að vera á bankaráðsfundi í dag, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um málið á meðan við erum fjarverandi. En ef fundi yrði frestað, þá vildi ég sömuleiðis mælast til, að forseti tæki einnig á dagskrá frv. til l. um heimild um klaksjóð, sem komið er svo langt áleiðis, að ef til vill væri hægt að koma því út úr deildinni í dag.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til 2. umr. (A. 407, n. 482).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** N. hefir að vissu leyti klofnað um þetta mál. Hv. 5. landsk. og ég höfum lagt til með rökst. dagskrá, að málið yrði athugað betur. Hinsvegar er í dagskránni fólgin ósk um það, að málið verði ekki svæft, heldur bætt. Hv. 1. þm. N.-M. hefir sennilega ekki haft tíma til að gefa út nál., en gerir þá að sjálfsögðu grein fyrir afstöðu sinni. Ég álít ekki rétt, að málið sé afgr. í hv. d. án þess að þetta álit sé komið fram, en þar sem það liggur ekki fyrir, mætti taka fyrir þau atriði, sem okkur meiri hl. n. hefir sérstaklega fundizt, að betur þyrfti að athuga og erfitt væri nú að gera á þær breyt., sem gætu talizt fullnægjandi. Þetta mál er þannig undirbúið, að frv. er samið af þremur ágætum skólastjórum — í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði — og það síðan sent út um land til umsagnar fræðslunefnda þar. Frv. er svo lagt fram í hv. Nd., og þar er svo dregið úr þeim kaflanum, sem mest kom sveitunum við, að svo má heita, að þau ákvæði, sem þar eiga við, séu að mestu leyti orðin bráðabirgðaákvæði; að vísu stendur III. kaflinn eftir, að hver sýsla skuli vera sjálfstætt fræðsluhérað og sameiginlegt fræðsluráð fyrir sýsluna, en svo sérstök skólahverfi innan sýslunnar. N. vill stofna sjóði til bygginga á heimavistarskólum í sveitum, en af skiljanlegum ástæðum var það tekið burt úr frv. í hv. Nd., svo að ekki þarf að búast við framkvæmdum í þá átt, og allur sá kafli er mjög þýðingarlítill.

Þá eru á þessu frv. á þskj. 407 í 4. gr. taldar upp þær kröfur, sem gerðar eru við fullnaðarpróf barna. Þar hefði mátt búast við aðalumbótunum og að gerðar hefðu verið góðar breyt. á kröfunum um fræðsluna, en því fer fjarri. Þar eru engar breyt., sem nokkra þýðingu hafa, og yfirleitt má segja, að í frv. sé engin breyt. frá því, sem nú er og geti talizt til góðs fyrir börnin — engar þær breyt., sem þeir, sem reynslu hafa fengið á núv. fræðslulögum, hafa þó fyrir löngu viðurkennt, að þyrfti að gera. Aðalbreyt. er fólgin í bráðabirgðaákvæðinu,

sem er á eftir 28. gr., og er því máli þannig háttað, að það er ekki rétt að kalla þetta breyt. á fræðslulögunum frá 1926, heldur mætti nefna það breyt. á launalögunum frá 1919, og þess vegna verður að meta þetta atriði alveg út af fyrir sig. (Ég vil beina þessu til hæstv. ráðh., þar sem hann talaði ekki um þetta við 1. umr.). Frá sjónarmiði okkar tveggja í meiri hl. n., þótt við ekki séum að öllu sammála, þá vorum við sammála um, að af þessum þremur aðiljum, sem hér eiga hlut að máli, sem sé kennarar, foreldrar og börn, þá stefni þetta frv. ekki til þess að bæta hugsmuni nema eins aðiljans. Það er ofurlítið launabótamál fyrir kennarana, en bætir í engu fyrir foreldrum eða börnum. Ég vil beina athygli að því, ef hæstv. ríkisstj. er áhugamál að koma þessu máli í gegn, að eins og það er nú, er ekki hægt að líta á það öðruvísi en sem launafrv., sem eingöngu sé borið fram til hagsbóta fyrir eina stétt manna, og á því byggir meiri hl. n. ósk sína um, að málið verði tekið aftur til ýtarlegrar yfirvegunar, að við sjáum ekki ástæðu til þess og ekki réttlæti í því, þar sem málið kemur þremur aðiljum við, að tekið sé aðeins það, sem veit að starfsemi og hagsmunum eins aðiljans, kennaranna, en ekkert gert til góða fyrir hina tvo aðiljana, skattþegnana og börnin, nema síður sé, eins og ég mun víkja að síðar. Af þessu leiðir það, ef frv. verður samþ., að á næsta þingi yrði að taka fyrir hin atriðin, sem sérstaklega snerta uppeldishliðina, og þá einnig það, sem veit að skattþegnunum.

Ég álít, að kjarni þessa frv. ætti fyrst og fremst að vera um kennsluna og hvernig henni mætti haga, svo að börnin yrðu betur sett eftir en áður. Ég álít þess vegna, að það sé tvíverknaður að vera að taka þetta atriði út úr samhengi nú, og ég álít ennfremur, að þessi meðferð málsins sé alls ekki í samræmi við óskir kennaranna, enda þótt þeir hafi þörf fyrir að bæta hag sinn. Það má heita ómögulegt fyrir þá að afla sér sumarvinnu, og það er ekki heldur gott fyrir þá að vera á flækingi að leita sér vinnu. En ég álít, að þetta mætti laga meira en gert er. Kennarastéttin hefir opin augun fyrir fleiri málum en hækkuðum launum. Hún hefir líka skilning á aukinni menntun kennara og á störfum þeirra. Ég hefi verið á fjölmennum kennarafundi hér í bænum, og mér hefir heyrzt, að þeir mundu vel við una, að kennslu væri breytt svo, að þeir væru lengri tíma við starf sitt, ef launakjör þeirra væru bætt svo, að þeir gætu beitt kröftum sínum óskiptum að starfinu. Þetta er ekki gert í frv., og ég skil ekki, hvers vegna það er ekki gert, þegar á þann hátt er réttilega komið til móts við kröfur kennara. Þeir sætta sig við aukin störf með launahækkun. Þeir óska eftir þeirri breyt., og þá er ekki nema alveg sjálfsagt að verða við þeirri ósk.

Ég ætla þá að minnast nokkuð á einstakar gr. frv. Í 1. gr. er svo ákveðið, að öll börn á landinu skuli skólaskyld á aldrinum 7—14 ára. Þetta er töluverð breyt. frá því, sem er, a. m. k. í sveitum, og umdeilt mál jafnvel í bæjum, hvort ekki eigi að hafa kennsluna takmarkaða við lestur og skrift, og ég get hugsað mér, að víða í landinu verði allmikil átök um þetta, og að foreldrar vilji ekki láta þvinga börn sín til að sitja allan þennan tíma á skólabekkjum við efnislaust og andlaust nám. Það er að vísu gert ráð fyrir, að slaka megi á þessu, og var í hv. Nd. sett inn undanþága frá þessu ákvæði. En svo kemur í 3. gr. fram ein hugsun, sem okkur í n. virtist nokkuð torskilin og ég vildi skjóta til hæstv. ráðh. til nánari útskýringar. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skólanefnd má veita heimild til fullnaðarprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, þegar tryggt er, að barnið njóti framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs.“

Nú vil ég stanza við þetta atriði. Þetta verður ekki skilið á annan hátt en þann, að ef barn er mjög vel greint og hefir verið á góðu heimili, sem hefir veitt því mikla fræðslu, þá sé því ekki haldið niðri, ef það þyki fært til þess 12 ára að taka það próf, sem börn taka annars 14 ára. En þá sýnist okkur, sem ekki erum sérstaklega með því að halda börnum of lengi í skóla og láta það endurtaka það, sem það áður hefir numið, að eðlilegast væri að sleppa barninu, ef það er búið að taka það próf og fá þá þekkingu, sem lög ákveða. Hvers vegna á þá að halda barninu áfram í skóla? Og í hvaða skóla á það þá að vera? Sennilega ekki í gagnfræðaskóla og ekki í héraðsskóla, til þess er það of ungt. Þetta ákvæði — ef ekki kemur á því einhver ný skýring, sem mér er nú ekki ljós — stendur hér sem vottur um þá galla, sem ég tel að séu á frv. Þótt frv. sé samið af þessum ágætu kennurum, þá er eins og þeir hafi gleymt því, að börnin ættu að vera með í leiknum.

Hvað á að gera við þessi börn? Hvers vegna mega þau ekki vera börn? Hvers vegna mega þau ekki vera heima og leika sér, lesa Íslendingasögur eða aðrar góðar bækur, iðka sport og annað þess háttar? Hvers vegna þarf þjóðfélagið að skylda þau til að vera í skóla?

Ég hefi hugsað um brtt. við 4. gr., og getur skeð, að ég beri hana fram seinna, ef málið heldur áfram í gegnum þessa hv. d. En ég vil nú minnast á 4. lið 4. gr., þar sem það er tekið fram, að börn skuli kunna höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og að reikna flatar- og rúmmál einfaldra hluta. Ég ætla ekki að fjölyrða um þennan lið, en ætla aðeins að segja það, að þessu atriði álít ég, að hv. d. eigi að breyta með ýmsum minni háttar atriðum, ef frv. á að ganga áfram. Ég skal taka dæmi hér úr bænum. Ég vissi hér um mann, sem er menntaður erlendis og talinn er ágætur kennari; hann var að kenna börnum hér og hafði meðal annars 10 ára barn frá fyrirmyndar heimili til kennslu. Hann var kominn með barnið í brotareikning, og það skildi ekkert í reikningnum, og við því hefði auðvitað ekkert verið að segja, ef þetta hefði verið hjá lélegum kennara, en þegar þetta er hjá þeim kennara, sem sérstaklega er hugað um þessa hlið, þá sýnir það þeim, sem í alvöru vilja um þetta hugsa, hve vafasamt þetta nám er.

Ég skal nefna annað dæmi. Hér við skóla er einn sérstaklega góður reikningskennari, bein-

línis frægur reikningskennari, sem hefir getið sér orðstir fyrir það, hve vel hann getur útskýrt reikning. Mér hefir verið sagt af syni hans, að hann sé kominn að þeirri niðurstöðu, að ekki sé til neins að halda brotum að börnum í barnaskólum; þau, sem sérstaklega hafa gáfur í þá átt, geti vitanlega lært þau, en hinum börnunum, sem séu mörg, sé misboðið með því. Ég skal svo bæta við dæmi, sem ég mun hafa sagt hér áður, úr einum héraðsskóla hér, þar sem talinn er mjög góð almenn menntun; lærisveinarnir voru þar 53. Eitt af dæmum þeim, sem þeir fengu við próf, var þannig, að þeir áttu að skipta jörð milli 3 manna, þar sem einn hafði $^1/_3$, annar $^1/_4$, og svo var spurt, hvað sá þriðji hefði þá mikinn hluta af jörðinni. 2 af 53 gátu reiknað þetta eftir kúnstarinnar reglum, en einn gat reiknað það án þess að fara eftir þeim reglum, sem kenndar voru í skólanum. Nú veit ég, að þetta fólk er ekki lakara en gengur og gerist. Þetta er fólk, sem gengið hefir í gegnum okkar barnafræðslu, eins og hún er. En hvað sýnir þetta svo? Það sýnir, að brotakennslan verkar yfirleitt þreytandi á börnin, og að það er ekkert gagn að henni. Krakkarnir eru yfirleitt búnir að gleyma henni, þegar þeir eru komnir á 15 ára aldur. Þá fer líka mjög mikill hl. af unglingunum í aðra skóla. Og hvað eiga þeir að læra þar í stærðfræði, ef þeir mega ekki eiga eftir að læra brot?

Ég vil svo ljúka þessari aths., þar sem ég hefi tekið þetta dæmi, með því að ég álít, að kennslustundirnar eigi að vera færri, og það má segja, að það sé raunverulega aðalgallinn á kennslunni, sérstaklega eins og hún kann að verða eftir þessu frv., ef það gengur fram óbreytt. Það lengir skólagönguna, en mjög víða fer hún eftir þeim farvegi og reglum, sem verið hafa lengi. Niðurstaðan verður sú, að þar sem skólarnir reyna að troða meira í börnin heldur en þau geta tekið á móti, og sérstaklega þegar skólarnir reyna að koma inn í þau þekkingu á þeim aldri, þegar þau eru ekki móttækileg fyrir hana, þá verður það leiðinlegt og þreytandi fyrir börnin. Og það er ekki hægt að neita því, án þess að kenna barnaskólunum beinlínis um það, því þeir hafa við margskonar erfiðleika að stríða, bæði hvað bókasöfn og húsakynni snertir, að það er dálítið iskyggilegt, að lestur á okkar bókmenntum, bæði fornbókmenntum og ljóðum 19. aldarinnar og jafnvel 20. aldarinnar, er svo herfilega vanræktur af ungu kynslóðinni sem raun ber vitni um. Ég vil ekki segja neitt ljótt um barnaskólana, en þetta er ekki lof um þá. Það er ekki bending um það, að okkur takist með núverandi formi á barnafræðslunni að ná þeim árangri, sem við viljum ná, því það er óhjákvæmilegt, ef unga kynslóðin á að vera sæmilega að sér í málinu, að þessir tveir þættir séu teknir með, fornbókmenntirnar og skáldskapur 19. aldarinnar.

Ég kem þá að atriði í 6. gr. frv. Þar eru ný ákvæði, sem eiga að tryggja það, að börnin séu vissa vikutölu í skóla. Þetta er undirstaðan að aðalbreyt. frv., sem sé því, að kennarar fái hærra kaup, vegna þess að þeir eiga að kenna lengur. Í þessari gr. er sagt, að börn á aldrinum 7—9 ára í heimangönguskólum með 3 kennara eða fleiri skuli vera minnst 33 vikur á ári, 500 kennslustundir. Þetta er nokkuð mikið, því það samsvarar því, að börnin séu meiri hluta árs, eða $^2/_3$ úr ári, $2^1/_2$ stund á dag í skóla, ef ég man rétt. Þetta álít ég, að sé algerlega óþarft, ef það á aðeins að kenna krökkunum það, sem ég álít, að eigi að kenna þeim á þessum aldri, en það er lestur og skrift. Það er kunnugt, að með þeirri aðferð, sem nú þekkist og farið er að nota hér, þá eru börn gerð læs á 3 mánuðum með þeim stundafjölda, sem ég gat um áðan. Það er ómögulegt að halda öðru fram en því, að það megi alveg búast við því um þessi litlu börn, sem eiga að vera í skólanum 33 vikur á ári, frá því þau eru 7 ára, að það verði farið að misbjóða þeim með of þungu námi, og sérstaklega af því að þetta er orðið, eins og ég hefi tekið fram, aðalatriðið í frv., að til þess að geta bætt laun kennaranna, þá er skólatími barnanna lengdur. Það getur því farið svo, að börnin verði beinlínis verr sett eftir þeirri reynslu, sem við höfum nú, ef farið er að lengja skólagönguna frá því, sem verið hefir undanfarið.

Hv. dm. geta svo séð, hvernig þetta fyrirkomulag er hugsað áfram. Það er ætlazt til þess, að börnin á hinum gamla skólaskyldualdri, 10—14 ára, séu minnst 24 vikur á ári, 700 kennslustundir, í skóla, og það er að jafnaði hálft árið með fullum kennslustundafjölda. Jafnvel í heimavistarskólum í sveit skilst mér, að námstíminn eigi að vera 4 mánuðir á ári, sem þýðir það, að börnin eigi að vera svo lengi, hvernig sem á stendur. Það má gera ráð fyrir því, að þetta geti ekki staðizt til lengdar, því að reynslan er á móti því. Það er engin ástæða til þess að neyða sveitamennina til þess að hafa börnin lengur í skóla en þau þurfa vegna þess uppeldis, sem þau eiga að fá.

Ég ætla þá að hlaupa yfir miðkafla frv., og til þess að geta heyrt eitthvað af ræðu hæstv. ráðh., þar sem ég þarf að fara burtu kl. 3, þá ætla ég aðeins að minnast aftur á bráðabirgðaákvæðin. Þar segir, að hvert skólahverfi hafi rétt til kennarafjölgunar miðað við 50 börn á aldrinum 7—14 ára, eða 30 börn á aldrinum 10—14 ára við heimangönguskóla. Þetta er algerð breyt. frá því, sem ég veit, að kennarar hafa búizt við, að yrði. Með þessu ákvæði, eins og það er á bls. 9 í frv., þá geri ég ráð fyrir, að það séu ekki núna nema 30 börn um einn kennara á þessum venjulega, gamla skólaskyldualdri. Þá er þetta engin umbót frá því, sem nú er, þar sem er einn kennari um einn bekk, en venjulega eru 30 börn í einum bekk, og er þá enginn samdráttur. Með þessu móti fá börnin ekkert hlé frá bóklega náminu, eins og ég álít, að ætti að vera, og að í þess stað ætti að koma sumpart vinnunám og sumpart íþróttir. Það má segja, að þessu megi breyta, og þessu verður líka breytt. Ég hefi þá trú, að foreldrarnir og börnin muni láta til sín taka að einhverju leyti, ef slíku kennslulagi er ætlað að standa til lengdar.

Ég ætla svo ekki að tala meira um þetta núna, en ég vænti þess, að nál. meiri hl. komi síðar í dag, svo að hæstv. forseti geti þá haldið áfram umr., ef það þykir henta.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég þarf ekki að víkja að undirbúningi þessa frv., því hv. frsm. menntmn. hefir drepið á hann. Hinsvegar get ég ekki neitað því, að mér finnst viðhorf hv. þm. til frv. nokkuð annað heldur en ég hafði búizt við. Mér lá við að finnast stundum undir ræðu hans, að hann teldi það yfirleitt mjög vafasaman feng fyrir börnin að þurfa að ganga í skóla, því hann spurði, hvers vegna barnið mætti ekki vera utan skóla, og hann kom einnig með fleiri orðatiltæki, sem bentu í þessa átt. Ég skil það náttúrlega, að ef þetta skyldi vera annað og meira en það, að orðin hefðu fallið svona, og meining skyldi vera á bak við orðin, að þá er erfitt að semja frv. um fræðslu barna við hæfi hv. þm.

Hann vildi telja, að þetta frv., sem liggur hér fyrir, væri miðað við þarfir eins aðiljans, sem að barnafræðslunni stendur, kennaranna, en börnin og foreldrarnir hefðu gleymzt. Ég held, að þetta sé ákaflega ofmælt. Það er ekki litið á hag kennaranna umfram það, að það er gert ráð fyrir því, að starfstími þeirra verði lengdur og launin hækkuð í hlutfalli við það. Hinsvegar hefir hann slegið því föstu í ræðu sinni, að lenging á starfstíma kennaranna sé aðeins gerð fyrir kennarana, en ekki fyrir börnin, og það sé vafasamur hagur að því fyrir börnin. Mér virðist, að hann telji, og það kom fram í ræðu hans, að lengri skólatími fyrir börnin væri þeim til skaða, og foreldrunum sumpart til fjárhagslegs tjóns. Ég get ekki verið sömu skoðunar og hv. þm., heldur er ég á andstæðri skoðun. Ég álít, að lenging á starfstíma kennaranna og lengri skólatími sé gert fyrir börnin og foreldrana, ef ekki er gert ráð fyrir því, að kennarastéttin ræki sitt hlutverk svo hörmulega, að hún geri minna gagn en ógagn, en það vil ég ekki ætla.

Ég sé, að í því frv., sem hv. þm. vísaði oft til í ræðu sinni og hann flytur á þskj. 328, þá er gert ráð fyrir því, að hvert barn, sem er 10 ára að aldri, eigi að geta lesið algengt íslenzkt mál skýrt og hiklaust, skrifað alla íslenzka bókstafi glöggt og hreinlega og reiknað í huganum einföld dæmi um efni, sem eru barninu kunn.

Þetta er sú undirstöðufræðsla, sem hann telur, að börnin þurfi að hafa, áður en hinn eiginlegi skólatími tekur við. En það er að loka augunum fyrir staðreyndum að láta sér detta í hug, að slík fræðsla verði veitt öðruvísi en að hið opinber leggi til kennara og skólahús. Ég veit vel, að margir líta til gamalla tíma, þegar fræðsla barna fór fram í heimahúsum, en það er ekki til neins að búast við að slík breyt. verði á högum manna, að þeir tímar komi aftur. Ég get vel skilið það, að margir sakni þeirra tíma, þó að ég telji, að margt, sem um þá er sagt, séu aðeins gyllingar, því þó að segja megi um einstaka barn, að það hafi fengið góða fræðslu í heimahúsum, þá voru hin þó mörg, sem litla fræðslu fengu, en það vill oft gleymast, þegar talað er um þetta. Það hefir sýnt sig, og það er ábyrgðarleysi að loka augunum fyrir því, að undirbúningur undir skólakennsluna fæst í mörgum tilfellum annaðhvort lítill eða alls enginn í heimahúsum. Það þýðir ekki lengur að vitna til kennslunnar á heimilunum almennt. Og ef menn játa þessa staðreynd, þá er ekki annað að gera en að mæta henni, og henni verður ekki mætt á annan veg betur en þann, sem gert er ráð fyrir í frv., eða með því að færa skólaskyldualdurinn niður, og það er gert kleift og mögulegt með því að lengja starfstíma kennaranna á hverju ári, þannig að ekki þurfi samtímis að leggja til kennslu og húsrúm fyrir öll börn 7—14 ára, heldur sé því skipt niður á vissa hluta ársins, sem 10—14 ára börn eru í skólanum, og svo séu yngri börnin á öðrum tíma. Á þann hátt má nota kennslukrafta og húsrúm betur en ella. Það er enginn vafi um það, að það, sem mér skildist, að hv. þm. færði frv. aðallega til foráttu, sem sé ákvæði 6. gr. um námstímann, er að minni hyggju aðalkostur frv. Hv. þm. telur, að námstími barna á aldrinum 7—9 ára, sem samkv. frv. á að vera minnst 33 vikur á ári, eða 500 kennslustundir, sé allt of langur. Það er ekki gert ráð fyrir þessu við aðra skóla heldur en heimangönguskóla, en þeir eru aðallega í kaupstöðum og stærri þorpum. Ég skal viðurkenna, að þetta er atriði, sem alltaf má deila um, hvað réttilega sé skammtaður tíminn í þessum efnum. En ef á það er litið, að á þessum 33 vikum eru börnunum ekki ætlaðar nema 500 kennslustundir, eða 15 á viku eða 2½ stund á dag, og þar með talin öll kennsla, bæði bókleg og fræðandi kennsla í öðru, þá get ég varla skilið, að nokkur maður telji, að börnunum sé íþyngt á þessum aldri með því að troða í þau fræðslu. En fyrir það, að þessi ár eru notuð til undirbúnings skólaaldursins 10—14 ára, þá er hægt að halda áfram að hafa tímann 30 stundir á viku, því þá eru börnin það betur undirbúin, að það má dreifa kennslunni meira, ef svo mætti segja, þar sem minni stund er lögð t. d. á lestur, sem því miður tekur mjög mikið af tíma barnanna milli 10 og 14 ára aldurs. Hvað snertir heimavistarskólana í sveitum, þá er ætlazt til, að námsvikur séu aldrei færri en 88 samtals á aldrinum 7—14 ára. Ég verð að segja það, að ég tel, að þetta lágmark, 11 vikur á ári að meðaltali, sé mjög lágt sett. Hvernig þetta færist til milli ára, er framkvæmdaratriði, sem liggur í höndum fræðslumálastjórnar, en ég verð að telja, að kröfurnar séu lágt settar, ef það er talin óhæfileg ítroðsla fyrir börnin að ætla þeim 88 vikna kennslu á aldrinum 7—14 ára.

Þá segir hv. þm., að í þessu frv. sé ekkert gert til þess að draga úr kostnaðinum við kennsluna í þá átt að fjölga þeim börnum, sem hver kennari á að sjá um. Hann vitnaði í það, að þetta er gert í bráðabirgðaákvæðunum, þar sem segir, að 50 börn á aldrinum 7—14 ára eigi að koma á einn kennara við heimangönguskólana, en 40 börn á aldrinum 10—14 ára við heimavistarskólana. En ástæðan til þess, að ekki er farið lengra í þetta, er að verulegu leyti sú, að misræmi skólanna er þannig, að ekki er hægt að koma þessu við. Hinsvegar get ég vel hugsað mér, að þetta væri hægt, ef undirbúningskennslan væri í sæmilegu lagi. Ef börnin á aldrinum 7—9 ára fengju öll jafnan undirbúning, þá mundi þetta vera hægt. En nú sem stendur er

þetta ókleift, því börnin eru svo misjafnlega undirbúin. En ég sé ekki, að þetta sé atriði, sem skiptir verulegu máli í þessu sambandi.

Þá sagði hv. þm., að ákvæði 3. gr. frv. væru sér torskilin, en þar segir svo: „Skólanefnd má veita heimild til fullnaðarprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, þegar tryggt er, að barnið njóti framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs." Ég fæ ekki séð, að þetta sé torskilið. Ég get ekki séð, að það sé neitt torskilið, að barn, sem lokið hefir fullnaðarprófi í barnaskóla 12 ára, eigi að njóta framhaldsnáms til 14 ára aldurs. Ef barnið ætlar að hverfa að öðru námi, þá er þetta skilyrði uppfyllt. (**JJ**: En það verður að fara í skóla). Ef ekki er gert ráð fyrir því, að 12 ára barn sé í skóla, hvað á það þá að gera? Ekki getur það tekið upp starf. Og ef það stundar ekki nám, hvað á það þá að gera? Ég held, að þetta ákvæði sé ekki torskilið, ef það er athugað vel og með fullri sanngirni. Það er engin ástæða til þess að ætla, að krafa hlutaðeigandi í þessu efni muni verða meiri en eðlilegt er og sanngjarnt í alla staði.

Þá telur hv. þm., að 4. liður 4. gr., um brotareikninginn, sé ákaflega varhugaverður, og mér skilst, að það sé ein aðalhneykslunarhella hv. þm. Ég get ekki verið sammála hv. þm. um það, því að ég tel, að reikningur sé sú grein, sem hvað mesta áherzlu eigi að leggja á í barnaskólunum. Ég veit, að ýmsir eru sömu skoðunar og hv. þm. um það, að brot eigi ekki heima í hinu daglega lífi, en dæmið, sem hv. þm. nefndi um jörðina, sýnir, að það er ekki gott að sleppa þeim með öllu. Ég held líka, að það sé ástæðulaust að óttast það, að þetta verði til erfiðleika fyrir börnin, þar sem skólaaldurinn er lengdur og gert ráð fyrir því, að börnin séu 10 ára betur undirbúin en nú er. Hv. þm. veit, að einn aðalannmarki kennslunnar á aldrinum 10—14 ára er sá, að svo mikið af þeim tíma fer í það, sem börnin eiga að kunna, þegar þau koma í skólana, lestur, skrift og undirstöðuatriði reiknings. Ef þessi undirbúningur er fenginn, þegar börnin eru 10 ára að aldri, þá er enginn vafi á því, að í flestum tilfellum verður þetta með *reikninginn mjög auðvelt*. Það *kann* að vera, að einstaka börn séu þannig gerð, að þeim sé mjög torvelt að læra reikning. En ég hefi fáa krakka hitt, sem eiga örðugt með að læra reikning. En það mætti telja upp fleiri námsgreinar, og þar á meðal námsgreinar, sem hv. þm. telur upp í sínu frv., sem einstaka börn eiga alltaf mjög erfitt með að læra. Það eru t. d. til börn, sem eiga ómögulegt með að teikna lauslegan uppdrátt. Ég tala nú ekki um það, að margir geta ekki lært nótur eða sungið lag. Ég held, að ég hafi einn vetur verið að reyna að læra söng, en ég gat ekki lært eitt einasta lag, og ég veit, að svo mun vera um fleiri. Svo að það er ekki neitt sérstakt með reikninginn. Annars hefi ég við lauslegan samanburð á þessu frv. og frv. hv. þm. á því, hvað 14 ára börn eiga að kunna, ekki getað fundið verulegan mun á því í þessum tveim frv. Í frv. hv. þm. er talið upp, að barnið eigi að kunna utanbókar ekki minna en 20 íslenzk kvæði, frumsamin eða í þýðingu, og 5 sálma, sem bæði hafa trúarlegt og bókmenntalegt gildi. Þetta sýnir nú, að stærðfræðin er nokkurs metin í þessu frv. hv. þm.

Ég hefi áður drepið á lengingu skólahaldsins. Ég tel þessa lengingu tryggingu fyrir því, að börnin og foreldrarnir fái eitthvað grætt á þessu frv. Börnin á því, að þeim er tryggð öruggari fræðsla en nú er, og foreldrarnir, sem vilja tryggja börnum sínum fræðslu, sem er því samfara að kaupa sérstaka kennslu handa börnunum.

Ég held, að ræða hv. þm. hafi ekki gefið tilefni til fleiri aths., og ég get því látið þetta nægja.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (EÁrna): Það væri mjög æskilegt, ef ræðumenn vildu takmarka svo ræður sínar, að umr. gæti verið lokið fyrir kl. 7, svo ekki þyrfti að hafa kvöldfund.

Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 495, og þarf að veita afbrigði til þess að þær geti komið til umr. og atkvgr. á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Jón Auðunn Jónsson**: Ég hefi leyft mér að koma hér fram með nokkrar brtt., og eru þær nú að sumu leyti ekki nýir gestir hér á Alþingi. Ég er sem sé á þeirri skoðun, að það sé ófært að ákveða skólaskyldu barna í sveit og smákauptúnum við 7 ára aldur. Raunar eru í þessu frv. ákvæði um, að það megi veita undanþágu frá þessu ákvæði. En ég hefi átt tal við þá menn, sem ég er umboðsmaður fyrir, og sem á þingmálafundum bæði í fyrra og í vetur samþ. um það mjög ákveðnar till., að skólaskyldan yrði ekki færð niður í 7 ár í sveitum og smásjávarþorpum. Ég verð að segja, að þeir leggja svo mikla áherzlu á það, og ég líka, að þessar till. verði samþ., að ég mun ekki sjá mér fært að fylgja frv., ef þær verða felldar. Það er svoleiðis, að það er ómögulegt fyrir mörg heimili, *sem hafa ómegð, að kosta börn í skóla*, þegar frá 7 ára aldri. Og margir eru ennþá þannig gerðir, að þeir vilja ekki þeirra hluta vegna einna neyðast til að leita til hins opinbera, jafnvel þó að það sé engin vansæmd fyrir menn að leita til þess opinbera til þess að fá fræðslu handa börnunum sínum. Í öðru lagi er það svo, sem betur fer, að það er víða, sem háttar svo til í sveitum, að það er hægt að segja börnum til með það, sem þau helzt þurfa að nema, svo sem lestur og skrift, á sjálfum heimilunum. Og þar sem heimilisfræðsla er í einhverju lagi, er það víst, að börnin hafa betra af þeirri kennslu á þessum aldri heldur en fara í skóla. Ég þekki þess fjölda dæma einmitt úr minu héraði, sem er ákaflega erfitt um alla skólasókn, að þar hefir það komið í ljós, að framför þeirra barna, sem nema heima, er engu minni, heldur þvert á móti betri heldur en hinna, sem hafa haft aðstöðu til að sækja skóla.

Þá á ég brtt. við 3. gr. Ég verð að taka undir það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að mér þykir und-

arlegt, að það skuli vera sett sem skilyrði fyrir því, að barnið fái að taka fullnaðarpróf áður en það hefir náð 14 ára aldri, að foreldrarnir geti tryggt það, að barnið fái framhaldsfræðslu. Nú mun það vera svo með bráðþroska börn, sem ljúka sínu barnaskólanámi 12—13 ára, að foreldrarnir munu, ef þau hafa nokkur tök á því, láta þessi börn halda áfram námi. Ég sé ekki, að það þurfi að setja fyrir því takmörk, að barnið fái að taka fullnaðarpróf, þegar það hefir náð þeirri þekkingu, sem heimtuð er. Mér hefði komið það undarlega fyrir, ef mín börn, sem hafa lokið barnaskólanámi 12—13 ára, hefðu ekki fengið að taka próf, nema ég hefði getað tryggt, að þau fengju framhaldsnám til 14 ára aldurs. Þessu mundi sérstaklega verða beitt gagnvart þeim heimilum, sem eru fátæk og geta ekki sýnt verulega tryggingu fyrir því að geta kostað börnin áfram til náms. Ég vil þess vegna láta fella niður úr 3. gr. þetta ákvæði.

Þá er brtt. við 10. gr., en hún er um, að sameina megi hreppa eða hluta úr fræðsluhéraði í annari sýslu, ef henta þykir. Ég vil þarna láta slá þann varnagla, að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, verði að spurðir, og að þetta verði ekki gert, nema hlutaðeigendur óski. Það geta verið aðrar ástæður en landafræðilegir staðhættir fyrir því, að hluti af hreppi óskar ekki að sameinast skólahéraði annarar sýslu. Og ég vil, að það sé tekið tillit til þeirra ástæðna, ekki síður en þeirra landafræðilegu ástæðna. Þá finnst mér og ákvæðin í 15. gr. um það, að fræðsluráð geti fyrirskipað stofnun skólabyggingasjóðs fyrir skólahverfi, sem teljast hafa vanrækt skyldur sínar um byggingu skólahúsa eða viðhald þeirra. Það er öllum vitanlegt, að hrepparnir eiga við þröngan fjárhag að búa, og það er í flestum tilfellum mjög erfitt að ná inn því fé, sem samkvæmt núgildandi reglum á að borga til hreppssjóðanna. Það getur staðið svo á í bili, að hreppsnefnd í einhverju skólahéraði sjái sér ekki fært að leggja á ný gjöld, og þá vil ég, að það sé a. m. k. ekki hægt af fræðsluráði að skylda þá til þess, nema um endurtekna vanrækslu sé að ræða á byggingu skólahúss. Þar að auki er þess að gæta, að um mörg undanfarin ár hefir ekki verið lagt fram af hálfu ríkissjóðs nægilegt fé til þess, að hægt sé að byggja skólahús utan kaupstaðanna. Ég hefi tvisvar sinnum flutt till. um hækkað tillag til byggingar barnaskólahúsa utan kaupstaða, og í bæði skiptin hefir hún verið felld. Meðan svo er, að ríkisvaldið leggur ekki fram sinn hluta byggingarkostnaðarins, hvernig er þá hægt að segja, að um vanrækslu sé að ræða um byggingu skólahúss í einhverju héraði? Því að enginn getur vonazt eftir, að skólahéraðið leggi fram allan kostnaðinn og eigi ef til vill von á að fá hluta ríkissjóðs greiddan eftir mörg ár. Það er það, sem nú hefir skeð. Ég veit um mörg skólahéruð, sem hafa byggt skóla á 5—8 síðustu árum og hafa ekki ennþá fengið tilskildan ríkissjóðsstyrk til byggingarinnar. — Í samræmi við 1. brtt. flyt ég brtt. um það, að próf skuli haldin í kunnáttu og leikni barna frá 9—14 ára aldri. Að öðru leyti eru ýms ákvæði í frv., sem ég felli mig miður vel við, en ég hefi þó ekki flutt brtt. við að þessu sinni. Ég vildi benda á það, að hin rökstudda dagskrá á þskj. 482 er tæplega frambærileg eins og hún er orðuð, því að hún er bæði till. um að vísa málinu til stj. og einnig rökstudd dagskrá. (**JBald:** Og nál. að auki). Það mun vera rétt fyrir flm. þessarar till. að athuga þetta. Það má náttúrlega vísa málinu til stj. með einfaldri till., en ég efast um, að formið á þessari till. sé rétt.

*__Guðrún Lárusdóttir:__ Við 1. umr. þessa máls hreyfði ég nokkrum atriðum, sem ég gerði mig ekki ánægða með. Þau atriði voru aðallega viðvíkjandi heimavistarskólunum í sveitum. Ég er þeirrar skoðunar, að ef til þess kæmi, að börn almennt í sveitum færu að vera í heimavistarskólum, gæti það komið til með að hafa talsvert alvarlegar afleiðingar. Ég sé þá hættu t. d., að börn, sem á þann hátt fara frá heimilum sínum, mundu ef til vill slitna úr sambandi við heimilið. Og það gæti orðið til þess að ýta undir los og flótta úr sveitunum. Því að það, sem við fyrst og fremst verðum að leggja stund á, ef við ætlum að varðveita sveitamenninguna, það er að hlynna að heimilunum. Og ég sé ekki annað en að það, að sópa börnunum burt af heimilunum vetur eftir vetur, hafi þær afleiðingar, sem ég drap á. Ég tel varhugavert að slíta það samband, sem ég tel helgasta sambandið, sem til er — sambandið milli foreldra og barna. Ég tel, að það samband þurfi að vera gott og að það sé aðalundirstaðan undir góðu uppeldi. Það er þetta, sem gerir mig dálítið myrkfælna við þessa hugmynd, að sanka saman börnum úr fjarlægum héruðum. Þetta á sérstaklega við þar, sem um góð heimili er að ræða, og sem betur fer á íslenzka þjóðin ennþá úr að velja góðum heimilum. Mér virðist þess vegna vera full ástæða til, að fólkið sjálft fái að ráða, hvenær og hvort þetta skuli gert. Ég sé, að hv. þm. N.-Ísf. hefir borið fram brtt., sem styrkir þessa mína skoðun. Ég verð að segja það, að yfirleitt finnst mér í þessu frv. fulllítið tillit tekið til þeirra aðiljanna, sem mest tillit ætti að taka til, sem eru börnin á heimili þeirra. — Það eru nokkur fleiri atriði, sem ég tel ábótavant í þessu frv. Í 3. gr. er talað um börn, sem skólanefnd gæti varnað skólavistar. Hvað á að gera við þessi börn? Þarna eiga hlut að máli börn, sem að dómi skólalæknis, skólastjóra eða kennara eru svo vangæf, að þau eru óhæf talin til að sitja með öðrum börnum í skóla. Og hinsvegar eru börn, sem að dómi þessara aðilja eru svo sljó, að þau eiga erfitt með að fylgjast með hinum börnunum. Frvgr. segir aðeins, að þessum börnum skuli varnað skólavistar. Eftir frv. á ekkert annað við þau að gera. Í frv. upphaflega var svo gert ráð fyrir, að ætla þessum börnum, a. m. k. erfiðu börnunum, dvöl á heimilum, sem ætti að stofna í þessu skyni, en þetta hefir verið fellt þaðan burtu og ekkert verið látið koma í staðinn. Meðan ekki blæs byrlegar fyrir þessu máli en í frv. gerir, þá sé ég ekki, að unnt sé að samþykkja þetta svona eins og það liggur fyrir, því að vissulega verður að sjá

þessum börnum fyrir forsvaranlegu uppeldi og áhrifum, sem ætla mætti, að yrði þeim til bjargar og gerðu þau hæf til þess að lifa og verða menn með mönnum í okkar þjóðfélagi. Í 20. gr. er að vísu talað um, að þegar barn er orðið 14 ára og það kemur upp, að það hefir ekki náð þeirri kunnáttu, sem krafizt er, þá eigi skólanefnd að sjá því fyrir fræðslu, sem telja má nægilega til, að barnið geti tekið fullnaðarpróf. Ég vil bera þetta saman við það, sem stendur í núgildandi fræðslulögum. Þar segir í 19. gr.: „Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur séu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til, að lögð sé við það meiri rækt en áður ...“ Hér er mjög ólíkt að orði komizt. Í núgildandi l. er gert ráð fyrir því, að barnið sé tekið sérstaklega til undirbúnings, áður en það er 14 ára, en í frv. er talað um að taka það ekki fyrr en það er orðið 14 ára. Þá fyrst á að lappa upp á það. Nú sé ég ekki annað en að kennara, sem búinn er að vera kennari barnsins kannske í nokkur ár, ætti að vera það innan handar að sjá, að barnið geti ekki fylgzt með hinum, og ætti hann þá að geta tekið það til hliðar, en ef það er ekki nokkur leið, þá sé ég ekki annað en að fræðslumálastjórnin verði að sjá slíkum börnum fyrir sérstakri kennslu.

Ég vil segja það, að það er sízt ofmælt, sem hv. form. menntmn. sagði um fátæklegan árangur reikningskennslunnar. Kennari, sem hefir stundað reikningskennslu í 35 ár og kennt á þriðja þús. ungs fólks á aldrinum frá 16 til 25 ára, hefir sagt mér, að það sé hreinasta undantekning með fólk á þessum aldri, sem ekki hefir notið annars skólanáms en í barnaskólunum, að það skilji nokkra vitund í t. d. almennum brotum og deilingu tugabrota. Þó eru það vel flestir, sem geta reiknað samlagning og frádrátt almennra brota, þegar dæmi eru sett upp, en hvorki margföldun né deilingu.

Þessi maður, sem hefir mikla reynslu í þessu efni og getur vel gert sér grein fyrir, hvað hér er um að vera, segir, að reikningskunnáttunni hafi enganveginn farið fram á þeim tíma, sem af er þessari öld, og oftast virðist sér hún lökust úr þeim skólum, sem fjölsóttastir eru. Setur hann það í samband við það, að of háar kröfur séu gerðar til barnanna. Þau missa kjarkinn og eru búin að fá vantraust á sjálfum sér og álíta, að þau geti alls ekki lært þetta fag.

Það er einkennilegt, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að börnum séu kennd almenn brot á undan tugabrotum. Tugabrotin eru nær hinu daglega lífi, og ætti því frekar að hafa þau á undan heldur en á eftir.

Ég hefi farið hér fljótt yfir sögu, og þeir gallar, sem á frv. eru, gera það að verkum, að ég get ekki fylgt því óbreyttu.

Ég hjó eftir því í dag, að hæstv. ráðh. talaði um það, að undirbúningsmenntun barnanna, áður en þau kæmu í skólann, væri vanrækt, þannig að þegar þau kæmu í skólann, færi svo langur tími í að undirbúa þau, svo að þau gætu tekið þátt í skólanáminu. Þetta kann vel að vera, en mjög er það sorglegt, og ég á erfitt með að trúa því, að ekki sé hægt að ráða bót á þessu.

Hvaða gagn er af skólamenntuninni, sem svo mikið er gumað af hér á landi? Unga fólkið fer til héraðsskólanna einkum af sveitaheimilunum. Getum við ekki vænzt þess, að þetta unga fólk, þegar það kemur af héraðsskólunum, veki almennan áhuga fyrir þekkingu á öllum sviðum og það af sjálfsdáðum reyni að undirbúa yngri systkinin undir að ganga þessa sömu braut?

Maður man þá tíð, að það þótti hreinasta hneisa, ef börnin voru eki orðin læs eða stautandi 6 til 7 ára gömul, og voru ekki allir sprenglærðir kennarar, sem þeim kenndu. Það var kannske gömul amma eða gamall afi, sem kenndu þeim að stafa. Þetta blessaðist vel, og það voru ekki mörg börn á mínum æskuárum, sem ekki voru læs á þessum aldri, sem ég tiltók. Við getum líka hugsað okkur, að börnunum hafi ekki þótt neinn heiður að því að standa frammi fyrir sóknarprestinum, þegar hann kom til þess að láta þau lesa, og geta ekki stautað neitt.

Ég býst við að geta fylgt öllum brtt. hv. þm. N.-Ísf., því að þær ganga einmitt í þá átt, sem ég vildi, að frv. væri, ef að lögum yrði. En mér sýnist, að þetta frv. hefði þurft að vera í tvennu lagi. Önnur löggjöf fyrir sveitirnar og önnur fyrir kaupstaðina. Það er svo ólík aðstaða í sveitum og kaupstöðum í þessu efni.

Kaupstaðabörnin koma úr skólunum á vorin og hafa lítið að gera annað en að ólmast látlaust á götum bæjarins, því að enn sem komið er er allt of lítið til af leikvöllum. Mikill hluti af þessum tíma barnanna fer því í að ólmast á götunum, og oft hefi ég heyrt foreldra kvarta yfir því, að börnin vantaði starf. Þess vegna sýnist mér mjög ákjósanlegt, ef hægt væri að koma því í það horf í kaupstöðunum, að börnin ættu kost á áframhaldandi námi eftir því, sem íbúarnir óskuðu og þörf væri á.

Í sveitunum er engin þörf fyrir slíkt. Börnin taka sinn barnslega þátt í störfum heimilanna og er á þann hátt forðað frá öllum þeim hættum, sem skólabörn kaupstaðanna geta ekki komizt hjá.

Með tilliti til þessa hefir okkur í meiri hl. menntmn. hugkvæmzt að ráða nokkrar bætur á þessu með því á sínum tíma að bera undir þingið þáltill., sem á að undirbúa og gera þetta tvennt, sem hvorttveggja er nauðsynlegt, að tryggja börnunum dálítið lengra nám og sjá kennurunum fyrir nokkru aukastarfi og nota ennfremur nokkru lengur hin dýru skólahús, sem víða eru komin í kaupstöðum landsins.

Ég hefi þá lýst viðhorfi mínu til frv. Ég harma það, að líklega er ekki hægt að fá þær breyt. inn í frv., sem ég hefði helzt kosið. Þess vegna hefi ég skrifað undir till. um það að fresta þessu máli eða víkja því frá í bili, ef það gæti komið fram á næsta þingi í því formi, sem ég gæti fellt mig betur við, og sem ég veit, að gæti orðið meir að skapi hinna mörgu foreldra, sem allajafna verður að meta mikils, þegar um slíkt mál er að ræða sem þetta.

***Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Ég hefi að vísu allmiklu að svara hæstv. kennslumálaráðh., en meðfram eftir ósk hæstv. forseta, sem vill gjarnan, að umr. verði ekki langar, hefi ég hugsað mér að fresta því, því að annaðhvort verður dagskrá okkar samþ., og þá höfum við ekki meira af frv. að segja í vetur, en verði hún ekki samþ., þá kemur það til 3. umr., og þá býst ég við, að við hv. 5. landsk. og ég saman eða hvort í sínu lagi gerum allýtarlegar brtt. við frv., sem ekki er hægt að tala um að svo stöddu.

En ég ætla ekki að svara nú, því að meiningarmunur milli mín og hæstv. ráðh. hefir komið skýrt fram áður, en ég vil skjóta því til hv. þm. N.-Ísf., að svo framarlega sem dagskráin verður ekki samþ., þá er betra fyrir menntmn., að hans till. komi ekki til atkv., því að hún hefir ekki ástæðu til að athuga þær nú.

Ég geri ráð fyrir, að svo framarlega sem það kemur í ljós, að vilji er til að lappa upp á grundvöll frv., þá verði aðalátökin við 3. umr. Þá er verra að bera fram till. nú.

Verði dagskráin felld, finnst mér, að ekki ætti að greiða atkv. um einstakar gr. frv. við þessa umr., vegna þess, að það er svo margt í frv., sem ég ekki vil samþ., en mundi þó ekki vilja fella úr því að svo komnu, fyrr en séð verður, hvernig gengur við 3. umr.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vildi taka undir þau tilmæli til hv. þm. N.-Ísf. að geyma till. sínar til 3. umr. Og með því að hv. 5. landsk. mun koma með brtt. um þetta efni við 3. umr., ef frv. kemst svo langt, þá ætla ég að geyma mér að ræða um þau atriði að þessu sinni.

***Páll Hermannsson:** Ég vildi aðeins láta þess getið í sambandi við afstöðu mína í menntmn. til þessa máls, að í fyrsta lagi álít ég þetta mál svo ákaflega vandasamt, og ég verð að segja það einkum að því, er snertir kaupstaðina, að ég þarf mikinn tíma til þess að gera mér það ljóst, hvað ég mundi helzt aðhyllast í því efni. Með hliðsjón af þessu og líka hinu, að mér virðist, að eftir að frv. er samþ., þá muni framkvæmd þessara mála úti um sveitir, þar sem aðallega er farskólatilhögun, verða lík og nú er, var ég ekki við því búinn að ganga inn á till. meðnm. minna, sem gekk út á það að vísa málinu frá á þessu stigi. Þess vegna er það, þó að ég kynni að vilja fylgja breyt. á þessu frv., þá get ég ekki fallizt á það, að vikja málinu frá nú, og mun þess vegna greiða atkv. á móti þeirri dagskrártill., sem hv. meðnm. mínir hafa borið fram.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 482, frá meiri hl. menntmn., felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, JAJ, JJ, MJ, PM, ÞÞ.

nei: BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, PHerm, SÁÓ, ÞBr.

EÁrna greiddi ekki atkv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

Brtt. 495 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, SÁÓ, ÞBr, BSt, HG, HermJ, IngP, JAJ, JBald.

nei: MJ, PM, ÞÞ, GL.

EÁrna, JJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MG) fjarstaddur.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

10.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

14.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

19.—23. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

24.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

26.—28. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 407, 495, 523, 535, 536).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 523, 535 og 536. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Guðrún Lárusdóttir: Ég hefi leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við frv. Við 2. umr. lét ég í ljós, að ég væri ekki allskostar ánægð með ýms ákvæði frv. Tíminn hefir nú verið heldur skammur til þess að fara vandlega í gegnum svona stórt frv. En brtt. mínar miða að því að bæta úr þeim göllum frv., sem ég tel mest knýjandi þörf á að bæta úr.

Í 3. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að skólanefndir geti bægt burt frá skóladvöl þeim börnum, sem eiga örðugt um nám, vegna andlegs eða siðferðislegs vanþroska, nefnilega börnum, sem eru annaðhvort ódæl eða treggáfuð. Það er í sjálfu sér sjálfsagt, að slík börn séu höfð annarsstaðar við nám en með öðrum börnum, sem eru betur gefin. En það er nokkuð kaldranalegt af hendi hins opinbera að gera engar ráðstafanir til að sýna þeim þá linkind að gera ráð fyrir, hvað um þau verði. Hér er ekkert annað ákvæði um þau heldur en það, að halda þeim frá skólavist með öðrum börnum. Þess vegna ber ég fram till. um, að skólanefnd í samráði við forráðamenn barnanna sjái slíkum börnum fyrir dvalarstað um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem þurfa þykir, þar sem það er nokkurn veginn tryggt, að þau verði fyrir góðum áhrifum og séu látin læra það, sem þau eru fær um. Vangæf börn þurfa ekki endilega að vera neitt sérstaklega illa gefin til lærdóms. Þeim getur verið þannig farið, að þau með góðum aga og atlæti verði nýtar manneskjur.

Mér þykir rétt að taka það fram, að það er í þessu frv. gengið nokkuð mikið framhjá forráðamönnum barnanna, sem oftast eru foreldrarnir. En ég hygg, að flestir menn séu svo skapi farnir, að þeir vilji yfir höfuð ráða töluverðu um dvalarstað barna sinna. Þess vegna finnst mér það alveg sjálfsögð krafa, að for-

ráðamenn barnanna séu hafðir með í ráðum um þetta atriði.

Að ég hefi hnýtt hér við barnaverndarnefnd, er að sjálfsögðu af því, að í kaupstöðum eru skipaðar barnaverndarnefndir samkv. l. Þær hafa með höndum fyrst og fremst að vinna að því, að börn þau, sem hér er um að ræða, geti orðið sæmilegir og nýtir menn í þjóðfélaginu. En því miður hafa barnaverndarnefndir haft fulllítil tök á að inna þetta starf af höndum, en eigi að síður ber að því að stefna, að þær fái sem bezta aðstöðu til þess. Þessi uppástunga mín hlýtur því að teljast í hæsta lagi sanngjörn krafa og skynsamleg, þar sem oft er til þessara nefnda leitað, vegna þess að þær eru kunnugri ýmsu um kjör og heimili margra barna heldur en flestir aðrir. Er því mjög æskilegt fyrir skólanefndir að geta leitað til þeirra um ýmsar upplýsingar o. fl.

Þá kem ég að hinum barnahópnum, sem einnig er talað um í 3. gr. frv., þau veslings börn, sem ekki hafa þegið svo miklar gáfur í vöggugjöf, að þau geti fylgzt með öðrum börnum við nám, treggáfuðu börnin, tornæmu börnin, sem ekki geta fylgzt með betur gefnum börnum við nám. Það er sama um þau að segja, að það er ákaflega hart að þeim gengið, er þeim með lögum er bægt burt frá skólavist með öðrum börnum, án þess að sjá þeim fyrir nokkurri fræðslu, en það er alls ekki gert í frv., eins og það er nú.

Það má náttúrlega alltaf segja sem svo, að foreldrarnir og skólanefndir muni sjá þeim fyrir fræðslu. En þesskonar ágizkanir afsaka engan veginn þá vanrækslu, sem löggjöfin ber vott um í þeirra garð, verði engu breytt frá því, sem frv. fer fram á. Þess vegna vil ég, að skólanefnd í samráði við forráðamenn barnanna og hlutaðeigandi barnaverndarnefnd sjái þessum börnum fyrir sérstakri fræðslu við þeirra hæfi, þar sem hentugt þykir.

Svo er smábreyt., sem ég fer fram á, sem ekki skiptir mjög miklu máli, en mér þykir þó betur fara. Í frv. er talað um, að börn skuli kunna nokkur íslenzk kvæði. Mér virðist það mjög vel við eigandi, að börnin viti þá dálitið um höfunda kvæðanna, þekki aðalæfiatriði þeirra og kunni skil á helztu skáldum þjóðarinnar.

Við 13. gr. ber ég fram nokkrar brtt., þar sem ég fer fram á, að við 2. málsgr. 13. gr. bætist:

„Skólanefnd skal varast að mæla með öðrum kennurum en þeim, sem þekktir eru að reglusemi í hvívetna og eru ekki bendlaðir við stjórnmálaáróður."

Það kann af sumum að þykja einkennilegt að bera slíkt fram sem till. til lagafyrirmælis. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að þetta sé í mesta máta orð í tíma talað á vorum tímum, a. m. k. hvað snertir stjórnmálaagitationir. Og það, að skólanefndir varist að mæla með öðrum kennurum heldur en þeim, sem þekktir eru að reglusemi, er ákvæði í reglugerð, sem nýlega er komin frá kennslumálaráðuneytinu. Að lögbinda þetta virðist mér praktiskt, enda þótt reglugerðin sé til. Sem betur fer hygg ég, að kennarastéttin sé reglusöm stétt eins og stendur. Og mönnum þykir kannske þess vegna ekki ástæða til að taka þetta ákvæði fram í l. En ekki veldur sá, er varar.

Um hitt ákvæðið, að kennarar skuli ekki vera bendlaðir við stjórnmálaáróður, vil ég segja, að margir foreldrar mundu óska eftir því. Ég álít varhugavert fyrir foreldra að afhenda börn sín í hendur kennurum, sem eru æstir í pólitík. Er þess skemmst að minnast, að í einu kauptúni landsins hefir kennari gengið berserksgang á móti sínum eigin skólabörnum vegna pólitískra æsinga. Mér finnst, að það minnsta, sem hægt er að krefjast af kennurum, sé, að þeir láti sem minnst bera á stjórnmálaskoðunum sínum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram um minar brtt.

En hér er brtt. á þskj. nr. 495 frá hv. þm. N.-Ísf., sem ég vil örlítið minnast á. Það er brtt. við 10. gr. frv., þar sem talað er um, hvernig skipa skuli fræðsluhéruðum. Er í frvgr. sagt, að þó skuli sameina hreppa eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarar sýslu, ef slíkt hentar betur vegna staðhátta, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir. Hv. þm. N.-Ísf. vill, að á eftir orðunum „vegna staðhátta" komi: „og viðkomendur óska þess". Ég tel þessa viðbót mjög réttmæta. Þegar þetta mál var til 2. umr., sagði ég að mér þætti of lítið tillit tekið til vilja viðkomandi fólks í þessu efni, fólksins, sem á börnin, með því að láta það hafa svo sem ekkert um þetta mál yfirleitt að segja, heldur láta það eingöngu hlíta úrskurði fræðslumálastjóra um þetta. Með því að samþ. þetta ákvæði eins og það er í frv. væri gengið spor aftur á bak frá því, sem ákveðið er í gildandi l., þar sem í l. er ráð fyrir gert, að þegar slík sameining fari fram, þá skuli hún ekki framkvæmd, fyrr en viðkomandi hreppsbúar hafa greitt um það atkv., þannig að slík sameining byggist fyrst og fremst á vilja fólksins, sem málið kemur mest við. Ég hefði borið fram brtt. við þessa 10. gr. frv., ef þessi brtt. hv. þm. N.-Ísf. hefði ekki verið komin fram á þskj. 495, og mæli ég að sjálfsögðu eindregið með henni.

Um aðrar brtt. á þessu þskj. ætla ég ekki að fjölyrða. Það er mikið talað hér um skólaskyldualdurinn. Mér þykir fullsnemmt að hneppa börn í skóla aðeins 7 ára að aldri. Barnæskan er ekki lengi að líða, en öll hin löngu fullorðinsár bera þó menjar hennar. Og allt of strembið nám og skólasetur geta vissulega átt sinn drjúga þátt í því að lama andlegan þroska barnsins. Allt verður það að vera í hófi. Hygg ég, að mörgum muni þykja nóg um 7 ára skólaskyldualdurinn.

*Þorsteinn Briem: Það hefir dregið til tveggja skauta með þetta mál hérna í þinginu. Það hefir verið borið fram af miklu kappi og líka verið lagzt af ærnu harðfylgi á móti því. Ég held, að í þessu máli, sem oftar, sé sannleikurinn sem næst því mitt á milli. Í samræmi við þá skoðun mína hefi ég borið hér fram nokkrar brtt., sem skoðast mega sem miðlunartill.

Andstæðingar frv. hafa haldið því fram, að það væri sérstaklega áberandi í frv., að fræðslu-

málastjóra væri ætlað of mikið vald til þess að fyrirskipa um fræðslufyrirkomulagið, en hinsvegar væri þetta vald dregið úr höndum fræðslunefnda sveitanna frá því, sem verið hefði. Það má nú vel vera, að yfirleitt hafi fræðslumálastjóri aðstöðu og getu til þess að meta hvert mál rétt, en þar sem hann hlýtur allvíða að bresta staðlega þekkingu, hefi ég flutt 1. brtt. mína við 2. gr. Síðari mgr. 2. gr. hljóðar svo í frv.: Nú hefir skólahverfi vanrækt fræðslu barna, og getur þá fræðslumálastjórnin fyrirskipað skólaskyldu barna á aldrinum 7—10 ára í hverfinu.

Það getur að vísu verið gott, að fræðslumálastjóri hafi þetta vald, en þó er verr farið en heima setið, ef því er harkalega beitt. Ég legg því til, að það verði gert að skilyrði fyrir því, að skólaskyldu, jafnvel niður í 7 ár, verði komið á, að viðkomandi skólanefnd hafi ekki látið skipast við ítrekaða áminningu fræðslumálastjóra og fræðsluráðs. Slíkar áminningar hafa oft sína þýðingu.

2. brtt. mín er við 4. lið 4. gr., þar sem talað er um kröfur í reikningi. Annar hv. þm. hefir bent á, að þessar kröfur muni vera fullháar, en ég vil þó ekki láta slaka á kröfunum um almenn brot og tugabrot, en legg hinsvegar til, að prófkröfum um prósentureikning sé sleppt, en þó geti börn átt kost á að læra hann. Þá flyt ég brtt. um það, að í stað þess, að barnið skuli kunna að reikna út flatarmál og rúmmál einfaldra hluta, komi „einföldustu hluta“. Þannig er t. d. ekki auðvelt fyrir barn að reikna út rúmmál brotinnar keilu, þótt segja megi, að það sé einfaldur hlutur. Sama má segja um það, að reikna út flatarmál átthyrnings, en ekki myndi ég telja hann til einföldustu hluta. Hinsvegar myndi það teljast til einföldustu hluta að reikna út flatarmál stofugólfs eða kálgarðs. Þá hefi ég flutt brtt. um það, að við gr. bætist ákvæði um það, á hverja af þessum 11 liðum skuli lögð mest áherzla, og legg því til, að mest áherzla skuli lögð á móðurmálið, kristindómsfræðsluna og móðurmálið, Virðist og röðin á námsgreinunum í frv. benda til þess, að til þessa sé ætlazt, en ég tel þó réttara að taka þetta fram með berum orðum.

Þá flyt ég brtt. við 6. gr., þar sem ræðir um, að heimavistarskóla skuli byggja þar, sem heimangönguskóla verður ekki við komið. Ég vil bæta við orðunum „ef óskað er“. Ég býst ekki við því, að fjárveitingavaldið geri meira í bráð en að fullnægja þeim óskum, sem fram koma í þessu efni, og hygg, að það muni ekki hafa neina freistingu til þess að gera meira. Ég álít líka, að bezt muni á því fara, að hér sé ekki um neina nauðung að ræða, heldur komi óskirnar frá heimilunum sjálfum. Um þetta fyrirkomulag er þegar fengin nokkur reynsla, og hvað sem um hana má segja, er ekki úr vegi að athuga málið áður en gripið er til nauðungarráðstafana í þessu efni, og það því fremur sem fjárveitingarvaldið á jafnerfitt og nú.

Þá hefi ég flutt brtt. við 2. málsgr. stafl. b í 6. gr., að á eftir „heimangönguskólum“ komi: í kauptúnum. Ég held, að margir líti svo á, að 33 vikur fyrir börn á aldrinum 7—9 ára sé of langur tími í sveitum. En þótt ég hafi orðað þetta svo, að það nái eingöngu til heimangönguskóla í kauptúnum, hefi ég ekki við það að athuga, þótt það nái líka til byggðahverfa, eins og eru t. d. suður með sjó, og vil ég geta þess, að ég vil túlka till. svo. Þá legg ég til, að aftan við gr. bætist, að skóla skuli slitið eigi síðar en í maílok, en í frv. er þetta lágmark. En verið gæti þó, að einhver skólahverfi vildu fara fram úr þessum tíma. En þá kysi ég heldur, að skólinn byrjaði í september, heldur en hann starfaði fram í júní. Ég vil miða lögin við það, að börnin geti notið óhindraðrar útivistar að vori og sumri. Ég get hugsað mér, að hér í Reykjavík verði farið fram úr þessum tíma, og þá er sjálfsagt að byrja kennsluna heldur fyrr að haustinu en að láta hana ganga fram á vorið. Auk þess senda margir foreldrar börn sín í sveit á vorin eða fyrri hluta sumars, og væri illt, ef skólahaldið yrði því til hindrunar. Ég vænti því þess, að þessi brtt. mæti skilningi hjá þeim, sem hafa augu og hjörtu fyrir því, hversu sambandið við náttúruna er börnunum mikilsvert.

Næsta brtt. er við 10. gr., á þá leið, að sameina megi hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarar sýslu, ef henta þykir og fræðslumálastjóri mælir með því. Í frv. er um valdboð að ræða, en ég hefi meiri trú á samningaleiðinni. Hv. þm. N.-Ísf. hefir einnig flutt brtt. um þetta, sem að vísu gengur nær efni frv., og get ég eins vel fylgt henni.

Þá er smávægileg brtt. við 13. gr., um að skólanefnd megi fela skólastjóra að semja skýrslur um skólaskyld börn og áætlun um útgjöld. Þetta myndi að vísu oftast verða svo, en mér finnst rétt að taka það fram. Enda flyt ég brtt., sem gerir ráð fyrir verulegum hlunnindum skólastjórum til handa fram yfir það, sem frv. ætlast til.

Þá er önnur brtt. við sömu gr., sem ég býst ekki við, að mæti mótstöðu.

Næst kemur brtt. við 15. gr. Hún er á þá leið, að í stað þess, að samkv. frv. getur fræðsluráð fyrirskipað stofnun skólabyggingarsjóðs fyrir skólahverfi, sem telst að hafa vanrækt skyldur sínar um bygging skólahúss eða viðhald, komi, að fræðsluráð setji reglur um viðhald skólahúsa og gæti þess, að þeim reglum sé fylgt. Það kann að vera gott, að fræðsluráð hafi þetta vald, en ég held, að ekki þýði að fyrirskipa slíkar sjóðstofnanir, ef vilja eða getu vantar. En hinsvegar verður að leggja áherzlu á það að varðveita þær eignir, sem til eru. Það er hörmulegt að sjá, hve illa hirt skólahús eru sumstaðar úti um landið.

Ég hefi gert till. um að breyta þessari gr. á þann hátt, að fræðsluráð gæti sett reglur um viðhald skólahúsa og gætti þess, að þeim væri fylgt.

Þá hefi ég gert brtt. við 17. gr. frv., sem ég vil vænta, að mæti ekki andmælum, því að þar er um svo sjálfsagt atriði að ræða. Í gr. stendur, að ríkisstyrkur til skólahúsa sé bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólahverfis eða skólabyggingarsjóðs, og að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt stærð hennar.

Nú eru ýms dæmi þess, að skólanefnd hefir ekki átt kost á því að fá hentuga lóð til kaups undir skólahús, enda þótt hægt hafi verið að fá hentuga lóð með óuppsegjanlegum leiguskilmálum. En ég vil ekki, að komið verði í veg fyrir það, að hægt sé að reisa skólahús á hentugasta staðnum aðeins vegna þess, að ekki hefir verið hægt að fá lóðina til eignar. Ég flyt því þá brtt. við 17. gr., að nægilegt sé, að afnotaréttur lóðarinnar skuli tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.

Þá hefi ég leyft mér að flytja brtt. við 27. gr. frv., þar sem rætt er um lögbundin leyfi í skólum. Þar er sagt, að jólaleyfi skuli byrja 16. des. og standa til 3. jan., að báðum dögum meðtöldum. Ég tel óþarft að setja svo bindandi ákvæði um þetta í lög. Ég ætla, að um þetta megi vera rýmri ákvæði í lögum, og tel, að skólanefndir geti hagað þessu eftir vild og sett ákvæði um það í reglugerð, eftir því sem bezt þykir henta í hverju skólahverfi. Ég er ekki kunnugur hér í Reykjavík, en þó hefði ég hugsað, að það væri hentara, að jólaleyfið byrjaði síðar í desember, en stæði svo lengur fram yfir nýár. Ég vil ætla, að jólatrésskemmtanir fyrir börn séu nokkuð fram yfir nýár, og væri þá heppilegra, að kennsla í barnaskólum byrfti ekki að hefjast 3. jan., en að jólaleyfið yrði ekki látið byrja fyrr en 20. des. En það, sem sérstaklega vakti fyrir mér, voru þó heimavistarskólarnir. Það mun vera svo til ætlazt, að börnin dvelji ekki í heimavistarskólunum meira en ½ mánuð í senn, og að þau fái svo frí eða hvíld á milli til þess að átta sig á kennslugreinum og verkefnum skólans. Það mun vera fengin reynsla fyrir því, að árangurinn verður meiri og að kennslan kemur að betri notum fyrir börnin á þennan hátt heldur en þegar skólinn er látinn standa stöðugt, án hvíldar fyrir börnin. En þar sem svona hagar til í heimavistarskólum og við farkennslu, þá tel ég óþarft að hafa svo langt jólaleyfi sem ákveðið er í frv. Ég tel ekki ástæðu til að láta það byrja 16. des., heldur sé það á valdi skólanefnda, og ákveðið eftir því, sem þær telja heppilegast. Því hefi ég flutt 9. brtt. mína, við 27. gr., þess efnis, að aftan við gr. bætist ný málsgr. svo hljóðandi: „Þó má í reglugerðum einstakra skóla setja önnur ákvæði um jólaleyfi.“

Loks hefi ég flutt á sama þskj. brtt. við bráðabirgðaákvæði frv., þar sem um það ræðir, að skólastjórar í kaupstöðum og heimavistarskólum taki laun fyrir einn mánuð umfram kennslutíma.

Nú er það vitanlegt, að ýms kauptún eru þegar komin að því að hafa jafnmarga íbúa og sumir kaupstaðirnir, og til er kauptún, sem hefir fleiri íbúa en 2 fámennustu kaupstaðirnir. Þess vegna tel ég það ranglátt, að skólastjórar í þeim kauptúnum njóti ekki sömu aðstöðu og skólastjórar í kaupstöðunum. Ég legg því til, að í kauptúnum, sem hafa yfir 1000 íbúa, öðlist skólastjórar við barnaskóla þar sömu réttindi og skólastjórar í kaupstöðum. Barnatalan fer vanalega eftir fólksfjölda, og er það því augljóst, að skólastjórar og kennarar í þessum fjölmennu kauptúnum hafa jafnmiklar skyldur og störf og stéttarbræður þeirra í fámennustu kaupstöðunum. Ég vona, að hv. þd. líti svo á, að þessi till. sé sanngjörn í garð þessara skólastjóra.

Það var um það rætt með sterkum orðum við 2. umr. þessa máls, hversu erfitt og vandasamt það væri að fá sem bezta menn til þess að stjórna heimavistarbarnaskólum og kenna við þá. Ég skal ekki draga úr því. En mér finnst það vera neyðarúrræði að fara inn á þá leið að heimila skólanefndum að segja skólastjórum og kennurum við þessa skóla upp störfum þeirra með eins árs fyrirvara, sem þeir hafa þó verið skipaðir til að gegna. Ég hygg, að það verði að búa þar betur um hnúta og setja um það fyllri ákvæði, áður en skólanefndum er veitt vald til þess að segja skólastjórum og kennurum þannig upp stöðum þeirra. Það getur vitanlega komið fyrir, að skólastjórar og kennarar vinni til saka og eigi skilið að fá uppsögn. En hitt getur einnig átt sér stað, að þeim verði sagt upp störfum án saka. Ég get fyllilega hugsað mér, að skólastjóri verði sekur talinn um stjórnmálaáróður, og það er vitanlega slæmt, en hitt er líka hægt að hugsa sér, að það gæti öfga í stjórnmálaskoðunum hjá meiri hluta skólanefndarinnar. Ég get því ekki fallizt á þá skoðun, að það megi fá skólanefndum slíkt vald í hendur. Ég álít, að það þurfi að búa betur um hnúta og það verði fleira að koma til í þessu falli, áður en til slíkra ráða yrði tekið.

Hinsvegar er það jafnmikilsvert að geta byrgt brunninn og koma í veg fyrir, að óhæfir menn verði skipaðir kennarar við heimavistarskóla. Og vil ég leggja mikið upp úr því, að fólkið, sem býr í skólahverfinu, eigi þess kost að kynnast viðkomandi starfsmönnum, áður en þeir eru ráðnir við skólana til lífstíðar eða skipaðir í þessar stöður. Þess vegna legg ég það til, að þeir verði ekki skipaðir skólastjórar og kennarar í heimavistarskólum, fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma. Þeim gefst þá tækifæri til að sýna sig. Og þó að einhver mistök kynnu að verða á störfum þeirra fyrsta veturinn, þá er máske ekki rétt að dæma mennina alveg eftir því. Eftir tveggja ára starf getur það komið betur í ljós, hvort slík mistök stafa af misbrestum í fari þeirra eða aðeins af skorti á æfingu.

Af þessari ástæðu hefi ég lagt til, að aftan við gr. bætist ný málsgr., er orðist svo: „Skólastjórar og kennarar í heimavistarskólum skulu ekki skipaðir, fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma.“

Þessi 3. umr. málsins hefir borið blæ 2. umr. En ég þykist ekki þurfa að biðja afsökunar á því, þó að ég hafi orðið alllangorður, enda hefi ég ekki tekið til máls í þessu máli fyrr en nú. Og þeim umr., sem búnar eru, var að miklu leyti hagað eins og 1. umr. mála. Vegna þess þurfti nú við 3. umr. að gera grein fyrir svo mörgum brtt., og þar sem ég hefi varið til þess löngum tíma, mun ég ekki ræða nánar um frv. í heild.

*Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): Ég á hér nokkrar brtt. við frv. á þskj. 536, og vil ég leyfa mér að skýra þær stuttlega, áður en fundinum verður frestað. Ég álít það sé nauðsynlegt að

taka það fram í frv., hvað börnum sé almennt ætlað að vita, þegar þau eru 10 ára gömul. Það er gert ráð fyrir því í frv., að börnin eigi að vera skólaskyld frá 7 ára aldri. En það þýðir, að fjöldi foreldra í sveitunum neyðist til þess að sækja um undanþágu frá skólaskyldu fyrir börn sín. Þegar börnin eru 10 ára, á því að vera búið að kenna þeim í 3 ár í skóla, eða utan skóla samkvæmt undanþágu. Mig grunar, að þetta ákvæði leiði til þess, að börnunum verði kennt allt of mikið á þessum aldri. Ég held, að það sé oft látið viðgangast, að börnum séu kenndar allt of erfiðar og þungskildar fræðigreinar á þessum aldri, svo sem kristinfræði, landafræði, saga o. s. frv. — Það skiptir vitanlega mestu máli, að börnin læri að lesa skýrt og hiklaust, og byrji á að skrifa hreinlega og reikna einföldustu dæmi, áður en þau eru 10 ára. Fyrsta brtt. mín lýtur að því, að þetta verði viðurkennt takmark á þeim aldri, um leið og það er fyrirbyggt, að þeim verði þá ætlað þyngra nám.

Það stendur nú í frv., að veita megi börnum fullnaðarpróf, sem eru innan við 14 ára aldur, þegar tryggt er, að barnið njóti framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs. En þessu er ekki hægt að fullnægja sumstaðar á landinu; við skulum taka t. d. í þorpi eins og Ólafsvík, þar er enginn slíkur skóli, og eins er það víða í sveitum. Mér hefir verið bent á það af einum barnakennara, að heppilegast væri að ákveða, að börn mættu ekki taka fullnaðarpróf, fyrr en eftir 12 ára aldur. Það hefir verið litið svo á, að fræðslulögin ættu að tryggja hverju barni visst lágmark þekkingar í tilteknum fræðigreinum, enda væri því marki fullnægt við próf. Og þá er ekki ástæða til að heimta svo og svo langa skólavist af hverju barni. Hitt ætti að nægja, að halda börnum að þessu marki við fullnaðarpróf. Ég legg því til, að skólanefndum verði heimilað að veita börnum, sem eru yngri en 14 ára, burtfararpróf, ef þau hafa náð samskonar þroska og börn hafa almennt á 14 ára aldri.

Þá er samkvæmt 3. brtt. minni lagt til, að við fullnaðarpróf geti barnið lesið móðurmálið „hljóðvillulaust". Það þykir ef til vill ekki ástæða til að bæta þessu orði inn í lögin, en ég vil með þessu benda kennurum á, að þetta er nú á tímum eitt hið hættulegasta mállýti og algengast hirðuleysi við framburð íslenzkunnar. — Ég hefi áður talað um reikninginn, og þá sérstaklega brotareikning, og þarf ekki að fjölyrða um hann nú. — En út af brtt. hv. 10. landsk. um að börnum sé veitt tækifæri til að nema prósentureikning, þá vil ég af því tvennu heldur halda honum en brotum, því að prósentureikningur er léttari fyrir börn. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að þorri unglinga læri brot í ungmenna- og héraðsskólunum.

Í fræðslulögunum er heimilað að kenna fleiri námsgreinar í barnaskólum en krafizt er til fullnaðarprófs, og er 5. brtt. mín, um kennslu í útlendum tungumálum, miðuð við það. Sumsstaðar í kaupstöðum, og jafnvel í sveitum líka, eru börnum á skólaskyldualdri kennd erlend tungumál. Þetta getur í sjálfu sér verið gott; þegar börnin eru greind og hafa góðar ástæður að öðru leyti, þá má vera, að þau læri málin sér til gagns. En þó er það áreiðanlega rétt, sem hér er tekið fram í till. minni, að áður en barnið fer að læra erlend tungumál, þá verður það að vera svo vel að sér í móðurmálinu, að það geti skrifað það ritvillulítið og auk þess kunnað nokkuð í málfræði, sérstaklega greiningu orða. Það er eitt frumskilyrðið fyrir því, að tungumálanám verði því að gagni.

Ég minnist þess, að það kom einu sinni á heimili mitt bréf frá vel menntaðri konu hér í bænum, og í því var kort með ósk um gleðilegt sumar, en stafsetningin var „Gliðiligt Sömar!", með upphafsstaf í orðinu sumar. Sennilega af því að nafnorð í dönsku eru með stórum staf. Þetta dæmi ber vott um hljóðvillurnar, sem alltaf er verið að berjast við, og svo áhrifin frá dönskunáminu. (MJ: Hljóðvillurnar hafa viðgengizt frá upphafi). Já, en það er þó ekki búið að viðurkenna þær í fræðslulögum eða stafsetningarreglum íslenzkunnar. (MJ: Málið er alltaf að breytast). — Þá kem ég að ákvæðum frv. um dvöl barna í heimavistarskólum. Það er gert ráð fyrir því, að skólaskyld börn í sveitum eigi að vera 3—4 mánuði í heimavistarskólum árlega. Þetta er allt of kostnaðarsamt ákvæði, og vinnur á móti þeim tilgangi, sem lögunum er ætlað að ná. Þegar komið er með þennan lagastaf út í skólahéruðin í sveitunum og sagt við foreldrana, sem nú eru að basla þar við farkennslu: „Við krefjumst þess, að þið hafið börnin í heimavistarskólum 4 mánuði á hverjum vetri í 4 ár!" — þá svarar sveitarfélagið: „Já, við eigum ekkert við slíkt skólahald. Sveitarsjóðurinn rís ekki undir því og fólkið hefir ekki efni á því." — Þá verður vitanlega gripið til undanþáguheimildar frá skólahaldi. En um leið er þá búið að smeygja fjötrinum á 10—14 ára gömul börn um minnst 16 vikna námstíma á ári. Þessi undanþáguheimild í frv. þarf að vera rýmri. Og í 6. brtt. minni er lagt til, að dregið verði úr þessari 4 mánaða námsskyldu. En hún er á þá leið, að aths. á eftir 6. gr. orðist svo: „Heimilt er þó skólanefnd að veita undanþágu frá ákvæðum c-liðs í samráði við forstöðumann heimavistarskólans, ef fullvíst þykir, að barnið öðlist engu að síður þá þekkingu, sem heimtuð er til fullnaðarprófs", og er þá meiningin, að börnin geti lært eitthvað af námsgreinunum heima.

Þá vil ég skýra dálítið 7. brtt., sem er við upphaf annars málsl. í ákvæðum til bráðabirgða. Þetta er talsvert þýðingarmikið atriði. Í frv. er gert ráð fyrir, að einn kennari geti annazt kennslu 50 barna við heimangönguskóla. Og í stórum barnaskólum, eins og hér í Rvík, er 7 ára skyldunám fyrir börn og ætlazt til, að 50 börn, 7—10 ára, komi á hvern kennara. — En annarsstaðar á landinu, t. d. í þéttbýlum sveitum, þar sem börn eiga að byrja skólagöngu 10 ára, þar á ekki að vera hægt að færa þetta meira saman en svo, að hver kennari hafi 30 börn til kennslu. Í þessu er beinlínis mótsögn. Því ef reiknað er með, að í kaupstöðum geti hver kennari haft 50 börn, þá verður engu síður hægt að ganga út frá því, að börnin læri eitthvað heima hjá sér í sveitunum. Þess vegna

held ég því fram, að einn kennari geti annað um 50 börnum. Það byggi ég á því, að í mjög mörgum kaupstöðum er börnum yfirleitt ofboðið með skólasetu, sérstaklega þar, sem eru léleg húsakynni, lítil áhöld eða lélegt bókasafn. Þegar svo kennarinn er orðinn þreyttur og slitinn, þá er langt frá því, að það sé fagnaðarefni fyrir börnin að eiga endilega að vera allan daginn í skóla við bóklegt nám. Það liggja þess vegna í till. minni mótmæli gegn því, að hvert barn milli 10 og 14 ára eigi að vera 5 tíma í skóla á dag við bóklegt nám. Í því efni vísa ég til þess, sem ég sagði við 1. umr. málsins, að reynslan af þessari skólasetu væri allt annað en góð. Því að það er mála sannast, að langminnstur áhugi er fyrir íslenzkum bókmenntum fornum og nýjum þar, sem börnin eru lengst í barnaskóla. Ég er ekki með þessu að ásaka kennarana. Ég viðurkenni, að þeir hafa erfiða aðstöðu. Það er illa að þeim búið. Við skulum hugsa okkur, að þegar börnin, hundruð eða jafnvel þúsund, eins og hér í Reykjavík, hafa yfirfarið landafræði Mortens Hansens sjö sinnum, hvað mikinn áhuga þau hafa fyrir þessari beinagrind í sjöunda sinnið. Þó að þessi bók sé ekki notuð nú, þá er hún ekki lakari en mörg önnur kennslubókin. — Ég veit, að svona hefir ástandið orðið víðar í skólum landsins vegna þess, hve lítil tök eru á því að gera kennsluna fjölbreyttari.

Ég sé ekki, þegar ég lít yfir 4. gr. þessa frv., að það sé mikil þekking, sem er heimtuð af börnunum. Ég álít það ekki skaða.

Ástæðan til þess, að ég gerði ekki fleiri brtt. við frv., var sú, að ég álít, að það hljóti að verða tekið fyrir aftur kannske á næsta þingi. Þess vegna sá ég ekki ástæðu til að koma með till., sem mjög verulegu máli skipta.

Menn hafa haldið því fram við mig, að ef þessi till. verði samþ., að 50 börn komi á hvern kennara, verði skólarnir, a. m. k. í þorpum, látnir standa lengur, og þorpin verði því að borga þann kostnað úr sínum vasa. Ég álít, að þorpin geti komizt hjá því, og í minni till. liggur það, að kennarinn geti búið þessi 50 börn undir fermingu á fjórum vetrum.

Þá er hér ein brtt., sem er nýmæli, sem lýtur að því að hjálpa börnum, sem eru iðjulaus að sumrinu, sem ekki komast í sveit og lifa lífi sínu á götunni. Ég hefi stungið upp á því, að þau væru undir eftirliti skólans, þó ekki við bóklegt nám, heldur verklegt nám og íþróttir. Ég veit, að þetta eru aðeins frumdrættir, og býst við, að það mætti bæta mikið, en af því að þetta er aðeins tilraun, þá orðaði ég till. mjög varlega. Þetta verður ekki gert nema þar, sem fræðsluráð samþykkir það og kennslumálaráðh., og þar að auki aðeins ákveðið til eins árs í senn. Þetta er sjálfsögð varasemi af því að ég efast ekki um, að þó að þetta sé flutt nú, þá verði ekki hægt að komast hjá því að taka þessa hugmynd upp.

Það er ómögulegt að hugsa sér að halda því áfram að hafa nær þúsund börn, eins og maður sér hér í Reykjavík, eftirlitslaus og iðjulaus á götunni og kennarana atvinnulausa þann tímann, a. m. k. ekki sinnandi börnum. Ég hefi gert ráð fyrir því, að kennararnir yrðu með börnunum þennan tíma að sumrinu, og á þann hátt gæti starfstími kennaranna orðið 10 mánuðir. Það er misprentun hér í till. Þar á að standa 44 vikur, en er ekki nema 4. Þetta verður leiðrétt.

Þá hefi ég komið með brtt., sem ekki er ósvipað hugsuð og kemur fram hjá hv. 10. landsk., þar sem hann leggur til að hafa varasemi í því efni, að skólastjórum og kennurum við heimavistarbarnaskóla skuli ekki veittur starfinn fyrr en 2 árum eftir að þeir hafa verið settir. Það má vera, að fólkið sé búið að kynnast þessum mönnum það eftir 2 ár, að það sjái, hvern mann þeir hafa að geyma, en ekki legg ég mikið upp úr því.

Það má búast við, að heimavistarskólum fari fjölgandi, a. m. k. ætlast þeir til þess, sem standa að þessu frv. Nú getur svo farið eftir frv., að í einhverri sveit, þar sem heimavistarskóli er, séu börnin hjá kennaranum 4 mánuði á ári í 6 til 7 ár, og fólkið er skylt til þess að láta börnin svona lengi.

Við vitum, að katólskir klerkar hafa tekið það ráð að viðurkenna ekki hjónaskilnað, en lúterskir menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, þó að fólk sé yfirleitt skynsamt og viðhafi fulla varasemi við byrjun hjúskapar, að færa löggjöfina meira og meira í þá átt að gera hjónum mögulegt að skilja. En hliðstætt hinum katólsku mönnum hugsa þeir sér, sem að þessu frv. standa, að fólk í einni sveit sé eiliflega bundið í hjúskap, ef svo mætti segja, við þennan heimavistarskólakennara, sem búið er að skipa eftir tveggja ára reynslutíma.

Ég ætla í þessu sambandi að segja hv. d. frá einu atviki, sem mér er kunnugt um.

Það vildi til fyrir nokkrum árum norður á Akureyri, að forstöðumaður barnaskólans, mjög vandaður maður og afburða námsmaður, Steinþór Guðmundsson, þótti nokkuð harður við börnin. Foreldrar margra barnanna komust að þeirri niðurstöðu, að hann gæti ekki verið skólastjóri. Ástandið var orðið þannig á Akureyri, að barnaskólinn var orðinn mjög slæmur. Nú kom upp það stóra spursmál, hvort ætti að láta manninn fara. Fólkið fann til þess, að þó að þessi maður ætti marga góða kosti, þá gat hann ekki verið þar. Skólanefndin fann til þess líka og skrifaði mér og lagði til, að manninum væri vikið frá. Nú er sama togstreitan hér í hv. d. eins og í þessu tilfelli. Spurningin er, hvort eigi að meta meira, börnin eða kennarann. Niðurstaðan af þessari deilu á Akureyri varð sú í bili, að allir kunnugir skólastjóranum kenndu í brjósti um hann, og eftir að búið er að kæra til kennslumálastj. dregur skólanefndin sig í hlé og vill taka aftur það, sem hún var búin að gera. Fræðslumálastjórinn leggur líka á móti því, að manninum sé vikið frá. Að síðustu valt það á mér sem kennslumálaráðh., hvort ætti að draga taum kennarans eða barnanna. Ég fann það, að það var rangt gagnvart Akureyringum að láta þennan mann vera skólastjóra áfram, og vék honum frá. Ég fékk í staðinn mann, sem var mér að vísu lítið kunnugur, en er þó einhver bezti barnaskólastjóri landsins. Niðurstaðan

varð því sú, að þótt margir ágætir barnaskólar séu á landinu, þá er viðurkennt, að skólinn á Akureyri undir stjórn þessa manns er einhver sá allra fremsti. Það er viðurkennt af öllum, sem til þekkja, að líf barnanna á Akureyri hafi tekið stórfelldum breyt. til bóta. Í staðinn fyrir þunglamalegan og leiðinlegan skóla er kominn skóli, sem börnin eru ánægð með og kennarinn er ánægður með og foreldrarnir.

Ég tek þetta dæmi til þess að sýna fram á, hve skakkt það er að halda því fram, að það eigi að meta meira ímyndaða hagsmuni starfsmanns, sem þúsundir manna eiga að búa við, heldur en hagsmuni allra annara, og rígbinda þennan mann við starfið alla lífstíð. Ég veit, að þessu dæmi verður ekki mótmælt. Enginn treystir sér til þess að mótmæla því, að rétt hafi verið að láta vilja barnanna og foreldranna ráða í þessu efni. Ég skal játa, að komið geti það fyrir í ýmsum tilfellum, að reynt verði að misnota þessa till. mína, t. d. á þann hátt, að þetta ákvæði verði notað til þess að koma frá pólitískum andstæðingum. En skólanefnd má ekki segja upp kennara, nema samþ. kennslumálaráðh. komi til. Það eru því tveir dómstólar í þessu efni.

Ég skal nefna tvær tegundir starfsmanna, sem búa við miklu meira réttleysi, en það eru kaupfélagsstjórar annarsvegar, en héraðsskóla- og gagnfræðaskólakennarar hinsvegar, einkum þó héraðsskólakennarar. Skólan. getur sagt þeim kennurum upp með nokkurra mánaða fyrirvara.

Í öllum kaupfélögum landsins er hægt að segja kaupfélagsstjórunum upp með nokkurra mánaða fyrirvara. Það getur hent sig, að þessi heimild sé notuð, en það kemur afarsjaldan fyrir. Menn eru yfirleitt svo góðsamir, og það eru miklu meiri líkur til þess, þó að væri yfirdrifin ástæða til þess að segja barnaskólastjóra upp, að það yrði ekki gert. Lögin um héraðsskólana eru frá 1928, og ég veit ekki til, að þetta ákvæði hafi í nokkrum skóla verið misnotað eða yfirleitt notað. En það er ákaflega mikið öryggi í því fyrir skólana að vita, að ef óheppilegur maður kemst að þeim, þá sé hægt að losna við hann.

Ég skal koma með dæmi, sem hreyft var hér fyrir skömmu í d. Hér austur í sýslum eru 4 mjög myndarlegir heimavistarskólar, tveir á heitum stöðum og tveir á köldum stöðum. Tveir af þessum skólum eru gamlir, en tveir yngri. Þessir nýrri skólar voru byggðir með miklum fórnum af hálfu fólksins, því að hvor um sig er fyrir einn hrepp. Meðal annars gengust nemendur frá Laugarvatnsskóla mikið fyrir byggingu annars þeirra. Fólkið í þessari einu sveit lagði á sig 1000 eða 1200 dagsverk við byggingu skólans og það framkvæmdi þessa skólabyggingu með svo miklum áhuga, að sveitin er nálega skuldlaus. Svo fá þessar sveitir unga, góða og duglega menn að skólunum. En það kemur bara eitthvað það fram í fari þessara manna, að fólkið getur ekki fellt sig við þá. Og í báðum hreppunum eru alvarleg samtök um það meðal foreldra að senda ekki börnin í skólana, af því að þeir vita, að enginn vegur er að losna við þessa menn. En hvort er nú hyggilegra að láta að vilja fólksins eða ekki? Ég er viss um, að ekki er hægt að segja, að það sé af léttúð, sem fólkið vill losna við kennarana, einmitt þetta fólk, sem svona mikið lagði á sig til þess að koma skólunum upp. Nei, ég er viss um, að það er virkilegur hlutur. Maður getur hugsað sér það, hvort það muni foreldrunum ljúft, þegar á að skylda þá til þess að láta börnin sín í 4 mánuði á ári sitja til borðs með mönnum, sem þeir ekki treysta. Ég verð því að segja, að fólkinu er gerður mikill greiði með þessari till. minni, verði hún samþ. Ég hefi gert skyldu mína í því að bera hana fram, og ég veit, að þótt hún verði felld nú, þá verður ómögulegt að standa á móti þessu til lengdar. Annaðhvort staðnar þessi heimavistarskólahreyfing í landinu, eða það verður að taka tillit til fólksins. Það sjá allir, að það er mikill munur, hvort er um heimavistarskóla eða heimangönguskóla að ræða. Ég get t. d. tekið fyrsta stóra heimavistarskólann hér á landi, Möðruvallaskólann, sem hafði mikla þýðingu fyrir Norður- og Austurland á sinni tíð. Það voru margir myndarlegir og góðir kennarar við þennan skóla, en niðurstaðan varð sú, að ekki varð sem bezt samkomulag milli kennaranna. Piltarnir tóku afstöðu með þessum kennaranum, en móti hinum. Ég kom að þessum sama skóla, eftir að hann var kominn til Akureyrar. Þá var hann hættur að vera heimavistarskóli, og bar lítið á þeim erfiðleikum, sem bar á á Möðruvöllum. Var skólalífið því tiltölulega gott.

Einn mikill enskur sagnfræðingur sagði einu sinni, þegar hann var að fara til Englands, að það væri hvergi hægt að verða eins mikið til þæginda og óþæginda eins og á skipi í langri sjóferð. Það er líkt með heimavistarskólana og þessar löngu sjóferðir. Þess vegna ber ég þessa till. mína fram í fullri alvöru, og hv. þm. verða að gera það upp við sjálfa sig, hvort beri að meta meira foreldrana og börnin eða kennarana. Það eru ekki til nema tvö fordæmi fyrir þessu ákvæði, annarsvegar kaupfélagsstjórarnir, en hinsvegar héraðsskólakennararnir. Hefir það gefizt vel í báðum tilfellunum. En ég geri glöggan greinarmun á heimavistarskólum og heimangönguskólum og hefi hagað till. minni eftir því. Það er allt annað með heimangönguskólana, og vil ég ekki vera mótgangsmaður kennarastéttarinnar að því, er þá snertir, úr því að hún leggur svo mikið upp úr þessu atriði. Ég vil ekki ganga á móti kennarastéttinni, nema þar sem það hefir óhjákvæmlega þýðingu.

Umr frestað.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 407, 495, 523, 535, 536, 552).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 552. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)__: Ég vildi segja nokkur orð um þær brtt., sem hér liggja fyrir.

Fyrst kem ég að brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 495. 1. brtt. er á þá leið, að færður sé niður skólaskyldualdur í 9—14 ár á öðrum stöðum

á landinu en í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa. Ég er andvígur þessari brtt., enda er heimild til þess í frv. að færa til skólaskyldualdurinn utan kaupstaða og kauptúna. Sama er um 3. og 5. brtt. En 4. brtt. get ég fallizt á og óska að hún verði samþ.

Þá koma brtt. frá hv. 10. landsk. á þskj. 523. — 1. brtt. er á þá leið, að bætt sé inn í 2. gr., að til þurfi ítrekaða áminningu fræðslumálastjóra og fræðsluráðs. Ég vil benda á, að með þessu er vald fræðslumálastjóra að engu gert, ef fræðsluráð er ekki sömu skoðunar. — Þá er brtt. um að fella niður kennslu í prósentureikningi. Ég er á móti þessari brtt., en þetta er þó ekki stórvægileg breyting, þar sem í annari brtt. er ákveðið, að börn skuli hafa tækifæri til að læra þennan reikning. Brtt. um kennslu móðurmálsins get ég hinsvegar fallizt á. Ég get líka fallizt á a-lið 3. brtt., en hinsvegar ekki á b- og c-liðina.

Þá er brtt. við 10. gr. Mér finnst hún draga úr ákvæðum frv. og legg því á móti henni. Aftur á móti get ég fallizt á 5. brtt., a- og b-liði. Tel ég, að betur fari á orðalagi þeirra en í frv.

6. brtt. tel ég óþarfa og legg því til, að hún verði felld. 7.—9. brtt. skipta ekki máli, og get ég sætt mig við, að þær verði samþ.

Þá er a-liður 10. brtt. um það, að íbúatalan í kauptúnunum verði hækkuð upp í 1000 íbúa frá því, sem ákveðið er í ákvæðum til bráðabirgða. Ég er andvígur þessari till. og legg til, að hún verði felld. Hinsvegar get ég fallizt á b-lið sömu brtt. um það, að skólastjórar og kennarar í heimavistarskólum skuli fyrst skipaðir eftir tveggja ára reynslutíma.

Þá *eru* það brtt. á þskj. 536 frá hv. þm. S.-Þ. — 1. brtt. tekur til um það, hvað börn skuli hafa lært, þegar þau eru orðin 10 ára. Þessi brtt. fer í bága við meginstefnu frv., og legg ég því til, að hún verði felld.

2. brtt. er á þessa leið:

„Skólanefnd má veita heimild til burtfararprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, ef þau hafa náð samskonar þroska og börn hafa *almennt á 14 ára aldri.*“

Ég er andvígur þessari till., en skal játa, að það gerir ekki verulega breyt. á frv., þó að hún verði samþ. En ég tel, að svo framarlega sem börnin ekki stunda nám annarsstaðar í skólum, þá hafi þau ekkert annað betra með tímann að gera heldur en að stunda nám í barnaskólum. — Þá er 3. brtt., um að inn bætist orðið „hljóðvillulaust“. Ég er samþykkur *þessari till.* — 4. *till. er um reikninginn.* Ég er andvígur þeirri till. Ég tel ekki gerlegt að sleppa bæði úr almennum brotum og prósentureikningi, en tel þó, að af tvennu illu sé frekar hægt að sleppa brotunum en prósentureikningnum. Mun ég því greiða atkv. á móti þessari brtt.

Þá er 5. brtt., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„*Útlend tungumál má ekki kenna í barna*skólum, nema þeim börnum, sem eru orðin vel læs, skrifa móðurmálið ritvillulitið og eru vel að sér í íslenzkri greiningu.“

Ég get fallizt á þessa till.

Ég er sammála hv. flm. um það, að það sé vitlaust að kenna börnum erlend tungumál, meðan þau eru ekki sjálfbjarga í sínu eigin máli. Hinsvegar líkar mér ekki allskostar við orðalagið. (**JJ**: 6. og 7. brtt. verða teknar aftur).

Þá er það 8. brtt. — Ég vil fyrst skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki bera till. upp í tvennu lagi. (**Forseti**: Jú). Ég er andvígur báðum þessum málsliðum. Ég tel, að sú nýbreytni, ef frv. verður að lögum, að lengja skólatímann fram á sumarið og haustið líka, geri það að verkum, að það verði torvelt að taka upp þá tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir. Það liggur í augum uppi, að það er ókleift víðast hvar að gera hvorttveggja í senn, að taka yngri börnin og hafa jafnframt öll hin börnin líka á þessum tíma.

Hinsvegar verð ég að játa, að flestar þessar till. hv. þm. eru vel þess verðar að vera athugaðar. En ég hygg, að það sé nóg verkefni a. m. k. til að byrja með að koma lagi á þá kennslu, sem gert er ráð fyrir í frv., ef að lögum verður, fyrir yngri börnin um nám fyrri part sumars og fyrri part hausts.

Ég er því á móti þessum lið brtt. en þó einkum mjög á móti síðari hluta 8. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að forstaða og kennsla við heimavistarskóla skuli vera uppsegjanleg með eins árs fyrirvara. Fyrst er það, að ég tel með öllu óeðlilegt, að aðrar reglur gildi um kennara en um aðra starfsmenn, og að það sé annar aðili, sem segir kennara upp, heldur en sá, sem skipar hann. Svo er þetta líka leiðinlegt starf fyrir skólanefndir, og gæti verið notað til þess að koma fram pólitískum hefndum á kennara með því að flæma hann frá starfi.

Með þessu er kennarastéttin gerð réttlausari heldur en allar aðrar stéttir í landinu, sem eru skipaðar af því opinbera. Samanburður hv. þm. á kaupfélagsstjórunum og barnakennurum nær ekki nokkurri átt. Það er frekar hliðstætt með héraðsskólakennarana. En ég er nú ekki viss um, að það hafi sýnt sig, að sú regla sé til fyrirmyndar.

Hv. þm. tók til dæmis atburð, sem gerðist á Akureyri fyrir nokkrum árum. Ég skal ekki fara að rifja hann upp, en ég skal benda á, að þessi maður var látinn fara úr embætti, enda er það svo, að skólanefndum er heimilt samkv. gildandi lögum að segja kennara fyrirvaralaust upp stöðu sinni, hvenær sem hún telur ástæðu til. Síðan er því máli skotið til hlutaðeigandi stjórnarvalda, sem skera úr um það, hvort þessi *burtvikning hafi haft* við rök að styðjast. Ég fæ því ekki betur séð en að þetta sé nægilegt öryggi fyrir aðstandendur barnanna, sem í skóla eru. Hinsvegar skal ég játa það, að það er nokkru ríkari ástæða til þess að ganga eftir því, að það sé mannval við heimavistarskólana, og get ég þess vegna vel fallizt á það, að sú regla yrði upp tekin að veita þessar stöður ekki, fyrr en kennarinn hefir verið „settur“ í 3 ár til *reynslu.* Þá ætti að þeim tíma liðnum að vera komin nægileg reynsla á það, hvort samvinna getur tekizt milli kennarans og aðstandenda barnanna.

Ég skal bæta því við, að ef svo rammt kveður

að óánægjunni með kennara eins og hv. þm. vill telja, að sé í tveimur skólahéruðum austanfjalls, að mikill þorri af foreldrum neiti að láta börn sín í skóla, þá álít ég, að fræðslumálastjórnin geti ekki þverskallazt við óskum manna í þeim efnum; verði því að svipta kennarann starfi, sé ekki hægt að koma lagi á á annan hátt. Hinsvegar tel ég, að með því að setja þetta ákvæði inn, verði kennarastéttin verr sett heldur en allar aðrar stéttir, sem skipaðar eru af stjórnarvöldunum, og með því gefið undir fótinn áróðri af hálfu einstaklinga og flokka um að reyna að skipta sem oftast um og koma þeim mönnum frá, sem eru í pólitískri andstöðu við þá.

Þá eru brtt. á þskj. 535 frá hv. 5. landsk. — 1. brtt. er um það, að ef um vangæf börn er að ræða, þá skuli séð fyrir þeim á annan hátt, ef þau geta ekki setið í skóla með öðrum börnum. — B-liður þessarar sömu brtt. fer í sömu átt, að séð sé fyrir fávitum, sem ekki eiga samleið með öðrum börnum. Ég held, að með því að samþ. báða þessa liði sé ekki gott að segja um það, hver baggi hinu opinbera, fræðsluhéruðunum og ríkissjóði, er með því bundinn. Ákvæði um þetta eiga í raun og veru heima í öðrum lögum, þeim lögum, sem fjalla um meðferð þeirra barna, sem svona stendur á fyrir. Ég er því fyrir mitt leyti andvígur því, að þessar till. verði samþ., þó að ég játi, að nauðsynlegt sé að setja reglur um það, hvernig fara skuli með þessi börn. — 2. brtt., sem er við 4. gr., er ég samþ. og legg því til, að hún verði samþ. — 3. brtt. er um það, að skólanefndir skuli varast að mæla með öðrum kennurum en þeim, sem þekktir eru að reglusemi og ekki eru bendlaðir við stjórnmálaáróður. Ég er mjög andvígur þessari brtt. Ég er hræddur um, að það verði erfitt að leggja skólanefndum reglur um það, hverjum þær skuli mæla með og hverjum ekki. Svo kann að vera, að menn greini á um það, hverjir séu bendlaðir við stjórnmálaáróður. Ef tillöguhöfundur vildi vera sjálfum sér samkvæmur, ætti hann að bæta ýmsu við, t. d. að ekki mætti mæla með þeim, sem bendlaðir væru við trúmálaáróður. Ég er því á móti þessari till. og legg eindregið gegn því, að hún verði samþykkt.

Þá er brtt. við 3. gr. á þskj. 552, frá hv. 1. þm. Reykv., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 2. málsgr. kemur ný málsgrein, er svo hljóðar: Heimilt er foreldrum í kaupstöðum að koma börnum á skólaskyldualdri fyrir til sumardvalar eftir 14. maí, ef þau eiga ekki að ljúka fullnaðarprófi það vor.“

Þessa till. finnst mér ómögulegt að samþ., þó að ég sé í raun og veru með efni hennar. Ég álít, að það sé ómögulegt að heimila foreldrum að taka börn sín úr skóla, hvenær sem þeim þóknast. Hinsvegar tel ég, að þar sem það er tryggt og skólastjórar og skólanefndir telja, að börnin megi missa tíma úr skólanum, þá sé sjálfsagt að leyfa það.

Ég vil því gera skrifl. brtt. við þessa brtt., er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginmál till. skal orða svo: Heimilt er skólastjóra í samráði við fræðsluráð eða skólanefnd í kaupstöðum að undanþiggja börn, sem ekki taka fullnaðarpróf, skólavist eftir maílok vegna sumardvalar, enda sé kunnátta barnsins og aðrar ástæður ekki til fyrirstöðu.“

Ég held, að ég hafi þá drepið á þær brtt., sem fyrir liggja, og get því látið þetta nægja.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá þm. Seyðf. (sjá þskj. 583,II) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*Þorsteinn Briem: Ég verð að harma það, að hæstv. kennslumálaráðh. er ekki við, því að ég hefði óskað að eiga þess kost að beina máli mínu til hans. Ég get í fyrsta lagi þakkað honum fyrir góðar undirtektir undir flestar brtt., sem ég hefi flutt á þskj. 523. En ég hefði þó hinsvegar óskað þess að geta átt tal við hæstv. ráðh. um þær brtt., sem hann lagði eindregið á móti.

Hæstv. ráðh. lagði á móti því, að 1. brtt. mín, við 2. gr. frv., yrði samþ. og færði þau rök fyrir því, að hér væri ætlazt til, að þegar eitthvert skólahverfi vanrækti skyldur sínar um fræðslu barna innan við 10 ára aldur, ætti viðkomandi skólahverfi að fá áminningu frá fræðslumálastjóra og fræðsluráði, áður en hægt er að skylda viðkomandi skólahverfi til þess að færa skólaskylduna ofan í 7 ára aldur. Ég hafði tekið fræðsluráðið með, með því að samkv. 2. gr. frv. er það einmitt fræðsluráðið, sem hefir heimild til þess að veita skólahverfum undanþágu frá skólaskyldu fyrir 7, 8 og 9 ára börn.

En hæstv. ráðh. taldi það illa við eigandi, að tveir aðiljar hefðu um þetta að fjalla. Ég sé þó ekki betur, eins og frv. er, en að þá komi þetta til aðgerða þessara tveggja aðilja, en hinsvegar get ég gert það til samkomulags við hæstv. kennslumálaráðh. að flytja brtt. við 1. brtt. mína á þskj. 523 á þá leið, að orðin „og fræðsluráð“ falli niður. Er þá burtu fallin sú ástæða, sem hæstv. kennslumálaráðh. færði gegn brtt., og vona ég því, að hann geti veitt henni meðmæli sín.

Hæstv. kennslumálaráðh. andmælti 3. brtt. minni, þ. e. a. s. b-lið hennar, en var a-lið hennar samþykkur. En ég hafði hugsað mér að koma með skrifl. brtt. við 6. gr. frv. stafl. b., sem ég ætla, að geri þessa brtt. mína óþarfa. Skriflega brtt., sem ég hugsa mér að flytja hér, hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við stafliðinn bætist ný málsgrein: Í heimangönguskólum í sveitum er þó eigi skylt að ætla hverju barni meiri kennsluviknafjölda en í heimavistarskólum.“

Ég vil fara þess á leit við hæstv. kennslumálaráðh., að hann eigi tal við fræðslumálastjórann um þessa skrifl. brtt. mína, áður en hann andmælir henni. Ég vildi og óska þess af hæstv. forseta, að hann bæri þessa skrifl. brtt. mína upp á undan 3. brtt. minni á þskj. 523, staflið b. Er þá b-liður till., sem hæstv. ráðh. andmælti, úr sögunni.

Ég harma það að vísu, að hæstv. ráðh. sá sér ekki fært að vera fylgjandi c-lið brtt. minnar, við 6. gr. frv., þar sem ákvæði er um það, að

skólum skuli ekki slitið fyrr en í mailok. Fyrir mér vakti, að skólarnir stæðu ekki lengur en í 8 mánuði, eins og yfirleitt er aðalreglan í frv.; þá byrjuðu þeir í septembermánuði, en stæðu síður fram á vorið. Hinsvegar tel ég nokkra bót að þeirri skrifl. brtt., sem hæstv. ráðh. flutti, og vitanlega því meiri bót, ef brtt. hv. 1. þm. Reykv. um þetta efni yrði samþ.

Ég get sætt mig við, að 4. brtt. mín, við 10. gr., sem hæstv. ráðh. andmælti, verði ekki samþ., ef brtt. hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 495, 3. staflið, yrði samþ. Sama gildir um 6. brtt. mína, við 15. gr., þar sem rætt um það, að fræðslumálastjóri setji reglur um viðhald skólahúsa, að ég get sætt mig við, að mín brtt. nái ekki fram að ganga, ef brtt. hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 495, 4. lið, nær samþykki. Ég verð enn að harma það, að hæstv. kennslumálaráðh. er ekki viðstaddur hér í d., vegna þeirra orða, sem hann mælti um síðustu brtt. mína á þskj. 523. Ég hafði alls ekki búizt við því, að hann mundi mótmæla þeirri brtt., þ. e. a. s. 10. brtt., stafl. a, eins og hann gerði. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki athugað, hvað í þessari brtt. felst. Mér er nær að halda, að hann hafi skilið brtt. á þá lund, að í henni fælist, að skólastjórar í kaupstöðum, sem hefðu innan við 1000 íbúa, næðu ekki þeim réttindum, sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðum frv., sem sé, að þeir njóti launa einum mánuði lengur en skólinn stendur. Ef hæstv. ráðh. hefir skilið till. mína svo, þá lái ég honum það ekkert, þó að hann andmælti henni. En þetta liggur alls ekki í brtt. minni, eins og hæstv. ráðh. mun komast að raun um, ef hann ber brtt. saman við orðalag síðustu málsgr. bráðabirgðaákvæðanna. Í þessari till. felst aðeins það, að skólastjórar í kauptúnum, sem hafa yfir 1000 íbúa, njóti sama réttar og skólastjórar í kaupstöðum, sem hafa undir 1000 íbúa. Ég trúi því ekki fyrr en ég hefi fengið endurnýjaða yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. um þetta efni, að hann geti verið þessari brtt. minni andvígur. Ég vil þó a. m. k. spyrja hann, hvaða rétt skólastjóri í þeim kaupstað, sem hæstv. ráðherra er fulltrúi fyrir, Seyðisfirði, sem varla hefir rétt til að hafa fleiri kennara en 3—4, hefir til þess að njóta meiri friðinda heldur en skólastjóri í kauptúni, sem er svo miklu fjölmennara heldur en Seyðisfjörður, að það hefir rétt á t. d. 7 kennurum. Ég trúi því þess vegna ekki, að hæstv. ráðh. leggi á móti þessari brtt., þegar hann hefir athugað, hvað í henni felst.

Forseti (EÁrna): Ég vil skýra hv. dm. frá því, að það mun hafa verið af misgáningi, að hæstv. atvmrh. talaði á móti þeirri brtt., sem hv. 10. landsk. talaði um nú síðast. — Ennfremur vil ég skýra frá því, að hæstv. atvmrh. hefir breytt sinni skrifl. brtt. þannig, að í staðinn fyrir „mailok“ komi: 14. maí.

***Magnús Jónsson:** Það hefir farið um þennan mikla lagabálk eins og svo marga þá stærstu lagabálka, sem lagðir eru fyrir þingið, að hann hefir verið lagður fyrir hv. Nd. og hún hefir velt honum fyrir sér meginið af þingtímanum, þangað til einhverntíma á síðustu dögum þingsins, þegar mestar eru annirnar, þá kemur hann til Ed., sem á þá að taka afstöðu til málsins hugsunarlítið. Það bætist svo ofan á, þegar um slík mál sem þetta er að ræða, að þó menn vilji lesa frv., meðan annirnar eru minni, þá breytir Nd. þeim rétt áður en hún skilur við þau, svo að sú athugun verður lítilsverð.

Þetta hefir valdið því, að ég hefi átt erfitt með að taka afstöðu til þessa frv. og hefði langhelzt óskað þess, að það yrði ekki afgr. á þessu þingi. Ég hefði gjarnan viljað gera á því nokkru *nákvæmari athugun. Mér sýnist ýmislegt í því* hæði með og móti eftir minni skoðun, og ég greiddi því atkv. með hinni rökstuddu dagskrá, sem hv. meiri hl. menntmn. hafði borið fram við 2. umr. málsins. En sú atkvæðagreiðsla mín átti ekki að tákna það, að ég væri sérstaklega andvígur meginstefnu frv. Ég vildi aðeins fá lengri frest til athugunar á málinu. Og að ég greiddi við 2. umr. málsins atkv. á móti 1. gr. frv., var aðeins á móti efni gr., en ekki að ég vildi fella frv. Ég vil ekki setja þá skilyrðislausu skyldu, að skólaskyldan skuli nú frá 7—14 ára aldurs. Skólaskyldan hér í Reykjavík mun vera frá 8—14 ára, og ég er ekki tilbúinn að segja um það, að ég vilji, að skólaskyldan sé færð lengra niður. Með allri virðingu fyrir barnaskólunum, þá finnst mér það hættulegast við þá, hvað þeir geta komizt hjá að kenna börnunum nokkurn hlut. Ég er ekki að saka kennarana um þetta. Ég held, að það hljóti að liggja í sjálfri aðferðinni. — Ég hefi kynnzt fjölda barna, sem hafa fengið háar einkunnir og kannske alltaf verið hæst í sínum bekk. Þau fá sniðugleika í að svara þessum vissu uppgáfum og ná með þessu gríðarhárri einkunn, en *ef farið er að rannsaka, hvað þau eiginlega viti*, þá sést, að það er ótrúlega lítið. Ég er því ekkert fjarskalega mikið fyrir, að þau séu endilega tekin 7 ára, eins og börnin voru tekin af mæðrunum í Spörtu, og sett í skóla, sem gefa ekki betri árangur en þetta. Og þó að nú sé sjálfsagt miðað í þá átt, að barnafræðslan á fleiri og fleiri stöðum komist undir þetta kerfi, þá líða ekki margir mannsaldrar, þangað til farið verður að reyna að finna einhverja skárri aðferð til að fræða ungdóminn fram til 14 ára aldurs en nú, þar sem hrúgað er þessum óskapa sæg í hvern bekk, sem ég held, að sé undirstaðan undir því, hvað illa gengur að veita verulega fræðslu.

Ég hafði gaman af því, þegar ég fyrir 2—3 árum hitti stúlku, sem kenndi við skóla í stórborg í Bandaríkjunum. Það var þar, sem ríka fólkið hafði sín börn. Mér þótti gaman að heyra, að þarna, þar sem ekki þurfti að horfa í kostnaðinn, þar voru ekki nema örfá börn í hverjum bekk, kannske í hæsta lagi 10. Hún sagði mér, að árangurinn virtist vera alveg framúrskarandi góður. Mér hefir einnig virzt, að þegar börnin vegna heilsuleysis verða aftur úr í *skólanum og verða kannske alveg að hætta*, þá sé eins og þau geti vel lært á einum vetri það, sem þau áttu að læra á 3 vetrum í skólanum.

Mönnum finnst þetta kannske nokkuð harkalegur dómur um skólafyrirkomulagið, en ég

held, að hann sé samt ekki fjarri réttu. Ég held, að þetta hljóti að byggjast á því, að svo og svo mikið af starfinu, sem átti að fara til fræðslunnar, fer í að halda þessum sæg í skefjum. Af þessum ástæðum greiddi ég atkv. á móti 1. gr. Ég áleit ekkert sérstaklega heppilegt að færa þetta kerfi út, þó að ég verði að viðurkenna, að það er stefnt í þessa átt einnig í sveitum, að færa fræðsluna saman í skóla, og þá sjálfsagt mjög víða í heimavistarskóla, vegna þess m. a. að heimilin eiga litinn kost á að veita börnunum fræðslu.

Þetta frv. hefir tekið nokkrum breyt. hér í Ed., og gera þær að mínu viti frv. aðgengilegra. Þó liggja hér fyrir brtt., sem ég vildi óska eftir, að yrðu samþ. Ég skal þar ekki fara langt út í einstök atriði, en vil þó minnast á einstöku till., t. d. við 3. gr. Ég tel rétt að samþ. brtt. við hana frá hv. þm. S.-Þ. Í frv. er tilskilið, að veita megi heimild til burtfararprófs barna, þó að þau séu yngri en 14 ára, þegar tryggt er, að börnin njóti framhaldsnáms til 14 ára aldurs. Þetta er bæði praktiskt óheppilegt og varla hugsunarrétt. Í frv. eru sett ákvæði um lágmark fræðslu, sem barnið á að hafa náð 14 ára, og mér finnst, að ekki þurfi að víkja út frá því, þó að sum börn hafi náð því nokkru fyrir þann tíma. Og það ætti ekki að þurfa að vera að setja sérstök skilyrði um það; þau hafa bara náð þessu marki fyrr, og þau standa í öllu falli ekki verr að vígi, þó að þau hafi náð þessum þroska og eigi inni eitt ár til að halda áfram að mennta sig, ef svo horfir við. Það er því engin ástæða til þess að setja ákvæði í l. um barnafræðslu til að gera sérstakar ráðstafanir frekar með þessa nemendur, eftir að þeir hafa numið það, sem þessi l. gera ráð fyrir. Það mætti líka undarlegt heita, ef börn, sem vegna eigin hæfileika, ástundunar eða vegna þess að heimilin kannske láta mennta þau umfram önnur börn, — það væri undarlegt, ef tímabilið frá 12—13 ára aldri og fram til 14 ára aldurs yrði algerður kyrrstöðutími, eftir að þeim hefir verið kennt betur en öðrum hinn tímann, nema gerðar séu lagaráðstafanir til þess, að þeim sé bætt þetta upp. Mér finnst sjálfsagt, að l. setji þetta mark með börn, sem eru innan 14 ára aldurs, og engin ástæða sé til að hjálpa upp á andlegan hag þeirra, sem greindust eru og hafa bezta aðstöðu. Það getur meira að segja vel verið, að einmitt það, að leggja fast að sér með að ná ákveðnum fróðleik fyrr en aðrir hafi í för með sér, að það væri gott fyrir þá nemendur að fá frí og stunda meira annað, sem gæti verið eins mikið menntandi og skólanám. Það þykist ég vita, að hin vitru fræðsluráð og skólanefndir eigi að sjá um, að sú fræðsla sé fullnægjandi, en ég sé enga ástæðu til þess, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir um þau börn, sem fljótust eru að ná þroska.

Þá er 3. brtt. c á þskj. 523, um það, að skóla skuli vera slitið eigi síðar en í mailok. Ég hefi ekki komið auga á neitt ákvæði um það, á hvaða tíma þessi fræðsla skuli yfirleitt fara fram. Ég hefi ekki getað séð neitt um það annað en hvað kennslutíminn sé langur. Það kann að vera, að þetta leynist í frv., en ef svo er ekki, þá held ég, að sé rétt að setja ákvæði um það. Það er kannske vafasamt, hvaða tímatakmark skuli setja, en ég held, að það sé yfirleitt heilbrigt að hætta skólunum ekki mjög seint. Ég mun því greiða þessari brtt. atkv., og tel hana talsvert til bóta. Það getur að vísu verið, að ætlazt sé til, að fræðslan eftir þann tíma fari meira fram utan skólahúsanna en beinlínis inni í skólunum, en það er eins og gerist og gengur, að námið endar með prófi, og ekki heppilegt að breyta fræðslufyrirkomulaginu í útigöngur, grasaferðir og annað þesshátttar, fyrr en þá að afloknu þessu prófi. Vera kann, að finna mætti aðferð til þess að koma því fyrir, en ég mun samt fylgja þessari brtt.

Þá er 7. gr. Við hana er að vísu engin brtt., en ég held satt að segja, að sú gr. eigi ekkert erindi í frv. Hún er eiginlega bara til þess að vekja óánægju, því að ýmsir munu halda, að ákvæðum hennar verði beitt. Það eru sem sé þessi fyrirmæli um dagsektir, ef óhlýðnazt er fyrirmælum þessara l. Ég hefi heyrt, að þessu hafi ekki verið beitt, því að þetta ákvæði hefir áður verið í l., og ég sé þá ekki, til hvers á að hafa þetta ákvæði, nema þá til þess að hafa vönd á hillunni, sem allir vita, að ekki eigi að beita, en ekki að vita, nema hann einhverntíma verði gripinn og látinn ganga á þeim, sem hlut eiga að máli. Þar að auki er þetta ákvæði á undarlegum stað í frv. Hefði betur átt við að hafa það síðast í frv., eins og sektar- og refsiákvæði, heldur en að setja það inn í vissan kafla l. Helzt vildi ég þó, að þessi ákvæði væru felld burtu, því að þau standa sem dauður, en þó dálítið espandi bókstafur, en ég varaði mig ekki á, að við þessa umr. eru ekki greidd atkv. um einstakar gr., og þar því ekki fram brtt.

Þá eru komnar fram brtt. um svipað ákvæði, en það er atriði, sem talsvert hefir verið um rætt. Það eru sem sé ákvæði um það, að hægt sé að losna við skólastjóra og kennara í heimavistarskólum, ef þeir reynast óheppilegir. Er önnur till. um það, að segja megi þeim upp hvenær sem er, en hin um það, að eins árs reynslutími, sem nú er, skuli verða lengdur upp í 2 ár. Má segja um báðar þessar till., að þær ættu betur heima annarsstaðar, en þær eru sjálfsagt bornar fram hér af því að þau l. liggja ekki fyrir þinginu nú, en það má vel við það una, að þau séu í þessum grautarpotti, sem er hér síðast í frv. Ég fyrir mitt leyti legg mikið upp úr því, að ákvæði í þessa átt séu sett hér, fyrst ekki er þess kostur, að setja þau á sinn rétta stað. Mun ég binda mitt fylgi við frv. að talsverðu leyti við það, hvort eitthvert slíkt ákvæði verður sett. Að vissu leyti gæti ég vel fellt mig við, að það væri almennur uppsagnarmöguleiki. Skólastjórar og kennarar, og þó sérstaklega forstöðumenn heimavistarskóla, fá alveg einstaka aðstöðu, og í raun og veru eru mjög fáir embættismenn ríkisins, sem fá tilsvarandi aðstöðu og þeir. Þeim er trúað fyrir þessum þjóðfélagsþegnum, nefnilega börnunum, á þeim aldri, sem þeir eru móttækilegastir fyrir áhrif, og því get ég vel skilið, að mönnum sé það mjög mikið hitamál, ef í kennslunni gætir annara áhrifa en fjöldinn óskar eftir, að þeir geti verið öruggir

um að losna við þau áhrif. Mér finnst þó dálítið hart að setja þessa embættismenn í aðra aðstöðu en alla aðra ríkisins starfsmenn, og ég býst frekar við að greiða hinni till. atkv., um að tveggja ára reynslutími skuli jafnan fara á undan veitingu, og hefði fullt svo vel getað fellt mig við að hafa tímann 3 ár, sérstaklega þar sem ég heyri, að sá hæstv. ráðh., sem stendur að þessu frv., hefði getað fellt sig við það. Ég hygg því, að það mundi vera rétt fyrir hv. flm. brtt. að bera fram skrifl. brtt., ef hann er frekar fylgjandi 3 árum.

Ég held, að þessi till. geti ekki orðið neinum skólastjóra eða kennara til meins, sem getur náð trausti aðstandenda barnanna. Það er hættulaust hverjum þeim, sem getur áunnið sér þetta traust, sem hver góður kennari hlýtur að óska eftir, og vill þá heldur sleppa stöðunni, ef hann getur ekki náð því trausti.

Ég skal svo að lokum fara örfáum orðum um brtt. mína á þskj. 552, sem hæstv. kennslumrh. var í raun og veru samþykkur, þó að hann óski eftir öðru orðalagi á henni, en brtt. er um það, að þeim, sem vilja og geta komið börnum sínum í sveit eftir 15. maí, þeim sé það heimilt án þess að sæta þeim sektum, sem liggja við því, að börn vanræki skólagöngu sína. Ég er sannfærður um, að ef skólavist á annað borð teygist fram á vorið, á hún að fara fram eins mikið og unnt er utan skólanna. Og ég er sannfærður um, að sú fræðsla verður aldrei meiri fyrir kaupstaðabörn en sú fræðsla, sem börn fá við að koma á sveitaheimili og dvelja þar um sumartímann. Það er mikil fræðsla, sem þau fá við það, bæði virkilegur fróðleikur og einnig margháttuð lífsreynsla. Ég held því, að dvöl í sveit mundi fullkomlega vega upp á móti þeirri fræðslu, sem börnin annars mundu fá í skólunum. Hitt er annað mál, þegar börnin eiga að ljúka fullnaðarprófi það vor, þá dugir ekki að senda þau burt í það skipti, en smáprófraunum, sem börnin annars verða að undirgangast á vorin, held ég, að megi að skaðlausu sleppa. Hæstv. ráðh. vill breyta till. að því leyti, að þetta skuli lagt undir úrskurð skólastjóra og skólanefndar, og ég skal taka það fram, að ég var að hugsa um að bera till. þannig fram, en fannst það óþarflega umfangsmikið, að ef ætti að senda barn í sveit, þá skyldi þurfa að fá til þess leyfi skólanefndar. Hinsvegar hefir hann leiðrétt ritvillu hjá mér, þar sem stóð „maílok“, en átti að vera 15. maí. Ég get því vel sætt mig við till. eins og hæstv. ráðh. ber hana fram, en mér fannst það bara óþarflega umsvifamikið að hafa fyrirkomulagið þannig.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að tefja hina hv. d. lengur í þessu máli.

Guðrún Lárusdóttir: Herra forseti! Ég skal ekki gera tilraun til að lengja umr. um málið, en vil þó segja fáein orð út af þeirri aths., sem hæstv. atvmrh. gerði við brtt. mínar.

Hann sagði um fyrstu brtt. mína, að ekki væri gott að segja, nema hún bindi því opinbera kostnaðarbagga, en ég get ekki séð, að till. geri neitt í þá átt, og það því síður, þar sem ráðgert er, að forráðamenn barns og hlutaðeigandi barnaverndarnefnd ásamt skólanefnd ráðgist um það, á hvern hátt þessum málum sé fyrir komið, og þá sýnist mér mega við því búast, að frá hendi þessara aðilja verði gætt hins fyllsta hófs hvað kostnað snertir. Það liggur í hlutarins eðli, að vangæf börn verða aðstandendum sínum kostnaðarsöm. En ég vil spyrja: Ef það ætti að vera einhver óskapa kostnaður að sjá þessum börnum farborða á þann hátt, sem er óhjákvæmilegt, hvað kostar það þá þjóðina að gera ekkert fyrir þau?

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að þessi ákvæði þyrftu að vera í sérstakri löggjöf. Ég tek undir það, og þess vegna hefi ég borið fram frv. um sérstakt heimili fyrir þessi börn. En ég geri mér svo litlar vonir um, að það frv. nái fram að ganga, og þess vegna kom ég með þessa till. til að reyna að koma því til leiðar, að eitthvað yrði unnið að heill hinna vangæfu barna. Sama er að segja um treggáfuðu börnin. Hæstv. ráðh. segir, að það geti verið reglugerðarákvæði um þau, og þá tel ég, að hæstv. ráðh. standi næst að búa til slíka reglugerð, og þætti mér vænt um, að till. mín yrði til þess, því að hún er nauðsynleg; í öllum skólum landsins eru börn, sem erfitt eiga með að fylgjast með námi. Ég ætla því að vona, að þótt till. mínar verði dauðadæmdar, þá geti enginn mælt því í gegn, að þær séu þarfar, eða eigi á sér fullan rétt.

Þá er brtt. mín um það, að skólanefndir skuli varast að mæla með mönnum, sem séu bendlaðir við pólitískar agitationir. Hæstv. ráðh. segir, að það mætti þá alveg eins varast að mæla með þeim, sem væru ofsatrúarmenn. Ég er ekki á móti því, væri því að skipta. En ég hugsa, að hæstv. ráðh. verði að játa það, að yfirleitt séu menn rólyndari í trúarefnum heldur en í stjórnmálum og þess vegna er minni hætta á æsingum úr þeirri áttinni, enda hefir þess aldrei verið getið; hitt hefir heyrzt, að börn í barnaskólum skiptist í ákveðna flokka og jagist um stjórnmál, eins og fullorðna fólkið, og beri stundum orð kennara sinna um stjórnmál fyrir sig. Þetta sjá allir, að getur verið skaðlegt, auk þess að það er harla óviðfelldið og sízt vænlegt til góðs samkomulags á milli kennara og heimilanna, sem ef til vill eru á allt annarí skoðun í stjórnmálum.

ATKVGR.

Afbrigði um tvær skrifl. brtt. frá 10. landsk. þm. (sjá þskj. 583,I og III) og um brtt. frá 1. þm. Reykv. (sjá þskj. 583,IV) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Út af ræðu hæstv. kennslumálaráðh. vildi ég taka fram nokkur atriði. Hann álítur óþarft að hafa nokkurt takmark um það, hvað börn eigi að vita tíu ára, og ef skólaskylda sé færð niður í sjö ár, séu þessi landamerki horfin. Nú vil ég benda á, að í frv. þessu er undanþága heimil, og ekki er vafi, að hún verður notuð. Undanþágan er fyrir sveitirnar, því að það er svo fjarri öllum sanni, að það geti komið til mála yfirleitt að framkvæma skólaskyldu þar, og það er alveg fullvíst, að í langflestum sveitum verður nú að

sitja við það, sem er. En það þurfa að vera glögg landamerki á þessum stað um kröfur til kunnáttu barns á tíu ára aldri, til þess að ekki sé misnotuð skólaskyldan í heimavistarskólum og öðrum, þannig að kenna börnunum efni, sem þau ekki skilja, eins og nú er víða gert. Þetta er því afarþýðingarmikið atriði til þess að tryggja börnin gagnvart þeim seinheppna dugnaði, sem finna má í kennarastétt eins og öllum stéttum.

Um skoðanamun okkar á reikningi kemur að því sama, að hann hefir ekki afsannað það, sem ég sagði, enda er það ekki hægt. Það er nefnilega fjarstæða að vera að kenna brot í barnaskólum, þegar beztu reikningskennarar í Rvík eru líka komnir að þeirri niðurstöðu, að það sé alveg gagnslaust, sem sést á því, að í gagnfræðaskólum og héraðsskólum gengur þetta fullilla, þrátt fyrir það að fólkið á að heita búið að læra þetta áður en það kemur. Börnin eru bara þreytt á þessu, þeim er misboðið, og það í stórum stíl. Og það er ákaflega vafasamur gróði fyrir þá, sem halda með langri skólagöngu, að fá upp varanlega deilu milli foreldra og sín út af því, að það sé sett ofmötun í börnin. Það er alveg víst, að sá reikningur, sem talað er um hér, er nægilegt viðfangsefni fyrir barnaskólana. Hver reiknar yfirleitt í brotum í daglega lífinu? Menn reikna í tugabrotum og einskonar tölum, og það nægir að jafnaði. Einn lærður stærðfræðingur hér hefir sagt, að menn þurfi ekki að kunna nema einskonartölur. Og ég vil bæta því við sem ólærður maður, að menn nota ekki nema einskonar tölur. Og þó ekki sé deilt um það, hvort reikningur sé alveg sérstaklega hæfur til menntunar, þá vil ég benda á, að ýmsir stærðfræðingar eru mjög stirðir og þröngir í hugsun. Ég get nefnt sem dæmi, að einn af frægustu reikningsmönnum landsins, sem stúderaði í Kaupmannahöfn, hélt því fram, að menn þyrftu ekki annað en að vita, hvar Finnur Jónsson væri í máli, og vera svo á móti! Svona mikil hugsanaskekkja getur átt sér stað hjá ágætum stærðfræðingum. Mín reynsla er sú, að menn með mjög mikla stærðfræðigáfu eru ákaflega lítilfjörlegir menn til annara hluta og hafa ekkert gagn af sinni kunnáttu, nema þá í sambandi við útreikning hjá lífsábyrgðarfélögum og því um líkt, af því að það stendur við það, að allur þorri manna notar bara einskonar tölur og hefir ekki með meira að gera.

Mig furðar, að hæstv. ráðh. skuli ekki gleðjast yfir því, að stungið er upp á því að láta börnin fá eitthvað jákvætt í sinn hlut, en mikið af minum till. gengur út á að hindra það að troða of miklu í börnin. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hvorki hann eða aðrir hafa reynt að bera brigður á eða afsanna það, sem ég bar fram áður og er almennt viðurkennt, að eins og nú stendur er langminnst íslenzku- og bókmenntaþekking hjá því fólki, sem lengst hefir verið í barnaskólum. Þetta má afsaka með því, að okkar barnaskólar eru á ýmsan hátt vanræktir og lélegir, með lítil bókasöfn og gamaldags á margan hátt. Og krakkarnir eru þreyttir með langri skólasetu við stöðugar endurtekningar og leiðinlegar bækur. Og það verð ég að segja, að um leið og barnaskólarnir heimta vegna sjálfra sín meiri vinnu og meira kaup, þá verða þeir að gera svo vel að skila börnum, sem geta lesið Íslendingasögur og vita eitthvað um sira Matthías, Einar Benediktsson og Stephan Stephansson og önnur okkar beztu skáld. Það verður að byrja einskonar menningarbarátta gagnvart barnafræðslunni. Menn þurfa að geta því meira, en ekki minna, sem meira er kostað til þeirra, og skólarnir þurfa að skila börnum, sem hefir orðið gagn að námi sínu fyrir andlegan þroska. En að svo mikið skortir á þetta nú, álít ég, að komi mikið af því, að ýmsir kennarar, sem annars eru áhugasamir og duglegir, átta sig ekki ekki á, að það eru takmörk fyrir, hve mikil ítroðsla má eiga sér stað.

Yfirleitt vil ég í frv. mínu slá varnagla gagnvart þeirri vanrækslu barnanna, sem allsstaðar blasir við. Það er ekkert gaman að vera fátækt barn í Rvík og eiga heima í kjallara eða hanabjálkalofti og flækjast á skítugum götum alla fimm mánuði sumarsins. Í till. minum er tilraun til að nota sumarið til lífræns starfs fyrir börnin, ef skólarnir vilja og kennslumálastjórn veitir samþykki sitt til, og fyrir eitt ár í senn.

Hæstv. ráðh., og ég hygg fleiri, var að halda því fram, að engin ástæða sé til að hafa uppsegjanlegar kennarastöður í heimavistarskólum, og kom ekki með önnur rök en þau, að það væri að setja kennara í hættu. En eins og ég sagði áður, að þar sem þetta hefir verið reynt, með kaupfélagsstjóra og héraðsskólakennara, hefir uppsagnarákvæðið ekki sakað. En það er hægt að losna við kennara, þótt ekki sé uppsagnarákvæði til að dreifa. Hæstv. ráðh. sagði, að ef kæmi að því, að fólkið gerði samtök um að nota ekki einhvern kennara, þá verður að láta undan því. Ég get ekki verið neitt óskaplega þakklátur þó að hæstv. ráðh. skilji, að ef fólkið í einum hrepp hefir gefið 1200 dagsverk til að byggja barnaskóla, þá verði að láta kennarann fara, ef enginn vill láta krakkana til hans. En það er eitthvað að, áður en svo er komið. Íslendingar eru ákaflega seinþreyttir, það þarf að misbjóða þeim lengi, áður en þeir gripa til örþrifaráða. En það er hreint og beint ranglátt, að uppsegjanleikinn sé aðeins annars vegar. Hæstv. stj. og þeir kennarar, sem gera okkur þá ánægju að hlusta hér á, þeim dettur ekki í hug annað en kennarar geti sagt upp fyrirvaralaust. En foreldrarnir eiga ekki að hafa rétt til að segja neitt, eftir skoðun þessara manna.

Ég ætla nú ekki að fara að telja upp þá ókosti, sem geta gert kennara litt hæfa eða óhæfa við starf sitt. Sumir kennarar eru bara leiðinlegir, jafnvel alveg óþolandi leiðinlegir. Ég þekki t. d. einn slíkan — hann starfar ekki í barnaskóla og ekki í héraðsskóla — sem er allra bezta sál og ekkert slæmt í, og ekkert að honum nema hann er leiðinlegur, — svo leiðinlegur, að hann drepur skólann niður, svo að hrein vandræði eru. Mér hefir alltaf fundizt og finnst enn, að það sé aumingjaskapur hjá mannfélaginu að geta ekki sagt upp starfsmönnum undir svona kringumstæðum. En þarna veit ég, að kemur fram stefnumunur á milli mín og

ráðh. Það er „Fagforenings-mórallinn“, sem vakir fyrir honum.

Það kom fyrir í Englandi, að sagt var upp manni, sem var vagnstjóri á járnbraut einni, sennilega einn af 40 þúsundum. Þá gerðu allir vagnstjórar í landinu verkfall út af þessum eina! Ef ekki er samþ. till. mín, þá neyðist fólkið til að hafa samtök í sveitunum til að afhrópa kennara, sem því ekki líkar við. Og þá er ekki víst, að hæstv. ráðh. hafi mjög mikla ánægju af því og hans eftirmenn. Það er ástæða til að benda hæstv. ráðh. á það, að í þýzka ríkinu voru það blátt áfram hinir einstöku hagsmunir, sem rákust á hagsmuni þjóðfélagsins. Hver stétt reif og sleit án nokkurrar umhugsunar um þjóðfélagið. Þá er það, að einn flokkur kemur fram og segir: Ég skal taka allt frelsi af ykkur, sem þið hafið notað á kostnað þjóðfélagsins. Svo er tekið allt, sem þessi menningarþjóð hefir barizt fyrir í 700 ár, og sett það skipulag, sem a. m. k. kúgar hina einstöku stéttahagsmuni. Þess vegna getur hæstv. ráðh. vitað, að það kemur að því fyrir hans flokk, að hann verður að gæta að því, ef hann ætlar að ráða þessu landi, að það er alveg takmarkað, hvað ein þjóð þolir stéttarhagsmununum að fara langt.

Ég lít þannig á, að þar sem mikið af barnakennurum býr við mjög slæm kjör að meira eða minna leyti, eru t. d. atvinnulausir á sumrin og eiga yfirleitt lítið undir sér, þá sé það réttlátt — og skylda þm. — að bæta þeirra kjör. En svo er fleira til. Það eru foreldrarnir, gjaldendurnir og börnin. Og það, sem ég er óánægður með, er það, að ég sé fyrst og fremst ekki í frv. eina einustu umbót á innihaldi kennslunnar frá því, sem var. Og þegar einhver tilraun til umbóta kemur fram, eins og 8. brtt. mín, þá mælir hæstv. kennslumálaráðh. á móti henni. Það er af því, að í raun og veru er hann blátt áfram að hugsa um það eitt — og þeir, sem með honum standa um þetta frv. — að lengja vinnutíma kennara, af því að þeir réttilega finna til, að kennarar hafa það illt. En svo er ekki gert meira. Því að þær brtt., sem hann vék að, eru þess eðlis, að frv. er ekki betra fyrir neina af þeim. Hæstv. ráðh. sagði, að frv. yrði samþ. í Nd. á morgun með smábreyt. Þá þýðir það ekki annað en að næsta ár verður að byrja baráttuna á ný. Þá fara menn að finna það að vetri, hvernig er að hafa t. d. fjögurra mánaða skólaskyldu fyrir litla krakka. Segjum t. d., að einhversstaðar yrði fundið upp á því að hafa skólaskyldu fyrir 7 ára börn næsta haust. Það yrði svona heldur skrítið ástand í sambandi við húsrými og fleira, þegar ætti að fara að taka 7 ára „rollingana“ frá foreldrum sínum og hafa 4 mánuði í skóla.

Hv. deild getur náttúrlega samþ. þetta frv. En ég læt ekki hjá líða að vara við hættunni. Því að ef ekki verður sett neitt í gegn annað en lengri vinnutími kennara, til þess að kennarar hafi svolítið skárra, þá verður því áreiðanlega hreyft á næsta ári, að það er fleira til en réttmætir hagsmunir kennara. Þó býst ég við, að hæstv. ráðh. áliti, að þá sé málinu lokið, ef vinnutímalengingin fæst.

En ástæðan til þess, að ég býst ekki við að greiða atkv. á móti frv. úr d., þó að ekki verði samþ. neitt af till. mínum, er sú, að í frv. stendur viss möguleiki til að lina á um langan skólatíma, sem ég geri ráð fyrir, að verði notaður á kaflega víða á landinu, og sé sjálfsagt að nota. Ég hefi ennfremur látið prenta í dag þskj., sem ég get sagt frá í sambandi við þessar umr., þar sem lagt er til að fela stj. — þó að mér líki ekki alveg við kennslumálaráðh. í þessu efni, og yfirleitt ekki sérlega vel í kennslumálum — þá hefi ég samt farið fram á við d. að skjóta til hans að rannsaka til næsta þings og leggja fram um það gögn, hvernig færi á því að fara að setja upp tveggja ára sérfræðinám í uppeldisfræði við háskólann, að undangenginni stúdentsmenntun með einhverri viðbót, sem þar er nánar talað um. Nú er það svo, að fjöldi af fólki er í kennaraskólanum aðeins tvö ár, en prestar þurfa að vera í skóla í tíu ár. Ég álít rétt, að það þurfi að vera sérstök kennarastétt, búin undir sitt starf sem allra bezt og betur en nú. Í þessu plaggi, sem dreift verður út á morgun, tek ég rökstuðning fundar kennara, þar sem þeir óska eftir, að tilvonandi kennarar fái samsvarandi menntun og stúdentar og þessa vísindalegu menntun í ofanálag. En jafnhliða hefi ég hugsað mér að vinna á móti því, að börn yrðu þvinguð of lengi að bóknámi. Ég álít nauðsynlegt, að við eignumst sem mest af sem duglegustum, beztum og hraustum kennurum. En kennsla þeirra gæti í sveit oft verið fólgin í því að grípa inn í líkt og gömlu prestarnir, bara undir betri kringumstæðum, og líta eftir þeim börnum, sem þess þurfa við hinn nauðsynlega frumlærdóm. Og í bæjum geri ég ráð fyrir miklu minni lærdómsþvingun, miklu meiri iþróttum, miklu meiri ferðum á sumrin, — yfirleitt að snúa lífinu í okkar barnaskólum úr þessum gömlu, dauðu formum, þar sem landafræði Mortens Hansens var lesin sjö sinnum yfir veturinn, svo að varla hefir hjá því farið, að barnið hataði landafræðina. Þetta nefni ég sem eitt dæmi af mörgum, en síður en svo vegna þess, að þessi bók hafi verið neitt lakari bók en aðrar, og höfundur hennar var ágætur skólamaður. Þetta dæmi veit ég af tilviljun. En ég get þá sagt meira um landafræðikennsluna yfirleitt nú. Það er óskapleg áherzla á það lögð hjá duglegum kennurum í landafræði, að kunna nafnaromsur, til dæmis alla Austfirðina í röð, svo að ómögulega má ruglast: Vopnafjörður, Héraðsflói, Borgarfjörður, Seyðisfjörður, Mjóifjörður, Norðfjörður. En verði svo óvart Mjóifjörður fyrir sunnan Norðfjörð, er voðinn vís! En guð almáttugur! Hvernig haldið þið að sé að fá inn í sig í sjö ár svona dauðar upptalningar um staðreyndir, sem enginn lifandi maður getur eiginlega haldið í sínu heilabúi, nema að sjá það. Ég man vel, að ég sem barn las mikið um sveitir Árnessýslu og á ýmsum skólum síðar, en í rauninni vissi ég ekkert, fyrr en ég sem fullorðinn maður fór og sá. Hvað hafði það gagnað mér að þylja þessi nöfn: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur, Skeið, Flói, Ölfus og allt að tarna? Hvaða þýðingu hefir það að láta börnin þylja svona ótal nöfn um Ísland og svo langt út í lönd?

(**JBald**: Og allt út í Afríká). Já, víst ekki skemmra en út í Afríká.

Ég skoða þessa 3. umr. sem einskonar 1. umr. um þetta mál yfirleitt, þó að svo sé nú komið, að hæstv. ráðh. vilji nú fara að afgr. málið á næstu augnablikum með þeirri lítilfjörlegu og einhliða lausn, að hafa atvinnuspursmálið að sjónarmiði. En fái málið ekki aðra lausn en þessa, segi ég að lokum, að þetta er ranglát og hættuleg lausn. Því að ef lengri skólaganga er eina breyt., þá er það spá mín, að í framtíðinni verði það ennþá færri menn, sem hafi smekk fyrir íslenzkar bókmenntir og annað lífrænt, ef búið er að þjaka þeim með ennþá lengri skólagöngu undir þeim sömu kringumstæðum að öðru leyti, sem nú eru.

ATKVGR.

Brtt. 495,1 felld með 8:1 atkv.
— 583,I samþ. með 10 shlj. atkv.
— 523,1, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 536,2 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GL, IngP, JJ, MJ, PM.

nei: BSt, HG, HermJ, JBald, PHerm, SÁÓ.

ÞBr,[1]) EÁrna greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 495,2 felld með 7:5 atkv.
— 583,II samþ. með 9 shlj. atkv.
— 552, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 535,1.a felld með 8:5 atkv.
— 535,1.b felld með 8:6 atkv.
— 536,1 samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, EÁrna.

nei: JBald, SÁÓ, HG, IngP.

ÞBr[2]) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 536,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 535,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 536,4 felld með 7:6 atkv.
— 523,2.a felld með 8:3 atkv.
— 523,2.b samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt, GL, HermJ, MJ, PHerm, PM, SÁÓ, ÞBr.

nei: JBald, EÁrna.

HG, IngP, JJ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 536,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 523,3.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 523,3.b tekin aftur.
— 583,III samþ. með 9 shlj. atkv.
— 536,6 tekin aftur.
— 523,3.c felld með 8:4 atkv.
— 583,IV.1 felld með 8:3 atkv.
— 523,4 felld með 8:4 atkv.
— 495,3 felld með 8:4 atkv.
— 535,3 tekin aftur.
— 523,5 samþ. með 9:3 atkv.
— 523,6 felld með 8:4 atkv.
— 495,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 523,7 samþ. með 9:3 atkv.
— 495,5 felld með 9:1 atkv.
— 523,8 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, ÞBr, GL, HG.

nei: MJ, PM, SÁÓ, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.

Tveir þm. (MG, JAJ) fjarstaddir.

Brtt. 523,9 samþ. með 9:3 atkv.
— 536,7 tekin aftur.
— 523,10.a samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞBr, GL, HG, IngP, JBald, MJ, PHerm, PM, EÁrna.

nei: SÁÓ, ÞÞ, BSt, JJ.

HermJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (JAJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 536,8 (fyrri mgr.) samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ,[1]) PHerm, PM, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

nei: SÁÓ, JBald.

ÞBr, HG greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (MG, JAJ) fjarstaddir.

Brtt. 583,IV.2 samþ. með 9:2 atkv.
— 523,10.b kom ekki til atkv.
— 536,8 (síðari mgr.) felld með 7:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 584).

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

---

45. Heimilisfang.

Á 51. fundi í Ed., 18. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimilisfang (þmfrv., A. 349).

Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 437).

---

1) **ÞBr**: Með því að ekki er í till. tekið fram, hverjir eigi að dæma um, hvort viðkomandi börn eða börn hafi náð þroska, greiði ég ekki atkv.

2) **ÞBr**: Með því að ég treysti mér ekki til að greiða atkv. um það, hvort börn eigi að vera skýrmælt eða hvort þau eiga ekki að stama, þá greiði ég ekki atkv.

1) **MJ**: Þótt ýmislegt sé óljóst í till., m. a. það, hver skuli úrskurða, hvaða börn séu iðjulaus, þá segi ég já.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég kysi heldur, að þessu máli yrði frestað, þangað til hv. 1. þm. Skagf., sem hefir samið það, verður viðstaddur. Ég get ekki fallizt á frv. eins og það er, þótt ég játi, að þörf sé á fastari löggjöf um heimilisfang manna heldur en er, með tilliti til útsvarsgreiðslu, framfærsluréttar, tryggingarskyldu o. s. frv. En mér finnst ekki gengið hér svo frá þessu máli sem þörf er á. Ég held, að ekki sé hægt að ákveða nægilega vel um þetta í einum lagabálki um heimilisfang. Reglan er sú hér, að hver maður megi velja sér það heimilisfang, sem hann vill, nema ef það er gert til þess að flýja hærri skatta. Ýms mál af þessu tægi hafa verið fyrir dómstólunum, og þar hafa verið lagðar línur, sem fara verður eftir, sbr. mál eins borgara hér í bænum, er taldi sig til heimilis á Kolviðarhóli, sem dæmt var í vetur, eins og kunnugt er.

Eftir því, sem ég veit bezt, er ekki hliðstæð löggjöf til í nágrannalöndunum, þar sem í einni heildarlöggjöf mun vera mjög erfitt að kveða á um öll þessi atriði. Hinsvegar hafa þau svokölluð „Folkeregister", þ. e. manntöl, miklu nákvæmari en hjá okkur, þar sem ásamt ýmsum öðrum upplýsingum er auðvitað sagt, hvar maðurinn telur sig til heimilis. En um hið rétta heimilisfang ákveða dómstólarnir, ef til kemur, svo sem ef um rétt til framfærslu er að ræða, rétt til tryggingar eða skyldu til útsvarsgreiðslu. — Ég teldi réttast að láta þetta mál bíða næsta þings. Hér er fyrst og fremst stefnt að því, að hver maður greiði útsvar á sínum rétta stað. En þá hlið málsins álít ég, að réttast sé að athuga í sambandi við útsvarslögin á næsta þingi.

Forseti (EÁrna): Þetta mál er á byrjunarstigi, og vona ég því, að hæstv. atvmrh. fallist á, að það gangi til 3. umr., en hinsvegar mun ég ekki taka það fyrir fyrr en það hefir verið athugað nánar. **(Atvmrh.:** Ég fellst á það).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það mun ekkert hafa verið sagt um þetta mál við 1. umr., og ekki heldur af minni hálfu við 2. umr., svo að það er líklega ekki hægt að komast hjá því að segja nokkur orð um frv.

Það er samhuga álit allshn., að það sé nauðsynlegt að fá lög um þetta efni. Frv. er þannig til komið, að hæstv. atvmrh. bað mig um það á síðasta þingi að búa til frv. um heimilisfang. Ég gerði það og sendi hæstv. ráðh. frv. um nýár, að ég held, og hann hafði það til meðferðar fram á þetta þing, en kvaðst þó ekki vera tilbúinn til þess að segja, hvort hann vildi flytja það eða ekki. Svo dróst þetta þannig, án þess að hann tæki afstöðu til þess, og að síðustu varð það að samkomulagi okkar á milli, að hann léti mig fá frv. aftur og ég réði, hvort ég flytti það eða ekki, en hann geymdi sína afstöðu til málsins þangað til það kæmi til meðferðar í þinginu. — Ég veit ekki til, að hann hafi látið álit sitt í ljós ennþá. **(JBald:** Hann hefir talað um það). Þá er þetta misskilningur hjá mér, sem stafar af því, að mér hefir verið skýrt skakkt frá þessu, en ég var lasinn, er 2. umr. fór fram. Mér þykir slæmt að vita ekki, hvað það er, sem hæstv. ráðh. hefir út á frv. að setja, því að hann hefir ekki tjáð mér það í viðtali.

Það er mikil nauðsyn að fá löggjöf um þetta, vegna þess að það fer að verða sífellt meira og meira brennandi spursmál, hvar menn eiga heimilisfang. Það hefir raunar alltaf verið mikilsvert atriði vegna útsvaranna, hvar menn eiga heimilisfang, en það verður enn þýðingarmeira eftir að hin nýju framfærslulög eru gengin í gildi, því að þau ákveða, að maður sé framfærsluskyldur þar, sem hann á heimili. Þess vegna er augljóst, að það hefir mjög mikla fjárhagslega þýðingu fyrir bæjar- og sveitarfélög landsins, hvar maður er búsettur. Í þessu sambandi má einnig nefna tryggingarlöggjöfina nýju. Gjöld samkv. tryggingarlöggjöfinni leggjast á menn eftir því, hvar þeir eru búsettir. Því er fyllsta þörf á lögum um heimilisfang með tilliti til þeirra laga. Eftir íslenzkri löggjöf er það hvergi beinlínis ákveðið, að menn skuli hafa fast heimilisfang, en víðast í lögum er gengið út frá því sem gefnum hlut, en þó er líka gert ráð fyrir því, að verið gæti, að menn eigi hvergi heimili. Þetta getur auðsjáanlega ekki gengið svo lengur, sízt eftir að tryggingarlöggjöfin er komin á.

Allshn. var sammála um frv., en þó vildu einstakir þm. geta komið fram með brtt. En þær brtt. hafa ekki komið fram, og þykir mér það benda til þess, að ekki séu smíðagallar á frv. Ég held, að ekki sé hægt að fara aðrar leiðir í þessu máli en þar eru farnar. Menn verða sjálfir að fá að ráða, hvar þeir ákveða heimilisfang sitt, en að öðru leyti verða að vera til um það ákveðnar reglur. Hlutaðeigandi stjórnarvöld, sem hagsmuna eiga að gæta um útsvarsskyldu o. þ. h., verða að vera aðiljar og láta dómstóla skera úr því á venjulegan hátt, hvar maður skuli teljast heimilisfastur, ef á milli ber. Ef til vill væri rétt að heimta, að hver maður hefði jafnan full skilríki í fórum sínum til staðfestingar því, hver hann er og hvar hann á heima, en ég held þó, að slík krafa væri óþarflega ströng, þar sem um svo fáa er að ræða, sem nokkur ágreiningur eða vafi getur risið um í þessum efnum, en þó má athuga þetta.

Mér þykir vænt um að sjá það, að hæstv. atvmrh. er kominn hér í d. Mér þætti gott að fá upplýst, hvers vegna hæstv. ráðh. vildi ekki flytja þetta frv. og hvers vegna hann hefir stöðvað, að það yrði tekið á dagskrá. Ég hafði ekki búizt við þessu, heldur hafði ég talið víst, að það yrði tekið fyrir í hv. d. á venjulegum tíma. Ég er fús til samvinnu, ef hæstv. ráðh. bendir mér á betri leiðir.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég hefi áður látið í ljós, að ég tel æskilegast, að þetta

mál verði ekki afgr. nú, þar sem ég geri ráð fyrir því, að útsvarslöggjöfin verði afgr. á næsta þingi. Teldi ég þá rétt, að lög um heimilisfang að því er snertir gjaldskyldu, eins og þetta frv. gerir að mestu, yrði afgr. um leið. En ég tel tormerki á því, að hægt sé að sameina í eina heildarlöggjöf um heimilisfang öll þau atriði, er til greina koma gagnvart kosningarrétti, gjaldskyldu, framfærslulöggjöf, tryggingarrétti, því að svara til saka o. þ. h. Þetta frv. snertir að mestu gjaldskylduna, og held ég, að það sé varla til bóta frá því, sem var. Eftir því mega menn kjósa sér heimilisfang, ef ekki er augljóst, að menn séu með því að forðast hærri gjöld. En menn geta valið heimilisfang af öðrum ástæðum á þann hátt, að tilefni væri til að hafa eftirlit með því. Ég set mig ekki á móti því, að frv. fari til Nd., en ég tel æskilegt, að það fái að bíða til næsta þings.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Að hæstv. ráðh. vill setja þetta mál í samband við útsvarslöggjöfina, sýnir ljóslega, að hann hefir í rauninni sömu skoðun og ég, að þetta mál snerti mest gjaldskylduna. Annars væri hann ekki að tengja þessi tvö mál saman. Hann segir, að erfitt sé að semja heildarlöggjöf um heimilisfang. En hvers vegna var hann þá að biðja mig um það? Ég held líka, að þetta sé hægt. Ég held, að heimilisfang geti þýtt það sama, hvort sem um kosningarrétt, gjaldskyldu eða tryggingar er að ræða. Ég held, að ekki sé rétt að ákveða í hverjum einstökum lögum, hvað telja skuli heimilisfang í hverju einstöku sambandi, heldur sé nauðsynlegt að fá um það sérstaka heildarlöggjöf. Ég er því mótfallinn því að afgr. þetta mál með útsvarslögunum.

Líklega getur hæstv. ráðh. verið öruggur um það, að málið fari ekki gegnum þingið að þessu sinni, þótt það verði samþ. hér. Það kemst til 1. umr. í Nd., en vafasamt, hvort það kemst lengra.

Þó að hæstv. ráðh. noti það sem tylliástæðu að setja þetta frv. í samband við afgreiðslu útsvarslaganna á næsta þingi, held ég, að hann hafi ekkert út á frágang frv. að setja. Í fyrra var því lofað, að frv. um þetta efni kæmi fram, og hans var að efna það. En það gleður mig, að hann skuli þó ekki hafa unnið á móti þessu frv., sem samið er að beiðni hans, en að erfitt sé að búa til löggjöf um allar tegundir heimilisfangs. En vegna þess að á hverju ári er fjöldi mála fyrir dómstólunum einmitt út af deilum um heimilisfang, finnst mér ekki úr vegi, að löggjafarvaldið sýni, að það vilji að minnsta kosti reyna til að koma í veg fyrir þessa rekistefnu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr. (A. 349).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 604).

46. Sala Hamra við Akureyri.

Á 56. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri (þmrfv., A. 426).

Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

***Guðbrandur Ísberg:** Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir flutning þessa máls. — Um frv. þetta er ekki margt að segja. Ég vil undirstrika það, sem tekið er fram í grg. frv., að þjóðjörðin Hamrar er einskonar hólmi innan í landi Akureyrarbæjar. Lögsagnarumdæmi Akureyrarbæjar nær yfir 4 jarðir, Stóra-Eyrarland, Naust, Hamra og Kjarna. Land Hamra myndar fleyg á milli Stóra-Eyrarlands og Kjarna. Kjarni er að sunnanverðu við Hamraland, en Naustaland fyrir norðan. Að vestan takmarkast land Hamra af afréttarlandi Glerárþorps, sem er einnig eign Akureyrarbæjar. Þannig er land þetta umlukt af landi Akureyrarbæjar.

Á þessu koti, Hömrum, hefir verið heldur illa

búið undanfarin ár, og mundu það verða mjög mikil umskipti til hins betra, ef bærinn fengi þetta land til umráða og ræktunar. Aðalræktunarlönd Akureyrar eru fyrir ofan bæinn einmitt í línu við Hamraland. Í Kjarnalandi og Naustalandi er stórfelld nýrækt, sem Akureyrarbær á, sem úr er eins og skorinn fleygur óræktaðs lands, sem er Hamraland.

Ég tel nú eftir atvikum sjálfsagt, að Akureyrarbær fái að festa kaup á þessu landi. Og þeir, sem annars eru á móti sölu þjóðjarða, geta að réttu lagi ekki verið á móti þessu, þar sem aðeins er farið fram á, að skipt verði þannig um eiganda þessarar jarðar, að hún að vísu hverfi úr ríkiseign, en komi þó í eign þess opinbera á annan hátt, þ. e. a. s. Akureyrarkaupstaðar. — Að endingu vil ég vænta þess, að hv. þdm. lofi þessu máli að ganga fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 426, 484).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 484. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er orðið áliðið fundartíma, og skal ég því ekki vera langorður. Ég hefi leyft mér að bera fram brtt., sem fer fram á, að ef af sölu jarðarinnar verður, þá skuli hún bundin því skilyrði, að bærinn láti af hendi 20 dagsláttur af landi, ef til þess kemur, að ástæða þyki til að skapa dýralækni Norðurlands aðstöðu til að hafa skepnur undir höndum til að gera á tilraunir við rannsókn búfjársjúkdóma. Annað felur brtt. ekki í sér, og vil ég mæla með, að hún verði samþ., því þó við séum að styðja að því, að hér í Reykjavík komi upp rannsóknarstofnun fyrir landið í heild, þá getur verið nauðsynlegur stuðningur fyrir þá, sem þar starfa, að slíkar rannsóknir fari fram jafnhliða annarsstaðar á landinu, og þá helzt á Akureyri, þar sem dýralæknir Norðurlands er búsettur.

***Guðbrandur Ísberg:** Út af framkominni brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. get ég sagt það, að ég tel ekki skipta mjög miklu, hvort hún er samþ. eða ekki, en tel hana þó heldur til hins verra. Í fyrsta lagi get ég ekki búizt við, að á þessu þurfi að halda fyrst um sinn, að gera dýralækninum á Akureyri að skyldu að hafa undir höndum ýmiskonar fénað til rannsóknar og tilrauna, og þó svo yrði, mun þar vera nóg land að fá til þeirra hluta. Eins og till. er orðuð, mundi liggja næst fyrir Akureyrarbæ að geyma þessar 20 dagsláttur óákveðinn tíma, e. t. v. heilan mannsaldur, án þess að ráðstafa þeim á nokkurn hátt; hann gæti t. d. ekki leigt þær út á erfðafestu, þó mönnum sýndist svo, nema fá lögunum breytt. Í till. segir, að 10 dagsláttur af þessu landi skuli vera óræktað land, svo þar með væri bænum gert að skyldu að geyma 10 dagsláttur af Hamralandi óræktaðar. Af þessum ástæðum tel ég ekki heppilegt að samþ. brtt., en tel það hinsvegar ekki stórt atriði.

***Hannes Jónsson:** Ég skal ekki blanda mér mikið í þetta mál, en mér sýnist þessi brtt. nokkuð óákveðin. Þar er talað um, að bærinn eigi að leggja til 20 dagsláttur af landi í tilteknu augnamiði, en það er ekkert talað um, á hvern hátt bærinn á að leggja fram þetta land, hvort hann á að láta það af hendi endurgjaldslaust eða gegn borgun. Ég veit ekki, hvað hv. flm. hugsar sér með þessu. Ef meiningin er, að þetta sé óbundið, getur ákvæðið orðið lítils virði, því bærinn gæti þá sett það verð á landið, að ekki væri viðlit fyrir hlutaðeigendur að taka við því.

***Héðinn Valdimarsson:** Það var nú nokkuð það sama, sem ég ætlaði að spyrja um, eins og hv. þm. V.-Húnv. Það hefir líka áhrif á söluverð jarðarinnar, hvort bænum er ætlað að láta af hendi aftur ókeypis hluta af landinu. Vildi ég því gjarnan fá upplýsingar um, hver meiningin er með þessu.

Páll Zóphóníasson: Ég lét þetta atriði, sem hv. þm. spyrja um, óbundið, því ég tel ekki tímabært að ákveða um það á þessu stigi. Ef af kaupunum verður, tekur bærinn við hér um bil jafnstóru túni sem hér er tiltekið, og geri ég ráð fyrir, að hann mundi skila því aftur, þegar á þyrfti að halda, en hafa af því öll afnot þangað til. Til þess að gera landið ekki of dýrt til þeirra nota, sem það er ætlað, tek ég fram, að helmingur þess skuli vera óræktað. Þó mikil ræktun sé í kringum Akureyri, vantar mikið á, að allt bæjarlandið sé ræktað, svo ekki sé hægt að fá nóg beitiland, og það á sjálfsagt eins langt í land, að ekki verði hægt að fá 10 dagslátta beitiland innan bæjarlandsins, þar sem mikið af landi bæjarins verður alltaf beitiland, eins og Glerárdalurinn.

***Guðbrandur Ísberg:** Ég vil taka það fram, að ég tek það sem sjálfsagðan hlut, að eins og till. liggur fyrir, þá verði Akureyrarbær að fá fullt verð fyrir það land, sem gert er ráð fyrir, að hann láti af hendi. Bærinn kaupir Hamra nú fullu verði, ef til kemur, og því verður hann að fá gangverð fyrir það land, sem honum er ætlað að láta af hendi. Ég sá ekki ástæðu til að taka þetta fram í upphafi vegna þess, að þar sem ekkert er tekið fram um verð í till., er ekki hægt að taka þetta öðruvísi.

ATKVGR.
Brtt. 484 felld með 14:10 atkv.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 426).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 426, n. 545).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Allshn. þessarar hv. d. hefir haft þetta mál til meðferðar, og eins og sjá má á nál., er hún því meðmælt, að frv. verði samþ. Um efni þessa frv. má sjá í hinni stuttu grg., sem því fylgir, og er því óþarfi að rekja það hér.
Þessi jörð liggur innan lögsagnarumdæmis Akureyrar og er nú fallin úr ábúð. Akureyrarbær telur sér hagkvæmt að fá jörðina til afnota. N. lítur svo á, að þar sé um mjög sanngjarna tilhögun að ræða, og er því meðmælt, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 612).

47. Stýrimannaskólinn.

Á 8. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um stýrimannaskólann í Reykjavík (þmfrv., A. 39).

Á 10. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Frsm. Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv. er flutt af sömu n. og vélstjórafrv., eftir tilmælum hæstv. atvmrh. Það lá fyrir síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgr. N. gerði þá við það nokkrar brtt., sem sjá má á þskj. 461 frá því þingi, og hefir n. tekið þann kost nú að fella þær brtt. inn í frv., en þær eru engar veigamiklar, heldur eru þær leiðréttingar aðallega. — Við 2. umr. mun verða gerð nánari grein fyrir þessum breyt., og ætla ég því ekki að ræða þær ýtarlega nú, enda hygg ég, að þær séu hv. þdm. þegar kunnar. — Annars er þetta frv. um eina af þeim sérfræðigreinum, sem þeir einir, er sett hafa sig inn í málið, eiga létt með að dæma um. Frv. er samið af mþn. í sjávarútvegsmálum, og í þeirri n. var að verki sá maður hér á landi, Friðrik Ólafsson, sem manna bezt vit mun hafa á þessum efnum, og mun því óhætt að treysta því, að vel sé vandað til frv. Hinsvegar vill n. hafa rétt til að gera brtt. við frv., ef henni svo sýnist, en ekki tel ég þó ástæðu til, að frv. sé vísað til n., en óska, að því verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

*Jónas Jónsson: Ég hygg, að það sé nokkur nýlunda, að ýtarlegt frv. um kennslumál, eins og þetta, fari nefndarlaust í gegnum d. Frv. er, hvað sem hv. frsm. segir, skólamál, og nær því engri átt, að það sé sama sem afgr. af utanþingsmanni, sem fyrir tilviljun fjallar um það, þó hann sé sérfræðingur. Og þó þetta frv. hafi kannske engin aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, þá veit maður það af reynslunni, að gegnum þingið hafa í seinni tíð farið frv., sem komið hafa frá þessum hv. þm., er bakað hafa ríkissjóði allmikil útgjöld, eins og t. d. varðskipafrv., sem af leiddi um 30 þús. kr. auka-útgjöld fyrir ríkissjóð. Og þó þessi hv. þm. helzt vilji, að frv. fari ekki í n. og fái sem minnsta athugun í hv. d., þá mun ég ekki sætta mig við það. Ég legg því til, að frv. verði vísað til menntmn.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þótt efnið í ræðu hv. þm. væri ekki annað en það, að hann vildi vísa málinu til menntmn., þá var ræðan nokkuð hitakennd, og kom mér það á óvart, en það var eins og syði undir í djúpunum. — Mér er ekki kunnugt, að slík mál sem þetta heyri undir menntmn. (JJ: Hvar eiga þau frekar heima?). Ég hygg, að slík mál sem þetta eigi heima í sjútvn. Þó þetta sé skólamál, þá verð ég að segja það, með allri virðingu fyrir form. menntmn., hv. þm. S.-Þ., að ég hefi ekki trú á því, að hann hafi betra vit á því en aðrir. Mér er ekki kunnugt um það, þó hann hafi nokkrum sinnum skroppið á milli landa, að hann hafi kynnt sér störf þeirra manna, sem frv. ræðir um, eða hvaða kröfur þurfi til þeirra að gera um þekkingu í sínum störfum. Ég veit ekki heldur til, að hann hafi kynnt sér, hvaða kröfur eru gerðar í öðrum löndum til þessara manna, þó hann gæti náttúrlega gert það nú, ef hann vildi. Ég skal ekki um það fullyrða, hvort frv. hefir einhvern aukinn kostnað í för með sér, en ef það er ástæðan fyrir því, að hann vill fá frv. í menntmn., að hann ætlar að reyna að draga úr óhjákvæmilegum kostnaði, þá vil ég segja, að það sæti sízt á honum að fara til þess að gera brtt. við frv., sem leiða mundu til þess að draga úr þekkingu þeirra manna, sem hafa jafnþýðingarmikil störf að vinna innan sjómannastéttarinnar og þessir menn hafa. Mér fannst hv. þm. ekki líta á þetta frv. sem skólamál, heldur virtist tónninn sá, að hér mundi vera um nýjan kostnað að ræða.
Þá vék hv. þm. því að mér, að ég hefði flutt mál hér í þinginu, sem hefðu haft aukinn kostnað í för með sér. En ég verð að geta þess, að öll þau mál, sem ég hefi flutt á þingi, hafa verið athuguð í n., og það af mönnum, sem ég vil leyfa mér að fullyrða, að leggja eins mikla

alúð við nefndarstörf og hv. þm. S.-Þ. gerir. — *Hann minntist sérstaklega á eitt mál, sem ég hefði flutt, en það var um laun yfirmanna á varðskipunum. En hann andæfði því máli ekkert á sínum tíma, og mun sjálfur hafa átt þátt í því að hækka laun þessara manna. Það er því seint fyrir hann að iðrast eftir dauðann. Það mál liggur nú ekki hér fyrir, en ég vil geta þess, að það var ekki annað en réttlætismál.*

***Jónas Jónsson:** Ég held, að það væri alls ekkert á móti því, að hv. þm. fyndi þeim orðum sínum stað, að ég hefði staðið fyrir háu laununum á varðskipunum. Ég tók við varðskipunum af fyrirrennara mínum, hv. 1. þm. Skagf., og varð að borga yfirmönnunum 12 þús. kr. laun eftir gildandi l. Svo kom þessi hv. þm. með sínar kreddur og átti frumkvæði að því, að launin hækkuðu í 14 til 15 þús. kr. Ég hygg, að umbjóðendur þessa hv. þm., fátækir verkamenn og sjómenn hér í bænum, muni alls ekki vera honum sammála um það, að þessir menn þurfi að hafa svona mikil laun. En ef litið er á, hvað sjómenn fá annarsstaðar, þá held ég, að það væri rétt af hv. þm. að endurskoða eyðslutill. sínar frá í fyrra. A. m. k. ætti hann að geta skilið, að þegar dembt er inn í þingið frv. með þrengstu stéttahagsmuni fyrir augum, frv., sem krefja mikil útgjöld, þá er það alveg sjálfsögð sanngirniskrafa, að málið verði athugað í n. Hv. þm. og þeir, sem honum standa næst, sýndu í fyrra með frv., sem ég minntist á, hversu þeir eru ráðdeildarsamir.*

Við, sem vorum í fjvn. í fyrra, sátum yfir því í 10 vikur, á yfir hundrað fundum, að reyna að finna leiðir til þess að spara á fjárl. Og satt að segja býst ég við, að ýmsir af kjósendum þessa hv. þm. telji ekki svo rúmt fyrir dyrum hjá sér nú, að þá blóðlangi í að borga álíka þörf útgjöld og þau, sem þessi hv. þm. stofnaði til hér í fyrra. Þess vegna er það, að ég tel það fullkomið ábyrgðarleysi að láta sér detta í hug að láta ekki athuga þetta mál í n.

En þegar farið er að tala um menntun sjómanna, þá þykir mér rétt að geta þess, að ég þekki marga sjómenn á okkar siglingaskipum, sem sárkvarta undan því, hve lítillar almennrar menntunar þeir hafi getað notið. Þetta atriði þarf að athuga. Og þó að þessi hv. þm. geri kröfur um hækkuð laun handa einstökum mönnum í sjómannastétt og hafi nógan skilning til þess, þá efast ég um, að hann hafi skilning á því, hvernig ráðstafanir til almennrar menntunar handa þessum mönnum eigi að falla inn í uppfræðslukerfið, — það ætlast enginn til þess af honum. Á sama tíma, sem alstaðar koma fram kveinstafir frá fólkinu um, að það geti ekki borgað skatta og tryggingargjöldin, sem þessi hv. þm. og fleiri hafa barizt fyrir, þá á að gera svona breyt., eins og hv. þm. fer fram á!

Þegar ég var í vetur riðinn við breyt. á skólanum á Akureyri, þá gekk ég inn á stórfelldar breyt. á þeim skóla, til þess að spara, með því að fækka lærisveinum og kennurum í honum. Ég leit þá á skólann með hliðsjón af þjóðarhagnum, og vil á sama hátt líta á þetta mál.

Setjum nú svo, að ekki þessi hv. þm., heldur einhver sjómaður, sem t. d. hefir fengið undirlieutenantspróf í Danmörku, komi og beri hér fram þetta frv. Gott og vel, það má þó skoða það í nefnd.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér virðist þessi skilmingaleikur mesti óþarfi, a. m. k. í sambandi við þetta frv. Ég tel af ýmsum ástæðum mikla þörf á því, að þetta mál nái afgreiðslu nú þegar á þessu þingi. Það er nú svo ástatt um atvinnu við vélgæzlu og siglingar, að varla er lengi unandi við svo búið. Á því máli hafa verið gerðar breyt. á breyt. ofan, eins og hv. þm. er kunnugt. Þar úir og grúir af undanþágum, sem sumpart eru óþarfar, og sumpart er ekki hægt að veita undanþágur, þó að þörf væri á.*

Hinsvegar er fásinna að hugsa sér að breyta l. um atvinnu við siglingar, nema samtímis séu gerðar breyt. á l. um skóla þann, sem búa á menn undir þessi störf. Og um þessi efni fjalla þau tvö frumvörp, sem liggja nú fyrir þessari háttvirtu deild.

Ég hygg, að hv. þm. S.-Þ. hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir því, hverjar þær meginbreyt. eru, sem í frv. er lagt til, að gerðar verði á gildandi l. um stýrimannaskólann. Það kann að vera, að af þeim breyt. leiði nokkurn kostnaðarauka. En nú er fyrir alllöngu búið að samþ. á Alþingi l. um undirbúningsdeild við skólann, sem ég ætla, að með þessu frv., ef að l. verður, verði felld niður.

Hv. þm. drap á, að hingað til hefði verið allt of lítið hugsað um, að skipstjórar fengju almenna menntun. En í sambandi við þetta fyrirhugaða fyrirkomulag á skólanum eru gerðar ráðstafanir til þess að þeir njóti meiri almennrar menntunar en hingað til hefir verið heimtað.

Það er sjálfsagt, að n. sú, sem fær frv. til meðferðar, geri sér sem gleggsta grein fyrir þeim kostnaðarauka, sem af því leiðir, og ég vænti, að sjútvn. geri það. En ég álít, að málið eigi alls ekki heima í menntmn. Þetta frv. er svo tengt frv. um atvinnu við vélgæzlu og siglingar, að það má telja sjálfsagt að vísa því til sömu n. og frv. um þau efni. Þau eiga öll heima í sömu n. Það er ekki ástæða til að ætla, að menntmn. standi betur að vígi til að athuga þetta frv. heldur en sjútvn. Hinsvegar hefir hv. sjútvn. flutt málið. Samhliða því, sem ég vænti þess, að sjútvn. fái þetta mál til meðferðar, vil ég beina því til n., að hún geri sér sem ljósasta grein fyrir þeim kostnaðarauka, sem af frv. mun leiða, ef að l. verður, og komi með álit um það efni fyrir næstu umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. þm. S.-Þ. var nú dálítið mildari heldur en í sinni fyrri ræðu. En aðalkjarninn í ræðu hans nú var það, að hér væri um óhæfilegan kostnað að ræða. Hitt annað, sem hann komst inn á, var það, að ekki væri séð nægilega fyrir almennri menntun þeirra manna, sem frv. þetta við kemur, þeirra, sem læra siglingafræði. Vildi hv. þm. gera lítið úr minni þekkingu um þetta efni. Með allri virðingu fyrir hv. þm., sem er þjóðkunnur fyrir sinn áhuga á menntamálum, vil ég þó segja honum það, að hann ætti samt að geta*

látið sér detta í hug, að til séu menn, þótt minna tali og skrifi en þessi hv. þm., sem geti þó haft eitthvert vit á menntamálum líka. Ég hefi að vísu ekki gengið í eins marga skóla og þessi hv. þm. og ekki ferðazt eins oft til útlanda og hann. En ég hefi reynt að fylgjast með þeim hreyfingum í menntamálum, sem átt hafa sér stað hér á landi á síðari árum. Og ég hefi reynt að gera mér ljóst, í hverju er áfátt almennri menntun manna í þeirri stétt, sem ég er sprottinn upp úr, sjómannastéttinni. Og einmitt með það fyrir augum höfum við í frv. gert ráð fyrir því, að ef menn hafi ekki notið nægrar almennrar menntunar áður en þeir komu í skólann, þá geti þeir betur fengið hana nú en áður í sambandi við skólann eftir þessu frv., ef að l. verður. Við 2. umr. er hægt að skýra þetta nánar. Hér er lögð meiri áherzla einmitt á þær greinar, sem mönnum í þessari stétt er nauðsynlegt að kunna. Við inntökuprófið er gert ráð fyrir, að menn hafi miklu fyllri þekkingu eftir þessu frv. heldur en áður hefir verið krafizt. Styður þá allt að því, að menn hafi fengið meiri almenna menntun, þegar þeir taka fyrir sérnám á skólanum, eftir þessu frv. heldur en verið hefir og er með núverandi skipulagi.

Viðvíkjandi kostnaðarhlið frv. er það að minu áliti ekki vel ljóst, hvort auka þarf að verulegum mun við kennslukrafta skólans. En hitt er ljóst, að starfstíma kennara þeirra, sem nú eru við skólann, þarf að lengja, ef frv. verður samþ. og breyt. gerð á skólanum, þannig að *ýmsum námsgreinum er aukið við. Hér geta þeir* menn bezt dæmt um, hvað þessir menn þurfa að læra, sem nokkra lífsreynslu hafa um það, hvers krefjast ber, og vita, hvers krafizt er í þessum efnum meðal nágrannaþjóða okkar.

Hv. þm. S.-Þ. vill meina, að ég skilji það ekki, að þessir menn þurfi almenna menntun. Hefði ég ekki skilið það, þá hefði ég ekki svo oft greitt atkv. með málum, sem þessi hv. þm. hefir flutt hér á þingi, hliðstæðum þessum, eins og ég hefi gert. (**MG**: Það hefir nú verið gert af öðrum ástæðum).

Ég ætla ekki að svara því nánar, sem þessi hv. þm. skaut hér fram um öreigana hér í þessum bæ. Vil ég aðeins minna hv. þm. á, að minar till., sem samþ. voru á Alþingi og hann minntist á, voru alls ekki upp á neinar 14—15 þús. kr., svo að sú tala, sem hann nefndi í þessu sambandi, er einhversstaðar annarsstaðar að fengin en úr veruleikanum.

Þá benti hann á, að hér á landi væri nú verið að reyna að koma á sparnaði í einu og öðru. Okkur gefst sennilega tækifæri til að tala um þann sparnað nánar áður en þessu þingi lýkur. En svo hygg ég, að geti farið, að ég öfundi ekkert þennan hv. þm. af því að verja sumar af sínum sparnaðartill., þegar til fólksins kemur. (**JJ**: Ég er kannske ekki eins hræddur og hv. ræðumaður). Ég er hvorki hræddur við að tala um þetta við þennan hv. þm., þegar málefni gefst til, né þegar aðrir heyra.

Sé ég svo ekki ástæðu til að karpa meira um þetta. Ég tel rétt, að sjútvn. fái þetta mál til athugunar, en alls ekki menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BSt, GL, JAJ, JBald, JJ, MG, PHerm, PM, EÁrna.

Sex þm. (HG, HermJ, IngP, MJ, ÞBr, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 5:4 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: PHerm, PM, BSt, JJ, EÁrna.

nei: SÁÓ, HG, JAJ, JBald.

GL greiddi ekki atkv.

Sex þm. (MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, HermJ, IngP) fjarstaddir.

Á 56. fundi í Ed., 25. apríl, utan dagskrár, mælti

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki á dagskrá næsta fundar frv. til l. um stýrimannaskólann í Rvík. Það hefir legið hjá menntmn. nokkuð lengi, og mér þykir sýnt, að það fái ekki frekari athugun hjá nefndinni.

Forseti (EÁrna): Ég vil taka það fram, að málið er á dagskrá næsta fundar.

Jónas Jónsson: Ég býst við, að n. taki málið til frekari athugunar, því það hefir ekki unnizt tími til þess enn. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það liggja mörg mál fyrir n., sem frekar er ástæða til að taka til athugunar.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Það má ef til vill segja, að það sé óviðkunnanleg afgreiðsla, að þetta frv. komi hér án þess að með fylgi nál., en ástæðan er d. kunn. Á þskj. 461 frá síðasta þingi er ýtarleg grg., sem fylgir þessu frv. Ástæðan fyrir því, að það er fram borið, er í fyrsta lagi sú, að fyrir þessu þingi liggur nú — og útlit fyrir, að það verði afgr. — töluvert umfangsmikil breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og af því leiðir, að það þarf að gera breyt. á stýrimannaskólanum. Eins og aðrar greinar tekur siglingafræðin miklum breyt. á hverju ári, og framfarir á tekniska sviðinu eiga sér stað þar sem annarsstaðar. Þegar l. um stýrimannaskólann voru sett, var hér sama og ekkert af skipum, en nú hefir þetta breytzt, og þess vegna verða kröfurnar um stýrimannaskólann að vera meiri heldur en verið hefir. Það sigla nú hér við land mörg farþegaskip, og verður að gera meiri kröfur til þeirra manna, sem þeim stjórna, heldur en annara. Sama er að segja um rétt til skipstjórnar á stærri skipum, varðskipum og öðrum, sem annast siglingar hér við land. Til þessa hefir verið tekið tillit í frv. og það sniðið eftir því. Ennfremur kveður frv. svo á, að framvegis skuli tvennskonar fiskimannapróf vera við skólann. Þetta eru meginatriði frv., og af því að það hefir legið hér fyrir 2 þingum og er

mörgum dm. kunnugt að efni til, sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í einstakar greinar þess. Ég vil svo leyfa mér að óska, að að lokinni þessari umr. fái málið að ganga til 3. umr., og gefst þá tóm til þess að athuga það nánar, ef einhverjir óska eftir því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 39).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 524, 537).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 537. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Sjútvn. hefir haft frv. þetta til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breyt. Þó hefir einn nm. skrifað undir nál. með fyrirvara, og hygg ég, að sá fyrirvari sé vegna brtt. á þskj. 537, en ég skal víkja að því síðar.

Þær breyt., sem sjútvn. leggur til, að verði gerðar, eru flestar leiðréttingar, sem henni fannst rétt að taka upp, þó ekki sé hægt að segja, að þær séu stórvægilegar. Þó er ein þeirra stærst, enda er hún gerð í samráði við þá menn, er undirbjuggu þetta frv., og í samráði við kennara stýrimannaskólans, en breyt. er sú, að inntökuprófið verði lagt niður, en námstíminn lengdur, þannig að skólinn starfi 3 vetur fyrir farmannapróf, og er þá námstími þeirra lengdur um 1 ár. Er þetta gert, eins og ég hefi tekið fram, eftir óskum kennara við stýrimannaskólann, er þeir báru fram við sjútvn. Segja þeir, að þótt þessar kröfur hafi átt að gera til nemendanna, hafi orðið misbrestur á því í framkvæmdinni. En flestir nemendur, sem ganga undir inntökupróf, hafa þurft að eyða lengri eða skemmri tíma í undirbúning, og er álit kennaranna, að gagnlegra sé fyrir nemendurna að sitja þennan tíma í skólanum sjálfum.

Um aðrar brtt. þarf ég ekki að fjölyrða. Gert er ráð fyrir að fækka bls., sem krafizt er, að lesnar séu í íslenzku, úr 100 í 50 bls., og er það skv. áliti íslenzkukennarans, sem telur, að aldrei hafi verið komizt yfir þetta allt. — Hvað aðrar brtt. snertir, þá er þar verið að færa til betra máls og lagfæra; hafði t. d. á einum stað fallið niður við prentun. Sé ég ekki ástæðu til að fara nánar inn á brtt. n., því að þær skýra sig sjálfar.

Hinsvegar eru komnar fram brtt. frá hv. þm. N.-Þ. á þskj. 537. Raunar skilst mér, að aðeins önnur þeirra skipti máli, sú, sem er stíluð við 19. gr. Vill þessi hv. þm. ekki staðbinda námskeið þau, er veita fræðslu undir minna fiskimannapróf. Hefir það verið svo, að þessi námskeið hafa verið haldin fyrir tilstilli fiskifélagsins, og er mér óhætt að segja, að það leggur áherzlu á, að þessu sé ekki breytt, og telur, að þá muni fást hæfari menn til kennslu. Ég verð því að telja, að þessar brtt. séu ýmist ástæðulausar eða til skemmda. Hygg ég, að mér sé óhætt að segja, að við hinir 4 nm. leggjum til, að þær verði ekki samþ. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en vil vænta, að frv. fái greiðan gang gegnum þingið.

***Gísli Guðmundsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og skal ég taka fram, að sá fyrirvari er ekki um nál. sjálft. Ég er sammála n. um nauðsyn þessa máls, og að sumu leyti um brtt. hennar, að undanteknu því, sem ég flyt sjálfur brtt. um á þskj. 537.

Er svo skammt síðan mál þetta kom hér fyrir þessa hv. d. og sjútvn. fékk það til meðferðar, að þessar brtt. allar eru gerðar í skyndi, og gat ég ekki fyllilega fellt mig við þá afgreiðslu, sem frv. fékk, og er þá aðallega ein till., en þó reyndar tvær, sem ég get ekki fellt mig við og geri ráð fyrir að greiða atkv. á móti þeim. — Er þá fyrsta brtt., sem er talsverð efnisbreyt., þar sem gert er ráð fyrir að sleppa inntökuprófi, en lengja námstímann. [Eyða í handr.] Ég hefði álitið, að viðkomandi slíkum höfuðatriðum sem þetta er, þá væri ekki rétt að breyta miklu út frá því, sem frv. er nú frá mþn. og Ed., þar sem þarf að afgr. frv. á svo skömmum tíma. Ég get tekið það fram, að ég hefi talað við einn mþnm. um þetta atriði, Sigurjón Á. Ólafsson, og hann taldi þessa breyt. a. m. k. vafasama. Og ég get vel ímyndað mér, að ýmsir menn kjósi heldur að búa sig undir skólann heldur en dvelja í honum hér; það muni verða þeim dýrara, sem búa utan Rvíkur. Ég mun því greiða atkv. móti þessari brtt. Sömuleiðis er ég fremur mótfallinn 6. brtt., sem er viðvíkjandi því prófi, sem á að veita rétt til að verða skipstjóri á varðskipi. Það var gert ráð fyrir því í frv., og það álít ég rétt, að þeir gengju undir próf og heimtaður sé ákveðinn vitnisburður við farmannsprófið, en þeir, sem ekki hafa náð því, öðlist ekki réttindi sem skipstjórar varðskipa. En meiri hl. sjútvn. hefir nú viljað bæta við þessa gr. og gera undanþágu, ef

fyrir liggja meðmæli frá kennurum skólans. Mér finnst þetta óviðfelldið, að leggja þannig í vald kennaranna, hverjir skuli öðlast rétt til að ganga undir þetta próf.

Þá skal ég víkja að þeim brtt., sem ég sjálfur flyt. Sú fyrri skiptir litlu máli, en er þó til samræmis, því stýrimannaskólinn heyrir ekki undir kennslumálaráðh., heldur undir atvmrh.; finnst mér þetta vera hliðstætt landbúnaðarskólunum. Þó geri ég þetta ekki að kappsmáli, enda skiptir þetta litlu máli, eins og sakir standa nú, þar sem þetta er sami ráðh., en ekki er sennilegt, að svo verði alltaf.

Þá er brtt., sem ég hefi leyft mér að flytja við 19. gr. frv., er fjallar um, að ráðuneytið geti ákveðið að fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta fara fram utan Rvíkur 4 mánaða námskeið fyrir þá, sem taka vilja minna fiskimannapróf. Á þetta að gera mönnum utan Rvíkur kleift að ná þessu prófi án þess að leita til Rvíkur. Í frv. er þetta bundið við 4 ákveðna staði, Ísafjörð, Akureyri, Seyðisfjörð og Vestmannaeyjar, en ég sé enga ástæðu til að binda þetta endilega við þessa staði. Ég álít rétt, að það séu valdir ráðunautar eða aðiljar, sem ákveða hvern stað. Getur því verið heppilegra að hafa þetta óbundið, ef ráðunauturinn teldi eða áliti heppilegt, að námskeiðið væri haldið á öðrum stöðum en til eru teknir, og þess vegna tel ég sjálfsagt, að um þetta séu frjálsar hendur. — Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, þar sem ég hefi nú gert grein fyrir, í hverju er fólginn fyrirvari minn við nál.

***Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði um fyrirvara sinn, verð ég að segja nokkur orð. Hann byrjaði á því að segjast vera mótfallinn 1. brtt., er fjallar um deildaskipun í skólanum. Nú er það svo eins og ég gat um áðan, að í skólann koma menn lítt undirbúnir, og er þessi lenging skólatímans, sem verður ca. 3—4 mánaða tími, aðallega til þess að auka undirbúningsþekkinguna. Nú eru gerðar kröfur um þekkingu í mörgum námsgreinum, sem tilteknar eru, og eftir þeirri reynslu, sem ég hefi á því, hvaða kröfur eru gerðar, þá blandast mér ekki hugur um það, að fjölda og það öllum fjölda þeirra sjómanna, sem vilja í skólann fara, er nauðsynlegt að vera lengur við námið. Þess er t. d. krafizt, að þeir — auk þess að bera skyn á móðurmál sitt — kunni nokkuð í dönsku, ensku og þýzku. Og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. N.-Þ. muni af þessu sjá og skilja, að piltar, sem ætla í stýrimannaskólann, þurfa að læra nokkuð áður en þeir koma í hann. Hinsvegar er það mjög dýrt að kaupa einkatíma, en nemendur verða að læra annarsstaðar, ef þeir eiga að taka inntökupróf. Álít ég heppilegra, að námið fari fram í skólanum sjálfum hjá þeim kennurum, sem síðan halda fræðslu þeirra áfram, og hygg ég, að það orki ekki tvímælis, að þessi breyt. er til bóta.

Þá talaði sami hv. þm. um þá breyt., að kennurum skyldi leyfilegt að gefa efnilegum nemendum undanþágu um að mega ganga undir varðskipaprófið, þó að þeir hefðu ekki hlotið hæsta próf. E. t. v. er ástæða til að gera frekari kröfur um þetta, en ég skal ekki rökstyðja þetta frekar, en vil benda á, að í frv. er strangt ákvæði um, að þessir menn þurfa að hafa tekið visst próf, en ef það sýnir sig, að það er af orsökum, sem eru óviðráðanlegar, þá er heimilt að veita undanþágu, og okkur hv. þm. N.-Þ. — og eflaust öllum hv. þm. — er kunnugt um, að það er til nokkuð í sambandi við próf, sem kallast óheppni, og þó kennararnir vilji gefa betur, þá er ekki víst, að það nægi til að ná tilskilinni einkunn undir þetta próf. En að af því geti stafað hætta að leggja þetta í vald kennaranna, fæ ég ekki séð, því þó að þeir veiti um þetta undanþágu, þá er burtfararprófið eftir.

Þá vildi ég víkja að brtt. við 19. gr. Hv. þm. N.-Þ. vill ekki hafa námskeiðin staðbundin. Ég held, að það sé óhætt að slá því föstu, að það hljóti að vera til bóta, að kennslan fari fram á vissum stöðum. Er hvorttveggja, að þá myndi fremur koma upp vísir til skólaáhalda, og eins verða fremur á vísan að róa um kennslukrafta vegna atvinnunnar á þessum stöðum, en það er mjög undir hælinn lagt um þá, ef alltaf er hringlað til. Ég býst ekki við, að það þætti heppilegt, að við legðum niður unglingaskólana í landinu, en legðum fram styrk til þeirra, sem látið væri óbundið, hvert færi, aðeins þangað, sem fólk óskaði.

Er tvímælalaust, að ef valdir eru ákveðnir staðir, þá vaxa skilyrði til betri kennslu en ella. Ég vildi því mælast til, að brtt. á þskj. 537 verði ekki samþ., því að ég get ekki séð, að þær séu til bóta, en heldur til skemmda.

***Gísli Guðmundsson:** Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta atriði, sem ber á milli. Ég vil þó benda á út af fyrsta atriðinu, er snertir farmannadeildina, að þetta frv. er komið frá mþn., sem hefir haft þetta mál til athugunar og meðferðar, og hún gerði ráð fyrir 2 bekkjum og inntökuprófi, sem meiri hl. sjútvn. vill afnema. Ég vil nú skjóta því fram, að það getur verið dálítill kostnaður að fjölga bekkjunum. **(PÞ:** Má ég skjóta því inn í, að gert er ráð fyrir, að sameinaðir verði 1. bekkur fiski- og farmannadeildar). Ég veit það. Þetta kom fram í n., er við ræddum þetta, að svona ætti þetta að vera, en ég er ekki viss um, að það verði svo í framkvæmdinni, eða hvort það sé svo heppilegt. Það er ekki heldur sett inn í frv., sem hv. 3. landsk. var að benda á, að 1. bekkur ætti að standa 3—4 mánuði, eða vera eins og námskeið; þess vegna held ég, að rétt hefði verið að halda sér við niðurstöður mþn., þó að kennarar og einstaka menn aðrir hafi síðar álitið, að annað gæti komið til mála. En meiri hl. sjútvn. hefir þetta ekki frá sjálfum sér, heldur frá öðrum mönnum; þess vegna held ég mér við það, að ákvæði þetta sé heppilegast óbreytt.

Viðvíkjandi því að gefa kennurum aðstöðu til að gera upp á milli manna á þann hátt, að einn sé hæfari en annar að ganga undir próf, þá ætla ég, að það sé ekki heppilegt. Prófin eru til þess að skera úr um kunnáttu nemenda og hæfileika, og ég geri ráð fyrir, að ætlunin hafi verið sú, að fá úrvalsmenn í þessi störf, og mun það á-

reiðanlega koma fram við prófin, svo þess vegna eru undanþágur óþarfar.

Ég vil út af námskeiðunum segja það, að enn þá hefir ekki verið færð fram ástæða fyrir því, að þessir staðir væru ákveðnir. Hv. 3. landsk. sagði, að svo gæti farið, að upp kæmi vísir að áhaldasafni. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að það safn yrði svo stórt, að ekki væri tækilegt að flytja það milli staða.

Þá minntist hann og á, að ef staðirnir væru tilteknir, væru meiri líkur til, að kennarar settust þar að, í von um atvinnu við þessi námskeið. Ég vil nú benda á, að ekki er ætlazt til, að þessi námskeið séu á hverju ári, svo að hér er ekki um að ræða nema 4 mánaða kennslu annaðhvort ár, sem ég geri ekki ráð fyrir, að þyki eftirsóknarverð atvinna. — Ég held því, að heppilegast sé að hafa óbundið um staðina, enda er það ekki svo, að ekki geti komið til mála, að aðrir staðir séu eins heppilegir; a. m. k. mæla engin rök á móti því, að staðarvalið sé frjálst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 524,1 (ný 2. gr.) samþ. með 17:4 atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 524,2 (ný 4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 524,3 samþ. með 16:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 524,4 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 524,5 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 524,6 samþ. með 14:4 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 524,7 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 537 (við 17. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 537 (við 19. gr.) felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, JónP, PZ, PO, SigfJ, TT, BB, EystJ, GG, JörB.

nei: HV, JakM, JJós, JG, PÞ, SE, StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GSv.

EE, PHalld, ÞorbÞ greiddu ekki atkv.

Níu þm. (GÍ, JÓl, JS, MT, ÓTh, SK, BJ, BÁ, GÞ) fjarstadidr.

19. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 577, 578, 580).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 578 og 580. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Gísli Guðmundsson:** Ég hefi ásamt hv. þm. V.-Ísf. leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 578 við 19. gr. frv., sem fjallar um námskeið þau, sem gert er ráð fyrir að halda utan Reykjavíkur, til þess að menn geti fengið kennslu undir minna próf. Eftir frv. er þetta bundið við 4 staði, Vestmannaeyjar, Ísafjörð, Akureyri og Norðfjörð. Ég bar fram við 2. umr. till. um, að þetta væri lagt í vald ráðuneytisins, en sú till. var felld með litlum atkvæðamun. Nú höfum við hv. þm. V.-Ísf. borið fram nýja brtt. um, að þó aðallega séu tilteknir 4 staðir, sé heimilt að halda námskeiðin á fleiri stöðum, þegar sérstaðar ástæður mæla með. Er þetta svo sanngjarnt, að ég geri ráð fyrir, að hv. d. samþ. brtt.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég get greitt atkv. með till. hv. þm. N.-Þ. En ég hefi borið fram till. á þskj. 580, sem fer í sömu átt, en er staðbundnari, þar sem farið er fram á heimild til þess að halda þessi námskeið einnig á Siglufirði. Mér virðist sá staður eiga fullan rétt á því sökum fólksfjölda og aðstöðu til atvinnulífsins, a. m. k. ekki síður en Akureyri og Norðfjörður. Vænti ég því, að hv. þm. taki till. vel.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Það er óþarft að fara langt út í þessar brtt. við frv., því svipaðar till. lágu fyrir við 2. umr., en voru þá felldar. — Ég vildi aðeins segja örfá orð út af orðum hv. 8. landsk. um, að Siglufjörður hefði sama rétt og hinir staðirnir, sem frv. nefnir. Ég skal ekki deila um, hvort Siglufjörður hefir sama rétt og hinir staðirnir, en það kemur til kasta fiskifélagsins að hafa veg og vanda af námskeiðunum, og það lagði áherzlu á, að ekki væri hringlað með þau stað úr stað. Ég get ekki heldur fallizt á, að Siglufjörður hafi þar meiri rétt en önnur þorp, t. d. Sandgerði, Akranes og Keflavík, því Siglufjörður mun hafa færri slík skip, sem undir það falla. Ég sé því ekki ástæðu til þess að breyta út af venjunni um að halda námskeiðin á 4 stöðum, einum í hverjum landsfjórðungi, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil því leggja eindregið á móti því, að þessar brtt. verði samþ., því þær geta ekki orðið til neins góðs fyrir málið.

ATKVGR.

Brtt. 580 felld með 14:7 atkv.
— 578 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GÞ, GG, HannJ, JónP, PZ, PHalld, PO, SigfJ, TT, ÁÁ, BÁ, BB, EE, JörB.

nei: FJ, GSv, GÍ, HV, JakM, JJós, PÞ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, EmJ.

ÓTh greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (JÓl, JS, JG, MT, BJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 19. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 588).

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv. hefir tekið nokkrum breyt. í hv. Nd., þó ekki efnis-

breytingum. Ég held ég megi segja, að n. sætti sig vel við það og mæli með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

48. Skattfrelsi mjólkursamsölu og fisksölusambands.

Á 54. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um, að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti (þmfrv., A. 401).

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og getið er um í grg. frv., flytur meiri hl. allshn. frv. þetta að tilhlutun hæstv. forsrh. Þó að það sé aðeins meiri hl. allshn., sem flytur frv., þá hygg ég, að ég hafi skilið það rétt, að minni hl. sé ekki mótfallinn efni frv., en hinsvegar taldi hann ekki þörf á því, að það kæmi fram, þar sem nýskeð væri fallinn dómur í hæstarétti um útsvarsskyldu sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, þar sem sú stofnun var ekki talin útsvarsskyld til Reykjavíkurbæjar. En þó að hæstaréttardómur sé fyrir því, að þetta félag sé ekki útsvarsskylt, þá er hér einnig farið fram á, að lögfest verði ákvæði um, að mjólkursamsalan verði undanþegin aukaútsvari eftir efnum og ástæðum. Ég hygg, að minni hl. hafi talið mjólkursamsöluna hliðstæða við fisksölusamlagið í þessu efni og að þess vegna væri ekki þörf á slíku lagaákvæði um hana heldur.

Að því er snertir fisksölusamlagið og dóm þann, sem upp var kveðinn í vetur um útsvarsskyldu þess, þá er það rétt, að með honum var það fríað við að greiða aukaútsvar í Reykjavík. En þess ber að gæta, að um þetta var ágreiningur í dómnum; einn dómarinn taldi stofnunina útsvarsskylda. Nú er í hæstaréttarlögunum heimild um að fjölga dómurum í réttinum úr 3 upp í 5, og er því ekki útilokað, að meiri hl. réttarins kunni að líta öðruvísi á þetta mál, þegar búið væri að fjölga þar dómurum, en um það skal ég ekkert fullyrða. En þegar ekki er hægt að byggja undanþágu þessarar stofnunar frá útsvarsskyldu á öðru en þessum dómi, þá sé ég ekkert á móti því, að Alþingi staðfesti þann dóm með því að gera þetta frv. að lögum.

Meiri hl. allshn. lítur svo á, að þetta frv. eigi að ganga fram, einkum vegna mjólkursamsölunnar. Enda þótt svo kunni að mega líta á, að hún sé hliðstæð fisksölusambandinu að nokkru, þá er það ekki að öllu leyti. Þess vegna taldi meiri hl. n. rétt að verða við óskum hæstv. forsrh. um að flytja frv.

Ég sé enga ástæðu til þess, að frv. verði aftur vísað til allshn.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég tel rétt, að þetta frv. verði athugað nánar, áður en það verður afgr. Ég hygg, að það sé ekki meining hv. meiri hl. allshn., að sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegið útsvarsskyldu, hvernig sem á stendur eða hvernig sem starfsemi þess kann að breytast. Ég tel því, að það muni vera rétt að binda slíka undanþágu frá útsvarsskyldu því skilyrði, að hún gildi einungis á meðan sölusambandið fer með tiltekinn hluta af fisksölunni, og þá náttúrlega mikinn meiri hl. hennar. Það veit enginn, hversu mikinn hluta af fiskinum sölusambandið kann að hafa með höndum framvegis. Setjum svo, að það verði aðeins 40—50% af fiskmagninu, og sé undanþegið útsvarsskyldu, en að aðrir aðiljar, sem verzla með hinn hlutann, verði að greiða útsvar af verzluninni, þá getur þessi heimild orðið til þess að skapa misrétti á milli þessara aðilja. Og það verð ég að telja mjög athugavert.

Magnús Guðmundsson: Eins og hv. frsm. tók fram, þá kærði ég mig ekkert um að vera meðflm. að þessu frv. Enda finnst mér það satt að segja í meira lagi undarlegt að flytja frv. á Alþingi til þess að staðfesta hæstaréttardóm. Í öðru lagi finnst mér það líka undarlegt, af því að ég heyri sagt, að það standi til endurskoðun á útsvarslögunum, og mundi þetta þá koma til greina í því sambandi. Í þriðja lagi er þess að gæta, sem hæstv. atvmrh. benti á, að það er engin vissa fyrir því, hvernig fisksölusambandið verður starfrækt á hverjum tíma. Það er ekki víst, að það verði rekið eins og nú er gert, en hæstaréttardómurinn er vitanlega miðaður við það skipulag, sem nú er á fisksölusamlaginu, og eins og það er nú rekið. Ég vil leggja það til, að n. taki þetta frv. aftur til athugunar. Að því er mjólkursamsöluna snertir, þá tel ég hana hliðstæða fisksölusamlaginu, þannig að hún sé ekki frekar útsvarsskyld. Frv. er því algerlega óþarft. — Það er sagt í grg. frv., að skattayfirvöldin hafi þrátt fyrir dóminn haldið áfram að leggja útsvar á sölusambandið; það hlýtur að stafa af því, að dómurinn hafi þá ekki verið fallinn, þegar slík álagning var gerð. Ef bæjarstjórnin í Rvík hefir gaman af því að standa í málaþrasi við fisksölusamlagið út af útsvarsskyldu þess til bæjarsjóðs, þá getur hún það eins, þó að þessi lög verði sett, því að hæstaréttardómur gildir sem lög. Þó að útsvar verði lagt á fisksölusamlagið, þá neitar það auðvitað að greiða, og svo verður ekki meira í því gert.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég mun hafa staðið með meiri hl. allshn. að því, að þetta frv. kæmi hér inn í þd., en í n. lýsti ég svipuðum fyrirvara gagnvart frv. og komið hefir fram hjá hv. 1. þm. Skagf. og hæstv. atvmrh., að ég teldi litla þörf á þessari löggjöf með tilliti til þess, að í vændum væri endurskoðun á útsvarslöggjöfinni. Og ef á að taka þessar stofnanir út úr og undanþiggja þær tekjuskatti og aukaútsvörum, þá hefi ég í huga fleiri stofnanir, sem ég tel, að megi einnig koma til greina í því efni. — Ég

vil taka undir þá till., að n. fái þetta frv. aftur til athugunar.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég geri ráð fyrir, að ég hafi enga ástæðu til að mæla á móti því, að þetta mál verði athugað nánar í n. En ég lít svo á að því er snertir mjólkursöluna í Rvík, að þá sé það ekki annað en ágizkun, að hún komi til með að heyra undir ákvæði samvinnulaganna um útsvarsskyldu. Það getur verið, að dómstólarnir líti þannig á; ég skal ekki fullyrða neitt um það. En ef hv. þdm. álíta rétt, að þessar stofnanir verði undanþegnar útsvari, þá fæ ég ekki séð, hvað geti verið á móti því að ákveða það með lögum. Það getur vel verið, eins og hæstv. atvmrh. tók fram, að fisksölusamlagið kunni að verða rekið í öðru formi framvegis en verið hefir, og get ég því vel fallizt á, að það muni vera rétt að binda þessa undanþágu frá útsvarsskyldu við það, að hún gildi á meðan fisksölusamlagið býr við sömu skilyrði og nú. Annars finnst mér, að þeir hv. þdm., sem talað hafa, séu samþykkir efni þessa frv., og vona ég því, að það nái fram að ganga. Ég vil ekki setja fót fyrir það, að frv. verði athugað betur í allshn., og mun ég hlutast til um, að það verði íhugað þar í tilefni af þeim aths., sem hér hafa komið fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ingvar (Pálmason): Þar sem allshn. hefir ekki unnizt tími til að taka til athugunar þær aths., sem hæstv. atvmrh. gerði við 1. umr., þá vil ég mælast til, að það verði tekið út at dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Allshn. hélt að vísu fund í gærkveldi, en hafði ekki tækifæri til þess að taka fullnaðarákvörðun um málið. Meiri hl. taldi rétt að láta málið fara til 3. umr., en allir nm. munu ekki fylgja því lengra.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 401, 530).

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. málsins gerði hæstv. atvmrh. aths. við þetta frv. og óskaði þess, að allshn. athugaði, hvort ekki mætti breyta orðalagi 1. gr. frv. Á þetta var minnzt á fundi í n., en það fekkst ekki meiri hl. til þess að flytja brtt. við þetta frv., svo að ég og hv. 1. þm. N.-M. höfum flutt brtt. við 1. gr. á þskj. 530, og er hún í samræmi við þá aths., sem hæstv. atvmrh. gerði við frv. við 1. umr. Eins og hv. þm. sjá, gengur brtt. út á það að skilgreina, með hvaða skilyrðum sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegið tekju- og eignarskatti og útsvari, og lítum við flm. svo á, að það sé fyllilega réttmætt að binda þetta ekki við nafnið eitt, heldur skilgreina, hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að verða þessarar undanþágu aðnjótandi. Að öðru leyti skýrir brtt. sig sjálf.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, gerðist ég með öðrum hv. nm. flm. málsins, en ég gat þess þá um leið, að þessu máli þyrfti ekki að hraða. Ég gat þess líka, að ég teldi rétt að láta ákvörðun um þetta bíða, þar til búið væri að framkvæma endurskoðun á útsvarslögunum, sem væntanlega verður gert nú á milli þinga, og þar sem nú sem stendur er ekki hætta á því, að þessi fyrirtæki séu skattlögð samkv. hæstaréttardómi, þá álít ég, að það sé óþarft að lögfesta þetta frv. á þessu þingi. Brtt. sú, sem liggur hér fyrir á þskj. 530, er aðeins orðabreyting. Af þessum ástæðum er ég því mótfallinn, að þetta mál verði látið ganga lengra að þessu sinni.

ATKVGR.
Brtt. 530 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.
nei: GL, MJ, PM, SÁÓ, ÞBr, ÞÞ.
MG greiddi ekki atkv.
Einn þm. (JAJ) fjarstaddur.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 566).

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

*Ólafur Thors: Ég sé í sjálfu sér ekkert á móti því, að sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og mjólkursamsalan séu undanskilin útsvari, þótt ég geti vel hugsað mér, að þetta undanþáguákvæði þyki orka tvímælis, og sérstaklega þó í hugum þeirra manna, sem eiga að sjá farborða fjárhagslegri afkomu Rvíkurbæjar.

Það er þó í sjálfu sér ekki aðeins þetta frv. og ákvæði þess, sem ég ætla að segja nokkur orð um, heldur ætla ég að nota þetta frv. til þess að láta þá skoðun í ljós, að þau fríðindi, sem eru hér ætluð bændum með því að undanþiggja samsöluna útsvari, eru einskis virði samanborið við hitt, ef bændur fengju í sínar hendur það vald yfir sínum málum, sem þeir hafa krafizt.

Það mun vera rétt, að í mjólkurlögunum, sem samþ. voru á haustþinginu 1934, eru bein ákvæði í þá átt, að lögin skuli vera endurskoðuð á þinginu 1936. Nú hafa verið lögð fyrir Alþingi tvö frv. um breyt. á mjólkurlögunum, en hvorttveggja þeirra hefir varla svo mikið sem komizt á dagskrá. Ef tilgangurinn er sá, að Alþingi láti enga endurskoðun fara fram, þá mun þar vera um lögbrot að ræða, eða a. m. k. brigðmælgi. Ég veit ekki, hvað landbúnaðarráðh. telur sér sæma að hundsa lengi vilja bænda í þessu efni. Það er enn minni ástæða fyrir hann að gera það, eftir að Kaupfélag Borgfirðinga hefir með samróma fundarsamþykkt ríðið á vaðið og sent frá sér yfirlýsingu um það, að það krefjist þess, að yfirráðin yfir mjólkursamsölunni séu fengin bændum einum í hendur. Með þessu er því yfirlýst af hendi þeirra aðilja, sem mest eiga undir þessum lögum, og í raun og veru allra annara en þeirra, sem ráða í Mjólkurbúi Flóamanna, að þeir eru á einu máli um það, að breyt. skuli gerð á mjólkurlögunum samkv. þeirra kröfum. Þessar kröfur eru svo af Alþingi undir forystu landbúnaðarráðh. ekki metnar meira en það, að þær eru alls ekki teknar til umr.

Mér þykir rétt að nota þetta tækifæri, þó ég vilji ekki ofreyna þolinmæði hæstv. forseta og hefja umr. um mjólkurmálið, til þess að segja að það, sem gert er fyrir bændur með ákvæði þessa frv., eru hundsbætur hjá hinu, sem krafizt er og þeir eiga fullkomlega rétt á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20:3 atkv.
Till. um að vísa því til allshn. felld með 14:5 atkv.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 614).

---

49. Jarðræktarlög (frv. JörB).

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til jarðræktarlaga (þmfrv., A. 391).

Á 54., 55. og 56. fundi í Nd., 22., 24. og 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

*Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég mun að þessu sinni láta mér nægja að mestu leyti að vísa til grg. þeirrar, sem frv. fylgir. Ég ætla, að í henni sé drepið nokkuð á þær höfuðbreyt., sem frv. þetta hefir í sér fólgnar á gildandi lögum um það efni, sem frv. fjallar um. Ég get þess vegna ekki séð ástæðu til þess — fyrr en þá að ég heyri raddir frá hv. þdm. — að fjölyrða um málið.

Breyt. þær, sem lagt er til, að gerðar séu, eru að vísu allvíðtækar og allmörgum atriðum vikið við frá því, sem gilt hefir, og allmörg nýmæli tekin upp, sem ekki hafa áður gilt í þessum lögum.

Ég ætla þá með nokkrum orðum að víkja að þeim atriðum, er ég hygg, að skipti allmiklu máli, og skal ég þá fyrst víkja að I. kafla, um stjórn ræktunarmálanna og verkefni B. Í. hvað þau áhrærir. Þar er gert ráð fyrir, að landbrh. hafi yfirstjórn þessara mála og sé æðsta vald, eins og tíðkazt hefir og er í gildandi lögum.

Þá er lagt til, að val búnaðarmálastjóra sé bundið samþykki ráðh. Meðan valdsvið hans er jafnvíðtækt og nú er og félagið hefir með höndum jafnmiklar framkvæmdir fyrir hönd þess opinbera, þá virðist það vera rétt, ekki ótilhlýðilegt og í alla staði sanngjarnt, að val hans sé bundið þessu skilyrði, þar sem milli þessara manna hlýtur ætíð að vera mjög náin samvinna, og hefir það því eigi litla þýðingu, að reynt sé að búa svo um, að sú samvinna verði sem bezt.

Nú dettur mér ekki í hug að segja, að þótt þetta ákvæði væri ekki, þá yrði samvinnan ekki góð, enda er ekki gengið lengra en svo, að þetta gildir aðeins þegar um val búnaðarmálastjóra er að ræða, en hinsvegar getur vel svo til borið, að ráðherraskipti verði, og er þó gert ráð fyrir, að búnaðarmálastjóri haldi sín starfi áfram.

Annað atriði, sem um ræðir í þessum kafla og rétt er að víkja að, er það, að ef búnaðarmálastjóra og stj. búnaðarfélagsins greinir á, þá á landbrh. að skera úr ágreiningnum, og skulu báðir aðiljar hlíta þeim úrskurði. Þetta er svo meint, að greini búnaðarfélagsstjórn og búnaðarmálastjóra á um málefni, er Búnaðarfélag Íslands fer með í umboði ríkisvaldsins, þá skuli landbrh. skera úr. Um önnur ágreiningsatriði er ekki til þess ætlazt, að landbrh. hafi afskipti af þeim.

Þá er annað mikilvægt atriði, sem ég veit ekki, hvernig menn kunna að líta á, en það er val fulltrúa til búnaðarþings. Nú er það svo, að ekki eru hafðar beinar kosningar til búnaðarþings, heldur kjósa búnaðarfélögin fulltrúa

til að mæta á sambandsfundum, og þeir velja svo aftur fulltrúa til búnaðarþings, en menn heima í sveitum kjósa ekki beinlínis búnaðarþingsfulltrúana. Þetta er óheppilegt fyrirkomulag, og vil ég, að bændur velji sjálfir fulltrúa á búnaðarþing. Búnaðarþing hafa látið sig málefni landbúnaðarins miklu skipta, og er því nauðsyn, að þingið sé nógu fjölmennt og nægilega vel mönnum skipað til þess að geta tekið til meðferðar þau stórmál, er landbúnaðinn varða helzt. Ég fullyrði, að þetta hafi ekki fyllilega getað verið eins og þurft hefði undanfarið, og liggur það sumpart í því, að menn hafa ekki verið nógu margir til að geta sinnt ýmsum verkefnum, sem þeir hafa þó vafalaust viljað taka til meðferðar. Með því að fjölga búnaðarþingsfulltrúunum og láta bændur velja þá sjálfa, held ég, að stofnunin geti orðið færari um að leysa af hendi verkefni sín og að menn myndu geta borið betra traust til hennar. Í grg. frv. er minnzt á landssamband bænda, sem ég vil ekk ert fullyrða um, hve mikið eða þarft starf liggur eftir. En mér finnst, að ef búnaðarþing væri skipað hæfilega mörgum mönnum og ef bændur gætu treyst því, að þingið hefði nógum kröftum á að skipa til að geta sinnt málefnum þeirra, þá hefðu þeir varla þurft að mynda félagsskap eins og landssambandið. Því tel ég það mikilvægt atriði, að svo sé frá þessari stofnun bænda gengið, að þeir þurfi ekki að hafa með sér annan félagsskap til að leysa af hendi þau verkefni, sem heyra undir búnaðarþingið.

Þar sem hér er um privatfélagsskap að ræða, býst ég við, að mönnum finnist óþarfi, að löggjafarvaldið sé að setja fyrirmæli um þetta allt. En þegar þess er gætt, hve mörg af störfum stofnunarinnar eru unnin í umboði ríkisvaldsins og hve tengslin eru hinsvegar lítil milli hennar og ríkisvaldsins, mun mörgum finnast, að þetta sé ekki óeðlilegt fyrirkomulag.

Til skamms tíma var það fyrirkomulag á stj. þessa félags, að Alþingi kaus 2 af 3 í stj. félagsins. Búnaðarþingið óskaði þess fljótt að vera laust við þetta fyrirkomulag og vildi sjálft fá að kjósa stj., en láta ríkisvaldið skipa annan endurskoðandann, án þess að nánari tengsl væru svo við ríkisvaldið. Ég þarf ekki að taka fram, hver mín afstaða var og fleiri hv. dm. Ég taldi þessa breytingu athugaverða og ekki rétt að gera breytingar í þá átt, að ekki væru nánari tengsl milli ríkisvaldsins og búnaðarþingsins en þetta, þar sem búnaðarfélagið hefði allt sitt starfsfé, að heita má, frá ríkinu. Þó var að þessu ráði horfið. En ég hygg, að heppilegra væri, með tilliti til framtíðarinnar, að slík ákvæði sem þessi væru sett í löggjöfina, er ákveða, að bændur skuli sjálfir hafa á valdi sínu valið til búnaðarþingsins, og svo um hin nánari tengsl milli ríkisvaldsins og búnaðarfélagsins.

Í 8. gr. er ákvæði um það, að ef búnaðarfélagið kýs að vera laust við þessi mál, sem að hefir verið vikið, þá skuli landbrh. ráða þeim til bráðabirgða, eða þar til önnur skipan hefir verið á þessu gerð. Þetta hlýtur að teljast sjálfsagt, því að óeðlilegt væri að hafa ekki ákvæði í l. um það, hver skuli sjá um framkvæmd málanna, ef búnaðarfélagið hættir því.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að II. kafla frv., og læt ég mér þá að mestu nægja að skírskota til grg. frv., en þar er nógsamlega gerð grein fyrir því, hve hátt skuli vera framlag hins opinbera til styrktar jarðrækt og húsabótum. Er styrkurinn ákveðinn mishár eftir því, hve mikið búið er að greiða til umbóta á jörðunum. Jarðir, sem fengið hafa innan við 1000 kr., fá meira en hinar. Jarðir, sem fengið hafa 1000—3000 kr., fá styrk samkv. 9. gr. frv. Svo er ákveðið í 11. gr., að býli, sem fengið hafa 3000—4000 kr., skuli fá 25% minna, en 50% minna þau, sem fengið hafa 4000—5000 kr. Loks er lagt til, að býli, sem fengið hafa 5000 kr., fái ekki frekari styrk. Þetta er miðað við gildistöku jarðræktarl. nr. 43 23. júní 1923. Þetta á þó aðeins við sérstök býli, eins og tekið er fram í 11. gr. frv. Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, er lagt til, að dregið verði úr styrkveitingunni, þannig að styrkur sá, er þau hafa hlotið, reiknast 25% hærri en hann var, og viðbótarstyrkurinn miðaður við þá upphæð, sem þannig kemur fram. Ef býli er skipt og jarðarhlutarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða lífstíðarábúð, þá skal draga frá 25% af upphæð styrksins, áður en skiptin fara fram. Á jörðum, sem þannig eru partaðar sundur, fær þá hvert býli á 6. þús. kr., og er þetta gert til að hvetja menn til að skipta jörðunum.

Um nokkuð margar greinar styrks, sem áður hefir verið veittur, er það lagt til, að hann haldi sér. Aftur hefir verið hækkaður nokkuð styrkur til framræslu. Lækkaður hefir verið lítilsháttar styrkur til þaksléttna og græðisléttna, en til sáðsléttna hefir hann verið látinn haldast óbreyttur. Mönnum þykir e. t. v. miður, að framlög til þessara hluta skuli hafa verið lækkuð. Og ég hefði sjálfur kosið, að styrkurinn hefði allsstaðar getað orðið jafnhár og áður a. m. k. En það hefir hingað til ekki verið um jafnvægi að ræða í ræktun þessara sléttna. Er heldur ekki sanngirni að hafa sama styrk fyrir endurbætur í óræktaðri jörð og sáðsléttu í túni. Óræktað land krefst mikillar vinnu og áburðar, og er ekki rétt að styrkja slíka nýrækt að jöfnu við aðra ræktun. Ef menn una því illa, að þessi styrkur sé lækkaður til býlanna, leiðir af sjálfu sér, að hækka verður framlagið til sléttunar í óræktaðri jörð. Vil ég í þessu sambandi minna á það, sem þeir hafa sagt um þetta atriði Ólafur Jónsson, Kristján Klemenzson og Árni Eylands.

Með auknum styrk til framræslu vona ég, að betur verði séð fyrir þurrkun lands þess, sem ætlað er til ræktunar. Hefir oft mikið vantað á, að það væri gert sem skyldi. Sú aukning, sem hér er gert ráð fyrir, að verði á framlögum í þessu efni, vona ég, að muni greiða fyrir betri þurrkun landsins. Ef ræktunin á að bera fullan árangur, verður að þurrka landið betur.

Lagt er til, að nokkur hækkun verði á hámarki framlags til byggingar á safnþróm og áburðarhúsum. Er lagt til, að hámarksstyrkur hvers býlis til þessara hluta nemi 1500 kr. Nægir það til að byggja safnþró fyrir fjós með 15—20 nautgripum, og er það langt ofan við meðallag þess, sem tíðkast hér á landi. Er því fyllilega fyrir því séð, að þetta geti verið orðin myndarleg og góð býli.

þegar hætt er að styrkja. Yfirleitt er hámark styrks til jarðræktar og húsabyggingar miðað við það, að skapazt geti góð bú með 15—16 kúm, góðum byggingum og ca. 15 ha. ræktaðs lands. Býli, sem þannig hafa verið endurbætt, eru góðar jarðir á okkar mælikvarða.

Ég held, að ég víki svo ekki frekar að þessum kafla. Eru þar reyndar enn nokkrar breytingar, er snerta rétt manna til að vinna af sér jarðarafgjöld. Ég sé ekki ástæðu til, að þeir ábúendur ríkisjarða, sem eiga kost á erfðafestu, fái hærri styrk en aðrir. Þeir njóta samkvæmt frv. sama styrks. Öðru máli gegnir um þá, sem ekki geta fengið jarðir hins opinbera á erfðaleigu. Þeir eiga þá rétt á að vinna af sér afgjaldið til þess að geta notið þeirra umbóta, er þeir gera á jörðinni. Eru oftast litlar líkur til, að niðjar þeirra geti notið þessara umbóta, og er því sjálfsagt, að þeir fái tækifæri til að vinna af sér afgjöldin.

Ég mun ekki fara sérstaklega út í ákvæði III. kafla, um félagsræktun. Þar sem fjölbyggt er, í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, er gert ráð fyrir, að menn hafi með sér félagsskap um ræktun. Verður það ódýrara og á ýmsan hátt hagkvæmara.

Þá hafa verið tekin upp í frv. ákvæði um verkfærakaupasjóð, og mun ég ekki rekja þau hér. En ég vil geta þess, að af vangá hefir fallið niður ákvæði um hámark þess styrks, sem hver bóndi má fá til verkfærakaupa, en ætlazt er til, að það hámark sé 300 kr. Ég tel sjálfsagt að setja þetta hámark, eða e. t. v. eitthvað ríflegra. Ég vil benda hv. landbn. á að athuga þetta atriði.

Þá er V. kafli, um vélasjóð, og vísa ég að því er hann snertir til grg. frv.

VI. kafli er um búferlaflutning. Þar eru nokkur ný ákvæði, og hygg ég, að grg. sýni nógsamlega, hvað fyrir okkur hefir vakað.

Þá er VII. kafli. Í kaflanúmerinu hefir fallið niður einn stafur. Stendur þar VI. fyrir VII., og verður það leiðrétt. Þar eru ákvæði nokkru fyllri en þau, sem um erfðaleigulönd hafa gilt. Höfum við í því efni fengið ýmsar bendingar frá Pálma Einarssyni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að þessu sinni að fjölyrða öllu meira um þetta mál. — Ég hefi rekizt á einstaka prentvillur, og má vera, að þær séu fleiri en ég hefi tekið eftir, en þær verða að sjálfsögðu leiðréttar og eru ekki þess eðlis, að ekki sé fyllilega sýnileg hin rétta meining. Ein af þessum prentvillum er í upphafi grg., þar sem talað er um, hvað aðrar menningarþjóðir hafi gert fyrir jarðræktina hver í sínu landi. Þar er sagt: „Þetta hafa aðeins þær þjóðir gert, sem hafa haft margþætta atvinnuvegi“. Þetta á að vera: „Þetta hafa eins þær þjóðir gert“ o. s. frv. — og vitanlega sér hver maður, að það á þannig að vera. — Svo er prentvilla á bls. 19, 1. línu, í samanburðinum á styrk samkv. jarðræktarlögunum nú og till. Þar stendur styrkur samkv. jarðræktarlögum kr. 7.50, en samkv. till. 8.50, og mismunurinn er náttúrlega ein króna, en ekki kr. 1.50, eins og þar stendur. Þetta sjá líka allir. — Svo er villa á bls. 43, og vantar þar í tvo dálka eitt 0, á að vera 2000—3000 og yfir 3000. Allt eru þetta auðsæjar villur, og vil ég biðja hv. þm. að taka þetta til greina. Nokkrar fleiri smávægilegar prentvillur hefi ég rekið mig á, en ég sé ekki ástæðu til að benda á það frekar. Mun ég því láta máli mínu lokið og geri það að till. minni, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til landbn.

***Jón Sigurðsson:** Það er nú orðið nokkuð síðan vitað var, að ríkisstj. var að undirbúa breyt. á jarðræktarlögunum, og þessar breyt. koma víst fáum á óvart, sem þekkja hugarfar stjórnarflokkanna til Búnaðarfélags Íslands og annara þeirra manna, sem fremst hafa staðið í fylkingarbrjósti þeirra, er unnið hafa að ræktun landsins og mesta trú hafa haft á gróðurmagni íslenzkrar moldar.

Ég mun ekki að þessu sinni ræða um frv. í heild, en aðallega snúa mér að þeim breyt, sem ætlazt er til, að gerðar séu á Búnaðarfélagi Íslands, og 1. kafli fjallar um. — Þegar jarðræktarlögin voru sett árið 1923, var það eitt af því, sem sett var inn í þau, að landbn. Alþingis skyldu kjósa tvo menn í stjórn. Þetta var gert með samkomulagi við þá stj. búnaðarfélagsins, sem þá sat. Út af þessu ákvæði var alltaf mikil óánægja innan búnaðarfélagsins, og það hafði síðar unnizt á, að þetta ákvæði var fellt niður. Það hefði því mátt vænta þess, að félagið fengi nú að vera í friði og starfa eftir þeim reglum, sem það hafði sett sér. En það er öðru nær en svo sé. Í 2. gr. frv. er það tekið fram, að val búnaðarmálastjóra skuli vera bundið samþykki landbrh. Með öðrum orðum, ef landbrh. sýnist, að búnaðarmálastjóri hafi ekki verið valinn eftir sínum geðþótta, þá getur hann sett þann mann, sem honum sýnist. Þetta var af hv. flm. stutt með því, að mikið ylti á góðri samvinnu milli landbrh. og búnaðarmálastjóra. Þessu vil ég ekki neita, en þá átti líka að gera ráð fyrir því, að ef nýr landbrh. yrði valinn, þá yrði búnaðarmálastjóri að víkja, ef ekki væri gott samkomulag um starfið; annars er ekki um að ræða tryggingu fyrir góðri samvinnu. Eins og allir vita, er oft skipt um landbrh., en hinsvegar er það svo um búnaðarmálastjóra, að þar virðist vera um starf að ræða, sem geti orðið æfistarf. Það er ekki gert ráð fyrir, að þessum manni verði vikið frá starfi af ráðh. Það er því aðeins gert ráð fyrir þörf á samvinnu á milli búnaðarmálastjóra og þess ráðh., sem skipar hann í fyrstu, en ekki verið að tryggja almennt góða samvinnu milli landbrh. og búnaðarmálastjóra, heldur hið gagnstæða. — Þetta er sú hliðin, sem veit að ríkisstj. Hin hliðin veit svo að stjórn búnaðarfélagsins, og er búnaðarmálastjóri þar sérstakur valdsmaður og getur farið sínu fram og þarf ekki að taka tillit til þess, sem búnaðarþingið ákveður, því að í 3. gr. segir svo: „Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á, skal skjóta ágreiningsatriðinu til landbrh., er fellir fullnaðarúrskurð um málið.“ Hv. frsm. upplýsti, að þetta ætti aðeins við þau mál, er snerta þær framkvæmdir, sem búnaðarmálastjóra er með lögum þessum falið að annast í samráði við stj. félagsins, en þá vantar þetta í gr. og hefði átt að standa þar: „Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um stjórn og framkvæmdir“ o. s. frv. Eins og gr. er nú orðuð, má skilja hana þannig, að búnaðarmálastjóri

geti alltaf tekið ráðin af búnaðarfélaginu í samráði við landbrh.

Þá var annað atriði, sem hv. flm. lagði aðaláherzlu á, og það var breyt. á kosningu til búnaðarþings. Í framsöguræðu sinni og í grg. er lögð áherzla á tvær ástæður, sem séu fyrir því að breyta þessu kosningafyrirkomulagi. Í fyrsta lagi það, að bændur séu óánægðir með það fyrirkomulag, sem nú er, og í öðru lagi, að það sé afaróheppilegt og beint brot á almennum lýðræðisreglum. Ég hefi ekki orðið var við þessa óánægju hjá bændum, en ég hefi orðið var við hana annarsstaðar og skal víkja að því síðar. Svo sem til að sanna það, sem sagt er um óánægju bænda, er bent á það, að þeir hafi stofnað landssamband, og það á að vera sprottið af þessari óánægju. Þetta er vitanlega mesta fjarstæða og rökvilla. Það mætti engu síður halda því fram, að landsfundir framsóknarmanna væru sprottnir af því, að flokksmenn væru sáróánægðir með þm. sína. Landssambandið er ekkert annað en stéttarsamtök, og slík samtök geta verið ágæt og haft hvetjandi áhrif við hlið búnaðarþingsins. Landssambandið hefir nákvæmlega sömu afstöðu gagnvart búnaðarþinginu eins og flokkaþingin gagnvart flokkunum í þinginu. Svo er, eins og hv. flm. drap á, ekki hægt að koma öllum mönnum, sem eru áhugasamir um landsmál, á þing, og ekki heldur á búnaðarþing. Þessir fundir eru til þess að veita þessum áhugasömu mönnum tækifæri til að koma fram með skoðanir sínar. Það er því firra ein, að landssamband bænda sé á nokkurn hátt vantraust á búnaðarþingið, heldur þvert á móti, því að landssambandið vísar málum sínum til búnaðarþingsins. Sú óánægja, sem ég hefi orðið var við, er aðeins frá einum manni, og hefir þessi óánægja komið fram í málgagni Framsfl., *Tímanum*. Sá maður, sem hefir alið á þessari óánægju, er form. Framsfl.; hefir hann eftir föngum reynt að gera búnaðarþingið tortryggilegt og níða niður störf þess. Hann er ekki bóndi, og þegar talað er um vilja bænda, þá er ekki um hann að ræða sem neinn mælikvarða, enda vita allir, að þessi úlfúð hans við búnaðarþingið er af pólitískum rótum runnin.

Þá er sú ástæðan, að kosningafyrirkomulagið sé óheppilegt og brot á almennum lýðræðisreglum. Þetta ákvæði er sett fyrir fáum árum undir stjórn Tryggva Þórhallssonar og með samþykki allra þeirra, er þá sátu á búnaðarþingi. Þetta skipulag, að félögin kjósi fyrst fulltrúa til þess að mæta á fundum búnaðarsambandanna og fulltrúar þessir kjósi síðan fulltrúa til búnaðarþings, er nákvæmlega það sama *eins og í* S. Í. S., og þetta fyrirkomulag telja hv. flm. frv. og aðrir þeir, sem að því standa, að sé bæði óheppilegt og beint brot á almennum lýðræðisreglum!!

Nú mætti gizka á það, að hér þætti meira um vert, hvernig tækist að skipta því fé, sem búnaðarþingið hefir til umráða, að það þætti enn meira varða heldur en hvernig tekst að fara með fé það, sem S. Í. S. hefir með höndum, því að hvorttveggja eru privatstofnanir, sem hafa mikilsverða þýðingu fyrir bændur. Nú er hægt að upplýsa það, að fé það, sem Búnaðarfélag Íslands fer með, er um eða innan við eina milljón kr. á ári, en aftur á móti hefir S. Í. S. nálega allan útflutning bænda í sínum höndum og auk þess megnið af innkaupum, og sú upphæð, sem þar kemur til greina, er ekki innan við eina millj. kr. á ári, heldur skiptir hún mörgum millj. kr., og er óhætt að fullyrða, að hagur bænda veltur mjög á því, hversu farið er með það fé. Það er því síður en svo, að þörf sé á að breyta þessu kosningafyrirkomulagi búnaðarfélagsins fremur en kosningafyrirkomulagi annara privatfélaga hér á landi. En það hefir ekki heyrzt orð í þá átt, að þetta fyrirkomulag væri óheppilegt hjá S. Í. S. og að því þyrfti að breyta, og setti þó Alþingi á sínum tíma lög um S. Í. S.

Eins og ég benti á, er þetta kosningafyrirkomulag eðlileg afleiðing af því skipulagi, sem á þessum félagsskap er á okkar landi, að hann byggir sig þannig upp stig af stigi, og ég hygg að þessu sé ekki í nokkru landi eins eðlilega og vel fyrir komið. En það, sem vakir fyrir form Framsfl. og öðrum þeim, sem að þessu standa, er, að þeir finna, að það er örðugra að koma pólitískum æsingum að við kosninguna, þegar þannig er kosið, heldur en þegar um beinar kosningar er að ræða og hægt er að ná til hvers einstaks kjósanda með pólitískum agitationum. Til búnaðarþingsins eru helzt kosnir þeir mennirnir, sem bændur trúa bezt fyrir málum sínum, án þess að spurt sé um pólitískar skoðanir þeirra, og þótt þeir hafi pólitískar skoðanir, þá er ábyrgðartilfinning þeirra svo mikil, að þeir vilja ekki draga búnaðarfélagið niður í það pólitíska sorp, *sem nú er til ætlazt með till.* þessum, að það lendi í.

Þá er ennfremur ein till., sem ég vil gera að umtalsefni, og er í svokölluðu ákvæði til bráðabirgða. Þetta ákvæði virðist sanna það, að þrátt fyrir það, þótt þetta frv. hafi verið lengi í smíðum, þá hafi það verið samið í svo miklu flaustri, að ekki hafi þeir, sem við smíði þess áttu, gefið sér tíma til að gá í lög Búnaðarfélags Íslands til þess að sjá, á hvern hátt það gæti breytt lögum sínum, svo að löglega væri að farið. Í bráðabirgðaákvæðinu er svo ákveðið, að þegar lög þessi hafi öðlazt staðfestingu, skuli landbrh. hlutast til um, að stjórn Búnaðarfélags Íslands kveðji búnaðarþing til aukafundar, og þetta búnaðarþing á að hafa komið saman svo snemma, að nýjar kosningar til búnaðarþings samkv. þessari löggjöf geti verið búnar fyrir næstkomandi áramót. Nú er það þannig samkv. lögum búnaðarfélagsins, að ekki er heimilt að halda búnaðarþing nema annaðhvort ár, og næsta *þing verður ekki fyrr en á næsta ári, og þessum* lögum er ekki hægt að breyta nema á búnaðarþingi. Með þessu ákvæði er svo til ætlazt, að kallaður sé saman aukafundur, sem ekkert lagalegt gildi hefir, og sá fundur á svo að breyta þeim lögum, sem kosið er eftir. Það sýnir, hve hlýjan hug og hve mikla virðingu þessir menn bera fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að þeir skuli bjóða því önnur eins sómaboð. Ég sé ekki annað en allt þetta stefni að því að gera búnaðarfélagið að gólfþurrku, sem ósvifinn ráðh. geti farið með eftir geðþótta sínum, og kosningar til búnaðarþings að pólitísku æsingamáli, og loks að

því, að þröngva búnaðarþinginu til þess að breyta lögum sínum á algerlega ólöglegan hátt.

Ég minntist á það áðan, að búnaðarfélagið væri sjálfstætt félag, og hv. flm. sagði líka í ræðu sinni, að það væri prívatfélag. Ég held, að þetta félag hafi notið óskoraðs trausts þings og þjóðar. Því hefir verið falið að úthluta jarðræktarstyrk, og mörg önnur vandasöm trúnaðarstörf hefir það leyst af hendi. Það er þess vegna mjög eðlilegt, þegar slíkt frv. kemur fram, að ýmsum verði það fyrir að spyrja, hvað Búnaðarfélag Íslands hafi unnið til saka, sem gefi ástæðu til þess, að það sæti slíkri meðferð. Hefir það svikizt um að leysa þau verk af höndum, sem því hefir verið trúað fyrir? Ég veit ekki til þess, að svo sé, og hefi engar kvartanir heyrt um það. Ég held, að bæði framkvæmd jarðræktarlaganna og önnur þau mál, sem félagið hefir haft til framkvæmda, hafi það reynt að fara með eftir beztu getu. Vafalaust hefir orðið misbrestur á í einhverju atriði, en það hefði líka efalaust orðið svo hjá hverjum, sem með öll þessi vandamál hefði farið.

Þá er annað spursmál. Hefir félagið farið illa með það fé, sem það hefir haft til umráða? Ég held ekki. Það má ef til vill einhversstaðar tylla tá á misfellu, en með þetta fé hefir alltaf verið þannig farið, að ráðh. hefir samþ. þá áætlun, sem búnaðarþingin hafa samþ., og nú síðast staðfesti núv. landbrh. orðalaust þá áætlun, sem síðasta búnaðarþing setti. Það virðist því svo sem hann hafi ekki haft neitt sérstakt út á hana að setja.

Þá er það síðasta, sem mig langar til að spyrja um og vikið er að í grg. Hvaða félagsskapur bænda er það, sem Búnaðarfélag Íslands hefir vanrækt, en er þó innan þess verkahrings? Í grg. er verið að gefa það í skyn, að svo sé um sum þau félagsmál, sem búnaðarfélagið hafi ætlað sér að varðveita, eða séu innan þess ramma, sem það hafi sett sér. Mér er það ekki heldur kunnugt, og vildi ég fá upplýsingar um það, hvaða mál það var sérstaklega, sem Búnaðarfélag Íslands hefir vanrækt. Ég tel, að þær breyt., sem hér um ræðir, muni algerlega kyrkja félagið, og mér liggur við að segja, að það væri eins gott að leggja félagið niður sem slíkt eins og að afhenda pólitískum ráðh. yfirráð yfir félaginu, svo að hann geti leikið með það eftir sínum geðþótta. Annars er ég hissa á því, að þetta skuli eiga að ganga yfir búnaðarfélagið eitt. Það eru til stór félög, sem njóta stuðnings þess opinbera, t. d. S. Í. S., sem nýtur a. m. k. óbeinlínis miklu hærri styrks of opinberu fé heldur en búnaðarfélagið. Hvað ætli stuðningsmenn þessa frv. mundu segja, ef S. Í. S. væri tekið svipuðum tökum eins og gert er ráð fyrir að taka Búnaðarfélag Íslands? Ég er hræddur um, að það kæmi hljóð úr horni, ef slíkt kæmi fram.

Að endingu vil ég benda hv. þm. á það, að Búnaðarfélag Íslands er annað eða þriðja elzta félag þessa lands, og það á 100 ára afmæli á næsta vetri, þegar tekið er tillit til þess félags, sem var undanfari þess. Ég verð að segja, að það eru kaldar kveðjur, sem þessu merkilega félagi eru sendar með þessu frv., og ég hafði satt að segja hugsað mér, að hæstv. ríkisstj. mundi færa Búnaðarfélagi Íslands aðra afmælisgjöf á 100 ára afmæli þess en þá, að leggja það að hálfu leyti niður, eins og hér á að gera.

*__Jón Pálmason:__ Hv. síðasti ræðumaður hefir að nokkru leyti tekið af mér ómakið við að svara, en ég kvaddi mér hljóðs meðan hv. flm. var að tala, svo að það sakaði ekki, þó að hv. 7. landsk. væri hleypt fram fyrir mig, því að nógu er að svara, þrátt fyrir það, sem hann hefir vikið að.

Um það bil, sem við komum á þingið, fengum við þær fréttir, að búið væri að skipa mþn. til þess að undirbúa breyt. á jarðræktarlögunum og skipulagningu Búnaðarfélags Íslands. Við þetta var náttúrlega ekkert að athuga, og svo var útbýtt hér í þinginu frv. frá þessari n., en því var aðeins útbýtt til fylgismanna stj. Ég gerði nokkra tilraun til þess að fá þetta frv. í hendur, en því var neitað. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessari óþinglegu aðferð. Ég skal láta það ósagt, hvort búið er að tryggja, að frv. þetta nái óbreytt fram að ganga, en það vekur illan grun, að strax og farið er að andmæla þessu frv. hér í þessari hv. d., fer mikill meiri hl. af stuðningsmönnum hæstv. stj. af fundi. Mér þykir þó vænt um að sjá, að sá hv. þm., sem er stjórnarnefndarmaður í Búnaðarfélagi Íslands, er hér enn.

Skal ég svo víkja að frv. nokkrum orðum. Undanfarin hér um bil 20 ár hafa verið sett fjölmörg lög íslenzkum landbúnaði til hagsbóta, en ég þori að staðhæfa, að engin af þessum lögum hafa verið jafnvinsæl og þýðingarmikil eins og jarðræktarlögin frá 1923. Því til sönnunar, hvað þessi lög eru vinsæl, má geta þess, að ýmsir stjórnmálamenn hafa keppzt um að þakka sér meiri hlutdeild í þessari löggjöf en þeir hafa átt. Það atriði þessara laga, sem lengi hefir verið deiluefni, er þau skilyrði, sem sett eru til þess, að bændur geti fengið styrk; til þess hefir meiri hl. stj. Búnaðarfélags Íslands þurft að vera skipaður eftir ákvörðun Alþingis. Þessu hefir verið mótmælt af bændum víða um land um langt árabil, og ég fullyrði, að í þessu efni hefir enginn flokkságreiningur komið til greina. Og loks eftir mikla baráttu var samþ. frv. á síðasta þingi, sem ég var flm. að, um að kippa þessu í lag, þannig að búnaðarþingin skuli kjósa alla stjórn félagsins, eins og vera ber. Það hefir komið í ljós við þær umr., sem fram hafa farið undanfarin ár um þetta mál, að uppi eru tvær stefnur í landinu að því er snertir fyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands. Önnur er sú, sem ég hygg, að flestir bændur landsins fylgi, að þessi félagsskapur skuli vera sem frjálsastur og sem minnst háður hinu pólitíska valdi; hin stefnan er sú, að Búnaðarfélag Íslands skuli ekki vera til, en í þess stað skuli koma stjórnarskrifstofa, sem á að heyra beint undir stjórnarráðið. Síðari stefnan hefir að vísu farið huldu höfði, sökum þess að þeir, sem berjast fyrir henni, hafa fundið, að hún er óvinsæl. Þess vegna hafa þessir menn farið bil beggja með því að setja inn í jarðræktarlögin þau ákvæði, sem hér er vikið að, en annars gengur frv. það, sem hér liggur

fyrir, miklu lengra en eldri ákvæði í því að rýra vald búnaðarfélagsskaparins og Búnaðarfélags Íslands, því að stjórn búnaðarfélagsins er gerð valdalaus, ef hana greinir á við þann framkvæmdarstjóra, sem hún á að sjálfsögðu að eðlilegum hætti að ráða yfir, en það er búnaðarmálastjóri.

Þá vil ég snúa mér að skipun búnaðarþinganna, sem hv. síðasti ræðumaður hefir drepið svo rækilega á, að ég þarf ekki að fara langt út í það, enda kemur það út af fyrir sig ekki beinlínis þessu máli við, en hitt kemur málinu við, að hér skuli vera gerð tilraun til þess að brjótast með löggjöf inn á einkasvið félagsskapar, sem á að vera óháður og ráða sínum málum sjálfur. Hér er með öðrum orðum verið að beita aðferð, sem ég vil mótmæla harðlega í þessu sambandi, því að samkv. þessu frv. er það gert að skilyrði fyrir styrkveitingu samkv. jarðræktarlögunum, að það sé einhver ákveðin skipun á öllum búnaðarfélagsskapnum í landinu. Ef hér væri rétt farið að af hálfu þeirra, sem vilja breyta þessu skipulagi, þá stendur sú leið vitanlega opin að semja frv. og till. og „agitera" fyrir þeim á eðlilegum vettvangi, sem er búnaðarsamböndin og búnaðarþingin. Á þeim vettvangi skyldi ég ræða um þessi mál við þá, en ég skal náttúrlega ekki um það segja, að hve miklu leyti ég gæti orðið þeim samdóma um breyt. frá því, sem nú er. Aðalatriðið í þessu sambandi er það, að hér er verið að útrýma félagsfrelsi íslenzkra bænda. Þessu mótmæli ég harðlega, og ég mun aldrei hér á þingi ganga inn á neina miðlun í þessu efni. Það var skiljanlegt, að hv. flm. þessa máls væri fús til þess að taka það að sér að vinna að þeim breyt., sem farið er fram á í þessu sambandi, því að hann er kunnur að því að hafa undanfarin ár staðið við hlið þeirra manna í þessari deilu, sem vilja draga sem mest úr frelsi búnaðarfélagsskaparins, en láta ríkisvaldið ná tökunum.

Þá vil ég benda á það ósamræmi, sem fram kemur bæði í grg. og eins í ræðu hv. flm. Hann heldur því fram, að með þessum hætti sé verið að auka lýðræðið í þessu efni. Við skulum nú segja, að þetta væri rétt með tilliti til þess kosningafyrirkomulags, sem þarna er gert ráð fyrir. En hvernig verður þetta þá útfært? Þannig að þegar búið er að breyta kosningafyrirkomulaginu eins og gert er ráð fyrir og búnaðarþingin eru orðin fjölmenn og allt á að vera í samræmi við vilja bændanna, þá á að kjósa stjórn, sem er gerð valdalaus, þegar til framkvæmda kemur, því að ef framkvæmdarstjórann greinir á við hana, þá hefir hann vald til þess að skjóta þeim ágreiningi til ráðh., og hann sker svo alltaf úr. Svona er samræmið og svona er lýðræðið hjá þessum mönnum.

Í 8. gr. er ákvæði um það, að Búnaðarfélag Íslands skuli skylt að hlíta þessum fyrirmælum, meðan það hefir umsjón með jarðræktarmálum landsins. Hér kemur til greina atriði, sem sýnir, að hv. flm. frv. gerir ráð fyrir, að það geti komið til mála, að búnaðarfélagið eigi um tvennt að velja, að hlíta í einu og öllu þeim fyrirmælum, sem því eru sett í þessu frv., eða sleppa að öðrum kosti allri umsjón með jarðræktarlögunum. Ég verð að segja, að ég tel miklu aðgengilegra fyrir búnaðarfélagið að sleppa umsjóninni með jarðræktarlögunum en láta taka af sér það félagsfrelsi, sem hér um ræðir. Og hvað tekur þá við? Þá þarf bara að skipa marga nýja starfsmenn, sem eiga að hafa með höndum að sjá um framkvæmd þessara mála, sem er algerlega óþarft að kosta fé til.

Þetta, sem nú hefir verið drepið á, er það höfuðatriði, sem ég mun einkum gera að ágreiningsatriði í þessu sambandi, en þar með er náttúrlega ekki sagt, að ekki sé um fleiri atriði að ræða í þessu frv., sem ég er mótfallinn, og eru þar einkum tvö atriði, sem ég held, að ágreiningur hljóti að verða um. Annað er það, að styrkurinn er gerður mismunandi hár, eftir því, hvað hlutaðeigandi menn hafa unnið mikið, áður en þessi lög koma til framkvæmda, þannig að þeir, sem minnst hafa gert hingað til, eiga að fá hæstan styrk, en þeir, sem mest hafa á sig lagt, fá engan styrk, og þeir, sem eru þar á milli, fá mismunandi háan styrk, eins og ákveðið er í frv. þessu. Þetta atriði er að ýmsu leyti mjög athugunarvert frá mínu sjónarmiði. Mér finnst það hart, ef ríkisvaldið ætlar að fara að hegna þeim mönnum, sem mestan dugnað hafa sýnt í þessu efni, með því að taka af þeim styrkinn eða takmarka hann stórum. Þá er annað í þessu sambandi, sem vert er að athuga. Í frv. er gert ráð fyrir því, að góð áburðarhirðing eigi að sitja fyrir sem umbætur. Nú getum við hugsað okkur, að til séu margir bændur hér á landi, sem hafa brotið stórt landflæmi til ræktunar og fengið af þeim ástæðum styrk upp að því hámarki, sem þar kemur til greina, og þeir hafi ekki komið sinni áburðarhirðingu í sem bezt horf. Það getur verið, að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að þeir þurfi að byggja áburðarhús, en ekki áburðargryfju, eins og nú er talið fullkomnast, en til þess eiga þessir menn engan styrk að fá.

Þá er eitt atriði enn, sem kemur fyrir í 17. gr. frv.; samkvæmt henni er þessi styrkur ekki lengur skoðaður sem slíkur, heldur sem lán. Ég er því algerlega mótfallinn, að einhver ákvæði séu um það í þessum lögum, að ekki sé hægt að selja háu verði þær framkvæmdir, sem eru sprottnar af framlagi ríkisins, en með ákvæðum þessarar gr. er gert miklu meira en að tryggja þetta, því að það getur undir mörgum kringumstæðum farið þannig, að þó að jörð, sem bóndi á og býr á, falli í verði, ekki aðeins að því er snertir umbæturnar, þá hvíli á henni sú skuld, sem jarðræktarstyrkurinn skapar, og það er ekki nein smáupphæð, því að við skulum gera ráð fyrir, að styrkurinn allur væri að meðaltali ½ millj. kr. á ári, þá væri þetta eftir 20 ár orðið 10 millj. kr., sem verður að greiða ríkinu. Þetta tel ég ákaflega óheppilegt fyrirkomulag.

Svo að ég víki aftur að því, að ráðgert er að veita mismunandi háan styrk út á jarðabætur, þá skal ég taka það fram, að ég gæti sætt mig við það, ef það væri gert á öðrum og heppilegri grundvelli og þar væri bókstaflega miðað við, hvað jarðabótin væri vönduð og vel frá gengið. Það er sem sagt nauðsynlegt að breyta jarðabótastyrknum á þann hátt, að hann sé aðeins

veittur fyrir framtíðarverk, sem einnig er unnið fyrir þá, sem eftir koma, og það skal játað, að þetta atriði er þörf að tryggja betur en gert er í núgildandi lögum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti, að menn sjái, hvaða atriði það eru, sem ég tel sérstaklega athyglisverð, en væntanlega gefst mér tækifæri síðar til þess að svara frekari rökum, ef fram koma frá þeim, sem að frv. standa.

Páll Zóphóníasson: Af því að ég hefi dálitla sérstöðu gagnvart I. kafla frv., sem líklega engir aðrir hv. þm. hafa, og kem þess vegna til með að verða að sætta mig við það, sem ég tel næstbezt. tel ég rétt að segja nokkur orð, svo að það a. m. k. sjáist, hver mín skoðun er.

Mín skoðun er sú, að nú heyri undir búnaðarfélagið fjöldi verkefna, sem á það er dembt, en stjórnarvöldin í landinu ættu í raun og veru að sjá um. Þess vegna lít ég svo á, að búnaðarmálastjóri eigi að standa beint undir ríkisstj., eins og t. d. vegamálastjóri, sem hefir á hendi framkvæmdir fyrir ríkisvaldið. Þar með er ekki sagt, að búnaðarfélagið eigi að hætta störfum. Það hefir mörg önnur störf en þau, sem það vinnur fyrir löggjafarvaldið. Þess vegna er það ekki rétt, sem hv. þm. sagði, að við, sem höfum þessa skoðun, viljum leggja búnaðarfélagið niður. En framkvæmd jarðræktarlaganna heyrir ekki að neinu leyti undir umráð íslenzkra bænda né lagasetning um búfjárrækt, sandgræðslu o. fl. Ég gæti talið upp heilan hóp af slíkri löggjöf, sem Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmd á, en heyrir alls ekki undir félagsskap bænda. Ætti ríkið sjálft að hafa sérstakan mann, sem sæi um framkvæmd þeirra. Hin störfin, sem virkilega heyra bændunum til, er leiðbeininga- og upplýsingastarfsemin. Þessi störf á búnaðarfélagið að halda áfram að annast. Ég veit ekki, hvort nokkur hér á hv. Alþingi hefir þessa skoðun. En af því að sagt hefir verið, að þeir, sem þessa skoðun hafa, þori ekki að láta hana koma fram vegna þess, hvað hún væri óvinsæl, þá skal ég lýsa því yfir, að ég hefi haft þessa skoðun og haldið henni fram um mörg ár og þorað að láta hana koma fram, hvenær sem var. Enda verður það svo, að sú skoðun á eftir að sigra, þó ekki verði nú, þá síðar. Það er allsstaðar gangur málsins. Svo hefir það verið t. d. í Noregi og Finnlandi, og svo verður þetta hér, að eftir því, sem ríkið felur félaginu að fara með fleiri mál og styrkir það meira, eftir því dregur að því, að ríkið taki sjálft eftirlitið. En hvort þetta verður 1940 eða 1945. skal ég láta ósagt, en að því kemur, þó að það hafi ekki byr nú. Þessa skoðun mína þori ég að láta koma fram, hvar og hvenær sem er.

***Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Það eru aðeins nokkur orð nú, því að ég vona, að síðar gefist tækifæri til þess að ræða málið ýtarlega. Það var ekki nema eðlilegt, þó að ýmsar aths. kæmu fram, og hafa þær ekki verið meiri en ég gat búizt við. Það er svo, að um þau atriði málsins, sem eru ný, getur alltaf orkað nokkuð tvímælis, og verður ekki með vissu sagt, fyrr en reynslan sker úr, hvað bezt er. Þess vegna er fjarri því, að ég amist við, þó að menn líti misjöfnum augum á sum atriði frv. Hitt er miklu undarlegra, þegar menn eru að gera sér hugmyndir um, að alveg skýr og augljós ákvæði feli í sér og geti til vegar komið allt öðru en möguleikar eru til eftir eðli málsins, eins og hv. 7. landsk. gerði í sambandi við reglurnar um kosningar til búnaðarþings, þar sem hann segir, að með þeim sé verið að snúa þá hengingaról að hálsi búnaðarfélagsins, sem muni drepa það. Það er naumast, að hv. þm. gerir bændunum hátt undir höfði, þegar hann talar um, að það muni verða hengingaról á búnaðarfélagið að veita bændunum sjálfum aukin réttindi til áhrifa á stj. þess og framkvæmdir. (**ÓTh:** Er verið að auka réttindi bændanna?). Hv. þm. G.-K. mun ekki komast hjá að viðurkenna, að það er að treysta um of á einfeldni bændanna, að þeir kunni ekki að dæma um þetta atriði. Ég ætla ekki að fara langt út í einstök atriði nú, enda hefir ekki mikið komið fram umfram það, sem snertir kjör til búnaðarþingsins, og nokkur atriði, sem hv. þm. A.-Húnv. vék að um skiptingu styrksins. Hv. 7. landsk. vék að því, að það kynni að vera meira en hæpið valið á búnaðarmálastjóranum, t. d. séu engin ákvæði, sem geri ráð fyrir ágreiningi milli ráðh. og búnaðarmálastjóra vegna ráðherraskipta. En það er gert með ráðnum hug, að ekki felist í l. neitt það, sem gefi tilefni til ágreinings. Fari svo, að búnaðarmálastjóra og ráðh. greini á, þá verður tíminn og reynslan að skera úr, hvernig því farnast. Hinsvegar fannst mér hv. þm. ekki færa sterk rök fyrir sínu máli. Eins og hv. 2. þm. N.-M. tók fram, fer búnaðarmálastjórinn með mörg mál fyrir hönd ríkisvaldsins, og á meðan svo er, er eðlilegt, að hann sé ráðinn með samþykki ráðh., því að það er nauðsynlegt, að milli þessara tveggja manna sé gott samkomulag. En það er vitaskuld ekki höfuðatriði, hvernig þetta er orðað, og mætti taka til athugunar bendingu hv. 7. landsk. og setja innskotssetningu um, að úrskurður ráðh. næði aðeins til þeirra mála, sem búnaðarfélagið fer með fyrir það opinbera. Ég bjóst við, að það mundi verða talið nægilegt, ef skýrt væri tekið fram í framsögu, hve víðtækt þetta skyldi vera, en ef menn vilja hafa það á annan veg, er ég ekki á móti, að tekið sé fram, að ekki sé ætlazt til, að ráðh. hlutist til um þau mál, sem búnaðarfélagið fer með utan hinna opinberu mála fyrir ríkisvaldið, svo sem framkvæmd ýmsra l. Hv. 7. landsk. vék að mörgu, en ræddi þó einkum um skipun búnaðarþingsins. Þá sagði hv. þm., að landssamband bænda gæti haft nægileg verkefni. Það má e. t. v. segja svo, en ég býst þó við, ef búnaðarfélagið yrði verulega öflug stofnun, að þess væri ekki þörf, en með þessum ákvæðum er ekki verið að leggja neinn stein í götu þess félagsskapar, og vil ég ekki fullyrða, nema verkefni geti verið fyrir hann. Þá vildi hv. 7. landsk. telja þetta kosningafyrirkomulag af pólitískum toga spunnið og nefndi því til styrktar, að form. Framsfl. væri óánægður með skipun búnaðarþings. Mun ég leiða hjá mér að blanda mér inn í umr. um skrif hv. þm. S.-Þ. um þessi efni.

Ég vil spyrja hv. 7. landsk., hvort hann álíti tryggara til þess að halda félaginu utan við pólitík, að halda bændunum sem lengst frá lífrænu

sambandi við félagið með þeim krókaleiðum, sem nú eru farnar við kosningu til búnaðarþings. Það er vitanlega alveg eins að því er pólitíkina snertir. En hvað þýðir að vera að þyrla upp öllu þessu ryki um það, að hér sé verið að leiða pólitík inn í félagið, þar sem ekki er hægt að banna með lagaákvæðum, að þar komi fram pólitísk áhrif? Það verður alltaf komið undir viðhorfi manna á hverjum tíma. Þess vegna er allt þetta skraf aðeins moldryk, sem á sér enga stoð í veruleikanum.

Hv. 7. landsk. vék að því, að ef þetta væri réttmæt íhlutun um fyrirkomulag búnaðarfélagsins af hálfu löggjafarvaldsins, þá væri óeðlilegt, að fulltrúar Sís. skuli ekki kosnir á sama hátt. Ég skal ekki fjölyrða um þetta atriði, því að það er alls ekki sambærilegt, vegna þess að þar stendur allt öðruvísi á. Þó er ekki svo að skilja, að starf kaupfélaganna og Sís. sé ekki þýðingarmikið, en þess verður að gæta, að þeim félagsskap er ekki falin forsjá eða umboð á framkvæmdum l. fyrir það opinbera, eins og búnaðarfélaginu. Og þeirri íhlutun er heldur ekki ætlað að standa, nema meðan því er falin forsjá á málum fyrir það opinbera. Ég ætla, að Sís. sé ekki falin forsjá eða umboð fyrir annað en áburðarsöluna. En um það má semja við hvaða verzlun sem er, hvort heldur er við Sís. eða einhvern kaupmann, og þykist ég vita, að þeir samningar, sem um þetta hafa verið gerðir, séu bundnir við stuttan tíma. Er slíkt á engan hátt sambærilegt við það, sem búnaðarfélaginu er falið samkv. l. Ég kann ekki við þetta tal hv. 7. landsk., að með þessu sleppi bændurnir stjórn búnaðarmálanna úr hendi sér, einmitt þegar hér er lagt til, að bændurnir hafi kjörið til búnaðarþings alveg á valdi sínu. Í frv. er enginn varnagli sleginn fyrir því, hvernig það verður skipað. Var helzt að heyra á hv. þm., að fyrirfram væri ákveðið, hvernig kjörið félli. Um það get ég ekki sagt, en eitt er víst, að viðhorf bændanna nýtur sín þannig betur en nú, og það á það að gera. Hans góðu ummæli um búnaðarþingsfulltrúana skal ég fúslega viðurkenna, enda hefir ekkert hnjóðsyrði fallið í þeirra garð frá mér.

Hv. 7. landsk. leyfði sér að lokum að segja, að með þessu væri verið að draga búnaðarfélagið niður í pólitískt sorp. Þó margt gerist í pólitíkinni, sem ekki er glæsilegt, þá kemur það úr hörðustu átt, að þm. séu að tala um pólitískt sorp. Ef svo væri, að störf þeirra bæru þann keim, þá væri æskilegra og viðkunnanlegra, að hv. þm. reyndu að koma því í betra horf. (ÓTh: Og reyna mikið). Ég skal taka undir það með hv. þm. G.-K.

Ég vil að lokum spyrja hv. 7. landsk. um, hvað búnaðarfélagið hafi til saka unnið. Ég veit ekki, hvers vegna hv. þm. er með þetta tal um sekt og refsingu, sem í frv. sé fólgin, á hendur búnaðarfélaginu. Ég kann ekki við þetta tal hv. þm., því að fyrirmæli frv. gefa ekki tilefni til þess, og hvorki í grg. frv. eða ræðu minni hefir verið vikið að því, að búnaðarfélagið hafi ekki gert skyldu sína eftir beztu getu.

Eins og nú er, þarf ráðh. að samþ. áætlun búnaðarfélagsins, og er hann þó pólitískur maður. En ég vona, að það sæti verði þannig skipað, að ekki verði ástæða til að gera aths. við hans störf þar, enda hafa menn fallizt á þá ráðstöfun ágreiningslaust. Þó búnaðarfélagið hafi ekki getað sinnt öllum áhugamálum bænda, þá verður ekki um það deilt, að það hefir unnið margt vel. Hinu er ekki hægt að neita, að meðan búnaðarfélagið hefir með höndum framkvæmdir ýmsra búnaðarmála og mikil fjárráð, er ekki óeðlilegt, að valið sé til búnaðarþings með þeim hætti, að þeir menn, sem stunda búskap í landinu, kjósi sjálfir. En svo er verið að segja, að með því sé búnaðarfélagið dregið niður í sorpið. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. ætlar að sanna það, sem hann sagði, að pólitísk ríkisstj. geti eftir frv. farið með félagið eftir vild. En ég vil vona, að hvenær sem ráðh. ætlar að nota aðstöðu sína í pólitísku augnamiði, en félaginu til skaða, verði því svarað á þann veg, að sá ráðh. fari ekki lengi með þau mál.

Hitt held ég, að sé ekki óviðfelldið á 100 ára afmæli búnaðarfélagsins, að bændur sjálfir kjósi fulltrúa á búnaðarþingið. Ég hygg, að það verði fremur talið vegsauki fyrir bændurna en þeim til minnkunar. Það er satt að segja hart að heyra menn vera að tala um slíkt.

Þá skal ég í stuttu máli víkja að hv. þm. A.-Húnv. En að svo miklu leyti, sem hann kom inn á sömu atriði og hv. 7. landsk., mun ég ekki svara því aftur. En mér þykir undarlegt að heyra, að búnaðarfélagið sé að afsala sér völdunum í hendur ríkisins, eða jafnvel að verið sé að leggja það niður. Ég verð þó að segja, að það að tilnefna 2 stjórnarmenn af 3 er þó sterkari íhlutun en í þessu frv. felst.

Hv. þm. A.-Húnv. taldi, að hæpið væri að greiða svo misháan styrk til framkvæmda eins og hér er lagt til, og hann taldi, að fyrir okkur hefði ekki vakað annað en að styrkurinn hefði ekki verið nægilegur, og það hefði staðið í vegi fyrir því, að meira væri búið að gera á sumum jörðum. En þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það er látið í ljós í grg., að það geti stafað af ýmsum ástæðum, og sýnilegt, að við komum auga á það. Sumpart getur það verið vegna þess, að á þeim jörðum, þar sem lítið hefir verið gert, séu góð engja- eða áveitulönd, og ábúandanum hafi þar af leiðandi ekkert verið um það gefið að leggja í jarðrækt, og sumpart getur það stafað af því, að tún hafi frá náttúrunnar hendi verið svo góð, að ábúanda hafi ekki fundizt sérstök þörf á miklum umbótum. En ef til vill eiga þó ábúðarskilmálar meiri þátt í því, hve lítið er gert á einstökum býlum. Ég hygg, að það geti verið mjög mikilsvert atriði.

En það er eftirtektarvert og athugavert, að á 753 býlum er meðalstyrkur á býli ekki nema 49 krónur og á 2141 býli ekki nema 276 krónur. Það er eitthvað, sem stendur hér í vegi, annað en jarðargæði og að menn gefi ekki um jarðrækt.

Því ber ekki að neita, að það dæmi, sem hv. þm. A.-Húnv. tók um land, sem hefði verið brotið og jarðrækt væri komin undir það hámark, sem hér er sett, getur átt sér stað. En það verður þá að vera framúrskarandi mikil ræktun, nema sérstaklega mikil framræsla sé í því fólgin, ef styrkurinn er orðinn svo hár og ekki er búið að byggja. Ég gæti trúað því fremur, ef búið væri að byggja mikið, en jarðrækt komin stutt áleiðis,

að þetta gæti komið óþægilega við. Það getur verið misjafnt, hvernig til hagar, en það kemur ekki til mála, að ekki megi setja hámark. Ég þori ekki að fullyrða, að þetta hámark sé það heppilegasta, en ég held, að það sé bæði skynsamlegt og nauðsynlegt að setja hámark.

Hv. þm. A.-Húnv. vék að 17. gr. og sagði, að hér eftir mætti ekki telja styrkinn gjöf, heldur lán, sem fylgdi býlinu. Þetta er rétt. Ef jörð selst fyrir ofan fasteignamat, þá á að draga frá þann hluta verðhækkunarinnar, sem af styrkveitingunni leiðir, og greiða hann til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Hátt jarðarverð er plága fyrir landbúnaðinn, og það þarf að vinna á móti því, að jarðir geti hækkað óeðlilega í verði. Þótt þessu sé varpað fram, þá vil ég ekki staðhæfa, að þetta sé það bezta og sjálfsagðasta ákvæði, sem að haldi geti komið, en þarna er bent á leið til þess að hindra, að jarðir komist í óeðlilega hátt verð, sem alltaf hlyti að verða landbúnaðinum til tjóns. Ef komið er með annað heppilegra fyrirkomulag en það, sem þarna er bent á, þá skal ég vera manna fúsastur til að fallast á það, ef sýnt er fram á, að það sé til bóta. — Þá vék hv. þm. að því, eins og rétt er, að ef jarðir lækka í verði, þá er ekki gert ráð fyrir hlutfallslegri lækkun af því fé, sem gengið hefir til styrktar býlinu. Um þetta töluðum við, og þótt það sé í enga staði óeðlilegt, að ákvæði sé sett um þetta, þá er það svo hæpið og vandasamt, að okkur virtist bezt að láta það liggja á milli hluta. Það getur verið skoðanamunur á þessu, en það yrði vandasamt verk í framkvæmd. Það er hægt að setja þetta á pappír, en að það leiddi ekki til misbeitingar, þegar eigendaskipti verða á býlum, það er ég ekki eins viss um.

Hv. þm. A.-Húnv. lét þess getið að lokum, að hann gæti gengið inn á þá leið, að mishár styrkur væri greiddur, en hér væri ekki stungið upp á heppilegustu leið, og væri þá heppilegra að taka tillit til þess, hversu vel jarðabætur væru vandaðar. Nú er það meining okkar, að allar jarðabætur séu vandlega unnar og að það tíðkist ekki, eins og verið hefir, að greiddur sé styrkur fyrir þær umbætur, sem engar eru. Það eru engar jarðabætur, þótt land sé plægt niður og síðan látið liggja í plógstrengjunum og gróa þannig á ný. Ég er ekki að ásaka búnaðarfélagið fyrir þetta, en þetta á ekki að ganga þannig til. En í þessu frv. eru ákvæði, sem snerta einmitt þetta atriði og ættu að koma að haldi og verða til þess, að betur verði vandað til jarðabóta eftirleiðis heldur en tíðkazt hefir síðan jarðræktarlögin komu í gildi.

Ég ætla svo ekki að víkja frekar að þessu; ég sé ekki ástæðu til þess. Það skyldi gleðja mig, ef kæmu fram till. um þetta mál frá hv. þdm. Ég efast ekki um, að þeir beri þetta mál mjög fyrir brjósti. Þetta er þýðingarmikið mál og varðar bændastéttina miklu, hve vel er til þess vandað, og ég tek með ljúfu geði hverri brtt., sem má verða til góðs fyrir þetta mál.

*__Eiríkur Einarsson:__ Ég skal ekki teygja umr. mikið, en vildi aðeins vekja athygli á einu atriði, sem ég hefi ekki tekið eftir, að aðrir hafi haft orð á. Ég tel þetta skipta töluvert miklu máli og vildi þess vegna hreyfa því, áður en málið fer til hv. landbn. Þetta atriði snertir 11. gr. frv., þar sem takmörk og reglur eru sett fyrir því, hve mikinn styrk skuli borga út til einstakra býla með hliðsjón af því, hve mikinn styrk þau hafi fengið áður, og þar sett það hámark, að ef býlið sé búið að fá 5000 krónur, þá valdi það styrksviptingu með öllu, nema eftir sérstökum ákvæðum frv. Ég játa það fúslega, að það er réttmætt að setja skorður við því, að einstakir máttarmiklir menn geti gleypt allan jarðræktarstyrkinn frá fjöldanum, og jafna honum á sem réttastan hátt á milli sveitabúanna. En þrátt fyrir það, þá álít ég þetta varhugavert, eins og frá því er gengið hér í 11. gr. þessa frv. Ég skal nú reyna að skýra það höfuðatriði, sem fyrir mér vakir, með einföldu dæmi.

Nú eru tvær sveitajarðir, sem eiga lönd saman. Á annari þeirra hafa nú á tíma jarðræktarlaganna verið gerðar miklar umbætur. Þar hefir upprunalega verið kargþýft tún og lélegar engjar, en það hefir verið lögð mikil stund á það í krafti jarðræktarlaganna að gera jörðina að betri eign, og býlið er búið að fá þann styrk, sem hér er settur sem hámark, 5000 krónur. Á hinni jörðinni, sem er við hliðina á þessari, er frá náttúrunnar hendi grasgefið tún og sléttlent og engjar sléttar, svo að þegar allt kemur til alls og þegar búið er að verja 5000 krónum til annarar jarðarinnar, en engu til hinnar, þá má ekki á milli sjá um verðgildi þessara jarða, og við skulum segja, að þær séu álitnar jafnverðmætar og séu báðar nýseldar fyrir sama verð og aðkomnir ungir bændur séu orðnir eigendur þeirra. Þá er aðstaða þeirra ákaflega ólík. Báðir vilja þeir gera meiri umbætur á jörðunum, og stendur þá öðrum þeirra opin leið til að verða aðnjótandi mikils styrks, en hinn er sviptur þeim möguleika að fá nokkurn styrk. Ég held, að það sé ekki um þetta að villast eftir orðalagi 11. gr., því að þar er í upptalningunni alltaf miðað við býli, en ekki við ábúanda, og að það sé býlið, sem sé báð þessu hámarksákvæði. Ég álít samkv. þessu dæmi, sem ég tók, að þetta geti komið ósanngjarnlega niður, þar sem um tvo bændur er að ræða, sem búa á jafndýrum jörðum, og annar getur orðið fulls styrks aðnjótandi, en hinn er sviptur öllum styrk, en báðir vilja gera umbætur á jörðum sínum.

Ég vænti, að hv. landbn. taki það til rækilegrar athugunar, að þannig getur orðið hið mesta óréttlæti, þar sem miðað er við býli, en ekki við ábúendur. Það gæti og verið stigsmunur á þessu, eftir því hvernig á stendur, og ætti að vera.

Ég get tekið það fram í þessu sambandi, að þar sem býli var óbyggilegt, en með dugnaði er búið að gera það að sæmilegri jörð, og þá búið að eyða öllum möguleikum fyrir áframhaldandi jarðræktarstyrk, — því það, sem jörðin er þá orðin, er hún orðin í krafti jarðræktarlaganna, — þá er það hart lögmál undir að búa, að vera þannig sviptur tækifæri til þess að auka ræktunina áframhaldandi. T. d. ef roskinn bóndi með tveimur sonum sínum stefnir að því að gera jörðina þannig, að henni megi skipta á milli þeirra, þá hefir hann sjálfur svipt þá tækifæri til aukinnar ræktunar. Þessar skorður eru óeðlilegar og geta

orðið hreinasta ranglæti. Og ég vildi benda á þetta, af því að það hefir ekkert verið nefnt áður.

Þá var eitt atriði, sem ég tók eftir í ræðu hv. flm., þegar hann talaði um skiptingu á styrk til nýræktunar og ræktunar í túni. Hann taldi rétt að gera mun á þessum styrkveitingum, vegna þess að nýræktin væri mun erfiðari. Það er rétt, að nýræktin er erfiðari, en að gera verulegan mun á þessu tvennu álít ég varhugavert. Ég álít, að lögin þurfi á sérstakan hátt að hvetja bændur til að rækta hin gamalræktuðu tún. Mér finnst, að hér hafi sézt yfir það, hve gömlu túnin eru orðin góð jörð, og að það er þess vegna mikið hagsmunamál fyrir bændur að gera gömlu túnin véltæk og ágæt, áður en byrjað er á nýræktun. Það væri ekki ástæðulaust að hvetja sérstaklega til að rækta fyrst og fremst hin gömlu tún. Bændur hafa stundum verið of djarfir í því að taka magra mold til ræktunar, og svo kemur til þess, sem erfiðast verður, að uppfóstra ræktunina og fita landið. Þetta er mér sérstaklega hugleikið, að komi fram til athugunar fyrir hv. landbn.

Ég vil svo aðeins að lokum láta þá heildarskoðun mína á þessu frv. í ljós, að mér sýnist stefna þess vera sú, að keyra sem mest undir ríkisvaldið og smækka olnbogarúm þegnanna til að ráða sjálfir yfir málum sínum. Ég álít þessa stefnu skaðlega. Ég veit, að bændur fylgjast vel með þessu máli, og þeir eiga sjálfsagt eftir að segja, hvort þeim finnst, að Alþingi hafi tekizt giftusamlega afgreiðsla þessa máls eða ekki. En því frjálsari sem almenningur fær að vera fyrir ríkisvaldinu, því betur finnst mér vera.

Pétur Ottesen: Ég verð að taka undir það með hv. þm. A.-Húnv., að það er með töluvert einkennilegum hætti, sem mál þetta hefir borið að hér í þinginu. Við, sem erum í stjórnarandstöðu, urðum þess varir nú fyrir nokkru, að stjórnarflokkarnir voru að laumast með stórt gult umslag, sem við fréttum síðar, að hefði inni að halda þær breyt., sem n. sú, er skipuð hafði verið til að endurskoða jarðræktarlögin, legði til, að á þeim yrðu gerðar. Þess var enginn kostur, að við, sem stöndum utan stjórnarflokkanna, fengjum aðgang að þessu plaggi; svo vendilega var því haldið leyndu, að það var eins og hér væri eingöngu um að ræða flokksmál þeirra, sem enga aðra varðaði en stjórnargæðingana.

Eftir að mál þetta kom fram hér á Alþingi fór fljótlega að kvisast, að það myndi hafa tekið allmiklum breyt. frá því, er n. skilaði því í hendur stj., og þar til það var lagt fram hér. Til þess að fá deili á þessu, varð ég að hringja til bónda uppi í Borgarfirði, bónda, sem hafði verið með í því að endurskoða þessi lög og semja breyt. Svo mjög var læsingin rammger, sem stjórnarflokkarnir höfðu sett fyrir dyrnar, sem lágu að þessu máli. Í þessu samtali fékk ég þær upplýsingar, að málið hefði tekið miklum breyt. í meðferð stjórnarflokkanna á þingi frá því, sem n. lagði til, a. m. k. í einu eða tveimur verulegum atriðum. Þetta er mjög undarleg og einkennileg aðferð í máli, sem hefir jafnmikla þýðingu fyrir þjóðina sem þetta. Því um það verður ekki deilt, að jarðræktarlögin hafa orðið að meira gagni fyrir íslenzkan landbúnað en nokkur önnur löggjöf, allt frá því, er þau voru sett 1923. Það ríður því á miklu, að fram fari gaumgæfileg athugun á lögum þessum, áður en hrapað er að því að breyta þeim.

Eins og frv. þetta er nú lagt fyrir, þá mun það að einhverju leyti eiga að rýmka ákvæði jarðræktarlaganna, en á sumum sviðum er aftur allverulega dregið úr frá því, sem nú er, og gengið í berhögg við hina upprunalegu stefnu jarðræktarlaganna.

Umr. þær, sem hér hafa farið fram í dag, hafa að mestu leyti snúizt um 1. kafla frv., um það, hverri meðferð Búnaðarfélag Íslands á að sæta, ef það á að fá að hafa áfram framkvæmd jarðræktarlaganna, og mér finnst ekki undarlegt, þó að það hafi sætt nokkurri gagnrýni, því að allir, sem vilja, að vilji bænda fái að njóta sín, hljóta að standa á móti því, að framkvæmdavaldið í þessum málum sé svo greypilega tekið frá búnaðarfélaginu og fært í hendur atvmrh. eins og frv. stefnir að. Eins og áður hefir verið minnzt á undir þessum umr., þá hefir það verið svo um langt skeið, að atvmrh. hefir skipað tvo af stjórnendum BÍ. eftir till. landbn. Alþingis. Þetta hefir verið svo nær alla tíð frá því að lögin voru sett 1923. En svo var um þetta búið, að það var aðeins formsatriði, að ráðh. skipaði þessa menn, heldur voru það landbn. þingsins, sem réðu vali þeirra. Um þetta fyrirkomulag varð svo nokkur ágreiningur; það þótti ekki sem heppilegast, að Alþingi hefði þessa íhlutun um val á mönnum í stjórn félagsins. Varð það því úr, að þessu fyrirkomulagi var breytt á fyrri hluta síðasta þings á þann veg, að búnaðarþingið hefði eitt óskorað vald til að skipa stjórnina. Þetta fyrirkomulag lagði þó engar hömlur á frjálsræði BÍ., því að því var jafnframt yfirlýst hér við umr. þær, sem um það urðu, að fá þessu breytt, að búnaðarþingið ætlaði ekki að stjaka við þeim mönnum úr stjórn félagsins, sem landbn. hefir skipað, heldur væri hér aðeins um metnaðaratriði að ræða. Það má benda á sem dæmi þess, hve núv. ríkisstj. áleit þetta haldlaust fyrir afskipti sín og áhrif á stjórn félagsins, að hún setti á þinginu 1934 inn í fjárlögin það skilyrði fyrir styrknum til félagsins, að atvmrh. samþ. búnaðarmálastjórann. En með þeirri tilhögun, að Alþingi skipaði 2 stjórnarnefndarmennina, áleit stj. vonlaust, að ríkisvaldið gæti seilzt til valda. Það, sem nú er að gerast, er það, að stjórnarflokkarnir eru að ganga inn á þá slóð að ná sem mestu áhrifavaldi yfir Búnaðarfélagi Íslands. Í vissum málaflokkum er algerlega strikað yfir áhrifavald þeirrar stjórnar, sem búnaðarþingið felur að fara með mál félagsins.

Þá er að athuga það í þessu sambandi, hvort þessi löggjöf, sem hér liggur fyrir um breytingu á jarðræktarlögunum, gefi nokkurt tilefni til þess, að ríkisstj. eigi að seilast hér til valda, þótt henni sé falin framkvæmd laganna. Ég get ekki séð, að svo sé. Mér sýnist, að hér sé meira skipað fyrir og fastari ákvæði heldur en í þeim lögum, sem nú gilda. Þannig er t. d. hér skipað fyrir um það, hvernig lagt skuli í einingar, þegar styrkur er veittur, og hvernig styrkur skuli greiddur eftir einingum, en eins og nú er, er þetta reglugerðarákvæði, sem að nokkru leyti er

á valdi búnaðarfélagsins í sambandi við atvmrh. Þannig er þetta ákvæði, sem búnaðarfélagið hefir getað haft á valdi sínu, bundið hér í lögum, og síður en svo að því er þetta atriði snertir, að það gefi tilefni til að auka vald ríkisstj. yfir félaginu.

Í sambandi við það, sem ég sagði áðan, að hér væri svo langt gengið, að strikað væri yfir það vald, sem stjórn búnaðarfélagsins hefði, má benda á það, að svo langt er gengið í frv. um valdaleysi stj. búnaðarfél., að það er búnaðarmálastjóri, sem á að annast um framkvæmdir laganna í samráði við búnaðarfélagsstjórnina, og ef ágreiningur rís, þá er það ekki búnaðarfélagsstjórnin, sem ræður, heldur er það ráðh., sem sker úr, og stjórn Búnaðarfélags Íslands hefir ekkert að segja. Svo langt er gengið í því að taka allt vald í þessum málum af búnaðarfélaginu. Ég vil í þessu sambandi benda á, hvað 5. gr. í núgildandi jarðræktarlögum segir um þetta atriði. Í þessari gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Störf þau, sem Búnaðarfélag Íslands eru ætluð í lögum þessum, framkvæmir stjórn þess, framkvæmdarstjóri eða ráðunautar, allt eftir því, sem lög félagsins og reglur mæla fyrir."

Framkvæmdin á að vera eftir því, sem lög og reglur félagsins mæla fyrir, í staðinn fyrir að í þessu frv. er það atvmrh., sem ræður, ef nokkur ágreiningur rís. Það er m. ö. o., allt vald er þurrkað burt hjá stjórn búnaðarfél. og lagt í hendur ráðh., og þá held ég, að sé ekki langt eftir að því takmarki, sem 2. þm. N.-M. talaði um, að ná þessum málum algerlega úr höndum búnaðarfélagsins og koma þeim öllum í eina deild í stjórnarráðinu. Hv. 2. þm. N.-M. sagði áðan — og lét mikinn og dólgslega yfir því, hver kjarkmaður hann væri, að halda fram þessari skoðun —, að í stað þess að sameina þetta við önnur störf búnaðarfél. og nota starfskrafta þess, þá vildi hann stofna sérstaka deild í stjórnarráðinu til að framkvæma þetta. Hann vill ekki láta nota þá starfskrafta, sem búnaðarfél. ræður yfir, til þessa og sameina það öðrum störfum þeirra í þágu landbúnaðarins, sem vel hefir þó reynzt, auk þess sem framkvæmdin verður langsamlega ódýrust með þessum hætti. 2. þm. N.-M. horfir ekki í kostnaðinn, einkum ef það getur orðið til þess, að einhverjum frekari verðmætum skolaði í land á hans pólitísku bitlingafjöru.

En mér virðist, að með þessu frv. eigi mjög verulega að skerða áhrifavald Búnaðarfélags Íslands í ýmsum öðrum atriðum, auk þessara framkvæmda á lögunum, en þar er það fyrst og fremst alveg þurrkað í burtu. En svo er í öðru lagi kveðið á um það, hvaða kosningafyrirkomulag skuli hafa, þegar fulltrúar eru kosnir til búnaðarþings. Í þriðja lagi er skipað að fjölga fulltrúum til búnaðarþings um fullan helming þess, sem nú er álitið, að þörf sé á. Og í fjórða lagi eru svo hrifsuð öll völd úr höndum stjórnar búnaðarfélagsins og lögð í hendur ráðh. Þetta eru höfuðdrættirnir í þeim kaflanum, sem snýr að Búnaðarfélagi Íslands. Ég verð að segja, að það er ekki undarlegt, þótt þeir menn, sem unna búnaðarfélaginu og vilja hafa það frjálst og óháð því pólitíska valdi, vegna þess að þeir trúa því, að það verði þannig að mestu gagni, rísi upp til að andmæla slíkum till. á Alþingi.

Hv. 7. landsk. minntist á það í ræðu sinni, að sér fyndist þetta ekki vel viðeigandi gjöf til Búnaðarfélags Íslands á 100 ára afmæli þess. Hv. flm. (JörB) sagði aftur á móti, að það mætti sannarlega líta á þetta sem góða afmælisgjöf. Nú væri bændum ætlað að komast í lífrænt samband við Búnaðarfélag Íslands með því kosningafyrirkomulagi, sem hér væri gert ráð fyrir. Ég held, að það sé engin þörf á því að skipa þessu á þennan hátt með lögum. Því ef bændur telja sjálfir, að þeir komist á þennan hátt í lífrænna samband við búnaðarfél. en ella, þá geta þeir sjálfir sett sér þau lög og tekið upp þetta fyrirkomulag. Það er þeirra einkamál. Hvaðan er það kosningafyrirkomulag upprunnið, sem nú er? Er það ekki frá bændum sjálfum? Ég ætla það væri 1930—1931, sem búnaðarþingið skipaði n. til þess að gera till. um þetta atriði. Og sú n. lagði til að hafa þá tilhögun á kosningunum, sem nú er höfð, og var það samþ. einróma á búnaðarþingi. — Og það er upplýst, að sama tilhögun er hjá S. Í. S. og Fiskifélagi Íslands, og það hefir verið samþ. af bændum úti um allt land, og ég veit ekki til, að það hafi komið fram nokkur óánægja með það frá bændum sjálfum. En það er víst, að þeir hefðu haft fulla einurð og mannrænu á því að koma fram með þá óánægju, ef hún hefði nokkur verið. Og það hefir ekki við neinar raddir að styðjast frá bændum sjálfum, að þessu kosningafyrirkomulagi sé breytt. Þeir hafa ekki óskað þess. Ég skal líka nefna það, að Jón í Deildartungu, vinur minn og frændi, vann að þessum undirbúningi 1931 og lét ekki bera á þessari ósk, og hann vill enga ábyrgð bera á þessu ákvæði. Það má ennfremur benda á, að það virðist hafa verið bláþráður á hugsunarþræðinum hjá þessum mönnum í stjórnarfl., sem hafi verið að verki við að hugsa upp þetta kosningafyrirkomulag. Hér er tekið upp fyrirkomulag, sem sum önnur félög hafa haft hjá sér, en stjórnarliðið hefir barizt mjög eindregið á móti og talið óeðlilegt. Samkv. þessu frv. er það sem sé sett sem lágmark, að einstaklingurinn ráði yfir 20 ha. lands til þess að hann megi fara með fullt atkvæði. Þeir, sem eru fyrir neðan þetta lágmark, verða að safnast saman og geta ekki náð kosningarrétti fyrr en þeir ná þessu marki með samanlagðri landstærð. Þarna er gengið inn á það, að landstærð eigi að ráða. Í S. Í. F. er fiskimagnið að nokkru leyti lagt til grundvallar fyrir kosningarréttinum, og hefir það verið átalið af þeim, sem standa að þessu frv. Í mjólkurfélögunum hefir því verið haldið fram sem grundvallaratriði þeirra, sem félögin mynda, að eftir mjólkurmagninu hjá hverju þeirra fyrir sig færi að nokkru leyti um kosningarréttinn. Þessu fyrirkomulagi hefir verið gersamlega mótmælt af stjórnarflokkunum og talið óalandi og óferjandi. Þetta var í frv. til l. um breyt. á mjólkursölulögunum, sem flutt var nú á þessu þingi, en ekki hefir verið metið svo mikils að taka það á dagskrá. Það bendir á einkennilegan losarahátt í hugsun að vilja svo taka þetta fyrirkomulag upp hér og kasta því fyrirkomulagi, sem áður hefir verið og reynzt hefir vel, bæði í búnaðar-

félaginu og í S. Í. S., og ekki hefir heyrzt, að nauðsyn sé á að breyta þessu hjá S. Í. S. Það er eitthvað á bak við þetta annað en einskær umhyggja fyrir Búnaðarfélagi Íslands, þegar hér er haldið fram skoðun, sem rekst svona herfilega á það, sem haldið er fram, þegar önnur félög eða félagasambönd eiga hlut að máli. Þá má benda á það, að hér á að skylda alla bændur til að kaupa Frey eða greiða jafnhátt gjald til Búnaðarfélags Íslands. Þó að um tímarit þetta sé ekkert nema gott að segja, þá er það æðieinkennilegt, svo að ekki sé fastara að orði kveðið, að skylda menn með lögum til þess að kaupa ákveðið rit. Það er alveg nýmæli í ísl. löggjöf. Og það á sannarlega að sjá um, að það verði borgað, því að það er heimilt að halda eftir fyrir andvirði þess af þeim styrk, sem bændur eiga að fá. Og ekki vantar á, að það eigi að halda mönnum að félagsskapnum, en það var eitt af því, sem form. Framsfl. taldi átumein í búnaðarfélaginu, að bændum væri fyrirskipað að vera í þeim til þess að geta orðið styrksins aðnjótandi. Svo að allt rekur þetta sig hvað á annars horn, ef miðað er við það, sem fram hefir verið haldið á öðrum vettvangi innan stjórnarflokkanna.

Þá kemur næst kaflinn um styrk fyrir jarðabætur og húsabyggingar, og er haldið svipaðri tilhögun um greiðslur eins og nú er. Að vísu er í sumum tilfellum nokkuð hækkað, eða farið í för hv. 10. landsk., sem hefir flutt till. á undanförnum þingum um hækkun á styrk, en þó ekki farið svo langt, auk þess sem sumsstaðar er dregið úr, og á það einkum við sléttun gömlu túnanna; þar lækkar styrkurinn um 10—32 kr. á hvern ha., eftir því hvaða sléttunaraðferð er notuð. M. ö. o., það, sem rétt er fram með annari hendinni, er tekið aftur með hinni, og nokkru meira þó, og það einmitt á þessu sviði, sem er allra viðkvæmast, og það er í ræktuninni sjálfri, því að hún er vitanlega undirstaða þess, að hægt sé að afla heyja á ræktuðu og véltæku landi, en það er undirstöðuatriði fyrir allan landbúnað hér. En með þessu frv. er einmitt dregið úr styrk til ræktunarinnar, þótt á sumum sviðum sé meira veitt en nú er, svo sem t. d. að því er snertir áburðar- og þvaggryfjur og haugstæði, sem hér eru tekin upp að nýju, þó ekki nema með steyptum veggjum.

Hv. flm. var að verja lækkunina á styrk til túnasléttunar og sagði, að það væri svo mikill munur á því, hve gamalræktun væri léttari en nýræktun, að það væri sanngjarnt að hafa þennan styrk mismunandi. Það getur verið, að þetta sé rétt í sumum tilfellum, en í öðrum tilfellum er þetta þvert á móti, sum tún eru grýtt og önnur raklend, sum jafnvel hvorttveggja, en það er sá allra erfiðasti jarðvegur, og eru mýrar þá margfalt auðveldari til vinnslu, ef þar er grjótlaust.

Þegar forfeður vorir völdu sér bólstaði, tóku þeir þurrustu blettina, og þá oft á hólum eða ásum, þar sem grýtt var, og þess vegna er ræktunin í mörgum tilfellum erfiðari í hinum gömlu túnum heldur en utan túns. Ég tek það ekki til samanburðar, hve gott mólendi er léttara til ræktunar heldur en sum gömlu túnin. Það er þess vegna ekkert annað en ímyndun ein, að það sé svo miklu léttara að slétta í túni en utantúns, að af þeirri ástæðu sé rétt að gera þennan mun. Ég vil vænta þess, að þegar gengið verður frá frv., þá verði þessu mikill gaumur gefinn, og ekki verði horfið frá þeim grundvelli, sem er í núgildandi lögum um samræmi á þessum styrkjum.

Þá á ég eftir að minnast á það, sem ég tel að ýmsu leyti varhugavert við þá braut, sem hér er lagt út á í þessu frv., og það eru þær takmarkanir á styrkveitingu, sem hér eru settar. Í núgildandi lögum eru þær takmarkanir einar, að ekki sé veittur hærri styrkur en 800 krónur á ári, og þetta er látið haldast í þessu frv. En svo er hér farið inn á þá braut að skera styrkinn niður, þannig að þegar hann er kominn í 3000 kr., þá lækkar hann um 25%, og þegar hann er kominn í 4000 kr., lækkar hann um 50%, og þegar hann er kominn í 5000 kr., þá fellur hann alveg niður. Eða m. ö. o. að ekkert býli getur orðið meiri styrks aðnjótandi en 5000 kr. Það á að hækka styrkinn, en ekki þó eins mikið og gert er ráð fyrir að skera niður. Það á að hækka hann um 20%, og hér er það, sem ég ætla, að hafi verið gerð veruleg breyting á til hins lakara fyrir bændur frá því, sem n. sú lagði til, sem hafði mál þetta til meðferðar. Ég skal ekki fara lengra út í það nú að minnast á þetta, en hinsvegar get ég látið það koma síðar fram í umr., að n. hefir ætlað þeim mönnum, sem svo voru skammt á veg komnir, allt annan og betri kost til þess að hrinda sínum framkvæmdum áfram heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég vil taka undir það með hv. 7. landsk., sem hann sagði í dag um niðurskurðinn á styrknum, að þetta væri svarið, sem þeir menn fengju hjá þeim mönnum, sem að þessu frv. standa, fyrir það, hvernig þeir tóku hvatningunni um að auka ræktunina og trú sína á gróðurmagn íslenzkrar moldar. Tilgangurinn með jarðræktarlögunum var að hvetja menn til framkvæmda í jarðrækt, af því að hún er svo mikils virði fyrir íslenzkan landbúnað, að það væri fullkomlega forsvaranleg ráðstöfun, að löggjafarvaldið notaði nokkuð af því fjármagni, sem það sækir í vasa borgara þjóðfélagsins, til þess að styrkja menn til að hrinda ræktuninni áfram. Með aukinni ræktun var lagður grundvöllurinn að tryggari framtíðarafkomu íslenzks landbúnaðar. Og sá grundvöllur var, að í þessu landi væri hægt að reka íslenzkan landbúnað þannig, að hann væri áfram annar höfuðatvinnuvegur þessarar þjóðar. Nú ber svo við, að þeir menn eiga að vera sviptir öllum styrk, sem hafa tekið bezt þessari hvatningu, sýnt mestan dugnaðinn í því að verða við þessu þjóðnytjastarfi, lagt margir hverjir fram aleigu sína og lánstraust og loks alla þá orku, sem þeir hafa getað af mörkum látið fram yfir það, sem önnur nauðsynleg störf kröfðust af þeim, til þess að verða við þessari áskorun íslenzka löggjafarvaldsins, til þess að búa þannig í haginn fyrir fólkið, sem lifir í sveitum þessa lands, og leggja með því grundvöllinn að framtíð íslenzks landbúnaðar.

Nú í þessu frv. er gert ráð fyrir því að ganga hreint til verks, að þeir menn, sem hafa lagt

mest af mörkum, eiga smátt og smátt að verða sviptir öllum styrk, og þeir, sem eru komnir lengst í því að ná þessu takmarki, eiga engan styrk að fá framvegis, og mér skilst, að þetta sé þannig, að þótt til dæmis að taka, að þeir komist upp í þetta hámark með ræktunina eina saman, þá séu þeir útilokaðir frá styrk, þó að þeir eigi eftir að byggja haughús og hlöður og önnur nauðsynleg hús til búrekstrarins, sem styrkur er þó veittur til. Ég verð hinsvegar að líta svo á, að það, sem menn rækta, hvort sem það er í smáum eða stórum stíl, að það sé þjóðfélagseign, því að þótt það séu einstakir menn innan þjóðfélagsins, sem eiga þetta, þá er þjóðfélagið byggt upp af þessum einstaklingum. Þau verðmæti, sem þeir hafa skapað, eru grundvöllurinn undir afkomu þjóðfélagsins. Þannig var litið á það, þegar þessi lög voru sett 1923 og allt til þessa, að þessi hugmynd hefir skotið upp höfðinu, að fara þannig að að gera upp á milli manna. — Það er mikið talað um það í grg. fyrir þessu frv., að svo og svo mikið af þessari upphæð, sem veitt hefir verið, hafi runnið til býla. Ég hefi nú athugað hinar stærstu upphæðir, sem hér er um að ræða, og það er ekki á mörgum býlum, því miður, sem ræktunin er komin það langt áleiðis enn, að til hennar hafi gengið mjög háar upphæðir. Það er náttúrlega eitt stórbýli hér nærri Rvík, sem sker sig alveg úr, en það nær vitanlega ekki nokkurri átt að draga neina almenna ályktun út frá því. Aftur eru nokkrar jarðir, sem eru rétt ofan við það hámark, sem sett er í frv., þær eru bara ákaflega fáar. Það er t. d. ein jörð, sem notið hefir 9700 kr. styrks, 3 jarðir hafa fengið 7 til 8 þús. kr. styrk, 5 jarðir hafa fengi 6—7 þús. kr. styrk, og 13 jarðir hafa fengið 5—6 þús. kr. styrk. En þó er við þessar jarðir að athuga, að á þeim mörgum er tvíbýli og þríbýli, svo að þessi skýrsla gefur ranga hugmynd um það, sem veitt hefir verið hverju býli, en nú á að miða hámark styrksins við býli, og væri í skýrslunni miðað við það, færist þessi tala niður. Þá má sjá það, að það eru ekki afskaplega stór stökk, sem tekin hafa verið eða réttlæti það, sem sagt er í grg. fyrir frv., að tilgangurinn með því sé að ráðast á eða draga úr stórræktuninni. Hv. 1. þm. Árn., flm. þessa frv., brosir. Ef ég hefi tíma til að leita í grg., þá skal ég lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta: „Frádráttur á styrk þeirra jarða, sem komnar eru yfir kr. 3000 í styrk, er gerður til þess að **draga úr stórræktun á einstökum** stöðum.“ Það er sagt skýrt og skorinort, að þetta sé gert til þess að draga úr ræktun. Við skulum nú bera saman þessa hugsun, sem á bak við þetta liggur, við þá hugsun, sem lá til grundvallar, þegar jarðræktarlögin voru upphaflega flutt. Ég veit, að þeim, sem að þeim stóðu, hefir ekki dottið í hug, að þeirri hugsun skyti upp, eftir að búið er að starfrækja lögin í 11 til 12 ár, að það ætti nú að fara að gera ráðstafanir til að draga úr ræktuninni. Það má ennfremur benda á það í sambandi við það tilræði, sem þeim mönnum er veitt, sem hafa verið að brjótast áfram, margir af litilli getu, en miklum áhuga, því að það eru ýmsir af þessum mönnum, sem hafa miklu áorkað í þessu efni, en þeir hafa orðið að leggja hart á sig, þrátt fyrir styrkinn, þó að hann hafi riðið baggamuninn, hvort einmitt það, að draga úr þessari stórræktun, sem ég hefi nú sýnt fram á, hvað er á mörgum stöðum, geti ekki haft áhrif á möguleika hinna, sem á að greiða fyrir og verða fyrir þeirri auknu hvatningu, sem þeim er veitt samkv. þessu frv. Nú vitum við það, að stórtækustu framfarirnar í ræktun eru bundnar við notkun dráttarvéla. En til þess að geta notað dráttarvélar við ræktun, þarf mikla þáttöku um vinnu á hverjum stað, og hana með öðrum hætti en flestir hafa yfir að ráða. Ég er hræddur um, að þetta geti haft áhrif á það, þegar þeim, sem mestan dugnaðinn og áhugann hafa sýnt, er stjakað út af vellinum með þeim hætti, sem hér er gert —, þessum mönnum, sem einmitt hafa lagt grundvöllinn að því með sínum tiltölulega miklu framkvæmdum, að hægt hefir verið að nota dráttarvélar á tilteknum svæðum.

Ég býst við, að einmitt þetta verði til þess að gera skilyrðin erfiðari fyrir hina, og e. t. v. skjóta loku fyrir það, að þeir gætu unnið þessar framkvæmdir með slíkum hætti, en það er auðveldast að hrinda þeim áfram á þann hátt, eins og nú er ástatt um fólkshald í sveitum þessa lands, bæði til þess að vinna þau störf og önnur.

Ég ætla, að þetta atriði hafi ekki í meðferð þessa máls verið athugað nógu gaumgæfilega, að af þessu geti leitt það, að óbeinlínis verði dregið úr ræktuninni í sveitunum; svo var það nú þannig, að það þótti ekki nein vanvirða í sveitum þessa lands, þó að á stöku stöðum væri reknn nokkuð stór búskapur. Ég held, að í mörgum slíkum tilfellum hafi það frekar verið talinn fengur, en ekki til hins lakara fyrir sveitarfélögin, að til væru í sveitinni duglegir búskaparforystumenn. Ég held, að slík heimili hafi í sveitum þessa lands lagt grundvöllinn að þeirri sveitamenningu, sem borið hefir menningu Íslendinga uppi um margar aldir, svo að menningarlega séð er það ekki heldur til bóta að gera ráðstafanir til þess, að ekki sé hægt að reka sæmilega stóran búskap í sveitum þessa lands, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til þess, og að það sé vafasamur búhnykkur að ætla sér að draga úr þessari svokölluðu stórræktun. Það má ennfremur benda á, að það er enginn vafi á því, að tryggasti grundvöllurinn undir þá hugsjón, sem margir ala í brjósti sér á þessu landi, að geta fjölgað býlunum, er, að hægt sé að skipta jörðunum, að ræktunin sé svo mikil, að hægt sé að skipta jörðinni, þannig að hvert býli fyrir sig geti stuðzt við nokkuð mikið ræktað land. En það er vitanlega með þessu slegið á þennan möguleika.

Þá er það eitt enn, sem miðar verulega að því að draga úr styrkveitingum frá því, sem nú er, að því er snertir ræktunina í kringum kauptún og kaupstaði þessa lands. Það er ákveðið í niðurlagi 11. gr., að hækkun á styrk (þessi 20%) komi ekki til greina nema til býla, sem eru talin sjálfstæð býli, samkv. lögum um úttekt og ábúð jarða, en þar eru þau skilyrði sett fyrir því, að það geti talizt býli, að það sé hægt að afla þar á ræktuðu landi fóðurs handa 9 kúm

og að býlið sé a. m. k. 1000 kr. að fasteignamati. Nú er það svo um marga þá bletti, sem menn í kaupstöðum fá sér útmælda til ræktunar, að þeir eru ekki það stórir, að þeir komist upp í 1000 kr. að fasteignamati. Þess vegna eru þeir útilokaðir frá þeirri hækkun, sem þarna um ræðir. Það er eingöngu í þeim tilfellum, að slíkir menn myndi með sér félagsskap um ræktun samkv. 3. kafla laganna, sem þeir geta orðið aðnjótandi þessa, en ekki, þegar þeir eru einir út af fyrir sig. — Úr því að gengið er inn á að hækka styrk til þeirra, sem lítið eða ekkert hafa gert, virðist mér það mjög öfugt að fara svona að, að ætla að útiloka þessa menn, sem eru að brjótast í ræktun í kringum kaupstaði og kauptún.

Þá er það eitt atriði enn, sem nokkuð hefir verið minnzt á, og get ég því farið fljótt yfir sögu, og það er sú breyt. frá því, sem nú er, að fjárframlagið er ekki lengur veitt sem styrkur, heldur telst það lán og leggst sem kvöð á býlið. M. ö. o., ríkissjóður eignast smámsaman hluta í jörðunum, sem styrknum nemur. Í sumum tilfellum getur viðkomandi sveitar- eða bæjarfélag orðið eigandi framlagsins, þegar sala fer fram, og jarðeigandi verður að endurgreiða þetta lán eða leysa út þessa kvöð.

Það getur ekki leikið á tveim tungum með það, að hverju er stefnt með þessu; það á að nota fjárframlagið til jarðræktar til þess að láta ríkið ná tangarhaldi í jörðunum. Hér er því eins og í öðrum atriðum, sem ég hefi minnzt á, um að ræða algerða stefnubreytingu frá því, sem var 1923, og líka 1928, þegar þessi lög voru endurskoðuð. Það er enginn vafi, að þetta ákvæði verður til þess að fæla marga frá því að nota styrkinn; bændur eru því mjög andvígir, að aðrir eignist kvaðir í jörðum þeirra, sem vel gæti valdið þeim búsifjum síðar meir, þegar valdhöfunum þætti tími til kominn að fara að ráðstafa þeirri eign, sem ríkið hefir með þessum hætti öðlazt í jörðum. Undarlegt er það, að þessi ákvæði skuli einungis gilda um jarðir í sveitum, en ekki ræktunarlönd í kringum kaupstaði; þar verður framlagið áfram kvaðalaus styrkur. Ég sé vel, hvaðan það er runnið, ferilinn er hægt að rekja ljóslega. Eimskipafél. Ísl. hefir um mörg ár notið styrks til sinna strandferða, af því að það hefir verið litið svo á, að strandferðirnar, sem oft bera sig illa, væru svo nauðsynlegar, að það væri þess vert að veita því opinberan stuðning í þessu efni. En þá var það, eftir að sósialistar fóru að gerast allumsvifamiklir hér á þingi með því að brjóta braut sínum sósialistamálum, að þeir komu fram með till. um það, að sá styrkur, sem veittur er eimskipafélaginu, skyldi lagður inn sem hlutafé í félagið með það fyrir augum, að ríkisvaldið eignaðist þannig félagið smátt og smátt og þar með væri kippt þeim grundvelli, sem félagið var byggt upp á í öndverðu, undan því og áhrifavaldi þeirra einstaklinga, sem lagt hafa fé í félagið. En þá var litið svo á, að þetta væri ekki heppilegt, bæði af sjálfstæðismönnum og nægilega mörgum framsóknarmönnum til þess að hamla upp á móti þessu, svo þessi tilraun sósialistanna til að koma eimskipafélaginu undir ríkisyfirráð var að engu ger. En það er vitað, að sósialistum hefir alltaf verið að aukast bolmagn hér á þingi, og þess vegna er ekki undarlegt, þegar þeir í samstarfinu við Framsfl. eru orðnir æðstráðandi um stjórnarfarið til sjós og lands, eins og Jörundur hundadagakonungur orðaði það, þó að þeir geri alvöru úr því að framkvæma þær hugsjónir sínar, að koma jarðeignum í landinu undir ríkisyfirráð. Það er ekki heldur undarlegt, eftir að sósialistar eru orðnir svo valdamiklir á þingi og í íslenzku ríkisstj., þó að þeir beri niður á bændum, að þeir eigi nú að verða fyrstu fórnarlömbin fyrir þessar hugsjónir, að láta ríkisvaldið meira og meira teygja klærnar yfir í sjálfstæði íslenzkra borgara, og í þessu tilfelli íslenzkra bænda. Eins og frv. um jarðakaup ríkisins er skilgetið fóstur sósialista og þeir ætla að knýja fram sem uppfyllingu á samningunum við framsóknarmenn, eins ætla þeir nú með þessu frv. að leggja fjötur á íslenzka bændur. Ég skal ekki segja, hvað margir framsóknarmenn eru fjötraðir í þetta net sósialista; enn sem komið er, er ekkert komið fram um það, kannske flm. einn, að því leyti sem hann vill halda þessu ákvæði til streitu. Ég veit ekki nema hann mundi verða tilleiðanlegur með þetta atriði, eins og með ýms atriði önnur í frv. Það sýnir reynslan bráðlega, ef það er tilgangurinn að knýja þetta mál fram núna á þessu þingi.

Í kaflanum um verkfærakaupasjóð er ennfremur gert ráð fyrir að draga úr þeim styrk, sem menn fá úr þeim sjóði. Nú er gert ráð fyrir, að styrkurinn verði ekki nema ⅓ verðs allra verkfæra, sem keypt eru, en áður var það þó ½ verðs þeirra jarðyrkjuvéla, sem keyptar voru, og þó að upphæðin sé nokkuð hækkuð frá því, sem nú er í fjárlögum, þá er hún ekki hærri en hún hefir verið áður. Þó að bætt sé við vélum til kornræktar, má samt búast við, að með þessum hætti verði nokkuð dregið úr þeim stuðningi, sem íslenzkir bændur hafa notið til þess að afla sér nauðsynlegra áhalda, einkum þó jarðyrkjuvéla. Ég vil í sambandi við þetta bera þá spurningu fram fyrir hv. flm. þessa frv., hvort t. d. þeir, sem eiga fé inni í þessum sjóði frá fyrri árum, geti fengið úr sínum séreignarsjóði ½ verðs til kaupa á jarðyrkjuvélum, því að þetta er séreign þeirra, áður en þessum lögum er breytt. Mér finnst það nokkuð hart, ef þeir ættu ekki að fá úr þessum séreignarsjóði sínum, sem þeir hafa safnað saman á því tímabili, sem þessi ákvæði giltu, nema ⅓ til kaupa á jarðyrkjuvélum. Ég vil spyrja, hvort þessi nýju ákvæði eiga ekki bara að ná til þess fjár, sem safnast í sjóðinn, eftir að þessi lög öðlast gildi.

Þá vil ég með fáum orðum minnast á 6. kafla þessa frv. Hann er um búferlaflutning, eins og það er kallað, og auk þess um það að taka eignarnámi lönd, sem liggja að kaupstöðum og kauptúnum, ef þessi lönd eru vel fallin til ræktunar fyrir þá, sem þar búa. Það er gert ráð fyrir því í 6. kafla frv., að það sé látin fara fram athugun á jörðum, og þá í því skyni að flokka úr þær jarðir, sem ekki á að greiða neinn jarðræktarstyrk til framkvæmda. Þar eru taldar upp jarðir, sem liggja undir áföllum og öðru þess háttar. Auk þess eru taldar upp í þessum flokki jarðir, sem

eru afskekktar og liggja illa við samgöngum. Nú skilst mér, að ráðh. sé gefið vald til þess að neita um greiðslu á fjárframlagi til jarðræktar til býla, sem þannig er ástatt um, eftir að athugun hefir farið fram á þessu. Hinsvegar á að veita þeim mönnum nokkurn sérstakan stuðning, sem flytja af þessum býlum og yfir á önnur býli, eða þá ef þeir koma sér upp nýbýlum, því að það á að sjá þeim fyrir nokkru af verði þeirra húsa, sem eftir verða á þessum jörðum. Auk þess á, ef þeir vilja reisa nýbýli, að gefa þeim kost á nægilegu landi, og þeir eiga að fá erfðaábúð og óðalsrétt á þeim, og löndin eiga þeir að hafa afgjaldslaust til lífstíðar. Þetta er nú gott og blessað allt saman. Það má þó athuga það hinsvegar, að þessar afskekktu jarðir, sem svo eru kallaðar og að ýmsu leyti eiga erfitt með samgöngur, eru einmitt oft ekki síður lífvænlegar heldur en jarðir í þéttbýlinu, sem liggja betur við samgöngum. Hinsvegar vitum við það, að fólk sættir sig yfirleitt heldur illa við það, að vera á svo afskekktum stöðum. En þar sem ekki er upp á meira að bjóða í þéttbýlinu heldur en er hjá okkur, þá verð ég að segja, að það getur verið mjög varhugavert að ýta undir þetta fólk að yfirgefa dreifbýlið og fara að flytja sig í þéttbýlið, og það þó það ætli sér að reisa nýbýli, á meðan ekki er fengin nein reynsla um það, hvað lífvænlegt muni vera á þessum nýbýlum, sem reist eru að öllu leyti á óræktuðu landi. Að því leyti, sem framkvæmd þessarar löggjafar yrði til þess að ýta undir fólk að yfirgefa afskekktu staðina, sem geta skapað fólkinu, sem þar unir, góð lífsskilyrði, þá get ég trúað, að hún verði síður en svo til ávinnings. Þess vegna verður að fara töluvert varlega í þessar sakir, og ríkisvaldið má ekki auka á eða ýta undir það, að menn yfirgefi þessi fjarlægu býli og flytji sig í þéttbýli sveitanna í fullkomna tvísýnu þar. Á þessum dreifðu býlum lifa menn sérstaklega á sauðfjárframleiðslu, og enn sem komið er, þá er rýmri markaður fyrir afurðir sauðfjár en mjólkurafurðir, því að sala á þeim byggist nær eingöngu á innlendum markaði. En sala á erlendum markaði hefir enn þá verið allmikil fyrir okkar sauðfjárafurðir, og að sumu leyti mjög rúm að því er snertir ull og gærur, en að vísu nokkuð takmörkuð að því er snertir kjötframleiðsluna.

Ég vil með þessu aðeins benda á það, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera snertandi það fólk, sem er í dreifbýlinu núna, geta orðið tvíeggjað sverð, ef þetta breyttist þannig fyrir þjóðfélagið, meðan ekki fyndist tryggari grundvöllur undir búskap manna í þéttbýlinu.

Þá er gert ráð fyrir því, eins og er í núgildandi l., að það sé hægt að taka eignarnámi lönd til ræktunar í námunda við kaupstaði og kauptún, ef samkomulag fæst ekki. En mér skilst, að eftir ákvæðum þessa frv., þá sé gengið nokkuð nær heldur en í núgildandi l. um að taka þessi lönd, og að skilyrðin, sem sett eru fyrir því, að það megi taka þau, séu nokkuð þyngri gagnvart eigendum þessara landa heldur en eru í núgildandi l. um þetta efni. Það getur verið forsvaranlegt að fara þannig að, enda ákvæði um þetta tekin upp í núgildandi jarðræktarlögum. Hér segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 46. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefir tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefir léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis að dómi Búnaðarfélags Íslands.“ Svo eru einnig undanskilin lönd, sem á eru fornminjar, sem ekki má raska. En hér er ekkert tillit tekið til þess, þótt eigandi hafi sjálfur hugsað sér að rækta þetta land, ef hann ekki er búinn að rækta það, og ekkert tillit tekið til þess, þótt landið sé honum nauðsynlegt, t. d. til hagabeitar eða annars slíks. En í núgildandi l. um þetta efni er þetta undanskilið, því að þar segir, að ekki megi taka slík lönd, ef eigandi sjálfur hefir gert viðbúnað til þess að rækta landið eða færir sönnur á, að landið sé honum nauðsynlegt vegna annara afnota. Hér er réttur eiganda miklu betur tryggður í gildandi lögum heldur en er samkv. þessu frv. Hér er þess vegna farið inn á mjög varhugaverða breyt., og virðist mér hér lengra gengið en forsvaranlegt er, ef á að fara að taka þau lönd, sem nauðsynleg eru fyrir búskaparafkomu manna. — Þá er ennfremur farið inn á það, að eigandi megi taka hærri leigu eftir þetta land en 3% af verðmæti landsins, og það er jafnvel gert ráð fyrir því, að það verði hægt að færa þessa skyldu yfir á þau lönd, sem áður voru leigð á erfðafestu, því að það á að taka þetta allt til endurskoðunar á næsta ári eftir að l. þessi hafa öðlazt gildi. Það kemur ekki skýrt fram, hvað meint er með þessu, en mér virðist, að ákvæðið bendi til þess, að í þessu efni sé lengra gengið en samrýmanlegt er löglegum rétti manna í þessu efni.

Ég hefi nú rætt hér nokkur atriði þessa frv., sem ég vildi láta koma strax fram í sambandi við þetta mál, af því að ég geri ráð fyrir, að það leiði af sjálfu sér, að þetta mál fer að þessu sinni ekki lengra en til n. Það er þess vegna nauðsynlegt, að það sé bent á þá agnúa, sem á löggjöfinni eru, og að þetta mál sé rætt sem ýtarlegast, og mönnum gefinn kostur á því, að kynna sér þær breyt., sem hér er verið að gera á þessari vinsælu löggjöf, svo að menn vaði ekki í villu og svíma um þetta mál, þegar það kemur til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi, sem væntanlega verður ekki fyrr en á næsta þingi. Því meiri ástæða er til þess, að ýtarleg athugun fari fram á þessu máli nú, þar sem í ýmsum grundvallaratriðum þessa máls er alger breyt. orðin frá því, sem var, þegar l. þessi voru samin upphaflega 1923, og líka því, sem lá til grundvallar, þegar þau voru endurskoðuð 1928. Sú grundvallarbreyt., sem fram kemur í ýmsum atriðum þessa máls er til orðin á þeim tímum, sem liðið hafa síðan, og hefir mótazt af því samkomulagi, sem verið á milli núverandi stjórnarflokka eftir síðustu kosningar, og því áhrifavaldi, sem sósialistar hafa síðan haft á allan gang mála og afgreiðslu þeirra hér á Alþingi.

***Jón Pálmason:** Hv. síðasti ræðumaður hefir gert þessu máli allgóð skil að því er snertir ýmsar aths., sem ástæða er til þess að gera við það, og að öðru leyti hafði ég og hv. 7. landsk.

farið um það allmörgum orðum hér í dag. En þrátt fyrir það finn ég ástæðu til að segja nokkur orð til viðbótar og til andsvara nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hv. flm. hér í dag, og mér þykir leiðinlegt, að hann er ekki viðstaddur. En á meðan skal ég snúa máli mínu að hv. 2. þm. N.-M. um þau atriði, sem hann vék að í ræðu sinni.

Ég tók það fram í dag, að það hefðu verið hér uppi að undanförnu tvær stefnur í því, hvernig ætti að haga yfirráðunum í okkar búnaðarmálum. Önnur er sú, að Búnaðarfélag Íslands væri skrifstofa í stjórnarráðinu og þar með lagt niður, en hin sú, að efla og viðhalda félagsskapnum með því að byggja hann upp neðan frá og upp í gegn. Hv. 2. þm. N.-M. talaði um það, að það, sem ég sagði um það, að sú stefna, að gera Búnaðarfélag Íslands að stjórnarskrifstofu, hefði farið huldu höfði, að það væri illa mælt í sinn garð, því að hann hefði ekki farið dult með stefnu sína í þessu efni. En sannleikurinn er sá, að fáar reglur eru án undantekningar, og þó að ég hafi orðið þess var, að mjög margir, sem fylgt hafa þessari stefnu í huga sínum, þó þeir hafi ekki látið hana uppi, nema að hálfu leyti, þá er þessi hv. þm. undantekning, því að hann hefir alltaf haldið henni fram hvarvetna úti um land. — En við skulum nú athuga dálítið þær röksemdir, sem hann kom fram með í þessu efni í dag. Og þær voru, að hann vildi, þrátt fyrir það, þótt hann fylgdi þessari stefnu, halda Búnaðarfélagi Íslands áfram á svipaðan hátt og það er nú. Með þeim hætti er það augljóst mál, að það mundi verða tvöfaldur kostnaður að ýmsu leyti frá því, sem gera má ráð fyrir, ef önnurhvor stefnan yrði útfærð til fulls. Ef á að setja á fót sérstaka skrifstofu í stjórnarráðinu, eins og t. d. fræðslumálaskrifstofan er, og með þeim ráðamönnum, sem þar þyrftu að vera til þess að sjá um framkvæmd jarðræktarlaganna, búfjárræktarlaganna o. s. frv., þá taka þeir að mjög miklu leyti að sér þau störf, sem ráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa nú. Þess vegna tel ég, að það valdi sérstökum kostnaði að hugsa sér það fyrirkomulag, sem þessi hv. þm. vildi halda fram, að hafa annarsvegar skrifstofu í atvinnumálaráðuneytinu, sem hefði þessi mál, en hinsvegar hafa Búnaðarfélag Íslands eftir sem áður með sínum starfsmönnum og ráðunautum.

Að öðru leyti þarf ég ekki að svara því, sem þessi hv. þm. tók fram í sinni ræðu. En það voru nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hv. flm., sem ég finn ástæðu til þess að víkja að. Hann lét sér þau orð um munn fara, að með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, væri verið að auka rétt bænda fram yfir það, sem nú er. Það er þvert á móti verið að rýra hann með því að gera búnaðarmálafélagsskapinn meir en áður var háðan hinu pólitíska valdi. Hann tók það ennfremur fram, að hann vildi ekki, að neitt væri sett inn í l., sem gæfi tilefni til þess, að ágreiningur risi milli ráðherra annarsvegar og búnaðarmálastjóra hinsvegar. En ég veit ekki, hvað er betur fallið til þess að stofna til ágreinings milli þessara manna en það, að það sé gefið, að það sé settur í stöðu eins og búnaðarmálastjórastöðuna maður, sem þangað er settur gegn vilja meiri hluta búnaðarþings. Eins og tekið hefir verið fram rækilega í dag, þá má gera ráð fyrir, að það breytist aðstaðan að því er hina pólitísku skoðun snertir, þegar skipt er um stjórn, og eftir sömu hugsun ætti þá jafnframt að skipta um búnaðarmálastjóra. Það er að sjálfsögðu alltaf það heppilegasta í þessu sem öðru, að það séu sem allra minnstir árekstrar sem um getur verið að ræða hjá öllum þeim, sem eiga að byggja upp félagsskapinn, og hinum, sem yfir hann eru settir. Ég segi ekki með þessu, að það sé um neinn árekstur að ræða eins og sakir standa. Ég skal ekki um það segja, hvort hann verður, en það er til þess stofnað, að það er ekki ólíklegt, að hann verði meiri en verið hefir.

Hvað því viðvíkur, sem hv. flm. var að tala um, að það mundi að sjálfsögðu fara svo, að hver pólitískur ráðh., sem misnotaði vald sitt á þessu sviði, yrði ekki langgæfur, þá veit ég ekki, hvernig á frekar að misnota meirihlutavald hér á þingi en stefnt er að með þessu frv. gagnvart félagsskap íslenzks landbúnaðar. Það er hin herfilegasta misnoktun, að ætla sér með löggjöf að gera það að skilyrði fyrir jarðræktarstyrk, að umturna skipulagi búnaðarfélagsskaparins í landinu eftir geðþótta meirihlutavaldsins á þingi, þó að gengið sé framhjá því, sem ég vék að í dag, og mun vera fágætt, en það er, að frv., sem samið er af mþn., er falið fyrir þeim þm., sem eru andvígir stj., en geymt hjá hinum í heilan mánuð.

Þá tók hv. flm. það fram, að hann liti svo á, að áhrifin, sem Alþingi hafði til stjórnar á Búnaðarfélagi Íslands, hefðu verið miklu sterkari eins og þau voru áður en frv. til breyt. á jarðræktarlögunum, sem samþ. var í fyrra, náði fram að ganga. Þessu er, að því er ég fæ bezt séð, þveröfugt farið, því að eins og síðasti ræðumaður vék að, var því ekki verr fyrir komið en það, að það voru landbn. Alþingis, sem réðu því, hverjir stjórnarnefndarmennirnir voru, og svo höfðu þeir frjálsar hendur úr því sem stjórnendur í Búnaðarfélagi Íslands. En nú er gert ráð fyrir því, að ef þá greinir á við framkvæmdarstjórann, sem að sjálfsögðu á að vera undir þá settur, þá er það ráðh., sem á að skera út; en þetta stefnir að því, að stjórn Búnaðarfélags Íslands getur verið valdalaus um þau atriði, sem hún ef til vill kysi helzt að koma fram. Það leiðir af sjálfu sér, að ef þessir menn fara út í eitthvað það, sem bændastéttinni er ógeðfellt, þá verða þeir ekki langgæfir, því gegnum fulltrúa búnaðarfélaganna á að vera hægt að skipta um þá, hvenær sem þeir fara inn á aðrar brautir en þær, sem búnaðarsamböndin telja heppilegar.

Þá kem ég að því atriðinu að hafa mismunandi styrk til einstakra bænda. Hann játaði það, hv. flm., sem eðlilegt var, að það lægju ekki eingöngu þær orsakir til þess, að minna væri ræktað á sumum jörðum en öðrum, að styrkurinn væri of lágur. Hann tilfærði m. a. það, að menn á sumum jörðum hefðu ekki lagt eins ríka áherzlu á það að auka ræktunina, af því að þeir hefðu góðar engjar og véltækar. Ennfremur það, að áður en þessi l. gengu í gildi 1923, þá hefðu

verið til margar jarðir svo góðar, að menn þeir, sem á þeim bjuggu, töldu ekki brýna þörf á því að auka heyframleiðsluna með aukinni ræktun. En ef við lítum nú á þetta, þá kemur það þannig út, að menn, sem búa á þessum góðu jörðum og hafa ræktað lítið, síðan jarðræktarlögin gengu í gildi, eiga að fá hærri styrk en aðrir. En hvernig kemur þetta svo út? Þeir, sem búa á þessum góðu jörðum og lítið hafa ræktað, fá hærri styrk en þeir, sem búa á lélegum jörðum, en hafa lagt mikið kapp á það að rækta, en eiga lítinn eða engan styrk að fá, þótt jarðir þeirra séu lakari en hinna, sem tiltölulega litla ræktun hafa þurft að leggja í, af því að þeir búa á svo góðum jörðum. Þetta er aðeins eitt atriði af mörgum, sem kemur fram sem árekstur í sambandi við þessar reglur, sem hér eru upp teknar, og ég held, að þeir árekstrar verði miklu fleiri en þetta eina.

Þá er það eitt atriði, sem ég skal ekki fara mikið út í, en tel rétt að minnast á, að gefnu tilefni frá hv. flm., en það eru ákvæði 17. gr., sem gera ráð fyrir því, að jarðræktarstyrkurinn sé lán, sem hvílir á jörðinni um aldur og ævi. Hv. flm. játaði, að það kynni að vera, að það vantaði ákvæði í sambandi við þessa gr. um það, hvernig ætti með að fara, ef verðfall yrði á jörðunum. Nú vitum við, að frá 1930 hefir verið svo mikið verðfall á jörðum hér á landi, að það er ekki aðeins, að jarðir á mörgum stöðum hafa fallið í verði sem nemur öllum þeim umbótum, sem á þeim hafa verið gerðar síðan, heldur miklu hærri upphæð. Undir slíkum kringumstæðum hafa viðkomandi bændur ekki aðeins tapað því, sem þeir hafa lagt í jarðirnar, heldur meira til. En eftir þeirri reglu, sem hér á að innleiða, verkar þetta þannig, að þeir, sem hafa vegna verðfalls tapað þeirri upphæð, sem þeir hafa lagt í sínar jarðir, eiga til viðbótar að taka á sig það, að það sé reiknaður þeim til skuldar allur sá styrkur, sem ríkið hefir lagt fram, til þess að þessar umbætur verði. Á þennan hátt verður þessi regla herfilegasta ranglætisregla. Hér þarf að hafa allt aðra skipun á, til þess að unnt sé að ná því takmarki, sem mér virtist af ræðu hv. flm., að helzt vekti fyrir honum.

Ég held, að það hafi ekki verið fleiri atriði í ræðu hv. flm., sem gáfu sérstaka ástæðu til andsvara, og skal ég því láta hér staðar nema. En að lokum vil ég geta þess, að menn geta sannarlega ekki undrazt það, þótt mál eins og þetta sé rætt allmikið, eins og undirbúningur þess hefir verið fram að þessu, síðan það þing byrjaði, sem nú stendur yfir.

***Jón Sigurðsson:** Ég mun verða stuttorður að þessu sinni. Síðan ég talaði og hv. flm. svaraði, hafa tveir hv. þm. talað á undan mér, og þeir hafa eðlilega komið inn á ýmislegt af því, sem ég ætlaði að svara. Ég mun þess vegna ekki fara að endurtaka það í neinum verulegum atriðum, en aðeins minnast á örfá atriði.

Aðalatriðið í þessu máli er viðvíkjandi búnaðarfélaginu, sem er það, sem ég sérstaklega drap á í minni ræðu. Það, sem hefir unnizt við þessar umr., er, að það er viðurkennt, að yfir Búnaðarfélag Íslands á að setja starfsmann, sem getur farið sínu fram, hvað sem stjórn Búnaðarfélags Íslands og búnaðarþing segja, ef hann aðeins hefir meðhald ráðh. Hann getur þess vegna bæði hundsað búnaðarþing og stjórn Búnaðarfélags Íslands. Ég get ekki betur séð en að þegar svo er komið, þá sé frjálsræðið orðið lítið og tæplega hægt að segja, að hér sé um óháðan félagsskap að ræða. Völdin í félagsskapnum eru þess vegna, eins og ég sagði áður og haldið hefir verið fram, ekki lengur í höndum bænda eða fulltrúa þeirra, heldur eru völdin í raun og veru lögð í hendur landbrh. eða þeim stjórnmálaflokki, sem fer með völdin í það og það skiptið. En það skrítna við þetta er, að þetta skipulag tryggir alls ekki þá góðu samvinnu, sem hv. flm. var að tala um í sinni ræðu. Mér virðist, að þessi breyt. sé sýnilega miðuð við það eitt að gagna núverandi valdhöfum, sem er samkv. frv. ætlað að skipa fyrsta búnaðarmálastjórann.

Þá var hv. flm. mjög fjölorður um þær breyt., sem ætti að gera á kosningafyrirkomulaginu. Hann gat ekki neitað því, að við kosningar til búnaðarþings væri fylgt sömu reglum eins og við kosningar til aðalfundar Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Hann sagði, þegar hann var að tala um þetta, að kosningar til búnaðarþings væru nánast brot á öllum lýðræðisreglum og að þetta væru alls ekki sambærilegar stofnanir, S. Í. S. og búnaðarþing, eins og ég hafði þó bent á. Ég vil benda á það, að hvorttveggja þetta félag er bændafélag, og bæði byggð upp á sama hátt. Í S. Í. S. eru félagadeildir í hverjum hreppi; þær safna sér saman í heildir, þar sem kaupfélögin eru, en þau eru hliðstæð búnaðarsamböndunum hjá búnaðarfélagsskapnum, og að lokum kemur svo S. Í. S. sem er hliðstætt Búnaðarfélagi Íslands. Hvortveggja þessi félagsskapur er því hliðstæður og byggður upp á sama hátt. Það er því ekki nema eðlilegur hlutur, að það gildi mjög svipaðar reglur um kosningar í báðum þessum félögum. Nú hefir ekki komið hreyfing um það, hvorki frá stjórn Sambandsins eða þeim, sem eiga við þessi ákvæði að búa, að breyta ákvæðum Sambandsins á þá lund, sem hér er farið fram á. Hann vildi færa það fram sem ástæðu, að þetta væri ekki sambærilegt að því leyti, að Búnaðarfélag Íslands hefði með höndum ýmis störf fyrir ríkisstj. Það er alveg rétt, að það hefir hingað til haft með höndum mörg störf fyrir ríkisstj. En það hefir S. Í. S. líka. Ég veit ekki betur en það hafi haft áburðarsöluna, og líka mun það hafa kartöflusöluna, sem hlýtur að verða mjög stórt fyrirtæki. Þessi félög eru því fullkomlega sambærileg, og það var fullkomin ástæða til þess fyrir mig, þegar ég tók þessi tvö félög og benti á, að aðstaðan hjá þeim væri lík. Þá hefir S. Í. S. verið tryggður mikill óbeinn styrkur með ákvæðum samvinnulaganna. Hér er því um félög að ræða, sem eru algerlega hliðstæð, og sé kosningafyrirkomulagið talið óhafandi hjá Búnaðarfélagi Íslands, hlýtur í því að felast viðurkenning þessara sömu manna um, að það sé það einnig hjá hinni stofnuninni. En ég skal játa, að þetta út af fyrir sig er ekki neitt aðalatriði í þessu máli. Aðalatriðið er það, að hvergi liggja fyrir óskir frá bændum um, að þessu kosningafyrirkomu-

lagi sé breytt. Ég hefi alls ekki orðið var við, að þetta væri orðað, ekki einu sinni á landsfundum bænda, en hv. flm. vitnaði mjög í það, að landssamband bænda hefði verið stofnað af því, að menn hefðu verið óánægðir með kosningafyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands. Ég hefi nú nokkuð fylgzt með störfum landssambandsins, og ef það hefði verið stofnað í þeim tilgangi, sem hv. flm. vildi telja, hlaut það að verða eitt af þess fyrstu verkum að samþ. áskorun um að breyta lögum búnaðarfélagsins. En mér er ekki kunnugt um eina einustu áskorun frá landsfundum bænda um að gera neitt slíkt. Það virðist ljósasta sönnunin fyrir því, að þetta, sem hv. flm. er að ræða um, er ekkert nema hans eiginn hugarburður. Aftur hafa legið fyrir á undanförnum árum mjög ákveðnar áskoranir, bæði frá landsfundunum, búnaðarsamböndum og fundum víðsvegar um land um það, að B. Í. fengi full umráð allra sinna mála, ekki aðeins vald yfir búnaðarmálastjóra, heldur hefði líka rétt til að skipa stjórn félagsins að öllu leyti. Þær áskoranir hafa bæði legið fyrir búnaðarþingi og Alþingi. En setjum svo, að einhver fótur væri fyrir því, að þær óskir séu uppi, sem hv. flm. talar um, — því þá ekki að láta bændur sjálfa um að kippa þessu í lag? Þetta er þeirra félagsskapur, — og hverjum stendur nær en einmitt þeim sjálfum að lagfæra slíkt og koma fram með rökstuddar till. um, á hvern hátt það skuli gert? En tilfellið er, að þeir, sem að þessu máli standa, hafa enga trú á þessum fullyrðingum sínum um óskir bænda. Og af því, sem fram er komið, er þannig fyllilega ljóst, að þeir trúa bændum alls ekki fyrir því að ráða, hvernig þeir velja sér fulltrúa. Þeir hvorki trúa þeim eða treysta til þess. Traustið er nú einu sinni ekki meira en þetta. Það, sem þeir stefna að, það er ekki að leggja þetta á vald bændanna sjálfra og ætla þeim að ráða þessum málum, eins og öðrum félagsmálum sínum, heldur hugsa þeir sér að kúga þetta fram með valdboði frá Alþingi og ríkisstj. Það er þetta, sem ég átel. Það má vel vera, að slíkar breyt., sem hér er um að ræða, hafi einhvern rétt á sér. Það má vel vera, að æskilegra væri, að búnaðarþingið væri eitthvað fjölmennara og gæti setið lengur að störfum heldur en nú er. En það kostar peninga, stóraukin útgjöld, og búnaðarþingið hefir ekki talið, að Alþingi væri ennþá svo ríflegt á fjárframlög til búnaðarfélagsins, að ástæða væri til að verja miklu meira en nú er gert til þingsetunnar, og að því fé, sem það hefir til umráða, væri betur varið til annara þarflegra framkvæmda, sem alltaf kalla að. Ég tel því, eins og ég sagði áðan, að það komi ekki til mála, að búnaðarþing fari að gera slíkar breyt. eftir valdboði. Hitt stendur alltaf opið fyrir fulltrúa bænda, að koma fram með till. um þær breyt., sem þeir telja nauðsynlegar á hverjum tíma, jafnt þessar sem aðrar. Ég segi fyrir mig sem búnaðarþingsfulltrúi, að ef ég ætti sæti á næsta búnaðarþingi, mundi ég ekki sjá mér fært að taka á móti öðru eins valdboði eins og hér er lagt til að leggja á búnaðarfélagið.

Ég skal svo ekki hafa þetta miklu lengra, þótt eitt og annað sé, sem ég hefði e. t. v. ástæðu til að svara. Hv. flm. var að gera sér það til gamans að taka upp eftir mér orð og brot úr setningum, slíta þau úr samhengi og leggja svo út af því. Slíkt er alltaf hægt að gera, og reka svo ofan í viðkomanda það, sem hann aldrei hefir sagt í því sambandi, sem látið er heita. En um það ætla ég ekki að ræða. Ég hefi haldið mér stranglega við það efni, sem hér liggur fyrir til umr. Hv. flm. virtist vera undrandi yfir því, að ég spurði um, hvers búnaðarfélagið ætti að gjalda, er slíkum fantatökum — mun ég hafa sagt — á að beita við það, eins og ég tel hér um að ræða. Hann taldi, að hér væri ekki um neina refsingu að ræða eða neitt slíkt; þetta væru aðeins bætur. Það má vel vera, að þegar honum er skipað eitthvað með valdboði, þá telji hann það bætur einar, og að hann sé fús að kyssa á vöndinn, ef svo mætti segja, og þyki það vel hlýða á allan hátt. Það gladdi mig þó, að hann lýsti að endingu yfir, að hann hefði þá trú, að hver sú stj. eða sá landbrh., sem reyndi að þrengja kosti búnaðarfélagsins, mundi ekki verða langlífur í ráðherrasæti. Ég hefi líka þessa trú og vænti, að svo fari einnig í þetta sinn.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Ég skal reyna að hafa ekki mjög mörg orð til viðbótar. Mér þykir vænt um, hvað þessi umr. hefir verið hófleg og hvað vel menn hafa haldið sér við það efni, sem fyrir liggur. Þannig kýs ég helzt að ræða þau málefni, sem maður þarf að fást við til úrlausnar.

Það eru nú ekki mjög mörg atriði í ræðu hv. þm. Borgf., sem mér finnst ég þurfa að víkja að, því að nokkru leyti kom hann inn á sömu atriði, sem áður var búið að tala um, svo ég get farið fljótt yfir sögu.

Hv. þm. sagði, að hann hefði orðið að sima upp í Borgarfjörð til þess að fá vitneskju um, hvað þessu máli liði. Út af því umtali, sem orðið hefir um þessa hluti, vil ég benda á það, að það er engin nýlunda, að mál séu ekki lögð fram opinberlega, fyrr en undirbúningi þeirra er lokið og þeir, sem að þeim standa, eru búnir að koma þeim í þann búning, sem þeir í höfuðatriðum ætla sér að vera með. Ég skal viðurkenna, að það er ætíð æskilegt, að málefni geti komið snemma fram, svo að hægt sé að láta þau sæta góðri athugun, og á það ekki aðeins við þetta mál. En sökum þess, hvað naumur tími var milli þinga og hvað mörgu öðru hefir verið að sinna, þá hefir dregizt lengur en æskilegt hefði verið, að málið kæmi fram; það ber að viðurkenna. Hinsvegar vil ég vona, að hv. þm. séu margir hverjir þessu máli svo kunnugir, að þeir geti verið nokkuð fljótir að setja sig inn í það.

Hvað hámarksákvæðin áhrærir taldi hv. þm. Borgf. gengið í berhögg við stefnu gildandi laga. Það er rétt að því leyti, að núgildandi jarðræktarlög setja engin heildarhámörk um, hvað megi fara mest til sama hýlis. Það má vera, að menn líti misjöfnum augum á þetta, en ég er hv. þm. ósammála um, að það sé ekki æskilegt að hafa slíkt heildarhámark í þessum l., sérstaklega meðan svo er ástatt í landinu, að mjög er takmarkað það, sem við getum selt af okkar framleiðslu. Nú er okkur lífsnauðsyn, eins og högum er háttað, að sem flestir geti haft verkefni og lífsmögu-

leika til sveitanna. Og að mínu áliti næst það best með þeim hætti, að það geti verið sem flestir sjálfstæðir bændur, sem hafa lifsframfæri af búskap sínum fyrir sig og sína. En því fleiri sem reka búskap í stórum stíl fram yfir það, sem þeir þurfa sér og sínum til framfæris, því meira þrengist markaðurinn innanlands, og það því fremur, þar sem svo er ástatt, að markaðurinn erlendis er bæði óhagstæður og mjög takmarkaður. Ég er ekki í vafa um, að þetta viðhorf í þessum efnum hefir opnað augun á mönnum og átt drýgstan þátt í, að slíkar till. eru fram komnar. Það væri allt öðru máli að gegna um þetta, ef þannig væri ástatt, að það, sem ekki þyrfti af framleiðslunni í landinu sjálfu þjóðinni til lifsframfæris, ætti aðgang að nægum markaði erlendis. Þá væri viðhorfið allt annað. Þess vegna má engan veginn skoða þetta svo, að það sé verið að refsa þeim mönnum, sem hafa sýnt dugnað og framtakssemi í ræktun og gert mikið. Það er vegna hins kalda veruleika og þeirrar brýnu nauðsynjar, sem á því er, að þess sé gætt, að nokkuð jafnræði ríki í þessum efnum, að þetta er fram komið. Það er líka sjón sögu ríkari í þessu efni. Hér í nágrenni við bezta markaðsstaðinn hefir þegar framleiðsla nokkurra manna aukizt um skör fram, sem leiðir til þess, að þeir, sem búa lengra í burtu og lakari aðstöðu hafa, geta mjög af skornum skammti notað þau skilyrði, sem lífvænlegust eru þó á sviði landbúnaðarins.

Ég get ekki farið að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt viðvíkjandi því, hvort hér er verið að rýra vald búnaðarfélagsins yfir sínum málum. Mér þykir leiðinlegt, að hv. þm. skuli endurtaka þetta, því að þetta frv. gerir ráð fyrir, að búnaðarfélagið fái algerlega óskorað vald yfir sínum málum; aðeins á val búnaðarmálastjóra að vera bundið samþykki landbrh., og ef ágreiningur verður á milli búnaðarmálastjóra og búnaðarfélagsstjórnarinnar, á ráðh. að skera úr, ef um er að ræða þau málefni, sem búnaðarfélagið fer með í umboði ríkisvaldsins. Hitt nær ekki neinni átt, þótt með lagaboði sé ákveðið, að kosning til búnaðarþings skuli fara fram með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, þá sé það sú íhlutun, að bændur fái ekki notið sín. Þeir eiga sjálfir að kjósa sína fulltrúa, sem einir ráða stofnun þeirra. Mér þykir leiðinlegt, ef mönnum finnst í þessu felast allt annað heldur en þessi ákvæði gefa tilefni til.

Hv. þm. Borgf. vildi telja, að búnaðarfélagið hefði verið frjálsara og sjálfstæðara með fyrra fyrirkomulaginu, meðan Alþingi tilnefndi tvo menn í stjórn félagsins sjálfs, heldur en það yrði samkvæmt þessu frv. Ég er á allt annari skoðun um þetta atriði, en um það þýðir ekki að þrátta, það heldur sennilega hver sinni meiningu í því efni.

Ég held, að það sé hyggilegt, enda virtist mér hv. þm. Borgf. ekki neitt finna að því, að leggja jarðabæturnar í einingar, eins og frv. gerir ráð fyrir, og ákveðinn styrkur sé síðan veittur fyrir hverja einingu. Ég held, að það sé samkv. óskum manna, að þetta fyrirkomulag sé bundið með lögum, í stað þess að ákveðið sé með reglugerðarákvæði, hvað leggja skuli í dagsverk, og þannig hægt að hafa styrkinn mismunandi mikinn án lagabreytinga. Ég held, að það brjóti í bága við tilgang þessarar löggjafar, að hægt sé að hringla með þetta fram og aftur.

Hv. þm. sagði, að bændur þyrftu ekki að fá neina skipun um það frá Alþingi að koma þessu kosningafyrirkomulagi á. Ef þeir vildu taka það upp, gætu þeir komið fram með það sjálfir. Það má náttúrlega segja svo, en svipað má segja um mörg lagafyrirmæli, sem snerta ýmsar tilteknar stéttir þjóðfélagsins, að þau eru sett án frumkvæðis þeirra sjálfra, og svo framarlega að ekki sé gengið í berhögg við frjálsræði manna, er ekkert við slíkt að athuga. Í þessu efni þori ég að fullyrða, að bændur njóta fyllilega sins frelsis við kosningu sinna fulltrúa. Ég vil benda á það, út af því umtali, sem hefir orðið um fyrirskipanir af þingsins hálfu um þau efni, sem snerta félagsskap manna, að það er fullt af ákvæðum í okkar löggjöf, sem gefa mönnum fyrirmæli um, hvernig þeir skuli haga sameiginlegri starfsemi sinni, ýmiskonar tryggingarákvæðum, sem sett hafa verið án þess að hlutaðeigendur hafi óskað eftir. Ef löggjafarvaldið skoðar slíkt nauðsynlegt, til þess að koma einhverri starfsemi í fastara og öruggara form, þá gerir það það, enda heyrir það því til. Þá vék hv. þm. Borgf. að því, að það væri í sumum tilfellum miðað við landstærð, hvort menn hefðu atkvæðisrétt til búnaðarþings að öllu eða einhverju leyti. Það er rétt, en það ákvæði er sett inn til þess, að þeir, sem lítið land hafa, séu ekki útilokaðir frá að hafa sín áhrif á þessi mál. Hinsvegar verður að taka tillit til þess, að ef hver maður, sem hefir einhvern grasblett til afnota, ætti að hafa óskoraðan atkvæðisrétt, eins og þeir, sem hafa lifsframfæri sitt af landbúnaði, þá gætu þeir orðið svo margir, sem íhlutun hefðu um þessi mál, að hinir eiginlegu bændur fengju ekki notið sín. Þess vegna er þetta ákvæði um takmarkaðan kosningarrétt þeirra, sem mjög lítið land hafa, sett í frv. Ég játa fullkomlega, að þetta getur verið skoðanamál.

Þá vék hv. þm. Borgf. að hækkun og lækkun styrksins. Ég hefi vikið að því áður, að aðstöðumunur getur verið mikill, og höfum við ekki gengið framhjá því, þótt ekki sé hægt í löggjöf að taka tillit til staðhátta fullkomlega, og hefir þetta sízt verið betra áður. Þess vegna höfum við komið dálítið á móti með till. um hækkaðan framræslustyrk, og um styrk til grjótnáms ætla ég, að sé aðstöðumunur, sem ekki er gott að jafna.

Þá vék hv. þm. að þýðingu ræktunarinnar. Ég skal ekki fjölyrða um það; ég er honum sammála um, að hún skiptir þjóðfélagið miklu. Og ég efast ekki um, að jafngreindur og greinagóður maður og hv. þm. Borgf. er, hlýtur að sjá það, hve varhugavert væri eða gæti verið að hlynna að þeim mönnum, sem langbezta aðstöðu hafa til að auka framleiðsluna takmarkalaust, a. m. k. meðan framleiðslu- og markaðsástandið er eins og ég hefi áður lýst. Þeir ættu að vera komnir á þann rekspöl, að þeir geta vissulega haldið áfram sínu starfi við ræktunarumbætur á jörðum sínum, og ég vil vona, að þeir haldi því starfi áfram. Mér dettur ekki í hug að halda, að þessir menn hætti öllum umbótum, þó að þeir njóti ekki til þess styrks úr ríkissjóði, sérstaklega þeir, sem langt

eru komnir. — Hv. þm. vék að því, að með þessu væri verið að gera upp á milli manna. Það er rétt, að það er að ýmsu leyti gert, en það er ekkert sérstakt við þessa löggjöf eða um þessi atriði; þetta er gert í flestum lögum, og ég fullyrði, að það sé hér fullkomlega réttlætanlegt.

Þá vék hann og að því, að þetta skyti skökku við og væri í ósamræmi við vilja þeirra manna, sem báru fram lög þessi upphaflega. Ég vil benda á, að þegar jarðræktarlögin voru sett, voru allar aðstæður mjög á annan veg en nú er, og viðhorfið því allt annað. Ég vil fullyrða, að þessir sömu menn hefðu nú viljað setja sömu skorður og hér er farið fram á, ef þeir hefðu borið fram jarðræktarlögin á þessum tíma. Ég get ekki fallizt á, að takmörkuð verði notkun manna á stórvirkum jarðvinnslutækjum einmitt nú, þegar röðin er komin að þeim mönnum, sem skemmra eru komnir áleiðis með ræktunina, og vil ég vissulega, að þau verði notuð.

Ég hefi skrifað hér hjá mér nokkuð mörg atriði, en ég sé ekki, að þau skipti miklu máli, svo að ástæða sé til að rekja þau öll.

Hv. þm. Borgf. minntist á hátt jarðarverð. Það er ekkert efamál, að það er mesta böl. Danmörk er mikið landbúnaðarland, og þar býr vel mennt þjóð, með vel ræktað land, en hennar böl er, hvað landið er dýrt, og kvarta þeir mjög undan háa jarðarverðinu bæði í ræðu og riti. Ef það gæti tekizt með ákvæðum þessara laga að hindra hækkun jarðarverðsins, tel ég það alls ekki óþarft.

Þá vék hv. þm. Borgf. að Eimskipafélagi Íslands *og jafnaðarmönnum og taldi*, að þetta ákvæði væri komið frá þeim. Ég get ekkert um það sagt, hver þeirra afstaða er, en ég býst við, að þeir vilji ekki hátt jarðarverð. — Hv. þm. var að átelja okkur framsóknarmenn fyrir, hve þeir væru fjölmennir á þingi nú. Ég held, að hann ætti fremur að líta í eiginn barm og síns flokks, því að fjölgun þeirra stafar af kosningalagabreyt. og stjórnarskrárbreyt., sem þessir flokkar stóðu saman að. En við framsóknarmenn stóðum gegn, og sér hann nú, til hvers sú breyt. leiddi; má hann því kenna sér um og sínum flokksbræðrum, hversu fjölmennir þeir eru nú hér á þingi.

Þá vék hv. þm. þeirri fyrirspurn til mín viðvíkjandi styrk til vélakaupa, hvort ekki mundi mega verja þeirri inneign, sem vélkaupasjóðirnir eiga nú, til styrkja svo sem verið hefði. Þetta atriði barst ekki í tal milli okkar, sem að þessu verki unnum, en ég get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að ég teldi það ekki óeðlilegt, en að sjálfsögðu þarf að taka það fram, svo að ekki verði misskilið, og mun þá n. að sjálfsögðu gera brtt. þar um.

Hv. þm. minntist á búferlaflutninginn, og er það alveg rétt, að það ákvæði getur verið tvíeggjað, en það er nú svo um mörg mál í framkvæmdinni. En ég vil vona, að BÍ. og þeir menn, sem eiga að sjá um framkvæmd þessara laga — til þess kjörnir trúnaðarmenn —, hafi fullkomna forsjá í starfi sínu, og vænti ég þess, að þá hverfi sú hin verri eggin. Og ég vænti þess, að hv. þm. Borgf. sé sammála um, að það sé hin mesta óforsjálni og fásinna ein, að styrkja þau býli, sem af náttúrunnar völdum eða öðrum ástæðum eru óheppileg til búskapar og sýnt er, að munu leggjast í eyði.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að hv. þm. A.-Húnv., en um hann get ég verið mjög stuttorður. Hann vék að því, að góðu jarðirnar, sem lítið hefðu verið ræktaðar, ættu nú að fá hækkaðan styrk. Þetta var okkur ljóst, og þetta er alveg rétt, en ég vil benda á, að í jarðræktarlögunum hefir ekki verið metin slík aðstaða til búskapar, og eru þau í þessu efni óliku verri en þetta frv.

Hv. 7. landsk. þm. vildi enn halda því fram, að með frv. þessu væru völdin færð í hendur landbrh. Ég held, að það sé ósköp lítið, en ákveðið er, eins og hefir verið, að hann sé æðsti maður þessara mála, og þó þetta sé sett inn um val búnaðarmálastjóra, hefir svo verið áður, og afskipti hans *af ágreiningi* eða *málum félagsins* ná ekki lengra en til þeirra framkvæmda, sem félagið hefir með höndum fyrir ríkið.

Þá minntist þessi hv. þm. á S. Í. S. Ég vil benda honum á, að til er löggjöf þar að lútandi, og mér er ekki ljóst, að nein ósk hafi komið fram frá bændum um, að þau lög þyrftu breyt. við, en lesi menn þau l., sjá þeir, hvað þar er áskapað, og ég vil benda hv. 7. landsk. á, að í jarðræktarl. er nú skipað fyrir um margt.

Og þannig er í öllum siðuðum þjóðfélögum, sem byggja á samstarfi þegnanna, að ýms fyrirmæli er sett, og það er ekkert sérstakt um þessa löggjöf. Mér finnst það broslegt hjá hv. þm., að treysta ekki bændum til að velja sjálfir sína fulltrúa á búnaðarþing á sama hátt og þeir velja okkur til þings. Ég held, að þetta sé meir sagt til *gamans en að það sé meint í alvöru, og ég* viðurkenni ekki, að þetta sé óþarft.

Ég tel það til bóta, að búnaðarþing verði fjölmennara og starfi lengur en verið hefir, og orsökin eða ástæðan til að vera á móti því, getur ekki verið fjármálin. Ég held, að okkur hv. 7. landsk. greini ekki á um, að hér sé um svo þýðingarmikla stofnun að ræða, er fjalli um svo mikilsvert málefni bændastéttarinnar, að ef kostur er að auka nytsemi þessara starfa, þá sé þeim fjármunum vel varið, er til þess ganga, a. m. k. er það mín sannfæring og mín trú.

Þá hefi ég vikið nokkrum orðum að þeim aths., *sem komið hafa fram, og sé ég ekki ástæðu til* að hafa þau fleiri. Er eðlilegt, að ýmsar aths. komi fram, en mér þykir ánægjulegt, hvað þessar umr. hafa verið bundnar við málið sjálft.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EJ, GG, GÍ, HV, JónP, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.

nei: JS, PO, SK, TT, EE.

GSv, JakM, PHalld greiddu ekki atkv.

Sex þm. (GÞ, HannJ, JJós, JÓl, ÓTh, BJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 19 shlj. atkv.

Við nafnakallið um að vísa málinu til 2. umr. gerðu 2 þm. svofelldar aths.:

*Jón Pálmason: Það er kunnugt, að þetta mál er eitt af hinum þýðingarmestu málum, sem lögð hafa verið fram á þessu þingi. Það er líka kunnugt, að þegar umr. um það fóru hér fram í gærkvöldi, þá fóru allir fulltrúar annars stjórnarflokksins af fundi og sumir fulltrúar hins stjórnarfl. og voru ekki að neinu leyti við þær umr. En þegar svo mönnum var smalað til atkvgr., er komið var miðnætti, tók ég og sumir aðrir til þess ráðs, sem ég hefi gert áður, að sýna andúð mína gegn þessu framferði með því að ganga af fundi. — Þó að ég sé andvígur þessu frv. í þeirri mynd, sem það nú er, þá vil ég ekki hamla því, að það fari til n., og segi ég þess vegna já.

*Emil Jónsson: Ég vil skjóta því hér fram út af því, að hv. þm. A.-Húnv. taldi, að annar stjórnarflokkurinn — og þar átti hann við Alþfl. — hefði ekki greitt atkv. hér í gærkvöldi um þetta mál, að slíkt er alls ekki rétt, því að meiri hl. Alþfl. sat undir umr. um þetta mál hér í gær. (JónP: Meiri hl.?). Já, meiri hl. flokksins sat hér mjög lengi undir umr. um þetta mál þá. En þegar greiða átti atkv. um málið, voru aðeins þrír þm. úr flokki hv. þm. A.-Húnv., og tveir af þeim hlupu út, þegar atkvgr. átti að hefjast. — Ég segi já.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 391, n. 464 og 471, 465).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14:3 atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Til viðbótar því, sem segir í nál. um afgreiðslu málsins, skal ég geta þess, að fundur sá, er þar um ræðir, í stj. Búnaðarfélags Íslands hefir verið haldinn, og gat stj. búnaðarfélagsins ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. stj. vildi ekki ræða einstök atriði frv., en lét bóka svofellda ályktun frá form. félagsins, Magnúsi Þorlákssyni. Var hún samþ. af meðstjórnanda okkar, Svavari Guðmundssyni, eftir að hún hafði verið lesin upp fyrir honum í síma. Þessi yfirlýsing hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem frv. til jarðræktarlaga, er nú liggur fyrir Alþingi, skerðir stórkostlega félagsréttindi Búnaðarfélags Íslands og gengur inn á alger einkamál þess og rýrir mjög vald félagsins og ákvörðunarrétt um málefni landbúnaðarins, en dregur hinsvegar að sumu leyti mjög úr framlögum ríkisins til jarðræktarinnar og felur auk þess í mikilsverðum atriðum í sér grundvallarbreyt. á jarðræktarlögunum, þá skorar stj. Búnaðarfélags Íslands fastlega á Alþingi að fresta afgreiðslu málsins á þessu þingi, en krefst þess, að frv. verði sent til umsagnar búnaðarsambandanna og búnaðarþings, er saman á að koma um líkt leyti og næsta reglulegt Alþingi, og væri þá ágæt aðstaða til að vinna að úrlausn þessara mála og athuga þær breyt., er til bóta gætu orðið á núverandi löggjöf, og þá um leið gæti búnaðarþing gert þær breyt. á lögum Búnaðarfélags Íslands, sem nauðsynlegar kynnu að verða.

Búnaðarfélag Íslands, 29. apríl 1936.

Þ. Magnús Þorláksson,
Pálmi Einarsson,
(eftir umboði Svavars Guðmundssonar).

Ég er, eins og hv. þm. vita, í stjórn Búnaðarfélags Íslands, og ég gat ekki orðið sammála meðstjórnendum mínum um þessa ályktun. Með því að ég mun í þeim orðum, er ég tala um þetta, komast inn á það efni, þá sé ég ekki ástæðu til að lesa upp þá grg., er ég færði fyrir því í stj. Ég skal að vísu segja það strax, að mér þykir leitt að verða að finna að því, að svo mikill dráttur hefir orðið á undirbúningi þessa máls, að ekki hefir verið hægt að leggja það fyrir þingið, fyrr en svo er orðið áliðið, að ekki eru tök á að senda það til búnaðarsambandanna og fleiri, en það hefði mátt gera, ef frv. hefði komið fram snemma á þinginu. Það gátu vitanlega verið einstök „teknisk“ atriði, er betra var, að farið væri yfir af sem flestum kunnugum mönnum. Það hefði getað flýtt fyrir afgreiðslu málsins og lagað ýmsa agnúa, sem kunna að vera á þessum lagabálki fram yfir það, sem við sjáum í fljótu bragði. Hitt er ég sannfærður um, að um þau atriði frv., sem aðallega valda ágreiningi, hefðu ekki orðið nein skoðanaskipti hjá hv. þm., hvert sem álit búnaðarþingsins hefði orðið. Ég segi þetta af þeirri reynslu, sem ég hefi fengið á undangengnum þingum. Hér hafa oft legið fyrir einróma áskoranir frá búnaðarþinginu um breyting á lögum þess í vissum atriðum, og þing eftir þing hefir þetta verið flutt af sömu hv. þm. Það er ekki af fjandskap við Búnaðarfélag Íslands, að þessar brtt. hafa verið felldar, heldur af því að þær hafa ekki verið álitnar vera til bóta. Sama er ég sannfærður um, að mundi eiga sér stað nú, þó að búnaðarþingið féllist á og mælti með þeim höfuðtill., sem í frv. felast, þá mundu þeir, sem eru á móti málinu og hafa talað hér gegn því, ekki breyta neitt afstöðu sinni eftir því; og eins þótt búnaðarþingið legðist á móti því, þá mundi það á sama hátt ekki hafa nein veruleg áhrif á skoðanir þeirra manna, sem nú þegar eru búnir að taka afstöðu með málinu. Þannig mundi það að fresta málinu og vísa því til búnaðarþings ekki hafa neitt annað að þýða en frestun þess í eitt ár. Ég segi þetta ekki af því, að ég telji, að búnaðarþingið sé þeim mun lægri stofnun í þjóðfélaginu en Alþingi, að Alþingi geti ekki beygt sig fyrir ályktunum, sem þaðan koma, heldur af hinu, að ég veit, að það meta svo margir sína persónulegu skoðun á málinu meira en álit, þó að það sé jafnvel frá svo virðulegri stofnun sem búnaðarþinginu.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um þær höfuðbreyt., sem í þessu frv. felast frá þeim lögum, sem nú eru í gildi. Fyrsti kaflinn ræðir um stjórn búnaðarmálanna og aðstöðu ríkisvaldsins til þeirra. Því hefir verið mjög haldið á lofti af hv. stjórnarandstæðingum, að með þessu væri verið að rýra vald búnaðarfélaganna í landinu. Mér finnst þetta á misskilningi byggt. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að Búnaðarfélag Íslands hefir tvennskonar starfsemi. Annarsvegar er það „privat“ félagsskapur bænda landsins, og svo

hinsvegar er búnaðarfélagið aðili, sem hefir á hendi einskonar framkvæmdarstarfsemi fyrir ríkið á málum, sem í flestum öðrum löndum falla undir landbúnaðarráðuneyti hvers ríkis. Búnaðarfélag Íslands hefir með höndum flestar veigamestu og stærstu lagaframkvæmdir ríkisins í landbúnaðarmálum, s. s. framkvæmd á jarðræktarlögunum, búfjárræktarlögunum, sandgræðslunni o. fl. Nú eru komnar upp þær skoðanir, og þeim er að aukast fylgi, að við eigum að aðskilja þessi 2 verkefni, láta búnaðarfélagsskapinn afskiptalausan með sín „privat" mál, og láta hann fá einhvern styrk frá ríkisvaldinu, en taka öll umboðsstörf af því og setja undir ríkisstjórnina, og væri þá meiningin að mynda þar sérstaka skrifstofu fyrir þau mál hliðstætt vegamálaskrifstofunni. Ég er á móti því, að þetta samband, sem nú er milli búnaðarfélagsskaparins og framkvæmdarvaldsins, sé rofið. Mér finnst eðlilegast, að sú þróun, sem orðið hefir hér á landi í þessum málum, að fela búnaðarfélagsskapnum framkvæmdir í þessum málum, haldist. Ég er sannfærður um, að það er styrkur bæði fyrir búnaðarfélagsskapinn og framkvæmdarvaldið sjálft. Ég álít, að þessu sé bezt þann veg farið, að bændurnir sjálfir eða fulltrúar þeirra á búnaðarþingi hafi með höndum og ráðstafi að nokkru leyti í samráði við ríkisstj. þeim búnaðarmálum og lagaframkvæmdum, sem landbúnaðinn varða, fylgist með því og ráði þar um eftir því, sem þeir kynna sér þau mál. Ég er líka sannfærður um, að það er mikill styrkur fyrir hvern landbrh. að hafa slíkan ráðunaut við höndina. Ég er viss um, að framkvæmd þessara mála er ekki eðlilegri á neinn annan hátt en þennan. Hitt er mér ljóst, að það hefir vantað í þessum málum, að ekki skyldi hafa verið sett löggjöf um þetta starf og markaðar línur milli búnaðarfélagsins og ríkisvaldsins um þessi umboðsmál. Það má segja, að eins og er, þá sé þetta allt í lausu lofti og getur hæglega valdið ágreiningi, og hlýtur raunar að gera það, ef eitthvað ber á milli, svo framarlega sem ekki verða sett skýr lagaákvæði um það. Slíkir árekstrar mundu verða fyrst og fremst til þess, að þetta samband yrði rofið og málin tekin af búnaðarfélaginu. Ég tel því, að einmitt með því að setja l. um þetta, verði tryggt betur en ella, að hið eðlilega samband haldist í þessum málum. Og verð ég að segja, að þær till. um þessa lögþvinguðu samvinnu milli ríkisstjórnarinnar og búnaðarfélagsins eru mjög eðlilegar og sjálfsagðar. Ef að þessum till. verður horfið, þá kemur búnaðarmálastjóri til að fela í sér 2 störf, annarsvegar framkvæmdarstjórastarf fyrir búnaðarfélagsskapinn og framkvæmdarstjórastarf fyrir framkvæmd landbúnaðarmála. Búnaðarmálastjórnin ræður búnaðarmálastjóra, en samþykki ráðh. verður að koma til. Hinsvegar getur ráðh. ekki skipað neinn mann á móti vilja félagsins. Þetta vil ég kalla lögþvingaða samvinnu milli þessara 2 stofnana, sem ég tel nauðsynlega. Þá eru í 3. gr. ákvæði um það, að þegar búnaðarmálastjóra og stjórn búnaðarfélagsins greinir á, þá megi skjóta málinu til ráðh. Ég kann ekki við málsgr. eins og hún er í frv., því að það má skilja það svo, að þetta nái til allra mála, sem búnaðarfélagið hefir með höndum. Þess vegna hefir minni hl. borið fram brtt. um, að þetta nái eingöngu til þeirra mála, sem búnaðarfélagið fer með í umboði ríkisvaldsins. Ég hefði frekar kosið, að þessi l. eða þessi drög til að leggja undirstöðu að búnaðarfélaginu hefðu verið borin fram sem sérstakt frv., þar sem verið hefðu lögð drög að einskonar stjórnarskrá, sem búnaðarfélagið byggði ofan á. En hinsvegar sé ég ekki, að það sé neitt aðalatriði, þó að þetta sé tengt hér við jarðræktarlögin. Það eru ákvæði um það í gömlu jarðræktarl., að allir, sem styrks njóta, séu skyldir til að vera starfandi félagar í hreppabúnaðarfélögum. Þetta er gert til þess að knýja sem flesta inn í þetta samstarf. Það eru ýmsir, sem hafa látið þau orð falla, að það væri óheppilegt að knýja menn nauðuga inn í hvaða félagsskap sem er, og þeir hafa haldið því fram, að með því kæmi of mikið af áhugalausum mönnum inn í félagsskapinn. Ég er á allt annari skoðun um þetta. Það er nauðsynlegur styrkur fyrir hvern þann félagsskap, sem á að verða almennur, að fá sem flesta meðlimi. Sömuleiðis vil ég segja það, að það gildir vitanlega alveg sama regla um þetta eins og þjóðfélagið sjálft, að það verða áhugamennirnir, sem bera uppi starfið bæði fyrir sig og hina, sem minni áhuga hafa. Þetta er hliðstætt, að bændur séu lögþvingaðir inn í búnaðarfélagsskapinn, eins og einstaklingarnir eru þvingaðir inn í þjóðfélagið. — 7. gr. frv. er um það, á hvern hátt skuli kjósa fulltrúa á búnaðarþing. Núna er það svo, eins og mönnum er kunnugt, að það eru búnaðarsamböndin, sem kjósa fulltrúa á búnaðarþing, en samkv. þessum till. eiga það að vera búnaðarfélögin, sem kjósa beint inn á búnaðarþing framhjá samböndunum. Ég álít þetta ekki stórt atriði, og ég hefi ekki getað fundið neitt verulega við það að athuga, þó að kosningin væri óbein, eins og verið hefir. Hinsvegar viðurkenni ég, að þetta hefir nokkurn kostnað í för með sér, en það hefir líka þann kost, að það verða fleiri menn úr stétt bænda, sem koma til með að fjalla um þessi mál, og getur það vitanlega orðið til bóta. Það hefir einnig þann kost, að ég tel, að með því áliti bændur sig komast í beinna og nánara samband við búnaðarþingið heldur en gegnum þær tvöföldu kosningar. Ég hefi þá trú, að þetta verði til að auka fjör og starfsemi í félagsskapnum frá því, sem verið hefir. En hinsvegar geri ég ekki ráð fyrir, að það muni verða neitt hæfari menn, sem koma til með að sitja á búnaðarþingi, þó að þetta verði lögfest. Það hefir alltaf verið svo, að það hafa verið aðaláhugamennirnir, sem hafa verið kjörnir á búnaðarþing, og það mun verða eins fyrir þessu. Ég er hinsvegar sannfærður um, að með beinni kosningu fulltrúanna og þeirri fjölgun, sem samkv. frv. á að gera, er komið á meira lífrænu sambandi milli búnaðarþings annarsvegar og bændanna hinsvegar. Ég álít því, að þessi breyt. verði til bóta, og er því fylgjandi, að hún verði gerð.

Þá er eitt aðalatriði, sem er í 9. gr. frv. og er það að festa mælikvarða fyrir styrknum í lögunum, í stað þess, sem hefir verið, að hann væri ákveðinn í reglugerð. Þetta hefir bæði kosti og galla. Gallinn er sá, að ef agnúar koma í ljós, sem þörf er á að bæta, þá er ekki hægt að breyta

með einfaldri reglugerðarbreytingu, og verður því svifaseinna; en þetta hefir þann kost, að stjórnin getur ekki, hver sem hún er, gert á þessu breyt. á eindæmi, t. d. stækkað einingunna, þ. e. dagsverkin, sem lögð er til grundvallar í lögunum, nema leita til þess samþykkis Alþingis. Þess vegna fæst trygging og nokkurt öryggi um þennan mælikvarða með því að lögfesta hann.

Þá er eitt atriði, sem ég vil minnast á í sambandi við stjórnarkosninguna, það er, að hver félagi er skyldaður til að halda félagsblaðið Frey. Það er svo í ýmsum félagsskap, að meðlimirnir eru skyldaðir til að kaupa félagsritið, og tel ég sjálfsagt að lögfesta þetta atriði á sama hátt og í þeim félögum, þannig að allir bændur haldi eitt tímarit, sem ræðir þeirra áhugamál. Enda er ekki á annan hátt auðveldara að gera blaðið ódýrt en að stækka upplagið, og með þessu kemst verðið í 3 kr., og ég er sannfærður um, að það mun hverjum bónda þykja góð kaup.

Þá kem ég að einni höfuðbreyt., sem er ákvæðið um hámarksstyrkinn. Ég skal játa, að ef þeir tímar væru nú, að við gætum horft fram á það að hafa nóg fé milli handa til að styrkja jarðræktina, mundi ég ekki vera með þessu ákvæði. En þegar vitanlegt er, að hagur ríkissjóðs fer versnandi og við horfum fram á siminnkandi tekjur vegna örðugleika þess atvinnuvegar, sem gefið hefir aðaltekjurnar, og miklar líkur eru til, að draga þurfi saman útgjöldin á mörgum sviðum, þá kæmi vitanlega að því, að stöðva þyrfti jarðræktarstyrkinn. Og þá er ég ekki í neinum vafa um, að rétt er að stöðva greiðslu til þeirra, sem mest hafa fengið, en láta hina halda styrknum, sem minnst hafa fengið. Því vitanlega er það rétt að gera sem flest býli hæf til búrekstrar, og ég verð að telja, að lífvænlegt sé orðið á þeim býlum, sem búin eru að fá 5 þús. kr. styrk. Hitt er meiri vafi, hvort ákvæði frv. um lækkun styrksins af síðustu jarðabótum sé að öllu leyti heppilegt; um það skal ég ekki segja nú, en mun athuga það til 3. umr. Sama er að segja um, að ég er ekki sérstaklega hrifinn af því að auka útborgun á fyrstu dagsverkin. Ég veit það að vísu, að fjöldi manna býr á örreytiskotum, en hafa ekki notið styrks, og þeim er mikil þörf á að fá styrkhækkun til að koma þeim af stað. Hinsvegar eru til margir bændur, sem ekki hafa lagt í ræktun á jörðum sínum, vegna þess að það eru góðar engjajarðir t. d., og þeir hafa búið við góða aðstöðu í ýmsu öðru, en á milli þeirra verður ekki greint. Ég mun því vegna þeirra manna, sem verst eru settir, verða fylgjandi þessu ákvæði, þó að aðrir menn kunni að slæðast með, sem hafa minni þörf fyrir hækkun.

Þá kem ég að því atriði, að jarðræktarstyrkurinn sé og verði eign þjóðarinnar, en ekki einstakra manna. N. hefir athugað þetta og leggur til, að því verði breytt eins og brtt. bera með sér. Ég skal játa, að það er ekki nema eðlilegt, að mönnum komi til hugar, að sú skipun þurfi að verða á, að jarðræktarstyrkurinn verði ekki eign einstakra manna, er síðan geti selt hann, og hann verði þannig til að hækka jarðarverðið, heldur ætti þessi styrkur að verða til þess að bæta afkomumöguleika allra þeirra bænda, er á jörðinni búa í framtíðinni, og yrði hann því sem gjafahluti ríkisins til ábúandans á jörðinni. En ég tel mjög mikið vafamál, að þetta takist fyllilega og að þetta ákvæði nái tilgangi sínum, en það er þó tilraun í rétta átt, og mun ég fylgja því, ef brtt. n. verður samþ.

Um búferlaflutninginn vil ég segja það, að um það hefir verið rætt mikið á síðari árum, að nauðsyn bæri til að gera upp á milli jarða og draga þær jarðir úr ábúð, sem líkur eru til, að fari í eyði á næstu árum af einhverjum orsökum, landfræðilegum eða af náttúruvöldum. Frv. gerir tilraun í þessa átt, með því að ákveða, að meta skuli undir vissum kringumstæðum, t. d. ef jörð liggur undir skemmdum vegna sandfoks, vatnságangs eða annars, eða henni er sérstaklega illa í sveit komið, hvort greiða beri jarðræktarstyrk eða ekki, og ef ákveðið er, að styrkur skuli ekki greiddur, þá hjálpa ábúendum að fá jarðnæði annarsstaðar eða gera ráðstafanir til þess, að svo megi takast. Vitanlega er það höfuðmisskilningur, sem hefir komið fram, að þjóðinni væri til bóta að færa saman alla byggðina í fleiri þorp og leggja meginhluta landsins í auðn. Er vitanlegt, að ýmis afdalabýli og útnesjakot eru góð til búskapar og mönnum hefir búnazt þar ágætlega. Hinsvegar eru til jarðir, sem fara í auðn innan skamms, og þeim mönnum, sem þar búa, þarf að hjálpa til jarðnæðis annarsstaðar.

Ég þykist þá hafa rætt aðalatriðin og skal víkja að brtt. þeim, sem minni hl. leggur fram. Er þá fyrsta brtt., við 2. gr. frv., um að orðin „og viðhald“ falli burtu. Við sjáum ekki, hvernig BÍ. á að geta komið við eftirliti með viðhaldi jarðabótanna, og teljum, að þetta mundi verða dauður bókstafur. — 2. brtt. okkar er við síðustu mgr. 3. gr., að skýrara sé tekið fram um það, að sá ágreiningur, er kann að verða milli stj. og búnaðarmálastjóra og skjóta megi til ráðh., sé aðeins hvað snertir þau mál, sem B. Í. fer með í umboði ríkisvaldsins. Gr., eins og hún var áður, gat að okkar dómi ekki staðizt, enda kom það fram í umr., að ekki var meiningin önnur en þessi. — Þá er brtt. við 7. gr., við ákvæði um það, hvernig kjósa skuli til búnaðarþings. Fyrst er ákvæði um, að kjósa skuli 1 fulltrúa fyrir hverja 300 félagsmenn, en síðar í gr. er ákvæði um atkv. fyrir 20 ha.; er það um þá menn, sem hafa minna land og þurfa því að safna atkv. sínum saman, þó að þeir séu félagsmenn. Þykir okkur sjálfsagt, að atkv. séu miðuð við þessa landstærð, og þess vegna viljum við breyta þessu þannig, að í staðinn fyrir „félagsmenn“ komi: félagsmannaatkvæði, o. s. frv. Sömuleiðis var gert ráð fyrir, að einn fulltrúi yrði kosinn fyrir hverja 300 og einn fyrir brot úr hundraði, þannig að ef eitthvert félagið eða búnaðarsambandið teldi 301 meðlim, átti það rétt á 2 fulltrúum. Þetta álítum við hæpið ákvæði, sem gæti orðið til þess að fjölga meðlimum búnaðarþingsins úr hófi fram og gæti valdið talsverðu ranglæti. Við leggjum því til, að rétturinn til að kjósa annan fulltrúa komi ekki fyrr en fullt hundrað meðlima sé framyfir 300, þannig að þau búnaðarsambönd, sem telja 400—600 meðlimi, fá 2 fulltrúa, o. s. frv.

5. brtt. er við 15. gr. og er ekki annað en orðabreyt., sem ekki raskar efni. — Þá er stærsta breyt., við 17. gr. Eins og gr. liggur fyrir, er

ákveðið, að færa skuli sérstakan dálk í fasteignamatsbók yfir allan jarðræktarstyrk, sem jörðin hefir þegar hlotið, og ef jörðin er seld, skuli draga hann frá söluverðinu, þar sem ekki má selja hann, heldur skoða sem vaxtalaust tillag. Nú er það vitanlegt, að jarðir hækka hér um bil aldrei að sama skapi í verði og í þær er lagt; þess vegna álítum við ekki réttlátt, að verðfallið komi eingöngu niður á bóndanum, en ríkið haldi sínu. Álítum við því réttmætt, að metið sé, hvernig skipta beri verðhækkuninni hlutfallslega milli bóndans og ríkisins. Þá tökum við það fram í brtt., að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir gildistöku laga þessara; er vitað, að búið er að selja og veðsetja margar þessara jarða, og er gagnslaust og þýðingarlaust að ætla að láta þau verka aftur fyrir sig. — 7. brtt. er við 20. gr. Við sjáum enga ástæðu til að breyta hámarksstyrknum til einstaklinga; þess vegna gerum við ráð fyrir, að síðasti málsliður falli burtu. — Við 25. gr. er brtt., þar sem skýrt er ákveðið, hverskonar hestaverkfæri til jarðvinnslu megi styrkja úr verkfærakaupasjóði. Er vitanlegt, að mörg þau verkfæri, sem notuð eru við kornyrkju, eru ekki hestaverkfæri, og þess vegna er þessi liður orðaður um. Sömuleiðis leggjum við til, að bætt verði við 25. gr. ákvæði um hámarksstyrk til sama manns; hefir það af vangá fallið niður, því að ákvæði er um 300 kr. hámark í gildandi lögum, en við leggjum til, að það verði 400. — Þá er brtt. við 29. gr. Okkur finnst óviðkunnanlegt að ákveða í l. þessum, að vissum starfsmanni *B. Í. séu falin viss störf, en þegar félaginu er* falin framkvæmdin og það snertir peningamál, þá leiðir af sjálfu sér, að það lendir á gjaldkeranum. — 15. brtt., við 47. gr., er í þá átt að þrengja heimildina til að taka land eignarnámi, sem gefin er í 46. gr., er svo hljóðar: „Nú er land í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, sem hæft er til ræktunar, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstj. eða hreppsn. heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því.“

Svo segir aftur í 47. gr.:

„Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 46. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefir tekið til ræktunar eða léð öðrum og er þeim nauðsynlegt til bjargræðis að dómi Búnaðarfélags Íslands.“

Við viljum ekki binda þetta eingöngu við land til ræktunar, ef það er notað til bjargræðis. Þess vegna leggjum við til að orða þetta um, þannig að upphafið sé sama, en í stað orðanna „eða léð öðrum“ o. s. frv. komi: „né þess lands, sem eigandi hefir léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis.“

Þetta er, eins og hv. þm. sjá, heldur til þess að þrengja eignarnámsheimildina, og álít ég það sanngjarnt. — Síðasta brtt. er um að 58. gr., er ræðir um, hvernig fara skuli með mál út af lögum þessum, skuli falla niður, en í stað hennar sé því bætt við 56. gr. Eftir lögfræðilegum upplýsingum, sem við höfum fengið, þá er það eina gr., sem þetta getur átt við um, en að öðru leyti yrðu lagabrotin einkamál.

Ég hefi þá minnzt nokkrum orðum á þær brtt., sem við minni hl. landbn. berum fram. Hinsvegar höfum við, eins og tekið er fram í nál., áskilið okkur rétt til að koma fram með brtt. við 3. umr., bæði eftir að við höfum athugað frv. nánar og eftir að hafa fengið þær bendingar, sem fram kunna að koma við þessa umræðu.

***Emil Jónsson:** Eins og nál. 2. minni hl. landbn. ber með sér, klofnaði n. þegar á því atriði, hvort *bíða skyldi eftir áliti B. Í. Minni hl.* n., þeir hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Húnv., vildu ekki taka afstöðu til frv. fyrr en álitið væri komið frá búnaðarfélaginu, sem öll n. var sammála um að fá. Okkur, sem mynduðum meiri hl., fannst þetta svo merkilegt og þýðingarmikið mál, að ekki mætti tefja það. Þó að vísu væri sjálfsagt að fá umsögnina, vildum við láta málið ganga áfram sinn gang og taka þær aths., sem fram kynnu að koma, til greina við 3. umr. Af þessum ástæðum klofnaði n. Við 3 fórum svo í gegnum frv., ath; það og gerðum nokkrar brtt. Hinsvegar vildi ég gjarnan athuga sumt nokkuð gerr og skrifaði því ekki undir nál. með þeim, er með mér unnu að brtt. En ég get gjarnan tekið fram það sama og í landbn., áður en hún klofnaði, að ég vil ekki, að málið tefjist af þessum sökum. Og þó ég vilji athuga gerr nokkur ákvæði — þau eru ekki mörg —, þá get ég látið *það bíða til 3. umr.*

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í að öðru leyti, hvað þetta er, því að hv. frsm. 1. minni hl., hv. þm. Mýr., hefir lýst aðalatriðunum, sem við erum sammála um að breyta og koma fram sem till. meiri hl., því að satt að segja er mín afstaða einnig bundin við það, að ég vil ekki verða til að tefja málið, og geri ég ráð fyrir, að svo sé um flokksmenn mína hér í þessari hv. d.

Vænti ég, að vel verði tekið í þetta mál af hv. d. og afgreiðsla þess ekki hindruð eða tafin að óþörfu.

***Frsm. 2. minni hl. (Jón Pálmason):** Það hefir þegar verið tekið fram af þeim 2 meðnm. mínum, sem hafa talað, hvernig samstarfið í n. byrjaði hvað mál þetta snerti. Það fór á þá leið, eins og vikið hefir verið að, að við hv. þm. Borgf. fórum fram á, að leitað yrði *eftir áliti B. Í.*, sem allir voru sammála um, en hinir töldu sig ekki geta tafið málið með því að bíða eftir áliti félagsins. Því hefir verið borið við, að líkindi væru til þess, að það gæti tafið málið svo og svo lengi. Nú hefir það sannazt, sem við héldum fram í þessu sambandi, að þetta þyrfti ekki að tefja málið mikið, því að álit búnaðarfélagsstjórnarinnar liggur nú þegar fyrir, og eru þó ekki nema tveir dagar liðnir frá því, að n. hélt fund. Hér er beitt svo mikilli frekju af hálfu hv. meiri hl. þessarar n., að ég hefi ekki kynnzt slíku fyrr hjá henni, því að með þessu hefir verið komið í veg fyrir, að n. gæti verið sammála um að taka þetta mál til athugunar. Við 1. umr. kom það í

ljós, hvaða höfuðatriði það eru, sem ágreiningur er fyrst og fremst um, og get ég því verið stuttorður um málið, jafnvel þótt full ástæða sé til að fara út í mörg þau ágreiningsatriði enn á ný, sem rætt var um við 1. umr. En vegna þess að hv. frsm. 1. minni hl., hv. þm. Mýr., fór svo ýtarlega út í þetta mál, þá kemst ég ekki hjá því að víkja nokkrum orðum að þeim atriðum, sem hann drap hér á til varnar þeim aðferðum, sem hér er beitt í sambandi við þetta mál. Ég verð að segja, að það er raunalegt til þess að vita, að það skuli vera meðstjórnandi í Búnaðarfélagi Íslands, sem kosinn hefir verið af búnaðarþinginu í fullu trausti, sem verður til þess að hafa hér framsögu fyrir því að knýja þetta mál gegnum þingið síðustu daga þess, knýja það fram með svo mikilli frekju, að það má ekki einu sinni bíða eftir áliti stjórnar búnaðarfélagsins 1—2 daga, og er þetta því furðulegra, sem hér er um svo gersamlega breyt. að ræða á þeim félagsskap, sem Búnaðarfélag Íslands er höfuðið á og bændastétt landsins er kærari en nokkur annar félagsskapur og er þess vegna flestum öðrum félagsskap þýðingarmeiri fyrir þjóðina í heild sinni. Ég og hv. þm. Borgf., sem erum í minni hl., teljum það algerða óhæfu að gera slíkar gerbreyt. á þessum félagsskap, án þess að þeir aðiljar, sem hlut eiga að máli, fái tækifæri til þess að láta í ljós álit sitt á málinu. Hv. þm. Mýr. sagði, að sér þætti leitt að geta ekki vísað þessu máli til búnaðarsambandanna og búnaðarþinganna, og mig furðar ekkert á því, þó að hann hálfpartinn kligi við því að afgreiða þetta mál án þessa sjálfsagða undirbúnings, en hann hélt því fram, að það mundi ekki hafa þau áhrif, að skoðun þm. breyttist nokkuð við það. Menn hljóta að sjálfsögðu að hafa sína sannfæringu án tillits til skoðana annara, en þetta er svo sjálfsögð krafa frá okkar sjónarmiði, að framhjá henni er með öllu óheimilt að ganga. Það er kunnugt, að hv. þm. Mýr. hafði sem stjórnarmeðlimur búnaðarfélagsins samkv. kröfu búnaðarþingsins flutt árum saman í lagaformi beiðni um, að búnaðarþingin fengju að kjósa alla stjórn búnaðarfélagsins, svo að félagið fengi þar með að fullu sitt sjálfsforræði. Þetta frv. var drepið ár eftir ár, m. a. af flokksbræðrum þessa hv. þm., og það var þess vegna almenn skoðun úti á landsbyggðinni, að ekki væru svo fullkomin heilindi á bak við, þar sem tveir stjórnarnefndarmenn í Búnaðarfélagi Íslands áttu sæti í sama flokki á þingi. Að þetta hefir verið svo, sannaðist fullkomlega á síðasta þingi með framkomu hv. þm.Mýr., þar sem hann mælti með því, að ekki væri aðeins kippt til baka því, sem náðist í þessu efni í fyrra, heldur að gengið væri miklu lengra í því að tryggja ríkisvaldinu yfirráð yfir þeirri stofnun, sem hér um ræðir. Þó að það sé í sjálfu sér illt, að landbn. Alþingis kjósi meiri hl. í stjórn búnaðarfélagsins, þá er hitt þó verra, sem ákveðið er með þessu frv. Í fyrsta lagi, að val búnaðarmálastjóra skuli vera samþ. af ráðh., í öðru lagi, að ef stjórn búnaðarfélagsins og búnaðarmálastjóra greinir á, þá skuli ráðh. skera úr, og í þriðja lagi gerbreyting á kosningafyrirkomulaginu, sem er undirstaðan undir búnaðarþingunum. Allt þetta gerir það að verkum, að vald það, sem þessi allsherjarfélagsskapur bænda hefir haft og á að hafa, er af honum tekið. Hv. þm. Mýr. var að tala um það, sem er nokkuð til í, að þessi félagsskapur væri tvíþættur; annarsvegar væri privatfélagsskapur, sem hefir með að gera leiðbeiningarstarfsemi á sviði landbúnaðarins, en hinsvegar félagsskapur, sem hefir umsjón með þeim lögum, sem sett eru um jarðrækt og kvikfjárrækt. Þetta vildi hv. þm. greina mjög í sundur og sagði það, sem ég efast mjög um, að sé rétt, að sú stefna hefði fengið aukið fylgi undanfarin ár, að taka umsjón með búfjárræktarlögunum, sandgræðslunni o. fl. algerlega undir ríkisvaldið. Ég held, að þeirri stefnu hafi ekki aukizt fylgi meðal bændastéttarinnar. Það undanhald, sem kemur fram í brtt. þessara manna á þskj. 465, um ágreining milli búnaðarmálastjóra og Búnaðarfélags Íslands, kemur ekki að því haldi, sem fullnægir mér eða öðrum, sem heimta að þessi félagsskapur fái sjálfur að ráða sínum málum. Við skulum segja, að það yrði ágreiningur milli stjórnar búnaðarfélagsins og búnaðarmálastjóra um það, hver ætti að vera jarðræktarráðunautur eða hver ætti að vera búfjárræktarráðunautur, þegar skipt verður um þessa starfsmenn. Það er áreiðanlegt, að það hefir mjög mikla þýðingu, hvaða menn hafa þessi störf með höndum, og ég efast ekki um, að ef ágreiningur yrði um þetta atriði milli stjórnar búnaðarfélagsins og búnaðarmálastjóra, að ráðh. vildi taka ráðin í sínar hendur. Að þessu athuguðu, get ég slegið því föstu, sem ég gerði við 1. umr., að það er höfuðkrafa mín í sambandi við þetta mál, að hér sé engu breytt án þess að það sé borið undir búnaðarþingin og búnaðarsamböndin, og ég held, að þeir, sem berjast fyrir þessu máli og nú hafa stjórn landsins í sinni hendi, treysti næsta lítið á sitt áhrifavald í þessu efni, ef þeir treysta sér ekki til að koma þessu máli á framfæri við búnaðarþingin og búnaðarsamböndin, þannig að þeir geti fengið fram þær breyt., sem þeir kunna að óska eftir.

Ég skal ekki fara mikið út í þau mörgu atriði, sem að öðru leyti er stór ágreiningur um í þessu sambandi, því að það er höfuðatriðið, að fara að lögþvinga búnaðarþingin og stjórn Búnaðarfélags Íslands undir vald ríkisins, — það er höfuðatriði, sem ekki er um nokkra tilslökun að ræða á frá minni hálfu og hv. þm. Borgf. Hitt er annað atriði, sem kemur hér mjög til greina, sem sé breyt. á styrkjum og það, að jarðræktarstyrkurinn skuli vera lán, en ekki styrkur. Það er að vísu atriði, sem við erum mótfallnir, en við skiljum, að er innan þeirra takmarka, sem Alþingi á að sjálfsögðu að hafa með höndum.

Hv. þm. Mýr. talaði um það, að ríkistekjurnar færu stöðugt minnkandi og þess vegna væri nauðsynlegt að draga úr á þessu sviði, eins og öðrum, en ég vil bara segja það, að frá sjónarmiði bændanna mundi það verða talið óheppilegra en nokkuð annað að draga úr þessu, vegna þess að þetta eru þeir styrkir, sem koma að langmestu haldi til umbóta í sveitum landsins

Að því er snertir ákvæðið um styrk til einstakra manna, þá fór ég nokkuð inn á það við 1. umr., hvílík mótsögn gæti komið þar fram, og þarf því ekki að fara mikið út í það nú. Ég

benti á það, að svo getur verið, að maður, sem býr á ágætri jörð með miklum flæðiengjum og stóru og stéttu túni og hefir ekki þurft að leggja áherzlu á jarðrækt á því tímabili, sem lögin hafa gilt, en ef hann stundar jarðrækt núna, þá fær hann hærri styrk en þeir, sem hafa gert góðar jarðir úr kotum. Í öðru lagi er það svo, að þess eru dæmi, að fleiri en einn maður búi á sömu jörð, og þess vegna hafa verið gerðar miklu meiri jarðabætur á henni en ella hefði verið gert, en með þessum hætti, að setja hámark á styrkinn, yrði hann skorinn niður hjá þeim aðiljum, og þannig mundi koma fram ranglæti, sem frá mínu sjónarmiði er með öllu óverjandi.

Þá skal ég aðeins víkja að 17. gr., sem fjallar um, að þessi styrkur verði talinn lán. Gr. hefir verið breytt nokkuð að vísu, en þrátt fyrir það er með öllu útilokað, að við hv. þm. Borgf. getum gengið inn á þessa gr. Ég skal ekki fjölyrða um önnur smærri atriði þessa frv., því að þau eru aukaatriði, borið saman við þau þrjú höfuðatriði, sem hér valda aðallega ágreiningi.

Þá skal ég að lokum minna lítið eitt á 8. gr. frv., sem gerir ráð fyrir, að landbrh. sjái um framkvæmd þessara laga, ef búnaðarfélagið kastar frá sé umsjóninni með þeim. Með þessum hætti er yfirumsjónin, ef til þeirra kasta kæmi, tekin ekki aðeins af búnaðarfélaginu, heldur einnig af Alþingi og sett undir vald ráðh. Allt þetta gerir það að verkum, að við hv. þm. Borgf. álítum, að það sé með öllu ófært að knýja þetta mál fram undir þinglokin, enda hefir ekkert atriði verið tekið fram til sönnunar því, að nokkur þörf sé á því að flýta þessu máli, eins og þeir vilja gera, sem harðast berjast fyrir því að knýja þetta mál áfram. Ég hefi ekki fengið nokkra sönnun fyrir því, hvað það er, sem gerir það að verkum, að ekki sé óhætt að draga afgreiðslu þessa stórmáls um eitt ár, því að það er rétt, sem hv. þm. Mýr. sagði, að það mundi ekki valda nema eins árs bið að vísa málinu til búnaðarsambandanna og búnaðarþinganna.

ATKVGR.

Brtt. 465 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 16:2 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16:9 atkv.
9.—17. gr. samþ. með 16:7 atkv.
18.—23. gr. samþ. með 16:7 atkv.
24.—29. gr. samþ. með 16:7 atkv.
30.—38. gr. samþ. með 16:6 atkv.
39.—42. gr. samþ. með 17:5 atkv.
43.—55. gr. samþ. með 16:7 atkv.
56.—60. gr. ásamt bráðabirgðaákvæðinu samþ. með 16:7 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:7 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391, 465, 485).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 485. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil, áður en ég sný mér að þeim brtt., sem eru bornar fram af okkur hv. 2. þm. N.-M., víkja nokkuð að því, sem hv. frsm. 2. minni hl., þm. A.-Húnv., sagði um þetta mál við 2. umr. Hann bar það á landbn., að hún hefði sýnt hina mestu frekju við afgreiðslu málsins, þar sem hún hefði ekki leitað álits búnaðarfélagsins, áður en hún afgr. málið. Ég vil ekki ganga inn á, að það sé nein frekja, ekkert öðruvísi en gerist yfirleitt í n., þegar þær klofna. En við héldum því fram, að það væri rétt og skylt að taka tillit til eða athuga það, sem búnaðarfélagið legði til málanna, en álitum, að rétt væri að gera það fyrir 3. umr. Nú er álit búnaðarfélagsins komið, og á því er ekki annað að græða en að tveir stjórnarnefndarmennirnir leggja til, að málinu sé frestað.

Þá fór hv. þm. hörðum orðum um þá frekju, að ætla sér að taka félagsskapinn til slíkrar gerbreyt. Ég þóttist sýna fram á það í framsöguræðu minni við 2. umr., að félagsskapinn sjálfan er ekki verið að taka til neinnar gerbreyt. Búnaðarfélaginu er eftir sem áður stjórnað af stj. búnaðarfélagsins, sem búnaðarþingið kýs til að fara með sín mál, og gerir ályktanir um mál búnaðarfélagsins. Eingöngu þau umboðslegu störf, sem búnaðarfélagið fer með í umboði stj., eru sett undir ráðh., og að því hefi ég leitt rök, að það er eðlilegt og sjálfsagt, ef alvarlegur ágreiningur kemur upp milli búnaðarfélagsins og landbrh. um þau umboðslegu störf, að landbrh. hafi þar úrskurðarvaldið. Ég ætla, að þannig líti fleiri menn á, sem þó hafa lagzt á móti afgreiðslu málsins. Kemur það m. a. fram í blaði Bændafl., sem út hefir komið í dag og fjallar mjög ýtarlega um þetta mál. Svo er að sjá, að þeir, sem þar skrifa um frv., hafi skilið það þannig, að öllum ágreiningsmálum búnaðarfélagsins ætti að skjóta undir landbrh., eða með öðrum orðum öllum málum búnaðarfélagsins sjálfs, en þar sem því er yfir lýst, að það sé ekki meiningin, og komin er fram brtt., þar sem skýrt er tekið fram, að hér sé aðeins átt við þau mál, sem félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, þá er hin fyrri till. um það efni fallin niður. — Um þetta segir blaðið svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt telja verði alveg fordæmanlega þá takmarkalausu heimild, sem frv. gefur búnaðarmálastjóra, þá verður að telja það sjálfsagt og eðlilegt, að hann hafi heimild til að skjóta undir úrskurð ráðh. ágreiningi, er verða kann milli hans og félagsstjórnar um skilning á jarðræktarlögum og öðrum lögum, er búnaðarfélagið hefir eða kann að taka að sér umsjón með framkvæmd á. Og það ætti einnig að vera opin leið fyrir þá, sem framkvæmdin kemur fram við, að skjóta sínu máli undir úrskurð ráðh., ef þeir þykjast órétti beittir af félaginu."

Með öðrum orðum, þarna kemur fram í blaði þessa flokks, sem á að sanna þessa frekju í garð búnaðarfélagsins, sama skoðun og kemur fram í brtt. n., sem hér liggja nú fyrir, og þetta er það, sem hefir verið gert að aðalágreiningsatriði. Í þessum brtt. er það undirstrikað, að það sé ekki verið að setja mál búnaðarfélagsins sjálfs undir ráðh., heldur aðeins þau mál, sem það fer með í umboði stj.

Þá var hv. þm. að gefa í skyn, að þegar ég flutti

þing eftir þing erindi búnaðarþingsins um að breyta þannig til um stj. búnaðarfélagsins, að færa kjör meiri hl. stj. búnaðarfél. í hendur félagsins sjálfs, þá mundi það ekki hafa verið af heilindum gert hjá mér, þar sem málið hefði ekki náð fram að ganga, þó að sá flokkur, sem ég er í, og sambandsfl. hans hefðu meiri hl. á Alþ. Ég neita því, að ég hafi sýnt nokkur óheilindi í því máli. Ég fylgdi því þing eftir þing, en hv. þm. ætti að vera það kunnugt, að fyrst og fremst var það ekki flokksmál, og auk þess var Sjálfstfl. að nokkru klofinn í málinu; ýmsir fylgdu því, en aðrir voru á móti því. Alþfl. stóð á móti því sem einn maður. Því var það, að þótt málið væri flutt af fyllstu heilindum, þá tókst ekki að fá meiri hl. fyrir því á þingi.

Hv. þm. segir, að sú breyt., sem nú er lagt til að gera á stj. búnaðarfélagsins, takmarki frelsi þess margfalt meira en áður var, meðan landbn. Alþingis höfðu rétt til að ráða meiri hl. í stj. félagsins. Þetta álít ég hreina og beina fjarstæðu. Hv. þm. verður að athuga, að þegar búnaðarfélagið hafði ekki vald til að kjósa nema einn af stjórnarmönnum sínum, þá var engin trygging fyrir, að stj. búnaðarfélagsins færi eftir vilja búnaðarþingsins við framkvæmd í sérmálum B. Í. En með þeirri breyt., sem þetta frv. gerir, hefir búnaðarfélagið og stj. þess full og óskoruð umráð yfir sérmálum félagsins og framkvæmd þeirra mála eftir því, sem búnaðarþingið ályktar. Þetta er höfuðmunurinn á því gamla fyrirkomulagi og þessu, ef að l. verður.

Hv. þm. segir, að það sé höfuðkrafa sín, að ekkert sé gert í þessu máli nema með samþykki búnaðarfélagsins. Eins og ég hefi tekið fram áður, er það afaróeðlilegt, að mál, sem í eðli sínu falla undir starf ráðunautsins, þó að búnaðarfélaginu hafi verið falið að fara með þau, og eru mjög mikilsverð löggjafaratriði, að þeim sé alveg skilyrðislaust frestað, án þess að ríkisvaldið hafi nokkurn hlut um það að segja, á hvaða tíma sem vera skal, einungis ef BÍ. vill svo vera láta. En ég er sannfærður um, að ef þessi lögþvingaða samvinna verður lögleidd, þá mun búnaðarfélagið oftast ráða, þó að þessi málskotsréttur sé gefinn undir vissum kringumstæðum. Ég er líka sannfærður um það og mér þykir það eðlilegt, að þótt búnaðarfélagið samþ. eitthvað í þessu efni, þá muni það ekki koma til með að hafa áhrif á skoðun hv. þm., og mér finnst líka eðlilegt, að þeir afgr. málið eins og þeir álíta bezt, en fari ekki að binda sig fyrirfram við ákvarðanir búnaðarfélagsins, enda er ég sannfærður um, að hvor skoðunin, sem væri uppi hjá búnaðarfélaginu, þá mundi það ekki breyta skoðun þeirra hv. þm., sem hafa sett sig inn í málið og látið í ljós skoðun sína um það við umr.

Þá var hv. þm. að tala um, að það væri óheppilegra en nokkuð annað að draga úr jarðræktarstyrknum. Það væri æskilegt, að þeir tímar væru framundan og sú geta hjá ríkissjóði, að hægt væri að veita slíkan styrk óhindrað. En við verðum að horfast í augu við staðreyndirnar, sem eru þær, að við vitum ekki, hvað fljótlega skórinn kann að kreppa að fæti þingsins yfirleitt og verði stórlega að draga úr þessum styrk og öðrum nauðsynjastyrkjum. Ég álít því, að sé alveg sjálfsagt að reyna þá að draga þannig úr styrknum, að að því verði svo lítill skaði sem verða má, en það álít ég, að sé gert með því að veita þeim helzt styrk, sem minnst hafa fengið, en takmarka við þá, sem hafa fengið ríflegar upphæðir úr ríkissjóði og geta nú orðið stundað heyskap á ræktuðu landi, en frádrátturinn verði sem minnstur hjá þeim, sem enn þá hafa ekki búið sig undir að geta stundað heyskap á ræktuðu landi.

Þá skal ég snúa mér að þeim viðbótarbrtt., sem við hv. 2. þm. N.-M. berum fram á þskj. 485. Það er þá fyrst brtt. við 8. gr. Hv. þm. A.-Húnv. fór nokkrum orðum um 8. gr. og vildi leggja í hana þann skilning, sem ég skal játa, að má, ef löngun er til þess, að ef búnaðarfélagið afsalaði sér að fara með framkvæmd þessara mála, þá ætti landbrh. að sjá um framkvæmdina, þangað til önnur skipun yrði á gerð, sem honum sjálfum þóknaðist. Til þess að gera gr. svo skýra, að ekki verði hægt að snúa út úr henni á þennan hátt, þá leggjum við til, að niðurlag gr. orðist svo: „skal þá landbrh. sjá um framkvæmd þeirra á þann hátt, sem hann telur bezt henta, unz önnur skipun er þar á gerð.“ Þetta orðalag held ég, að verði naumast misskilið.

Þá er brtt. við 11. gr., um hinar misjöfnu styrkveitingar. Við nm. höfum orðið varir við, að nokkur af þessum ákvæðum muni valda óvinsæld í framkvæmd, þar sem styrkurinn yrði svo ójafn, eins og hann yrði samkv. gr. Við leggjum því til, að það býli, sem hefir fengið innan við 1000 kr. heildarstyrk, skuli fá 20% viðbótarstyrk, en lækka um 20% við þau býli, sem hafa fengið samtals 4000—5000 kr. styrk, en heildarhámarkið, sem ákveður, hvenær styrkur skuli falla niður, skuli vera eins og í frv. 5000 kr. Þetta er mest framkvæmdaratriði, það er einfaldara eftir brtt., en verður vinsælla og hefir ekki áhrif á heildarstyrkinn, svo að það gjald, sem ríkið kemur til með að greiða, verður hvorki hærra né lægra fyrir það.

Þá er viðbótarákvæði, að þau nýbýli, sem stofnuð hafa verið áður en nýbýlalögin öðluðust gildi og koma því ekki undir þau l., skuli ekki sæta lækkun á styrk og hámarksstyrkhæð til þeirra skuli vera 7000 kr., og nálgast þau þá að njóta þeirra hlunninda, sem nýbýlin verða aðnjótandi samkv. nýbýlalögunum.

Þá voru ákvæði um styrk til verkfærakaupa, sem voru í eldri l., en felld niður í lagafrv., tekin upp aftur, en þó hækkaðar nokkuð þær styrkgreiðslur, sem ákveðnar voru í l.

Þá kemur 4. brtt., sem er við brtt. á þskj. 465 frá n., sem er umorðun á till. Það var álitið af ýmsum hv. þm., að sú brtt., er n. flutti þá, væri til bóta, en hún væri ekki nægilega skýrt orðuð. Hefir því orðið að samkomulagi að orða hana um. Er það álit ýmissa hv. þm., sem hafa athugað hana, að þar komi það skýrar fram, sem vakir fyrir flm., en í brtt., sem er á hinu fyrra þskj.

Þá er að lokum lagt til, að við bráðabirgðaákvæðin bætist tvær nýjar málsgr. Hin fyrri er svo hljóðandi:

„Ákvæði a- og b-liðs 11. gr., svo og ákvæðin um heildarhámarksstyrk, koma fyrst til fram-

kvæmda við útborgun jarðræktarstyrks árið 1938.“

Með öðrum orðum er hér lagt til, að hinn breytilegi styrkur og sömuleiðis hámarksákvæðið komi ekki til framkvæmda fyrr en 1938, enda er sýnt, að það er ekki hægt að koma því í framkvæmd fyrr, því að áður en hægt er að framkvæma þessi ákvæði, verður að semja nákvæma spjaldskrá um allan veittan styrk til allra býla á landinu, og ekki líklegt, að hægt sé að upplýsa það fyrr en á árinu 1938, enda virðist n. sjálfsagt, að á þær jarðabætur, sem unnar eru á þessu ári, sé veittur styrkur samkv. gildandi lögum.

Þá leggjum við til, að ákvæði 17. gr. komi fyrst til framkvæmda eftir að fasteignamat 1940 hefir öðlazt gildi og nái aðeins til þess jarðræktarstyrks, sem greiddur hefir verið frá gildistöku þessara laga.

Þetta var komið inn í brtt., sem við bárum fram, en svo var horfið að því ráði að setja það inn í bráðabirgðaákvæðin. En þó að okkur þyki sjálfsagt, að ekki megi selja eða veðsetja jarðræktarstyrkinn, þá getur það ekki náð til þess styrks, sem þegar hefir verið greiddur, þar sem búið er að veðsetja hann og því verður ekki kippt aftur.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram um þessar brtt.

***Frsm. 2. minni hl. (Jón Pálmason):** Ég get innan vissra takmarka lýst ánægju minni yfir því, að þær umr., sem fram hafa farið við 1. og 2. umr. þessa máls, hafa þó haft nokkur áhrif til þess að sanna það fyrir hv. þm., að þeir menn, sem skipa meiri hl. í landbn., hafa fundið það, að þeir standa í þessu máli á hálum bunka, og þeir eru smátt og smátt að feta sig neðar á honum en þeir hafa áður staðið. Og þeir sjá, að það muni vera hagkvæmara fyrir þá að halda ekki til streitu öllum ákvæðum frv., eins og þau voru í upphafi. Ég býst nú við, að ef þessu máli væri frestað um eins árs skeið, eins og við í minni hl. landbn. förum fram á, þá mundi hv. meiri hl. landbn. halda áfram á þessari braut og sjá, að það væri hagkvæmara að fara meira að vilja þeirra manna, sem hér eiga fyrst og fremst hlut að máli, sem er almenningur í sveitum landsins, og ganga ekki eins hart fram með þær breyt., sem þetta frv. gerir á gildandi l. Brtt. á þskj. nr. 465, frá meiri hl. landbn., það sem þær ná, ganga ofurlítið í þá átt, sem aðfinnslur og aths. mínar og annara hv. þm. gengu við 1. umr. málsins, þó skammt sé. Og nú eftir 2. umr. málsins bera þeir fram brtt. við sínar eigin brtt., sem ganga þó nokkuð lengra en hinar, og sanna þær, að þeim er ljóst, að þeir eru hér á hálum ís og verða að slá eitthvað undan frá því, sem í upphafi var til stofnað.

Hv. frsm. meiri hl. vék nú fyrst að þeirri ræðu, sem ég flutti hér við 2. umr. málsins. Hv. þm. Mýr. vildi halda því fram, að það væri ósanngirni í því, að ég talaði um frekju í sambandi við framferði meiri hl. landbn. í þessu máli, er hv. meiri hl. vildi ekki bíða einn eða tvo daga eftir því að fá álit frá stjórn Búnaðarfélags Íslands um þetta mál, sem hér liggur fyrir. En ég verð að segja það, að þegar meiri hl. Alþingis er búinn að halda þessu máli hjá sér mikinn hluta af þingtímanum og hefir þann tíma leynt því fyrir minni hlutanum, þá veit ég ekki, hvað kallast frekja, ef ekki það, að málið má ekki athuga í n. nokkra daga, áður en tekin er fullnaðarafstaða til þess.

Þá var það sá stóri ágreiningur, sem hv. þm. Mýr. vék allmikið að, sem sé það, að hér væri með þessu frv. aðeins verið að leggja búnaðarfélagsskapinn undir vald ríkisstj. og hið pólitíska vald að því er snertir það umboð, sem félagið færi með fyrir hönd ríkisvaldsins í tilteknum málum, sem föst löggjöf væri um, sem sé jarðræktarl., búfjárræktarl., l. um sandgræðslu o. s. frv. Hv. síðasti ræðumaður, þm. Mýr., vildi meira að segja einskorða þetta við það, að ef ágreiningur væri um skilning á framkvæmdum þessara l., þá væri sjálfsagt að vísa þeim ágreiningi til landbrh. Nú er það svo, að í 1. gr. jarðræktarl. er ákveðið, að landbrh. hafi á hendi yfirstjórn ræktunarmálanna í landinu í vissu tilliti. En með þessu ákvæði 1. gr. jarðræktarl. er það þá sagt, að ef ágreiningur rís út af því, hvernig beri að skilja þá löggjöf, sem um ræktunarmálin fjallar, þá eigi ráðh. að skera úr þeim ágreiningi. Ef því ekki væri hér í þessu frv. um annað að ræða en það, hvernig ætti að skilja og framkvæma ýms lagaákvæði viðkomandi ræktunarmálunum og búfjárrækt, þá væri sjálfsagt og eðlilegt að vísa ágreiningi, sem út af því kynni að rísa, til landbrh. En hér er meira um að ræða heldur en þetta. Fyrst og fremst er nú það, að þegar frá eru teknar framkvæmdir allra þeirra mála, sem snerta jarðrækt og búfjárrækt, þá er nú farið þó nokkuð að sneiðast um þau mál, sem landbúnaðinn í heild sinni varða, og þau mál, sem Búnaðarfélag Íslands hefir frá upphafi sinna vega haft með að gera. Í öðru lagi, eins og ég benti á við 2. umr. og hv. þm. Mýr. svaraði engu, þá mundi það að minni hyggju verða fært undir þetta ákvæði frv., ef ágreiningur risi á milli Búnaðarfélags Íslands og búnaðarmálastjóra um það, hvaða mönnum ætti að veita þau störf að fara með umsjón þessara mála, sem þar koma til greina, viðkomandi jarðrækt og búfjárrækt. Og ef það á að vera undir geðþótta ráðh. í hvert sinn komið, hvaða mönnum á að veita þau störf, sem búnaðarfélagið hefir hingað til ráðið um veitingu á, ef ráðh. getur orðið sammála búnaðarmálastjóra um það, hvað sem Búnaðarfélag Íslands segir, þá tel ég svo langt gengið, að ófært sé við það að una.

Þá vildi hv. þm. Mýr. halda því fram, að félagið væri algerlega frjálst fyrir þessari löggjöf um sín sérmál, það hefði óskert frjálsræði í þeim málum, sem þessi félagsskapur byggist á. Þetta er algerður misskilningur, og furða, að maður, sem er í stjórn Búnaðarfélags Íslands, skuli halda slíku fram jafnframt því, sem hann mælir fram með frv., sem felur í sér bein fyrirmæli um það frá hálfu hins opinbera, hvernig kosningatilhögun öll á að vera í þeim félagsskap, sem hér um ræðir. Hér er stefnt að því, að fyrirskipa um þetta atriði með jarðræktarl., sem alltaf áður hefir heyrt undir samþykktir

bænda, sem sé á búnaðarþingi. Þetta er það stóra atriði, sem hlýtur að vera ágreiningur um, og frá mínu sjónarmiði stórt ágreiningsatriði í þessu sambandi, því að ég tel, að með þessu sé verið að skerða félagsfrelsið mjög óviðurkvæmilega hjá þessu félagi umfram það, sem með nokkru móti má teljast heppilegt.

Þá var hv. þm. Mýr. að tala um, að þessi félagsskapur væri lögvernduð samvinna. Ég er nú einn í hópi þeirra manna, sem kalla sig samvinnumenn. En ég vil hafa hverskonar samvinnu sem frjálsasta og láta hvern einstakan aðilja, sem þar á hlut að máli, hafa sem beinust áhrif og frjálsast vald til þess að ákveða um það, hvernig félagsmálum skuli hagað. En hina lögþvinguðu samvinnu hefi ég ekkert annað um að segja en það, að mér finnst það í alla staði óeðlilegt, að ríkið fyrirskipi um félagsskap eins og þennan, hvernig hann eigi að vera í ýmsum mikilvægustu atriðum, án tillits til vilja þeirra manna, sem félagsskapnum koma mest við.

Að 8. gr. frv. vék ég nokkuð við 2. umr., sem flm. brtt. á þskj. 485 hafa gengið inn á, að sé nú ekki sem heppilegast orðuð eins og hún er í frv. Hv. þm. Mýr. hélt því fram, að hann hefði verið búinn að athuga þetta atriði, áður en við bentum á það. Það má vera. En það er vitanlega alltaf hægt að segja slíkt. En hv. frsm. 1. minni hl. var nýbúinn að leggja fram brtt., er á þetta var bent, þar sem hann ekki tók þetta atriði til athugunar. En þrátt fyrir þessa brtt. á þskj. 485, þá sætti ég mig engan veginn við hana sem fullnaðarlagfæringu á því, hvernig hér er um búið. Því að ef frv. verður keyrt í gegn, þannig að Búnaðarfélag Íslands verði að afsala sér yfirráðum yfir þessum jarðræktarmálum, þá tel ég réttmætt, að Alþingi ráðstafi því, hvernig með þau verður farið, en að það sé ekki lagt undir landbrh. að ganga þar frá, þó að svo sé tiltekið með brtt., að skuli vera, þangað til önnur skipun verði þar á gerð.

Viðvíkjandi því, sem hér kemur fram um breyt. á 11. gr., sem fjallar um það, að styrkur skuli vera misjafn, og mjög mikið hefir verið um rætt, skal ég viðurkenna það, að sú breyt., sem hér kemur fram á þskj. nr. 485, stefnir því atriði í betra horf en ákvæði frv. En þar með er ekki sagt, að hún fullnægi þeirri kröfu, sem ég og aðrir gera um, að þetta sé óbundið, eins og það hefir áður verið. Því að þó að takmarkið sé hækkað nokkuð frá því, sem í frv. er gert ráð fyrir, þangað til á að lækka styrkinn (sbr. brtt.), þá er það að mínu áliti ekki nema nokkuð í lagfæringarátt. Þrátt fyrir þessa litlu lagfæringu verður þetta ákvæði ósanngjarnt í ýmsum kringumstæðum. Ég benti t. d. á það við 2. umr., að til eru ýmsar stórar og góðar jarðir, sem eru með véltækum engjum og góðu túni, sem voru áður en jarðræktarl. gengu í gildi það álitleg býli, að ekki var brýn þörf fyrir eigendur þeirra að leggja í mikinn kostnað til að auka jarðrækt á þeim, og þeir hafa því ekki kostað neinu verulegu til í því efni. Það getur svo farið, að þessir menn fái hér eftir hærri styrk tiltölulega heldur en bændur, sem barizt hafa með miklum dugnaði við að bæta lélegar jarðir og kostað allmiklu til þess.

Ennfremur er á það að líta, að á einstaka stað á landinu er fleirbýli á jörðum með þeim hætti, að ábúendur búa félagsbúi á jörðinni óskiptri. Þar sem þannig er háttað, yrði niðurstaðan af þessum ákvæðum sú, að það yrðu ekki mennirnir, sem styrkurinn miðast við, heldur þessi sameiginlegu býli. Þessir bændur, sem stunda svona félagsbúskap, kæmu því fremur undir lækkaða styrkinn, ef miðað er við býli, heldur en ef miðað er við einstaka ábúendur, þrátt fyrir það, þó að tilgangur þeirra manna, sem um þetta hafa fjallað, muni vera sá, að miða við einstaka menn þennan styrk. Þessi undantekningartilfelli hafa ekki verið tekin með í reikninginn.

Þá skal ég með örfáum orðum víkja að því, er síðasti ræðumaður kvartaði undan, að ég drap á heilindi hans í málflutningi hans hér á þingi snertandi vald Búnaðarfélags Íslands viðvíkjandi stjórnarkosningum þess. En ef sú reynsla, sem við erum nú að fá af frammistöðu þessa hv. þm. í þessu máli, gefur ekki bendingu um, að honum hafi ekki verið alvara með það, sem hann hefir haldið hér fram á fyrri þingum í þessu máli, þá veit ég ekki, hvernig hægt er að fá sönnun fyrir því, að mönnum sé ekki alvara um það, sem þeir hafa mælt fyrir áður. Því að hv. þm. Mýr. hefir ekki gengið inn á, að honum hafi snúizt hugur í þessum efnum frá því, sem áður var. En það verður hann þó að viðurkenna, að sú takmörkun á yfirráðum Búnaðarfélags Íslands í þessum málum er enn meiri eftir þessari löggjöf heldur en áður var. Annars er það svo, að ég efast ekki um, að vilji og greind þessa hv. þm. mælir á móti því, að hér eigi að réttu lagi að ganga eins langt eins og stefnt er að. En það er bara þetta, sem svo oft bólar á hér á hæstv. Alþingi, að einstaka menn skortir hugrekki til þess að halda fram og fylgja til streitu því, sem þeir finna sjálfir, að rétt er.

Í því, sem hér kemur fram í brtt. þeirra hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. um 17. gr., er betri sönnun en nokkursstaðar annarsstaðar, að flm. eru í vandræðum með það, hvernig þeir eiga að útfæra þá hugmynd, sem fyrir þeim vakir um takmarkanir í þessum efnum. En í þessari 17. gr. frv. er eitthvað óskýrt um það, hvort framlag ríkisins skuli vera styrkur eða lán, sem eigi að endurborgast. Þeir eru alltaf að vefja þetta í meiri og meiri umbúðir. En þeir geta aldrei vafið það svo, að úr verði annað en klúður, hversu sem með er farið. Og enn klúðurslegra verður þetta, þegar það er athugað, að þetta ákvæði er verið að setja á þeim tíma, þegar jarðir hafa verið og eru að falla í verði og eru jafnvel lítt seljanlegar. Víða er það svo, að ef þær umbætur væru reiknaðar til verðs. sem gerðar hafa verið á jörðunum síðan 1923, og miðað við kostnaðarverð, þá væru jarðirnar ekki seljanlegar fyrir það. Þar með er því þá einnig slegið föstu, að verð þeirra, áður en þessar umbætur voru gerðar, væri einnig tapað, ef þær seldust ekki fyrir meira en þetta kostnaðarverð umbótanna, hvað þá ef þær seldust fyrir minna. Það hefir gengið svo og mun enn ganga svo nokkuð lengi, að þær umbætur, sem gerðar eru á jörðum, fást ekki borgaðar, ef á að selja

jarðirnar. Og ef um verðhækkun er að ræða á jörð, þá er ærinn vandi að greina þar á milli, ef um umbætur á henni er að ræða, að hve miklu leyti verðhækkunin stafar að réttu lagi af umbótunum og að hve miklu leyti vegna afstöðu jarðarinnar og breyttra tíma.

Hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. eru nú búnir að koma með brtt. við 17. gr. frv. og svo brtt. við sína eigin brtt. og hafa umorðað hana mjög verulega. Þess vegna held ég, að þeim væri sæmilegast að hafa næsta sporið það, að leggja til, að þessi 17. gr. verði felld alveg niður úr frv.

Ég hefi svo fáu við þetta að bæta. Þetta mál er þannig vaxið og þannig undirbúið og með farið hér á þingi, að það er með öllu óforsvaranlegt að ætla sér að keyra það í gegn nú undir þinglok.

Pétur Ottesen: Ég vil segja það, að það má heita að vera kaldhæðni örlaganna, að hv. þm. Mýr. skuli láta nota sig til þess hér að verja þá árás, sem hér er fyrst og fremst verið að gera á höfuðstofnun sveitabænda þessa lands, Búnaðarfélag Íslands, og svo þá árás, sem gerð er hér á sjálfstæði sveitabænda í þessu frv. að öllu leyti, bæði með því að draga úr þeim möguleikum til framfara, sem liggja í ræktun landsins, og því að koma upp betri húsakosti í sveitum. Einnig vinnur þessi hv. þm. að því að skerða sjálfstæði þeirra að því leyti, að hann leggur til, að þeir verði ekki eigendur þeirra umbóta, sem þeir fá styrk til, þó að styrkurinn sé ekki og eigi ekki að vera annað en uppörvun til þess að leysa úr bundnum möguleikum til þess að gera sveitirnar betri og byggilegri. En þetta verður skiljanlegt, þegar maður athugar þann samning, sem gerður var á milli stjórnarflokkanna, þegar þessi stjórn, sem nú situr að völdum, var mynduð, sem m. a. stefndi að því að koma í tíð núv. valdhafa jarðeignum landsmanna í eigu þess opinbera, þ. e. ríkisins. Það hefir verið tekið fyrir áframhaldandi sölu kirkju- og þjóðjarða, og hér hefir verið flutt á þingi frv. um það, að ríkið fari að kaupa upp jarðir einstakra manna. En það er sýnilegt, að trúin á það, að takast megi að ná jörðunum með þeim hætti, er ekki sterkari en það hjá stjórnarflokkunum, að þeir telja þá aðferð ekki einhlíta til þess að koma þessari hugmynd sósialista í framkvæmd. Þess vegna er hér til uppfyllingar farið inn á þá leið að nota þá þörf, sem er á því að veita styrk til að auka ræktun og bæta húsakynni í sveitum, til þess að láta ríkið eignast jarðirnar að þeim hluta, sem styrknum nemur, sem veittur er til þessara óhjákvæmilegu umbóta í sveitum landsins, sem bændum landsins — miðað við þau atvinnuskilyrði, sem þeir nú búa við — er ómögulegt að inna af höndum jafnhröðum skrefum með öðrum hætti en þeim, að fá til þess nokkurn stuðning. Það er þess vegna hálfgrátt gaman gagnvart bændastétt þessa lands, sem hér er verið að leika. Og það styður í þessu efni mitt mál, að hér er verið að framkvæma hugsjón sósialista. Því að eins og kunnugt er, þá var strax eftir stjórnarmyndunina sett á laggirnar n., skipulagsnefnd atvinnumála, venjulega nefnd Rauðka, með það fyrir augum að reyna með löggjöf og á annan hátt að koma öllum atvinnurekstri þessa lands í ríkisrekstur að hugmynd sósialista, og þar með þá að draga úr einstaklingsrekstri sem mest. Það varð eitt af fyrstu verkum þessarar n., Rauðku, að taka jarðræktarl. til athugunar til þess að reyna að gera þau að hentugu verkfæri í höndum valdhafanna til þess að koma þessum hugsjónamálum fram. Hér sjáum við á tvennan hátt afleiðingu þessara samtaka stjórnarflokkanna að því er bændur snertir, framkomu þessara tveggja frv., jarðakaupafrv. og jarðræktarlagafrv., sem nú liggur hér fyrir.

Ég verð að telja það kaldhæðni örlaganna, að hv. þm. Mýr., sem í þessum málum er á tvennan hátt fulltrúi íslenzkra bænda, skuli vera í fararbroddi að berjast fyrir þessum ófögnuði í garð íslenzkra sveitabænda. Þessi hv. þm. er fulltrúi fyrir sveitakjördæmi, og auk þess er hann í stj. Búnaðarfélags Íslands. Og ég verð að segja það a. m. k., að hann launar illa með afstöðu sinni til þessara mála — svo að ég fari nú ekki út á víðara svið — það traust, sem honum hefir verið sýnt af hálfu bænda með kosningu hans til að gegna trúnaðarstörfum þeirra í báðum þessum stöðum, þingmannsstöðunni og sem meðlimur í stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Hér hefir nú verið allmjög reynt að verja þá árás á Búnaðarfélag Íslands, sem í þessu frv. felst. En sú vörn er, eins og vænta mátti, ákaflega lítils virði og haldlaus. Eyða í handr.

Þegar verið var að útbýta þessu blaði hér í dag, þá var ég og annar þm., framsóknarmaður, jafnsnemma að taka á móti því. Framsfl.þm. spurði mig, hvort ég tryði yfirleitt nokkru orði, sem í blaði þessu stæði, og mér skildist á honum, að hann tryði aldrei neinu, sem í því stæði því að hann hefði svarið öðru blaði trúnað sinn og hollustu. En svo skeður það undarlega. Nú eftir að hafa lesið þetta blað, vill bæði þessi hv. þm. og aðrir samflokksmenn hans nota blað þetta sem höfuðskjól sitt í þessu máli. Telja það hafa slegið öll rök úr hendi okkar, sem andmælum frv. Slík er öll framkoma stjórnarliða í þessu máli sem öðrum.

Eins og hv. þm. A.-Húnv. benti á, þá á ekki aðeins að slá úr hendi bænda öllum yfirráðum yfir Búnaðarfélagi Íslands og hlutdeild þeirra í stjórn búnaðarmálanna, heldur á einnig að taka það vald af stjórn B. Í., sem hún hefir til þess að velja búnaðarmálastjórann og færa það í hendur atvmrh. Og svo á starfsvið þessa manns ekki aðeins að vera bundið við stjórn ræktunarmálanna, heldur á hann að hafa á hendi stjórn allra þeirra starfa, sem búnaðarfélagið hefir með höndum. Eins og kunnugt er, þá kemur stjórn B. Í. ekki á fundi nema einstöku sinnum, og gerir þá í höfuðdráttum áætlun um stefnu og starfsemi fél., en framkvæmdin hvílir svo á búnaðarmálastjóra og ráðunautunum. Það ríður því á miklu, að val búnaðarmálastjóra takist vel og að hann sé ekki aðeins valinn með tilliti til sérþekkingar á einni ákveðinni sérgrein, heldur og með tilliti til heildarstarfs búnaðarfélagsins. Það verður því að teljast mjög varhugavert, eins og stefnt er að í frv. þessu, að hrifsa með valdi úr hendi búnaðarfélagsins réttindin til að

velja búnaðarmálastjórann. Það gæti auðveldlega valdið þeim árekstrum innan félagsins, sem yrðu til ómetanlegs hnekkis fyrir það. Þá má og ennfremur benda á, að það á með valdboði að fyrirskipa félaginu, á hvern hátt skuli kosið til búnaðarþings, og þetta á að gera nú, þó að ekki séu liðin nema 4 ár síðan búnaðarþingið sjálft valdi sér þá leið, sem til þessa hefir verið farin í kosningu til búnaðarþings. Hér er því um að ræða svo geipilega árás á félagsskap bænda, að það þýðir ekkert annað fyrir stjórnarliðana en að gangast við gerðum sínum, að þeir séu með þessu að taka sjálfsákvörðunarréttinn af búnaðarþinginu og stjórn B. Í. og færa valdið í hendur landbrh. Hér eftir verður því ekki um annað vald að tala hvað stjórn búnaðarmálanna snertir en undirlægjuvald undir hið pólitíska vald í landinu. Og þó að hv. þm. Mýr. sé að reyna að bera í bætifláka fyrir þetta, þá þýðir það ekkert fyrir hann. Öll vörn hans er og verður ekkert annað en hringsnúningur, eins og þegar köttur fer í kringum heitan graut.

Þá má og benda á það, að hér er allmjög stefnt í þjóðnýtingaráttina. Þannig eru þau bú, sem rekin eru af bæjarfélögum, ekki látin hlíta sömu reglum um hámarksstyrk fyrir unnar jarðabætur eins og einstaklingar. Og frv. er allt byggt upp á þessum grundvelli. Það er því ekki nema eðlilegt, þó að úlfshárin gægist hér víða undan sauðargærunni. Ef þetta er ekki lærdómsrík lexía fyrir bændastétt þessa lands um það, hvernig erindi sósíalista er rekið á öllum sviðum í löggjöfinni, þá veit ég ekki, hvernig hún á að vera. Því til sönnunar, sem ég nú hefi sagt, þarf ekki annað en benda á brtt. þær, sem fram eru komnar við frv. Þær liggja fyrir á tveimur þskj., og það er hvorki meira né minna en þrjár útgáfur af einni gr., þeirri gr., sem á að nota til þess að láta ríkið ná ítökum í þeim jörðum, sem nú eru í einstaklingseign. Í brtt. þeim, sem framsóknarmennirnir í landbn. bera fram, kennir að vísu nokkurs undanhalds frá frv. sjálfu. Þeir sprikla þar í hengingarólinni, sem sósíalistar hafa reyrt svo mjög að hálsi þeirra, og gera tilraun til þess að fá þá til að slaka svolítið til, en allt er þetta til málamynda, enda ekki hætta á, að sósíalistar skeri á ólina fyrr en að fullnuðu verki.

Þá hefir og fyrir gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga orðið nokkurt undanhald hjá hv. framsóknarmönnum í landbn., og má þar til nefna, að í stað þess að lækka styrk fyrir hvert býli, sem fengið hefir 3—4 þús. kr. samtals, um 25%, þá á hann samkv. brtt. þeirra að haldast óbreyttur fyrir hvert býli, sem fengið hefir 1—4 þús. kr. styrk, og í stað þess, að samkv. frv. átti að lækka styrkinn fyrir hvert býli, sem fengið hafði 4—5 þús. kr., um 50%, þá á sú lækkun samkv. brtt. ekki að nema meira en 20%. Ég vil nú spyrja, — er ekki með þessu verið að viðurkenna, að reitt hafi verið helzt til hátt til höggs gagnvart íslenzkri bændastétt með frv. eins og það var lagt fyrir?

Hvað snertir hámark þess styrks, sem veita má fyrir unnar jarðabætur á hvert býli, þá stendur það vitanlega að mestu óbreytt, að yfirleitt megi aldrei veita hærri styrk en 5 þús. kr. á hvert býli. Þó er í till. þeirra hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. nokkurt undanhald frá þessu, þar sem svo er ákveðið, að þar sem býli sé reist á óræktuðu landi, þá geti styrkurinn komizt upp í 7 þús. kr. Þetta er að sjálfsögðu virðingarvert, þó að það á engan hátt réttlæti það ranglæti, sem hér á að fremja gagnvart þeim mönnum, sem vilja leggja peninga sína og erfiði í ræktun þessa lands.

Hvað kalla beri óræktað land í lögum þessum, er hvergi skýrt; þó geri ég ráð fyrir, að átt sé við það land, þar sem aldrei hefir verið „borið skarn á hóla“, svo að ég noti orð hins vísa Njáls. Það eru því býli, sem reist hafa verið á slíku landi, sem eiga að njóta þessara hlunninda, að mega fá allt að 7 þús. kr. í styrk fyrir unnar jarðabætur. Allt öðru máli gegnir því um þau býli, sem reist hafa verið á illa ræktuðu landi. Þau mega alls ekki njóta þessara fríðinda. Þetta er þeim mun ranglátara, þar sem vitað er, að margar jarðir, sem að vísu hafa einhverntíma verið byggðar, en hafa verið í eyði um lengri eða skemmri tíma og hafa því mjög lítið ræktað land, hafa byggzt upp á seinni árum og geta byggzt upp í náinni framtíð. Að gera mikinn mismun á slíkum býlum og þeim, sem byggð eru upp á alveg óræktuðu landi, er hreinasta misrétti.

Hvað snertir nytsemi jarðræktarlaganna fyrir íslenzku þjóðina í heild, þá mun vart um það deilt, að hún hafi verið mikil, svo mikil, að engin löggjöf, sem sett hefir verið, mun hafa leitt til eins mikils velfarnaðar fyrir bændur og búalið. Það ríður því á miklu, að ekki sé flasað að breyt. á þeim. Það gegnir því furðu, að nú þegar lögin hafa ekki staðið nema um 11 ár, skuli þykja ástæða til að gera slíkar breyt. á þeim, sem hér hafa verið nefndar, sem margar virðast, vægast sagt, mjög varhugaverðar, eins og t. d. hámark jarðabótastyrksins á hvert býli. Það hittir eingöngu þá menn, sem fyrstir hafa farið að nota jarðræktarlögin, þá menn, sem fyrstir hafa orðið við tilmælum löggjafans og hafizt handa um ræktun landsins, og eru nú jafnvel komnir svo langt að geta framfleytt bústofni sínum á ræktuðu landi; m. ö. o. náð því marki, sem fyrst og fremst er stefnt að með jarðræktarlögunum og vitanlega öll framtíð íslenzks landbúnaðar veltur á. Þessa menn á að skera niður við trog, en hina, sem enga eða lítla viðleitni hafa sýnt í ræktun landsins, á að verðlauna. Slíkt er réttlæti þeirra manna, sem nú fara með stjórn landsins. Annars er það svo, að jarðræktarstyrkurinn hefir aldrei orðið neitt afgerandi fyrir fjárhag ríkissjóðs, en fyrir framtíð íslenzks landbúnaðar hefir hann haft mikla þýðingu, svo mikla þýðingu, að það verður ekki með tölum talið.

Þá virðist það nokkuð einkennilegt, að þegar stjórnarfl. álíta, að það þurfi að fara að skera af fóðrum hjá ríkissjóði, þá skyldi yfirleitt byrjað á því, sem veitt var til ræktunarmálanna. Það hefir verið lækkaður styrkur til Búnaðarfélags Íslands — styrkurinn til áburðarkaupa var lækkaður. Styrkur til sandgræðslu var lækkaður, og það þó að landið blási upp og stór nauðsyn sé því á að hefta sandfokið. Þannig mætti og fleira telja, sem ráðizt hefir verið á, sem ýtir undir framkvæmdir á sviði landbúnaðarins og

bætir lífið í sveitunum. Þetta er gert samtímis því, sem hækkaðar eru fjárveitingar til atvinnubóta í kaupstöðum og veitt er fé til atvinnuleysistrygginga í kaupstöðunum. Í frv. því til jarðræktarlaga, sem hér liggur fyrir, er þó stigið stærsta skrefið til þess að skerða þá hagsmuni, sem löggjöfin veitir íslenzkum bændum nú. Það er byrjað á því, eins og ég tók fram áðan, að skera þá niður, sem bezt hafa hagnýtt sér jarðræktarlögin, með því yfirskini, að það eigi að vera til þess að hjálpa þeim, sem getulitlir eru, en hafa áhuga á ræktun. En ég verð að efast um, að sú viðbót, sem þeir kunna að fá með því að útiloka áhuga- og starfsmennina í sveitunum frá því að fá þann styrk, sem þeim ber, verði þeim, sem hlunnindanna eiga að njóta af því, eins mikils virði og til er ætlazt, m. a. sakir þess, að verði áhuga- og dugnaðarmennirnir heftir, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá má búast við, að erfiðara verði um samvinnu um kaup á hinum stóru jarðyrkjutækjum. En það vitum við, sem við jarðyrkju höfum fengizt, að til þess að hægt sé að kaupa hin stærri jarðyrkjutæki og starfrækja þau þarf mikla og almenna þátttöku og öflugan félagsskap.

Það er nú ekki venja við 3. umr. máls að fara ýtarlega út í einstakar gr. frv. fremur því, sem brtt. gefa tilefni til, og ég skal ekki heldur gera það hér. Ég hefi gert það áður. Við 2. umr. hefi ég sýnt það ýtarlega, að búskapur og jarðrækt í sveitum hlýtur að hafa ógagn af þessum breyt. á jarðræktarlögunum. — Þær brtt., sem hér liggja fyrir, draga ekkert úr þeim broddi, sem felst í höfuðatriðum þessa frv. Það er síður en svo. Öll stefna frv. er óbreytt, en þessar brtt. eru lítilfjörlegt kák, sem lítur helzt út fyrir, að sé gert til þess að friða vonda samvizku út af því að ráðast á þá löggjöf, sem langveigamestan þátt hefir átt í því af allri þeirri löggjöf, sem sett hefir verið hér á landi, að þoka landbúnaðinum og jarðræktinni fram á leið. Því að þótt t. d. í 2. brtt. á þskj. 465 standi, að ágreiningsatriðum megi skjóta til landbrh. í staðinn fyrir, að þeim skuli skjóta til landbrh., — hvaða þýðingu hefir það, þegar það er landbrh., sem ræður því, hver er búnaðarmálastjóri? Ég skal ekki fara út í einstakar brtt. Að því leyti, er íslenzkan landbúnað snertir, má segja, að frv. sé óbreytt, þrátt fyrir það þótt þær væru samþ. Þær eru, eins og ég tók fram áðan, eingöngu ávöxtur vondrar samvizku út af því, að hér sé verið að fremja óþurftar verknað gagnvart íslenzkum landbúnaði.

Hv. þm. Mýr. gerði ekki meira úr því félagi, sem honum er falið að stjórna, en að hann taldi, að ekkert mundi þýða að skjóta málinu þangað. Hér liggja fyrir frá búnaðarfélagsstjórninni mjög harðvítug mótmæli gegn því, að þetta frv. sé keyrt áfram nú á þingi, og þau byggjast á því, að hér sé ráðizt á sjálfsforræði búnaðarfélagsins og stórvægilegar breyt. gerðar á þeim grundvallaratriðum jarðræktarlaganna, sem sett voru 1923. — Hv. þm. Mýr. telur ekki þörf á að verja sjálfstæði Búnaðarfélags Íslands né halda uppi svörum, þegar ráðizt er á hagsmuni þess. Og það er ekki nóg með það, að hann haldi ekki uppi svörum fyrir þá stétt manna, sem hann í tvennum skilningi er fulltrúi fyrir, heldur tekur hann að sér að verja þessa árás, sem hér er verið að gera á aukna ræktun og bættan húsakost í sveitunum. En það má benda á, að lélegur húsakostur í sveitum verður mjög til þess, að fólk flýr þaðan til kaupstaðanna í von um að fá betri húsakynni þar. Og trúin á viðleitni búnaðarfélagsskaparins í landinu er ekki meiri en það hjá þessum hv. þm., að hann telur það engu skipta, að búnaðarsamböndin fái að segja álit sitt á þessu frv. Það getur verið, að það yrði ekki til þess, að meiri hl. Alþingis breytti afstöðu sinni, en það kæmu þó a. m. k. fram raddir bæði frá búnaðarfélaginu og frá einstökum mönnum, sem hafa skilning og þekkingu á því, hve mikla þýðingu jarðræktarlögin hafa fyrir íslenzkan landbúnað, eins og þau nú eru, og hve ómetanlega mikið gagn þau hafa unnið. Ég verð að segja, að það er sorglegt, að hv. þm. Mýr., sem er fulltrúi íslenzkrar bændastéttar, skuli misskilja sitt tvöfalda hlutverk svo háskalega að gerast málsvari þessa frv., sem bæði gerir ráðstafanir til þess að draga úr þeirri hvöt, sem jarðræktarlögin hafa vakið til jarðræktunar og húsabygginga, og þar að auki vilja nota þennan þarfa og vinsæla styrk til þess, að ríkið dragi undir sig jarðirnar, og brýtur þannig í bága við þá ríkjandi stefnu, sem verið hefir allt til þess, að núverandi stjórnarflokkar tóku völd, sem sé að landbúnaðinum væri svo bezt borgið, að sem mest af jörðum væri í sjálfsábúð. Undanfari þessa frv. var það, að hætt skyldi að selja jarðir þær, sem enn eru í eigu þess opinbera, og að ríkið fari að kaupa upp jarðir, sem eru í einstakra manna eigu. Það er þannig stigið neðarlega í stigann, en það á sýnilega að halda áfram rim af rim, unz komið er í efsta þrepið og ríkið hefir náð tangarhaldi á öllum jörðum og bændur eru orðnir meira og minna ánauðugir leiguliðar ríkisins. Eins og verið er að skerða sjálfstæði búnaðarfélagsins, eins er verið að skerða sjálfstæði einstakra bænda, með því að keyra allt undir ríkisvaldið, og með því er verið að slá á útrétta hönd hvers þess, sem vill vinna að ræktun sveitanna og gera þær byggilegar, og á þann hátt er líka verið að vinna landbúnaðinum óþurftarverk með þessu frv.

Það er kannske rétt að benda á það í þessu sambandi, sem ég vék að við 1. umr. málsins, að það sé varhugaverður sá kafli, þar sem verið er að eggja menn á að yfirgefa dreifðu býlin og fara í þéttbýli. Í þessum dreifðu býlum geta vitanlega verið jarðir, sem hafa góð beitilönd og eru vel fallin til sauðfjárræktar. En það er verið að ýta undir þá, sem þar búa, að yfirgefa þessar jarðir, með því að veita þeim friðindi, sem í þéttbýlinu eru. Þrátt fyrir það þótt mjólkurmarkaður sé mjög takmarkaður, þótt nokkrar hömlur séu á kjötsölu, hefir hingað til tekizt að selja það kjöt, sem til hefir verið, og ég veit, að þótt þröngt sé á kjötmarkaði, þá er rýmra um sölu fyrir það heldur en fyrir mjólk. Hv. 1. þm. Árn. varð að viðurkenna, að þessi stefna væri varhugaverð, en engin brtt. hefir komið fram við það.

Hv. þm. A.-Húnv. minntist á það, sem ég hefi að nokkru leyti gert líka, að það undanhald,

sem nú er hjá formælendum frv., sé áreiðanlega sprottið af vondri samvizku. Má t. d. nefna, að nú er lagt til að hækka verkfærakaupastyrkinn upp í ½, eða gera hann eins og hann áður var, en í frv. var hann ætlaður ⅓.

Ég held, að þetta mál sé allt þannig vaxið, að það sé alveg ósæmilegt gagnvart íslenzkum landbúnaði að samþ. frv., þótt þessar brtt. næðu fram að ganga. Ég tel alveg ósæmilegt að samþ. það án þess að gefa bændum kost á að gera aths. sínar við það. Ekki aðeins vegna þess að í því felst skerðing á stuðningi við ræktun, heldur líka vegna þeirrar grundvallarstefnu frv., að fjárframlagið til ræktunar skuli leggjast sem kvöð á býlið, er ríkið eignast, í stað þess að nú eru lögin byggð upp með það fyrir augum, að þeir, sem vilja helga sveitinni alla krafta sína, eignist þann styrk, sem þeim er til þess veittur, að hann sé verðlaun fyrir starf þeirra í þágu þjóðarinnar og verði ekki aftur tekinn.

Forfeður vorir skiluðu landinu lítt ræktuðu, og það hefir orðið til þess að breyta atvinnulífi þjóðarinnar og stuðla að burtför fólksins úr sveitunum, en núverandi kynslóð á að leggja framtíðinni til ræktað land, og þótt framtíð landsins byggist mikið á þeim auðlindum, sem eru við strendur þessa lands, þá er það trú mín og heitasta von, að þjóðfélag vort byggist líka upp af því auðmagni, sem er í íslenzkri gróðurmold. Það er þess vegna þjóðnýtt verk, sem þeir menn vinna, sem helga krafta sína því starfi að gera sveitirnar byggilegar, og þann mann, sem þar leggur hönd að verki, á ekki að svipta því, að hann eignist ávöxt þeirra krafta, sem hann leggur fram.

Það má sjá á öllu, að þetta frv. eigi að keyra í gegn með harðri hendi. Hér hafa verið bornar fram brtt. og það hefir verið beðið eftir þeim í dag. Nú þykist ég sjá það á öllum sólarmerkjum, að frv. eigi að afgr. til hv. Ed. á þessum fundi. Ég vil aðeins benda á þetta til þess að sýna ljóslega, hve ríflegur tími hv. þdm. er gefinn til þess að athuga þessar brtt., hvað þá til að flytja brtt. Ég veit, að það er búið að semja um það í stjórnarflokkunum að keyra þetta frv. í gegn, hvað sem tautar, og ég býst við, að sá samningur hafi verið gerður, þegar ákveðin var sú breyt. á þingsköpum, að undanþágu mætti veita með einföldum meiri hl., því að það hefir verið ákveðið svo, til þess að hægt væri að keyra fram slík mál sem þetta. Enda vitanlegt, að það er ekki á annan hátt hægt, nema með því móti að lengja þingtímann. Það dugir ekki að deila við dómarann, og ég hefi líka séð sigurbrosið á vörum sósialistanna, þótt nú sé enginn viðstaddur af þeim hópi. Þeir vita, að hér þurfa þeir ekki að vera. Þeir eru búnir að þjálfa framsóknarfl.liðið á þingi svo vel, að það má trúa þeim fyrir því að standa fyrir málinu. Sósíalistanna þarf ekki við nema til þess eins að greiða atkv., en þá skila þeir sér líka. Þeir þekkja hljóðið, þegar bjöllunni er hringt, eins og lambið þekkir hljóðið, þegar ærin jarmar, og þá koma þeir til að rétta upp hendurnar og segja já. Ég veit ekki, hvort þeir segja amen líka. En þeir skila sér til þess að segja já við þessu frv. og til þess að leggja í fjötra framfaraviðleitni íslenzkra bænda og til að eyðileggja þróunarskilyrði íslenzks landbúnaðar.

*__Hannes Jónsson__: Það verður varla nema til málamynda, að ég tek hér til máls við þessa umr. um þetta merkilega mál, sem hér liggur fyrir. Ég hefi undanfarna daga verið veikur og ekki getað sinnt þingstörfum og ekki getað fylgzt með málflutningnum eða séð brtt. við frv. eða annað það, sem fram hefir komið því viðvíkjandi. Ég bjóst líka við því, að í svona stóru máli sem þetta er, þá myndi sú sanngirni sýnd af meiri hl. á þingi, að ekki yrði hrapað að því að afgr. þetta, heldur yrði gefinn tími til þess að athuga málið vel og rækilega og bera fram brtt. við það, svo rækilegar sem efni stóðu til, eins og málið var lagt fyrir Alþingi. Nú sé ég, að þetta mál á að hespa af með afbrigðum af meiri hl. á Alþingi. Og hvað er það, sem veldur því, að stjórnarflokkarnir leggja svo mikla áherzlu á að fá þetta mál afgr. í þinglokin, eftir að þeir eru búnir að hafa málið til meðferðar svo að segja allt þingið innan sinna flokka? Þeir hafa legið yfir frv. án þess að lofa öðrum flokkum að fylgjast með málinu. Hvað er það, sem veldur því, að stjórnarflokkarnir leggja svo mikið kapp á þetta mál og fara svo mjög aftan að þingfulltrúunum, að þeir leggja málið ekki fyrir þingið, þegar það er tilbúið frá mþn., heldur liggja sjálfir með það og eru að bræða sig saman um afgreiðslu málsins á þinginu? Það er sjálfsagt víða að leita þeirra orsaka, sem fyrir þessari afgreiðslu málsins liggja. Þær orsakir hafa komið fram bæði á Alþingi og í skrifum stjórnarflokkanna í blöðum þeirra. Ástæðan er sú, að þeir líta hornauga þá starfsemi bændastéttarinnar, sem kemur fram í starfsemi Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambandanna og hreppabúnaðarfélaganna. Það eru samtök bændastéttarinnar, samtakamáttur bændastéttarinnar, sem þessir flokkar eru að reyna að fyrirbyggja með því að koma sem mestri ringulreið á skipun þessara mála, sem sýndust vera komin í það horf, að í gegnum þann félagsskap væri hægt að sameina átök bændanna í sterka og volduga heild. Samhliða þessari árás stjórnarflokkanna á samtök bændastéttarinnar, þá er einhver uggur í brjósti þeirra um það, að það væri ekki álitlegt, ef bændastéttin íslenzka losnaði úr þeim fjárhagskút, sem hún er komin í og hefir verið í að undanförnu. Það yrði kannske óþægilegt að eiga ráð sitt undir þeirri stétt, ef hún myndi eitthvað vera að rétta við fjárhagslega. Annars virðist þetta ekki vera á sterkum rökum byggt. En þetta virðist koma fram í orðum, sem form. Framsfl. lét falla nýlega, þar sem hann sagði, að bændastéttin væri bezt stæða stétt þjóðfélagsins. Það er svo komið, að hann virðist hræddur við það, hvað þessi stétt sé fjárhagslega öflug. Sá maður og ýmsir aðrir, sem honum fylgja, virðast hafa eitt lífstakmark, og það er að berjast á móti þeim, sem efla hinn fjárhagslega mátt í lífi og störfum hinnar íslenzku bændastéttar. Á móti öllum slíkum mönnum er barátta háð, og það er nú svo komið, að þessir leiðandi menn í Framsfl. eru farnir að líta bændastéttina hornauga. Það safnast saman rök fyrir því, hvers

vegna slíkt mál sem þetta er flutt á Alþingi, þar sem svo mikil undirhyggja og flærð hefir komið fram við undirbúning þess. Það á svo sem að reyna að tryggja það, að ekki réttist við fjárhagsleg afkoma bændanna meira en góðu hófi gegnir. Þeir hafa þó undanfarin ár haldið því hátt á lofti, að þeir hafi staðið vörð um þá löggjöf, sem nú hefir staðið um nokkur ár og hefir verið talin af þeim ein bezta máttarstoðin í viðreisnarstarfi íslenzku bændastéttarinnar. En nú er að þeirra áliti kominn tími til þess að stinga við fæti og taka þennan styrk af að sumu leyti, en að sumu leyti á að skerða hann stórkostlega, og að sumu leyti á það ekki að vera neinn styrkur, heldur lán, sem endurkræft er á sínum tíma. Þetta er öll umhyggjan fyrir íslenzkri bændastétt, sem kemur fram hjá Framsfl., fyrst og fremst hjá formanni hans, en síast síðar og seytlar út til annara flokksmanna, svo að síðustu nær hún út í litla fingur hins óbreytta flokksmanns. Mér sárnar, að hv. þm. Mýr. skuli vera orðinn eins sýktur af árásarhug til bændastéttarinnar og aðrir flokksmenn hans. Ég get sagt, að þegar svo er komið, þá getur maður ekki vænzt neins góðs, því að ég vonaði þó, að hann styngi við fótum í lengstu lög. Og verð ég þá næstum að trúa þeirri hugmynd, að aðstaðan hafi verið þannig, að hann telji sig hafa verið neyddan til að ganga með til þessa gráa leiks til þess að hindra enn þá svæsnari árásir, sem riðið hefðu bændastéttinni alveg að fullu, og það er sú eina afsökun, sem er frambærileg. Maður hefir aldrei búizt við, að frá sósíalistum kæmi annað en niðurrifsstefna í þessum málum, byggð á því, að þeir óttast, að bændastéttin geti orðið óháð fjárhagslega, en það telja þeir ekki heppilegt fyrir sig eða vænlegt til pólitísks sigurs. Ég sé, að hv. 2. þm. N.-M. glottir við tönn út í glugga, en hann fær áreiðanlega tækifæri til að iðrast, þótt ekki verði fyrr en eftir næstu kosningar. Hann getur glott, meðan hann sker niður við trog áhugamál bændanna, sem þessi hv. þm. þykist vera að vinna fyrir og á að vinna fyrir sem trúnaðarmaður þeirra í starfi hjá B. Í., en hann á eftir að finna á öðrum vettvangi, hvernig íslenzk bændastétt lítur á aðstöðu hans gagnvart hennar hagsmunum, sem hann á að gæta.

Það mætti rifja hér upp og benda á, hver þróunin hefir verið í skipulagi B. Í., en ég ætla ekki að eyða löngum tíma í það. Ég vil aðeins benda á það, að á síðari árum hefir færzt í það horf að byggja félagið upp neðan frá, allt frá einstökum félögum hreppanna í búnaðarsambönd héraðanna og upp í Búnaðarfélag Íslands, sem kosnir eru til fulltrúar frá búnaðarsamböndum héraðanna og er því nokkurskonar samband sambandanna. Þetta fyrirkomulag hefir gefizt vel og samsvarar félagslega alveg nákvæmlega þeirri tilhögun, sem er á samvinnufélögum bændanna og hefir þar gefizt vel. En nú koma íslenzku valdhafarnir og segja, að það verði að bylta þessu fyrirkomulagi. En það er ekki rétt að rjúfa þetta fyrirkomulag. En ég veit, að þessir menn líta í eiginn barm og hvísla að sjálfum sér, að þetta skipulag sé of sterkt til þess, að þeir geti notað bændurna í sínum pólitíska skollaleik: þeir gera því sinn leik til þess að rýra vald bændastéttarinnar, — til að fyrirbyggja, að bændur í gegnum sinn félagsskap geti eflzt að félagslegum mætti —, til að fyrirbyggja, að l. um jarðræktarstyrk verði til þess, að bændurnir verði fjárhagslega sjálfstæðir og óháðir. En það er sorgleg staðreynd, að stjórnarflokkarnir byggja starf sitt á því, að bændurnir séu ekki efnalega sjálfstæðir, og á þá lund hafa stjórnarflokkarnir rekið starfsemi sína nú um stund, og endurspeglast í þeirri skoðun, sem komið hefir fram hjá merkum bónda austanfjalls, að stærsta ólánið við uppgerð kreppulánasjóðs væri, að slitin hefðu verið tengsl bóndans við verzlunina, svo að þar væri nú ekki sama bandið og áður á milli, þ. e. skuldabandið. Það er löngunin til kúgunar, sem þessir flokkar næst á í störfum sínum á Alþingi.

Ætli það væri ekki ástæða til með jafnstórt mál og þetta, sem snertir hagsmuni jafnmargra bænda og þetta mál, að litið væri við og þjóðinni væri gefið tækifæri til að líta um öxl og henni væri gefin aðstaða til að láta uppi skoðun sína um þetta mál. Er það of mikið frjálsræði að gefa bændunum kost á því að segja álit sitt um þetta mál, — þessi lög, sem nú á að breyta? Eða vilja stjórnarflokkarnir loka öllum eyrum sínum fyrir því að leyfa bændum að hafa áhrif á þetta, — þessar breytingar, sem leiðandi menn stjórnarflokkanna vilja gera? Ég vil beina því til þeirra manna innan þessara flokka, sem einhvers meta hagsmuni bændanna og ekki vilja gersamlega fótum troða vilja þeirra, hvort þeir séu ekki fúsir til að gefa bændunum kost á að ræða nánar þetta mál, og hvort þeir vilja ekki innan þingsins leggjast á sveif með stjórnarandstæðingum um að hindra afgreiðslu þessa máls nú á þessu þingi.

Eins og ég hefi tekið fram, þá hefi ég ekki haft tækifæri til að rekja einstök atriði og bera saman brtt. þær, sem fyrir liggja, og frv., þar sem ég hefi ekki séð þær fyrr en nú áðan. En mér sýnist svo, að þeir þm., hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M., sem mynda hér minni hl., hafi þrátt fyrir ýtarlegan lestur frv. og yfirlegu um tveggja mánaða skeið, borið fram brtt., og síðan gagngerðar brtt. við sínar eigin brtt., svo að manni sýnist eftir þennan tíma og undirbúning, að margs sé að gæta og margt að laga, og varla skal maður halda, að þessi endurbót sé sú eina rétta, sem þeir nú að lokum hafa fallizt á. Þar sem ég hefi ekki fyrr verið viðstaddur umr. um þetta mál, hefi ég vikið nokkuð að einstökum atriðum og brtt., sem sjálfsagt hefir verið gert við fyrri umr.

Ég ætla ekki að fara út í þetta frekar, en hefi viljað með nokkrum orðum láta í ljós skoðun mína á frv. sjálfu og þeim tilhneigingum stjórnarflokkanna, sem eru fyrir því, að þeir flytja þetta mál. — Sennilega er þýðingarlaust að halda uppi löngum umr., því að mér skilst, að búið sé að hneppa í þá fjötra, sem ekki verður leyst úr, en það skulu þeir vita, þm. stjórnarflokkanna, að þótt þeim takist nú að reyra hnútinn að hálsi íslenzkrar bændastéttar, þá mun síðar verða á hann höggið. Og það mega þeir vita, að þá munu þeir gjalda glópsku sinnar,

þeir sem mest hafa beitt sér fyrir því að ræna íslenzka bændastétt þeim rétti, sem í hverju siðuðu þjóðfélagi er álitinn helgur, — réttinum til að mynda sinn félagsskap óáreittur af þjóðfélaginu og án afskipta löggjafarvaldsins. Þessi réttur bændanna er nú brotinn á bak aftur af íslenzkum valdhöfum nú um sinn. En trúa mín er sú, að sá þróttur sé með íslenzkum bændum, er síðar komi fram, þó að ekki verði nú, og þá munu þeir hrista af sér fjötrana við tækifæri, sem áreiðanlega mun gefast áður en langt um líður.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal vera afarstuttorður, vegna þess að mikið af því, sem sagt hefir verið móti frv. þessu, er þess eðlis, að því þarf engu að svara.

Hv. þm. Borgf. talar hér sem reyndur þm. Hann þekkir það af reynslu sinni, að hjá honum er það vond samvizka, sem knýr hann til að flytja brtt. Og því heldur hann okkur eins og þrástagast nú á okkar vondu samvizku. Slíkt er ekki svara vert. Það þekkja allir málsháttinn: „Margur heldur mann af sér".

Það þarf engu að svara hv. þm. V.-Húnv., sem var að tala um fjárhagslegt sjálfstæði bænda í sambandi við það ástand, sem nú væri, og það er margt fleira hjá þessum hv. þm., sem engu þarf að svara. En það var eitt atriði, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, og það voru ummæli, sem féllu um 17. gr. frv.

Það hefir komið fram, að mér hefir skilizt, og þó alveg sérstaklega hjá hv. þm. Borgf., að aðalþyrnir í hans augum, og kannske fleiri, væri 17. gr. og ákvæðið um 5 þús. kr. hámarksstyrk til býlis. Ég vildi því fara nokkrum orðum um 17. gr. og benda á, hver tilgangur jarðræktarlaganna var, er og á að vera. Annarsvegar er hann sá, að ýta undir bændur landsins um að gera framkvæmdir á jörðum sínum, og sá tilgangur hefir náðst, framkvæmdirnar hafa vaxið, þó að betur hefði mátt vera. Þetta er annar tilgangurinn. En hinn er sá að tryggja það, að vegna þeirra framkvæmda, sem unnar eru á jörðinni, þá verði þeim, sem á henni búa — ekki aðeins þeim, sem býr á henni í dag, heldur líka þeim, sem á eftir koma —, gert kleift að búa betur á jörðinni en verið hefir. Þessum tilgangi hefir ekki verið náð, vegna þess að jarðræktarstyrkurinn hefir orðið beinn styrkur til þess, sem jörðina átti, og hann hefir því hlotið tvennan hagnað. Því að þegar jörðin hefir verið seld, þá hefir hann notið verðhækkunar, selt jarðabæturnar líka. Sá, sem keypti, hefir því orðið að kaupa jarðræktarstyrkinn og greiða vexti af honum; aðstaða hans til að búa á jörðinni hefir því ekkert batnað.

17. gr. er tilraun til að tryggja, að framkvæmdirnar komi ekki bara einum að gagni, heldur öllum, sem á jörðinni búa í framtíðinni. Ég get skilið það, að þeir menn, sem eru þröngsýnir, sjái ekki þetta, því að þeir sjá ekki út yfir líðandi stund, og mér þykir mannlegt, þótt hv. þm. hér í þessari d., sem eiga margar jarðir en það eru sérstaklega þeir, sem talað hafa hér móti frv., vilji fá hækkun á leigujarðir sínar fyrir umbætur leiguliðanna og styrk ríkisins. Annað aðalatriðið er að fella niður styrk til þeirra býla, sem búin eru að fá 5 þús. kr. Þegar allar jarðir á landinu eru búnar að fá 5 þús. kr. í styrk, nemur það um 33 millj. kr., styrkurinn allur, en fasteignamat allra jarða er 27—28 millj. kr., svo að þá ætti fasteignamatsverð þeirra að vera orðið allmikið. Og ég lít svo á, að framleiðslumöguleikar hverrar jarðar hafi þá vaxið allverulega. Nú er framfleytt á meðaljörð 3,9 kúm og 86 fjár, en þegar sú jörð er búin að fá 5 þús. kr. styrk, þá má framfleyta á henni h. u. m. helmingi meira búi en nú.

Hvort ætli sé nú meira virði fyrir þjóðarheildina að koma öllum jörðunum í þetta horf sem fyrst eða verja þessu fé til þess að gera fáar einstakar jarðir ennþá betri, sem þegar eru komnar langt fram úr. Ég hika ekki við að fullyrða, að það á að koma öllum jörðum landsins í það horf, sem þær geta komizt með 5 þús. kr. styrk, og það á að keppa að því að ná því takmarki. Þess vegna á að takmarka styrkinn við þá, sem eru efstir, en ekki hina, sem skammt eru komnir, og þess vegna er sjálfsagt að setja hámark. Þegar bornar eru saman jarðirnar, sem búnar eru að fá hæstan styrk, við meðaljörðina, þá er munurinn ákaflega mikill, og hv. þm. Borgf. ætti að geta skilið þetta, því að hans jörð er að komast í hámark, og þess vegna ætti hann að þekkja muninn, sem verður á jörðinni. En þess vegna er hann kannske líka svona harður á móti þessu ákvæði!

Ég tel þessar tvær brtt. svo stórfelldar og mikils virði, að þótt engar aðrar breyt. yrðu gerðar, þá ætti frv. að ná fram að ganga, og því fyrr, því betra.

Hv. þm. V.-Húnv. var eitthvað að tala um, að ég væri að grafa undan bændum. Ég get sagt honum það, að ég hefi borið þetta undir mína kjósendur. Ég hefi sagt þeim, að þetta þyrfti að gera, og ég er í fullu samræmi við þeirra vilja hér í hv. d., þegar ég er að koma þessu máli áleiðis.

Það er ekki fleira, sem ég hefi að segja. En ég vil að lokum undirstrika það, að ég tel þetta tvennt mest um vert til að gera bændum kleift að bæta jarðir sínar, og ég vænti þess, að hv. þd. samþ. þetta frv. sem fyrst, og það helzt í dag.

Frsm. 1. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Margt af því, sem fram hefir komið í ræðum þeirra hv. þm., er síðast hafa talað, er aðeins endurtekning á því, sem þeir hafa áður sagt, og get ég því farið fljótt yfir sögu. Þó eru nokkur atriði, sem ég tel rétt að svara frekar en gert hefir verið.

Því hefir verið haldið á lofti, að með því að kveða nokkuð á um, hvernig kjósa bæri til búnaðarþings, þá væri verið að færa B. Í. í viðjar og hefta sjálfræði þess. Ég get ekki séð, að þetta hafi neitt að segja um almennt félagsfrelsi eða frelsisskerðingu B. Í. Ég sé ekki betur en að í ýmsum l. séu ákvæði um félagsskap og ákveðið fyrirkomulag, og því nánar er ákveðið, sem félagsskapurinn er þýðingarmeiri. Ég veit ekki betur en að til séu l. um samvinnufélög. (**JS:** Hvaðan komu þau?). Þau voru sett af Alþingi. (**JS:** Þau voru búin til af bændunum sjálfum). Vit-

anlega voru þau lög sett af Alþingi, og það eru til fleiri lög um félagsskap, eins og t. d. um hlutafélög, og lengur mætti telja. Alþingi hefir sett löggjöf um allan þann félagsskap, er sérstaklega snertir þjóðfélagið. Það er því ekkert undarlegt, þó að fram komi lög, er snerta B. Í., og jafnvel þó fyrr hefði verið. B. Í. fer að miklu leyti með framkvæmdavaldið hvað snertir löggjöf um íslenzkan landbúnað. Og ég vil segja, að þótt það sé lögfest, þá er það frekar til að tryggja viðgang þess en eyðileggja. — Eins og ég tók fram í minni fyrstu ræðu, þá hefði ég frekar kosið, að um þetta atriði hefðu komið ein sérstök lög, en úr því að þetta er komið fram sem einn kafli í jarðræktarlögunum, þá sé ég ekki ástæðu til annars en samþ. það þar. — Og hvað er nú þetta, sem ákveðið er um kosningu til búnaðarþings? Það er ekki annað en það, að öllum jarðræktarmönnum í landinu er áskilinn réttur til að kjósa til búnaðarþings, alveg á sama hátt og þeir hafa rétt til að kjósa beint til Alþingis. Ég sé ekki, á hvern hátt er verið að skerða þeirra rétt, þó að búin sé til einskonar stjskr. til að byggja félagsskapinn upp eftir.

Hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Húnv. töluðu mikið um hámarksstyrkinn og það ranglæti, sem í honum fælist. Ég verð að segja það, sem ég hefi áður tekið fram, að ef útlit væri á, að Alþingi hefði fullar hendur fjár, þá sæi ég ekki, að því fé væri á annan hátt betur varið en til þess að styrkja jarðræktarframkvæmdir í landinu og aðrar umbætur á jörðunum. En þegar maður horfir á þá staðreynd, að atvinnurekstur, sem gefið hefir mestar tekjur í ríkissjóð, er alveg lamaður, þegar aflasamar veiðistöðvar afla aðeins $^1/_3$ af því, sem venjulegt er, og þegar litið er á markaðserfiðleika þessa atvinnuvegar, þá sést, að tekjuvon ríkissjóðs af þessum rekstri hlýtur að verða miklu minni en áður. Og þegar svo er komið, sé ég ekki, að hægt sé að ráðstafa þessum styrk, sem Alþingi ræður yfir, á heppilegri hátt með öðru en því að láta hann ganga til þeirra manna, sem skemmst eru á veg komnir, en takmarka hann við þau býli, sem mest hafa hlotið. Hér er ekki um að ræða neina árás á þessa menn. En þegar styrkurinn er kominn upp í 5000 kr. og gera má ráð fyrir, að menn hafi þá að jafnaði varið 20 þús. kr. til jarðabóta, þá verður að telja auðveldara fyrir þá að halda í horfinu en hina, að byggja allt upp frá grunni. Og þó að ég verði einn af þeim, sem þetta kemur niður á, tel ég það eins sjálfsagt réttlætismál fyrir því. Ég býst við, að hv. þm. Borgf., ef hann vildi ræða þetta mál með sanngirni, hlyti að segja slíkt hið sama, að þar sem hann er einn þeirra, sem búnir eru að koma mörgu í framkvæmd hjá sér og komnir upp í hámark, þá hljóti hann að álíta rétt að tryggja styrkinn kjósendum sínum, sem ekki eru komnir eins langt.

Hv. þm. A.-Húnv. taldi það ranglæti, að ef tveir menn byggju saman á býli, sem búið væri að fá þennan hámarksstyrk, þá fengju þeir ekki meira. Þetta er vafalaust rétt, ef mennirnir búa saman. En ég álít, að stefna beri að því, að þegar búið er að koma ræktun á einhverju býli vel áleiðis og býlið búið að fá hámarksstyrk, þá verði því skipt í tvennt. Annars er í þessu eitt atriði, sem eflaust er til bóta: Þegar bændur vita, að styrkurinn er takmarkaður, leggja þeir meiri áherzlu á að leysa jarðabæturnar betur af hendi en áður.

Þá er 17. gr., sem hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf. töluðu mikið um, en hv. 2. þm. N.-M. hefir að nokkru leyti svarað. Þeir voru nokkuð ósammála um tilganginn með jarðræktarl. Hv. þm. A.-Húnv. skildi þau svo sem þessi styrkur ætti að vera óafturkræft framlag til jarðarinnar, en hv. þm. Borgf. vildi láta hann vera eign þess manns, er hann fengi. Hvað, sem vakað hefir upphaflega fyrir þeim mönnum, er l. sömdu, þá er það aðalatriðið, að styrkurinn sé óafturkræft framlag til býlisins, en ekki fyrst og fremst til þess manns, er þar býr.

Hv. þm. Borgf. sagði það kaldhæðni örlaganna, að ég, sem væri fulltrúi bænda í tvennum skilningi, skyldi flytja þetta frv. Hann sagðist jafnframt vona, að íslenzkur landbúnaður ætti sér mikla framtíð og að hér gæti, er tímar liðu, þrifizt blómlegur búrekstur. Ég verð nú að segja, að ég álít ekki, að hann hafi einkaleyfi til að lýsa yfir þessu hér. Ég get t. d. gert þessi orð hans að mínum. Ég get lýst yfir því, að ég er jafnsannfærður um, að ég er að vinna landbúnaðinum gagn með mínum till., og hann er sannfærður um, að hans till. séu landbúnaðinum til gagns. En reynslan verður svo að skera úr um það, hvor okkar sér betur.

Hv. þm. dró inn í þessar umr. jarðakaup ríkisins, sem koma málinu í rauninni ekkert við. Ég get sagt í þessu sambandi, að fyrir mér er það ekkert trúaratriði, að betra sé, að bændur eigi jarðirnar sjálfir. Eftir að síðasta þing setti l. um erfðaábúð og óðalsrétt, verð ég að segja, að mér er nokkurnveginn sama, hvor stefnan verður ofan á í þjóðfélaginu. En eins og nú er, verður bændum ekki hjálpað með öðru en því, að ríkið hlaupi undir bagga.

Í sambandi við það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um málið, vil ég taka það fram, að fyrir mér er það aðalatriði að tryggja með löggjöf, að búnaðarfélagið fari með framkvæmdavald fyrir stj. á málum þeim, sem það hefir nú. Og ég álít það ekki verða tryggt öðruvísi en með löggjöf. Ef það verður, hefir Alþingi skorið úr um að vísa á bug þeirri stefnu, sem hér hefir verið uppi, að taka undan félaginu ýms mál, sem nú heyra undir það.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál. En mér þótti hart, að hv. þm. Borgf., sem mér heyrðist vera þeirrar skoðunar, að brtt. n. væru allar til bóta, skyldi vera svo fullur af geðillsku, að hann fór að hreyta ónotum í n., sem borið hefir þessar brtt. fram. Hann kallaði þetta undanhald o. s. frv. En það er örðugt að gera þeim mönnum til hæfis, sem skamma mann eins fyrir það, sem vel er gert, og hitt, sem illa er gert að þeirra dómi. Þegar umr. eru komnar inn á það svið, er enginn hagur að því að halda þeim áfram.

***Jón Sigurðsson:** Ég ætla aðeins að drepa á nokkur atriði, sem lítið hefir gætt í þessum umr. Það er nú komið í ljós, sem ég og aðrir bjuggumst við, að meiri hl. n. er farinn að renna

frá till. sínum, sem haldið var fram við 1. umr. Er það gleðilegt í sjálfu sér, og er leitt, að umr. skuli ekki geta teygzt nokkru lengur, svo að þeir fengju tíma til að renna frá fleira. Ef þeir fengju að bíða til búnaðarþings, myndu þeir að líkindum renna frá öllu saman. Ef framsóknarbændur fengju að fjalla um málið, er ég ekki í vafa um, að það yrði öðruvísi afgr. En málið er flutt af þvílíku ofurkappi, að bændum er ekkert tækifæri gefið til að segja sitt álit. Ég hefi áður sýnt fram á, hve árás sú, sem felst í frv., er gersamlega tilefnislaus. Við 1. umr. spurði ég hv. frsm. 1. minni hl., hvort Búnaðarfélag Íslands hefði vanrækt það, sem það hefði átt að gera, eða orðið brotlegt, svo að því væri ekki treystandi til að vinna þau verk, sem það hafði áður haft með höndum. Hann neitaði því. Hvorki búnaðarfélagið, framkvæmdarstjórar þess eða stj. þess hafa brotið nokkuð af sér eða sýnt ríkisstj. þvermóðsku í samvinnunni við hana. Þessi árás á búnaðarfélagsskapinn í heild sinni er því tilhæfulaus. Er því ekki nema eðlilegt, að menn spyrji, hví félagið sé beitt þessum þrælatökum.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að í grg. frv. er því haldið fram, að hið nýja kosningafyrirkomulag til búnaðarþings sé í samræmi við vilja meiri hl. bænda í landinu. En þegar svo búið er að kjósa þessa fulltrúa, þá hefir ríkisstj. ekki slíkt traust á þeim, að hún treysti þeim til að velja sér framkvæmdarstjóra. Þessum fulltrúum, sem búið er að kjósa eftir hinum nýju reglum, treystir hún verr en þeim gömlu. Af þessu sést, að þetta er ekki annað en yfirskinsröksemd. Á bak við eru pólitískar ástæður, en ekki umhyggja fyrir velferð bænda.

Þá vil ég spyrja hv. frsm. 1. minni hl., sem er líka í stj. búnaðarfélagsins, hvernig hann hugsi sér að koma því í kring, að kosningar til búnaðarþings fari fram fyrir áramót l. samkvæmt. (**BÁ**: Það má halda aukaþing). Í l. félagsins eru engin ákvæði, sem leyfa aukaþing. (**BÁ**: Það er ekki bannað). Það var einu sinni haldið aukaþing, og var þá litið svo á, að það hefði ekki vald til að taka slíkar ákvarðanir. Kemur það úr hörðustu átt, er maður, sem ég og aðrir hafa kosið okkur sem trúnaðarmann til að halda uppi okkar málstað, gerist brautryðjandi í því að knýja félagið til að fremja lagabrot.

Þá vík ég nokkrum orðum að II. kafla frv. Hér er, eins og minnzt hefir verið á, tekin upp ný stefna. Er ætlazt til, að þessi framlög verði hér eftir ekki jarðræktarstyrkur, heldur lán. Ég veit ekki til, að fordæmi séu til um þessa stefnu, en þetta hlýtur aftur að skapa fordæmi, t. d. að því er snertir búfjárræktarl. Gæti ríkið farið að eigna sér nokkurn hluta af búfé bænda fyrir þann styrk, sem það hefir látið o. s. frv. Þetta verður að teljast óheillastefna. Jarðræktarstyrkur hefir verið nokkurskonar stofnfjárframlag, er ríkið hefir lagt til kvaðalaust. Var litið svo á, að bændur væru að skapa verðmæti, sem hefði mikla þýðingu fyrir komandi ættliði, og að því væri eðlilegt, að ríkið styrkti brautryðjendur á þessu sviði, ekki síst á erfiðum tímum. Þetta hafði ég í huga, þegar ég á sínum tíma greiddi atkv. með jarðræktarl. Og ég get nú ekki annað séð en að verðmæti þau, sem bændur skapa, séu jafnmikils virði fyrir land og lýð, hvort sem þeir hafa þegar fengið í styrk 5000 kr. eða minna, ef þeir hafa unnið drengilega fyrir því, sem þeir hafa fengið frá ríkinu. Er ekkert á móti því að hvetja menn til að leggja fé sitt í jarðrækt frekar en margt annað, t. d. þá menn, sem grætt hafa fé á sjósókn. Ef þeir leggja fé sitt í ræktun, þá hafa þeir þar með skapað verðmæti, sem bundið er um alla framtíð handa niðjunum. Það er ekki ástæða til annars en að sýna þessum mönnum viðurkenningu þjóðfélagsins. Auk þess má geta þess, að það hámark, sem hér er sett, hlýtur að skapa þeim, sem vinna að ræktun landsins, mikla örðugleika, og það einmitt sérstaklega þeim, sem skemmst eru komnir. Þar, sem ég þekki til, er víða svo háttað, að þessi vinna er unnin í félagsvinnu og með dráttarvélum. Hingað til hefir það verið svo, að þessari félagsvinnu hefir verið haldið uppi af nokkrum athafnamönnum, sem hafa gert þeim, sem minni máttar eru, kleift að fljóta með og fá þessar dýru vinnuvélar, sem örðugt er að koma á milli sín. Ef þessir athafnamenn ganga úr leik, þá verða mestmegnis eftir þeir menn, sem hingað til hafa litið getað lagt af mörkum. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi 20% hækkun hafi sérstaklega mikla þýðingu. Það er misskilningur, að þessir menn hafi ekki tekið þátt í jarðabótunum, af því að styrkurinn hafi verið of lágur. Ég tel mjög tvísýnt, að það borgi sig að rækta það land, sem ekki hefir borgað sig að rækta með þeim styrk, sem veittur hefir verið að undanförnu. Nei, ástæðan til þess, að þessir menn hafa ekki verið með, er ekki sú, að styrkurinn hafi verið of lítill; það er áhugaleysi, getuleysi og ýmsar aðrar ástæður, sem þar liggja fyrst og fremst til grundvallar. Ég hygg, að ef þessari löggjöf er ætlað að styðja þessa menn, þá sé það að skjóta yfir markið. Ég hygg, að breyt. verði einmitt til þess að draga úr þeim mönnum, sem skemmst eru komnir. Þá vil ég einnig benda á það, að mér finnst, að með þessu hámarki sé verið að leggja þungan stein í götu þess, að nýbýli séu reist, og þá einkum á þann hátt, sem eðlilegast væri, að þau mynduðust, en það er þannig, að börnin haldi áfram að vera á jörðinni og skipti henni á milli sín og auki ræktunina á þann hátt. Að því ætti að styðja. En þá væru börnin búin að skapa sér þá aðstöðu að geta haft stórt og vel ræktað tún, og yrði þá eðlilega sérstaklega að ræða um byggingar, sem eftir væru. Með þessu frv. er því verið að spyrna á móti því, að börnin hjálpi foreldrum sínum til að rækta jörðina sem bezt og hafi von um að geta sjálf notið þeirrar auknu ræktunar. Og auk þess getur þetta í sumum tilfellum orðið hlægileg fjarstæða. En það dugir ekki að deila við dómarann, eins og sagt er. Ég býst við, að þetta sé ákveðið og engin rök dugi til þess að hagga því. Mér er ekki grunlaust um, að það hafi vakað fyrir sumum þeirra, sem að þessu frv. standa, að ná höggi á þeim bændum, sem fremst hafa staðið í ræktun landsins. Þeir hafa verið titlaðir með nafninu stórbændur. Því miður eru hér engir stórbændur til, en þeir hafa verið kallaðir þetta, og þetta nafn hefir nánast verið notað sem skammaryrði í blöðum stjórnarflokkanna. Ég

býst við, að nú eigi að vega að þessum voðamönnum, og ég verð að játa, að ræða hv. 2. þm. N.-M. styrkti mig í þessum grun. Ég hefi nú yfirfarið þetta frv., sem hér liggur fyrir, og ég verð að segja, að ég hefi ekki rekið mig á neitt teljandi, sem er nokkurs virði umfram það, sem er í jarðræktarlögunum. — Ég get játað, að hér er eitt atriði, sem hefði átt að vera komið í jarðræktarlögin, og það er um, að skerpt væri eftirlit með því, hvernig jarðabætur eru framkvæmdar. Það hefir verið nokkur misbrestur á því, hvernig jarðabæturnar hafa verið af hendi leystar, og hefði þurft að skerpa eftirlit með því. Annars sé ég ekki annað en flest í frv. sé til hins lakara, og í stað þess að örva framkvæmdir, muni það skapa kyrrstöðu.

Þá hefir verið talað um, að þessi breyt. á lögum Búnaðarfél. Íslands væri einskonar heildarlöggjöf fyrir búnaðarfélagið, og því var líkt við samvinnufélagsslöggjöfina. Ég skaut þá fram þeirri spurningu, hvernig sú löggjöf hefði verið sett. Sú löggjöf var upphaflega samin af n., sem S. Í. S. kaus til þess, og síðan lögð fyrir Alþingi. Ég kannast ekki við, að búnaðarþingið hafi kosið neina slíka n. til að undirbúa þessa heildarlöggjöf. Ég kannast ekki við, að frá búnaðarþingi hafi heyrzt raddir um, að þörf væri á slíkri heildarlöggjöf. Ef þessi samanburður hv. ræðumanns hefði átt að geta staðizt, þá hefði þetta frv. átt að vera samið að ósk Búnaðarfélags Íslands og af n., sem búnaðarþingið hefði kosið til þess. Aðeins þannig hefði þetta verið sambærilegt við samvinnulöggjöfina. En það er svo fjarri því, að þannig hafi verið, að það má ekki einu sinni bíða eftir svari frá búnaðarfélaginu, hvað þá eftir því, að búnaðarþingið komi saman.

Það var hv. 2. þm. N.-M., sem talaði mest um það, hve áríðandi það væri og höfuðatriði, að koma öllum jörðum sem fyrst í hámark, og virtist helzt eiga að skilja þetta svo, að með þeirri tilhögun, sem nú er, mundi verða fyrirstaða á því, að þær jarðir, sem nú eru lágar, kæmust í hámark. En það er ekki neitt í þessu frv., sem er líklegt að flýta fyrir því, heldur er þvert á móti með frv., ef að lögum verður, lagður svo þungur steinn í götu þeirra, sem skemmst eru komnir, að þeir geta með engu móti velt honum.

Þá kann ég því illa, að hv. 2. þm. N.-M. ber þá brigzlum, sem eru í andstöðu við frv. Hann beindi þeim orðum til hv. þm. Borgf. — og ég býst við, að fleiri hafi þar átt að taka af sinn hluta —, að hér væri um eiginhagsmuni að ræða. Hann talaði um það með gleðihreim í röddinni, að þeim, sem mest hefðu gert að ræktun landsins og staðið hefðu í fylkingarbrjósti á því sviði, ætti nú að synja um allan styrk framvegis, ef þeir væru komnir upp í 5000 kr. Ég gat ekki varizt því að hugsa til þess, að sjálfan hefir þennan hv. þm. ekki klígjað við að taka margar 5000 kr. fyrir lítið starf, sem verður fyrir löngu gleymt, þegar tún þau, sem skapazt hafa fyrir framsækni og atorku þessara manna, sem nú á að svipta öllum styrk, standa sem órækur vottur um dugnað þeirra og dáðríkt starf.

Pétur Ottesen: Hv. 2. þm. N.-M. fann ástæðu til þess að láta sín getið í sambandi við þetta mál við hliðina á forsvarsmanni Búnaðarfélags Íslands, sem hér hefir verið valinn til þess að verja þær árásir, sem hér eru hafnar á það. Hv. 2. þm. N.-M. hefir fundizt, að hann launaði bezt ofeldið hjá Búnaðarfélagi Íslands með því að leggja nú stein í götu þeirra manna, sem hann á að vinna gagn, — bændastétt þessa lands. — Ég gæti trúað, að starf þessa hv. þm. í þágu hinnar íslenzku bændastéttar yrði á sínum tíma vegið og léttvægt fundið.

Hann var að tala um vonda samvizku. Að sönnu fór hann ekki langt út í þá sálma, enda ætti hann ekki að gera það, því að ef hann býr sjálfur yfir nokkru af því, sem nefnt er samvizka, þá ætti hún að vera í allhörmulegu ástandi hjá þeim manni, sem trúað er fyrir því að vinna til hagsbóta fyrir bændur, en ræðst nú af alefli á málefni þeirra. — Ég býst við, að hv. 2. þm. N.-M. sé sá af hv. þm. Framsfl., sem lætur einna bezt að beizlinu hjá sósialistum, þegar þeir teyma flokkinn að þjóðnýtingarmálum sínum hér á þingi, þótt flokkurinn sé ef til vill allur léttur í taumi og ekki þurfi að knýja hann áfram, vegna þess að honum sé í raun og veru ljúft að fylgja á eftir.

Skilning hv. þm. á þýðingu jarðræktarlaganna fyrir íslenzkan landbúnað má marka af því, þegar hann segir, að þau hafi ekki falið í sér neina tryggingu fyrir því, að bændur gætu búið betur að jörðum sínum. Hvernig hljómgrunn skyldi þetta finna hjá íslenzkum bændum? Það liggur fyrir opinber viðurkenning á því frá íslenzku bændastéttinni, að af þessari löggjöf hafi hún haft hina beztu stoð. Og við skyldum sjá, hvernig nú væri umhorfs í sveitum landsins, ef sú uppörvun og sá styrkur, sem veittur er með jarðræktarlögunum, hefði ekki verið til hjálpar bændum síðan 1923. Straumurinn hefir verið mikill úr sveitunum og í kaupstaðina, — en hvernig mundi það hafa verið, ef þessi hjálp hefði ekki verið til fyrir sveitabóndann? Og þó stendur þessi hv. þm. hér upp, svo ríkt haldinn af flónslegu eðli, að hann segir, að jarðræktarlöggjöfin hafi ekki tryggt það, að bændur gætu búið betur að jörðum sínum. Það er illt, að bændastéttin skuli vera svo ólánssöm að hafa í sinni þjónustu þann mann, sem ekki hefir skarpari skilning á því, hvað mest horfir til heilla fyrir íslenzkan landbúnað.

Hv. 2. þm. N.-M. vék að mér persónulega og sagði á þá leið, að það, að ég vildi ekki leggja hönd á þessa atorkumenn, mundi stafa af því, að ég mundi vera kominn nærri því að fá uppfyllt þau gæði, sem eiga að falla í skaut hvers bónda samkv. þessu frv. Hann vildi náttúrlega með þessu gefa í skyn, að það væru eiginhagsmunir mínir, sem réðu stefnu minni í þessu máli. Ég ætla nú ekki að fara langt út í þetta; ég ætla, að það hafi verið sýnt nægilega skýrt, hve mikla þýðingu þessi jarðræktarstyrkur hefir haft fyrir íslenzkan landbúnað og hve mikið þeir hafa unnið að því að þoka áfram jarðyrkju þessa lands, sem nú eru búnir að uppfylla þetta hámark, sem sett er í þessu frv., og þess má geta, að það, sem þeir hafa borið úr býtum fyrir 12 ára strit, er ekki nema ⅓ hluti þeirra launa, sem hv. 2. þm. N.-M. hefir á ári fyrir að predika

bændum þá speki, að þeir eigi ekki að setja þau lömb á á haustin, sem hafi drepizt á vorin, eða að þeir eigi að brytja ærnar niður í kýrnar. Það er ekki nema $^1/_3$ hluti þess, sem þessi hv. þm. fær á ári fyrir þessa verðleika, sem bændum má hlotnast fyrir ótrautt margra ára starf til eflingar á lífsmöguleikum íslenzkrar bændastéttar. Ég býst við, að það reynist rétt, sem hv. 7. landsk. sagði, að það, sem hv. 2. þm. N.-M. hefir lagt til viðreisnar íslenzkum landbúnaði, verði ekki skráð með óafmáanlegu letri á spjöldum sögunnar.

Hv. frsm. 1. minni hl. vék að minni ræðu og afsakaði sig með því nú eins og áður og útmálaði það, að það væru hinar erfiðu fjárhagsástæður ríkissjóðs, sem lægju til grundvallar fyrir því, hve nú yrði að skera mikið niður, og minntist hann m. a. á það, að nú hefði brugðizt afli við strendur landsins. En ég vil spyrja: Hvaða ráðstafanir ætla þessir hv. þm. að gera við afgreiðslu fjárl. til þess að mæta þessum aflabresti og erfiðu fjárhagsástæðum ríkissjóðs? Ég býst við, að þessu verði mætt með því að afgr. nú hærri fjárlög en nokkru sinni áður. Er þá ekkert annað, sem þarf að spara? Er það höfuðráðið að ráðast á landbúnaðinn, þegar hart er í ári? Ég hefi ekki heyrt á þessum hv. þm., að nauðsyn væri á að grípa til svipaðra ráðstafana gagnvart öðrum útgjöldum ríkissjóðs. Ég vil aðeins benda á, hve algerlega haldlaust þetta er fyrir afkomu ríkissjóðs, þegar ekki er bent á aðrar sparnaðarleiðir. (**BÁ**: Þessar takmarkanir koma ekki til framkvæmda á þessu ári). Heldur hv. þm., að afleiðingar af aflabrestinum og harðindunum nái ekki út yfir þetta ár, og þess vegna þurfi ekki að færa niður útgjöld á næsta árs fjárlögum? Ég býst við, að það verði alltaf nægum erfiðleikum að mæta á hverjum tíma. (**HannJ**: Bændur eru bezt stæða stéttin og þess vegna sjálfsagt að ráðast þar á garðinn!!).

Hv. 7. landsk. benti á, að með þessum hömlum yrði dregið úr áhuga og framkvæmdum í jarðræktun, og að þær yrðu til að sporna á móti því, að nýbýlahugmyndin yrði klædd holdi og blóði. Hann tók það réttilega fram, að langlíklegasta og eðlilegasta leiðin væri sú, að skipta býlum þar, sem ræktun væri mikil, en hitt er ólíkt erfiðara, að ræsa fram og yrkja óræktað land og reisa þar nýbýli, svo segja má, að með þessu frv., ef samþ. verður, sé verið að torvelda þá leið, sem er langsamlega líklegust til býlatjölgunar.

Þá sýnir það ljóslega rökbrot og hve langt er seilzt eftir því að ná í einhver hálmstrá til að halda sér við, þar sem það á svo sem að vera ein höfuðkenningin, að með lækkuðum styrk eigi að fást betri jarðabætur. Það er þá rökrétt áframhald þessarar kenningar, að jarðabæturnar yrðu þá beztar, ef styrkur til þeirra væri algerlega felldur niður. Ég hefi talið, að vandaðar jarðabætur fengjust bezt með því móti, að haft væri gott eftirlit með því, að þær væru styrkhæfar, en nú kemur þessi nýja kenning og þessi þungu rök fyrir ágæti þessa frv., að með því að minnka styrkinn fáist betri jarðabætur, og þá að sjálfsögðu beztar með því að fella hann alveg niður!!

Það er talað um, að fjárframlagið, sem gengur til jarðabóta á þeim jörðum, sem eru eign einstaklinga, skuli ekki skoðast sem eign jarðareiganda, heldur skuli það skráð sérstaklega í fasteignamatsbækur. Það er eins og eign einstaklinganna sé einskis virði fyrir þjóðfélagið, og það er svo sem ekki í fyrsta sinni, sem sú hugmynd skýtur upp höfðinu hér, og er sýnilegt, til hvers refirnir eru skornir. Það er verið að verja þá stefnu að láta ríkið á þennan hátt eignast allar jarðir smátt og smátt, með hálfkveðnum vísum um það, að það fé, sem með þessum hætti fer til einstakra manna, sé engin eign fyrir þjóðfélagið, ef einstaklingarnir fái fullan eignarrétt yfir því. Hvílík röksemdafærsla!! Hv. þm. Mýr. kallaði þetta virðingarverða tilraun, að láta ríkið hreint og beint á þennan hátt ná tangarhaldi á jörðunum! Já, það má nú segja. Það er í meira lagi virðingarverð tilraun!! Ég verð að taka undir með hv. 7. landsk. um það, að ef gengið er inn á þá braut að setja hér slíka kvöð á þessar fjárveitingar, þá muni verða skammt að bíða þess, að farið verði að gera sömu kröfur um fjárframlög til annara hluta. t. d. um framlög til búfjárræktunar, til sandgræðslu, til skóggræðslu og yfirleitt allsstaðar þar, sem ríkið leggur fram fé til betri ræktunar landsins. Ef nú er stýrt í þessa átt, þá er áreiðanlegt, að ekki verður slakað á klónni, heldur siglt með fullum seglum áfram að því marki að gera sjálfstæði einstaklinganna sem minnst og gera þá sem háðasta ríkisvaldinu. Það er ekkert annað en áframhald af þeirri braut, sem sízt þarf að efa, að lagt verði inn á, eins og þetta er allt í pottinn búið. Með því, sem hér er stefnt að, er það ef til vill tilgangurinn að neyða bændur til þess að afsala sér þessum styrk, af því að þeir vilja ekki ganga undir þessar kvaðir, og eins virðist að því stefnt að neyða búnaðarfélagið til þess að taka ekki að sér að hafa með höndum framkvæmd þessara mála, þar sem það á að bíða skarðan hlut í sinni eigin stjórn með því að taka þetta að sér, og þá er náttúrlega að því leyti, sem einstaklingar eru neyddir til að afsala sér styrk, um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð, en hitt er vitað, að sá sparnaður er enginn búhnykkur, þegar vitað er, að þetta verður til þess að hefta framgang ræktunarmála sveitanna og annara nauðsynjamála, sem framtíð þeirra byggist á.

Forseti (JörB): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

Það vantar að vísu allmarga hv. þdm. á fund, en ég vænti þess, að atkvgr. geti farið fram, þegar þeir fjarstaddir þdm., sem eru hér innanhúss, koma á fundinn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Hafa þeir sjálfstæðismenn, sem eru fjarverandi, fengið fjarvistarleyfi?

***Ólafur Thors**: Út af því, sem hæstv. varaforseti þessarar d. leyfði sér að varpa fram, vil ég benda hv. þm. á það, að við höfum setið hér kvöld eftir kvöld og jafnvel nótt eftir nótt, án þess að svo að segja nokkur stjórnarliði hafi

verið sjáanlegur, og svo leyfir þessi maður sér að spyrja, hvort þessir flokksbræður mínir hafi tilkynnt forföll.

Við hæstv. forseta vil ég segja það, að undanfarna daga hefir hvað eftir annað orðið að fresta atkvgr., vegna þess að það hefir vantað hans eigin samherja. — Nú vantar 5 sjálfstæðismenn; einn er veikur, svo að hann getur ekki mætt, tveir eru á bæjarráðsfundi og tveir á öðrum fundi. Mér finnst því sanngjarnt að fresta atkvgr., með því að það getur ekki seinkað framgangi málsins.

Forseti (JörB): Hv. þm. G.-K. þarf ekki að kvarta yfir því, að ekki hafi verið tekið fullt tillit til fjarveru þm. við atkvgr., en hinsvegar verða að vera einhver takmörk í þeim efnum. Svo að hægt verði að gera tilraun til þess að ná í þá, sem vantar og von er um, að geti komið, vil ég gefa fundarhlé.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil aðeins taka það fram út af orðum hv. þm. G.-K., að Alþfl. mætir a. m. k. stöðugt að öllum jafnaði bæði við umr. og atkvgr., en hv. þm. G.-K. er líklega sá þm., sem lætur sig oftast vanta, svo að það er hart að heyra hann tala svona um aðra hv. þm.

***Ólafur Thors:** Hæstv. forseti sagðist yfirleitt taka fullt tillit til óska þm. um frestun atkvgr., en ég vil þá minna hann á það, að ég hefi áður farið fram á það á þessu þingi, að atkvgr. yrði frestað, án þess að það yrði gert, en hinsvegar hefir atkvgr. verið frestað hvað eftir annað dögum saman, þegar stjórnarliðar hafa ekki mætt.

Ég veit ekki, hvort hv. 2. þm. Reykv. er svo magaveikur, að hann getur ekki haldizt við inni í d., þó að hann kunni að vera í húsinu, en víst er það, að hann sést mjög sjaldan hér í d. Og þegar hann ber mér það á brýn, að ég sé oft fjarverandi, þá mælir hann gegn betri vitund, því að svo miklu leyti sem hann veit yfirleitt, hverjir mæta hér, ætti hann að vita, að ég er að öllum jafnaði annaðhvort hér í d. eða inni í ráðherraherberginu.

Ég vænti þess annars, að hæstv. forseti viðurkenni það, að það hefir komið fyrir hvað eftir annað, að Alþfl. hefir vantað allan, og það er skjalfest í þingtíðindunum, að hér situr oft einn eða enginn alþýðuflokksmaður, þegar umr. standa sem hæst.

Hæstv. forseti vill fallast á að gefa hlé, en ég tel það ekki nægilegt; samt mun ég reyna að sætta mig við úrskurð hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Eins og ég tók fram áðan, er sjálfsagt að taka fyllsta tillit til fjarvistar þm. við atkvgr., en þar sem nú stendur svo á, að þinglok nálgast óðfluga, sé ég mér ekki fært að fresta þessari atkvgr. fram yfir helgi. — Ég vil svo beina þeirri ósk til hv. þm., að þeir haldi ekki áfram að karpa um þetta.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla ekki að deila miklu meir um það við hv. þm. G.-K., hvor okkar mæti hér betur. Hann hefir látið sig vanta dag eftir dag, en ég veit ekki til, að neinn dagur hafi liðið svo, að ég hafi ekki setið hér, og úr þessu húsi hefi ég ekki farið án leyfis forseta, þegar fundur hefir verið.

Hv. þm. sagði, að Alþfl. hefði vantað allan einhverntíma. Þetta er rétt. Það stóð nefnilega þannig á, að það var búið að gera fullkomna grein fyrir afstöðu flokksins, og svo var viðstaddur maður til þess að taka svari hans, ef á þyrfti að halda, en á meðan vorum við að ljúka við mikilsvarðandi mál á flokksfundi hér í húsinu og vorum til taks við atkvgr. En þegar umr. var lokið, þá voru allir sjálfstæðismennirnir á bak og burt, nema 2 eða 3, og þegar átti að fara að ganga til atkvgr., þá gengu þeir út til þess að láta hana ekki eiga sér stað.

Hannes Jónsson: Mér finnst það óþarfi fyrir hv. þm. G.-K. að vera að finna að því, að stjórnarliðar mæti ekki á þingfundum. Ég hélt, að hv. þm. væri kunnugt um, að framsóknarmenn mæta ekki á fundum, nema þegar þeir þurfa að greiða atkv., þeir hafa nefnilega ekkert að gera nema að greiða atkv. — Fundarhlé.

ATKVGR.

Brtt. 465,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,3 samþ. án atkvgr.
— 465,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 485,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 485,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 485,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,6, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,8.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,8.b tekin aftur.
— 485,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,9 samþ. án atkvgr.
— 465,10 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,11 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,12 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 485,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,13 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,14 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,15 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,16 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,17 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 465,18—19 samþ. án atkvgr.
— 485,6 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, JörB.

nei: GSv, GÍ, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PO, EE, GP.

Fimm þm. (JÓl, PHalld, SK, TT, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Við nafnakallið um frv. urðu þessar umr:

***Ólafur Thors:** Í sambandi við atkvgr. um þetta frv. stóð deila milli okkar hv. 2. þm. Reykv., þar sem ég bar á hann og hans flokksmenn, að þá vantaði mjög oft í d., og færðist undan, að atkvgr. færi fram nú um þetta mál, þar sem

svo stóð á, að nokkrir sjálfstæðismenn voru fjarverandi. Ég vil aðeins út af því skjalfesta það, að sá, sem bað um nafnakall nú, var hv. 2. þm. Reykv., og hann tók það fram, að hann bæði um það til þess, að fram kæmi, hverjir væru í d. Svo fátítt er, að sjálfstæðismenn séu ekki viðstaddir, að hv. þm. langar að fá það skjalfest þá einu sinni, að það vill til, og get ég vel skilið það.

Páll Zóphóníasson: Út af ummælum, sem hér hafa fallið, vil ég geta þess, að ég hefi frá þingbyrjun og nú fram á síðustu daga haldið skýrslu yfir hverjir væru mættir, þegar fundir byrja í d. Á þá skrá hefir hv. þm. G.-K. æðioft vantað. (PO: Skrár hv. þm. eru vitlausar eins og hann sjálfur! — **Forseti:** Þetta kemur nú atkvgr. heldur lítið við).

***Héðinn Valdimarsson:** Í sambandi við það, að ég bað um nafnakall við þessa atkvgr., vil ég taka það fram, að mér finnst vel hlýða, að atkvgr. um stórmál fari fram að viðhöfðu nafnakalli, ekki sízt til þess að sýna það, sem deilt var um hér áðan, hverjir mæta, — hverjir láta sig yfirleitt málin svo miklu skipta, að þeir greiði atkv. um þau. Ég hygg, að það komi í ljós, ef farið er í gegnum nafnaköll þessa þings og fleiri þinga, að sjálfstæðismenn láta sig oft vanta.

Forseti (JörB): Ég vil taka það fram, að ég hefi að vísu ekki neinar skýrslur við að styðjast, en mér finnst ég hafa á tilfinningunni, að því fari fjarri, að þm. Sjálfstfl. vanti oftar í d. en þm. hinna flokkanna.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 500).

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:4 atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þetta frv. er hv. þm. svo kunnugt, að það ætti ekki að vera þörf að hafa langa framsöguræðu. Þessi lagabálkur hefir verið undirbúinn af n., sem ég fékk til þess að rannsaka þetta mál milli þinga.

Eins og gefur að skilja, eru lög eins og jarðræktarlögin þannig — þar sem engin lög um sama efni voru til áður og reynslu vantaði á þessu sviði —, að þegar búið er að framkvæma þau í nokkurn tíma, þá kemur ýmislegt í ljós, sem menn telja óhjákvæmilegt að breyta samkv. reynslunni, og svo hefir einnig verið um jarðræktarlögin. Í frv. því, sem fyrir liggur, hefir verið reynt að fara eftir þessari reynslu, sem fengizt hefir undanfarin ár á þessu sviði. Ég get í því sambandi sérstaklega bent á fyrsta kafla laganna, sem er um stjórn ræktunarmálanna; hann er að miklu leyti sniðinn eftir því, sem raunverulega hefir verið tekið upp nú tvö síðustu ár, eftir að reynslan hefir sýnt, að það virðist vera hagkvæmt. — Um annan kaflann, sem fjallar aðallega um það, hversu mikinn styrk eigi að greiða út á hverja einingu, er það að segja, að hann er sniðinn eftir því, sem reynslan hefir skorið úr um; aðallega er breyt. fólgin í því, að það er borgað meira fyrir framræslu en verið hefir. Það hefir þótt skorta í hinum eldri jarðræktarlögum, að greitt væri fyrir framræslu eins og þurft hefði að gera. Að öðru leyti er styrknum breytt í samræmi við það, sem menn telja nú hagkvæmast samkv. reynslu undanfarinna ára.

Fleiri breyt. hafa verið gerðar á þessum lögum, og koma þær að sjálfsögðu aðallega til umr. við 2. umr. þessa máls. Ég skal þess vegna ekki lengja frekar umr. um málið að svo komnu, en ég óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og til landbn., og vona ég, að menn fallist á að láta málið ganga umræðulítið til 2. umr. og ræða aðallega um það, þegar það kemur frá nefnd.

***Þorsteinn Briem:** Ég get að sjálfsögðu fallizt á tilmæli hæstv. forsrh. um að hafa ekki miklar umr. um þetta mál við þessa umr., en geyma það heldur til 2. umr. Málið hefir fengið óvenjulega meðferð við þessa 1. umr., því að það mun hafa verið síðastl. laugardagskvöld, sem þetta mál var afgr. frá hv. Nd., og frv. tók þar nokkrum breyt., og má gera ráð fyrir, að ekki hafi allir hv. þdm. athugað þær breyt. nákvæmlega, þar sem þetta frv. er mikill lagabálkur og nærri 60 gr. Þótt ég geti fallizt á að ræða ekki verulega um málið við þessa umr., þá get ég samt ekki komizt hjá því að lýsa afstöðu minni til frv. nú þegar. Vil ég þá fyrst víkja að 1. kaflanum. Í honum er gengið inn á sérstaka leið, einkum að því er snertir afskipti af þeim málum Búnaðarfélags Íslands, sem hingað til hafa verið talin einkamál félagsins. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að sett verði með lögum ákvæði um það, hvernig kosningum skuli hagað innan búnaðarfélagsins, jafnvel þótt það hafi sjálft sett sér lög um, hvernig þeim kosningum skuli hagað, og jafnvel þótt þeim kosningum sé hagað eftir fullkomnu lýðræðisfyrirkomulagi, mjög líku því, sem er t. d. um kosningu í S. Í. S. Það virðist kenna allmikillar afskiptasemi löggjafarvaldsins, þegar það brýzt inn á svið jafnmerkilegs félags eins og Búnaðarfélag Íslands er og fer að skipta sér af því, hvernig haga skuli kosningum félagsins, og því er ekki lengur leyfilegt að haga kosningum sínum eftir því lýðræðisfyrirkomulagi, sem það hefir sjálft sett sér og þykir hafa reynzt vel hingað til, enda var það fyrirkomulag rækilega undirbúið árum saman, þangað til því var slegið föstu með lagabreyt. búnaðarfélagsins 1931. Það mætti virðast sem löggjafarvaldið gæti á sama hátt smátt og smátt farið inn á fleiri svið og breytt lagaákvæðum einstakra félaga, eins og Fiskifélags Íslands og S. Í. S., ef ganga á svo langt inn á rétt Búnaðarfélags Íslands sem hér er gert ráð fyrir. — Fyrir utan þetta eru ýms óheppileg ákvæði í sambandi við kosninguna, svo sem það, að kosningarrétturinn er bundinn við það, hve marga fermetra viðkomandi maður kann að hafa af landi til afnota, og virðist það geta orðið allþungt í vöfunum að mæla út kosningarrétt manna í fermetrum. Ég ætla, að búnaðarsam-

böndunum muni reynast það nokkuð fyrirhafnarmikið að búa til kjörskrá samkv. því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir.

Að þessu sinni skal ég ekki fara fleiri orðum um þennan fyrsta kafla frv., en víkja að öðrum kaflanum. Ég hefi undanfarin nokkur þing flutt frv. um lagfæringu á jarðræktarlögunum, lagfæringu, sem hneig sérstaklega í þá átt að auka styrk til þeirra jarðabóta, sem verður að telja mest um verðar fyrir íslenzkan landbúnað. Má þar til nefna styrk til áburðarkaðveizlu, sem gert var ráð fyrir að auka verulega, og styrk til framræslu, sem einnig átti að auka mjög verulega, og styrk til votheystótta og þurrheyshlöðubygginga og stærri verkfærakaupa. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er að vísu nokkuð tekið tillit til þeirra till., sem í því frv. fólust, því að hér hefir lítilsháttar verið aukinn styrkur einmitt til þeirra jarðræktarframkvæmda, sem gert var ráð fyrir í mínu frv., og get ég að sjálfsögðu verið þakklátur fyrir það. En hinsvegar er styrkurinn hér allmikið rýrður til ýmsra jarðræktarframkvæmda, og sumstaðar stórkostlega, t. d. til græðisléttana, og reyndar allra sléttana, sem gerðar eru í túni, og verð ég að telja það stórt spor aftur á bak. Þá hefir aðeins að litlu leyti verið tekið tillit til till. þeirrar, sem ég bar fram viðvíkjandi þurrheyshlöðum, því að styrkurinn fyrir steyptar þurrheyshlöður er sá sami og áður. — Í þessum kafla er gert ráð fyrir því, að býli, sem hefir fengið samtals minni styrk hingað til en sem nemur 1000 krónum, fái 20% hærri styrk, en styrkurinn fyrir sléttanir, t. d. í túni, er samt lækkaður, svo að menn, sem hingað til hafa ekki notið meiri styrks en svo, að hann er innan við þúsund krónur, verða að sætta sig við það, að styrkur til þeirra sé lækkaður. Þá hafði í hinu upphaflega frv. verið gert ráð fyrir því, að styrkur til þeirra, sem fengið höfðu yfir 3000 kr., væri lækkaður verulega. Það virðist svo sem þeir menn, sem að þessu frv. hafa staðið, hafi fundið til sinnar slæmu samvizku út af þessu, því að við meðferð málsins var þetta nokkuð lagfært, en þrátt fyrir það verð ég að telja, að hér sé stigið stórt spor aftur á bak, þar sem gert er ráð fyrir að draga 20% af styrk til þeirra býla, sem fengið hafa 4000 kr. í styrk, og alls enginn styrkur er greiddur til þeirra býla, sem fengið hafa 5000 krónur. Það þarf ekki að taka það fram, að fyrir býli, sem hefir komið sér upp áburðarhúsi, þvaggryfju og hlöðu, verður ekki mikill styrkur eftir til jarðræktarinnar sjálfrar, útgræðslu eða sléttunar. Er hér skorinn þröngur stakkur þeim mönnum, sem hingað til hafa sýnt mestan áhuga um framkvæmdir í jarðræktarmálum. Í staðinn fyrir að þessum mönnum hefir hingað til verið veitt viðurkenning fyrir áhuga sinn, á nú að refsa þeim allverulega fyrir það, að þeir hafa lagt peninga og vinnu fram til þess að rækta og bæta landið og skila því betra og byggilegra í hendur næstu kynslóðar. Þetta er ekki aðeins ranglátt gagnvart þeim mönnum, sem lagt hafa fram fé til að bæta jörð sína, heldur verður að telja þetta mjög óheppilegt fyrir íslenzkan landbúnað. Það mun vera skoðun allra þeirra, sem óska, að byggðin geti aukizt í sveitunum, að menn geti haldizt þar við og sé gert kleift að fjölga býlunum, og ætla ég, að engum þeim manni, sem athugar þetta mál, geti blandazt hugur um, að langódýrasta leiðin til þess að fjölga býlunum í landinu er einmitt sú, að halda áfram að auka ræktunina á hverju býli landsins, til þess unnt verði að skipta þeim síðan í fleiri býli. Það renna undir það margar stoðir, að æskilegt sé, að jörðin geti skipzt milli barnanna, þannig að þau geti haldið áfram að hafa lífsviðurværi af þeirri mold, sem þau hafa fyrst stigið fæti sínum á. Þetta er auðveldasta leiðin, og bændum á að vera þetta mögulegt án þess að þeir rjúki þegar í stað til þess að skipta býlunum, eins og í rauninni er gert ráð fyrir í 12. gr. þessa frv. Ég vil því segja, að þau ákvæði, sem að þessu lúta í 11. gr. frv., skjóta mjög skökku við þann áhuga, sem almennt virðist vera hér á Alþingi fyrir að styðja að því að skipta jörðunum sundur í fleiri býli. Auk þess ber að geta þess, að með því að setja slíkt hámark, sem gert er í þessu frv., þá er smátt og smátt stuðlað að því, að jarðræktarlögin verði afnumin, vegna þess að það kemur að því í ýmsum sýslum, að þessu hámarki verður náð áður en langt um líður. Þá er að því stefnt að afnema jarðræktarlögin fyrir svo og svo stór svæði. Ég vil segja, að þá sé stigið stórt spor aftur á bak, ef hnigið verður að þessu ráði. — Þá er gert ráð fyrir að setja hámarksstyrk til hvers býlis til byggingar safngryfja og haughúsa, og þó að þetta hámark sé nokkuð hátt, þá held ég samt, að hér sé of skammt gengið, þar sem það mun hafa verið upplýst af flm. frv. í hv. Nd., að þetta mundi vera miðað við 20 kúa fjölda á býlunum. En í sumum sveitum, þar sem aðstaðan er sérstaklega slæm til sauðfjárræktar og ekki er um aðra framleiðslu að ræða en mjólkurframleiðslu, þá sé ég ekki ástæðu til þess að setja sérstök refsiákvæði um þá menn, sem leyfa sér að hafa fleiri nautkindur en 20 í fjósi. — Þá er í þessum kafla gert ráð fyrir því, að þetta framlag, sem áður var kvaðalaust, sé nú aðeins veitt sem lán.

Í frv., bæði eins og það var í fyrstu og eins og það er enn, þótt það hafi verið ofurlítið lagfært, eru ýms ákvæði á þann veg, að ég get ekki sætt mig við þau og verð því að vera þeim andvígur.

Um aðra kafla get ég, samkv. tilmælum hæstv. landbrh., geymt mér að tala til 2. umr. En ég vil þegar taka það fram, að ég tel það miður farið, ef keyra á þetta frv. í gegnum þingið með slíkum hraða, sem virðist eiga að hafa á því, án þess að Búnaðarfélagi Íslands gefist kostur á því að koma með sínar aths., sem áreiðanlega yrðu mikils virði. Ég tel þetta mál svo mikilsvert, að það væri alveg einsdæmi, ef Alþingi afgr. það á örfáum dögum, án þess að búnaðarfélaginu gefist kostur á að athuga það rækilega og koma með aths. sínar og brtt. Ég vil því skora á hv. landbn., að hún leiti rækilegar umsagnar búnaðarfélagsins og skili ekki áliti fyrr en hún hefir átt kost á að kynna sér till. þess gaumgæfilega.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal vera fáorður, en vil benda á það, að þar sem hér er um mikinn lagabálk að ræða, þarf að vanda meir til smíðis

hans en horfur eru á, að eigi að gera. Ég tel, að alveg sjálfsagt hefði verið, áður en frv. yrði endanlega samþ., að gefa búnaðarsamböndunum kost á að segja sitt álit og skjóta málinu undir búnaðarþing. Á það eru kosnir menn, sem yfirleitt eru reyndir að þekkingu og gætni; því var sjálfsagt að leita umsagnar þeirra, áður en Alþingi gengi frá frv. En sú aðferð, sem hér virðist eiga að beita, er allt of harkaleg og mun að makleikum mælast illa fyrir.

Ég skal ekki fara út í efni frv. Það miðar yfirleitt í þá átt að lækka jarðræktarstyrkinn til þeirra manna, sem stórtækastir eru í framkvæmdum. Svo ég bendi á dæmi, sem mér er kunnast, get ég sagt frá því, að samkv. frv. lækkar þessi styrkur til mín, sem er landseti ríkissjóðs, um $^1/_3$.

Ég get lýst yfir því, að ég er algerlega andvígur frv. eins og það er. Það er sagt, að það skuli vel vanda, sem lengi á að standa, en það sýnist ekki eiga við hér. Og þegar þar við bætist, hve harkalega á að ganga að Búnaðarfélagi Íslands með öðrum lögum, get ég ekki annað séð en dagar þeirrar stofnunar séu brátt taldir. Ég á hér við brtt. við 16. gr. fjárl., 2. lið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 521).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Hermannsson): Ég þarf ekki að segja margt af hálfu n. um þetta mál. Tíminn síðan málinu var vísað þangað er stuttur og því ekki verið mikið tækifæri til athugunar. En þar á móti er það mjög þungt á metunum, að máli þessu hefir frá upphafi verið veitt vakandi athygli af öllum þm., og það hefir verið rætt mjög síðan það kom fram, bæði í blöðum og manna á milli. Í hv. Nd. var málið og mikið rætt og athugað. Það er nú svo, að allt, sem lýtur að jarðræktarlögunum, vekur mikla athygli utan þings og innan, og svo hefir einnig orðið um frv. þetta. Ég býst því við, að hv. þdm. séu öllu betur undir það búnir að ræða og taka ákvarðanir um þetta mál en almennt gerist um þingmál, enda þótt stutt sé síðan d. fékk það til meðferðar.

Landbn. hefir klofnað í þessu máli. Einn nm. vill fella frv., eða a. m. k. breyta því mjög, áður en það gangi fram, sem þá getur ekki orðið á þessu þingi. En ég og hv. 4. landsk. teljum, að breyt. þær, sem í frv. felast, miði til svo verulegra bóta, að sjálfsagt sé að samþ. það á þessu þingi.

Þetta mál er óvenjulega vel undirbúið. Frv. fylgir ýtarleg grg., sem ég þykist vita, að hv. þdm. hafi kynnt sér. Ég tel því, þar sem engar brtt. liggja nú fyrir, að óþarfi sé að hafa þessa framsögu lengri, þar sem hún yrði aðeins endurtekning á grg. og efni frv. Ég þykist geta ráðið af ýmsum sólarmerkjum, að ýms ákvæði frv. muni mæta allmikilli andstöðu, og býst því við því, að málið skýrist betur við umr. en þótt ég færi að rekja það í framsögu.

Ég vil þó geta þess, að skorað hefir verið á landbn. að leita álits Búnaðarfélags Íslands um málið, áður en álíti væri skilað. N. hefir þó ekki gert þetta, þar sem afstaða búnaðarfélagsins er Alþingi alkunn, svo að slíkt hefði aðeins orðið til að tefja málið. Einn af 4 stjórnarnefndarmönnum félagsins hefir þegar samþ. frv. og hafði framsögu fyrir því í Nd. Hinsvegar er kunnugt um aðra, að þeir eru frv. andvígir, og var því álit þeirra fyrirfram vitað, og þýðingarlaust að leita þess nú.

Sá hv. nm., sem skrifar undir álit meiri hl. með mér, hefir gert það með fyrirvara. Ég veit, að hann muni gera grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari er fólginn, en þykist vita, að hann sé ekki um nein stóratriði.

***Þorsteinn Briem:** Það var hafður sá háttur á, þegar þetta frv. var fyrst rætt hér í d., að leitað var afbrigða til þess að það mætti koma fyrir, og frv. sjálfu var útbýtt þá á fundinum. Það má því af líkum ráða, að frv., eins og það er eftir 3. umr. í Nd., hefir ekki getað fengið rækilega athugun við 1. umr. málsins, enda óskaði hæstv. forsrh. beinlínis eftir því, að umr. um málið yrðu þá sem stytztar. Ég varð við ósk hæstv. ráðh. um það efni og fór ekki mörgum orðum um frv. þá, en ég beindi þeirri ósk til landbn. þessarar d., að hún athugaði það vendilega og leitaði umsagnar Búnaðarfélags Íslands um frv. Nú ber málið þannig að við 2. umr., að leita þarf enn afbrigða frá þingsköpum, til þess að það megi komast að, og afgreiðslu málsins er meira að segja svo hraðað, að ekki er beðið eftir því, að öll n. hafi sagt álit sitt um það, því að ég ætla, að minni hl. landbn. hafi ekki gefizt tími til þess að skila nál. Þetta er alveg óvenjuleg aðferð um slíkt stórmál sem þetta, þar sem þetta frv. er ekki aðeins allmikill lagabálkur í 60 gr., heldur gerir og stórmiklar breyt. og jafnvel grundvallarbreyt. á þessum þætti búnaðarlöggjafarinnar. Það gerir algerða grundvallarbreyt. á skipulagi Búnaðarfélags Íslands, og það gerir og ýmiskonar grundvallarbreyt. á ákvæðum laganna um styrkveitingar til jarðræktar í landinu. Það hlýtur því að vekja undrun manna, að slík afgreiðsla skuli vera viðhöfð á slíku stórmáli sem þessu. Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi þetta óbeinlínis, en hann færði þá ástæðu fyrir þessari afgreiðslu málsins og sérstaklega fyrir því, að meiri hl. hafði ekki viljað verða við þeirri áskorun minni við 1. umr. málsins, að leita umsagnar Búnaðarfélags Íslands, að málið hefði verið svo rækilega undirbúið. Ef maður ber saman þá aðferð, sem höfð hefir verið við undirbúning þessa máls nú, og þá aðferð, sem höfð var við undirbúning hinna fyrstu jarðræktarlaga, og breytinguna á þeim 1928, þá er þar mikill munur á. Það frv. var ekki aðeins rækilega undirbúið frá n. valinna manna, heldur og rækilega rætt í blöðum og jafnvel á fundum, áður en það var flutt hér á Alþingi, og auk þess hafði búnaðarfélagið og búnaðarþingið frv. til rækilegrar meðferðar. Hér er hinsvegar algerlega gengið fram-

hjá Búnaðarfélagi Íslands. Hér eiga bændur landsins ekki kost á að athuga þær breyt., sem í þessu frv. felast. Og hér hafir a. m. k. nær helmingur þm. ekki átt þess kost, fyrr en í mesta annríki síðustu tíma þingsins, að athuga þetta mál. En það er ætlun manna, að frv. hafi verið látið læðast með bekkjunum meðal hinna útvöldu í stjórnarmeirihlutanum og þeir hafi átt kost á að athuga það, en ekki þingið í heild. Ég vil segja, að slík aðferð á afgreiðslu jafnmikils stórmáls sem þessa sé ekki aðeins næsta óvenjuleg, heldur og næsta vítaverð.

Við 1. umr. málsins gerði ég að umtalsefni þær breyt., sem í fyrsta kafla þessa frv. felast um stjórn ræktunarmála, þar sem það er látið heita svo í aths., sem fylgdu frv., að verið sé að auka lýðræðisfyrirkomulagið á skipulagi Búnaðarfélags Íslands. En hinsvegar er samtímis kippt til baka til ríkisstj. því valdi, sem búnaðarfélagið hingað til hefir haft og var aukið á síðasta þingi með þeirri breyt., sem gerð var á jarðræktarlögunum þá. Því hefir verið haldið fram og er haldið fram í aths. þeim, sem fylgdu þessu frv. af hálfu flm., að það fyrirkomulag, sem nú er um kosningar til búnaðarþings, sé ekki samkv. lýðræðisskipulagi. Ég benti á það við 1. umr., að þetta skipulag, sem Búnaðarfélag Íslands setti sér eftir rækilegan undirbúning, 1931, er alveg hliðstætt því skipulagi, sem er í S. Í. S., og er það nokkuð harður dómur, að það sé ekkert lýðræðisfyrirkomulag að hafa samsvarandi reglur eins og í því félagi. Ég benti á það, hversu hér kenndi mikils einræðisanda, þar sem lagt er til að gerbreyta skipulagi þessa stærsta félagsskapar, sem bændur hafa hér á landi, að þeim algerlega fornspurðum. Og ég benti á það, að á sama hátt gæti Alþingi leyft sér að breyta þeim skipulagsreglum, sem S. Í. S. hefir sett sér, og vil ég þá vænta, að mönnum megi ljóst verða, hvernig hér er einmitt í meðferð þessa máls og í till., sem hér eru, horfið langt frá öllu lýðræðisfyrirkomulagi og lýðræðisreglum, þar sem í stað þess lýðræðisfyrirkomulags, sem frjáls félagsskapur, eins og Búnaðarfélag Íslands, hafði sett sér með lögum sínum, er látið koma valdboð og lagaþvingun að ofan. Það skal að vísu játað, að í þessum kafla hafa verið gerðar nokkrar breyt. til bóta í Nd., en það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, að lögleitt verði, horfir allt í einræðisáttina, og er þess vandlega gætt að taka með annari hendinni til baka allt það vald, sem bændum er rétt með hinni. Auk þess verður að líta svo á, að niðurlagsákvæði frv. í sambandi við fyrsta kafla bendi beint til þess, að kúga eigi búnaðarfélagið til beinna lögbrota á þeim lögum, sem það hefir sett, og mér skilst, að búnaðarfélagið geti ekki tekið við þessum lögum, nema með því einu móti að brjóta sín eigin lög.

Þá skal ég víkja að 2. kafla frv., og þá sérstaklega höfuðgr. hans, 9. gr. Þar eru í nokkrum einstökum atriðum gerðar breyt. til bóta frá því, sem nú er, þannig að styrkir til nokkurra einstakra jarðræktarframkvæmda eru lítilsháttar hækkaðir frá því, sem nú er í lögum. Og það er eftirtektarvert, að þær einu breyt. til bóta eru einmitt á þeim atriðum, sem lagt hefir verið til, að styrkir yrðu hækkaðir samkv. því frv., sem ég hefi flutt á undanförnum þingum. Svo að það hefir verið tekið lítilsháttar tillit til till. minna, en vitanlega aðeins að mjög litlu leyti. Vegna þess að hér er breytt um þann mælikvarða, sem styrkir eru reiknaðir eftir, frá því, sem nú er í jarðræktarlögunum, og horfið frá þeim dagsverkamælikvarða, sem áður hefir verið miðað við, þá hefi ég gert lítilsháttar athugun á því, hversu mikil breyt. væri í 9. gr. á styrkveitingum, ef miðað væri við dagsverk, eins og áður hefir verið. Það hefir verið hækkaður lítilsháttar styrkur fyrir alsteyptar þvaggryfjur, þ. e. a. s. úr kr. 1,50 upp í kr. 1,70 á dagsverkið, en samkv. frv. Bændafl. átti þessi styrkur að vera kr. 2,00 á dagsverkið. Aftur er styrkur fyrir safnþrær, steyptar með járnþaki, óbreyttur eins og hann er nú í lögunum, og er þar ekkert tillit tekið til hækkunartillagna þeirra, er fólust í frv. Bændafl. Þá er lítið eitt hækkaður styrkur fyrir eina tegund áburðarhúsa, sem sé alsteypt áburðarhús, úr kr. 1,50 upp í 1,75 á dagsverkið. Ég hafði ekki beint búizt við því, að þessi tegund áburðarhúsa yrði tekin fram yfir allar aðrar tegundir áburðarhúsa, vegna þess að þegar mitt frv. var hér til umr., þá tók form. Framsfl. það sérstaklega fram, að það ætti algerlega að banna að byggja alsteypt áburðarhús. Mér þykir nú vænt um að sú n., sem hefir undirbúið þetta frv., hefir ekki verið sammála formanni Framsfl. um þetta álit hans á alsteyptum áburðarhúsum. — Aftur hefir styrkur til annara áburðarhúsa, steyptra og með járnþaki, verið látinn haldast óbreyttur. Þá hefir lítið eitt verið hækkaður styrkur til framræslu. Styrkur fyrir skurðgerð, sem er 1 m. og grynnri, er hækkaður úr kr. 1,00 upp í kr. 1,08 á dagsverkið, en styrkur til skurða, sem eru 1 m. til 1,3 m., er hækkaður um 20 aura á dagsverkið, og styrkur til skurða, sem eru þar yfir, er einnig hækkaður um 20 aura á dagsverkið, svo að þar hefir svolitið tillit verið tekið til frv. Bændafl. Styrkur til lokræsa hefir verið lítilsháttar hækkaður. Grjótræsi hafa verið hækkuð um 2 aura á dagsverkið, eða úr kr. 1,00 upp í kr. 1,02 og má þar segja, að stjórnin ætlist til, að þar dragi lítið vesalan, ef munar um 2 aura. Styrkur fyrir viðarræsi er hækkaður um 8 aura, og styrkur fyrir hnausræsi er hækkaður um 26 aura, eða úr kr. 1,00 upp í 1,26 á dagsverkið, og fyrir pípuræsi er styrkurinn hækkaður úr kr. 1,00 upp í 1,20. Munar hér allmiklu frá því, sem var í frv. mínu, þar sem gert var ráð fyrir, að styrkur til lokræsa væri hækkaður um helming, eða upp í kr. 2,00 á dagsverkið. En jafnhliða því, sem hér er veitt nokkur hækkun á styrk til einstakra framkvæmda, sem ég get veitt viðurkenningu fyrir, þótt lítið sé, þá er stórlega dregið úr styrk til ýmsra annara jarðræktarframkvæmda. Fyrir þaksléttur í nýrækt hefir styrkurinn verið lækkaður um 20 aura, úr kr. 1,00 niður í kr. 0,80. Fyrir græðisléttur í nýrækt er styrkurinn lækkaður um 16 aura, úr kr. 1,00 niður í kr. 0,84. Fyrir sáðsléttur í nýrækt er styrkurinn þó óbreyttur. Fyrir þaksléttur í túni er styrkurinn lækkaður um 30 aura, eða úr kr. 1,00 niður í kr. 0,70. Fyrir græðisléttur í túni er hann lækkaður um 25 aura, úr kr. 1,00 niður í kr. 0,75, og fyrir sáðsléttur í túni er styrkurinn lækkaður

um 20 aura, úr kr. 1.00 niður í kr. 0.80. Fyrir matjurtagarða er styrkurinn aðeins lítið eitt hækkaður, um 8 aura á dagsverkið. Fyrir þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki, er styrkurinn eins, eða kr. 0.50 á dagsverkið. En í minu frv. var sá styrkur ætlaður kr. 1.00. Fyrir þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki, sem enginn styrkur var veittur til áður, eru nú veittar kr. 0.50 á dagsverkið, og ber það náttúrlega að viðurkenna, þó að lítið sé og aðeins helmingur þess, sem var í frv. Bændafl. Fyrir votheyshlöður, þar sem í frv. Bændafl. var lagt til, að styrkurinn yrði fjórfaldaður, hækkaður úr kr. 0.50 upp í kr. 2.00, með því að þar er um að ræða búnaðarframkvæmdir, sem miklu skipta og við höfum fengið rækilega áminningu af hálfu veðráttunnar um að kippa sem fyrst í lag, er styrkurinn hækkaður um aðeins 25 aura á dagsverk, hækkaður upp í 75 aura, í staðinn fyrir 50 aura áður, og má segja, að þar skammti faðir vor smátt smjörið.

Það væri nú dálítið freistandi að gá að því, hvernig þetta tæki sig út, þegar þetta er athugað með tilliti til hinna einstöku bænda. Nú er gert ráð fyrir því í 11. gr. frv., að viss hluti býla fái uppbót á þennan styrk, sem sé að þau býli, sem enn hafa ekki fengið 1000 kr. í styrk til jarðabóta, njóti þeirra hlunninda að fá 20% hækkun á þennan styrk. Við skulum nú athuga, hvernig þetta tæki sig út hjá bónda, sem nýtur þessara „sérstöku vildarkjara", sem talað er um í grg. frv., því að þar er talað um, að þessi hluti bænda hafi búið við svo slæm kjör vegna leiguáþjánar, fátæktar og annara erfiðleika, að nauðsyn sé að bæta verulega úr aðstöðu þeirra að því er snertir jarðabótastyrki. Við skulum hugsa okkur, að bóndinn hafi ekki séð sér fært að slétta svo sem neitt í túni sínu, sem við skulum segja, að sé 4 ha., en að hann vilji á næstu árum reyna að vinna það verk samkv. þeim hlunnindum, sem frv. veitir honum. Ef hann sléttar túnið með sáðsléttum, — hvað fær hann þá samkv. þessu frv.? Ef hann nyti ekki þessara sérstöku vildarkjara, sem því fylgja að hafa fengið innan við 1 þús. kr. styrk áður, þá fengi hann, í stað þess sem hann hefði fengið áður kr. 1000.00 fyrir að slétta 4 ha., aðeins kr. 800.00 samkv. frv. M. ö. o., það eru dregnar kr. 200.00 af honum. En nú skulum við gera ráð fyrir því, að hann njóti þessara hlunninda, að fá þessa 20% viðbót, sem svo mörgum fögrum orðum er farið um í grg. frv., — og hvað fengi hann þá? Þá fengi hann kr. 960.00. M. ö. o., að í stað bættra kjara eru dregnar af honum kr. 40.00. Ég tala nú ekki um, ef svo stæði á, sem ekki er að vísu víða, að bóndinn hafi sléttað svo mikið utan túns í nýrækt og byggt áburðarhús, þvaggryfjur og hlöðu, þannig að hann væri kominn yfir kr. 4000.00 alls í styrk, en ætti eftir 4 ha. í túni, sem hann vildi slétta. Þá væru dregnir 20% frá styrknum, þannig að hann fengi aðeins kr. 640.00, í stað kr. 1000.00, sem hann hefði áður fengið. M. ö. o., það yrðu dregnar kr. 360.00 af honum. Nú skulum við gera ráð fyrir, að sá fátæki bóndi, sem búið hefir við „fátækt og leiguáþján" og hefir þess vegna ekki getað sléttað tún sitt, og því fengið innan við kr. 1000.00 í styrk, sjái þess ekki þörf að slétta þetta 4 ha. tún með sáðsléttu, heldur slétti það með græðisléttu, eins og allflestir bændur mundu gera, þar sem graslag er gott á túnum. Og hvaða vildarkjara nýtur hann þá? Eftir núgildandi lögum mundi hann fá fyrir 4 ha. græðisléttur kr. 664.00, en eftir ákvæðum frv. mundi hann fá aðeins kr. 500.00, ef hann er búinn að fá kr. 1000.00 áður. M. ö. o., kjör hans versna um kr. 164.00. Nú skulum við gera ráð fyrir, að hann hafi ekki fengið neinn styrk áður, eða þá aðeins örfáar kr., — og hvað fær hann þá, ef hann nýtur þessara sérstöku vildarkjara, sem frv. býður upp á, og fær 20% hækkun? Þá fengi hann kr. 600.00 fyrir að slétta þetta 4 ha. tún. M. ö. o., hann fengi kr. 64 minna heldur en eftir núgildandi lögum. Þetta er nú þessi stórkostlega náðargjöf, sem flm. frv. þykjast vera að gefa þessum mönnum, sem hafa verið þjakaðir af leiguáþján og búið við fátækt vegna ómegðar og annara slíkra erfiðleika. Það er ekki að lasta þennan tilgang, sem með mörgum fögrum orðum er lýst í grg. frv., en svona tekst nú tilgangurinn í framkvæmd. Það er einkennileg aðferð að lofa gulli og grænum skógum með hinum átakanlegustu blíðmælum í grg. frv., en láta efndirnar verða svona í frv. sjálfu. Hafi það virkilega vakað fyrir stjórnarfl. að bæta kjör þessara manna, þá hefði átt að ganga öðruvísi frá þessu frv. heldur en hér er gert. Því hefir verið haldið fram í umr. um barnafræðslufrv., sem hér var til umr. áðan, að prósentureikningur væri sumum börnum innan við 14 ára aldur allerfiður, en ég sé, að hann er erfiður fleirum en börnunum.

Ég skal ræða um Hrafnagilið við hv. þm., þegar þar að kemur. Það hefir nýlega verið upplýst, hvað maður með launakjörum þessa hv. þm. þyrfti að vinna marga tíma til þess að borga þá jörð. Það voru 411 vinnustundir í embætti hans. Það hefir tekizt heldur báglega prósentureikningurinn hvað snertir þessa menn, en það hefir tekizt einkennilega um prósentureikninginn hvað snertir aðra bændur í landinu en þessa, og skal ég víkja nokkuð að því í sambandi við ákvæði 9. gr. Þetta ákvæði um að veita þeim bændum, sem hafa fengið minna í jarðræktarstyrk en þús. kr., þau sérstöku hlunnindi að láta þá fá 20% viðbót, snertir nokkra fleiri bændur en þá leiguliða, sem búið hafa við mikla ómegð, leiguáþján og skuldabasl, og hafa þess vegna ekki getað ræktað jörð sína. Það snertir fleiri jarðir en niðurniddu kotin. Það eru fjölmargar jarðir á þessu landi, þar sem svo hagar til, að þær eru frá náttúrunnar hendi þannig gerðar, að þær hafa slétt tún, og sumar ekki aðeins slétt tún frá náttúrunnar hendi, heldur líka véltækar engjar. Ábúendur þessara jarða hafa vegna sinnar góðu aðstöðu ekki lagt mikið kapp á túnrækt eða aðrar jarðræktarframkvæmdir, af því að þeir hafa búið á þeim jörðum, þar sem þörfin rak ekki á eftir. Ég skal nú til dæmis nefna eina jörð (ég gæti nefnt margar, en ég tek sem dæmi eina jörð), sem hefir fengið rúmar 200 kr. í jarðræktarstyrk, en heyskapurinn á þessari jörð er allur á véltæku túni og véltækum engjum. Samkv. fasteignamati er heyskapurinn að meðaltali á þessari jörð hvorki meira né minna en

1650 hestburðir. Og ég veit með sannindum, að þrátt fyrir það, að heyskapurinn hefir verið þetta mikill, þá hefir jafnvel orðið útundan óslegið mikið af ágætum vélslægum engjum. Bóndinn á þessari jörð hefir ekki komizt yfir að nytja jörðina og leigt þar af leiðandi mikið af vélslægum engjum, jafnvel mönnum úr annari sýslu. Þessi jörð, sem hefir upp undir 2000 hesta heyskap, á að fá að njóta þeirra hlunninda, ef bóndinn vill nú gera jarðræktarframkvæmdir, að hann fær til viðbótar við þessa ágætu aðstöðu 20% uppbót á sinn jarðræktarstyrk. Ég hefi fyrir framan mig lista, sem er að vísu gerður í flýti, og þó sýnir hann, að hægt er að telja upp fjölda jarða, sem líkt er á komið með. Ég skal nefna aðra jörð, sem hefir um 1000 hesta heyskap, hefir véltækar engjar og ekki fengið neinn jarðræktarstyrk. Ég vil nefna aðra jörð, sem ég þekki vel; hún hefir fengið 107,90 kr. í jarðræktarstyrk, — en hvaða heyskap hefir hún? Hvorki meira né minna en 2270 hesta heyskap, á sléttu túni og engjum með kúgæfu heyfalli. Þessi jörð á að njóta þessarar 20% uppbótar fyrir þær jarðabætur, sem unnar kunna að verða hér eftir, allt þangað til hún kemst upp í 1000 kr. styrk. Svona má nefna fjölda jarða víðsvegar á landinu. Ég get nefnt jörð, sem ekki hefir náð 1000 kr. styrk og hefir samkv. fasteignamati 1260 hesta heyskap og mikið af túni og engjum véltækt. Ég get nefnt höfuðbólið, sem Kolbeinn ungi o. fl. menn hafa gert frægt; þar eru rennisléttar engjar og slétt tún frá náttúrunnar hálfu. Þessi jörð er ekki komin upp í 1000 kr. í styrk, og hefir samkv. fasteignamati 1320 hesta heyskap. Hún nýtur þessarar 20% uppbótar á styrkinn. Ég get nefnt aðra jörð í Skagafirði, sem hefir sléttar ágætisengjar, þar sem menn geta slegið 20—30 hesta á dag; þar hefir styrkurinn numið 11,40 kr. og heyskapurinn á þessari ágætu jörð er 1500 hestburðir. Hún fær 20% uppbót! Hefir það vakað fyrir stjórnarflokkunum að styðja þá menn sérstaklega, sem hafa slíka aðstöðu? Eða á maður að trúa því, að hroðvirknin hafi verið svona ógurleg? Frsm. meiri hl. landbn. sagði, að þetta frv. væri sérstaklega vel athugað og rækilega undirbúið. Þegar slík atriði sem þessi eru ekki betur athuguð en þetta, þá verð ég að segja, að það þarf talsverð þrjósthneigð til þess að fullyrða, að það sé afsökun fyrir því að hafa slíka aðferð sem á að hafa um afgreiðslu þessa máls, að frv. sé **„sérstaklega vel undirbúið"**.

Ég hefi orðið að fara allmörgum orðum um þessa einu gr. frv., en hún gaf líka tilefni til margra athugana og gæti gefið tilefni til miklu fleiri athugasemda, ef tími væri til. Ég hefi hér fyrir framan mig skýrslu um jarðabætur í næsta hreppi við heimili mitt, litlum hreppi að vísu, þar sem ekki eru nema 13 jarðabótamenn, sem hafa fengið jarðræktarstyrk síðastl. ár. Ég vildi bera saman, hver styrkurinn er nú í þessum hreppi og hver hann mundi verða eftir því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Samkvæmt gömlu l. er allur jarðabótastyrkurinn til hreppsins eftir jarðabótaskýrslu síðasta árs kr. 2352,00, en samkv. þessu frv. yrði allur jarðabótastyrkurinn aðeins 1953,09 kr. Svona kemur þessi endurbót á l. út gagnvart þessum hreppi. Þarna er styrkurinn lækkaður um 400 kr. Og má þó geta þess, að eftir því, sem hagar til í sveitunum á Íslandi, þá er þar aðallega um að ræða smábýli, en þar, sem um stærri býli er að ræða, er munurinn enn þá meiri. Þess má að vísu geta, að sumir þeir, sem minnst hafa gert, þeir fá nokkrar kr. í hækkun. Einn fær t. d. eftir þessu frv. 2,96 kr. hækkun. Hann lifir víst lengi á þessum 2,96 kr. Svo eru á öðrum jörðum menn, sem hafa sýnt sérstaklega ástundun og lagt á sig mikið erfiði og hleypt sér í skuldir til þess að geta bætt jörð sína og komið henni nokkurnveginn í rækt. Þeir fá refsingu fyrir þetta verk sitt. Styrklækkunin kemur tilfinnanlega niður á þeim. Það má segja, að maður getur orðið forviða, þegar hv. frsm. meiri hl. er að tala um, hversu vel þetta frv. sé undirbúið, og þegar því er haldið fram, að það hafi verið svo rækilega undirbúið og athugað áður en það var borið fram hér í þingi, að það megi hespa það af í flughasti á næturfundum, án þess að n. gefist kostur á að athuga það, og jafnvel skila áliti, og án þess að þeim aðiljum, sem hingað til hafa farið með þessi mál fyrir bændanna hönd, sé gefinn kostur á að gera sínar athuganir og láta í ljós álit sitt.

Ég hefi neyðzt til að tala nokkuð um þessa einu gr. frv., og hefði þó þurft, ef ég hefði átt að taka hana til rækilegrar athugunar, að fara um hana fleiri orðum. En ég get látið staðar numið hér um þetta atriði, og mun víkja nokkrum orðum að öðrum gr. þessa frv.

Maður rekur sig á það, að hér á það við, sem skáldið góða á Bægisá orti forðum, að hér rekur sig margt hvað „á annars horn", og nenni ég ekki að tilgreina mörg dæmi þess. Við þennan fljótlega yfirlestur, sem maður verður að hafa á þessu frv. með þeim afskammtaða tíma, sem gefinn er, rekur maður sig þó á margt. Það stingur einkennilega í augun t. d., að frv. byrjar á því að taka allan rétt af Búnaðarfélagi Íslands, en í hinum síðari köflum eru þó ýmis ákvæði, sem gefa búnaðarfélaginu fullt vald um nokkur mikilsverð atriði. Mér virðist það undarlegt, að þar sem því er treyst til að hafa fullt vald í sumum mikilsverðum atriðum hvað snertir jarðræktarframkvæmdir, þá sé byrjað á því að taka af því allan rétt til að ráða starfsemi sinni og réttinn til að mega ráða sínum eigin l. og skipulagi, sem það hefir byggt upp á mörgum árum, og komið sínu skipulagi algerlega í lýðræðishorf. Það sýnist þó vera sá minnsti réttur, sem eitt mikilsverðasta félagið í landinu mætti eiga, og það er að mega ráða sínum l. og skipulagi sjálft. Það kemur þráfaldlega fyrir, ef maður les þetta frv. eins og það nú er orðið, að maður rekur sig á það, að í einni gr. er vísað í ákvæði annarar gr., en svo þegar maður les þá gr., eru engin ákvæði, sem minnt gætu á þau tilvísuðu ákvæði. T. d. er í 25. gr. vísað til ákvæða um frumverð landa í 43. gr., en þegar maður les 43. gr., er hvergi talað um frumverð landa. Þetta er eitt með öðru, sem sýnir, hve afskaplegt öfugmæli það er, sem haldið er fram af frsm. meiri hl., að þetta frv. sé svo rækilega undirbúið og athugað, að enginn þurfi eiginlega á það að líta. Það má benda á ýmiskonar vansmíði, sem vart

hafa átt sér stað í nokkurri lagasmíð, hvað þá heldur slíkri lagasmíð, sem sérstaklega á að vera til vandað. Hér er t. d. 29. gr.; hún byrjar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reikningshald verkfærakaupasjóðs og innheimtu lána hans annast Búnaðarfélag Íslands, og lætur **hann** hverju búnaðarfélagi árlega í té samrit af viðskiptum þess við sjóðinn.“

Hér er sennilegt, að hafi verið allt annað orðalag í upphafi, því að þetta kemur hér allt öfugt út. Hvaða „hann“ er hér átt við? Það mun hafa verið svo ákveðið í frv. í fyrstu, að einn sérstakur starfsmaður skyldi annast þetta reikningshald. En svo hefir gr. verið breytt og ekki aðgætt að breyta þessu í samræmi við það. Málsgr. hefir ekki einu sinni verið lesin til enda. Það skyldi maður þó ætla, að þegar eitt mál er sérstaklega vel athugað, þannig að Alþingi þarf ekki á það að líta, þá hafi þeir, sem um málið fjölluðu, áður en þeir breyttu upphafi einnar gr., lesið hana til enda.

Það væri náttúrlega ástæða til þess að tala um hverja einstaka gr., en ég verð þó að stikla á einstaka gr. Skal ég þá næst drepa á ákvæði 17. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að þessi „styrkur“, sem á að veita, sé aðeins lán, og ef jörðin breytir um eiganda, er gert ráð fyrir, að þetta lán verði að allmiklu leyti endurgreitt öðrum aðilja, — svo sem í sveitar- eða bæjarsjóð. Þó er svo að sjá, sem styrkurinn sé að þessu leyti kvaðalaus, ef jarðir eða býli eiga ekki í hlut. Ef bóndi, sem býr á sveitabýli, ræktar blett, þá er jarðræktar-„styrkur“ hans ekki styrkur, heldur lán. En ef maður í kaupstað ræktar jafnstóran blett, þá er jarðræktarstyrkur **hans** styrkur, en ekki lán.

Hér er því tvennskonar réttur. Kaupstaðarbúinn fær styrk fyrir verk sitt, en bóndinn fær aðeins lán til hins sama verks, þangað til hann flytur á mölina. **Þá** getur hann fengið styrk.

Hér ætti þó a. m. k. að ganga jafnt yfir alla. Nema tilgangurinn sé, að ekki verði ræktað nema í kaupstöðunum. Svo er gert ráð fyrir, að ef jörð selst yfir fasteignamat, þá greiðist viss hluti af verðinu í sveitarsjóð. Ef menn vilja hindra verðhækkun jarða með slíkum kvöðum, þá verða menn a. m. k. að búa þannig um, að þessari endurgreiðslu, sem hér er gert ráð fyrir á jarðabótastyrknum, verði hagað þannig, að hún komi jörðinni sjálfri að notum, en greiðist ekki í sveitarsjóð, til þess að verða þar að eyðslueyri. Það mætti t. d. leggja hana í sérstakan sjóð, sem jörðin síðan um aldur og ævi nyti góðs af til viðhalds og endurnýjunar jarðabótunum, eða annara umbóta. Annars er svo að sjá sem stjórnarflokkarnir hafi ekki komið auga á neitt, sem geti skapað verðhækkun á fasteignum, nema ræktunarstyrkinn. En ef litið er á allt það fé, sem varið er úr ríkissjóði til atvinnuveganna og umbóta á landinu, þá má finna fleira en ræktunarstyrkinn. Munu ekki lóðir í kaupstöðum og lönd þar umhverfis hækka neitt í verði við hafnargerðirnar, sem víðast eru þó að ⅔ hlutum gerðar fyrir ríkisfé? Hafa ekki vegir, brýr og símar líka nokkur áhrif á verð fasteigna? Og er þetta þó ekki víðast gert að öllu leyti fyrir ríkisfé? Á þá að gera þessi framlög ríkisins að einshverskonar „fylgifé“ hlutaðeigandi fasteigna eftir samskonar mati og hér á að gilda um jarðræktarstyrkinn? Ef svo er, hví er þetta þá ekki tekið allt samhliða? Eða mega lögin ekki ganga jafnt yfir alla? Eru þeir svo miklu réttlægri en aðrir, sem leggja sjálfir vinnu í að bæta landið sitt?

Um 3. kafla frv. skal ég ekki ræða, þó að sum ákvæðin séu þar næsta óskýr, en önnur erfið í framkvæmd og ekki vandalaust eftirlit. — Hver á t. d. að hafa eftirlit með því, að ákvæði 23. gr. verði haldin? Ef það er B. Í., hver á þá að tilkynna því um öll kaup og sölur þeirra landa, er þar ræðir um? Má það mikið vera, ef ekki smjúga margir í gegnum götin á þeirri grein.

Um 4. kafla laganna, sem ræðir um verkfærakaupasjóð, verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því, að stjórnin skyldi fyrst leggja til að lækka styrkinn til hestaverkfærakaupa til jarðræktarinnar. Samkvæmt núgildandi lögum njóta slík verkfæri helmingsstyrks, en hér var lagt til, að þau fengju aðeins styrk að ⅓. Þetta var eins og fleira í frv. stórt spor aftur á bak, því að það skiptir ekki litlu máli, að bóndinn fái aðstöðu til þess að eignast sín eigin jarðyrkjuverkfæri. Og þetta skiptir ekki minnstu máli fyrir héruð eins og t. d. sumstaðar í kjördæmi hæstv. forsrh. og Barðastrandarsýslu og víðar, þar sem samgöngum er svo háttað, að ekki er auðvelt að flytja stórar jarðyrkjuvélar milli býla. En þótt hæstv. landbúnaðarráðh. ætlaði hér að skerða rétt bænda, þá varð þó flokksmanni hans, hv. þm. Mýr., það ágengt í Nd., að hann fékk hinu upphaflega ákvæði frv. að því leyti breytt til bóta, að nú má þessi styrkur þó nema **„allt að** helmingi“ kaupverðs. Og þó að það ákvæði segi að vísu ekki svo mikið, að úr skeri, þá sýnir það þó vilja hans til þess að umbæta gerðir húsbónda síns.

Ég verð nú að fara fljótt yfir sögu. Ég get ekki farið verulega út í ákvæði 5. kafla, en þar er t. d. gefin út lagaheimild fyrir vissa jarðabótamenn til þess að taka lán. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að lögheimila þessar sérstöku lántökur, og held ég, að menn hafi hingað til tekið lán, bæði hver í sínu lagi og í félagi, án þess að hafa sérstaka heimild til þess í lögum. Hitt hefði verið annað mál, ef í frv. hefði verið heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita ábyrgð fyrir slíkum lánum, svo að líkindi væru til, að lán fengist. En hér er nú ekki svo vel. Bændunum er aðeins veitt heimild til að taka lán, ef þeir fá þau.

Þá eru ákvæði um reikningshald Búnaðarfél. Íslands fyrir hönd vélasjóðs, og eru þau ákvæði heldur óákveðin; mér skilst, að það vanti a. m. k. ákvæði um það, hvort Búnaðarfél. Íslands á að hafa á hendi reikningshald yfir rekstur á skurðgröfum eða ekki. Ákvæði 30. gr. er of óákveðið. Þar er sagt, að ríkið skuli kaupa, starfrækja og gera tilraunir með vélknúnar jarðræktarvélar og skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum. Það stendur ekkert um, hver eigi að dæma um það, hvort þær vélar, sem kaupa á, hæfa hérlendum staðháttum. Það virðist þó ástæða til að hafa eitthvert ákvæði um þetta, því að menn muna ýmis dæmi um slík vélakaup, sem hafa orðið hinu opinbera alldýr móts við gagnið og árangurinn.

Ákvæði 33. gr. eru einnig óákveðin, þar sem rætt er um, að kaup á stórum skurðgröfum til tilrauna séu því aðeins gerð, að þörf sé á þeim til meiri háttar framræslu og þurrkunar. Hver á að dæma um þetta? Er það B. Í., eða á ríkisstj. að fara þar eftir eigin geðþótta?

Ákvæði 6. kafla um búferlaflutning virðist mér þurfa umbóta við að ýmsu leyti. Sumpart er hér nokkuð harkalega af stað farið gagnvart einstökum mönnum, og jafnvel einstökum héruðum, sem halda tryggð við gömul ættaróðul og gamlar menningarbyggðir. Því að það verð ég að segja, að í sumum byggðum, sem liggja undir hættu af jökulhlaupi, skriðuhlaupi eða jafnvel landbroti, er enn mikil og lofsverð menning, og það svo, að menning eins af þessum byggðarlögum hefir, af einum viðurkenndum menntamanni og menningarfrömuði þessa lands, verið talin öðrum sveitum og byggðarlögum til sérstakrar fyrirmyndar. Þó að nokkur ástæða geti verið til þess að setja einhver lagaákvæði í þessa átt, þá tel ég ekki rétt að fara mjög harkalega að mönnum í því efni. En það verð ég að segja, að hér er ekki sýnd nein sérstök sanngirni, þar sem svo er fyrir mælt, að ef maður verður — að tilstuðlan þess opinbera — að hverfa burt af jörð sinni, þá skuli honum að vísu gefinn kostur á landi til nýbýlisstofnunar, en ekkja hans skuli þegar í stað greiða fullt eftirgjald, ef hann fellur frá t. d. á sjálfu flutningsárinu.

Mér gefst ekki tími til þess að ræða verulega um 6. kafla. Ég hefi áður bent á ýmsar vansmíðar á honum, eins og t. d. það, að í 50. gr. er vísað í ákvæði í 43. gr., sem nú eru a. m. k. ekki til í gr., þó að þau kunni að hafa verið til í einhverju frumuppkasti að frv. Þá verð ég að álíta, að í 51. gr. sé allósanngjarnt ákvæði. Þar segir, að ef ríkið telur sig þurfa á erfðaleigulandi að halda, sem leigutaki hefir tekið við í órækt og fullræktað, þá eigi hið opinbera kröfu á landinu gegn bótum eftir mati, en frá því mati eigi að draga **allan** þann opinbera styrk, sem veittur hefir verið til ræktunarinnar. Nú er það kunnugt, að fasteignamat á ræktuðu landi er víða á landinu a. m. k. ekki hærra en svo, að það nemur ekki meira en ræktunarkostnaðinum, og varla það. Ég hygg, að hér þurfi að koma til meiri sanngirni. Hér þyrfti að vera til undantekningarákvæði. Við gætum t. d. hugsað okkur, að leigutaki hefði tekið á leigu erfðaleiguland í nánd við kauptún, þar sem svo hagaði til, að sjór bryti verulegan hluta af landinu, og segjum, að leigan næði til 75 ára, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi jarðræktarlögum; sjórinn getur þá verið búinn að taka væna sneið af erfðaleigulandinu áður en landið er tekið af honum. Á þá að draga frá matsverði allan þann opinbera styrk, sem veittur hefir verið til þeirra jarðræktarmannvirkja, sem komin eru í sjóinn? Þetta er aðeins dæmi, sem sýnir, hversu hroðvirknislega er gengið frá ákvæðunum um þetta atriði, og sama er að segja um mörg önnur atriði frv. Annars kemur þessi ósanngirni einkennilega fyrir sjónir, þar sem ræktendum í kaupstöðum er annars hlíft við þeim kvöðum, sem lagðar eru á jarðabótamennina í sveitunum skv. 17. gr.

Ræktendum í kaupstöðum er yfirleitt hlíft við þeim kvöðum, sem lagðar eru á sveitabændurna. En þarna eru örfáir einstakir kaupstaðarræktendur teknir út úr og leiknir engu síður hart en þó þeir væru sveitamenn. Það er einkennileg réttarhugsun, að gera engum ræktanda erfðaleiguIands að skila aftur fengnum jarðræktarstyrk, eins og sveitabændunum, — **nema þeim einum**, sem landið er tekið af líka!

Þá má benda á það, að hvergi er í frv. gert ráð fyrir því, að nein skrá sé haldin yfir styrk til ræktunar á erfðaleigulöndum, eða öðrum ræktunarlöndum í eða við kaupstaði, heldur aðeins yfir styrk til ræktunar á sveitabýlum, sbr. 11. gr. 1. mgr. Ætli það verði þá ekki stundum leit úr því að finna styrkinn til þessara einstöku ræktunarlanda, sem ríkið eða einhver annar opinber aðili kann að vilja taka í sínar hendur, eftir t. d. 50 til 100 ár? Þá á þó sá, sem þá kann að hafa landið, að skila **öllum** ræktunarstyrknum, þó að skurðir hafi verið saman fallnir og uppgrónir og ræktun úr sér gengin áður en hann tók við landinu, eða hlaða fallin og haughús og girðingar úr sér gengið áður en hann varð eigandi.

Þetta eru líklega einhverjar leifar af frv. eins og það var í frummynd sinni, eins og hæstv. landbrh. vildi hafa það, áður en honum réttsýnni menn í hans flokki, eins og hv. þm. Mýr., fóru að reyna að kara fóstur hans. Það hefir líklega átt að vera barnshuggun fyrir ráðh. að lofa þessu að standa í frv. Þannig er þessi gr., eins og svo margar aðrar, áberandi fyrir hroðvirkni.

Annars er frv. og öll aðferð við þessa lagasetningu rétt eins og sagt er í sögunni um það, þegar Rússakeisari fyrirskipaði, að leggja skyldi járnbraut frá Pétursborg til Moskva. Verkfræðingarnir spurðu hinn einvalda keisara að því, hvar járnbrautin ætti að liggja, og keisarinn gerði blýantsstrik frihendis á kortið og sagði, að þarna ætti hún að liggja. Verkfræðingarnir fóru algerlega eftir skipun hins alvalda keisara og tóku ekkert tillit til þess, þó að þarna, sem blýantur keisarans hafði hlaupið yfir landabréfið, væru hólar og hæðir eða forir og kviksyndi. Ekkert var um það hugsað, hvar hentugast væri að leggja brautina. Það var ekki skynsemin eða verksvitið eða landslagið, sem þar átti að ráða, heldur blýanturinn keisarans. Það virðist vera sama stefnan að baki þessarar löggjafar, sem hér á að framkvæma. Hér er þetta eins. Allt hefir átt að gera eftir valdboði einvaldans, en víða ekkert tillit tekið til hins praktiska lífs eða staðreynda þess.

Frv. ber þessa enn merki, jafnvel þótt sumir flokksmenn hæstv. landbúnaðarráðh. hafi í hv. Nd. gert tilraun til að umbæta frv. dálítið.

Ég ætla ekki að eyða tíma til þess að tala um síðasta kaflann. Í 56. gr. virðist blandað saman afbrotum, sem varða sektum og afbrotum, sem varða refsingum. Ég er ekki lögfræðingur og hætti mér því ekki út á þann ís að fara að tala um þetta. En ekki held ég, að það sé venjulegt orðalag að kalla sektir refsingar, þótt vera megi, að minu leikmannsviti fatist um þetta atriði. Hér er og talað um refsingar, sem trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðar-

félags Íslands á að sæta, ef hann brýtur erindisbréf sitt. En reglur þær, sem þessum starfsmönnum eru settar í erindisbréfi, eru fleiri en þær, sem varða þessi lög, og því verður 2. mgr. 56. gr. ambaga eins og hún hljóðar í frv. Hér stendur í 2. mgr. 56. gr.:

„Brjóti trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi", o .s. frv. „skal hann sæta sömu refsingu og að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum."

Eins og mrg. hljóðar getur hún átt við hvaða starfsmann Bf. Ísl. sem vera skal, t. d. nautgripa- og sauðfjárræktarráðunautinn. En hann starfar ekki að framkvæmd jarðræktarlaganna, svo kunnugt sé.

Í ákvæðum til bráðabirgða er svo að orði komizt, að þegar lög þessi hafi öðlazt staðfestingu, skuli landbrh. hlutast til um, að stjórn Bf. Ísl. kveðji búnaðarþing til aukafundar til ákvörðunar um þær skipulagsbreyt., sem þessi lög gefa tilefni til. Ég veit ekki til þess, að heimilt sé, að Bf. Ísl. megi breyta skipulagi sínu eða lögum á aukafundi. Mér er óhætt að fullyrða, að slíkt er ekki löglegt að gera nema á aðalbúnaðarþingi, sem ekki er fyrr en að ári. Þetta ásamt ýmsu öðru sýnir, að frv. er ekki svo vel undirbúið sem skyldi. Ég skal engu spá um það, hvernig Bf. Ísl. tekur í þessar breytingar. En a. m. k. eitt búnaðarsambandið hefir þegar látið álit sitt í ljós. Önnur búnaðarsambönd hafa ekki haldið fund síðan frv. þetta kom fram. Búnaðarsamband Vestfjarða gerði um daginn á aðalfundi sínum svo hljóðandi samþykkt:

„Vegna hinna miklu breytinga á gildandi lögum, er jarðræktarlagafrumvarp Jörundar Brynjólfssonar felur í sér, skorar aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða fastlega á Alþingi að fresta afgreiðslu málsins á þessu þingi, svo búnaðarþingi og búnaðarsamböndum gefist kostur á að athuga frv."

Ég verð að segja það, að þessi samþykkt er ekki að ófyrirsynju fram komin, og mikið má vera, ef fleiri búnaðarsambönd vildu ekki svipaðar samþykktir gert hafa, ef þau hefðu getað komið á fundi síðan frv. þetta varð kunnugt.

Ég tel það alveg óforsvaranlegt að afgr. þetta mál án þess að bændum og búnaðarfélögum gefist kostur á að athuga þær miklu breytingar, sem hér á að gera á jarðræktarlögum, m. a. um afstöðu búnaðarfélagsskaparins í landinu. Slík afgreiðsla myndi minna allt of mikið á járnbrautarlagningu Rússakeisara. Hún myndi minna allt of mikið á einræði keisarastjórnarinnar gömlu, á fasisma og nasisma eða þá ofbeldisstjórnarfar kommúnismans. Ég vil því leyfa mér að lesa upp svo hljóðandi rökst. dagskrá frá mér og hv. 2. þm. Rang.:

„Þar sem frv. gerir grundvallarbreytingu á skipulagi Búnaðarfélags Íslands og á styrkveitingum samkv. jarðræktarlögunum, en bændum og búnaðarfélagsskap landsins hefir eigi gefizt kostur á að athuga breytingar þær, er í frv. felast, þá telur deildin eigi rétt að afgreiða málið á þessu stigi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessa rökst. dagskrá skal ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta með tilmælum um, að hann, að lokinni þessari umr., beri hana undir atkv. hér í þessari hv. deild.

Forseti (EÁrna): Þessi rökst. dagskrá, sem hv. 10. landsk. þm. hefir nú lesið upp og afhent mér, liggur þá einnig fyrir til umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég býst nú varla við, að ég hafi tíma til að svara allri hinni löngu ræðu hv. 10. landsk., enda sannast að segja ekki mörgu að svara, þrátt fyrir lengdina. — Hv. þm. sagði, að þetta frv. minnti sig á úrskurð Rússakeisara um það, hvar járnbrautin ætti að liggja milli Pétursborgar og Moskva, er hann lagði reglustikuna á kortið. En hann gleymdi að geta þess, að einmitt þessi járnbraut er nú talin einhver hin „tekniskt" fremsta meðal járnbrauta nútímans. Ég held, að sú verði líka reyndin á um jarðræktarlögin, að þau verði í framtíðinni talin vera í samræmi við sinn tíma, enda eru þau samin af hinum færustu mönnum með sérstöku tilliti til framtíðarinnar.

Hv. 10. landsk. vildi þó halda því fram, að undirbúningur frv. væri ófullkominn og hefði verið miklu betri undir gömlu jarðræktarlögin. En ég vil benda á það, að frv. þetta er samið af búnaðarmálastjóra og starfsmönnum búnaðarfélagsins og þremur ágætum og alþekktum bændum. Þar við bætist, að jarðræktarlögin hafa nú verið reynd í 10—20 ár, og því hægt að styðjast við reynslu hinna beztu og gleggstu manna af þeirri löggjöf. Það hefir verið að því fundið, að frv. hafi verið lagt of seint fyrir þingið. En ég álít það aðeins slæman sið, að frv. liggi tímunum saman fyrir þinginu, án þess að á þau sé litið. Öllum var kunnugt um, að mál þetta var í undirbúningi, enda hefir það þegar verið rætt meira í blöðum og manna á milli en nokkurt annað mál, sem fyrir þinginu liggur. Reynsla manna af gömlu löggjöfinni gerir mönnum og léttara fyrir að skilja, hvað um er að ræða. Er hér ólíku saman að jafna og brtt. þeim, sem hv. 10. landsk. hefir sjálfur komið fram með við jarðræktarlögin hér á þingi tvisvar sinnum og talið mjög mikilsverðar. Hvers vegna átti ekki að bera þær undir Búnaðarfélag Íslands?

Andstæðingar málsins tala mikið um frelsi Búnaðarfélags Íslands. Það er nú bezt að athuga, hvernig þessu frelsi var háttað undir stjórn hv. 10. landsk. Þá voru tveir menn af þremur í stj. félagsins skipaðir af atvmrh., eftir till. landbn. Alþingis. Félagið var því þá fullkominn bandingi Alþingis og réð engu um sín mál, ekki einu sinni um sín einkamálefni. Stjórnin, sem Alþingi réð, valdi búnaðarmálastjóra og aðra starfsmenn. Þetta fyrirkomulag var hv. 10. landsk. ánægður með. Þegar kom dauft kvak frá félaginu um það að hafa ekki tvo búnaðarmálastjóra, var því alls ekki sinnt, né heldur áskorunum um ákveðinn búnaðarmálastjóra. Við síðustu kosningar tók Framsfl. það á kosningastefnuskrá sína að leysa þennan bandingja, og skyldi félagið kjósa stjórn sína sjálft. En til bráðabirgða var freistað að ná samkomulagi milli félagsstj. og landbrh. um búnaðarmálastjóra, sem tókst, eins og menn vita. Þetta er grundvöllurinn undir hinni nýju löggjöf. Það er talið

réttlátt og eðlilegt, að félagið ráði sjálft sínum eigin málum, en að þau mál, sem það fer með í umboði ríkisins, eigi að sæta opinberri íhlutun. Nú segir blaðið Framsókn, sem allt er um þetta mál, að með 3. gr. sé búnaðarfélagið svipt öllu frelsi, af því að gr. er misskilin á þá leið, að búnaðarmálastjóri geti vísað öllum ágreiningi til ráðh., líka þeim, er snertir einkamálefni félagsins. Ég vil leyfa mér að lesa upp 3. gr. í heild. Hún hljóðar svo:

„Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðsoð ráðunauta og trúnaðarmanna í samráði við stjórn félagsins. Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á, skal skjóta ágreiningsatriðinu til landbrh., er fellir fullnaðarúrskurð um málið."

Það er auðsætt, að hér er átt við áfrýjunarrétt í þeim málum, sem Búnaðarfélag Íslands fer með fyrir ríkið. Og er það að svipta félagið rétti og frelsi, þótt framkvæmdarstjóri megi áfrýja til umbjóðandans, ef ágreiningur verður?

En þótt þessi gr. sé svona ljós, hefir hún verið misskilin, eins og ég skýrði frá. En aths. við þessa gr., 3. gr., taka af allan vafa, ef nokkur gæti verið. Ég vil því leyfa mér að lesa þær:

„Ágreiningi, sem kann að rísa milli stjórnar Búnaðarfélags Íslands og búnaðarmálastjóra út af framkvæmdum þeirra mála, er búnaðarfélagið fer með í umboði ríkisstjórnarinnar, er ætlazt til, að verði skotið til landbrh. til úrskurðar, og virðist það sjálfsagt. Það mun öllum aðiljum fyrir beztu, að þesskonar ágreiningsmál verði sem fyrst leyst, og sýnist þetta vera eðlilegasta lausn þeirra mála."

M. ö. o.: Þeir, sem skrifað hafa í blað þessa hv. þm. um þetta atriði, hafa fyrst og fremst misskilið gr. og auðsjáanlega ekki lesið grg. fyrir frv.

Svo kemur endirinn á öllu saman, eftir að deilt hefir verið á það, að Búnaðarfélag Íslands hafi verið svipt öllu frelsi, og hann er þannig. að sagt er í þessari blaðagrein, sem ég sé, að hv. 10. landsk. hefir fyrir framan sig, að það sé vitanlega ekkert við það að athuga og það virðist sjálfsagt og eðlilegt, að búnaðarmálastjóra væri fenginn áfrýjunarréttur um þau málefni, sem búnaðarfélagið fer með í umboði ríkissjóðs. M. ö. o. nákvæmlega það sama og ákveðið er í gr., nema hvað þessir menn, sem telja sig vera að vernda frelsi búnaðarfélagsins, ganga lengra, því að þeir halda fram, að áfrýjunarrétturinn ætti að ná til hvers einasta manns, sem framkvæmdir búnaðarfélagsins koma fram við, í öllum þeim málefnum, sem búnaðarfélagið fer með í umboði ríkissjóðs, — að hver einasti maður, sem þannig stendur á, geti áfrýjað til landbrh. Ég segi fyrir mig, að ég mundi alls ekki vilja taka við því valdi, sem blað þessara manna vill fá mér í þessu efni. En þetta sýnir það, að það atriði, sem mest er deilt um, hefir verið svo gersamlega misskilið, að fyrst er deilt á ríkisstj. fyrir ákvæði í frv., sem alls ekki er til. Síðan er í niðurlagi gr. sýnt fram á, að einmitt það, sem er innihald frv., sé á allan hátt eðlilegt og sjálfsagt, og meira en það; þeir, sem vilja verja frelsi búnaðarfélagsins, vilja ganga lengra í áfrýjunarréttinum. Þegar svona fer um þau atriði frv., sem meir er deilt um heldur en öll önnur ákvæði frv. til samans, þá er hægt að hugsa sér, á hvaða rökum og skilningi allar þær ádeilur, sem hafa komið fram gegn þessu frv., eru byggðar. Það, sem raunverulega hefir verið gert með þessu frv., og það, sem við munum fá tækifæri til að tala um á öðrum vettvangi en þessum, er það, að Búnaðarfélagi Íslands hefir í fyrsta skipti verið veitt það frelsi, sem félagið var svipt með jarðræktarlögunum, sem nú gilda, og það hjó undir í góðu næði allan þann tíma, sem hv. 10. landsk. var landbrh. Eftir þessu frv. getur félagið kosið sína eigin stjórn, og sú stjórn fer með öll málefni félagsins og málefni í umboði ríkisstj. Ef ágreiningur verður á milli búnaðarmálastjóra og félagsstj., er áfrýjunarréttur til ríkisstj. aðeins í þeim málefnum, sem það fer með í umboði hennar. Þetta er nú allt einræðið, sem lagt hefir verið út af.

Þá er annað atriði, sem mikið hefir verið deilt á ríkisstj. fyrir, og það er, að sett er sérstakt ákvæði í frv. um það, hvernig eigi að kjósa til búnaðarþingsins. Það er talið hið mesta ófrelsi og nálega hneykslí, að Alþingi skuli setja lög um búnaðarfélagið, og það þykir benda á, að hér sé enn verið að leika þann leik við búnaðarfélagið að svipta það því valdi, sem það eigi að hafa. Það, sem fyrst og fremst er um þetta atriði að segja, er, að með þessu ákvæði er bændum landsins gefinn beinni kosningarréttur til búnaðarþings heldur en hingað til hefir verið samkv. ákvæðum, sem gilt hafa í lögum um Búnaðarfélag Íslands. Og er það eitthvert ófrelsi, sem bændur landsins eru beittir, að láta þá fá beinni kosningarrétt til þess að kjósa þá fulltrúa, sem þeir senda á búnaðarþing til þess að ræða sín stærstu áhugamál? Hverjum er það í óhag að vera veittur þessi beini kosningarréttur? Er það bændum í óhag? Er það bændum í óhag, að þeir fá beint með atkvæði sínu að hafa áhrif á það, hverjir eru valdir á búnaðarþing? Ég er ekki í neinum vafa um það, að þessi beini kosningarréttur hefir þau áhrif, að það vaknar miklu meiri áhugi meðal bænda fyrir því, hvernig verður valið á búnaðarþing. Þessu ákvæði er einmitt ætlað að kveikja það líf í starfsemi Bf. Ísl., sem hefir óneitanlega þótt vanta tilfinnanlega hingað til. Það sýnir ekkert betur heldur en einmitt það, hversu ófullnægjandi Bf. Ísl. er að sumu leyti íslenzkum bændum. Á undanförnum árum hafa þeir gert hverja tilraunina eftir aðra til þess að stofna landssamband bænda og kjósa fulltrúa á landsfund til þess að ræða sín áhugamál utan við búnaðarfélagið.

Það er talið einsdæmi, að sett séu lög um félagsskap í landinu. En hvað er um hlutafélögin? Eru ekki sett lög um hlutafélög? Eru það ekki lög, að það er ekki hægt að stofna hlutafélög, sem hafa viss réttindi, nema með því að fara nákvæmlega eftir þeim lögum, sem Alþingi hefir sett um slíkan félagsskap? Meira að segja er farið svo nákvæmlega út í þetta, að skráning fer fram á þessum félögum og ýtarleg rannsókn á því, að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, sem Alþingi hefir sett. Eru ekki sett lög um samvinnufélög? Það getur ekkert samvinnufélag

starfað, nema það sé skráð og það sé rannsakað, að félagið starfi í fullu samræmi við þau lög, sem Alþingi hefir sett. Skiptir það kannske dálítið minna fyrir Bf. Ísl. heldur en hlutafélög, sem sérstök lög eru sett um? Það hefði kannske verið ástæða til að koma fram með slíkar aðfinnslur, ef löggjöfin um kosningarréttinn hefði gengið í þá átt að takmarka réttindi þeirra, sem eiga að kjósa á búnaðarþing, en þegar þess er gætt, að kosningarrétturinn er gerður miklu frjálsari fyrir bændur, þá er það einkennilegt, að slík ádeila skuli koma fram frá þeim manni, sem þykist vera að verja réttindi íslenzkra bænda.

Ég veit ekki, hvort ég get farið út í öll þau atriði, sem hv. 10. landsk. tíndi upp viðvíkjandi ákv. 9. gr. frv., en sú grein fjallar um styrkinn og gerir breyt. á jarðræktarlögum þeim, sem nú gilda um það atriði. Ég get aðeins bent á það, að í grg. með þessari gr. er tafla, sem sýnir, að hve miklu leyti styrkurinn fyrir einstakar framkvæmdir hefir lækkað og fyrir hverjar hann hefir hækkað. — Hv. 10. landsk. notaði þá málfærslu, að hann tók þá sex liði, þar sem styrkurinn er lækkaður, og útfærði það, en minntist ekkert á þau tólf tilfelli, þar sem styrkurinn er hækkaður, en hann hefir hækkað í tólf tilfellum, en lækkað í sex. Þetta er rétt til þess að sýna, hversu heiðarleg málfærslan er, þegar verið er að deila um þetta atriði. Ég vil segja hv. 10. landsk. það, að hann mun fá að sjá á sínum tíma þær skýrslur, sem hafðar hafa verið til hliðsjónar, þegar þessi ákvæði voru sett, og hann mun fá að sjá það eftir útreikningum, sem eru nákvæmari heldur en hann las upp, hvaða áhrif þessi breyt. á jarðræktarstyrknum hefir fyrir íslenzka bændur. Og á þessu stigi málsins ætla ég að segja hv. 10. landsk. það, að hann má vera viss um, að það hefir verið nákvæmlega útreiknað, áður en þessi ákvæði voru sett, hvernig þessi styrkur verkar, svo að hann getur ekkert kennt þeim, sem undirbjuggu frv., í þeim efnum. Ég skal aðeins benda á það í þessu sambandi, að þegar þessi styrkur var ákveðinn, sem hér er gert ráð fyrir í frv., var hann ákveðinn af þessum sömu mönnum, sem undirbjuggu frv. í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefir af þessum framkvæmdum, og í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefir af því, hvaða framkvæmdir er sérstaklega nauðsynlegt að styrkja, og sérstaklega þá, fyrir hvaða framkvæmdir á að hækka styrkinn. — Það var eitt atriði sérstaklega, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, og það voru nokkrar lækkanir, sem gerðar verða á styrk fyrir græðisléttur, þaksléttur og sáðsléttur í túnum. Aftur á móti standa sáðsléttur í nýrækt í stað. Ég ætla að benda hv. þm. á það, að þetta er gert vegna þess, að að dómi þeirra, sem þekkja bezt til ræktunar og látið hafa skoðun sína opinberlega í ljós um þetta atriði, — og get ég þá sérstaklega bent á Ólaf Jónsson framkvæmdarstjóra Ræktunarfélags Norðurlands og Árna G. Eylands — er það beinlínis eðlilegt, að það sé dregið úr þeim ræktunaraðferðum, sem þeir telja óheppilegar, en hinsvegar frekar styrktar þær ræktunaraðferðir, sem eru taldar beztar. Og það vita allir, sem fást við ræktun, að nú er meir og meir stefnt að því að nota sáðsléttuaðferðina.

Það yrði of langt mál, ef ég talaði um það lið fyrir lið, á hverju einstakar hækkanir eru byggðar og á hverju einstakar lækkanir eru byggðar. En það hefir, eins og önnur atriði frv., verið nákvæmlega athugað af þeim mönnum, sem hafa undirbúið þetta mál.

Það má í þessu sambandi benda á eitt atriði, sem fundið hefir verið að, og það er, að ekki hefir verið hækkaður styrkur fyrir steinsteypuhlöður. Steinsteypuhlöður geta að vísu verið góðar, en það er ekki deilt um það nú af mönnum, sem hafa fengið reynslu um þetta atriði, að aðrar hlöður, sem hægt er að byggja miklu ódýrar, geti verið og séu oftast betri, og með tilliti til þessa er nú veittur styrkur út á þær hlöður, sem alls ekki var veittur styrkur út á samkv. jarðræktarlögunum. Svona er um mörg atriði, sem ég ætla ekki að fara sérstaklega út í, vegna þess að það mundi tefja allt of mikið þessar umr.

Hv. 10. landsk. fór um það mörgum orðum, hvernig þessi 20% hækkun á styrknum hjá þeim mönnum, sem ekki hafa ennþá fengið 1000 kr. í styrk, verkaði. Hv. þm. sýndi fram á, þegar hann var búinn að lesa upp þær breyt., sem hafa verið gerðar á styrkveitingum samkv. 9. gr. frv., hvernig þetta verkaði í sumum tilfellum til lækkunar, með því að taka aðeins — með þeirri heiðarlegu málfærslu — þá liði, þar sem styrkurinn er lækkaður, en sleppa hinum. Eftir að hv. þm. var búinn að fara um þetta mjög mörgum orðum og lýsa því átakanlega, þá snýr hann sér að því að tala um jörð, sem sé sérstaklega góð, sem hafi stórt flæðiengi og slétt tún, og ekkert hafi verið gert að jarðabótum á henni. Þá snýr hv. þm. við blaðinu — en ég efast um, að hann hafi tekið eftir því, því að hann var svo æstur — og fór um það mörgum orðum, að nú eigi að fara að verðlauna þessa jörð. Ég vil því spyrja þennan hv. þm. að því, úr því að hann heldur því fram, að ekki eigi að veita styrk þeim jarðeigendum, sem búa á jörðum, sem hafa stórt flæðiengi og slétt tún, hvers vegna þær jarðir hafi ekki verið undanskildar í þeim jarðræktarlögum, sem nú gilda. Því að með nákvæmlega sömu röksemdinni mætti halda því fram, að það hefði átt að undanskilja þessar jarðir frá upphafi. En ég get sagt hv. þm. það, að þetta atriði hefir verið mjög vel rannsakað, þegar frv. var samið. Ég vil ennfremur spyrja þá hv. þm., sem hér eru viðstaddir í d., hvort þeir vildu ekki, ef setja ætti ákvæði um að undanskilja vissar jarðir, sem hefðu stórt flæðiengi og slétt tún, gera sér grein fyrir því, ef þeir ættu að hugsa þessa hugsun til enda, hvernig ætti að koma slíku ákvæði við. Það yrði sem sagt að mæla öll flæðiengi í þessu landi og mæla, hvað þau eru góð, því að flæðiengi eru ákaflega misjöfn. En allt þetta skraf um það, að þær jarðir, sem hafa stórt flæðiengi og slétt tún, skuli ekki njóta þessarar hækkunar, sýnir ef til vill betur heldur en flest annað, í hvað miklum vandræðum andstæðingarnir eru með að finna rök gegn þessu frv., því að þetta er ákvæði, sem alltaf hefir verið í jarðræktarlögunum síðan þau voru sett 1923. En það er vitanlegt, að það er ómögulegt að koma í veg fyrir það, þegar sett er lagaákvæði eins og þetta, sem yfirleitt grípur til þeirra jarða, sem eru verr úr garði gerðar frá

náttúrunnar hendi, að það nái til hinna líka, sem betri eru frá hendi náttúrunnar. Og það sér hver maður, sem nokkuð þekkir til jarðræktar, að erfiðleikarnir við jarðræktina eru fyrst og fremst í byrjun, og þess vegna er ástæða til þess að létta sérstaklega undir með þeim, sem eru að byrja á sinni jarðrækt. En þegar menn hafa unnið það mikið að jarðabótum, að þeir hafa fengið 1000 kr. í styrk og þar yfir, þá geta þær framkvæmdir, sem hafa verið gerðar, staðið undir þeim framkvæmdum, sem þar koma á eftir. Aðalatriðið er að geta komið mönnum af stað, styrkt þá, sem eru að byrja og hafa enga jarðrækt á sinni jörð, til þess að standa undir áframhaldandi jarðrækt.

Þá minntist hv. 10. landsk. á gallana, sem eru á tveimur gr. þessa frv. Það sýnir e. t. v. betur en flest annað, hvað frv. er vel undirbúið, að með öllum þeim sparðatiningi, sem þessi hv. þm. hefir í frammi, getur hann ekki fundið nema tvær gr. í þessu frv., sem hann getur talið, að sé vansmíði á. Og vansmíðið er nú allt það, að því er hv. þm. telur, að í 51. gr. frv. er vísað til 43. gr. Ég ætla ekki að tefja umr. með því að lesa upp þessar gr., en ef hv. þm. vill lesa betur saman þessar gr., sér hann, að það er fullt samræmi í þeim, svo að þetta er ekki annað en útúrsnúningur eða misskilningur.

Svo var annað atriði, sem hv. þm. setti út á, að í 29. gr. stendur „hann“ í staðinn fyrir „það“, þar sem vísað er til Bf. Ísl. Það er auðsjáanlega aðeins prentvilla, sem auðvelt er að laga. Þetta eru atriðin, sem hv. þm. getur fundið að frágangi frv.

Svo kemur hv. þm. að einstökum gr., sem hann er mótfallinn að efni til. Það er þá einkum 17. gr., sem hann telur varhugaverða. Ákvæði 17. gr. eru sett inn samkv. ósk og yfirvegun þeirra manna, sem fest hafa augu á því, hvernig jarðræktarstyrkurinn kemur til með að verka á íslenzkan landbúnað í framtíðinni, ef ekkert verður að gert. Það, sem raunverulega er verið að gera nú, er, að það er lagður fram af hálfu ríkisins styrkur til þess að auka verðmæti jarða. Það er lagður fram styrkur, sem nemur fleiri þús. króna, til þess að bæta jarðirnar og þar með að auka verð þeirra. Það, sem svo gerist, þegar sá, sem fengið hefir þessa peninga og hækkað jörð sína í verði, fer frá jörðinni og selur hana, er það, að þeir peningar, sem ríkið hefir lagt fram, eru seldir bóndanum, sem tekur við, og síðan á hann æfilangt, og sömuleiðis næsti bóndi og næstu kynslóðir, að borga vextina af því fé, sem ríkið hefir fengið einum einasta manni í hendur. M. ö. o.: Verðhækkunin, sem þannig kemur fram, lendir sem byrði á kynslóðunum, sem koma á eftir. Það er þetta, sem ákvæðið í 17. gr. á að fyrirbyggja. Mér þótti gott að heyra það, vegna þess að það hefir mikið verið deilt um þetta atriði, að jafnvel hv. 10. landsk. treystir sér ekki lengur til þess að verja þann málstað, að ekkert ætti að gera í þessu efni. Þetta er einmitt eitt af mestu ádeiluatriðunum á þetta frv., og hefir því m. a. verið haldið fram í blaði hv. þm., að nú ætlaði ríkið að taka aftur það, sem það hefði lagt í jarðirnar. Nú er þó þessi hv. þm. kominn það langt, að hann segist geta viðurkennt, að það væri kannske ástæða til þess að koma í veg fyrir það, að þessi byrði lenti á komandi kynslóðum, og henti í því sambandi á aðra aðferð. Hv. þm. er þó byrjaður á að ganga inn á okkar málstað í þessu máli, en hann álítur, að hægt sé að stofna sérstaka sjóði, sem fylgi jörðunum. En hvaða sjóðir eru betur til þess fallnir heldur en sveitarsjóðurinn, þar sem jörðin er? Það er sveitarsjóðurinn, sem á að taka við þessari upphæð, sem þannig á að koma þeim bændum til góða í því héraði, sem jörðin er. Mér þykir mjög vænt um að heyra, að frv. fær þó þessa viðurkenningu hjá hv. 10. landsk. og að hann er horfinn frá þeim málflutningi, að ekkert eigi að gera í þessu efni. Ég býst við, að það fari svo, að því lengur sem þetta mál er rætt, því fleiri ákvæði verði það, sem þessi hv. þm. sér þann kost vænstan að ganga inn á.

Það leiðir af sjálfu sér, að ákvæði 19. gr. takmarkast af l. um nýbýli og að þeir menn, sem fá 2300 kr. framlag úr ríkissjóði samkv. því, sem þar er ákveðið, fá ekki jarðræktarstyrk á það framlag, og þurfti því ekki að gera aths. við það.

Viðvíkjandi 25. gr. vil ég segja það, að þar fór hv. 10. landsk. alveg rangt með. Ég var hissa, þegar hann gerði þá aths. við frv., að styrkurinn til véla væri í því lækkaður frá því, sem ákveðið er í eldri l. Hann virtist það augnablikið hafa fyrir sér ákvæði, sem voru í frv. upphaflega, þegar það var lagt fyrir, en ekki eins og það liggur fyrir nú. Eldri ákvæðin um þetta er að finna í l. nr. 75 frá 1933, og þar er ákveðið, að til kaupa á hestaverkfærum til jarðræktar leggi ríkissjóður fram helming, en til heyvinnuvéla og tóvinnuvéla $^1/_3$ kaupverðs. Hámarksstyrkur er þar ákveðinn 300 kr. En samkv. ákvæðum frv., eins og það liggur fyrir nú, þá er þessu breytt þannig, að hámarkið er fyrst og fremst hækkað úr 300 kr. upp í 400 kr., og að öðru leyti eru hlutföllin þannig, að styrkurinn fremur hækkar en lækkar. Það, sem hv. þm. sagði um þetta atriði, er því gersamlega rangt með farið, en um það var einmitt mikill hluti af ræðu hans. Það var ákaflega mikill gustur á hv. þm., og get ég vel skilið, að hann hafi gripið skakkt frv. í mesta fuminu, og getur þetta stafað af því, en ekki hinu, að hann fari vísvitandi rangt með.

Hvað snertir 33. gr., þá sést það af samhenginu við gr. á undan og eftir, að það er vitanlega ætlazt til, að það sé Bf. Ísl., sem dæmir um, hvenær á að kaupa skurðgröfur.

Þá voru ákvæði 52. gr. eitt af því, sem hv. þm. gerði mikið veður út af. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp gr. Það sýnir ef til vill betur en margt annað, þótt málafærslan væri yfirleitt öll svipuð, hvernig hv. þm. hefir misskilið mikið af ákvæðum frv. eða fer vísvitandi rangt með þau. Gr. hljóðar svo:

„Með þeim takmörkunum, sem felast í 51. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðbinda það fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu, að frádregnum opinberum styrk.“

Nú vil ég spyrja hv. þm.: Hvaða áhrif hefir það á rétt þess, sem lánar út á þessa eign, að

ekki má veðbinda eignina fyrir hærri fjárhæð en hér er tiltekið? Hann lagði út af því í löngum kafla ræðu sinnar, hvernig færi fyrir veðhafanum, ef þessi eign skemmdist, t. d. fyrir sjógang eða eitthvað þesshättar. Nú sér hver heilvita maður, sem les gr. og hugsar um þetta atriði, hvílíka firru hv. þm. fer hér með. Eins og veðhafinn væri betur settur, ef sá, sem hefir landið, mætti veðsetja það fyrir ennþá hærri upphæð. Ef maður má veðsetja eign fyrir 2000 kr., mundi þá ekki veðhafi vera ennþá verr settur, ef það mætti veðsetja hana fyrir 4—5 þús., og svo eyðilegðist hún á einhverju hátt?

Ég hefi þá farið í gegnum einstök atriði þessa frv. Ég hefi gert það í eins stuttu máli og ég frekast gat, þar sem áliðið er orðið og vitað er, að afgr. á nokkur mál önnur í kvöld eða nótt. Ég býst við, að þetta verði eitt af þeim málum, sem við fáum seinna tækifæri til að ræða á opinberum vettvangi, þar sem fleiri heyra mál okkar heldur en hér í hv. d. Ég skal því láta máli mínu lokið í aðalatriðum. Ég vil aðeins benda á það, sem ég reyndar sagði í upphafi máls míns, að þegar hv. þm. heldur því fram, að það sé gerræði gegn Bf. Ísl. að afgr. þetta mál án þess að senda það fyrst búnaðarsamböndunum og búnaðarþingi, þá er það í álíka samræmi við hans framkomu eins og yfirleitt allt, sem hann heldur fram. Hann gerir það að ádeiluatriði, þegar hann fær höndum undir komið, að sú frumvarpsómynd, sem hann hefir á undanförnum þingum borið fram um breyt. á jarðræktarlögunum, skuli ekki hafa verið látin ganga gegnum þingið viðstöðulaust, án þess að það væri sent búnaðarsamböndunum. Svo á það að vera hin mesta goðgá, að þetta frv. gangi fram, sem er margfalt betur undirbúið og samið af búnaðarmálastjóra og starfsmönnum Bf. Ísl., — þeim mönnum, sem mesta þekkingu hafa á þessum málum. Það er svipað um þetta og hitt atriðið, sem hann gerir mest úr, að nú eigi að svipta búnaðarfélagið öllu frelsi, þótt hægt sé að sýna fram á með skýrum rökum, að nú fyrst er verið að gefa búnaðarfélaginu frelsi, sem í stjórnartíð þessa hv. þm. var algerlega háð því, hvernig Alþingi skipaði stjórn þess. Því sá hann ekki minnstu ástæðu til að breyta meðan hann var ráðh.

***Þorsteinn Briem:** Ég hafði búizt við, að minni hl. landbn. tæki til máls á undan mér, en hann hefir skroppið út úr d., líklega verið kallaður í síma, og hefir því láðst að biðja um orðið. Mér er og einkar ljúft að taka strax til máls. Hæstv. forsrh. tók nokkuð undir þá líkingu, sem ég tók af járnbrautarlagningu Rússakeisara. Hann kannaðist vel við þessa gömlu sögu um það, þegar Rússakeisari lagði reglustriku á kortið, strikaði eftir henni með penna og sagði: „Svona á járnbrautin að liggja.“ Hann vildi ónýta þessa samlíkingu með því að segja, að verkfræðingarnir hefðu lagt alla alúð við að leggja þessa járnbraut, þótt svona fyrirskipun kæmi frá einvaldanum, og að hún hefði verið lögð eftir fyllstu teknik. Ég skal ekki bera á móti því. Það hefði vafalaust ekki verið hægt að leggja járnbraut þessa þráðbeina leið án þess að nota teknik. Hæstv. ráðh. vildi halda fram, að þetta væri einmitt aðferðin, sem ætti að hafa. Hvernig var um lagafrv. það, sem hæstv. samgmrh. var að gangast fyrir hér í þinginu nýlega? Krýsuvíkurvegurinn umtalaði mun eiga að leggjast eftir reglustriku? Önei, hæstv. ráðh. vék frá reglustrikuaðferð sinni þar og þar það fyrir, að það væri rétt að taka ofurlítið tillit til staðhátta, snjóalaga og annars slíks. Hann vill gera töluverða lykkju á leið sína og gera veginn helmingi lengri heldur en reglustrikuleiðin mundi hafa orðið. Það virðist því svo, að hæstv. ráðh. noti ekki reglustrikuaðferðina ávallt, þótt hann sé að halda henni fram.

Hæstv. ráðh. var að reyna að bera í bætifláka fyrir ýms vansmíði þessa frv. Hann gerði það ekki með því að afsanna vansmíðin, síður en svo. Hann gerði mjög lítilfjörlegar tilraunir til þess, og þær tilraunir fórust honum óhönduglega, sem von var, ekki af hæfileikaskorti, heldur af því, að það er jafnan erfitt að verja vont mál. Og það eina, sem hann gat fært sér til málsbótunar, var það að flýja á bak við þá menn, sem höfðu veitt honum aðstoð sína til þess að koma þessum lagavef upp í þetta illa ofna og óþæfða vaðmál, sem hér er til sýnis í þessu frv. Ég hafði ekki íað með einu orði í þá átt, að þeir menn, sem kunna að hafa hjálpað hæstv. ráðh. við undirbúning frv., væru neitt slæmir menn. Þeir geta verið góðir bændur og því um líkt. Ég veit um einn, sem er mesti myndarbóndi og mun hafa lagt til allt nýtilegt, sem í þessu frv. er. Vil ég sízt draga heiðurinn af honum.

Hæstv. ráðh. sagði, að þessir menn, sem hefðu haft aðalundirbúning málsins með höndum — sem mér skilst, að hafi átt að heita einhver n., þótt sú n. hafi starfað með mikilli leynd og lítið verið um hana talað, eins og fleiri n., sem hæstv. stj. hefir skipað, það er ekki alltaf verið að auglýsa þær eða kostnaðinn við þær —, hefðu notið aðstoðar enn annara manna. Ég skal ekki bera á móti, að þeir hafi stuðzt við upplýsingar frá öðrum mönnum, og það jafnvel sér færari. Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið leitað upplýsinga hjá starfsmönnum búnaðarfélagsins. Ég veit, að þær upplýsingar hafa verið vel af hendi látnar, svo þess vegna hefði mátt búa til gott frv. En fengu þessir starfsmenn miklu að ráða um frágang frv.? Ég hefi fyrir satt, að sumir þeirra starfsmanna búnaðarfélagsins, sem hafa jafnvel veitt mikilsverða aðstoð við samningu þessa frv. í sumum atriðum að því er snertir nauðsynlegar upplýsingar, þeir hafi ekki fengið að sjá eða að neinu leyti frétta um suma kafla frv. Það er a. m. k. vitað um 1. kafla frv., að hann munu ekki nema einstakir útvaldir menn hafa fengið að sjá, nema þá undir ströngum þagmælskueiði.

Hæstv. forsrh. vildi slá því föstu sem algildri reglu, að lagafrv. bötnuðu yfirleitt ekki á því, þó hv. þm. gæfist kostur á að athuga þau á Alþingi. Ég veit nú ekki, hvort hæstv. ráðh. fær marga þm. með sér á þetta mál, og ég efast meira að segja um, að hann fái nokkurn heilskyggnan mann til þess að fallast á þessa skoðun, Hinsvegar lætur honum það vafalaust miklu betur að tala við þá menn, sem trúa blint á hans flokkssjónarmið, hans málstað og málsvörn.

Hann minntist á frv. það til breyt. á jarðræktarlögunum, sem ég hefði borið fram á undanfarandi þingum, og vildi í því sambandi færa það sem afsökun fyrir því, að þetta frv. væri ekki borið undir Bf. Ísl., eða beðið eftir umsögn búnaðarþings um það, að Bf. Ísl. hefði ekki fengið að segja sitt álit um mitt frv. Ég get upplýst hæstv. ráðh. um það, að frv. það, sem ég hefi flutt um breyt. á jarðræktarlögunum, var samkv. till. minni í landbn., sem ég átti þá sæti í, þegar frv. var fyrst borið fram, sent Bf. Ísl. til umsagnar, og búnaðarfélagið veitti því frv. eindregin meðmæli sín. Og það var ekki aðeins, að búnaðarfélagið eða stjórn þess fengi málið til umsagnar og rækilegrar athugunar, heldur fékk búnaðarþingið það líka til meðferðar, og var það þar athugað í sérnefnd. Búnaðarþingið gerði sínar till. um breyt. á frv., sem að vísu voru aðeins um eitt atriði, en töluvert mikilsvert, og ég tók þær till. algerlega til greina, er ég bart málið fram á Alþingi næst, og einnig í þriðja sinn, er ég flutti það.

Það er háttur hæstv. forsrh., þegar hann kemst í rökþrot, að hann flýr burtu frá því, sem um er að ræða, og fer út í aðra sálma. Ég hafði talað um, að þegar væri búið, eftir alllanga baráttu af búnaðarfélagsins hálfu, að veita því fyllri sjálfstjórn heldur en það hefði áður haft, þá skyti nú skökku við að fara að skerða þessi réttindi aftur, að taka aftur með hægri hendi stj. nú það, sem hin vinstri gaf á síðasta þingi. Þá hleypur hæstv. ráðh. aftur í liðinn tíma, meðan búnaðarfélagið var að berjast fyrir rétti sínum, og segir, að frelsi búnaðarfélagsins hafi þó einu sinni áður verið skert. Það mælir því ekki bót, að nú sé skertur réttur búnaðarfélagsins, þótt það hafi verið gert einhverntíma áður, og því síður, að réttur þess sé meira skertur heldur en áður var, eins og hér er um að ræða. Í sambandi við það, að hæstv. ráðh. var að brigzla mér og þeim flokki, sem ég til heyri, fyrir það, að hann hefði ekki verið því fylgjandi, að búnaðarfélagið fengi sjálfstæði í sínum málum, get ég minnt hann á það, að Bændafl. setti strax á sína fyrstu stefnuskrá, að hann vildi vinna að því, að búnaðarfélagið fengi full umráð yfir sinni stjórnarkosningu. Ætla ég, að ég hafi með því fyllilega hrakið þau brigzlyrði, sem hann reyndi að bera fram á hendur mér og mínum flokki.

Það mátti segja, að hæstv. ráðh. breytti ekki heldur út af venju sinni, þegar hann er í vandræðum að svara þeim mönnum, sem hann á orðastað við, þegar hann kom að þeim ýmsu ákvæðum 1. kafla frv., er lúta að því að skerða frelsi búnaðarfélagsins. Þá reyndi hann ekki að svara þeirri ræðu, er ég hafði flutt, heldur tók sér fyrir hendur það, sem honum mun hafa þótt auðveldara, að reyna að svara aðsendri grein, sem birzt hefir í bændablaðinu Framsókn. Vitanlega færði hann orð þeirrar greinar úr lagi, sem ekki er tiltökumál um þennan hæstv. ráðh., með því að það er það eina, sem hann hefir yfirburði í í sínum málaflutningi, að snúa út úr og færa til annars vegar. Samt sem áður sýnir þetta frv., er hér liggur fyrir, að þessi aðsenda grein hefir ekki að ófyrirsynju fram komið, því að sá maður, sem eiginlega ber mest skylda til af þeim, er Alþingi sitja, til þess að sporna á móti því, að gengið sé á rétt búnaðarfélagsins, tók þó það atriði til greina, sem bent var á í þessari grein í bænda- og samvinnublaðinu Framsókn, og flutti í Nd. brtt. við 3. gr., sem fól í sér nokkra lagfæringu í þá átt, sem bent hafði verið á í umræddri blaðagrein. Ég vil spyrja: Hvers vegna þurfti að lagfæra gr. frá því, sem hún upphaflega var í frv.? Var það ekki einmitt af því, að sá maður í Framsfl., sem kunnugastur er þessum málum, sá, að höfundur hinnar aðsendu greinar hafði rétt fyrir sér í því, að þetta atriði þurfti lagfæringar við? Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um það, hvernig hæstv. ráðh. flýr af hólmi. — Hann réðst ekki mikið í að fara út í orð mín um þá lagabreyt., sem nú á að þvinga búnaðarfélagið til þess að gera. Hann var að reyna að bera af sér, að hann væri hér að sýna einræðishuga sinn gagnvart búnaðarfélaginu. En það er nú svona um hann, að það gægist bæði snoppan og jafnvel fleiri hlutar líkamans út undan gærunni. Ein snoppan hefir nú komið fram í dagsljósið í dag í sambandi við þá klásúlu við fjárlögin, sem kom fram af hálfu meiri hl. fjvn., við 2. lið 16. gr., þar sem ræðir um Bf. Ísl., og er lagt til, að öll starfsmannaráðning þess eigi að vera háð samþykki landbrh. Þarna kemur einræðishyggjan í ljós, sem minnir á það fyrirkomulag, sem tíðkaðist á einveldistímum Rússlands og á kommúnistastjórnartímabili hins nýja Sovjets og í öðrum harðstjórnarlöndum gagnvart hinum einstöku félagsmyndunum í ríkinu. Það er ekki aðeins, að Bf. Ísl. sé með ákvæðum frv. svipt ákvörðunarrétti um sín eigin l., heldur er það þvingað til þess að nær því tvöfalda ýmsan kostnað, sem fylgir, svo sem búnaðarþingskostnaðinn, sem fullyrða má, að eykst um nær helming. Auk þess er búnaðarfélagið þvingað til að haga kosningafyrirkomulagi sínu í sumum atriðum næsta einkennilega, þar sem sú skylda er lögð á búnaðarsamböndin að hafa m. a. það verk með höndum að mæla kosningarrétt einstaklinganna, félaganna, í fermetrum.

Ráðherrann þurfti að leita langt að sínum röksemdum, enda er honum það vorkunnarmál, þar sem rök voru ekki nærtæk fyrir málstað hans. Hann vildi m. a. reyna að sanna, að búnaðarfélagið hefði ekki gegnt vel sínu hlutverki, með því að komið hefðu fram tilraunir meðal bændastéttarinnar um að stofna landssamband bænda. Já, það er einmitt þess að geta, að frumhugmyndin að landssambandi bænda var ekki borin fram til andstöðu við búnaðarfélagið, heldur einmitt með stuðningi búnaðarfélaganna. Og það, sem fyrir þeim mönnum vakti, sem hófu fyrst máls á því, var síður en svo nokkur tilbekkni við búnaðarfélagið. Þvert á móti. Það vakti heldur mjög svipað fyrir þeim eins og fyrir þeim bændum í Noregi, sem stofnuðu til þess félagsskapar, sem er nefndur „Norsk Bondelag". Þar var áður mjög mikilsvirtur félagsskapur, „Selskap for Norges Vel", og þó að einmæli væri meðal norskra bænda um þennan félagsskap síðarnefnda, fannst þeim ástæða til að stofna til landssambandsins, til þess að vinna að fleiri mál-

um en allsherjarbúnaðarfélagið hafði með höndum, og til þess með sínu starfi að styðja einnig störf þess. Svo að þetta hálmstrá, sem hæstv. forsrh. grípur til í sínum átakanlegu rökþrotum, er svo langt frá því að sanna neitt hans mál. Þetta sannar heldur mitt mál svo sem bezt má verða. Ég hafði áður sýnt fram á, að kosningafyrirkomulagið, sem gilt hefir um nokkur ár í búnaðarfélaginu, er með samskonar hætti og hjá S. Í. S., þannig að félagsmenn heima í hverjum hreppi eða hverri deild kjósa fulltrúa á aðalfund félags síns, og aðalfundur kýs svo fulltrúa á aðalfund Sambandsins. Alveg á sama hátt er þessu kosningafyrirkomulagi varið hjá búnaðarfélaginu, að bændur í hverri sveit kjósa sér fulltrúa á aðalfund búnaðarsambandanna, og aðalfundir sambandanna kjósa fulltrúa á búnaðarþingið, sem má algerlega líkja við aðalfund S. Í. S. Ef hæstv. forsrh. vill enn reyna að halda því fram, sem höfundar þessa frv. halda svo sterklega fram í grg. fyrir frv., að þetta fyrirkomulag geti ekki samrýmzt lýðstjórnarfyrirkomulagi, vill hann þá um leið fella þann dóm, að skipulag Sambands íslenzkra samvinnufélaga samrýmist alls ekki almennu lýðstjórnarfyrirkomulagi? Eða ætlast hann til þess, að Alþingi Íslendinga leyfi sér að setja löggjöf til þess að breyta fyrirkomulagi Sambandsins í eitthvert annað horf, sem að hans dómi ætti að frelsa Sambandið frá þessu þvingunarfyrirkomulagi, yfir í eitthvert lýðstjórnarfyrirkomulag? — Nei, ég vil halda því fram, að bændur og búnaðarsambönd þeirra og búnaðarfélagið eigi að halda sínum rétti til þess að ákveða sitt skipulag, og þar á meðal sitt kosningafyrirkomulag, án íhlutunar og valdboðs af hálfu Alþingis.

Ég hafði varið aðalmáli mínu til að gera ýmsar aths. við ákvæðin í 9. gr. þessa frv. Hæstv. forsrh. vildi næsta lítið fara út í þær aths. Það litla, sem hann sagði, voru útúrsnúningar, og þarf raunar varla að taka það fram, með því að hans ræður yfirleitt eru nú sjaldnast annað en útúrsnúningar.

Hann vildi halda fram, að ég hefði aðeins vikið að þeim atriðum í gr., sem miða til lækkunar á styrknum. Ég hafði einmitt lesið upp hvern einasta lið í þessari gr., sem miðar til hækkunar, og byrjað á því. En ég sýndi það með tölum, sem ekki verður um villzt, hversu þessar hækkanir eru í flestum tilfellum litilfjörlegar; fór annars lítið út í það, mér fannst tölurnar sjálfar tala nægilega skýru máli. Og ég benti á það, að þær hækkunartill., sem í þessari gr. fælust, væru teknar upp hér um bil nákvæmlega á sömu línum og í frv. var, sem ég áður flutti hér á þessu þingi. Og ég votta höfundum þessa frv. viðurkenningu fyrir að hafa þá lesið frv. mitt með athygli. Í frv. minu voru einmitt teknir þeir liðir, sem mest nauðsyn var að styrkja, og þar með er fengin full viðurkenning stj. og þeirrar n., sem hún skipaði, og annara aðstoðarmanna hennar við undirbúning frv. þessa, fyrir því, að frv. mitt hafi í öllum atriðum horft í rétta átt. En hinsvegar er í öllum þessum hækkunarliðum gengið skemmra heldur en var í minu frv., og er óþarfi að telja alla þá liði. Skal ég aðeins minna á það stórkostlegasta, votheyshlöðurnar; þar er styrkurinn í þessu frv. hækkaður úr 50 aurum í 78 aura á dagsverk. En ég hefi lagt til, vegna brýnnar nauðsynjar, sem bændum er á þessum framkvæmdum, að styrkurinn væri hækkaður upp í 2 kr. á dagsverk.

Nú eftir að ég hafði lesið upp öll þessi atriði, sem fela í sér hækkun á styrknum, þá leyfir hæstv. forsrh. sér að segja í næstu ræðu, rétt þegar ég hafði lokið máli mínu, að ég hafi hlaupið yfir allar hækkunartill., sem í frv. felast. Ég veit ekki, hvað er ósvífin málafærsla, ef þetta er það ekki.

Hæstv. ráðh. hafði þann hátt um ýms atriði þessa frv. viðvíkjandi styrknum að flýja á bak við aðra menn, líkt eins og í símanjósnarmálinu og fleiri málum. Já, það er náttúrlega gott fyrir hann að hafa aðra sér betri menn að skildi; sannarlega veitir honum ekki af að hafa einhvern skjöld, því að engin hefir hann vopnin sjálfur að grípa til.

Hann þóttist vera eitthvað að andmæla mér með því að segja, að gallar gætu verið á steinhlöðum. Skritið er nú annað eins og þetta, að eftir að ég hefi á þremur þingum flutt frv. um það, að styrkur sé veittur til fleiri hlöðubygginga en þeirra, sem úr steinsteypu eru gerðar, og fært þær ástæður fyrir minu máli, að hlöður, sérstaklega úr járni og timbri, geyma hey betur en steinhlöður, og eftir að ég hefi bent á í grg. fyrir frv. og jafnan í framsöguræðum, að víða hagar svo til, að ekki er hægt að byggja hlöður úr steinsteypu, vegna þess að efnið vantar, — þá þykist hann eitthvað andmæla mér með því að telja gallað að byggja úr steini! En af því að ég tel steinhlöður góða og varanlega eign, þó að þær hafi einn galla, þá hafði ég í frv. minu lagt til, að styrkur til steinhlöðubygginga væri verulega hækkaður. En ég lagði og til í till. minni, að styrkur til annara hlöðubygginga úr vönduðu efni með vönduðum frágangi væri veittur riflega, sem sé króna á dagsverk. Ég get viðurkennt, að hæstv. forsrh. og þeir, sem hjálpað hafa honum með undirbúning þessa frv., hafa fallizt á mitt mál að nokkru leyti, þar sem þeir nú leggja til, að þurrheyshlöður úr öðru efni en steypu fái nú nokkurn styrk, þótt aðeins sé helmingur þess styrks, sem ég hefi lagt til í minu frv.

Þá kom hann að því, sem ég hefi sagt um 20% hækkunina. Ég hafði ekki með einu orði minnzt á, að ég væri mótfallinn því, að fátækir bændur, sem ekki hafa getað komið á jarðræktarframkvæmdum á sínum býlum, fengju þessa 20% hækkun, — síður en svo. En ég benti aðeins á það, að jafnvel þó að þeir fengju þessa 20% hækkun, þá væru þeir um sumar áríðandi framkvæmdir settir skör lægra en eftir núgildandi l. Þessu reyndi hann að snúa á þann veg, að ég hefði snúið við blaðinu. Ég hefi ekki talað um þetta frv. fyrr en hér, svo að þetta er eins og annað í útúrsnúningum hans. Hann ætlar mönnum orð, áður en þeir segja nokkurt orð, en heyrir svo ekki það, sem þeir segja. Þar sem ég benti á vansmíð á frv. í sambandi við þessa 20% hækkun, sem ég síður en svo andmælti, þá sagði ég, að þessi hækkun kæmi ekki alstaðar niður á þeim, sem mesta hafa þörf; þurfti hann ekki

að öfugsnúa þessu þannig, að ég hefði ekki viljað veita þeim bændum neinn jarðræktarstyrk, sem byggja á góðum jörðum. Ég veit ekki, hvernig hægt er að rangfæra orð manna herfilegar. Fyrr má nú vera að misskilja, óviljandi eða viljandi, heldur en svo. En þetta sýnir aðeins rökþrotin. Og ég vil segja, að mikið má vera, ef ráðh. hefir skilið sjálfan sig, og enginn annar mun hafa skilið hann. Ég talaði ekki eitt orð á móti 20% hækkun til smábænda og hefi aldrei gert. Ég sýndi aðeins fram á, hversu ýmsar staðreyndir í sambandi við þetta ákvæði væru litið athugaðar, og hversu mörg atriði hefði þurft að rannsaka betur til þess að ná þeim tilgangi, sem bar að keppa að.

Hæstv. ráðh. vildi færa það til málsbóta þeim, sem flytja þetta frv., að ég hefði ekki getað fundið nema tvær vitleysur í orðalaginu. Ég hélt nú kannske, að það væri nóg að benda á tvær vitleysur, og nennti ekki að fara í neinn spardatíning. Frv. ber sýnilega með sér, að það hefir verið gefið út í mörgum útgáfum, sennilega hæði áður en það kom í prentun og jafnvel eftir að það var fyrst prentað og gekk hér eins og leyniskjal með bekkjum meðal útvalinna manna. Og við breyt. hefir þess ekki verið gætt að samræma eitt öðru í ákvæðum þessa frv.

Hann vildi snúa orðum mínum um 17. gr. á þá lund, að ég væri mótfallinn því, að styrkur til jarðræktar yrði til þess að hækka jarðir ótilhlýðilega í verði. En ég benti aðeins á það, að þessi styrkur ætti í öðru formi að vera eign jarðanna áfram og varðveitast sem þeirra eign. Hann færði það sínu máli til framdráttar, að þetta ætti að renna í sveitarsjóði, og mér skildist varðveitast þar um aldur og æfi. En það er ekki eitt einasta orð í 17. gr., sem ég man eftir, eða annarsstaðar í frv., sem tekur þetta fram, að sveitarsjóðir eigi nú að varðveita þetta fé undir sérstöku nafni, eða fara öðruvísi með það en venjulegan eyðslueyri, og þá er nú fljótsögð sagan af sjómönnunum þeim.

En í sambandi við þetta mál má og geta þess, að bóndi, sem leggur í að byggja á jörð sinni eða leggur í jarðræktarframkvæmdir, getur ekki að jafnaði vænzt þess að fá endurgoldna fyrirhöfn sína og framlagt fé; síður en svo. Hversu mikið verða þeir ekki að afskrifa af byggingarkostnaði og ræktunarkostnaði? Og þá hygg ég, að mætti og taka til athugunar, hvort ekki mætti einnig afskrifa styrki að einhverju leyti, sem lagðir hafa verið fram af hendi hins opinbera. Því að ég ætla, að margir bændur verði að afskrifa af sínum framkvæmdum margfaldlega meira en það, sem nemur styrknum.

Viðvíkjandi fyrirspurn minni um ákvæði 19. gr. þakka ég hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf. Það var full nauðsyn á yfirlýsingu þessari, með því að orðalag gr. gefur alls ekki nægilega til kynna, hvernig þetta atriði á að skilja.

Um 4. kafla átti ég við þau ákvæði, sem voru í upphaflega frv. En hæstv. ráðh. hefir leitt hjá sér að svara svo mörgum aths. mínum, en gerði það eitt að snúa út úr og rugla saman greinum. Engu svaraði hann aths. mínum viðvíkjandi þeim refsiákvæðum, sem sett eru með þessum l. á starfsmenn búnaðarfélagsins og búnaðarsambanda út af hverskonar brotum gegn ákvæðum í erindisbréfum þeirra, þó að vitanlegt sé, að í erindisbréfum þeirra séu mörg ákvæði, sem taka ekkert til framkvæmda þessara laga. Hann svaraði ekki heldur þeirri aths., sem ég gerði við bráðabirgðaákvæðin og þau lögbrot, sem á að þvinga búnaðarfélagið til að gera á sínum eigin l. og samþykktum.

Hann var enn að reyna að klifa á því, að frv. mitt hefði ekki verið sent Bf. Ísl. Ég er búinn að upplýsa, að það var einmitt að minni tilhlutun í landbn. sent Bf. Ísl. til umsagnar. Og sú umsögn kom, — meðmæli eindregin. Það var fengið búnaðarþingi til meðferðar, sem veitti því einnig eindregin meðmæli sín.

Þegar hæstv. ráðh. var að ljúka máli sínu, mun honum sjálfum hafa verið ljóst orðið, að hann hafði ekki of mikil rök, og reyndi að flýja bak við starfsmenn Bf. Ísl., að þeir hefðu komið eitthvað nærri undirbúningi þessa máls. En hvernig á að ýta yfir á þá ábyrgð af meðferð máls, sem þeir hafa ekki einu sinni séð?

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá 10. landsk. þm. og 2. þm. Rang. felld með 9:5 atkv.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 9:4 atkv.
9.—17. gr. samþ. með 9:3 atkv.
18.—23. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
24.—29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
30.—38. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
39.—42. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
43.—55. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
56.—58. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 68. fundi í Ed., 8. mai, var frv. tekið til 3. umr.

*__Pétur Magnússon:__ Áður en ég sný mér að efni frv. þess, er hér liggur fyrir, vil ég með örfáum orðum víkja að meðferð málsins hér á hv. Alþingi. Hæstv. forsrh. hefir haldið því fram, að frv. hafi fengið óvenjulega góðan undirbúning, verið samið af hinum hæfustu mönnum og fengið nákvæma athugun, áður en það var lagt fyrir Alþingi. Út af fyrir sig skal það ekki vefengt, að góðir menn og gegnir hafi staðið að samningu þess, né heldur að þeir hafi dregið að sér ýmiskonar fróðleik um íslenzk ræktunarmál og lagt mikla vinnu í samningu frv. En það er þá líka það eina, sem sagt verður lofsamlegt um undirbúning málsins. — Frv. kemur þá fyrst fram á Alþingi, er fáar vikur eru eftir til þingslita og eftir að þingannir eru orðnar hvað mestar. Hingað til Ed. kemur málið þegar 5 dagar eru eftir af þingi. Það er ekki einu sinni haft svo mikið við þetta stórmál hér í d., að það sé lesið yfir í n., enda enginn tími til þess. Og er þó vissulega sitthvað í frv., sem full þörf hefði verið að lagfæra, án tillits til höfuðefnis þess. En frv. fylgdu þau skilaboð til hv. Ed., að gagnslaust

væri að bera fram brtt. við það, því að þær mundu eigi ná fram að ganga, hvers efnis sem þær væru. Er þetta alveg sama aðferð og höfð var hér í þessari sömu deild í 2 stórmálum á síðasta þingi. En slík aðferð er á allan hátt óverjandi og óviðurkvæmileg. Hæstv. forsrh. sagði að vísu hér í d. við 2. umr. málsins, að reglan væri sú, að lagafrv. breyttust sízt á betri veg í meðferð þingsins. (**Forsrh.**: Það sagði ég aldrei). Jæja, það mátti skilja það svo. En það mætti ef til vill spyrja þennan hæstv. ráðh., hvert hann telur vera hlutverk alþm., ef ekki að gagnrýna frv. þau, er fyrir þinginu liggja, og reyna að bæta úr ágöllum löggjafarinnar, sem ætíð verða nægir, jafnvel þó vel sé til hennar vandað. Þessi hugsunarháttur ráðh. sýnir ekki annað en það, hversu rík er orðin einræðishneigð hans og hverja lítilsvirðingu hann hefir fengið fyrir lýðræðinu, sem flokkur hans þó jafnan er með á vörunum.

En þó ég telji það með öllu óverjandi að kaldhamra frv. þetta gegnum þingið, án þess a. m. k. önnur deildin fái nokkra aðstöðu til að hafa áhrif á það, þá álít ég samt hitt sýnu verra, að gera slíka breyt. á búnaðarlöggjöfinni, að sumu leyti hreina stefnubreytingu, án þess að búnaðarfélagsskapnum í landinu og bændunum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi gefist nokkur kostur á að láta uppi álit sitt um málið. Og þetta harðfylgi við að knýja málið í gegn á þessu þingi verður ennþá óskiljanlegra, þegar þess er gætt, að sumar aðalbreyt., og það þær, sem mesta praktiska þýðingu hafa, eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir 2 ár. Þegar þessa er gætt, þá virðist mér það ganga ósvífni næst að synja bændunum þess að athuga og ræða löggjöfina og gera till. sínar um hana. Það mætti ef til vill minna á það, að fyrir þessu sama þingi lá annað frv., sem önnur stétt manna — verkamenn — taldi varða hagsmuni sína. Á ég þar við frv. um vinnudómstól. Frv. það hafði þó áður verið sent Alþýðusambandinu, er hafði haft það alllengi til athugunar, en án þess að svo stöddu að vilja taka afstöðu til þess. Hæstv. forsrh. hafði lýst sig samþykkan efni þessa frv., og hann hafði langsamlega nóg atkvæðamagn til þess að gera það að lögum. En hann gerði það ekki. Hvers vegna? Af því að hann tók það mikið tillit til stéttarsamtakanna, sem þar áttu hlut að máli, að hann vildi ekki ganga í berhögg við þau. En mér er spurn: Eru stéttarsamtök bændanna svo miklu réttlægri, að rétt sé að knýja fram mál slíkt sem þetta án þess að svo mikið sé haft við, að álits þeirra sé leitað. Jarðræktarlagafrv. varðar vissulega hagsmuni bændastéttarinnar miklu meira en frv. um vinnudómstól varðar hagsmuni verkamanna, og það var því sannarlega ekki síður ástæða til að leita umsagnar hlutaðeigenda um þau en hitt frv., sem ég hefi nefnt. Frá hverju sjónarmiði, sem á málið er litið, tel ég því óverjandi að knýja málið fram svo sem gert er.

Skal ég þá snúa mér að efni frv. og mun aðallega eða máske eingöngu gera að umtalsefni 3 af þeim breyt., er frv. gerir á gildandi löggjöf. Mun ég taka þær í þeirri röð, sem þær eru í frv., og verður þá fyrst fyrir ákvæði 1. kafla frv. um stjórn ræktunarmála.

Þegar jarðræktarlögin upphaflega voru sett, árið 1923, var svo fyrir mælt í þeim, að Búnaðarfélag Íslands skyldi hafa á hendi framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði. En jafnframt er það skilyrði sett, að meðan félagið fari með þessi mál í umboði ríkisvaldsins, skuli meiri hl. í stjórn þess tilnefndur af atvmrh. eftir till. landbn. Alþingis. Að öðru leyti var félagið látið sjálfrátt um, hvernig það skipaði málum sínum, enda var hér um gamlan félagsskap að ræða, stéttarsamtök bændanna, sem þeir árum saman höfðu falið forsjá mála sinna, svo langt sem starfsvið þess náði. Samt sem áður mæltist þessi íhlutun ríkisvaldsins um innbyrðismálefni félagsins illa fyrir og sætti mikilli mótspyrnu innan félagsins. Ár eftir ár krafðist búnaðarþing þess, að félagið fengi fullt forræði mála sinna, rétt til að velja sér stjórn á eigin spýtur, án íhlutunar ráðh. eða Alþingis. Þessi krafa mætti þó mótspyrnu á Alþingi frá ýmsum flokkum, og skal það mál ekki rakið frekar. Loks varð það þó úr á síðasta þingi, að ekki þótti fært að standa móti kröfum félagsins lengur, og var þá fellt burtu ákvæðið um, að meiri hl. stjórnar félagsins skyldi skipaður af ráðherra.

Í frv. því, er hér liggur fyrir, er nú haldið óbreyttu ákvæðinu um það, að Búnaðarfélag Íslands skuli hafa á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem styrkur er veittur til skv. lögunum. Og félaginu eru engin skilyrði sett um það, að það megi ekki velja sér stjórn á eigin spýtur. En sagan er ekki öll sögð með því. 2. og 3. gr. frv. fela í sér ákvæði, sem beinlínis **svipta** félagið forræði sínna eigin mála, svo framarlega sem það vill takast á hendur umsjón með framkv. jarðræktarlaganna. 2. gr. setur það skilyrði fyrir umboðinu, **að skipulag félagsins og starfsreglur séu í samræmi við ákvæði laganna.** 7. gr. setur svo reglur um skipulag félagsins, reglur um tilhögun hins æðsta valds þess, búnaðarþingsins, og mælir í höfuðdráttum fyrir um, hvernig kjósa skuli til þess. Þá mælir 2. gr. ennfremur svo fyrir, að meðan búnaðarfélagið hafi umsjón með ræktunarmálunum, skuli val búnaðarmálastjóra bundið samþykki landbrh., og loks mælir 3. gr. svo fyrir, að ef stjórn félagsins og búnaðarmálastjóra greini á um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, megi skjóta ágreiningnum til landbrh., er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

Það getur nú engum manni blandazt hugur um það, að með þessum ákvæðum, sem ég nú hefi nefnt, er sjálfsforræði félagsins mjög verulega skert. Það er ekki annað en argasta rökvilla, að þessi margnefndu ákvæði lúti aðeins að því að takmarka umboð félagsins til að hafa á hendi stjórn ræktunarmálanna. Hver getur talið þann félagsskap hafa fullt forræði sínna eigin málefna, sem ekki má ráða félagslögum sínum og ekki ráða sér mann á eigin spýtur til að stjórna framkvæmd málefna sinna? Það getur enginn gert í fullri alvöru.

Ég verð nú að segja það, að mér er ekki ljóst, á hvaða rökum það er reist að taka af þessum stéttarsamtökum bændanna sjálfsforræði, þótt þeim séu falin forræði vissra mála, sem einvörðungu snerta hagsmuni þeirra. Það mætti

benda á það, að öðrum stéttarsamtökum, t. d. Alþýðusambandi Íslands, eru falin ýms störf í lögum, en ég hefi ekki orðið þess var, að nokkrum hafi komið til hugar að ákveða skipulag þess félagsskapar með lögum, enda er hætt við, að þjóta mundi í einhverjum skjánum, ef inn á þær brautir ætti að fara. En ég vil ekki kannast við, að bændastéttin sé það verr mennt en aðrar stéttir, að með löggjöf — og þá um leið með íhlutun annara stétta þjóðfélagsins — þurfi að leggja henni lífsreglur um það, hvernig hún eigi að byggja upp stéttarsamtök sín. Ég lít svo á, að samtök bændanna, búnaðarfélagið, séu með þessum ákvæðum algerlega að ástæðulausu óvirt, og breytir þar engu um, þótt bændur hafi að einhverju leyti staðið að samningu frv.

En það er önnur hlið á þessu máli, sem er þess verð, að *henni sé gaumur gefinn*. Það er sú takmörkun á umboði félagsins til að hafa á hendi stjórn ræktunarmálanna, sem frv. felur í sér. Í fyrsta lagi er landbrh. ætlað að samþ. val búnaðarmálastjóra, sem í framkvæmd mundi vitanlega þýða það, að ráðh. útnefni búnaðarmálastjóra. Hann hefir það í hendi sinni að neita að samþ. nokkurn annan en þann einn, sem hann sjálfur hefir augastað á. Og í öðru lagi hefir svo þessi umboðsmaður ráðh., sem ætla má, að yrði honum að jafnaði allháður, heimild til að skjóta til ráðh. hverju ágreiningsatriði við stj. félagsins, þó hún standi samhuga, ef málefnið að einhverju leyti telst varða framkvæmd ræktunarmálanna. Í framkvæmdinni verður þetta því þannig, að búnaðarfélagsstjórnin verður aðeins ráðgefandi um ræktunarmálin, verður valdalaus stofnun, sem á pappírnum á að hafa stjórn ræktunarmálanna, en verður að lúta boði og banni ráðh. í hvívetna. Þessa tilhögun telur hæstv. landbrh. svo sjálfsagða, að hann fyllist djúpri hneykslun og vandlætingu, ef nokkur ber brigður á, að þetta sé hin eina rétta leið, þ. e. a. s. hann hefir ekki sýnt það hér í þessari hv. d. núna, heldur kom það fram við 2. umr. og í hv. Nd. við umr. þar. En vitanlega er hér um algera stefnubreyt. að ræða frá gildandi löggjöf, sem óskorað hefir falið búnaðarfélaginu stjórn ræktunarmálanna. Það, sem hér verður að gera sér grein fyrir, er það eitt, hvor leiðin sé heppilegri, — hvort heppilegra sé að leggja yfirstjórn þessara mála í hendur hins pólitíska ráðh., hver sem hann er og hvort sem hann ber nokkurt skyn eða ekkert á þau mál, sem um er að ræða, eða að fela hana Búnaðarfélagi Íslands, stéttarfélagsskap þeirra manna, sem að meira eða minna leyti eiga afkomu sína undir því, að vel takist til um úrlausn málanna. Á mig bíta ekkert slagorð um það, að ríkið eða ríkisvaldið megi ekki afsala sér íhlutun um jafnmikilvæg mál og þessi. Það er sjálfgefið, að Alþingi verður á hverjum tíma að ráða því, hve miklu fé er varið úr ríkissjóði til ræktunar og annara slíkra framkvæmda. Ég tel það ekki, þó annar endurskoðandi sé valinn af landbn. Alþingis, því að ekki er nema eðlilegt, að ríkisvaldið vilji hafa nokkurt yfirlit um fjárgeymslu félagsins sérstaklega. En að öðru leyti er ekkert athugavert við, að yfirstjórn ræktunarmálanna sé falin öðrum en ríkisstjórn, enda þess mýmörg dæmi um önnur málefni engu þýðingarminni fyrir þjóðfélagið. Ég vil líta á það eitt, í hvors höndum málunum sé betur borgið, búnaðarfélagsins eða ráðh., hvor aðilinn sé líklegri til að ráða yfir þeim hæfileikum og þeirri þekkingu, sem nauðsynleg er til góðrar úrlausnar málanna. Ég ætla, að á því leiki ekki vafi, að þegar farið var inn á þá braut að fela búnaðarfélaginu stjórn ræktunarmálanna, þá hafi það verið gert af þeim ástæðum — fyrst og fremst að minnsta kosti —, að menn hafi ekki komið auga á aðra stofnun, sem betur þætti fær til að inna starfið vel af hendi. Og ég ætla, að þetta sé óbreytt ennþá. Það verður að gera ráð fyrir, að búnaðarfélagið á hverjum tíma ráði yfir þeim starfskröftum og þeirri þekkingu á málefnum landbúnaðarins, að ekki sé á betra völ. Auðvitað kemur mér ekki til hugar að halda því fram, að búnaðarfélagið sé óskeikult, og yfirleitt er ég lítið trúaður á óskeikulleika. Ég er þess vegna heldur ekki trúaður á óskeikulleika ráðh., og þó þeim mun síður fyrir það, að engin trygging er fyrir, að hann beri **nokkurt** skyn á þau mál, sem hér ræðir um, og engu fremur fyrir það, þó hann heiti landbrh. Skoðun mín er því sú, að þessi nýbreytni frv., að taka stjórn ræktunarmálanna raunverulega úr höndum Búnaðarfélags Íslands og leggja hana í hendur ráðh., sé afturför, en ekki framför.

Annað atriði málsins, sem ég vildi nokkuð gera að umræðuefni, er ákvæði 11. gr. um hámarksstyrkinn og hinar mismunandi styrkveitingar. Gr. mælir svo fyrir, að býli, sem samtals hefir fengið minni styrk en 1000 kr., skuli fá viðbótarstyrk miðað við þann venjulega stiga, er nemi 20%. Býli, sem hafa fengið 4000—5000 kr. styrk, eiga aftur að fá 20% minna, og býli, sem fengið hefir fullar 5000 kr., á einskis styrks að njóta. Hér er um algert nýmæli að ræða í lögunum og algerða stefnubreyt. frá hinni fyrri löggjöf, sem ákveðið hefir jafnan styrk til allra fyrir samskonar framkvæmdir og án tillits til, hvort meira eða minna hefir verið gert á býlinu. Til þess að gera sér grein fyrir réttmæti þessarar stefnubreytingar, er óhjákvæmilegt að gera sér það fyrst ljóst, á hverjum grundvelli styrkveitingar til ræktunar eru reistar og með hverju þær verða réttlættar. Það hefir komið fram sú skoðun upp á síðkastið, að jarðræktarstyrkurinn væri einhverskonar persónuleg ölmusugjöf til þess manns, sem hans á að njóta, væri náðarbrauð, sem ríkisvaldið léti hrjóta af borðum sínum til þeirra, sem við ræktun vildu fást í landinu. En ég er á allt annari skoðun í þessu efni, og ég held, að jarðræktarstyrkurinn yrði með engu móti réttlættur út frá þessu sjónarmiði. Ég tel, að það, sem til grundvallar liggur fyrir jarðræktarstyrknum, sé sú skoðun, að maður, sem ræktar jörðina eða kemur upp mannvirkjum, sem nauðsynleg eru í sambandi við ræktunina, **auki** með því þjóðarauðinn og skapi með því lífsskilyrði fyrir fleira fólk en ella myndi vera. Jarðræktarstyrkinn ber því að skoða sumpart sem uppörvun og sumpart sem framlag úr hinum sameiginlega sjóði borgaranna til þessarar aukningar þjóðarauðsins og til þess að skapa ný lífsskilyrði í landinu. Maðurinn, sem ræktar jörðina, **gefur** þjóðfélaginu miklu meira en það gefur honum,

þótt það leggi fram styrk, sem nemur litlum hluta kostnaðarins. En sé þessi skoðun mín rétt, er afleiðing hennar líka sú, að sá maður, sem mest hefir ræktað, hefir gefið þjóðfélaginu mest og á því sízt að vera sviptur styrk.

Formælendur hinnar nýju stefnu halda því fram, að þegar búið sé að gera tiltekið hámark umbóta á einhverju býli, þá eigi það að vera komið í það horf, að það geti veitt ábúandanum sæmileg afkomuskilyrði. En það virðist augljóst, að þess meira sem gert er á býlinu, þess meiri gróða sem jörðin gefur af sér, þess fleiri menn eigi að geta haft lífsframfæri sitt af henni. Og einmitt nú á þessum tímum, þegar fólkið þyrpist í sjávarplássin og verður að lifa þar að meira eða minna leyti á atvinnubótastyrk, sem aftur er að sliga atvinnuvegina í landinu, virðist það í mesta máta aðgæzluvert að gera nokkrar þær ráðstafanir, sem orðið geta til að draga úr, að aukin séu lífsskilyrði fyrir fólkið í sveitunum, eða dregið sé úr möguleikum sveitanna til að nota eitthvað af vinnuaflinu, sem aðrir atvinnuvegir geta ekki hagnýtt sér. Með þessari takmörkun á ræktunarstyrknum er og verið að vinna móti þeirri eðlilegustu leið til býlafjölgunar á landinu, að jörðunum sé skipt, þegar þær gefa nægjanlega mikið af sér til að framfleyta fleiri fjölskyldum. Mér virðist þannig, að um leið og maður slær frá sér þeirri hugsun, að jarðræktarstyrkurinn sé persónuleg ölmusugjöf, heldur framlag ríkisins til þjóðþrifastarfsemi og hvatning til manna um að leggja á sig erfiði til að auka þjóðarauðinn, þá verði þetta nýmæli frv. á engan hátt varið.

Ég kem þá loks að síðasta nýmælinu, sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni, en það eru ákvæði 17. gr. um það, að jarðabótastyrkurinn skuli teljast vaxtalaust framlag ríkissjóðs, er sé óheimilt að selja eða veðsetja með jörðinni, og að ríkissjóður sé á þann hátt gerður meðeigandi í hverju því býli, sem styrks hefir notið skv. jarðræktarlögum. Um þetta er í sjálfu sér algerlega hið sama að segja og hið síðast umrædda ákvæði, um hámarksstyrkinn. Ef það er rétt, sem ég hefi haldið fram, að maðurinn, sem ræktar jörðina, gefi þjóðfélaginu meira en það gefur honum, þá er líka með öllu óréttmætt að ætla að sölsa undir sig eignir hans á þann veg, sem hér er farið fram á. Það er óréttmætt, a. m. k. meðan þó að nafninu til er verið að byggja þjóðskipulagið á einkaeign og meðan eignarrétturinn í orði kveðnu er verndaður í sjálfri stjórnarskránni. Hinsvegar skal það játað, að þetta getur verið þægileg aðferð til að koma fram því stefnumáli núv. stjórnarflokka að ná jarðeignum í landinu undir ríkissjóðinn. Þetta nýmæli er ekki hægt að rökstyðja út frá öðru en þeirri skoðun, að hér sé um ölmusu að ræða.

Ég hefi þá sýnt fram á það í fyrsta lagi, að meðferð þessa máls á þinginu er á allan hátt óverjandi, og þó vegna þess sérstaklega, hvað því hefir verið flaustrað í gegnum aðra deildina. (MG: Í gegnum báðar). Það lá þó fyrir Nd. dálítinn tíma, en hér í Ed. hefir enginn tími gefizt til að athuga frv., þar sem hér hafa verið fundir frá morgni til kvölds síðan frv. kom til d.

Í öðru lagi hefi ég sýnt fram á það, að algerlega er óverjandi að gera frv. þetta að lögum án þess að bændum og félagsskap þeirra sé gefinn kostur á að segja álit sitt um það, þar sem hér er um stefnubreyt. að ræða.

Í þriðja lagi hefi ég sýnt fram á, að skerða á stórkostlega — ef ekki er hægt að segja svipta algerlega öllu félagsfrelsi Bf. Ísl. — stéttarsamtök bændanna, og það ekki aðeins í því, sem sérstaklega viðkemur þeim málum, er Bf. Ísl. hefir með höndum fyrir ríkisvaldið, heldur líka almennt um sín eigin félagsmál.

Ég hefi ennfremur sýnt fram á, að höfuðstefnubreytingin er byggð á skökkum forsendum — byggð á þeim forsendum, að jarðræktarstyrkurinn sé ölmusugjöf til bænda, að það sé verið að gefa þeim með því að veita þeim jarðræktarstyrk, í staðinn fyrir það, að menn, sem rækta jörðina, gefa þjóðfélaginu miklu meira heldur en þeir fá í aðra hönd. Þegar þessa alls er gætt, ræður það af líkum, að ég geri það að till. minni, að þetta frv. verði fellt. Ég hefi sýnt fram á, að jafnvel þó að ætti að koma þessu nýmæli í framkvæmd, þá er nægur tími til þess að setja þessa löggjöf á næsta þingi, því að höfuðatriðin eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir 2 ár. — Af því að ég geri að till. minni, að frv. verði fellt, þá sé ég ekki ástæðu til þess að flytja viðtækar brtt. við frv., en til þess þó að gefa hv. dm. tækifæri til að greiða atkv. um þau efnisákvæði frv., sem ég tel mestu skipta, þá mun ég flytja sumpart með hv. 10. landsk. og sumpart einn nokkrar brtt. við frv. — Þær brtt., sem við hv. 10. landsk. flytjum saman, eru flestar við 1. kafla frv., en brtt., sem ég flyt einn, eru aftur á móti við 2. kafla frv. Þær eru einfaldar og óbrotnar, og er ég með þær skriflegar hér. Þær eru um það, að 4 greinar frv. verði felldar burt. Það eru 11., 12., 16. og 17. gr. frv. Það eru þær greinar, sem fela í sér þær stefnubreyt. frv., sem ég get alls ekki sætt mig við. Um þær vil ég þess vegna fá atkvgr. — Hv. 10. landsk. mun svo gera grein fyrir þeim brtt., sem við flytjum saman.

Afhendi ég svo hæstv. forseta mínar skrifl. brtt.

Forseti (EÁrna): Mér hafa borizt svo hljóðandi skriflegar brtt. frá hv. 2. þm. Rang.: [Sjá þskj. 615.]

Til þess að till. þessar geti komið til meðferðar á fundinum, þarf að veita tvennskonar afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. 2. þm. Rang. sagði hér nokkur orð um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og gekk ræða hans öll í þá átt að andmæla því, að frv. yrði samþ. — Fyrsta atriðið, sem hann fann þessu máli til foráttu, var það, að meðferð þess hér á þingi væri óvenjuleg og jafnvel óverjandi. Hann vefengdi ekki að vísu, að frv. mundi vera vel undirbúið áður en það var lagt fyrir Alþingi, en taldi hinsvegar, að sá tími, sem þingið, og þá sérstaklega þessi hv. d., hefði fengið til þess að athuga

frv., væri of stuttur. — Ég lét þau ummæli falla við 2. umr. frv., og ég álít, að þau séu rétt, að þó að frv. liggi fyrir þinginu langan tíma, þá sé venjan sú, að þingtíminn sé ekki notaður til þess að rannsaka þau, nema þegar þau koma fram, og þá eru þau venjulega sett í nefnd og athuguð þar. Þessu máli var útbýtt jafnt í þessari d. eins og hv. Nd., svo að sá tími, sem þingið hefir haft þetta mál til meðferðar, hefir jafnt verið til umráða fyrir þessa hv. d. og hv. Nd.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál sé þannig vaxið, að hv. þm. hafi þann áhuga fyrir því, að þeir hafi tekið málið strax til athugunar og yfirlestrar, þegar það var lagt fram. Enda sýna þær umr., sem þegar hafa farið fram um málið í blöðunum, að menn utan þings hafa haft tíma til þess að kynnast málinu. Og umr., sem fram hafa farið um málið á þingi, sýna og sanna, að hv. þm. hafa haft tíma til þess að kynna sér málið ýtarlega. Ég hefi líka bent á það, og þarf ekki að endurtaka það nú, að hér er aðeins verið að breyta löggjöf, sem búið er að framkvæma í milli 10 og 20 ár og flestir hv. alþm. og mjög margir utan þings hafa áhuga fyrir og hafa myndað sér skoðun um.

Þá var minnzt á það, að ekki væri þörf á að hraða frv. svo mjög, vegna þess að flest atriði þess eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir 2 ár. Um þetta atriði er það að segja, að hvenær sem breyt. yrði gerð á jarðræktarlögunum, þarf sú breyt. eðlilega nokkurn undirbúning, til þess að hægt sé að framkvæma hana. Jafnframt er bent á, að þetta frv. hafi ekki verið sent til umsagnar og athugunar Búnaðarfélagi Íslands, og jafnvel búnaðarsamböndunum, sem helzt ættu að segja álit sitt um þetta mál. Frv. var að vísu sent til Bf. Ísl., sem hefir svarað beiðni um umsögn á þann veg, sem fyrir liggur.

Það er bent á það í þessu sambandi, að frv., sem hér var lagt fram á þinginu um vinnulöggjöf, hafi verið sent þeim samtökum, sem þar áttu hlut að máli, og sé samtökum bænda þannig gert lægra undir höfði heldur en samtökum verkamanna. En þessu er því til að svara, að þar er um nýja löggjöf að ræða hér á landi, en um jarðræktarlögin liggur hinsvegar fyrir um 10 til 20 ára reynsla og að hér á aðeins að gera breytingu á jarðræktarlögunum í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefir, — reynslu, sem í öllum höfuðatriðum a. m. k. er saman söfnuð hjá þeim mönnum, sem hafa undirbúið þetta mál. Þess vegna er allt öðru máli að gegna um þessa breyt. á jarðræktarlögunum heldur en nýja löggjöf, sem á að fara að setja um vinnudeilur, þar sem engin reynsla liggur til grundvallar, hvað þá heldur milli 10 og 20 ára reynsla eins og hér.

Eins hefir verið á það bent af hv. 2. þm. Rang., að það eigi að svipta Bf. Ísl. sínu sjálfstæði með því að leiða í lög þau ákvæði, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. að verði leidd í lög. Ég minntist á þetta svo rækilega við 2. umr. málsins, að ég tel ekki þörf á að endurtaka það nú. En ég vil þó aðeins í stuttu máli benda á það, að í milli 10 og 20 ár hefir Bf. Ísl. orðið að hlíta því, að landbúnaðarnefndir Alþingis, eða réttara sagt landbrh. eftir till. landbúnaðarnefnda skipaði meiri hl. í stjórn félagsins og réði framkvæmdarstjóra, sem voru hafðir tveir þrátt fyrir eindregin mótmæli bænda. Þannig gekk það ár eftir ár, að þingið lét skipa stjórnina og ekki aðeins ráða búnaðarmálastjórana, heldur og starfsmenn. Og Bf. Ísl. réð ekki öðru en því að samþ. sína fjárhagsáætlun, sem það þó varð að leita til Alþingis um samþykki á. M. ö. o., það er ekki hægt að mótmæla því með nokkrum rökum, að Bf. Ísf. og búnaðarþing var gersamlega háð Alþingi og þeirri stj., sem landbrh. að tilhlutun landbúnaðarnefnda þóknaðist að skipa því á hverjum tíma. Þetta gilti ekki aðeins um málefni, sem búnaðarfélagið fór með í umboði ríkisvaldsins, heldur öll einkamál búnaðarfélagsins sjálfs.

Það, sem nú er gert, eins og liggur greinilega fyrir í frv. og ekki þarf að deila um, er það, að vera skuli einn sameiginlegur framkvæmdarstjóri, búnaðarmálastjórinn, sem á að framkvæma ýms málefni, sem búnaðarfélagið fer með í umboði ríkisstj., og jafnframt vera framkvæmdarstjóri fyrir búnaðarfélagið sjálft í þess málefnum. Búnaðarmálastjórinn á, eins og eðlilegt er, að vera skipaður með samkomulagi beggja þeirra aðilja, sem hann á að vera framkvæmdarstjóri fyrir. Og vitanlegt er, að þar sem búnaðarþing á að skipa sjálfu sér stjórn og á að ráða að öðru leyti yfir sínum málefnum, eins og greinilega er tekið fram í frv., þá skipar þessi stjórn vitanlega búnaðarmálastjóranum fyrir verkum um öll þau málefni, sem búnaðarmálastjóri framkvæmir í umboði þessarar stj., sem fer með vald búnaðarþings. Ég get ekki betur séð en að sá búnaðarmálastjóri, sem neitar að hlýða þessum fyrirskipunum, geri þannig fyrir sér, að hann hafi ekki lengur tiltrú þeirrar stj., sem honum skipar fyrir verkum, og þá er ekki nema um eitt að ræða fyrir hann, og það er að láta af störfum. — Um 99% af þeim málefnum, sem Bf. Ísl. fer með í umboði ríkisstj., geri ég ráð fyrir, að búnaðarmálastjóri og búnaðarfélagsstj. yrðu sammála um, ef þá ekki um öll þau málefni, og það hefir ekki borið á því, þó að búnaðarmálastjóri sé ekki skipaður eftir samkomulagi milli landbrh. og búnaðarfélagsstj., að það hafi komið ágreiningur milli félagsstj. og hans, sem leitt hafi til nokkurra vandræða í félaginu, því að ágreiningur hefir yfirleitt ekki verið milli þessara aðilja, a. m. k. ekki þannig, að þeir hafi fundið ástæðu til þess að skjóta honum til mín. Ég veit ekki til, að ágreiningur hafi nokkurntíma orðið verulegur. En nú er því haldið fram, að ef ágreiningur verður og þeir aðiljar, sem framkvæmdin kemur fram við, er búnaðarfélagsstjórnin gerir í umboði ríkisstj., þá geti þeir aðiljar áfrýjað til landbrh. Þetta er ekki annað en eðlilegt öryggi, sem ríkisvaldið óskar eftir að hafa viðvíkjandi þeim framkvæmdum, sem það fær öðrum aðilja í hendur. Ég get sannast sagt ekki séð eða skilið, að þetta geti á nokkurn hátt skert rétt félags eða einstaklinga í félagi, sem fengnir eru til þess að framkvæma málefni, sem annar aðili á að fara með að lögum. Ég hefi hingað til álitið, að það væri heldur til þess að auka vald þess aðilja, sem umboðið er fengið í hendur. Það verður þess vegna ekki hægt

að sannfæra neinn um það, að vald búnaðarfél. hafi verið skert með þessum ákvæðum í frv., því að þvert á móti verður stórkostlega aukið frelsi þess, og það á þann veg, að félagið er gert sjálfstætt um öll málefni, sem það fer með fyrir sjálft sig og um þau mál, sem það fer með í umboði ríkisstj. gildir þessi áfrýjunarréttur til öryggis. Ég álít, að þetta sé ákaflega mikilsvert, að leiða þetta í lög, vegna þess að eftir að þær takmarkanir voru gerðar á frelsi Bf. Ísl., sem gerðar voru með jarðræktarlögunum frá 1923, voru uppi meðal ýmsra ákaflega sterkar raddir um það að breyta til um Bf. Ísl. á sama veg og gert var í Danmörku og Noregi. Má í því sambandi benda á till. Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, sem hann bar fram á búnaðarþingi 1933. Þar voru leidd rök að því, að búnaðarfél. yrði lagt niður sem aðili, er framkvæmdi nokkuð fyrir ríkisvaldið. En Sigurður búnaðarmálastjóri stakk hinsvegar upp á því, að búnaðarmálastjóri stæði beint undir valdi landbrh. á sama hátt og vegamálastjóri og landssímastjóri, og að öll málefni, sem Bf. Ísl. væri falið að fara með í umboði ríkisstj., þyrfti aldrei að bera undir stjórn Bf. Ísl. — Ég bendi á þetta til þess að sýna, í hvað mikilli hættu Bf. Ísl. var, þegar núv. stjórn tók við, og hvað mikilsvert er að geta lögleitt slíkt frelsi fyrir Bf. Ísl. Ég hefi verið og er á þeirri skoðun, að það sé heppilegast eins og er í frv., að búnaðarfél. fari bæði með þau mál, sem það hefir sjálft með höndum, og þau, er það fer með í umboði ríkisvaldsins, aðeins með þessum litlu takmörkunum til öryggis. Með því álít ég tryggt fyrst um sinn, að ekki verði haldið áfram á þeirri braut, sem byrjað var á að ganga og búið að ganga svo langt, áður en núv. ríkisstj. tók við, og leit út fyrir, að haldið yrði áfram á, eins og ég hefi bent á í sambandi við tillögu Sigurðar Sigurðssonar fyrrverandi búnaðarmálastjóra, sem lögð var fram á búnaðarþinginu 1933.

Um kosningarnar skal ég ekki fara mörgum orðum, vegna þess að ég minntist á þær nokkrum orðum áðan. En ég vil aðeins benda á það, hvernig mönnum mundi þykja, ef farið væri að leiða í lög, að t. d. sýslunefndirnar ættu að kjósa alþingismenn. Fyrst ættu kjósendurnir heima í héraðinu að kjósa sýslunefnd og síðan ætti hún að útnefna alþingismenn. En það er ekki slíkt, sem er verið að gera hér, heldur einmitt það gagnstæða. Það er með þessu frv. verið að veita bændum beinan kosningarrétt, og ég vil aðeins spyrja: Hvers vegna mega bændur ekki fá beinan kosningarrétt, þegar þeir velja til búnaðarþings fulltrúa, sem eiga að fara með þau málefni, sem bændur varðar mestu um? Þetta er atriði, sem ég sé ekki, að sér hægt að mæla í gegn. Ég sé ekki betur en að beinn og frjáls kosningarréttur sé fyrst og fremst bændum í hag, því að þeir eiga mikið undir því, hvernig búnaðarþingið er skipað.

Ég fæ sannast sagt ekki séð, á hverju þau mótmæli eru byggð, að bændur megi ekki hafa beinan kosningarrétt, og mér sýnist gilda sama um þetta atriði og kosningar þeirra manna, sem að öðru leyti fara með umboð þjóðarinnar. Mér virðist eins miklu skipta fyrir bændur að hafa beinan kosningarrétt í þessu efni eins og við almennar kosningar.

Um hitt atriðið, að styrkurinn megi ekki vera ójafn, vil ég aðeins segja það, að sú ívilnun, sem jarðræktarlögunum frá 1923 var ætlað að veita bændum almennt, hefir ekki náð til þeirra bænda, sem búið hafa á leigujörðum við léleg kjör. Til þess að sannfærast um, að þetta sé rétt, þarf ekki annað en líta yfir þær jarðir í landinu, sem þannig ábúð hefir verið á, og sjá hversu mjög þær hafa orðið útundan með allar umbætur. Og það er ekki fyrr en með lögunum um erfðaábúð og óðalsrétt, og svo með þeirri breytingu á jarðræktarlögunum, sem hér liggur fyrir, að þessi olnbogabörn eiga að geta fengið aðstöðu til þess að njóta réttinda þessara laga eins og aðrir. Annars er það svo, að fyrstu framkvæmdirnar á sviði jarðræktarinnar eru alltaf erfiðastar, en þegar menn eru búnir að framkvæma töluvert, er jafnan nokkuð hægara um vik, því að þá fara fyrstu jarðabæturnar að gefa nokkurn arð, eða a. m. k. að standa undir sér sjálfar.

Það hefir allmikið verið rætt um 17. gr. frv., og þarf ég ekki miklu að bæta við það, sem þar hefir verið sagt. — Hv. 10. landsk. virtist við 2. umr. vera mér sammála um það, að það væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að sú verðhækkun jarðanna, sem stafaði af ríkissjóðsstyrknum, lenti á þeim, sem jarðirnar keyptu eða tækju við þeim til ábúðar. Og ég býst jafnframt við, að flestir bændur líti svo á, að það sé ekki réttmætt að láta þá byrði lenda á komandi kynslóðum. Það, sem okkur hv. 10. landsk. bar því á milli í þessu efni, var það, að hann vildi láta þetta renna í sérstakan eða annan sjóð en ég tel rétt, að það renni. Mér finnst ekkert eðlilegra en að þessi verðhækkun jarðanna verði látin verða hlutaðeigandi sveitarsjóði til hagsbóta, því að ég sé enga ástæðu til þess, að t. d. bændur, sem hætta að búa, en hafa fengið allmikið fé frá ríkinu í styrk fyrir unnar jarðabætur, stingi á sig þeim sjóði. Því verður tæplega með rökum í móti mælt, að það eðlilegasta er, að þessi sjóður verði eftir í sveitinni.

Ég held, að það sé svo ekki öllu fleira, sem ég þarf að svara að þessu sinni. Umr. hafa snúizt um sömu atriðin aftur og aftur: Hversu málið sé illa undirbúið, hve stutt Alþingi hafi fengið að hafa það til meðferðar, um 17. greinina, og síðast, en ekki síst, um reglurnar fyrir skiptingu jarðabótastyrksins. Þó að ég færi nú að fara nokkru nánar inn á þessi atriði, myndi það ekki verða nema endurtekning á því, sem ég hefi áður sagt, og læt ég því máli mínu lokið.

*__Þorsteinn Briem:__ Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. í heild og gerði mínar aths. við þær stefnubreyt., sem í þessu frv. felast, svo og við einstakar gr. frv. og frágang þess og meðferð í heild sinni. Þar sem svör hæstv. forsrh. hafa ekki gefið mér tilefni til andsvara um þau efni frekar en ég gerði þá, við 2. umr. málsins, skal ég ekki fara frekar inn á þessi atriði, nú um sinn. Ég vil aðeins í áframhaldi af þeim aths., sem ég gerði um þær grundvallarbreyt., sem gerðar hafa verið með þessu

frv. á sambandi Búnaðarfélags Íslands og samvinnumöguleikum við ríkisstj., gera grein fyrir brtt., sem ég ásamt hv. 2. þm. Rang. ber fram við fyrsta kafla frv. Ég hefi áður gert grein fyrir því, hversu fráleitt það væri, að Bf. Ísl. fengi ekki að ráða sínum lögum sjálft, og það því fremur, sem skipulag búnaðarfélagsins væri með fullkomnu lýðræðisfyrirkomulagi, og í aðalatriðunum eftir sömu lýðræðisreglunum eins og skipulag S. Í. S. Og ég hefi einnig bent á það, að ef ríkisvaldið færi að skerast í slík skipulagsatriði hjá Bf. Ísl., þá gæti það alveg eins tekið að sér að gera breytingar á skipulagi fleiri félaga, svo sem fiskifélagsins og jafnvel S. Í. S. Þær brtt., sem við flytjum við fyrsta kafla frv., hníga því allar í þá átt að sníða úr frv. þau ákvæði, sem horfa í einræðisátt af ríkisvaldsins hálfu gegn sjálfstjórn og lýðræðisfyrirkomulagi búnaðarfélagsins. Það hefir ekki ennþá unnizt tími til þess að fá þessar brtt. prentaðar, en ég mun síðar afhenda hæstv. forseta þær og fara þess á leit við hann, að hann leiti leyfis d. til þess að þær megi koma fyrir til umr. — Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv., um það, að síðari málsgr. falli burtu, sem hljóðar svo: „Meðan Búnaðarfélag Íslands fer með mál þessi, skal val búnaðarmálastjóra bundið samþykki landbúnaðarráðherra". Það hefir verið á það bent, að búnaðarmálastjóri fer með mörg fleiri mál heldur en þau ein, sem ríkisvaldið felur búnaðarfélaginu til meðferðar samkv. jarðræktarlögunum. Það eru margir flokkar annara mála, sem undir búnaðarmálastjóra heyra, og það er bein mótsögn við sjálfstjórnarrétt búnaðarfélagsins, sem hefir verið viðurkenndur af síðasta Alþ., ef það má ekki hafa frjálsræði til þess að ráða sjálft vali sinna eigin starfsmanna, og þá ekki síður vali framkvæmdarstjóra félagsins. Við höfum því lagt til með fyrstu brtt. okkar, að síðari málsgr. 2. gr. falli niður.

Ég hefi áður gert grein fyrir því, og það hefir einnig verið gert af ýmsum öðrum, að það eigi ekki við, að hverskonar ágreiningur, sem risa kann milli búnaðarmálastjóra og stj. félagsins, heyri undir úrskurðarvald landbrh. Frv. gerði ráð fyrir því í fyrstu, en mér er kunnugt um, að það var lagfært eftir bendingu frá ákveðnum bændaflokksmanni utan þings. En þrátt fyrir þessa lagfæringu, þá höfum við talið ástæðu til að hafa þrengra og ákveðnara orðalag um þetta heldur en er í þessari lagfærðu málsgr., sem er síðari málsgr. 3. gr., og leggjum við til, að málsgr. verði orðuð á þessa leið: Landbúnaðarráðh. fellir fullnaðarúrskurð um skilning á lögum þessum, að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. — Það má vera, að það hafi legið nær að fella þessa síðari málsgr. 3. gr. alveg niður, en við vildum til samkomulags fara þessa millileið.

Í samræmi við þá breyt., sem við leggjum til, að gerð verði á síðari málsgr. 2. gr., þá leggjum við til, að breyt. verði gerð á 4. gr., þannig að í stað „búnaðarmálastjóra" í 1. málsgr. 4. gr. komi: Búnaðarfélag Íslands, — og jafnframt, að aftan við 1. málsgr. 4. gr. bætist: eftir því sem lög og reglur Búnaðarfélags Íslands mæla fyrir. — Það hefði getað verið ástæða til að gera fleiri brtt. við þessa gr. T. d. er í 3. málsgr. talað um, að vikja megi trúnaðarmönnum frá, ef starfi þeirra þyki mjög ábótavant, en það er ekki tiltekið þar, hver skuli þá vikja þeim frá starfi, og getur það þó verið nokkurt álitamál, þar sem það eru búnaðarsamböndin, sem ráða trúnaðarmennina, þó að það sé gert í samráði við Bf. Ísl. En við vildum ekki fara út í smáatriði og smásmíðagalla á frv., svo að við gerðum ekki neina brtt. um þetta atriði.

Þá er næsta brtt. okkar í þá átt, að 5. gr. frv. falli niður, og er það í samhandi við þá brtt., sem við gerum við 6. gr. frv., og eru þá fyrirmælin um þetta færð nær því, sem er í núgildandi jarðræktarlögum. Við leggjum til, að 6. gr. orðist þannig:

Hver sá, er njóta vill styrks samkv. lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi hrepps eða bæjar. Stjórn slíks búnaðarfélags skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands mælir fyrir.

Með þessari till. okkar þykjumst við hafa náð því, sem þarf að ná úr efni 5. og 6. gr., og það, sem þá er eftir, álítum við að sé ekki til bóta, heldur sumt til hins lakara. Við höfum sleppt ákvæðinu um búnaðarblað félagsins, með því að ég veit ekki til, að það séu nein lagaákvæði um það, sem tryggi það, að búnaðarfélagið gefi út búnaðarblað. Þetta hefir verið ákveðið á búnaðarþingi, en það getur vitanlega breytt því.

Þá leggjum við til, að 7. gr. frv. falli niður. Þar er gengið inn á sjálfstjórnarrétt búnaðarfélagsins, því að það er tekinn af því rétturinn til þess að mega hafa þau lög, sem það hefir kosið sér og búið við frá því 1931. Og ef búnaðarfélagið óskar ekki sjálft eftir því að breyta lögum sínum um sín skipulagsmál, þá teljum við, að það heyri ekki undir starfssvið löggjafarvaldsins að gera þar á breytingar. Kjósi hinsvegar búnaðarþingið sjálft að breyta lögum sínum að einhverju leyti í þá átt, sem 7. gr. frv. gerir ráð fyrir, þá er náttúrlega ekkert við það að athuga. En reyndar er það ólíklegt, að það kjósi það, með því að slíkt fyrirkomlag, sem það hefir á skipulagi sínu, hefir gefizt vel, ekki aðeins hjá búnaðarfélaginu sjálfu, heldur og hjá ýmsum öðrum félagsskap í landinu, þar á meðal samvinnufélagsskapnum. Við teljum t. d. alveg óviðurkvæmilegt, að ráðh., sem ekki er a. m. k. nein trygging fyrir, að sé neinn sérfræðingur í búnaðarmálum yfirleitt, og þaðan af síður í félagsmálum búnaðarfélagsins, fái rétt til þess að setja í reglugerð allar nánari reglur um kosningafyrirkomulag til búnaðarþings og önnur slík atriði. Þar af leiðandi leggjum við til, að 7. gr. frv. falli niður.

Um 8. gr. frv. er þess að geta, að hún mun í upphafi hafa verið miklu lakara orðuð heldur en nú, og mun hún hafa verið lagfærð einnig eftir bendingu frá ákveðnum bændaflokksmanni. En þrátt fyrir þessa lagfæringu, sem gr. hefir nú fengið, þá leggjum við til, að aftan við hana, þar sem talað er um, að ef Bf. Ísl. kjósi að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, þá skuli landbúnaðarráðh. sjá um framkvæmd þeirra á þann hátt, sem telji bezt henta, unz önnur skipun er þar á gerð, skuli bætast: af Alþingi —, þannig að það afsali sér ekki neinum rétti nema að-

eins til næsta þings um yfirráð ráðh. yfir framkvæmd þessara laga.

Í samræmi við þetta sjónarmið, sem ég hefi gert grein fyrir hæði nú og áður, þá leggjum við til, að ákvæði frv. til bráðabirgða í niðurlagi frv. verði látin niður falla, enda geta þau ekki samrýmzt því, að Bf. Ísl. fái sjálft að ráða sínum málum. Og ákvæði, sem eru í fyrstu málsgr., koma alveg í bága við lög búnaðarfélagsins, því að aukafundur búnaðarþings getur ekki gert skipulagsbreytingu á félaginu. (Forsrh.: Það er hvergi bannað í lögum félagsins). Það hefir verið skilið svo af búnaðarfélaginu sjálfu, og mér er kunnugt um, að búnaðarþingsfulltrúarnir líta svo á, og ég vil ætla, að þeir menn, sem staðið hafa að lagasmíði búnaðarfélagsins, viti bezt, hvernig eigi að skilja skipulagslög félagsins.

Ég hefi þá lítillega gert grein fyrir þeim brtt., sem ég mun bera fram ásamt hv. 2. þm. Rang.

En auk þessara brtt., þá hefi ég og leyft mér að bera einn fram brtt. við 9. gr. þessa frv. — Ég hefi áður viðurkennt það, að í þessu frv. er tekið tillit til þess frv. til breytingar á jarðræktarlögunum, sem ég hefi borið fram á undanförnum þingum, þannig að þær hækkunartill., sem í þessu frv. felast, eru á sömu atriðunum og í mínu frv. En ég hefi gert grein fyrir því, hversu skammt þær brtt. til bóta ná. Um styrk til áburðarvarðveizlu hafði ég lagt til, að styrkur til safnþróa yrði hækkaður um 50 aura á dagsverk, en hér í þessu frv. hefir styrkur til alsteyptra þvaggryfja verið hækkaður um aðeins 20 aura á dagsverk, en ekkert fyrir steyptar safnþrær með járnþaki. Ég flyt brtt. í þá átt, að styrkur til þessara framkvæmda verði hækkaður upp í sömu upphæð, sem ég hafði lagt til í frv. mínu, þannig að styrkurinn verði í báðum tilfellum tvær krónur á dagsverk, og samkv. þeim „skala" kemur þá í stað 8,50 kr. á m^3, sem frv. gerir ráð fyrir, 10 kr. fyrir alsteyptar þvaggryfjur, og fyrir steyptar safnþrær með járnþaki kemur 6,50 í stað 5 kr. í frv. — Ég hefi margsinnis áður gert grein fyrir því, hversu nauðsynlegt það er að styðja að bættri áburðarvarðveizlu betur en gert hefir verið, og þá sérstaklega að varðveizlu þeirra efna, sem eru í þvagi búfjáráburðarins, með því að þar er helzt hætta á efnatapi, og þau efni tapast jafnvel algerlega, ef ekki er höfð sérstök geymsla fyrir þau. Því miður má með sanni segja, að þessar framkvæmdir séu hörmulega skammt á veg komnar enn sem komið er hjá bændum þessa lands, þannig að það munu ekki vera til áburðarhús eða safnþrær yfir þriðjunginn af þeim áburði, sem til fellur í landinu, og þannig má benda á eina sýslu, þar sem húsrúm fyrir áburð, bæði fljótandi og fastan, nær ekki yfir 10% af áburðarmagninu, og það má einnig benda á aðra sýslu, sem húsrúm er aðeins yfir $^1/_{10}$. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að búfénaðurinn getur framleitt að fullu og öllu tvö af þeim efnum, sem á þarf að halda til þess að viðhalda ræktuninni í landinu, fosforsýru og kali, ef allur áburðurinn undan búfé landsmanna væri nægilega vel hirtur, og þá mun ekki vanta nema þriðjung af þriðja efninu, sem er köfnunarefni. Þegar tekið er tillit til þeirra gjaldeyrisörðugleika, sem þjóðin á við að stríða nú sem stendur, þá skiptir það ekki litlu máli, að varðveitt séu þau verðmæti, sem þannig er hægt að fá frá búfénaðinum sjálfum, til þess að þurfa ekki að kaupa þessi sömu efni dýrum dómum frá útlöndum, og jafnvel þó að uppi séu raddir um að koma upp áburðarverksmiðju hér innanlands, þá mun það hvorttveggja vera, að það kostar ekki lítið fé að koma þeirri áburðarverksmiðju á fót, og í annan stað ætla ég, að það muni vera ódýrara fyrir þjóðarbúið í heild að kosta nokkru til að varðveita þessi efni, í stað þess að framleiða þau með verksmiðjuaðferð, jafnvel þótt slík framleiðsla gæti orðið innlend. Innlend áburðarverksmiðja mundi hafa allmikið verkefni fyrir því, þó að þessi efni væru varðveitt, því að alltaf þarf mikinn áburð til aukningar.

Þegar ég flutti frv. mitt til breyt. á jarðræktarlögunum, lagði ég jafnhliða því, sem ég hefi nú nefnt, ekki síður ríka áherzlu á framræslu til undirbúnings jarðræktinni, því að það er kunnugt, að allmikið af þeirri ræktun, sem þegar er framkvæmd í landinu, kemur ekki að fullum notum, vegna þess að framræslunni er enn ábótavant. Frjóefni jarðvegsins nást ekki og koma ekki að gagni, vegna þess að jarðvegurinn nær ekki að leysast sundur fyrr en hann er nægilega framræstur, og jafnvel áburðurinn, sem kostar mikið fé, kemur ekki að slíkum notum sem hann ella mundi gera, og loks verður töðuframleiðslan af ræktuðu landi, sem er ekki nógu vel framræst, bæði miklu minni og jafnframt margfalt verðminni að fóðurgildi; það munu t. d. ekki vera tök á að fóðra mjólkurkýr fullkomlega á þeirri töðu, sem ræktuð er á illa framræstu landi. Ég hefi áður gert grein fyrir skýrslu um framræsluna, sem sýnir, að aðeins $^1/_5$ af ræktuðu landi er ræstur fram, og er nærri $^1/_3$ nýrækt. Jafnvel gömlu túnin vantar víða framræslu, og hefir það í för með sér minni not af mjólkurpeningnum. — Þegar jarðræktarlagafrv. mitt var til athugunar hjá búnaðarfélaginu og búnaðarþinginu, þá lagði það sérstaka áherzlu á ákvæðið um framræsluna, og það lagði jafnvel til, að styrkur til lokræsa væri hækkaður frá því, sem ég lagði upphaflega til. Ég hefi því flutt brtt. við þetta frv. um þá liði, sem ræða um framræsluna; ég legg til, að í stað þess, sem dagsverk í eins metra djúpum skurðum er aukið um aðeins 8 aura, yrði dagsverkið aukið um 50 aura, og í stað þess, sem dagsverkið í dýpri skurðum er aukið um 20 aura, þá verði það einnig hækkað um 50 aura. Að því er lokræsi snertir legg ég einnig til, að í stað þess, sem lokræsi eru aðeins hækkuð um 2 aura, 8 aura, 20 aura og upp í 26 aura, þá verði þau hækkuð til samræmis við það, sem ég hafði lagt til í jarðræktarfrv. mínu, þannig að í staðinn fyrir 1,20 kr. á m^3 komi 1,70, í staðinn fyrir 1,50 á m^3 í skurðum, sem eru 1 m. til 1,3 m., komi 2 kr., og svo er tilsvarandi hækkun eftir dýpt skurðanna, nema á pípuræsi, því að ég lít svo á, að pípuræsi séu ekki það algeng, nema helzt í nánd við kaupstaði, og þess vegna hefi ég ekki lagt til, að þau yrðu hækkuð eins mikið, með því að þau eru ekki almennt notuð og virðist ekki bein ástæða til þess að vera að nota þau, þar sem

önnur ræsi geta komið að nokkurn veginn fullum notum.

Viðvíkjandi steyptum þurrheyshlöðum með járnþaki hefir frv. ekki gert ráð fyrir neinni hækkun, en ég lagði til í minu frv., að sá styrkur yrði hækkaður um helming, upp í 1 kr. á dagsverk, og legg ég til í brtt. minni, að í staðinn fyrir 50 aura á hálfan m³ komi 75 aurar, eða á 1 m³ 1,50 kr. Er þarna farinn meðalvegur milli þess, sem er í minu frv. og þessu frv., og jafnframt legg ég til, að styrkur til byggingar á þurrheyshlöðum úr öðru efni en með járnþaki hækki að sama skapi um þriðjung, og loks hefi ég lagt til, að í stað þess, sem styrkur til votheyshlöðubygginga er aukinn í þessu frv. aðeins um 28 aura á dagsverk, þá verði hann aukinn til samræmis við það, sem ég hafði lagt til í minu frv., og þykist ég ekki þurfa að gera nánari grein fyrir þeirri brtt., með því að ég hefi áður bæði í ræðu og riti sýnt fram á það, hversu nauðsynlegt það er íslenzkum landbúnaði að geta nokkurn veginn nýtt heyin með meiri votheystóttum en er. Það er hörmulegt til þess að vita, að í sumum sýslum skuli enn ekki vera til votheystóttir nema yfir nokkur hundruð hesta, og það þrátt fyrir þær alvarlegu áminningar, sem við höfum fengið af veðuráttunni í ýmsum hlutum landsins hin síðustu ár. Það verður ekki hjá því komizt að leggja allriflega fram til þessara framkvæmda meðan verið er að koma þessari verkunaraðferð í lag. Sömuleiðis hefi ég lagt til í þessari brtt., að styrkur til matjurtaræktar verði aukinn og styrkur til græðisléttana í túni, því að hvað sem segja má um græðisléttanir utan túns, þá verður maður að líta svo á, að græðisléttanir í túni geti a. m. k. að jafnaði komið að hinum mestu notum, og það er meira að segja vafasamt, að dómi ýmsra bænda, sem reynt hafa, hvort græðisléttanir í túni gefast nokkuð verr heldur en sáðsléttanir. Hér í nánd við Reykjavík, þar sem menn hafa bezta aðstöðu til þess að athuga, hvernig kýrnar mjólka af töðunni, virðist það hafa verið reynsla, að taða af græðisléttunum gefi betri raun og heimti minni fóðurbæti en taða af sáðsléttunum. Ég sakna þess, að í þessu frv. skuli ekki vera gert ráð fyrir neinum styrk til vermireita, því að þessar framkvæmdir eru mjög mikilsverður þáttur í garðræktinni, ef hún kemst í það lag, sem hún þarf að komast í hér á landi. En fyrst þessi tegund jarðræktarframkvæmda hefir ekki fundið neina náð af hálfu þeirra manna, sem hafa undirbúið þetta frv., þá hefi ég að þessu sinni sleppt því að gera brtt. um þetta, þó að ég telji slíkan styrk mjög þýðingarmikinn fyrir þessa tegund íslenzkrar framleiðslu.

Þar sem þessar till., sem ég ber fram, eru ekki nýjar, heldur hafa fengið lofsamlega umsögn Bf. Ísl. og síðasta búnaðarþings og einnig fjölmargra bænda og búnaðarfélaga, og ennfremur verið vel tekið á nokkrum almennum þingmálafundum úti um land, þá tel ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar brtt. minar, en skal þó að lokum aðeins geta þess að því er snertir kostnaðarhlið þeirra, að samkv. skýrslu fyrrv. búnaðarmálastjóra, sem var næst á undan þeim, sem nú er búnaðarmálastjóri, og hafði með þessi mál að gera, mun kostnaðaraukinn, sem þessar brtt. hafa í för með sér, miðaður við jarðabætur áranna 1932—'33, nema 50000 kr. yfir allt landið, og verð ég að segja, að þessi upphæð er sízt of mikil, þegar slíkt mál sem ræktun landins á í hlut, því að við verðum að gæta þess, að hver sá eyrir, sem varið er til jarðræktar, fer til þess að auka þjóðarauðinn.

Ég verð algerlega að mótmæla þeim skilningi, sem komið hefir fram sérstaklega nú upp á síðkastið hjá ráðandi mönnum í ákveðnum stjórnmálaflokki þessa lands, að jarðabótastyrkurinn sé gjöf eða ölmusa; það er langt frá því, að þetta nái nokkurri átt, því að jarðabótastyrkurinn er fé, sem lagt er á vöxtu til þess að auka verðmæti landsins, auka þjóðarauðinn og tryggja, að sá atvinnuvegur, sem skiptir jafnvel allra mestu fyrir okkar menningu og viðhald okkar þjóðernis, fái að verða landsins stólpi eins og hann hefir verið og á að vera.

Á þeim stutta tíma, sem við höfum haft þetta frv. til meðferðar, hefi ég ekki séð mér fært að gera fleiri brtt. við það, þó að þess væri vissulega full þörf. Ég hefi ekki getað komið því við að semja brtt. til lagfæringar á ýmsum vansmíðum, sem eru á síðasta kafla þessa frv., og er þar jafnvel um mótsagnir að ræða, en ég hefi viljað binda mig við það, sem ég hefi talið höfuðatriði í málinu, enda hefir hv. 2. þm Rang. gert brtt. við ýmsar aðrar gr.; um þau atriði, sem hann flytur brtt. um, get ég að mestu eða öllu leyti vísað til þess, sem ég sagði hér við 2. umr. þessa máls, og skal ég ekki fara mikið frekar út í það, en viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. var að vitna í orð mín áðan, skal ég gera nokkra aths. — Til stuðnings sínu máli vildi hann færa það, að ég hefði verið sér sammála um ákvæði 17. gr. Ég get að sjálfsögðu látið mér vel líka þessi miklu „kompliment“ frá hæstv. landbrh., fyrst hann lítur svo á, að það sé sérstök meðmæli með sínu máli að geta vitnað í mín orð, en ég verð nú samt að draga ofurlítið úr þakklætinu fyrir þessi „kompliment“, því að ég ætla, að það hafi verið nokkurn veginn ljóst af því, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls, að ég er honum ekki sammála um þau ákvæði, sem hann hefir sett í 17. gr. Ég sagði að vísu, að það gæti komið til mála að setja einhver ákvæði, annaðhvort í þessi lög eða önnur, sem gengju í þá átt að koma í veg fyrir, að jarðir hækkuðu í verði, ég sagði, að það gæti komið til álita, en ég mótmælti því, að þegar einskonar skattur væri lagður á sölu jarðar, sem hefði notið styrks til jarðabóta, þá væri sá skattur gerður að eyðslufé sveitarsjóða. Ég skaut því fram til athugunar, án þess að hafa nægilega athugað það, að til mála gæti komið að fara þá leið, að gera slíkar umbætur að sérstöku fylgifé jarðarinnar, sem lagt væri fram til þjóðarauðsins, en ekki gert að eyðslueyri, heldur ávaxtað á einn eða annan hátt. Ef farið er inn á þessa leið, sem virðist vaka fyrir hv. flm., verður féð að varðveitast sem fylgifé, ófráskiljanlegt jörðinni sjálfri. Er þessu skotið fram án þess að það sé fyllilega athugað eða ég treysti mér til að koma með það sem till., sízt í sambandi við lagasetningu. Einnig benti ég á, að

það væri altítt og mætti heita algild regla eins og nú árar, að þó bændur leggi sitt eigið fé, og oft einnig skuldafé, í byggingar og aðrar umbætur á jörðunum, þá verði að afskrifa það fé að meira eða minna leyti við næstu sölu. Jafnvel mun koma fyrir, að jarðir, sem nú eru til sölu, seljist ekki miklu meira en fyrir því, sem búið er að leggja í byggingar á þeim, vegna markaðsaðstöðu nú og ranglátlegrar skráningar á peningum. Ég benti á, að þar sem afskriftir við sölu jarða nú á tímum stöfuðu m. a. af rangri gjaldeyrisskráningu, þá væri ekki sanngjarnt að heimta þetta fé aftur affallalaust, og algerlega fráleitt að heimta aftur jarðræktarstyrkinn, þegar jörð selst neðan við fasteignamat. Hæstv. ráðh. benti á, að ákvæði 17. gr. kæmu ekki til framkvæmda þegar börn eiganda tækju við jörðinni. Ég ætla þó, að þegar eitt eða fleiri börn taka við eftir föður sinn, þá verði samt að setja verð á jörðina vegna annara erfingja, og er þá sízt loku fyrir skotið, að þau börn, sem jörðina taka, greiði þetta fé aftur til þess opinbera samkv. ákvæðum greinarinnar. Jafnvel þó að ég hefði fremur kosið að hafa meiri tíma til þess að geta sjálfur gert brtt. við þessa gr. II. kafla, sem hv. 2. þm. Rang. hefir nú gert sínar brtt. við, og hafa þær á nokkuð annan veg en hann hefir gert, þá tel ég, að í þessari gr. séu svo vafasöm ákvæði, sem ég gæti sumum verið fylgjandi, ef þau væru lagfærð, og tel, að til þess gefist tækifæri síðar; mun ég af tvennu fremur fylgja till. hv. 2. þm. Rang. en ákvæðum nefndrar gr., með því að ég tel, að sum ákvæði gr. hafi stórkostlega ágalla; þó ég viðurkenni að nokkru leyti örfá atriði, þá ætla ég samt sem áður að greiða till. atkv., með því líka að í frv. kemur fram stórkostleg stefnubreyt., sem breytir grundvelli l., og það án þess að búnaðarfélaginu hafi verið gefinn kostur á að athuga frv. og lýsa áliti á því áður en það er gert að l. — Ég vil taka það fram um frv. allt, að ég tel sérstaklega miður fara, að það sé afgr. án þess að búnaðarfélagsskapurinn í landinu hafi fengið það til athugunar. — Ég hafði ekki ætlað mér, þar sem ég gerði grein fyrir afstöðu minni við 2. umr., að fara nánar út í einstök atriði að þessu sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 10. landsk. þm. og 2. þm. Rang. (sjá þskj. 616) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv. Ennfremur afbrigði um skrifl. brtt. frá 10. landsk. (sjá þskj. 617) með 11 shlj. atkv.

***Pétur Magnússon:** Ræða hæstv. forsrh. gefur ekki tilefni til langra andsvara. Það eru í raun og veru aðeins tvö atriði af fjórum, sem hann svaraði einhverju sem heitið gæti. Vildi hann verja það, sem ég hélt fram, að óhæfilegt væri að hraða frv. jafnmikið gegnum þingið og gert er. Fyrir því færði hæstv. ráðh. þrenn rök. Í fyrsta lagi endurtók hann það, sem hann sagði við 2. umr., að það væri sjaldan til bóta, að frv. lægju lengi fyrir þinginu. Ef það er skoðun hæstv. ráðh., að ekki sé til bóta, að þm. séu að athuga frv., þá mætti spyrja hæstv. ráðh., hvers vegna hann er að láta þingið sitja ár eftir ár svo mánuðum skiptir, síðast 124 daga og nú þegar 80—90 daga, fyrst ekki er ástæða eftir hans skoðun, að það sitji nema viku til hálfan mánuð. Hæstv. ráðh. hefir vald til þess að haga þessu á þann veg, er hann álítur eðlilegast —, og hvers vegna gerir hann það þá ekki? Ég held vegna þess, að þetta sé í raun og veru ekki hans skoðun, heldur grípi hæstv. ráðh. til þess af því að hann skortir rök.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðh., að þingið hefði haft nægan tíma til þess að athuga málið. Það hefir verið bent á, að hér sé um stórfellda stefnubreyt. að ræða og að frv. hafi verið útbýtt í þinginu fyrir 17 dögum, og hér í d. fyrir 4 eða 5 dögum. Ég vildi halda fram, að þetta væri nokkuð naumur tími fyrir þm. til þess að geta sett sig svo vel inn í málið sem vera þyrfti, ekki síst þegar þetta er um mesta annatímann, þegar þm. verða að sitja á fundum mestan hluta dagsins, frá kl. 1—4 og 5—7 og mörg kvöld fram á nætur. Hvaða tíma eiga þm. þá að hafa til þess að kryfja stórmál til mergjar?

Það var sagt undir umr., að sýnt væri að blöðin hefðu haft nægan tíma til að athuga málið. Þetta kann að vera, en ég vildi þó vefengja, að sú athugun, sem tiðkast hjá blöðunum, sé til fyrirmyndar, þegar þau skrifa um málin daginn eftir að þeim er útbýtt og eru þá búin að taka afstöðu til þeirra.

Þriðja ástæðan var sú, að hér væri verið að breyta l., sem búið væri að framkvæma í 10—20 ár, og þess vegna ætti ekki að þurfa langan tíma til athugunar. En þar sem hér er um stefnubreyt. að ræða, er slíkt engin ástæða, en sýnir aðeins rökþrot. Þar að auki má benda á, að þó um breyt. sé að ræða, og það enga stefnubreyt., á l., sem búið er að framkvæma lengi, eins og t. d. hegningarlögin, sem búið er að framkvæma í 70—80 ár, er þó búið að vera nokkur ár að undirbúa breyt. á þeim. Og í nágrannalöndunum hefir það tekið áratugi, þó lærðustu og færustu menn hafi unnið að undirbúningnum. Þessi röksemd er því gersamlega einskis virði, og því fer svo fjarri, að l. þurfi minni undirbúning, þó búið sé að framkvæma þau í nokkur ár, að það nær engri átt. — En hvað sem þessu líður er þessi hv. d. beitt rangindum, þar sem hún fær engan tíma til að athuga málið. Þó við viljum bera fram brtt., sem allir þm. telja réttar, vitum við vel, að þær verða ekki samþ., og hæstv. stj. hefir þar nokkra afsökun, eigi málið að ganga í gegn á þessu þingi. En það er vítavert af hæstv. ráðh. að ætla að knýja málið í gegn nú, án tillits til þess, hvort það hefir fengið nægilegan undirbúning eða ekki.

Þá hefir verið bent á, að búnaðarfél. hafi orðið í milli 10 og 20 ár að hlíta því, að landbn. Alþ. skipuðu meiri hl. félagsstj. Vitanlega er það rétt, að í því lá nokkur skerðing, en ég vil spyrja hæstv. ráðh. um, hvort forráðamenn búnaðarfélagsskaparins hafi verið mjög ánægðir með það skipulag. (**Forsrh.**: Þingið var ánægt). Þar voru skiptar skoðanir, og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að reyna að tileinka sér heiðurinn af því að hafa flutt breyt. á því fyrirkomulagi; þótt hann sjálfur hafi e. t. v. fylgt því, hefir

hann a. m. k. ekki komið handjárnunum á flokksbræður sína. En þó þetta sé nokkur réttarskerðing á sjálfstæði félagsins, eru það þó hreinustu *smámunir samanborið* við það, sem hér er verið að gera. Félagið hefir verið sjálfrátt um, hvernig það *hefir hagað sínum félagsmálum* að öðru leyti, en nú er tekinn af því réttur inn til þess að ráða *sínu eigin skipulagi, en ráðh.* ætlað að ákveða, hvernig það hagar störfum, hvernig búnaðarþing er skipað, hve margir fulltrúar sitja það o. s. frv. Sem sagt er allt vald yfir búnaðarfélaginu lagt í hendur ráðh.

Ég hefði í sjálfu sér ekki deilt við hæstv. ráðh. út af tilhöguninni á kosningu til búnaðarþings; ég tel ekki ástæðu til að láta neitt uppi um það atriði. Fyrir mér er hitt aðalatriði, að með ákvæðum frv. er félagið svipt rétti til þess að ráða sjálft sínum málum og ákveða sitt skipulag. Það hefir verið bent á það hér í fyrri ræðum, að ekki sé ástæða til að taka fremur ráðin af þessu félagi en öðrum stéttarsamtökum, um hvernig það byggir upp sinn félagsskap. — Annars er ástæðulaust af hæstv. ráðh. að vera hneykslaður yfir því, hvernig kosið er til búnaðarþings. Það fyrirkomulag er ekki sjaldgæft hér eða annarsstaðar, og þekkist í öðrum löndum um *meiri og merkilegri kosningu* en til búnaðarþingsins, t. d. við kosningu forseta Bandaríkjanna, og mundi það ekki þykja ómerkilegri kosning, en þó eru kjörmenn látnir velja forsetann. Það er svo fjarri sanni, að sú tilhögun brjóti í bága við lýðræðisreglur, að hún er fullkomlega lýðræðislega rétt. En ástæðan fyrir því, að þessi tilhögun er höfð, er sú, að hún er einfaldari og kostnaðarminni. — Annars ætlaði ég ekki að fara að rökræða, hver kosningaraðferðin sé heppilegri, heldur aðeins þá hliðina, að verið er að taka sjálfræðið af búnaðarfél. í þessum efnum.

Út af því, sem ég hefi í fyrri ræðu minni talað um val búnaðarmálastjórans, var hæstv. ráðh. að benda á, að reynslan hefði sýnt, að þar væri engin hætta á ferðum, því þann tíma, sem liðinn *væri síðan búnaðarmálastjóri* var útnefndur, hefði ekki einu einasta máli verið skotið til ráðh., — *svo hefði samkomulagið* verið gott. Ég vil nú segja, að þessi reynsla sé harla lítilvæg, þar sem ekki er nema tæpt ár síðan sú tilhögun komst á. Það er því lítil sönnun, þó ekki hafi komið fram ágreiningur ennþá.

Hæstv. ráðh. var að reyna að sýna fram á, að það væri í hæsta máta óviðkunnanlegt, að ríkisvaldið færi að fela með óafturkallanlegu umboði einhverri stofnun það vald, sem því bæri. En það er eitthvað skrítið, ef l., sem verið er að setja á Alþingi, eiga að gilda um aldur og ævi. Mér skilst, að verði einhver óánægja með stj. búnaðarfél., þá muni fljótlega vera hægt að breyta l. aftur. Það er þess vegna skrítið að vera að tala um óafturkallanlegt umboð.

Hæstv. ráðh. reyndi ekki með einu orði að hnekkja því, sem ég sagði, að ekki mundu aðrar stofnanir líklegri en búnaðarfél. til þess að ráða yfir þeim beztu kröftum og þekkingu í þessum efnum, sem til væru í landinu. Meðan hæstv. ráðh. ekki hnekkir þessum rökum, er hægt að láta sem vind um eyrun þjóta, þó hann sé að tala um, að óviðkunnanlegt sé að afsala valdi ríkisins í hendur annara stofnana.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um, að Sigurður fyrrv. búnaðarmálastjóri hefði verið því fylgjandi, að búnaðarfél. væri lagt niður og að ríkisstj. sæi um framkvæmdir þeirra mála, sem undir það heyra, á engin spýtur. En það er allt annað *sjónarmið* en haldið hefir verið fram fyrir því, að frv. yrði að l. Þetta er annar grundvöllur *en sá, er mælir svo fyrir*, að búnaðarfél. fari með framkvæmd þeirra mála, sem styrkur er veittur til. Ég hefði betur getað skilið, ef hæstv. ráðh. hefði lagt til, að þessi mál yrðu tekin úr höndum búnaðarfélagsins og stofnuð sérstök deild í ráðuneytinu fyrir þau, þar sem tryggt væri, að slík þekking væri fyrir, að vel yrði á þeim haldið. En hitt er erfitt að skilja, að á meðan haldið er við búnaðarfélagið, þá sé það ekki gert að öðru en ráðgefandi stofnun, en hin raunverulega stjórn málanna látin vera í höndum manns, sem af hendingu fer með völd í það og það skiptið. Því að ekki verður núv. ráðh. eilífur í embættinu, enda þótt hann kunni að treysta sjálfum sér vel.

Því, sem ég sagði um lágmarksstyrkinn, svaraði hæstv. ráðh. á þá leið, að hann fór framhjá því, sem var aðalatriðið hjá mér. Hann sagði, að styrkur þyrfti að vera hærri fyrir þau býli, sem *lítið hefði verið gert fyrir* hingað til, því að á þeim hefðu yfirleitt verið leiguliðar við slæma ábúðarskilmála. *Því yrði að hlynna* að þeim sérstaklega. Hv. 10. landsk. gat þess, að ýms þeirra býla, sem lítið hefði verið *gert fyrir*, væru einmitt stórbú og þannig gerð, að ekki hefði verið þörf að gera þar miklar umbætur, svo að þetta er engan veginn knýjandi regla, eins og hæstv. ráðh. heldur fram. En ef bæta ætti kjör leiguliða, þá ætti það heima í annari löggjöf en þessari. Og hæstv. ráðh. hefir bent á, að í því efni hefir mikið verið gert undanfarin ár. En ef dæmi eru til þess, að menn hafi ekki þorað að gera umbætur á býlum sínum, þá eru nú líkur til, að slíkum dæmum fari fækkandi, svo að þess vegna er ekki ástæða til að setja nein sérstök ákvæði í þessi lög.

Í sambandi við það, sem ég hafði sagt um 17. gr., lét hæstv. ráðh. þess getið, að þau ákvæði *væru sett til að koma í veg fyrir óeðlilega* verðhækkun á jörðunum. Bara að þetta komi ekki *í veg fyrir eðlilega verðhækkun* og verði til þess, að menn fari að hætta að rækta jörðina, því að þá væri verr farið en heima setið. Því að þó að mikið hafi verið gert síðustu árin, er þó enn fleira ógert, og væri það alvarlegt fyrir íslenzku þjóðina, ef stöðvun yrði á ræktuninni. En að öðru leyti er það fjarstæða, er hæstv. ráðh. gefur í skyn, að verðhækkun á jörðum fari fram í sömu hlutföllum og ræktun þeirra. Ef miða á við söluverð jarða, verður að skrifa af jafnharðan mikinn hluta af umbótum þeim, sem gerðar hafa verið á jörðunum. Þeir, sem mikið rækta, gefa þjóðfélaginu meira en það gefur þeim. Og af því að þetta er óvefengjanleg staðreynd, kemur það úr hörðustu átt, ef ríkið ætlar nú með löggjöf að fara að taka meira af þessum mönnum en gert hefir verið hingað til. Ég get ekki betur séð en að í þessu ákvæði frv. sé mikil óbil-

girni og skilningsleysi á því, sem hefir verið að gerast í landinu síðustu árin.

ATKVGR.
Brtt. 616,1 felld með 9:6 atkv.
— 616,2 felld með 9:6 atkv.
— 616,3 felld með 9:5 atkv.
— 616,4 felld með 9:6 atkv.
— 616,5 felld með 9:6 atkv.
— 616,6 felld með 9:6 atkv.
— 616,7 felld með 9:6 atkv.
— 617 felld með 9:6 atkv.
— 615,1—2 felld með 9:6 atkv.
— 615,3—4 felld með 9:6 atkv.
— 616,8 felld með 9:6 atkv.

Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 618).

50. Landssmiðja.

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um landssmiðju (þmfrv., A. 36).

Á 9. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Emil Jónsson):** Þetta frv. er flutt af meiri hl. iðnn., þeim hv. 2. þm. N.-M., hv. þm. Mýr. og mér, eftir beiðni hæstv. atvmrh. Það var líka flutt á síðasta þingi, sömuleiðis að hans tilhlutun, en dagaði þá uppi í fjhn. Nú er frv. flutt aftur með nokkrum breyt. frá því í fyrra, og skal ég nú gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum. Breyt. eru sniðnar eftir þeim till.,' sem meiri hl. fjhn., að því er mig minnir, lagði til í fyrra, að gerðar yrðu á frv.

Fyrsta breyt. var sú, að landssmiðjan skyldi, þegar hún annaðist smíðar fyrir ríkið og stofnanir þess, verða að vera sambærileg um vinnubrögð og verðlag við aðrar smiðjur innanlands. Sömuleiðis voru felldar úr frv. í fyrra 6. og 7. gr. þess, en þær fjölluðu um það, að starfsmenn smiðjunnar skyldu hafa leyfi til að ávaxta fé sitt þar, og hafa þá um leið rétt til íhlutunar um stjórn fyrirtækisins.

Það var fundið þessu frv. til foráttu, að ef smiðjan væri einráð um, hvað hún setti upp á vinnu við ríkið og ríkisstofnanir og starfsmenn gætu ávaxtað fé sitt þar, yrði það til þess, að þeir vildu hafa vinnuna sem dýrasta, svo að þeir fengju sem mestan arð. Þó að ég sé ekki hræddur um, að það hefði orðið tilfellið, heldur þvert á móti til þess að skapa meiri samúð til fyrirtækisins hjá starfsmönnum, þá höfum við í iðnn. lagt til, að þetta yrði til samkomulags.

Annars eru nú öll þau sömu rök fyrir frv. og í fyrra, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þau nú. Legg ég svo til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. En þar sem það er flutt af n. og var einnig í fyrra, og þá sömuleiðis athugað af annari n., þá geri ég ekki till. um, að málinu verði vísað til n. nú, en geri það þó ekki að kappsmáli, hvort það fer til n. eða ekki, en ég tel það bara óþarft, þar sem það var afgr. frá tveimur n. á síðasta þingi, iðnn. og fjhn.

Guðbrandur Ísberg: Eins og hv. þm. Hafnf. tók fram, er þetta frv. flutt af meiri hl. iðnn. Minni hl. getur ekki fylgt því í því formi, sem það er nú, og þó hefir það tekið miklum bótum frá því í fyrra.

Landssmiðjan var á sínum tíma talin stofnuð af nauðsyn, en ýmsir, þar á meðal ég, hafa leyft sér að efast um, að sú nauðsyn hafi nokkurntíma verið fyrir hendi. En hvað sem því líður, þá hygg ég, að menn hafi verið sammála um, að um bráðabirgðaráðstöfun hafi verið að ræða, en ekki verið tilgangurinn að lögfesta hér mikið verksmiðjubákn og hlaupa þannig í kapp við einstaklingana, sem járnsmíði reka að atvinnu.

Ég ætla ekki við þessa umr. að fara inn á efni frv., það verður gert við 2. umr., en ég vil gera það að till. minni, að frv. verði vísað til hv. fjhn. Það fór þangað í fyrra og var mikið lagað þar, og ég vænti, að svo verði enn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 119 og 123).

***Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og nál. á þskj. 119 og 123 sýna, hefir fjhn. klofnað í þessu máli. Leggur meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl., að það verði fellt.

Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir hönd meiri hl. fjhn. Mál þetta lá fyrir síðasta þingi og komst þá til 2. umr. hér, og urðu um það allmiklar umr. Meiri hl. fjhn. gerði þá á því nokkrar breyt., og nú er frv. borið fram í þeirri mynd.

Við höfum talið rétt, að sett yrði löggjöf um landssmiðjuna, sem hingað til hefir verið rekin án þess að nokkrar sérstakar reglur væru til um rekstur hennar. Við höfum líka talið rétt að efla hana og styrkja með auknu starfi, fyrst og fremst til þess að hún geti beitt sér fyrir nýjungum í iðnaði til þjóðþrifa.

Þótt ég ætli ekki að fjölyrða um málið, get ég þó ekki látið hjá líða að víkja nokkuð að nál. minni hl., og þá fyrst og fremst hinu dæmalausa plaggi frá Helga Eirikssyni skólastjóra, sem þar er lagt fram sem fylgiskjal.

Í nál. minni hl. stendur, að frv. sé sýnilega einn liðurinn í því gálausa verki stjórnarflokkanna, að koma sem flestum stofnunum á ríkið. — Það er nú út af fyrir sig dálítið einkennilegt að vera að tala um, að koma eigi ríkisstofnun á ríkið. Með frv. er aðeins stefnt að því að setja reglur um rekstur smiðjunnar og gefa fyrirtækinu möguleika til víðara starfs og tilraunastarfsemi í þágu þjóðnýts iðnrekstrar.

Þá er einnig að því fundið í nál. minni hl., að við höfum ekki komið fram með breyt. við frv. né viljað leita umsagnar um það. Þetta kemur úr hörðustu átt, þar sem minni hl. hreyfði engum breyt. sjálfur. Hv. þm. V.-Sk. lýsti yfir því

þegar í upphafi, að hann væri málinu andvigur, en kvaðst þó vilja leita umsagnar um það, en hvernig sem sú umsögn yrði, myndi hann og flokksmaður hans vera á móti málinu.

Við sáum enga sérstaka ástæðu til þess að leita umsagnar um þetta mál hjá iðnráði Íslands. Í iðnráðinu eiga sæti tugir manna, og margir þeirra hafa engin sérstök skilyrði til þess að dæma um þetta mál, svo sem prentarar og bakarar. Þá vildi minni hl. og leita álits vegamálastjóra, vitamálastjóra og símamálastjóra. Um vegamálastjóra var það vitað áður, að hann var málinu andvigur, og að leita álits hans hefði aðeins verið til að tefja málið.

Minni hl. fjhn. hefir sent frv. þetta einum manni til umsagnar. Í nál. minni hl. er sagt, að hann sé trúnaðarmaður þeirrar stéttar, iðnaðarmannanna, sem þetta mál einkum varði. En þessi maður hefir ekkert umboð frá þeirri stétt, né nokkra heimild til þess að telja sig fulltrúa hennar. Og ég veit ekki til þess, að hann hafi fengið nokkurt umboð til þessara ummæla, sem hann hefir fram haldið í þessu álitsskjali sínu. Hann talar því hér sem einstaklingur, en vissulega ekki sem verkfræðingur eða iðnaðarmaður, heldur sem harðvítugur flokksmaður. Álitsskjal hans ber þess greinileg merki, að hér er pólitískur maður, sem talar út frá sjónarmiði ákveðins flokks, en ekki fræðimaður í ákveðinni mennt, sem talar um hlutina af fagþekkingu.

Um þetta frv. hefir verið fjallað meðal annars af þeim mönnum, sem hafa forystu í iðnmálum hér á landi. Ég veit, að um það hafa farið höndum a. m. k. 2 menn af þeim, sem eru í stjórn landssambands iðnaðarmanna. Og það er vissulega nær að álíta, að þeir út frá sínu sjónarmiði sem frömuðir iðnaðarmannastéttarinnar hafi fylgt málinu og flutt hér inn í þingið heldur en að Helgi H. Eiríksson skólastjóri tali í sínu álitsskjali sem umboðsmaður iðnaðarmanna. — Í umsögn þessari frá Helga H. Eirikssyni segir m. a., að með frv. þessu sé af hálfu ríkisins farið inn á harðvítuga og ójafna samkeppni við eina grein íslenzks iðnaðar. Og yfirleitt er það haft á móti þessu frv. af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, að óeðlilegt sé, að ríkið hafi með höndum rekstur slíks fyrirtækis sem þessa. En það má undarlegt heita, ef ríkinu ætti að vera það óheimilt að stofna til fyrirtækis, sem stendur í beinu sambandi við annan rekstur ríkisins. Þvert á móti virðist miklu eðlilegra, að ríkið hafi með höndum slíkt fyrirtæki sem landssmiðjuna, alveg á sama hátt og Reykjavíkurbær hefir um mörg ár rekið trésmíðavinnustofu hér í bænum til þess að hafa með höndum aðgerðir á þeim tækjum, sem bærinn þarf að láta vinna með á hverjum tíma. Á sama hátt held ég, að engum þyki óeðlilegt, að ríkisútvarpið hefir viðgerðarstofu á viðtækjum. Að vísu gætu þessar viðgerðir verið framkvæmdar af einstaklingum, en það er ekki fjarri lagi, heldur þvert á móti liggur það mjög nærri verksviði útvarpsins að hafa með höndum slíka aðgerðarstofu sem það hefir rekið, án þess að nokkur hafi sérstaklega haft við það að athuga. Landssmiðjan er að þessu leyti til sambærileg við viðgerðarstofur ríkisútvarpsins og trésmíðavinnustofu þá, sem Reykjavíkurbær hefir rekið um langt skeið. Og hvað Reykjavíkurbæ snertir, þá eru það sjálfstæðismenn, sem þar hafa ráðið lögum og lofum og haldið uppi þessu fyrirtæki, og enginn haft við það að athuga. Þessi röksemd í álitsskjalinu — ef álitsskjal skyldi kalla — er því léttvæg og lítils verði. Það er og fjarri öllum sanni, að með þessu frv. sé gengið inn á þá leið, að önnur iðnfyrirtæki í þessari grein verði að leggjast niður, ef þau eru samkeppnisfær á annað borð. Það eru fyrirtæki, sem standa á gömlum merg, og munu sum þeirra a. m. k. vera allvel fjárhagslega stæð. Þau hafa því skilyrði til þess að reka sína starfsemi eftir sem áður, þó landssmiðjan verði rekin áfram eftir þeim reglum, sem lagt er til í þessu frv. Það er alveg sama með landssmiðjuna og ríkisprentsmiðjuna. Það hefir ekki orðið vart við, að prentsmiðjur einstaklinga færi um koll, þó ríkið reki sína prentsmiðju, sem sérstaklega hefir prentað það, sem frá ríkisstj. og ríkisstofnunum hefir komið. Þrátt fyrir það þrífast í þessum bæ allar þær prentsmiðjur, sem áður voru, á meðan engin ríkisprentsmiðja var til. Ég veit jafnvel til þess, að nýjar prentsmiðjur hafa risið upp, og ég ætla, að þær geti dafnað, þó ríkið reki sína prentsmiðju. — Hér er því um fádæma falsrök að ræða, sem ekki eiga sér neina stoð í veruleikanum.

Þá er talað um það í álitsskjalinu, að hér sé um aukinn kostnað að ræða fyrir þjóðina, ef smiðjan verði sett í fullkomnara og betra horf, og ég býst við, að þar sé átt við það, að smiðjan fái ný tæki til þess að smíða með mótora. Ég er ekki í neinum vafa um, að mikil nauðsyn sé á því, að einhver smiðja grípi til þess að reyna að smíða mótora fyrir íslenzk skip, og þeim peningum, sem til þess væri varið, væri sannarlega ekki á glæ kastað. Og úr því einkafyrirtækin hafa ekki lagt út á þessa braut, þá er ekkert eðlilegra en að ríkisfyrirtæki sé styrkt til þess á þann hátt, sem til er ætlazt í frv. — Einnig er það óskiljanlegt, sem stendur í álitsskjalinu, að sennilegt sé, að nokkurt atvinnuleysi meðal járniðnaðarmanna mundi koma upp, ef þessi löggjöf yrði samþ. Ég skil ekki, að það geti aukizt atvinnuleysi í járniðnaðinum, þó að lagt sé inn á nýjar brautir. Maður skyldi einmitt halda hið gagnstæða. — Ein röksemdin í þessari álitsgerð er því annari lík, svo að allt er þar fullt af öfugmælum.

Í þessari álitsgerð segir ennfremur, að það sé ákveðið, að landssmiðjan skuli ekki greiða útsvar. En þetta er rangt. Í frv. er gert ráð fyrir því, að landssmiðjan greiði útsvar á sama hátt og önnur ríkisfyrirtæki, en að vísu eftir ákveðnum lögum og reglum. Það virðist því sem þessi athugunarmaður hafi ekki lesið í gegn frv., eða ekki talið ástæðu til að fara nákvæmlega með í þessum aths. sínum. Í frv. er einnig gert ráð fyrir því, að landssmiðjan greiði tekjuskatt til ríkisins, eins og hér væri um einkafyrirtæki að ræða, og útsvar, eins og mælt er fyrir í 7. gr. l. nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Þá er ekki síður furðulegt hjá þeim manni, sem telur sig frömuð í iðnmálum, að hann skuli telja öll tormerki á því, að landssmiðjan leggi í það að koma á einni nýrri iðngrein. Ég segi, að

það sé furðulegt, að maður, sem telur sig hafa áhuga fyrir auknum iðnaði, skuli leggja stein í götu þess, að gerðar séu tilraunir til þess að koma á nýjum auknum iðnaði í landinu.

Þá hefir þessum umsegjanda fundizt óheppilegt, að ríkisstj. ein tilnefni kunnáttumenn, sem eigi að meta nýsmíði hugvitsmanna, vegna þess að „ráðh. hafa sjaldan iðnræna þekkingu og eru sterkpólitískir menn.“ En mér datt í hug, að ef nokkurt verk bæri með sér, að sterkpólitískur maður hefði fjallað um það, þá væri það þessi álitsgerð, því þar verður pólitíkusinn ofar fræðimanninum og áhugamanninum.

Minni hl. n. endar svo sitt nál. á því, að hann telji það ljóst, að ummæli þessa manns séu fullkomlega á rökum byggð. Já, það eru þessi dæmalausu rök, sem ég hefi nú vikið að. Ég hafði í sjálfu sér ekkert á móti því, að hv. þm. V.-Sk. fengi vilja sínum framgengt með því að fá umsögn þessa manns. Umsögnin er nú komin og liggur fyrir þessari hv. d. Ég hefi minnzt á hana nokkrum orðum, og ég ætla, að hún sýni betur en nokkuð annað, að hér er um pólitískan áróður að ræða, en ekki, að menn vilji tala um málið út frá nytsömu sjónarmiði iðnaðarins í landinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en ég vænti þess, að d. ljái því liðsyrði sitt til greiðrar áframhaldandi göngu.

*__Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson)__: Það er rétt, að fjhn. þessarar d. gat ekki orðið sammála um till. í þessu máli, en það er ekki rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að minni hl. hafi ekki um það spurt í n., hvort komið gætu til mála frekari breyt. á frv. en þegar væru á orðnar. Það er sem sé eins og hv. frsm. meiri hl. hefir að nokkru leyti skýrt frá, að frv. er fram komið með þeim sáralitlu og lélegu breyt., sem á því urðu í fyrra. Ég vil ekki neita því, að þær breytingar hafi aðeins miðað til bóta, en það skiptir litlu máli, þegar verið er að tala um stefnu þessa frv., sem við í minni hl. verðum að telja að ýmsu leyti skaðlega, eins og nú standa sakir. Við vildum gjarnan fá það fram, hvort meiri hl. væri ekki sveigjanlegur inn á það að breyta frv., en vitanlega hefðu það orðið að vera allgagngerðar breyt., ef samkomulag hefði átt að nást. En því var ekki til að dreifa. Sósialistarnir réðu því. Þeir hafa talið þetta af einhverjum ástæðum sitt mál, þó að ég verði að telja, að það sé kannske ekki allskostar rétt, en frv. sjálft sver sig að vísu í ættina. Ég veit, hvaðan þetta frv. er komið, og því er ekki að neita, að ýmsir standa að því, sem eru áhugamenn í þessum efnum. En þeir eru miklir ofstækismenn í pólitík, og þó þeir fari hægt dagsdaglega, þá er undir niðri svo mikil sósialistisk alda, sem við og við gýs upp hjá þeim, að við ekkert verður ráðið. Þetta er alkunnugt, líka hér á Alþingi, en einkum er það nú á tímum öllum lýðum ljóst, að það er verið að leitast við að lita þjóðmálin á eina lund, og fyrir því standa stjórnarflokkarnir, enda er því ekki neitað af þeim. Reyndar mega framsóknarmenn sín einskis, heldur eru það sósialistar, eins og hv. frsm. meiri hl., sem berja í borðið. Þótt þetta væri svona, sem ég reyndar undrast ekki, þá var sjálfsagt að byrja að leita lags um breyt. til samkomulags, enda þótt það færi ekki leynt, að við sjálfstæðismenn værum á móti frv. eins og það er. En hitt var hlálegt, að meiri hl. n. þorði ekki að leita álits kunnáttumanna, og það sýndi veiluna í öllu saman. Mér kom það heldur ekki á óvart, því það er kunnugt, að þegar pólitíkin hefir gripið þessa menn, þá mega þeir ekki heyra nefnt, að til kunnáttumanna sé leitað, nema þeirra, sem fyrirfram eru á þeirra máli. Ég stakk upp á iðnráði Reykjavíkur, og taldi það ekki neina goðgá, því ég veit, að það er skipað mönnum úr öllum flokkum. En þá vildi meiri hl. fá að vita, hverjir menn þar væru, til þess að geta flokkað þá eftir stefnu, og þegar hann komst að þeirri niðurstöðu, að form. væri ef til vill ekki sósialisti, þá þótti ekki ráðlegt að leita þangað. — Þá var einnig farið fram á það af okkur minni hl. að leita til trúnaðarmanna ríkisins, þeirra sem hafa verið í stjórn landssmiðjunnar, og forstjóra fyrir þeim stofnunum, sem eiga að skipta við landssmiðjuna, eins og t. d. vegamálastjóra, póst- og símamálastjóra og vitamálastjóra. En það var ekki nærri því komandi, því þessir menn væru pólitískir; vegamálastjóri væri pólitískur og þess vegna mætti ekki fara til hans. Nú veit ég ekki til, að nokkur maður hér á Alþingi geti hermt það upp á þann mann, að hann láti pólitík ráða í umsögnum sínum. Það hefði því mátt segja, að rétt hefði verið að leita umsagnar hans, og þá hinna annara, sem kannske mundu vega salt á móti, og svo mætti „sortera“ úr, því ekki eru menn skyldugir til þess að ganga inn á allt, sem í umsögnum stendur. Valdir menn geta haft aðra skoðun heldur en pólitíkusar, og það getur vegið meira undir vissum kringumstæðum það þjóðmálalega heldur en það tekniska, en það má ekki útiloka, að hitt komi fram.

Þetta sýnir í fáum dráttum, hvernig málstaðurinn er hjá meiri hl., enda var það öllum ljóst eftir því, hvernig umr. féllu í fyrra og hvernig niðurstaðan varð á framgangi málsins — svo langt sem hún komst — að þetta mál fór eftir flokkum. En það er einkennilegt, ef slíkt mál sem þetta þarf að fara eftir flokkum. Og ég vil spyrja hv. frsm. meiri hl., hvers vegna svona mál, sem er sumpart verkfræðilegs eðlis og sumpart viðskiptalegs eðlis, snertandi svo mjög atvinnuvegi og iðnað í þessu landi, og ekki sízt þessa bæjar, þarf að fara eftir flokkum, þegar á að ráða því til lykta á heppilegan hátt fyrir þjóðina. Þeir, sem byrjuðu að girða þetta mál með flokksmúrum, verða að segja til um það, hvers vegna þeir gerðu það.

Þá skal ég víkja að þeim aðfinnslum, sem hv. frsm. meiri hl. þóttist vera að gera á nál. og skoðun okkar í minni hl. og umsögn þess manns, sem við leituðum til. Aðalröksemdin á móti þessu áliti Helga H. Eirikssonar er sú, að hann sé pólitískur. Nú sjá menn, hversu mikinn þunga þessi orð geta haft í munni þessa þm., þar sem maður veit um meðferð málsins í höndum hans og stjórnarflokkanna. Og jafnframt hneykslast hv. frsm. á því — þegar hann í gegnum alla sína ræðu hefir borið það fram, að hér sé ekki um annað en pólitík að ræða — að rétt sé að forðast

pólitík í þessum efnum hjá ráðh. Hvers vegna, segir hann, að vera að tala um pólitik hjá ráðh., eins og þeir séu blindaðir af pólitik! Ég tel því, að sú röksemd hv. frsm. meiri hl., að hér sé gefið álit af pólitískum ástæðum, sé fallin af þeim ástæðum, að það er sýnt, að hann metur ekki pólitikina nema á einn veg. En hitt er annað mál, hvort hv. frsm. getur hrakið nokkuð það, sem í umsögninni stendur. Og ég vil benda hv. frsm. á það, að ef hann ætlar sér þá dul að hrekja það, þá er hann kominn í ósamræmi við mikinn hluta eða e. t. v. allan þorra þeirra, sem ópólitískt geta um þetta mál talað, og má hann fyrir þá skuld nú taka upp þá aðferð, sem hann þorði ekki áður, að leita til þessara ráða, og sjá, hvernig umsögn þeirra fellur, hvort hún verður athugasemdalaus við frv. Ég hefi haft í höndum álit frá miklu fleiri mönnum um þetta mál, og ég hefi einnig átt tal við marga, og allflestir — ég vil ekki segja allir — hafa fallizt algerlega á álitsgerð Helga H. Eirikssonar bæði hvað snertir viðhorfið til bæjarfélagsins, til borgaranna og til viðskiptanna, og ekki sízt til þess tekniska.

Hv. frsm. meiri hl. vildi ekki viðurkenna, að Helgi H. Eiriksson væri trúnaðarmaður iðnaðarmanna. Hann hljóp þá í þeirri andránni yfir það, sem ekki verður hrakið, að auk þess sem Helgi H. Eiriksson hefir verið skólastjóri iðnskólans og hefir verið trúað fyrir því um langan tíma af þeim mönnum úr öllum flokkum, sem þar standa að, þá er hann verkfræðingur og hefir sæmilegt verksvit, bæði fræðilega og vafalaust að öðru leyti, því hann hefir lagt á ýmislegt gjörva hönd. En hann er í raun og veru æðsti trúnaðarmaður þessara manna, þar sem hann er formaður landssambands iðnaðarmanna. Það gefur að skilja, að enginn fáráður í þessum efnum væri settur í þá stöðu. Nei, það er alveg rangt að hann sé ekki trúnaðarmaður þessara manna, en hitt er annað mál, að hann talar hér ekki í þeirra umboði sérstaklega. Hann var beðinn sem fróður maður í þessum efnum að gefa upp álit sitt. Það hefir hann nú gert, en þar sem meiri hl. vildi ekki fá álit fleiri manna, þá er ekki um neitt að sakast.

Hv. frsm. meiri hl. taldi það mikinn kost á þessu frv., að með því væri ætlað að ryðja nýjar brautir, og átti hann þá við það sérstaklega, sem sagt er í 1. gr. frv. um hlutverk landssmiðjunnar, að hún eigi að annast viðgerðir skipa, smíði mótora og annara véla, og aðra smíði. Það er í rauninni einkennilegt, að það er farið hér inn á svið, sem í sjálfu sér hefði ekki þurft, ef landssmiðjan hefði átt að halda áfram þeim störfum, sem hún mestmegnis hefir fengizt við, en það er smíði og aðgerðir fyrir ríkisstofnanirnar. En hér er sýnilega á ferðinni mikið meira, eins og líka öllum er ljóst, sem hér hafa komið við mál. Meiningin er náttúrlega í raun og veru sú að reyna að svæla undir ríkið þetta fyrirtæki. Nú var þessi stofnun að vísu rekin undir nafni ríkisins, en hún hafði þó ekki með lögum verið gerð að einokunarstofnun. En þetta er tilgangur frv., enda kemur það ljóslega fram á orðalagi þess. Að vísu er 2. gr. frv. dálítið lævíslega orðuð, því þeim, sem það sömdu, hefir vafalaust verið það ljóst, að hér er um nokkuð viðkvæmt mál að ræða, þar sem taka á þau verk, sem eru svo margvísleg samkv. 1. gr., af þeim stofnunum, sem hér eru fyrir, og demba þeim inn undir ríkið og banna ríkisstofnunum að skipta við önnur fyrirtæki. En það er einmitt það, sem flestum kunnáttumönnum kemur saman um, að þessar nýju brautir séu varhugaverðar, sem sé smíði mótara og annara véla, því það sé svo áhættusamt. Það er alkunnugt, að véla- og mótoraverksmiðjur erlendis, sem alltaf eru að sérgreina sig, leggja of fjár í slíkar tilraunir, sem kannske verður ekkert úr, bara til að reyna að koma einhverju fram, sem síðar meir gæti orðið til hagsbóta og til þess að auka veg þeirra í samkeppninni. Ef ríkið færi út á þessa braut, yrði það að vera viðbúið að leggja í þetta of fjár, fé sem mundi ekki einungis nema hundruðum þúsunda, heldur ennþá meira. Það er ekki nóg með það, að það mundi þurfa að útvega þessu fyrirtæki öll nýjustu og beztu tæki og vélar, það yrði einnig ávallt að vera tilbúið að útvega sér alla beztu sérfræðinga, sem völ er á, annars dugar það ekki. Því ef það fer út á þessa braut á annað borð, verður að gera tilraunina þannig, að það verði fyrst og geri hlutina bezt. Þetta er alkunnugt, en um það hefir ekki verið skeytt í þessu frv. Þetta er það raunverulega, nema því aðeins að orðin í 1. gr. „smíði mótora og annara véla“ séu sett til þess að slá ryki í augu fólksins, því sé bara ætlað að gleypa þetta, að nú eigi að fara að smíða hér allskonar vélar, allt sé tilbúið til þess, að bátaútvegsmenn fari nú að geta fengið þessa hluti góða og ódýra, og allt innlent. En það er misskilningur, að allt sé tilbúið. Það er þvert á móti allt ótilbúið í þessu efni. En einokunarkenndin er alveg greinileg, því í síðari hluta fyrri málsgr. 2. gr. segir: „Ríkisstjórnin getur mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði“ — ekki aðeins þær, sem eru ríkisstofnanir kallaðar, heldur allar stofnanir, sem njóta einhvers styrks úr ríkissjóði — „skuli skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta gera innanlands enda sé um sambærilegt verð og vinnubrögð við aðrar samskonar smiðjur að ræða.“ Ég sagði áðan, að þessi ákvæði frv. væru að vísu nokkuð lævíslega orðuð. Það er látið skina í gegn, að þetta þurfi ekki að verða svona, ríkisstj. geti mælt svo fyrir o. s. frv. En nú getur maður ímyndað sér, hvort sú stj., sem nú situr, mundi ekki blátt áfram mæla svona fyrir þegar í stað. Auðvitað mundi hún gera það, og hefði því alveg eins mátt orða þetta ákveðnara. En þó svo væri, að í einu eða öðru atriði yrði látið undan falla að gera slíkt, þá er þetta ákvæði sem hangandi sverð yfir höfði þeirra einkafyrirtækja, sem í frjálsri samkeppni hefðu tök á að bjóða í slík verk, sem hér er um að ræða. Þetta er það, sem útilokar, að við sjálfstæðismenn getum fallizt á frv. Vitanlega er eitthvað líkt í hverri grein, en þetta eitt mundi skera úr. Við teljum það algerlega óhæfilega stefnu að ætla að fara að ákvarða svona um niðurskurð á þrifastofnunum í landinu. Sérstaklega er það að okkar dómi of mikil áhætta að heimila ríkisstj. með lagaákvæði að svæla undir sig viðskipti við einkafyrirtæki. Er það eftirtektarvert, að sá maður, sem minni hl.

leitaði til, er einnig hneykslaður, þegar um þetta atriði er að ræða. Tekur hann eitt dæmi, sem hv. frsm. minntist ekki beinlínis á. Hann segir: „Loks verður ekki annað sagt en að það sé langt gengið að þvinga einkafyrirtæki, eins og t. d. Eimskip, til þess að skipta við landssmiðjuna, þótt þau njóti ríkisstyrks, hvernig sem þeim líkar viðskiptin að öðru leyti.“ Hvaða sanngjarn maður getur neitað þessu? Er þessi setning svo gegnsýrð af pólitík, að ekki sé hægt að íhuga hana? Það er ekki einungis hægt, heldur sjálfsagt. Mér er kunnugt um, og sjálfsagt fleirum, að það hafa verið gerð mörg útboð á verkum fyrir ríkisstofnanirnar, sem landssmiðjan hefir tekið þátt í ásamt einkafyrirtækjum í þessari grein. Og það hefir komið í ljós, að landssmiðjan hefir ekki getað annað en haft sín tilboð miklð hærri og óaðgengilegri heldur en einkafyrirtækin. En hvað hefir skeð? Það hefir skeð það, að þó tilboð landssmiðjunnar hafi verið mörgum þúsundum hærri, þá hefir ráðh. leyft sér að úrskurða, að þeim skyldi tekið. Hvað mundi þá verða, eftir að slík ákvæði væru komin í gildi, sem eru í þessu frv.? Hann tók það sem dæmi, hv. frsm., að það væri alveg sambærilegt, að löghelga einokun landssmiðjunnar á þennan hátt, við það að ríkisútvarpið hefði viðgerðarstofu. Þetta er hin fáránlegasta villa, hvort sem hún nú stafar bara af meðfæddri þröngsýni hv. frsm. eða öðru. Hann hlýtur að sjá það, þegar hann rankar við sér, að það er allt annað, þó einhver ríkisstofnun hafi sett upp viðgerðarverkstæði fyrir sig, heldur en ef ríkið kemur á einni allsherjarstofnun, sem á að taka að sér alla smíði fyrir allar ríkisstofnanirnar og einnig þær stofnanir aðrar, sem nú eða í framtíðinni kunna að njóta styrks frá ríkinu. Ég held hv. þm. ætti ekki að endurtaka þessa samlíkingu, því það er öllum ljóst, að hún getur ekki komið til greina.

Hann taldi það fjarstæðu, að atvinnuleysi gæti aukizt við að setja á stofn svona landssmiðju. Það má náttúrlega deila um það, hvort þessari smiðju er ætlað, eða hvort hún er þess megnug að taka við öllum þeim mönnum, sem verða atvinnulausir, ef önnur fyrirtæki í þessari grein leggjast smátt og smátt í rústir. Þangað til hv. frsm. lýsir því yfir, að landssmiðjan sé m. a. til þess stofnuð að taka við öllum þeim mönnum, sem flosna upp hjá öðrum slíkum fyrirtækjum vegna misréttis af hálfu löggjafarvaldsins, skoða ég þetta sem marklaust hjal. Ef atvinnuleysið á ekki að vaxa, verður hið nýja fyrirtæki, sem á að gína yfir þeim verkum, sem hin fyrirtækin annars hefðu haft, að taka við öllum þessum mönnum. En það er ekki að ófyrirsynju, að þeir óttast nokkuð um atvinnu sína og hugleiða, hvað margir þeirra muni komast að landssmiðjunni undir þeirri stj., sem fer með þessi mál og væntanlega verður stundum a. m. k. pólitísk, þó hv. frsm. segi það goðgá, að ráðh. sé pólitískur, sem er nokkuð einkennilegt að heyra úr hans munni. Þegar maður veit, hvernig ráðað hefir verið að jötunni við ríkisstofnanirnar, og hverskonar fólk það hefir verið, þannig að það þótti undur, er hæstv. fjmrh. lýsti því yfir á síðasta þingi, að einn eða einn og hálfur maður, sem ekki væri af þeirra flokki, hefði verið tekinn að einni nýstofnaðri ríkisstofnun, og taldi þar af leiðandi ekki ástæðu til að vera neitt að deila á hana, — þegar þetta þykir undrum sæta, að einn, ég vil ekki segja réttlátur, en af öðru sauðahúsi, er á meðal þess fjölda, sem tekinn var að þessari stofnun, þá getur maður ímyndað sér, hvort ekki er ástæða til þess fyrir þá, sem atvinnulausir verða vegna sérréttinda landssmiðjunnar, að vera dálítið kviðafullir. Ég held, að hv. frsm. hafi ekki getað fært nein rök gegn áliti minni hl. og þeirra manna annara, sem telja þetta mál óhæfilegt og óframbærilegt eins og það liggur hér fyrir. En ég tel nauðsynlegt, að raddir komi fram frá þessum mönnum og þeim stofnunum, sem reynslu hafa á þessu sviði, líka einstaklingsstofnunum, því að því verður ekki á mæti mælt, að til þeirra verka, sem landssmiðjan hefir með höndum, eru risin upp einkafyrirtæki, sem standa henni fyllilega á sporði, og að sumra dómi standa henni framar. En þó ekki sé meira sagt en að þau séu eins vel úr garði gerð, þá getur verið varhugavert að ráðast á slíkar stofnanir og fyrirtæki innanlands, sem orðin eru því vaxin að inna þessi störf af hendi, svo að ekki er ástæða til að kvarta yfir. Hitt getur verið ósköp eðlilegt, að ríkið hafi, ef henta þykir, stofnun til sinna smíða, til þess að gera betur fljótar og ódýrar heldur en önnur hliðstæð fyrirtæki, ef hægt er. En til þess að kleift sé að fara þá leið, þarf að vera frjáls samkeppni. Hitt er engin kúnst, að einoka verk fyrir sig og ráða öllu um, hvernig þau eru unnin, og verðleggja þau svo eftir eigin höfði. En þetta er það, sem þeim mönnum verður hált á, sem halda, að einokun í öllum greinum sé vegurinn til lífsins. Það má benda á sem dæmi samanburð þann, sem gerður var á síðasta þingi og ræddur í blöðunum um verðlag hjá raftækja- og bifreiðaeinkasölunni samanborið við það, sem áður var. Sá samanburður var svo hroðalegur, að það tók út yfir allan þjófabálk. Álagningin var langt yfir það, sem lög heimiluðu og viðskiptamennirnir höfðu gert sér í hugarlund, þó þeir fyndu, að ástandið var illt. Það var að vísu reynt að mótmæla þessu út í hött á þinginu, en síðan hafa ekki hlutaðeigandi stjórnarvöld hreyft litlafingur til að hrekja það. Þannig spor laða ekki, þau hræða.

Það er eitt, sem þessir menn gera svo lítið úr, og það er, hvort borgararnir, skattþegnarnir, eiga að fá að lifa eða ekki. Þeir mega bara deyja út eða fara á vonarvöl. Því fyrir atvinnulausum mönnum liggur ekki annað en fara á vonarvöl. Þó það heiti svo, að þeir fari á bæinn eða hreppinn, þá lifa þeir ekki lengi á því. Í raun og veru er það ríkið, sem þeir fara á, og það er bara stóri vonarvölurinn. Það eru ekki þessir háu herrar sjálfir, sem þunginn lendir á, heldur allur landslýður. Hvað þennan bæ snertir veit ég ekki betur en það mæði mest á honum, líka hvað snertir ríkisfjárhirzluna. Ég held, að það væri rétt að athuga, hvort ekki ætti einmitt að hlynna að honum, láta hann njóta undantekninga að ýmsu leyti, vegna þess hvað ríkið þarf mikið á honum að halda. En í stað þess eru gerðar beinar árásir á bæinn og skattþegna hans. Við því geta menn ekki þagað, menn verða að standa upp og mótmæla. Það getur a. m. k. ekki

komið til mála, að menn úr Sjálfstfl. fylgi sliku. Menn verða að athuga, að það dugar ekki til lengdar að ganga þá braut að draga alla atvinnu með valdi frá þeim stofnunum, sem standa undir gjaldgetu bæjarins, og leggja hana undir stofnanir, sem ríkið setur á laggirnar. Einhverntíma kemur það mönnum í koll, fyrst bænum og svo ríkinu sjálfu. Þegar þetta eru orðnar ríkisstofnanir, má ekki leggja á þær útsvör. Þær eiga að vísu að greiða 5%, en það vita allir, að það er allt of lágt samanborið við það, sem þær velta, hvað þá samanborið við þá gjaldstofna, sem þær hafa eyðilagt fyrir bænum. Það er talað um, að þessi bær hafi marga útvegi. En ef svo væri, að hann gæti einhvernveginn bjargað sér, eru þá þessar þörfu stofnanir, sem einstaklingarnir hafa komið upp og gert starfhæfar með sérlega miklum dugnaði, svo réttlausar, að það megi svo að segja með einu orði þurrka þær út? Ég segi nei, og það munu margir segja með mér.

Frá hvaða hlið, sem þetta frv. er skoðað, er það í næstum öllum atriðum óframbærilegt. Sérstaklega er það einkennilegt, og um leið varhugavert, að það skuli koma fram á þessum tíma, þegar allir eru í vandræðum, og þegar ríkið getur ekki rekið sínar stofnanir, nema með raunverulegum halla, ef rétt er spilað. Þegar við vitum, að viðskiptin við útlönd, líka innflutningurinn á því, sem við þurfum til þess að geta unnið eitthvað í landinu, hafa skapað slíkt öngþveiti, að enginn getur sagt, hvað víðtækar afleiðingar það kann að hafa, þá er það goðgá að ætla sér þá dul, eins og nú standa sakir, að telja mönnum trú um, að það sé bjargráð að samþ. annað eins frv. og þetta, eða yfirleitt að ríkið fari að svæla undir sig stofnanir, sem náð hafa góðum árangri, og sem miklu fremur ætti að styrkja til þess að veita sem mesta atvinnu, til þess að vinna þessar vélar, ef tiltækilegt reynist, og til þess að einhver fyrirtæki séu fyrir hendi til þess að bera byrðarnar af hinu opinbera.

Ég vil leggja sérstaka áherzlu á þetta, en það er ýmislegt fleira, sem ég skal ekki fara út í í þetta sinn, er líka gerir það að verkum, að rétt væri fyrir hv. stjórnarflokka að byrja nú á því að fara dálítið varlega. Ég vil aðeins benda á það, að þegar minnst vonum varir, geta þessi verk þeirra, þetta hrófatildur, sem þeir hafa byggt upp, og þar með ýmislegt annað, fallið um koll. Það má vissulega ekki miklu muna. T. d. hér í d. voru verstu og varhugaverðustu málin kúguð fram á tveim síðustu þingum með eins atkv. mun. Ætla þessir menn, stjórnarflokkarnir, að halda áfram á þessari braut með eins atkv. meiri hluta? Við vitum, að þetta eina atkv. er þannig til komið, hvort sem það er nú frá Pétri eða Páli, að það getur varla talizt sómasamlegt að tjalda því fram sem sérstakri stoð undir þessari stefnu og þessari löggjöf. Það er tilfengið atkv. til þess að koma fram málum, og það versta er, að þegar þeir ljá atkvæðið, þá er það gert til óþurftar landi og lýð.

*Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara ýkjamörgum orðum um ræðu hv. þm. V.-Sk., því í fyrri ræðu minni kom ég inn á mörg atriðin, sem hann vakti máls á, og hefi þar af leiðandi gert grein fyrir þeim. Hv. þm. sagði, að við í meiri hl. hefðum ekki viljað ljá hlustir nokkurri breyt. á þessu frv. Það veit þó hv. þm. mætavel, að þeir í minni hl. orðuðu ekki neinar breyt. á frv. í n. Þar sem meiri hl. gat unað við frv. eins og það var, sá hann ekki ástæðu til að ympra á breytingum. Það var þeirra, sem óánægðir voru með frv., að koma fram með brtt., og gátu þær þá að sjálfsögðu komið til athugunar í n. En engu slíku var til að dreifa.

Sami hv. þm. talaði um pólitískt ofstæki og hvers vegna þetta mál þyrfti að vera pólitískt. Ég verð að segja, að mig undrar á því, að svona mál skuli þurfa að vera pólitískt. Hér er um að ræða tilraun til að auka iðnað og verklegar framkvæmdir í landinu. En endilega þarf þetta mál að verða pólitískt fyrir þá sök, að sjálfstæðismenn geta ekki með nokkru móti unað við, að fyrirtæki rekið af ríkinu sé styrkt til að gera tilraunir með og undirbyggja nýja starfsemi í járniðnaðinum, væntanlega beinlínis af því það er ríkisfyrirtæki. Mér finnst þessi afstaða hv. sjálfstæðismanna einkennileg og óeðlileg. Það eru vissulega þeir, sem hafa komið pólitík inn í þetta mál með því að snúast öndverðir gegn því af því að ríkisfyrirtæki á hlut að máli, en ekki einkafyrirtæki.

Hv. frsm. minni hl. hélt fast við álitsgerð þá, sem Helgi Eiríksson hefir ritað minni hl. og prentuð er með nál. hans, sem ég þó hrakti að mörgu leyti og benti ljóslega á, að hér væri um álit pólitíkusar að ræða, en ekki hlutlauss fræðimanns. Nú vill svo vel til, að þetta hefir verið lagt undir álit þeirra manna, sem áhuga hljóta að hafa á, að vel takist að útvíkka innlenda járniðnaðinn, svo að hann nái til mótorsmíði. Þetta mál kom til umr. á fiskiþinginu, og þar var skipuð n. í það, sem í voru Þorsteinn Þorsteinsson, Ólafur Björnsson og Niels Ingvarsson. Ég hygg rétt með það farið, að meiri hl. þessarar n. fylgi Sjálfstfl. að málum, og hún var á einu máli um afgreiðslu þessa máls. Skilaði hún ýtarlegu áliti, sem sent var til fjhn. Nd., og sem ég fékk að líta á rétt í þessu. N. talar þar um, að það geti verið mjög heppilegt, ef hægt væri að koma á innlendri mótorgerð, og telur, að það gæti sparað þjóðinni 230 þús. kr. erlendan gjaldeyri, auk þess sem það mundi hafa í för með sér aukna atvinnu fyrir járniðnaðarmenn hér. Þó er n. á því, að ekki mundi ráðlegt að ráðast í beina mótorsmíði, þannig að vélarnar væru byggðar frá grunni hér. Hinsvegar telur hún athugandi, hvort ekki væri rétt eða möguleikar fyrir því að hálfvinna vélarnar, þannig að aðalstykkin væru keypt frá erlendu „steyperii", eins og margar erlendar mótorverksmiðjur gera. Svo kemur þessi niðurlagsályktun, sem samþykkt mun hafa verið með samhljóða atkv. á fiskiþinginu og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vill fiskiþingið mæla með því, að landssmiðjan eða önnur innlend verksmiðja sé studd fjárhagslega eða á annan hátt til slíkrar tilraunar, svo úr því verði skorið, hvort sú framleiðsla sé möguleg."

Með öðrum orðum, fiskiþingið hefir hallazt að þeirri skoðun, að það væri eðlilegt fyrir fjár-

veitingavaldið að styðja einhverja verksmiðju í þessu efni, og nefnir þar fyrst til landssmiðjuna. Mér finnst þetta álit skynsamlegt og að það bendi til þess, að nm. hafi einvörðungu haft í huga hagsmuni útgerðarinnar og hins íslenzka athafnalífs, en ekki pólitísk sjónarmið, eins og skína virðast út úr hverri línu hjá Helga Eirikssyni; er því að mínu viti hægt að leggja meira upp úr þeirra ályktun heldur en álitsgerð hans, sem prentuð er með nál. minni hl. — Hér með ætla ég því, að fyrir liggi álitsgerð þess félagsskapar, sem ætti að hafa fullkomnasta aðstöðu til þess að kynna sér málavöxtu, og hún hnígur ótvirætt í þá átt að mæla með framgangi frv. í aðalatriðum, að ríkið eigi, ef hægt er, að gera landssmiðjuna þess megnuga að leggja inn á nýjar brautir í járniðnaðinum. Hv. frsm. minni hl. taldi, að til þess mundi þurfa að verja of fjár, ef að notum ætti að koma. Ég treysti mér ekki að dæma um það, en með frv., sem fyrir liggur, er nokkuð markaður bás í því efni. Það er gert ráð fyrir, að ríkið ábyrgist lán fyrir landssmiðjuna til kaupa á vélum og öðrum tækjum til aukinnar starfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir, að landssmiðjunni sé lagt eitthvað á fjárlögum. Eru fjárframlögin þannig komin undir fjárveitingavaldinu á hverjum tíma, en í eitt skipti fyrir öll er gert ráð fyrir, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir láni handa þessari stofnun til þess að auka starfstæki sín. Hvernig sem síðar tekst til með tilraunir til mótorsmíði, ætla ég, að því fé, sem varið yrði til kaupa á vélum, væri ekki á glæ kastað, heldur yrðu þær notaðar áfram til eflingar íslenzkum járniðnaði, hvað sem mótorgerðinni liði.

Hv. frsm. minni hl. gat þess, að hann teldi ekki sambærilega við landssmiðjuna þá stofnun, sem ég gat um, eða viðgerðarstofu útvarpsins. Ég ætla, að þessi stofnun sé mjög sambærileg; veit ég ekki betur en að viðgerðarstofan geri við öll útvarpstæki á landinu, ekki aðeins þau tæki, sem ríkisútvarpið hefir með höndum, heldur einnig tæki einstaklinganna og þau, sem einstaklingar hafa annazt sölu á. Þannig annast ríkisútvarpið þessar viðgerðir, og hefir enginn haft neitt við það að athuga. Á sama hátt er ekkert við það að athuga, þó að landssmiðjan verði aukin og efld, svo að hún gæti farið inn á nýjar leiðir í járniðnaðinum. Ætla ég, að það sé bábilja ein, að önnur fyrirtæki muni af þeim sökum líða undir lok; sérstaklega þó ef landssmiðjunni yrði gert kleift að fást við ný viðfangsefni, og starfssvið hennar þannig útvíkkað, yrði hennar hagur betri, án þess að gengið væri á hluta annara samskonar fyrirtækja á nokkurn hátt.

Skilst mér, að hér gæti orðið alveg eins og með ríkisprentsmiðjuna „Gutenberg"; þó að hún hafi gengið í eign ríkisins og starfi að þeirri prentun, sem ríkið þarf að láta annast, og þó hún hafi verið efld að tækjum, þá þrífast aðrar prentsmiðjur vel hér í bænum við hlið hennar.

Ég ætla því, að það sé bábilja ein, að önnur fyrirtæki leggist í rústir, þó að þetta frv. verði samþ., og það er önnur fjarstæðan frá, að frv. þetta muni leiða af sér atvinnuleysi manna í járniðnaðinum, heldur mun verða þvert á móti. Ég hefi áður leitt rök að því, að útlit er einmitt fyrir, að atvinna muni aukast, ef frv. þetta nær lögfestingu. Ef svo gæti farið t. d., að unnt væri að smíða alla mótora hérlendis, sem við þurfum að nota, þá mundi það verða atvinnuauki, er næmi um 130 þús. kr. á ári. Og þó t. d. landssmiðjan eða önnur hliðstæð fyrirtæki keyptu inn stærstu mótorhlutana tilbúna eða steypta og settu þá hér saman, þá mundi atvinnan í járniðnaðinum aukast verulega frá því, sem nú er.

Ég fæ því ekki heldur séð, að hér sé nein árás á Reykjavík eða reykvíska skattþegna, og ég sé heldur ekki, að þetta geti gengið út yfir neina aðra íslenzka skattþegna. Landssmiðjan er hér í Reykjavík og greiðir hér sín gjöld eftir sérstökum lögum; á því yrði engin breyting. Hér er því alls ekki um neina árás á Reykjavík að ræða, og fer því svo fjarri, að þetta gæti orðið bæjarfélaginu til mestu gagnsemi, ef takast mætti með eflingu þessa fyrirtækis að auka atvinnu í járniðnaðinum, t. d. með mótorsmíði.

Loks fór hv. þm. V.-Sk. inn á stórpólitískar hugleiðingar út af afgreiðslu þessa máls. Taldi hann um, að það mundi ekki líðast til lengdar, að svona stórmál væru afgr. hér með eins atkv. meiri hl. En hvað er lýðræði? Í hverju er það fólgið, ef ekki þeim meiri hl., sem er á hverjum tíma? Þó að sá meiri hl. sé veikur, og aðeins 1 atkv., þá hlýtur hann að ráða, og á að ráða samkv. venjulegum lýðræðisreglum.

Ég get bent á annað dæmi um veikan meiri hl., þ. e. í bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem flokkur borgarstjórans, hv. 5. þm. Reykv., hefir aðeins 8 atkv. gegn 7. Þó minni hl. sé ekki einlitur, er hann í mjög mörgum málum sammála og andvígur stefnu íhaldsins, en ekki höfum við í bæjarstjórninni haft þau orð, að samþykktir meiri hl. gætu ekki þolazt, þó hann sé svona veikur. Enda getur enginn fundið að því með rökum eða mælt því í gegn, að meiri hl. Alþingis eða meiri hl. bæjarstjórnar knýi fram sín mál með eins atkv. mun. Er slíkt og einkenni þingræðis og lýðræðis, að meiri hlutinn ráði á hverjum tíma, hvort sem hann er stór eða lítill.

Jón Ólafsson: Hv. frsm. meiri hl., 1. landsk. þm., gaf mér tilefni til að segja hér nokkur orð út af því, sem hann minntist viðvíkjandi ályktun þeirri, er síðasta fiskiþing lét frá sér fara um væntanlegt mótorsmíði hér á landi. Sú ályktun, sem hér um ræðir, ber það ótvirætt með sér, að til hennar hefir ekki verið vandað. Allar rannsóknir á aðalatriðum málsins gersamlega forsmáðar, ekki svo mikið sem talað hafi verið við innlenda fræðimenn í þessum efnum, auk heldur að leitað hafi verið upplýsinga utanlands.

Það hefir verið bent á, að fyrsta skilyrðið væri að flytja inn vinnu við smíði vélanna, en mér er sagt, að ekki sé meiningin að svo komnu að vinna að steypu á vélhlutum, og þá heldur ekki mótorsmíði, en einmitt þetta tvennt skapar mesta vinnu. Kunnugt er, að hér á landi eru notaðar margar tegundir mótora, jafnvel svo tugum skiptir. Þeir, sem smíða þessa mótora erlendis, eiga vitanlega mót að hverju stykki, sem þeir hafa framleitt. Það mundi því aldrei þola samkeppni, sem kynni að verða framleitt hér af mótorhlutum, og myndi því aðeins bera sig með

því einu, að gefin væri einkaréttur til sölu, þ. e. bannaður yrði innflutningur á öllu því í þessari iðn, sem framleiða mætti hér á landi, og þannig skattleggja þá, sem máske sízt mega við því, sem sé útgerðina.

Mér finnst fólgin í frv. þessu mikil hætta fyrir útveginn, ef þekkingarlausum mönnum er ætlað að ráðast í slíka smíði, án þess nokkur vissa sé fyrir, hvort fáist minnsti sparnaður á gjaldeyri, og e. t. v. ekki einn eyrir í vinnu. Það eru nú orðin mörg dæmi þess, að menn hafi byrjað með iðnaðarfyrirtæki og fengið síðan vernd fyrir þau, til að standast erlenda samkeppni, þó að hráefnin hafi kostað oft eins mikið í gjaldeyri eins og fullunnin vara. Ég vil því benda á, að þetta mál þarf vel að athuga, áður en sett er í lög, að smíða skuli mótora hér á landi.

Þá vil ég benda á sem óhrekjandi staðreynd, að fyrirtæki einstaklinganna sækjast eftir fullkomnum fagmönnum, til að vera samkeppnisfær og geta yfirunnið þá, sem miður kunna og eru afkastaminni. Því það er nú svo, að það getur borgað sig að greiða jafnvel tvöfalt kaup til að tryggja sér góða starfskrafta; það hefir reynslan sýnt.

Nú er það gefinn hlutur, að í ríkisfyrirtæki sækja þeir menn, sem verða útundan í samkeppni um vinnu, og er ekki dæmalaust, að þeir gerist flokksmenn þeirra flokka, sem yfirráð hafa í ríkisfyrirtækjum, — gildir það jafnt, *hvaða flokkur sem með þau fer* —, *og sjá allir*, hvílík hætta þetta hlyti að vera fyrir framþróun iðnaðarins. Þetta er ekki eftirsóknarvert ástand.

Að lokum vil ég endurtaka það, hvílík hætta getur *í því legið fyrir atvinnuvegina*, þ. e. fiskveiðarnar, ef á að fá pólitískri stofnun vald í hendur til að skattleggja þá, eins og getur falizt í þessu frv. Þarf miklu fremur að styðja útveginn og hlífa honum en að leggja hann í þvílíka hættu.

*__Emil Jónsson:__ Mér finnst ég ekki geta látið mál þetta ganga áfram án þess að segja nokkur orð, þó að frsm. meiri hl. hafi drepið á ýmis atriði og leitt fram þau rök, sem frsm. minni hl. hefir í engu hnekkt.

Þá hafa og komið fram ný atriði í umr., sem ekki hafa komið fram fyrr og ég vil minnast á. En áður vil ég drepa á höfuðtilganginn með frv. þessu, þó rætt hafi verið um hann á víð og dreif, og í fyrra, þegar frv. þetta kom fram fyrst. Álít ég því æskilegt að rifja þetta upp í stórum dráttum. Í fyrsta lagi er ætlunin að skapa landssmiðjunni þá festu, sem hún hefir ekki áður haft. Hún hefir nú starfað í 5—6 ár, og þó raunar lengur, en aldrei hefir verið til neinn lagabókstafur um, hvernig haga bæri rekstri hennar, aðeins ráðherrabréf. Ekkert annað.

Losaraskapurinn á rekstri þessarar stofnunar hefir jafnvel gengið svo langt, að sumar deildir hennar hafa verið keyptar eitt árið, en svo seldar aftur næsta ár, til stórtjóns fyrir fyrirtækið. (__PHalld:__ Er það nokkur sönnun?). Ef það er ekki sönnun fyrir því, að fyrirtækið þurfi að fá fastara form, að tæki þess eru keypt eitt árið, seld á næsta ári og síðan keypt aftur þriðja árið, þá veit ég ekki, hvað er sönnun. (__PHalld:__ Það getur verið gróði). Ég tel þetta a. m. k. mjög óheppilegt og tel allsendis óvíst, að hv. 5. þm. Reykv. vildi gera þetta við fyrirtæki, sem honum væri annt um, og þetta er fyrirtæki, sem hann á að láta sér annt um, þó ekki sé beint vegna persónulegra hagsmuna, þá vegna hagsmuna þjóðarinnar, sem hann er kosinn til að vera á verði um. (__PHalld:__ Þetta geta verið hagsmunir fyrirtækisins). Hv. þm. veit, að það eru ekki hagsmunir til ágóða fyrir stofnunina eða hagræðis, að kaupa inn hlut, selja síðan fyrir hálft verð, og verða loks að kaupa hann aftur með uppskrúfuðu verði. (__PHalld:__ Af hverju var þetta gert?). Án þess að ég rökstyðji þetta frekar, veit ég, að hv. þm. hlýtur að skilja nauðsyn þess að fyrirbyggja svona óstjórn með því að skapa festu um starfsemi stofnunarinnar.

Annar tilgangurinn með frv. er sá, að skapa fyrirtækinu fastan grundvöll til að starfa á, þ. e. þá ríkisvinnu, sem til fellur, þó svo, að tilboð landssmiðjunnar standist samkeppni um verð og gæði við tilboð annara slíkra fyrirtækja. Ef svo er t. d., eins og þm. V.-Sk. segist þekkja, að tilboð hennar verði mörg þús. kr. hærri, þá er ekki hætta á samkeppninni við einstaklingsfyrirtækin. (__GSv:__ Hvar er þetta í frv.?). Það stendur í frv., ef tilboð reynast ekki óhagstæðari um vörugæði og verð. Ég efast um, að tilboð landssmiðjunnar séu svo óhagstæð sem þess hv. þm. vill vera láta, *og sjálfur þekki ég gagnstætt dæmi því*, er hann nefndi.

Þriðji höfuðtilgangur frv. er að koma af stað nýsmíði, og hafa í því sambandi verið nefndir mótorar, en vitaskuld er það ekki nema ein grein *járniðnaðarins, sem hefir sérstaklega komið til* greina vegna þess, hve hér er stór liður í innflutningnum, jafnvel allt að 500 þús. kr. á ári, sem nokkrar líkur hafa þótt til, að mætti spara á með innlendri smíði.

Eu auk þessa er til fjöldi annara hluta, sem landssmiðjan getur snúið sér að og einstaklingsfyrirtækin hafa ekki sinnt. Þessa hluti á að taka upp á að smíða hér, ekki til þess að koma járniðnaðarmönnum úr vinnu — eins og sumir hv. þm. hafa þótzt bera svo mjög fyrir brjósti og verið að tilkynna hér —, heldur til þess að koma þeim í vinnu. Það vita allir, sem til þekkja og vilja vita, að aðbúnaður allur við landssmiðjuna er lélegur, og aðstaða svo slæm, að ekki er sæmandi siðuðum mönnum. Ég hefi séð menn þar í vinnu úti í porti, þar sem ekki var svo mikið sem steingólf, hvað þá þak yfir höfuðið; hefir þessi aðbúnaður aukið erfiðið og verið til hins mesta óhagræðis.

Það er því svo langt frá öllum sanni, að verið sé að stofna til þess að bola út öðrum fyrirtækjum, að með frv. þessu er aðeins verið að hindra það, að landssmiðjan dragist aftur úr í samkeppninni.

Þá langar mig til að minnast á álit minni hl. fjhn. Þar hefir verið leitað álits manns, sem að dómi minni hl. hefir sérþekkingu til að bera og umboð fyrir þann aðilja, sem skiptir þetta mái miklu.

Um sérfræði þessa manns er það að segja, að hann er ekki meiri sérfræðingur en ég á þessu

sviði; við erum báðir verkfræðingar, og hvorugur er vélaverkfræðingur. Við höfum báðir nokkra nasasjón af þessum hlutum, en hvorugur sérfræðiþekkingu.

Hvað það snertir, að hér tali hann sem „trúnaðarmaður í félagsskap þeirra stétta, sem óneitanlega verður að taka mark á“ — þá efast ég um, að þetta sé rétt. Þó honum hafi borizt umleitun minni hluta fjhn. og hann sé í stjórn Landssambands iðnaðarmanna — sem ég geri ráð fyrir að átt sé við, þó heldur sé óljóst og loðið að orði komizt á nál. —, þá talar hann ekki hér um f. h. stj., til þess hefði þurft að leggja þetta mál fyrir stjórnarfund, heldur talar hann hér sem „prívat“-maður. Ég hringdi líka til hans strax, þegar ég sá þetta nál., og spurði hann að því, hvort hann talaði í umboði stj., og neitaði hann því, enda hafði hann ekki leyfi til þess að koma fram sem fulltrúi félagsskaparins, nema kalla saman fund, og ég leyfi mér að efast um, ef bréf þetta og frv. hefði verið borið undir stjórnina, að það hefði fengið þessa útreið.

Álit minni hl. kom fram í gær, en það varð furðu fljótt hljóðbært um bæinn, enda hefi ég nú fengið hér langa álitsgrein frá því félagi, sem mál þetta stendur næst, bæði sem atvinnuspurning og hvað þekkingu snertir, og á jafnframt mest undir um samþykkt þess og framkvæmd. Álit þetta er frá stjórn Félags járniðnaðarmanna í Rvík, og vil ég leyfa mér að lesa það hér orðrétt upp með leyfi hæstv. forseta:

ÁLIT

stjórnar Félags járniðnaðarmanna á frumvarpi til laga um Landssmiðju.

Eftir að hafa athugað ofangreint frumvarp, leyfum vér okkur að láta í ljós eftirfarandi álit.

1. Höfuðverkefni félagsins á undanförnum árum hefir verið það, að berjast fyrir aukinni atvinnu fyrir járniðnaðarmenn, og viljum við því taka það fram, að þetta sjónarmið ræður að mestu áliti voru um þetta mál.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir, að stofnað verði til framleiðslu á hlutum, sem ekki hafa verið smíðaðir hér á landi áður, svo sem mótora og annara véla, einnig smíði á hlutum, sem íslenzkir hugvitsmenn hafa fundið upp og gert uppdrætti að, er það stórt spor til aukinnar atvinnu í landinu.

2. Þar sem gert er ráð fyrir, að smíði mótora verði einn höfuðþátturinn í starfi landssmiðjunnar, viljum við geta þess, að við teljum fulla möguleika á því, að slík smíði sé framkvæmanleg hér á landi. Það er oss fullkunnugt, að hér hafa verið smíðaðir með góðum árangri allir aðalhlutar ýmsra mótortegunda, svo sem cylindrar, stimplar, deksel, skrúfuásar, sveifarásar, driffskrúfur, sem og aðrir smærri hlutir. Og dæmi eru til, að hér á landi hafa verið smíðaðir heilir mótorar, og það án þess, að hér væru til staðar „special“-verkfæri til framleiðslu slíkra hluta. Þetta sýnir m. a., að hér er fyrir hendi nokkur iðnþekking á þessu sviði, og mundi hún koma að miklu liði, þegar hér væru fyrir hendi fullkomin verkfæri til þess að framkvæma smíði mótora. Teljum við, að því fé, sem lagt væri fram til slíkra framkvæmda, væri vel varið. Jafnvel þó ekki væri ráðizt í að smíða nema eina stærð mótorvéla fyrst um sinn, þá væri það stórt spor í rétta átt, þar sem allur fjöldi þilfarsbáta er af svipaðri stærð: 15—25 smálestir.

3. Sem bein afleiðing af þeirri auknu starfrækslu landssmiðjunnar, sem frv. felur í sér, mundu verða reistar nýtízku verkstæðisbyggingar, þar sem verkamenn kæmu til með að hafa góðan aðbúnað og aðstöðu til allrar vinnu. Teljum við það hafa mikið hagsmunalegt og menningarlegt gildi fyrir járniðnaðarmenn.

4. Samkvæmt áðurnefndum grundvelli á áliti voru á frv. viljum við taka það fram, að við teljum það stórkostlegt hagræði fyrir íslenzka hugvitsmenn að fá tækifæri til þess með styrk landssmiðjunnar að koma hugmyndum sínum, sem nothæfar reynast, í framkvæmd, sem að öðrum kosti væri undir hælinn lagt, að kæmust í framkvæmd án aðstoðar hins opinbera, enda eðlilegt, að ríkisvaldið hefði forustu í slíku. Ennfremur viljum við benda á það, að slíkur nýiðnaður, sem um getur í frv., mundi stórum ýta undir smíði þilfarsbáta innanlands, og einnig önnur svið atvinnulífsins, sem að vísu færi eftir því, hve víðtækur nýiðnaðurinn væri, því það er staðreynd, að því meiri fullkomnun sem járniðnaðurinn í landinu nær, því meiri möguleikar eru til fjölbreytni og aukningar annars iðnaðar, þar eð járniðnaðurinn er undirstaða annars atvinnulífs.

Að síðustu lætur stjórnin þess getið, að hún sér ekki ástæðu til að hafa þetta álit sitt víðtækara að þessu sinni.

Stjórn Félags járniðnaðarmanna.

Til formanns meiri hl. fjhn.“

Mér finnst það alveg greinilegt af þessari samþykkt járniðnaðarmannafélagsins, að þeir skilja, að hér er ekki um atvinnumissi að ræða, heldur þvert á móti atvinnuaukningu. Það er lagt til í frv., að aðbúnaður í landssmiðjunni verði bættur, henni verði afhent nokkur lóð og að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán fyrir hana. Og ennfremur, að heimilt sé að láta landssmiðjuna að öðru jöfnu inna af hendi þá smíði, sem ríkisfyrirtæki þurfa að kaupa. (**JakM**: Ekki eftir útboðum). Það, sem frv. gerir ráð fyrir í þessu efni, er að mínu áliti alveg eðlilegt og sjálfsagt, að gert verði, ef það getur náð þeim tilgangi að auka járniðnaðinn í landinu. Ég er fyrir mitt leyti alveg viss um, að það getur náð þeim tilgangi. En það kostar náttúrlega tíma og erfiði og mikla kunnáttu að koma þessu í kring. En ég hefi enga trú á því, að Íslendingar séu það meiri lassarónar en aðrir þjóðir, að þeir geti þetta ekki. Ég hefi séð mótorverkstæði langt uppi í landi, sem engin sérstök skilyrði virðast hafa fyrir hendi, nema þau, að þar hafa kunnáttumenn og áhugamenn drifið þau upp og getað fengið markað fyrir smíðar sínar, og þess vegna fleygir þeim fyrirtækjum áfram. Hér er nú markaðurinn fyrir hendi og einnig þörfin á atvinnunni. Einnig eru hér kunnáttumenn til þess að hrinda þessu áfram. Og tilraunir og athuganir hafa verið gerðar sameiginlega einmitt af þeim, sem mest hafa með útgerð að gera hér á þessu landi, fulltrúum fiskifélagsins og forstjórum landssmiðjunnar. Og eftir þeim tilraunum hefir verið komizt að þeirri niðurstöðu, að vel sé kleift, bæði frá teknisku og

fjárhagslegu sjónarmiði, að láta landssmiðjuna annast smíði mótora. Vitanlega eru menn þeirrar skoðunar, að ekki eigi að ana út í þessa hluti, heldur prófa sig áfram, gera t. d. eina gerð véla fyrst. Enda ætti að halda því principi, að hafa gerðirnar á vélunum sem fæstar, því að það er engum til góðs, að þær séu hafðar eins margar og verið hefir hingað til.

Um álit minni hl. n. að öðru leyti eða bréf Helga Hermanns Eiríkssonar þarf ég ekki að vera ýkja fjölorður, því að hv. frsm. meiri hl. n. hefir hrakið það svo lið fyrir lið, að ekki stendur mikið af því eftir.

Höfuðástæðan, sem hv. frsm. minni hl. n. hefir fært fram á móti frv., er sú, að það sé runnið undan rifjum sósíalista og einn liður í þeirri stefnu að koma sem flestum stofnunum undir ríkið. Þetta er ekkert annað en venjuleg sósíalistagrýla, sem er aðalundirrót þeirrar andspyrnu, sem kemur fram gegn þessu frv. Og svo er reynt að finna ýmsar átyllur til þess að geta mælt á móti frv., sem ég tel léttvæg rök. Það hefir verið á það minnzt, að þetta fyrirtæki gæti orðið skaðvænlegur samkeppnisaðili fyrir fyrirtæki, sem fyrir eru hér í bænum, og að þess vegna gætu nokkrir menn orðið atvinnulausir og komizt á vonarvöl, og það hefir verið sagt, að atvinna þessara manna mundi minnka o. s. frv. En þetta er ekkert annað en falsrök. Því að þó að landssmiðjunni tækist að uppfylla sitt verksvið samkvæmt þessu frv. betur en áður, þá yrði það engan veginn til þess að vinna járniðnaðarmanna minnkaði við það. Sá versti möguleiki í þessu tilliti í augum sjálfstæðismanna er e. t. v. sá, að vinna við járniðnaðinn gæti færzt eitthvað til. En að vinnan minnki við járnsmíðar vegna endurbóta á landssmiðjunni og útfærslu á verksviði hennar, það fæ ég ekki skilið.

Okkar rök fyrir þessu frv. eru þau, að aðalstarfsemi landssmiðjunnar eigi að vera sú, að byrja á nýjum iðnaði, sem möguleikar eru til að framkvæma hér á landi. Og við það skapast náttúrlega aukin vinna, en ekki rýrnun á atvinnu.

Það stendur í þessu nál. minni hl. fjhn., að með valdboði eigi hér að þvinga einkafyrirtæki, eins og t. d. Eimskip, til þess að færa viðskipti sín frá gömlum viðskiptamönnum og til landssmiðjunnar. Þetta er algerlega rangt. Í frv. er ekki sagt annað í þessu sambandi en að ríkisstj. geti mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta gera innanlands, ef hún býður ekki lakari kjör að neinu leyti en aðrar samskonar smiðjur.

Þá segir í þessu nál. minni hl. n., að erfitt sé að meta vinnubrögð fyrirfram. Það er furðulegt, að nokkur verkfræðingur skuli láta sér slíka vitleysu um munn fara (þ. e. H. H. Eiríksson í bréfi sínu, sem er í nál. minni hl.). Allir vita, að þesskonar verk eru metin fyrirfram. Og útboðslýsingar er hægt að gera svo nákvæmar, að ómögulegt er að fara í kringum þær, þannig að báðir aðiljar, sá, sem selur, og sá, sem kaupir vita nákvæmlega, hvað þeir eiga að fá, svo að um þarf ekki að deila.

Þá segir ennfremur í nál., að vélar þær, sem hér eru notaðar, séu mjög mismunandi að stærð, frá 1 til 100 hestorkur. Þetta er rétt. En svo segir líka í nál. minni hl., að það megi telja víst, að smiðjan gæti ekki selt nema stærstu vélarnar fyrir kostnaðarverð. Getur hv. frsm. minni hl. upplýst, á hverju þessi fullyrðing er byggð? Mér er það ekki ljóst.

Þá er það í nál. talið hættulegt, að ríkisstj. eini tilnefni þá kunnáttumenn, sem meta eiga nýsmíði hugvitsmanna samkvæmt 2. gr., og sagt, að ráðh. hafi sjaldnast iðnræna þekkingu og séu sterkpólitískir menn, og séu því illa fallnir til að dæma um þetta. Um þetta ætla ég ekki að ræða frekar. En mér virðist þetta nál., sem hér liggur fyrir frá minni hl., vera sterkpólitískt, svo að varla geti fremur verið. Í því er gengið framhjá staðreyndum í málinu og þar er slegið fram skoðunum, sem eru alls ekki rökstuddar, eingöngu af þjónustu við þessa sterkpólitísku skoðun, að frv. sé runnið undan rifjum sósíalista og geti þess vegna aldrei orðið nema til tjóns.

Ég vil beina einni spurningu til hv. þm. V.-Sk. Hann sagði, að hann hefði leitað álits, og fengið álit skildist mér, ekki eins manns, heldur margra manna, sem þetta mál snertir eitthvað, og að það væri alveg einróma álit þeirra, að þetta frv. væri ómögulegt og ófært. M. ö. o., að þeirra álit hefði verið alveg samhljóða áliti Helga Hermanns Eiríkssonar. Ég vildi nú gjarnan fá að heyra, hvernig þetta álit hljóðar, því að nú hefir verið lesið upp álit járniðnaðarmannafélagsins og álit fiskiþingsins um þetta mál. Og ég tel, að það séu aðiljar, sem taka megi mark á í þessu sambandi. En það væri ekki óviðeigandi, að láta álit þessara manna, sem hv. þm. V.-Sk. var að tala um, einnig koma fram.

Því verður ekki neitað, að járniðnaðarmenn eiga mest undir þessu frv. (**PHalld:** Þeir vilja komast á ríkissjóðinn). Þeir vilja fyrst og fremst fá atvinnu. Og með þessu móti fá þeir atvinnu, sem þeir mundu ekki fá að öðrum kosti. Ég væri vel til með að stuðla að því, að einkafyrirtæki framkvæmdu þetta, ef ég hefði vissu fyrir því, að þau þá gerðu það. En enn þá hefir ekki verið bent á einn einasta möguleika til þess, að þau gangi inn á þá braut.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að einkafyrirtæki sæktu eftir beztu mönnum til sinna iðngreina. Það er sjálfsagt rétt, að það gera allir. En ég hefi aldrei heyrt annars getið en að landssmiðjan hafi hinum beztu kunnáttumönnum á að skipa. Ég hefi ekki heyrt þess getið, að þangað söfnuðust þeir, sem út undan hefðu orðið annarsstaðar. Mér hefir virzt, að þeir smiðir, sem þar eru að verki, séu sízt lakari til sinna starfa heldur en þeir, sem vinna hjá einkafyrirtækjum. En ef einhverjar skýrslur liggja fyrir um, að svo sé ekki, þá er rétt að láta þær koma fram.

Þá sagði þessi hv. þm., að þetta gæti gengið eins og það hefði gengið, þessu máli lægi ekkert á. En mér virðist þessu máli liggja á, því að aðbúð landssmiðjunnar er nú svo slæm, að slíkt er fyrir neðan allar hellur. Ég hefi lýst því áður, og skal ekki að þessu sinni fara frekar út í það. Þeir menn, sem að þessu fyrirtæki standa, hafa sýnt, að landssmiðjan getur unnið vel. Og hún gæti unnið enn þá betur, ef hún hefði betri aðbúð, og þess vegna finnst mér

alveg sjálfsagt að láta hana fá þessa betri aðbúð. — Einnig sagði hv. þm V.-Sk., að nýiðnaður þessi væri gálaust verk og runnið undan rifjum sósialista, að nýsmíðið væri langvarhugaverðasta atriði þessa frv. og að ekki væri hægt að ætlast til. að neinn gæti unnið hér á landi það, sem frv. færi fram á, og allra sízt, ef ríkið ætti að skipta sér af því. Þetta er sama vantrúin, sem skotið hefir oft upp höfðinu, á því, að Íslendingar geti gert þessa hluti eins vel og útlendingar. Ég veit ekki, hvaðan þessi vantrú er sprottin, en mér finnst hún afaróviðfelldin. Ég veit ekki neinar ástæður til að ímynda sér svona fyrirfram, að Íslendingar séu nokkuð verr til þess fallnir að vinna þessi verk heldur en aðrir. En ég veit, að Íslendingar sumir hverjir hafa síðustu árin aflað sér mikillar kunnáttu í þessum efnum. Og ég álít rétt að láta þá sýna, hvað þeir geta, einmitt nú á þessum erfiðu tímum.

Þessi sami hv. þm. sagði líka, að það væri undarlegt og varhugavert að koma fram með svona frv. á þessum tímum, og taldi goðgá að kalla þetta bjargráð. Röksemdir hans fyrir því voru þær, að með þessu væri hrúgað inn í landið vélum, sem kostuðu mikla peninga, en þyrfti ekki með og afköst yrðu engin. En nú hefir verið sýnt fram á það með rökum, að vélainnkaup í þessu sambandi eru hverfandi lítill kostnaðarliður samanborið við það, sem hægt er að gera með þeim vélum. Það, sem því sparast af erlendum gjaldeyri með því að smíða mótorvélar og annað þ. h. í landssmiðjunni, eins og frv. gerir ráð fyrir, yrði svo miklu, miklu meira heldur en sem vélakaupunum til landssmiðjunnar mundi nema, að það yrði ekkert sambærilegt. Þess vegna er það, að einmitt í þessum valútuvandræðum, sem nú eru hér, á að fara að reyna það, sem sparað getur gjaldeyrinn, en sem menn annars mundu ekki reyna, ef allt gengi vel í atvinnulífi þjóðarinnar. Þegar menn ganga auðum höndum og atvinnulausir, er rétt og sjálfsagt að gera tilraunir til að bæta úr atvinnuleysinu m. a. með því, sem frv. gerir ráð fyrir. Og mér finnst líka alveg sjálfsagt, að ríkisvaldið hjálpi til við þær tilraunir.

Guðbrandur Ísberg: Það hefir allmikið verið á það minnzt, að það kenndi pólitíkur í þessu máli. Frá mínum bæjardyrum séð, þá furðar mig ekkert á því, þó að á slíkt sé minnzt, því að með þessu frv. er ráðizt inn á einstaklingsframtakið á enn einu sviði athafnalífs íslenzku þjóðarinnar. Við þekkjum það allir og vitum, að það er tiltölulega stutt síðan ríkisvaldið hreyfði sig fyrst í þessa átt, og það var fyrst gert á verzlunarsviðinu. Á stríðsárunum var byrjað að hafa ríkiseinokun á verzlun. Því var hætt aftur að mestu, og þó lengst af haldið í einhverri mynd síðan. En nú á síðustu árum hefir verið stigið áfram hröðum skrefum á þessari braut.

Með stofnun landssmiðjunnar er tekið fyrir nýtt svið atvinnulífsins til að leggja það undir ríkisrekstur, sem sé iðnaðurinn. Hingað til hefir þó landssmiðjan haft sitt takmarkaða verksvið, aðallega bundið við smíði brúa og annars, sem hefir þurft við verklegar framkvæmdir hins opinbera. En nú er farið fram á, að lögfest verði, að hún skuli hafa hverskonar almenna járnsmíði, og þá auðvitað í fullri og harðvítugri samkeppni við hliðstæð einkafyrirtæki.

Höfundur þessa frv. — ég býst við, að ég megi telja, að hv. þm. Hafnf. sé það — hann orðar það svo, að höfuðtilgangur frv. þessa sé að skapa þá festu um landssmiðjuna, sem ekki hafi áður verið. — Hvað er nú hér á ferðinni? — Það er ekki fyrst og fremst um það að ræða að gefa vísbendingar um það, hvað sé hagkvæmast, að landssmiðjan hafi með höndum. Um það hefir hún frjálst val, eins og hingað til. En hér á að skapa henni þá sérstöðu á kostnað einstaklinga, að þegar hana vantar verkefni, þá geti hún tekið það frá öðrum. (**EmJ**: Þetta er rangt). Nei. því að hv. þm. Hafnf. undirstrikaði það, að það væri engan veginn víst, að hér væri um nýja atvinnu að ræða, heldur tilfærslu á atvinnu. Þetta er alveg rétt. Það gæti verið um tilfærslu á atvinnu að ræða, þannig að í stað þess að landssmiðjan hefir fasta 30 menn í vinnu, gæti hún haft 60—100 menn í fastri vinnu, með því að taka vinnuna frá öðrum, án þess að skapa nein ný verkefni fyrir menn.

Til þess að hægt sé að mæla með þessu frv. á þeim grundvelli, að æskilegt sé, að nýsköpun komi fram á iðnaðarsviðinu, þá þarf a. m. k. að færa einhverjar líkur fyrir því, að með þessu fyrirkomulagi, sem í frv. getur, verði framkvæmdum í þágu þeirrar stefnu betur borgið. Nú höfum við á undanförnum árum, og sérstaklega á síðustu árum, haft það fyrir augum, að einstaklingsframtakið hefir gert byltingar í íslenzkum iðnaði í framfaraátt, og það með ótrúlegum hraða. Ég vil út frá því draga þá ályktun, að þessari nýsköpun í íslenzkum iðnaði, að svo miklu leyti, sem hún er æskileg og kann að borga sig, sé langbezt borgið í höndum einstaklinga, eins og iðnaðurinn hefir verið hingað til. Og í raun og veru er frv. sjálft sönnun þess. Því að hvers vegna þarf að skapa landssmiðjunni friðindi og varnir á alla kanta vegna þessarar nýsköpunar, ef ekki til þess einmitt að standa betur að vígi en einstaklingar og til þess, að landssmiðjan geti keppt við einstaklinga, sem annars væri hætta á, að hún gæti ekki?

Ég vil benda á það, að í grg. þessa frv., eins og það var flutt á síðasta þingi, var það einmitt undirstrikað, að það hefði nú farið svo, að landssmiðjan hefði ekki verið samkeppnisfær við einstaklingsfyrirtæki. Og þá er nú sannarlega langt gengið, þegar í grg. frv., sem á að sýna ágæti þessarar nýju stefnu, er samtímis neyðzt til að játa þetta. Þetta er orðað þannig í þessari grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Eitthvað kann þetta að hafa staðið í sambandi við þá **staðreynd**, að tilboð landssmiðjunnar hafa stundum reynzt óaðgengilegri en tilboð frá einkafyrirtækjum."

Það er ekki hægt að kveða öllu fastar á um þetta. Og þetta er nú á meðan landssmiðjan er starfrækt „ólögbundin", eins og hv. þm. komst að orði. En nú á að tryggja með löggjöf, að hægt sé að ganga inn á svið einstaklinga ákveðnar heldur en gert hefir verið áður og tryggja þessu iðnfyrirtæki velvegnan á þann hátt.

Það er nú búið að segja margt um þetta frv.,

og hv. þm. V.-Sk. tók þar margt réttilega fram. Hefi ég ekki miklu við að bæta hans ýtarlegu ræðu. Ég vil þó benda á atriði, sem fram kom hér í umr. og lögð var sérstök áherzla á af hv. þm. Hafnf. Samtímis því að hann játar, að engan veginn sé víst, að það yrði nema tilfærsla á atvinnu, sem ákvæði frv. mundu koma til leiðar, þá undirstrikar hann, að hér sé þó um að ræða að afla atvinnu. Já, ég get vel skilið, að þeir menn, sem vinna við landssmiðjuna, vilji gjarnan tryggja sína atvinnu, ekki sízt vegna þess að hún hefir ekki reynzt samkeppnisfær. Þessir 30 menn vilja gjarnan fá tryggða ársatvinnu, og *ef ekki vill betur til, þá á kostnað annara atvinnufyrirtækja*. Þannig gæti verið um að ræða öflun atvinnu handa þessum mönnum, þó að ekki væri um annað að ræða en tilfærslu á atvinnu. Það geta líka orðið aðrir 30 menn, sem mjög gjarnan vilja komast að launakjörum, sem veita laun, er fara langt fram úr launum fastra embættismanna ríkisins. Mér dettur ekki í hug að kasta steini á menn, sem gera vilja þessar kröfur um aukna atvinnu og tryggingu hennar. En þegar hv. þm. rekur erindi þessa flokks manna, þá á hann að segja það hreinlega, en ekki að segja: „Við erum að vinna að heill alþjóðar með þessu máli.“

Þróun íslenzks iðnaðar síðustu árin er sönnun þess, að okkar iðnaði er bezt borgið í höndum *einstaklinga*. Það er því með öllu ástæðulaust, að ríkisvaldið fari að seilast inn á það svið.

***Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson)**: Herra forseti! Það hefir í raun og veru ekkert nýtt komið fram frá meiri hl. n. í þessu máli. Og get ég sparað mér að eiga orðastað við hv. frsm. meiri hl. n., sem hefir tilkynnt mér, að hann yrði að fara af fundi. Mun ég meir víkja máli mínu til hv. þm. Hafnf., sem er nú einskonar fulltrúi flokks og manns að þessu sinni.

Hv. 1. þm. Rang. hefir nú gersamlega hrakið allt, sem átti að vera meginmál hv. frsm., sem sé, að liðsauki hafi nú komið forsvarsmönnum frv. frá fiskiþinginu. Að vísu geta menn deilt um það, hversu heppileg þessi ályktun fisiþingsins muni vera í hinu og þessu. En *eftir* ummælum hv. 1. þm. Rang. orkar ekki tvímælis, hvernig þessu áliti er farið. Enda var síður en svo, að um meðmæli með frv. væri að ræða. Nm. virðast hafa verið að reyna að leysa þá gátu, hvernig þeir ættu að lýsa yfir andstöðu sinni við frv. með sem vægustum orðum. Ályktunin ber fyllilega með sér, að þeir eru á móti frv., en vilja ekki kveða niður þann anga af sæmilegum tilgangi, sem kann að liggja á bak við það. Þeir leggja greinlega á móti því, sem er aðalatriði frv. Það hefir verið itrekað, ekki sízt af hv. þm. Hafnf., að meiningin væri, að hér yrði um fullkomið nýsmíði mótora að ræða. Ég lýsti að vísu í fyrri ræðu minni, hvernig væri háttað í þeim efnum og við hverjum útlátum ríkið mætti búast, *ef þetta væri ekki aðeins flagg, sem* hv. flm. vilja hampa framan í fólkið, að nú eigi að fara að auka atvinnuna með því að smíða innanlands þær vélar, sem mest þörf er á, og enda þótt efnið sé aðflutt, sparist svo og svo miklar greiðslur út úr landinu fyrir vinnu á þennan hátt. Fiskifélagsnefndin leggur til, að ekki sé farið út á þessa braut, en stingur jafnframt upp á, svo sem til þess að segja eitthvað, hvort ekki mætti athuga að hálfvinna eitthvað af mótorum hér, fá frá smiðjum ýtra eitthvað af hlutum í þá, sem léttara er að vinna þar en hér, o. s. frv., allt í þeim dúr, er styður það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að hér væru ekki fróðir menn að gera ályktun.

Eins og ég hefi sýnt fram á, er ekkert útlit fyrir, að þessi starfssemi gæti orðið *nema sem* tilraunir fyrst um sinn. Ég neita því ekki, að slíkar tilraunir mætti gera, en það er allt annað *heldur en* að útiloka um leið alla aðra. Málið er þannig vaxið, að það er ekkert í veginum, að landssmiðjan geti gert þessar tilraunir nú, ef hún treystir sér til þess. Ég vil spyrja hv. þm. Hafnf., hvaða hömlur eru á því. Þetta frv. breytir engu í því efni, nema með þessu almenna ákvæði að útiloka alla aðra. Það má vera, að slíkar tilraunir þyrfti að styðja með styrk úr ríkissjóði, en það kemur ekki þessu frv. við frekar en verkast vill. Það kostar bara fé, og eins og fiskiþingsnefndin bendir á, er ekkert bundið við, að það væri landssmiðjan, sem fengi slíkan styrk. Það er alveg rétt hjá nm., enda eru þeir þar komnir inn á svið, sem þeir geta dæmt um. Það sér hver leikmaður, að ef gera á tilraun á þessu sviði, getur þurft að styrkja hana, *en slíkan styrk getur ríkið með eins góðum árangri og e. t. v. betri veitt einkafyrirtæki*, sem aflað hefir sér reynslu og þekkingar í þessari grein og hefir þeztum kröftum á að skipa.

Nú er því ekki heldur til að dreifa, þó hér sé verið að flagga með hugvitsmönnum, að Alþingi geti búizt við, að þeir séu á hverju strái og ekki þurfi annað en koma upp landssmiðju, til þess að þeir geti skarað fram úr því, sem gerist annarsstaðar. Þó hér sé margt góðra manna, þá er ekki ástæða til að ætla, að það spretti upp úr grjótinu menn, sem í einu vetfangi fara fram úr því, sem gert er annarsstaðar á þessu sviði, þar sem miklu lengra er komið í þekkingu og reynslu.

Höfuðvígi hv. meðmælenda frv. er þá fallið. *Fiskiþingið hefir ekki blandað sér í þetta mál á* þann hátt, að þeir geti tekið sér það til inntekta. Allt, sem nm. segja og geta sagt, er á móti frv. Þess er og að vænta, að svona ályktanir, þegar frá er tekið orðalagið, þetta sem sagt er til þess að þurfa ekki að styggja neinn, séu að meiningu til réttar og góðar.

Hv. þm. Ak. sýndi ljóslega fram á, að það, sem hv. þm. Hafnf. taldi eina af aðalundirstöðum þessa frv., á enga rót í virkileikanum á þá lund, sem hv. þm. vildi vera láta. Hann sagði, að með þessu frv. ætti að skapa landssmiðjunni þá festu, sem hún ekki hefði haft, en þyrfti að hafa. En landssmiðjan *gæti sannarlega* haft þessa festu, ef hún hefir þessum framúrskarandi mönnum á að skipa og kappkostar eins og einkafyrirtækin að vinna verkin svo, að menn geti verið ánægðir með þau. En það er eitt, sem mótmælir því, að svo sé virkilega. Landssmiðjan hefir, eins og er, ýms hlunnindi fram yfir einkafyrirtækin, en samt getur hún ekki verið eins ódýr eins og þau. Ég get nefnt sem dæmi tvö verk, sem það

opinbera þurfti að láta framkvæma og boðin voru út. Í öðru tilfellinu var tilboð landssmiðjunnar 7000 kr. hærra heldur en tilboð hlutaðeigandi einkafyrirtækis. En ráðh. úrskurðaði, að hvað sem þessu liði, þá skyldi landssmiðjan fá verkið, með öðrum orðum, útboðið var bara loddaraleikur. En samkv. frv. þarf ekki einu sinni að bjóða slík verk út til málamynda. Ég býst við, að fyrir ráðh. hafi vakað að hlynna að landssmiðjunni með þessu, af því hún er ríkisfyrirtæki, enda er það stefna sósialista að koma öllum stofnunum á ríkið og hlynna svo að þeim á kostnað hins opinbera, en sú stefna er óneitanlega nokkuð hörð í framkvæmdinni.

Í hinu tilfellinu munaði um 11 þús. kr. á tilboðunum. Að vísu var þessi hroðalegi munur notaður til að skrúfa nokkuð niður tilboð landssmiðjunnar, en hún fékk verkið. Þetta voru verk, sem vinna átti fyrir síldarverksmiðjurnar á Siglufirði, og þetta mun orðið alkunnugt mál. Þessi dæmi sýna, hvernig gengur undir núverandi kringumstæðum, sem eru þannig, að allir mega bjóða í verkin. Það er ekki hægt að segja, að einkafyrirtækin séu útilokuð frá að koma til greina. En svona er farið að af þeim, sem ráða. Hvernig skyldi þá verða farið að, ef slík ákvæði yrðu samþ., sem hér liggja fyrir?

Þegar hv. þm. Hafnf. var að lesa hér upp úr álitinu, sem hann hafði fengið frá félagi járniðnaðarmanna, spurði ég í gamni, hvort það félag væri í Alþýðusambandinu. Hann leit upp stórum augum: Hvað kom það málinu við? Það skipti nú reyndar ekki máli að öðru leyti en því, að þetta mun ekki vera félag, sem fjallar um járniðnaðarmálin frá teknisku sjónarmiði, heldur er það bara atvinnufélag, eins og félögin í Alþýðusambandinu yfirleitt. Þetta eru ekki fræðimenn, sem þarna standa saman, heldur er það atvinnuspursmálið, sem félagið hefir með höndum. Þetta eru verkamenn, og ekki hægt að áfellast þá, þó þeir vilji fá sér aukna atvinnu, en að því miðar frv. að dómi hv. þm. Hafnf. Einkum þegar sú atvinna er á vegum ríkisins, því þá sitja þeir fyrir, sem eru í Alþýðusambandinu, og það er ekki margt að því að fá embætti hjá ríkinu. Ég get ekki séð, að þetta félag sé sérstaklega dómbært um þetta mál, sem ekki er ólíklegt, að sé að einhverju leyti runnið undan rifjum þeirra, sem ekki telja sig nógu fasta í þessum landssmiðjuembættum. Sýnast þeir þó hafa verið nógu fastir, sem þar hafa eitthvað starfað að undanförnu, enda mun þessi ríkisstofnun ekki standa öðrum að baki í því að sópa að sér mönnum, sem engir hafa fyrr uppgötvað, að hefðu neitt sérstakt til að bera, en sem komizt hafa í hæstu laun, af því þeir hafa verið hollir flokki sínum. Það er líka varhugavert atriði að stofna með löggjöf ríkisstofnanir beinlínis til þess að æra menn út í að varpa frá sér annari atvinnu eða láta sér fátt um hana finnast í þeirri von, að allir geti komizt á hið opinbera. Það er kunnugt, að þegar einkafyrirtækin falla um koll eða verða að færa saman kvíarnar, þá þykir gott og eftirsótt að flýja á náðir hins opinbera í eina allsherjarkös og reyna að fleyta þar fram lífinu. En það mál hefir tvær hliðar. Frá sjónarmiði pólitiskrar siðfræði er það ekki af því góða að stofna ný ríkisfyrirtæki í þessu skyni. Ég vil ekki væna hv. þm. Hafnf. um, að þetta sé aðalatriðið fyrir honum, en vitanlega vill hann taka tillit til þess, ef hægt er að tryggja þessa menn, því það er nú einusinni þeirra sósialistanna fagri siður að þykjast vera að tryggja alla menn.

Ég held, að landssmiðjan geti gert eins og er það, sem hv. þm. Hafnf. nú telur aðalatriði þessa máls. Hún getur haldið áfram smíði á þeim hlutum fyrir ríkisfyrirtæki og aðra, sem hún í frjálsri samkeppni getur náð í með þeim hlunnindum, sem hún þegar hefir og gera leikinn strax ójafnan. Og hún getur líka með sérstökum styrk, ef það er ekki öðrum stofnunum falið, gert tilraunir með nýsmíði, þar á meðal véla og vélarhluta. Getur maður þá séð, hvort ekki vantar þarna það hugvit eða þá verklagni, sem með þarf.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Jakob Möller:** Hv. þm. Hafnf. hélt því fram hér við umr., að ekki gæti verið nein spurning samkv. 2. gr. frv. um afstöðu landssmiðjunnar til vinnu fyrir það opinbera, að því aðeins eigi hún að fá vinnuna, að hún bjóði eins lágt eða helzt lægra en aðrir í að vinna verkið.

En þetta er einmitt höfuðatriðið, sem um er deilt. Í fyrra kröfðumst við sjálfstæðismenn þess, að þetta væri skýrt og ákveðið tekið fram í frv., og skilyrðislaust reynt með útboðum, svo að landssmiðjan yrði að sýna, að hún væri samkeppnisfær. Enda liggur það í augum uppi, að sé þetta meiningin hjá hv. þm. Hafnf., þá er sjálfsagt að setja það inn í frv., og vænti ég, að það verði gert við 3. umr. Verði ekki aðrir til þess, mun ég flytja um það brtt. og vænti, að hv. þm. Hafnf. greiði þá atkv. með þeirri till. Þarf sú till. að fela það í sér, að sannað verði með útboði, að landssmiðjan fái ekki verkið fyrir hærra verð en aðrir bjóða. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið á þessu stigi, en geri ráð fyrir, að hv. þm. Hafnf. standi við orð sín um þetta atriði.

***Emil Jónsson:** Það eru aðeins örfá orð út af ræðu síðasta ræðumanns og orðum, sem féllu hjá hv. þm. V.-Sk. hér í gær.

Ég vil þá fyrst víkja aðeins að síðustu ræðu hv. 3. þm. Reykv. og þá einkum því, sem hann talaði um útboð á vinnu fyrir það opinbera. Hv. þm. var á því, enda enginn ætlazt til annars, að frv. þyrfti að vera gert svo úr garði, að landssmiðjan gæti ekki tekið verk hjá ríkisstofnunum, nema hún sýndi, að hún væri samkeppnisfær. Þetta finnst mér vera tekið ljóst fram í 2. gr. frv.: „enda séu vinnubrögð og verðlag að dómi ríkisstj. ekki óhagstæðari en annarsstaðar innanlands."

Ríkisstj. getur ekki gengið úr skugga um þetta atriði nema með útboði eða kynna sér það á annan hliðstæðan hátt. Mér finnst því, að þetta sé fullljóst eins og það er, en skal ekki vera á móti, að það sé ákveðið skýrara.

Þá vildi ég segja aðeins nokkur orð við hv. þm. V.-Sk. út af þeirri þýðingu, sem hann lagði upp úr umsögnum þeirra aðilja, sem hafa sagt álit sitt um málið. — Það eru 3 aðiljar, sem hafa sagt álit sitt á þessu máli, Helgi H. Eiríksson skólastjóri, fiskiþingið og Félag járniðnaðarmanna. Ég ætla að láta fiskiþingið liggja milli hluta, en halda við hinar tvær umsagnirnar frá Helga H. Eirikssyni og Félagi járniðnaðarmanna, sem eru alveg gagnstæðar. Hv. þm. V.-Sk. vildi ekki taka tillit til umsagnar Félags járniðnaðarmanna vegna þess, að í því væru ekki fagmenn eða sérfræðingar, heldur aðeins óbreyttir verkamenn, sem ekkert vit hefðu á þessum hlutum og kæmi þetta ekki við að öðru leyti en því, sem vinnan veitti þeim lifibrauð. En mér finnst undarlegt ósamræmi í rökum hv. þm. Hann leggur mikið upp úr umsögn Helga Eirikssonar og vitnar til þess, að hann er trúnaðarmaður þeirrar stéttar, sem mikið mark verði að taka á. En þegar stéttin kemur svo sjálf og segir sitt álit, þá er ekkert mark á því takandi. Ég verð að segja, að mér finnst þetta undarlegt ósamræmi, og mér er ekki ljóst, hvað fyrir hv. þm. vakir.

Það er verið að tala um að vísa frv. til iðnráðsins, en einu mennirnir í því, sem vit hafa á þessum hlutum, eru fulltrúar frá Félagi járniðnaðarmanna, sem nú þegar eru búnir að segja sitt álit um málið. Eða kannske það eigi að senda frv. til umsagnar manna í einhverjum öðrum iðngreinum.

Ég hefi grun um, að hér ráði flokkspólitískar ástæður, og vegna þess að Félag járniðnaðarmanna er í Alþýðusambandi Íslands, má ekki taka til greina ummæli þess í málinu. En ég hefi einnig grun um, að umsögn Helga Eirikssonar sé ekki síður með pólitiskum lit.

Þá nefni hv. þm. tilboð frá landssmiðjunni, sem hefði verið hærra en eitthvert annað, en þó verið tekið. Það er mjög oft svo af ýmsum ástæðum, að ekki þykir hyggilegt að taka lægsta tilboði. Ég get líka nefnt dæmi, þar sem landssmiðjan hefir verið lægst. — Þá held ég, að það sé ekki annað í ræðu hv. þm. V.-Sk., sem ég hirði um að taka til meðferðar. Það er nú búið að ræða málið frá flestum hliðum, en þá pólitisku hlið, sem dregin hefir verið inn í umr., hirði ég ekki um að ræða, því frá minni hálfu hefir málið aldrei verið pólitískt.

***Pétur Halldórsson:** Það er ekki lítilsvert mál, sem hér liggur fyrir, heldur er hér um stefnumál að ræða, sem sýnir þá braut, er meiri hluti Alþingis er að ganga inn á í atvinnumálum, einkum hér í Reykjavík. Er þetta aðeins framhald af þeirri byrjun, sem þegar er hafin í því skyni að leggja sem flest einkafyrirtæki, a. m. k. hér í Reykjavík, undir ríkið. Ég vil í þessu sambandi minna á, að hér er svipað að gerast um landssmiðjuna og prentsmiðjuna Gutenberg.

Landssmiðjan var fyrst stofnuð aðallega vegna brúargerða og annara stærri smíða fyrir ríkið, sem óhentugt þótti að láta vinna annarsstaðar og þurftu sérstakt eftirlit. Þetta var eðlilegt og ekki nema gott. Nú er landssmiðjan búin að starfa á þessum grundvelli í nokkur ár og gengið vel. En svo þykir ófært, að hún starfi ekki eftir sérstökum l., sem eiga að gefa henni festu. En hvað vantar á, að landssmiðjan hafi getað unnið það, sem af henni hefir verið heimtað? Mér skilst, að þessi festa, sem á að skapa, sé í því fólgin að tryggja smiðjunni, að hún hafi allt árið nægilegt verkefni fyrir sína starfsmenn; einnig á þeim tímum árs, sem lítið er að gera á öðrum verkstæðum, á að afla henni nægra verkefna annaðhvort með góðu eða illu.

Verði þingið eins skipað og nú, er ég viss um, að þetta verður gert á næsta ári, þó allar aðrar smiðjur verði með því eyðilagðar. Þetta er sjáanlega stefnan hjá meiri hluta Alþingis. Við höfum dálitla reynslu fyrir okkur í því, að ekki muni líða á löngu, þangað til þetta þykir ekki nægilegt, og þarf að auka við starfsemina. Svo hefir það gengið við ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, að nú er verið að leggja undir hana verk, sem áður hefir ekki verið talin þörf á að láta hana vinna. Til þess að hægt sé að sýna góðan árangur af rekstrinum lætur ríkisstj. sópa verkefnunum að með valdboði.

Það hefir heyrzt, að til mála hafi komið að láta Gutenberg taka í sínar hendur allan innflutning á pappír. Það má e. t. v. segja, að ekki sé nema gott, að ríkið láti vinna sjálft þau verk, sem hentugra þykir en kaupa þau af öðrum, t. d. er það rétt, ef einstaklingar hafa monopol-aðstöðu og taka óeðlilega mikið fyrir verkið. En um slíkt er hér alls ekki að ræða, heldur er aðeins verið að finna upp tilefni til þess að gera landssmiðjuna samkeppnisfæra við aðra, sem hún hefir keppt við með svo lélegum árangri, að nú á að setja sérstök l. með þeim aðaltilgangi að tryggja, að hún dragist ekki aftur úr í samkeppninni.

Ég hygg, að hér sé farið inn á gersamlega ranga og hættulega braut, einkum fyrir atvinnulíf Reykjavíkur, þar sem stj. er heimilað að leggja árlega fram fé úr ríkissjóði til þess að halda uppi óeðlilegri samkeppni við einstaklingana, eða eins og það er orðað, til að hindra, að fyrirtæki ríkisins dragist aftur úr í samkeppninni. Þetta getur vitanlega orðið til þess, að þau fyrirtæki geta boðið verkið niður fyrir sannvirði og hindrað á þann hátt, að nokkur annar komist að. Á þennan hátt geta þau með styrk frá ríkinu dregið undir sig öll þau verk, sem þeim sýnist.

Ef landssmiðjan hefði haldið sér við þau verkefni, sem henni voru upphaflega ætluð, var hún góð og sjálfsögð, en hér er verið að fara inn á óhæfa leið. Það er látið í veðri vaka, að með þessu frv. eigi að skapa landssmiðjunni festu. Hv. þm. Hafnf. nefndi sem dæmi um festuleysið að undanförnu, að ýms áhöld hefðu verið keypt eitt árið og seld annað o. s. frv. En það getur verið alveg réttmætt og eðlilegt að selja einhvern hlut, sem búið er að kaupa, og mér finnst mjög óhyggilegt að slá nokkru föstu í því efni eða fordæma undir öllum kringumstæðum slíkar ráðstafanir.

Önnur tegund þeirrar festu, sem hér á að skapa, er að fyrirskipa, að landssmiðjan sé látin vinna öll þau verk, sem hún getur af hendi innt fyrir ríkið og þær stofnanir, sem ríkið styrkir beint eða óbeint. Þetta mun vera sett af

ráðnum hug, því þó verkið sé að nafninu boðið út, getur landssmiðjan alltaf verið lægst vegna þess styrks, sem hún fær frá ríkinu. En ef það þykir ekki öruggt, getur ráðh. fyrirskipað, að verkið sé unnið, og er það nægilegt til þess að leggja í rústir alla samkeppni við slíkar stofnanir.

Til þess svo að gera þetta allt dálítið sætara, er fundið upp á því, að hér eigi að fara að skapa nýja iðn með smíði bátamótora, og er reynt að láta líta svo út sem þar sé um stórkostlega framtíð að ræða fyrir íslenzkan iðnað. En allir, sem hafa augun opin, sjá, að slíkt er hreinasta fjarstæða. Í fyrsta lagi vegna þess, að engar líkur eru til, að íslenzkar verksmiðjur hafi það fjármagn, að þær geti keppt við verksmiðjur í nágrannalöndunum.

Var ekki nýlega verið hér á Alþingi að tala um niðurfellingu beinatolls, sem settur var til þess að gera íslenzku verksmiðjurnar samkeppnisfærar við þær erlendu? En þar var fullyrt, að íslenzku verksmiðjurnar mundu ekki standast samkeppnina, ef tollinum væri létt af, en hann á að verka sem verndartollur fyrir íslenzku framleiðsluna.

Ýmislegt fleira mætti telja því til sönnunar, að ekki er hægt að reka innlendan iðnað nema með tollvernd. T. d. eru íslenzku klæðaverksmiðjurnar verndaðar með tollum á erlent klæði. Og hvernig er það með aðra framleiðslu, t. d. mjólkina? Eru ekki lagðir verndartollar á þá framleiðslu, og það hér innanlands? Svo verður árangurinn auðvitað sá, að sá hluti framleiðendanna, sem borgar tollinn, smáleggur niður sína framleiðslu. Og svo er meiningin að fara að framleiða mótora hér á Íslandi í samkeppni við erlendar verksmiðjur. Ég er sannfærður um, að þetta er aðeins fundið upp til þess að gera frv. bragðbetra. Ég er einnig sannfærður um, að verði frv. samþ., koma á eftir ný vandamál, svo annaðhvort verður að gera, að vernda landssmiðjuna með innflutningstollum eða framlagi úr ríkissjóði, eigi hún að verða starfhæf. Fyrir utan það, að ég held, að það yrði enginn greiði við íslenzka sjómenn, ef það færi svo, að þeim yrði fyrirskipað að kaupa íslenzka mótora í skip sín. Ég held, að það megi ekki fyrirskipa það með lögum, að þeir fái ekki ráðrúm til þess að velja hreyfivélar í báta eftir eigin vild, en verði neyddir til að kaupa þær af einhverjum fúskurum, sem myndi verða, ef framleiðslan væri innlend, og það allra sízt vegna þess, að þeir eiga líf sitt undir þessum áhöldum. Það er auðséð, að hér er verið að fara inn á þá braut að setja upp iðnað, sem á að styðjast við framlag úr ríkissjóði til þess að geta staðizt samkeppni við þá, sem enga slíka aðstöðu fá. Ég er alveg viss um, að það kemur að því, ef þeir fara með framkvæmd þessara mála, sem vilja vinna einstaklingsins feiga í þessari grein, þá tekst þeim, áður en langt um líður að leggja alla samkeppni í rústir, og þá er kannske tilganginum náð, en ég er sannfærður um, að þar með er ekki öllum vanda afstýrt fyrir íslenzkan járniðnað, því þá kemur fyrst verulegur vandi fyrir þá menn, sem talið er, að eigi að vernda atvinnu fyrir með þessari löggjöf. Þess vegna á-lít ég fyrir mitt leyti, að það sé ekki viturlegt af Alþingi að samþ. þetta frv., og að það beri að fella það. Annars geti verr farið en útlit er fyrir eftir orðanna hljóðan í frv.

***Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Það fer að verða óþarft og að bera í bakkafullan lækinn að ræða meira á þessu stigi málsins, nema því aðeins, að eitthvert lát fengist á því, sem við minnihlutaþingflokkar höfum gengið út frá, að ekki fengist, og að meiri hl. gangi nú til nýrrar samvinnu um að breyta stórkostlega þessu frv., því við umr. hefir það berlega komið í ljós, að gallar frv. eru svo miklir, að ekki tekur tali að lögleiða það, nema vitandi vits um, að ýms ákvæði í því eru ekki eingöngu óþörf, eins og komizt er að orði í nál., heldur líka beinlínis skaðleg. Ég skal aðeins með fáum orðum benda á sumt af því, sem komið hefir fram í umr. bæði af minni hálfu og annara og ekki hefir tekizt að hrekja.

Í fyrsta lagi, að nýrri og eldri einkafyrirtæki, sem hér eru fyrir í þessari grein (og má segja, að þau nýrri séu framhald af þeim, sem fyrir voru, það er að segja með endurnýjun á vélum), hafa bæði tæki og mannafla til þess að smíða allt það, sem þetta frv. greinir, að landssmiðjunni sé ætlað að smíða, að einu undanteknu, sem mjög er deilt um og flestir komast að við athugun, að litið sé upp úr að leggja, eins og ætlazt er til, að landssmiðjan hafi það með höndum — sem sé að smíða mótora í báta. En þess er að geta, snertandi þessa mótora, að þótt þeir séu ekki smíðaðir hér, og það verði ekki af landssmiðjunni gert fyrst um sinn, þá eru smíðaðar ýmsar smærri vélar, sem til nota koma, og eru smíðaðar óaðfinnanlega að dómi þeirra, sem reynt hafa.

Í öðru lagi er það upplýst og stendur fast, að landssmiðjan, eins og hún upphaflega var, varð til fyrir atbeina vegamálastjórnar, til þess að smíða þar það, sem þá var ekki hægt að smíða í landinu og heyrði sérstaklega til brúargerðar. Þá var engin vélsmiðja hér, þegar þetta var gert, en nú eru komnar fleiri vélsmiðjur, sem eru svo fullkomnar, að þær geta tekið þetta að sér, vitanlega í frjálsri samkeppni, svo þess vegna þarf ekki að halda uppi þeirri landssmiðju, sem nú er. Hitt er líka ljóst, að landssmiðjan, eins og hún starfar, og sérstaklega, ef lögfest er það, sem í frv. er, hlýtur að draga vinnukraftinn frá þeim einkafyrirtækjum, sem fyrir eru. Þess vegna er það ekki fjarstætt, sem svo hefir verið orðað, að þessi tilraun með frv. væri árás á fyrirtæki þau, sem fyrir væru í landinu, og um leið, fjárhagslega séð, árás á gjaldþegna landsins, bæði að því er snertir ríki og bæi.

Í fjórða lagi er það upplýst og stendur óhrakið, að ef landssmiðjan yrði einokuð um þessi verk, þá hlyti það að valda mikilli verðhækkun á öllu smíði, og sérstaklega fyrir ríkið, því þess er að gæta, að aðalverkefni landssmiðjunnar hlýtur að verða verk fyrir ríkið, því ríkisstofnun með þeim hætti, sem nú er og verða kann, verður látin gera þau stórfelldustu verk, sem nú eru gerð hér á landi í þessari grein, og þetta kemur til af því, að ef þessi verk verða ein-

okuð hjá landssmiðjunni, þá er ekki við neitt að keppa. Það má nærri geta — þótt hv. þm. Hafnf. vildi láta það skína í gegn, að þetta væri gert til þess, að verkið yrði ódýrara —, hvernig fer, þegar útilokuð er öll samkeppni, þegar, eins og upplýst er og vottað, svo er, þótt samkeppni sé lofað, að tekið er tilboði landssmiðjunnar, þótt það sé mörgum þúsundum króna hærra en annað tilboð. Ég nefndi hér tvö tilfelli, þar sem svo var ástatt, um viðbótarbyggingu fyrir síldarverksmiðju á Siglufirði, að annað tilboð landssmiðjunnar var 7 þúsund krónum, en hitt 11 þúsund krónum hærra en annað fáanlegt tilboð. Það var ekki um það að ræða, að hinn tilbjóðandinn væri ekki fullfær um með sínum tækjum að vinna verkið. Hér átti þessi stofnun hlut að máli, og var ekki haldið þeirri höfuðreglu, sem er um útboð, að fara eftir lægsta tilboði, heldur var úrskurðað, að því hærra skyldi tekið. Þessi spor hræða. Og vitanlega verður það svo, að ef lögfest verður það frv., sem hér er á ferðinni, þá er samkeppnin útilokuð í þessari grein, og þá eru engin takmörk fyrir því, hversu háttað verður verðlagi fyrir þau verk, sem þessi stofnun verður látin inna af höndum, því hið pólitíska vald yrði þá einrátt og skeytti engu öðru. Þá er nokkur hvöt til þess að láta kostnaðinn berast uppi af verðinu og þar af leiðandi að þurfa ekki að koma fram fyrir stjórn og þing með ævarandi árlegan halla, hvöt sem þá yrði í algleymingi, þegar dæmin sýna, hvernig með svokallaða frjálsa samkeppni er farið. Þá verður hvötin í algleymingi með það að halda uppi verðinu, til þess að verkið teljist borga sig, því allur tilkostnaður við verkið verður raunverulega óútreiknanlegur, — hann verður alltaf hár og hærri en hjá einkafyrirtækjum, að fenginni reynslu. Það er sem sé augljóst, enda fram tekið í meðmælum um þetta frv. í grg., að reynslan af landssmiðjunni hingað til er sú, að hún getur ekki keppt við einkafyrirtæki, og það eru einkennileg meðmæli með stofnun fyrirtækis, að það er ekki samkeppnisfært, og þá á að gera það að einkafyrirtæki fyrir ríkið, — að einoka það.

Í sjötta lagi er ljóst, og ekki hrakið, að landssmiðjan, eins og til hennar er stofnað, hlýtur að verða kostnaðarauki fyrir ríkið. Það opinbera þarf með þessu að leggja fram stórfé til bygginga og vélakaupa, að ég ekki tali um það nýsmíði, sem hv. þm. Hafnf. leggur mest upp úr, og tilraunir með verk, sem ef til vill verða eingöngu til kostnaðar, fyrir utan það, að engar líkur eru til að halda uppi landssmiðju með þessu. Miklu réttara væri að gera tilraunir einhversstaðar annarsstaðar með nýsmíði, ef ástæður leyfðu, en með þessu hlýtur að verða mikill kostnaðarauki. Hitt er líka víst, að svo miklu leyti sem landssmiðjan tekur að sér að vinna fyrir einstaklinga og önnur einkafyrirtæki, þegar þau ekki eru til þess lengur, þá bætist við sú almenna viðskiptahætta, sem vitanlega vélsmiðjur eins og öll önnur fyrirtæki eiga við að búa, — áhætta af viðskiptum og ástandi á hverjum tíma. Sú áhætta er engu minni hjá opinberu fyrirtæki, en það er áhætta, sem ber að reikna með, því sögur segja, að hjá slíkum verksmiðjum fari mikið forgörðum, sem ekki næst inn og verður að afskrifa. Það er enn í viðbót við það, sem ríkið ætti á hættu, ef það tæki hana sem einokunarfyrirtæki á sína arma.

Ég skal þá benda á það beina, sem ætlazt er til, að ríkið leggi fram og mundi gera það að verkum, að þótt landssmiðjan væri ekki einokuð í sjálfu sér, þá mundi hún standa miklu betur að vígi en nokkurt annað fyrirtæki í landinu. Í fyrsta lagi á að afhenda landssmiðjunni lóð; ekkert annað fyrirtæki á kost á slíku. Í öðru lagi á að ábyrgjast handa henni lán, allt að 400 þúsundum króna, sem að vissu leyti er sama sem veiting, enda ekki hægt að endurborga lán nema með tekjuafgangi. Í þriðja lagi er gengið út frá því, að fé verði lagt í fjárlögum til styrktar landssmiðjunni. Ekkert fyrirtæki á kost á þessu, enda væri það óeðlilegt. Í fjórða lagi á landssmiðjan að vera útsvarsfrjáls að öðru leyti en þessu, að nú á að borga, eins og af öðrum ríkisstofnunum, 5%. En þetta eru hlunnindi, sem taka yfir allt, sem allir aðrir geta átt kost á. Og loks í fimmta lagi, ef frv. yrði að lögum, þá er þessi allsherjarstyrkur, sem felst í 2. gr., 1. málsgr. 2. málsl., að ríkisstj. geti einokað það, að allar stofnanir, ríkisstofnanir fyrst og fremst, og allar stofnanir, sem fá nokkurn styrk úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna, en er, eins og ég sagði í gær, svo lævíslega orðað, en enginn efi um, hvernig farið verður með þetta, að sú ríkisstj., sem nú situr, mundi gera þetta, þótt bætt sé við, „að sambærilegum vinnubrögðum og kostnaði“, eftir því dæmi, sem ég tók, að þótt það munaði mörgum þúsundum króna, þá er landssmiðjan úrskurðuð sú, sem verkið eigi að taka. — Það er þá svo komið, að þessir kostir, sem áttu að fylgja þessu frv., eru orðnir að stórvægilegum ágöllum. Það er ekkert uppistandandi af því nú, sem talið var til kosta frv., og það stendur fast, sem við leyfðum okkur að taka fram í nál. minni hl., að sumpart er frv. óþarft og sumpart beinlínis skaðlegt.

Niðurstaðan verður þá þessi, að með því að lögleiða þetta frv. muni koma á daginn, að ríkinu út af fyrir sig með sínar stofnanir aðrar verður gert erfiðara fyrir. Það á erfiðara með smíði á því, sem þarf, af því að það er gefið, að það verður dýrara. Í öðru lagi er verið að skapa ríkissjóði óþarfa áhættu í rekstri, og hún er óútreiknanleg. Í þriðja lagi er bert, að slíkt ríkisfyrirtæki einokað mundi verka til skaða fyrir þau fyrirtæki, sem fyrir eru í þessari grein. Þá sjá væntanlega hv. þm., að þetta spor getur ekki orðið neitt heillaspor. Og þetta hefir alls ekki verið hrakið, heldur hafa allar umr. sannað, að svo er, sem ég nú hefi mælt.

Ég skal geta þess, eins og ég tók fram í gær, að það er ekkert við því að segja, ef ráðamönnum járnsmiðjanna kæmi saman um að gera tilraun með einhverja nýsmíði, við skulum segja mótorsmíði í vélbáta, sem erfitt er að taka upp nema með ærnum kostnaði. En í fyrsta lagi er því aðeins ekkert við það að athuga, að það sé falið þeim mönnum, sem beztir eru í það hlutverk, og án þess að nota það sem gyllta veifu yfir framkvæmd þessa máls.

Þá skal ég aðeins taka þetta fram út af því,

sem hv. þm. Hafnf. gat um í sinni ræðu, þar sem hann bar saman þá verkfræðinga, sem minni hl. n. vitnar til, og þann félagsskap, sem hann bar fram álit frá. Ég tel í raun og veru, að það sé ekki neitt um það að ræða. Ég fór ekki neinum hörðum eða lítilsvirðandi orðum um þann félagsskap, félag járniðnaðarmanna í Rvík, en ég sagði það, að það félag er faglegt eða tekniskt félag í þessu efni. Tilgangur þess er, eins og hvers annars verklýðsfélags, atvinnutrygging, og hefir það eitt með höndum að annast hag verkamanna í iðninni í atvinnuskyni, og þessu hefir heldur ekki verið mótmælt. Og þótt ég hafi heyrt sagt, að þetta félag sé svo kommúnistiskt, að Alþýðusambandið á sínum tíma hafi vart séð sér fært að taka það í sambandið, þá er það ekkert verra fyrir það, ef það stundar sína vinnu í rétta átt. En þetta sýnir ekki, að hér sé um að ræða félagsskap, sem eigi að láta í ljós skoðun sína á vélagerð og framgang þessarar stofnunar, en það nær einhverri átt, að trúnaðarmaður iðnaðarmanna og menntaður maður í ýmsum greinum er látinn gefa álit um málið, þótt hv. þm. Hafnf. vefengi það. Ég get þá alveg eins vefengt vizku hv. þm. Hafnf. í þessu efni, sem þó er verkfræðingur. Ég veit ekki til, að hann sé járnsmiður. Hann getur kannske rekið nagla í hóf, þótt hann kannske sé ekki svo hófsamur að vera í skeifunni.

Ég vil svo að lokum geta um eitt atriði enn. Hér fyrir fáum árum var sett upp trésmíðadeild við landssmiðjuna, en svo þótti ekki fært af þeim ráðamönnum, sem voru í stjórn landssmiðjunnar, að halda henni áfram, og þessi stjórn lagði einróma til, að sú deild yrði lögð niður, vegna þess að hún væri að engu leyti samkeppnisfær við aðrar trésmíðjur og bæri sig ekki og mundi ekki bera sig.

Nú mundu hv. þm. andstöðuflokkanna svara því, eins og hv. frsm. meiri hl., hv. 1. landsk., gat um í gær, að þessir menn í stjórn landssmiðjunnar hefðu verið andstöðumenn hennar og kannske íhaldsmenn. En þessir tillögumenn að þessari einróma till. voru ekki slakari menn en Hermann Jónasson, sem nú er forsrh., og Pálmi Loftsson, sem er trúnaðarmaður ríkisstofnana hér. Þessir menn álitu þá, að þetta gæti ekki gengið. Þá voru þeir það vitibornir — og eru það kannske enn, — og ekki á valdi sósialista, en það er þeirra, sósialista, skoðun á málefninu, sem kemur fram.

Ég geri ráð fyrir, að þessi óhæfa trésmíðadeild, sem dæmd var fyrir nokkrum árum, sé nú aftur endurreist, því það er raunverulega í samræmi við allan gang málsins.

Guðbrandur Ísberg: Það hefir verið vakið máls á því af 1 eða 2 ræðumönnum að ganga til samninga um þetta frv., ef á því fengist nokkur breyt. til bóta. Ég vil taka það fram strax fyrir mitt leyti, að ég get ekki tekið undir það. Ég álít, að hér sé um svo mikilvægt stefnumál að ræða, að það komi ekki til mála nokkrir samningar um slíkt. Það er eins og allir vita yfirlýst stefna jafnaðarmanna að taka sem mest af atvinnurekstri þjóðarinnar undir ríkið. Þetta nær til allra atvinnuvega þjóðarinnar, og er því ekki úr vegi í þessu sambandi að athuga, hvernig þessi flokkur, jafnaðarmenn, hefir búið að atvinnuvegum þjóðarinnar. Við vitum það, að eftir síðustu aldamót reis hér upp fyrir atbeina og dugnað nokkurra útgerðarmanna allblómleg útgerð, sem þróaðist um langt skeið, og hér myndaðist álitlegur vísir til fjársöfnunar, sem hagfræðingar allra þjóða mundu telja fulla þörf og nauðsyn á. En hvernig hefir svo afstaða sósialista verið til þessa atvinnuvegar? Þeir hafa frá byrjun, í stað þess að styrkja hann, nítt hann á alla vegu og íþyngt honum með sköttum, þar til nú, að svo er komið, að þessi atvinnuvegur er að hrynja í rústir. Yfir lík hans ætla þeir svo að ná valdi yfir þessum þætti athafnalífs þjóðarinnar og koma á ríkisrekstri á því sviði. Þetta er um það svið atvinnulífsins.

Næst getum við athugað landbúnaðinn. Við vitum það, að fyrir nokkrum árum var sendur maður úr þeirra herbúðum til þess að ginna bændur til fylgis við jafnaðarstefnuna. Þetta tókst svo, að nú mun allmikill hluti bænda vera reiðubúinn til að láta jafnaðarmannaflokkinn gleypa sig með húð og hári, ef hann kærir sig um það. Samtímis þessu hafa svo jafnaðarmenn alltaf haldið fast fram þeim kröfum sínum, að allar jarðir ætti að taka af bændum og gera þær að ríkiseignum, og gera bændur þann veg að einskonar ríkisleiguliðum eða ríkisþrælum. Þannig er að landbúnaðinum farið.

Þá er næst að minnast á verzlunina. Það er sama sagan. Verzlunarstéttin er ung, og fyrst meðan henni var að vaxa fiskur um hrygg, þurfti hún stuðnings með, en ekki fjandskapar og andúðar, en í þess stað hefir hún frá byrjun verið hundelt af sósialistum með þeim árangri, að nú er frjáls verzlun að leggjast í rústir að framkvæmd stefnu sósialista með því að fjölga æ meir og meir einkasölum, sem sagt að taka verzlunina úr höndum einstaklinganna og færa hana í hendur ríkisins.

Hvað er þá eftir af atvinnuvegum þjóðarinnar? Það er iðnaðurinn, sem er tiltölulega ungur og má segja að sé ekki nema fárra ára gamall, svo að nokkru nemi. En iðnaður hefir á undanförnum árum blómgazt hér furðu hratt fyrir dugnað og atorku iðnaðarmannastéttarinnar. En nú á líka að fara að ráðast á þessa stétt. Á nú að byrja með því að gera landssmiðjuna, sem upphaflega var ekki annað en járnsmiðja vegamálastjóra, að miklu ríkisfyrirtæki, sem gleypa á járniðnaðinn í höfuðstað landsins. Það er látið í veðri vaka, að þetta eigi að skapa einhverja festu í þessum iðnaði, en ég hefi þegar bent á, að þess er ekki þörf. Þetta sjá líka hv. flm., því að þeir segja, að smiðjan eigi líka að hafa það hlutverk að stofna til ýmiskonar nýsmíði. En þetta er ekki annað en blekking. Ef þeir treysta ekki okkar duglegu iðnaðarmannastétt til að hafa þetta með höndum, þá mætti ná þessu marki, að ýta undir nýsmíði véla o. fl., með því að veita nokkurn ríkisstyrk til þeirra hluta. En þetta er sem sagt blekkingin ein. Hér er byrjað á járniðnaðinum, en það er heldur ekki nema byrjunin. Næst kæmi svo t. d. húsgagnaiðnaðurinn, efnagerðin o. s. frv.

Sú mynd, sem við höfum fyrir okkur, er þessi: Iðnaðarmannastéttin hefir sýnt af sér mikinn

dugnað og atorku. Á þessa stétt á nú að ráðast með harðneskju og knýja hana til að gefast upp. Áhugi og þekking eiga ekki lengur að fá að vera driffjaðrir þessarar iðngreinar, í stað áhuga- og kunnáttumannanna eiga að koma pólitískt litaðir miðlungsmenn, sem vantar atvinnu, e. t. v. vegna þess að einkafyrirtækið getur ekki notað þá vegna áhuga- og kunnáttuleysis. Þetta er sú mynd, sem ég hefi fyrir augum, þegar ég horfi á þetta frv. Nú er svo komið, að enginn vill vera útgerðarmaður hér á landi og enginn treystist til að hefja verzlun, af því að búið er að leggja allt í rústir, og áður en langt um líður mun enginn vilja byrja á iðnrekstri á eigin spýtur.

Þó er eitt sorglegast af öllu. Hv. þm. Hafnf., sem ég veit ekki betur en að iðnaðarmenn hafi kosið sem varaformann félagsskapar síns, gengur í þessu fram fyrir skjöldu. Verð ég að segja, að það er hart til þess að vita, að hann, sem kosinn var til að gæta hagsmuna iðnaðarmanna, skuli nú koma fram eins og flugumaður til að eyðileggja hagsmuni þeirra.

***Emil Jónsson:** Ég ætlaði ekki að taka til máls aftur, en síðustu orð hv. þm. Ak. gáfu mér tilefni til andsvara. Hann sagði, að sér þætti hart, að ég skyldi koma fram sem flugumaður til að eyðileggja hagsmuni iðnaðarmanna, þar sem ég hefði verið kosinn til að gæta hagsmuna þeirra. Ég veit ekki, hvaðan honum kemur réttur til að halda slíku fram. Hann bar ekki fram nein rök fyrir þessari fullyrðingu, og skora ég hér með á hann að færa rök fyrir máli sínu. Iðnaðarmenn hafa ekki látið það í ljós, að ég hafi rækt illa þau störf, er ég hefi fyrr og síðar haft á hendi fyrir þá. Ég hefi átt sæti í stj. félags þeirra, ekki aðeins eitt kjörtímabil, heldur þrjú, og ég hefi verið endurkosinn eftir að frv. það kom fram, sem ég hefi flutt í þessu máli. Þeir hefðu getað rekið mig eftir að frv. kom fram. En það er svo langt frá, að þeir líti á mig sem flugumann, að þeir endurkjósa mig. (GSv: Þeir héldu, að hv. þm. myndi bæta ráð sitt). Það má vera að þeir hafi haldið það. En það hefir víst enginn haldið um hv. þm. V.-Sk.

Mér þykir leitt, að hv. þm. Ak. skyldi láta sér þessi orð um munn fara, því að hann hefir hvorki ástæðu né heimild til að kalla mig flugumann.

Hv. þm. Ak. sagði, að allt stæði óskert, sem hann og minni hl. hefðu sagt, en sannleikurinn er sá, að þar stendur ekki steinn yfir steini. Þeir sögðu, að þetta frv. yrði til að draga úr atvinnu meðal járniðnaðarmanna. En nú hefir einmitt borizt bréf frá þeim, þar sem þeir mæla með frv., af því að þeir álíta, að það muni auka atvinnu þeirra.

Þá hafa þeir haldið því fram, að landssmiðjan hafi aldrei verið samkeppnisfær, þó að þeir hafi engin rök fært fyrir því. Þeir notuðu sér það, sem ég sagði, að hætta væri á því, að hún drægist aftur út vegna þess, hve illa væri að henni búið. En auðvitað er það skylda eigendanna, í þessu tilfelli ríkisins, að búa svo að fyrirtækjum sínum, að þau dragist ekki aftur úr. En landssmiðjan hefir skilað góðum arði undanfarin ár, að fráskildu einu, og sýnir það, að hún getur vel verið samkeppnisfær.

Það væri ýmislegt fleira af því, sem hv. þm. hafa sagt, sem ástæða væri til að fara frekar út í, en fyrst ég sagði í síðustu ræðu minni, að pólitísku hlið málsins vildi ég ekki ræða, sleppi ég því. Ég ætla aðeins að svara því fáum orðum, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að við hefðum eyðilagt sjávarútveginn, verzlunina og landbúnaðinn í landinu, og nú ætluðum við að snúa okkur að iðnaðinum. Hann trúir okkur auðsjáanlega til mikilla valda á þingi, þessum fáu alþýðuflokksmönnum, sem ekki höfum verið hér á þingi nema fá ár, ef hann heldur, að við höfum getað eyðilagt þetta allt. Ég held það hafi fremur verið vegna slæmra ástæðna þessara atvinnugreina og örðugs árferðis, að þær hafa farið niður á við, en ekki vegna aðgerða sósialista. Og að við ætlum að eyðileggja iðnaðinn, er misskilningur, því að hér er einmitt um það að ræða að byggja hann upp. Það hefir ekki verið tilgangurinn með þessu frv. að ganga inn á svið einstaklinganna. Ef þessir hv. þm. eru svo hræddir við þetta frv., sem þeir láta, þá er það af því, að þeir treysta ekki lengur einstaklingunum.

Guðbrandur Ísberg: Hv. þm. Hafnf. skoraði á mig að færa orðum mínum stað, að hann væri flugumaður í herbúðum iðnaðarmanna. Ég sagði nú aldrei, að hann **væri** flugumaður, heldur að *hann kæmi fram* sem flugumaður. Ef hann vill ekki viðurkenna þetta, þá er það af því, að honum er þetta ekki ljóst sjálfum, enda þótt öðrum sé það ljóst. Ég færði rök að því áðan, að það væri yfirlýst stefna sósialista að koma öllum atvinnurekstri yfir í ríkisrekstur. Ég benti á, hvernig þessi stefna hefir verið færð út í praksis.

Að því, er iðnaðinn snertir, á nú að byrja á því að taka eina grein hans og leggja undir ríkið, svo verður tekin önnur greinin og svo koll af kolli. Hér liggur annarsvegar fyrir yfirlýst stefna flokksins, en hinsvegar viðleitni hans með þessu frv. til að taka eina grein iðnaðarins til þessarar meðferðar. Hitt getur vel verið, að iðnaðarmönnum sé það yfirleitt ekki ljóst, að stefnt sé að þessu.

Hv. þm. hélt því enn fram, að hér ætti aðeins að vera um atvinnuaukningu að ræða, hér væri aðallega stefnt að nýsmíði o. þ. h. En þetta er ekki annað en blekking. Í frv. eru ýms ákvæði, sem miða beinlínis að því að skapa landssmiðjunni betri skilyrði en fyrirtækjum einstaklinga. Er því ljóst, að landssmiðjunni er ætlað að standa í samkeppni við þau.

Mér þykir leitt, að hv. þm. skyldi hverfa úr d., því að ég ætlaði að leiða enn frekari rök að því, að ég teldi hann koma fram sem flugumann í herbúðum iðnaðarmanna.

***Jakob Möller:** Það gleður mig, að hv. þm. Hafnf. hefir gefið fyrirheit um, að hann myndi ekki leggjast á móti breyt. á frv. í þá átt, sem ég ræddi um áðan, að skylda opinber fyrirtæki til að hafa útboð á þeirri vinnu, sem þau ætla að láta framkvæma. Hann beitir þá væntanlega áhrifum sínum í þá átt, að slíkar breyt. komist fram.

Ummæli hv. þm. um ótta manna við landssmiðjuna gáfu mér tilefni til að taka til máls.

Slíkur ótti er til og ekki ástæðulaus, þar sem viss opinber fyrirtæki fá alltaf vinnu öðrum fremur og samkeppnilaust, enda þótt þau selji vinnuna dýrar en aðrir, og standa þar af leiðandi betur að vígi en önnur fyrirtæki. Geta þau því með tímanum komið einkafyrirtækjum á kné, enda þótt þau séu í rauninni alls ekki samkeppnifær. Þessi ótti er líka til í sambandi við rekstur landssmiðjunnar. Með tilliti til hans er sú krafa gerð, að allt, sem fyrirtæki þessi vinna, skuli gert samkvæmt útboðum, til þess að tryggja, að þau geti verið samkeppnifær á öllum sviðum. Nú gefst meðmælendum frv. tækifæri til að sýna, að þeir álíti í raun og veru, að þessi fyrirtæki geti verið samkeppnifær. Ef þeir greiða ekki atkv. með þessum breyt., þá er það af því, að þeir treysta þeim ekki til að standast samkeppnina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:11 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 36, 152).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 152. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Jakob Möller:** Ég þarf ekki að tala langt mál fyrir þessari till. Það var í raun og veru um hana rætt við 2. umr. málsins. Hún fer fram á, að það sé skýrt ákveðið í l. sjálfum um það, sem haldið hefir verið fram af hv. aðalflm. málsins, hv. þm. Hafnf., að opinber útboð skuli hafa á öllum opinberum verkum, sem til mála komi að láta landssmiðjuna vinna, og að hún sé því aðeins látin sæta þeirri vinnu, að hennar tilboð sé lægra en annara. Till. er í 2 liðum í samræmi við þau fyrirmæli, sem felast í 1. málsgr. 2. gr. Ég vænti þess eftir undirtektum hv. þm. Hafnf., að till. sæti ekki andmælum og geti orðið gott samkomulag um hana. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni.

***Emil Jónsson:** Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það er óþarfi að hafa um þetta langt mál, þar eð rætt var nokkuð um þetta við 2. umr. Hann boðaði þá brtt. í svipaða átt og þessa. Var þó náttúrlega ekki hægt að taka afstöðu til hennar þá, vegna þess að ekki var vitað, hvernig hún yrði orðuð. Þó að ég sé þessu meðmæltur í principinu, þá finnst mér þessi till. ganga of langt, þar sem engin undantekning er gerð. Mér finnst, að ekki geti komið til mála, eins og brtt. gerir ráð fyrir, að það verði að bjóða út hvert einasta smáatriði. Hitt er annað mál, að sjálfsagt er, ef um stærri verk er að ræða, að þau séu boðin út. Enda kemur þetta alveg í bága við gildandi venjur. Ég tók það fram við 2. umr., að ég teldi það sæmilega tryggt í frv. sjálfu, að ekki yrði tekið verri tilboðum frá landssmiðjunni heldur en öðrum, þar sem segir, að ríkisstj. skuli dæma um, hvort hagkvæmara sé að láta vinna verkið í landssmiðjunni eða annarsstaðar, en um það getur hún ekki dæmt, nema hún grennslist eftir, hvað aðrir bjóða. Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en treysti mér ekki að fylgja till. eins og hún er orðuð.

***Jakob Möller:** Það kann að vera, að hv. þm. Hafnf. hafi að einhverju leyti rétt fyrir sér í því, að það sé nokkuð mikils krafizt af ríkinu, að það láti fara fram útboð á öllu, sem það lætur gera, hversu smátt sem það er. En það má nú gera ráð fyrir því, að ef t. d. væri um það að ræða að setja nagla í skip, sem fyrir kynni að koma, þá væri álitið, að l. næðu ekki til þess, vegna þess að það er ekki hægt að koma við útboði á ýmsu svona smávegis. Það er eðlilegast að skilja þessi fyrirmæli á þann hátt, eins og hv. þm. vék að, að þau ættu við, þegar um meiri háttar verk væri að ræða. Því að þó að stofnun hafi yfirleitt útboð á öllu, sem hún þarf að láta gera og kaupa, þá er alltaf margt, sem ekki er hægt að koma útboði við með, og yrði að sjálfsögðu eins með þetta. Það væri auðvitað eðlilegast, að ríkið léti ríkisstofnun sitja fyrir vinnu við þá hluti, en léti hinsvegar bjóða út alla meiri háttar vinnu. Auðvitað væri þetta dálítið varasamt, því að þetta ákvæði getur verið svo teygjanlegt. Það geta verið skiptar skoðanir um það, hvað sé meiri háttar og hvað minni háttar í þessu sambandi. Ég vildi gjarnan komast að samkomulagi við hv. þm. um það. Nei, það er í sjálfu sér algerlega í sjálfsvaldi ráðh. eftir sem áður, hvort hann lætur landssmiðjuna vinna verkið eða aðra. Munurinn er aðeins sá, að það er í dálitið öðru formi, sem í þessu tilfelli er það, að ráðh. eigi að skera úr, hvað sé meiri háttar og hvað sé minni háttar. Ég verð að segja, að mér finnst, að þetta vera bara undanfærslur hjá hv. þm. Hafnf. Ég verð að segja, að mér kemur þetta ekkert á óvart; ég minnist þess, að hv. þm. Hafnf. hafði svipuð orð um þetta á síðasta þingi, en þá kom svipuð till. fram, sem náði þó ekki fram að ganga. (**EmJ:** Till. frá í fyrra var tekin upp í frv. nú). Ég ætla nú til samkomulags að stinga upp á því, og mun koma með skrifl. brtt. við brtt. mína um þetta efni, og vona ég, að hv. þm. Hafnf. og þeir, sem honum fylgja, geti fallizt á þá breyt. Brtt. hljóðar svo: Tillagan orðist svo: og sannað með útboði, að svo sé, ef forstöðumaður hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar æskir þess. Ég vænti þess, að forseti gefi mér tækifæri til að koma með þessa skrifl. brtt.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er eiginlega út af þessari brtt. á þskj. 152, sem ég kvaddi mér hljóðs. Það er sjálfsagt, ef hér á að efla ríkissmiðju til samkeppni við þá menn, sem annars hafa komið upp slíkum fyrirtækjum, og má ekki minna vera en að þeim sé gefinn kostur á að halda áfram þessari atvinnu með því að láta þá fá tækifæri til að bjóða í verk. Ég er ekki í vafa um það, að þetta frv. er borið fram af ríkisstj.

eða flutt fyrir hennar hönd í þeim tilgangi að koma þessum atvinnurekstri hér á landi undir ríkið. Með öðrum orðum hefja hér þetta kommúnistiska fyrirkomulag, sem með harðri hendi er verið að keyra hér yfir allar atvinnugreinar þjóðfélagsins. Ég efast ekkert um, að því mundi fylgja sá sami ágalli, sem hefir fylgt og fylgir núverandi ríkisstj. og þingmeirihluta. Það er, að það verði höfð í frammi ýmiskonar undanbrögð til þess að gera þetta ákvæði að engu. Það er kunnugt, að þar sem menn eiga að fá að njóta þeirra réttinda að fá að bjóða í hluti, sem út eru boðnir, þá eru notaðir ýmsir prettir til þess að gera betri aðstöðu fyrir einum en öðrum. Og ég ætla ekki, nema ég reyni annað, að efast um, að slíkt yrði reynt, þó að ætti að bjóða út verk fyrir landssmiðjuna og einstakra manna smiðjur. Það þarf náttúrlega ekki að fara mörgum orðum um það, að þetta frv. er borið uppi af stefnu, sem sjálfstæðismenn ekki geta aðhyllzt. Það er sú stefna, sem setur allsstaðar fótinn fyrir athafnamenn í þjóðfélaginu. Það er, að ríkið skuli gerast meinsmaður þeirra manna, sem vilja vinna sjálfstætt sér og þjóðfélaginu til gagns. Þessu frv. fylgdi í fyrra grg., sem vísað er í nú. Í þeirri grg. segir, að tilgangur frv. sé tvennskonar, fyrst og fremst að taka að sér aðgerðir fyrir ríkið og einstaklinga og svo að hefja nýja smíði. Nú er svo um þann þáttinn að taka að sér aðgerðir, að hann hefir verið ræktur af öðrum og ýmsir menn eru búnir að leggja í stórvægilegan kostnað til þess að geta sinnt þessari brýnu þörf. Það þýðir ekki að vera að koma með það, að landssmiðjan hafi verið sett á stofn vegna þess, að verkfræðingur landsins sá sér ekki annað fært til þess að geta sinnt ýmiskonar viðgerðum, sem engin tæki voru til að vinna með. Síðan hefir orðið svo stórvægileg breyting í þessu efni, að ósambærilegt er. Það er enginn vafi á því, að tilgangurinn með þessu er sá, að ganga af einkafyrirtækjunum dauðum. Ef ríkið ætlar að fara að hefja nýsmíði til þess að auka iðnaðinn í landinu og bæta úr þeim atvinnuskorti, sem nú er, verður að fara að því á allt annan hátt en hér er til stofnað. Eigi að hefja hér verksmiðjuiðnað, verður að rannsaka nákvæmlega, hvað þjóðfélagið vanhagar mest um, hvaða iðnaðarvörur eru fluttar inn af þeim, sem framleiða mætti innanlands o. s. frv. En hér hefir engin rannsókn farið fram, og er eins og hér gani áfram blindir menn í algeru ráðleysi.

Svo á að fara að smíða hér mótorvélar, án þess fyrir liggi nokkur rannsókn um, hvort slík iðngrein geti orðið samkeppnisfær eða hvort nokkrar líkur væru fyrir því, að hún gæti borið sig fjárhagslega og risið undir kostnaði við byggingar og vélakaup fremur en aðrar iðngreinar. Þetta er aðeins fálm þeirra manna, sem vilja leggja alla framleiðslu einstaklinganna undir ríkið. Undir umr. hefir verið vitnað til þeirrar fáránlegu staðhæfingar, að það gerði ekkert til, þó vinna hjá landssmiðjunni yrði dýrari en hjá öðrum smiðjum, þar sem hún skipti mest við ríkið sjálft, og þess vegna væri þar verið að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. Það eru engin undur, þó mönnum ofbjóði að heyra vitiborna menn tala þannig og fara með aðra eins fjarstæðu og þá, að það gildi einu, hvað ríkisfyrirtækin tapi, þar sé bara verið að taka úr einum vasa og láta í annan. Ég skal aðeins nefna það dæmið, sem næst er. Þegar smíðuð var síldarverksmiðjan á Siglufirði, var tekið tilboði frá landssmiðjunni, þó það væri hærra en einstakir menn buðu. Er alveg sama, hve dýr hún varð, vegna þess að það var að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn? Við skulum spyrja þá menn, sem skipta við verksmiðjuna, hvað þeim finnst um það. Vitanlega er svona heimska ekki svara verð. Það eru viðskiptamennirnir, sem eiga að borga bæði vexti og afborganir af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Það má því nærri geta, hvort þeim hefir mátt standa á sama, hvort hún kostaði 10—30% meira eða minna. Svona fjarstæð rök bera menn ekki fram nema í máli, sem er fjarstæða.

Ég vil fullyrða, að það sé fjarstæða fyrir ríkið í allri sinni eymd að leggja í stórfelldan kostnað á dýrum tíma við fyrirtæki eins og þetta. Enda er þetta vitanlega gert í þeim eina tilgangi að taka verk frá einstaklingum þjóðfélagsins og koma þeim undir ríkisrekstur. Ég taldi sjálfsagt fyrir ríkið að setja á stofn litla smiðju til þess að vinna þau verk, sem aðrar smiðjur gátu ekki leyst af hendi. En ég tel enga ástæðu til þess fyrir ríkið að vera að vasast í því nú, þegar hægt er að fá verkin unnin hér innanlands í fullri samkeppni atvinnurekenda. Nú þegar ríkið veit ekki sitt rjúkandi ráð fyrir skuldabasli, væri það eina rétta og sjálfsagða fyrir það að draga fé sitt inn og bjóða smiðjuna út til kaups.

Ég skil vel, að það geti verið þægilegt að láta smiðjuna hafa með höndum nýsmíði, ef nauðsynlegt þætti fyrir fyrirtækið að laga reikningslega afkomu á pappírnum; þá er svo þægilegt að klína tapinu á ýmislega nýsmíði og kalla eignaauka. Ég þekki slíkar skýrslur og reikningsfærslur ríkisstj. til að fela og þurrka út ýmiskonar missmíði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Hér rekast á tvær ólíkar stefnur, þar sem atkv. verða að skera úr.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 152. Önnur frá hv. 3. þm. Reykv. (sjá þskj. 161) og hin frá hv. þm. Hafnf. og hv. 1. landsk. (sjá þskj. 162).

Með því að brtt. þessar eru fyrst fram komnar nú á fundinum, og auk þess skriflegar, þarf að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Jakob Möller:** Hv. þm. Hafnf. skýrði með þessari brtt., hve langt var leyfilegt að teygja ummæli hans við 2. umr. málsins. Það er algerlega þýðingarlaust að koma með brtt. til þess að heimila ráðh. að sanna með útboði, hvort um sambærilegt verð er að ræða, vegna þess að það er fullkomlega heimilt samkvæmt frvgr. Brtt. er aðeins borin fram til þess að bægja minni till. frá og vikja sér undan að taka hreina afstöðu til þess, sem um er að ræða.

Tilgangur minn með brtt. var að fá ótvírætt fram, hver tilgangur stjórnarflokkanna er í þessu efni og hvort nokkur einlægni fylgdi orðum hv. þm. Hafnf., en það fór eins og ég bjóst við.

***Emil Jónsson:** Aðeins örfá orð út af þessari ræðu hv. 3. þm. Reykv. Í frv. því, sem lá fyrir Alþingi í fyrra, var kveðið svo á, að landssmiðjan skyldi annast öll verk, sem ríkisstj. þyrfti að láta vinna. Þá komu sjálfstæðismenn fram með sínar brtt. við frv., og varð að samkomulagi í fjhn. að takmarka verktöku landssmiðjunnar við sambærilegt verð og vörugæði. — Síðan dagaði frv. uppi þá. En þessar brtt. minni hl. fjhn. eru teknar upp í frv. nú nálega óbreyttar, svo hv. 3. þm. Reykv. þarf ekki að kvarta. Hinsvegar þýðir ekki að teygja slíkar takmarkanir út í öfgar, og finnst mér brtt. okkar hv. 1. landsk. vera mjög sanngjarnar, og þetta vera tryggt með því, að ráðh. geti látið sanna með útboði, að um sambærilegt verð sé að ræða, hvenær sem hann telur þörf á. En það er ástæðulaust að gefa misjafnlega vinsamlegum forstjórum annara smiðja tækifæri til þess að skipta á milli sín að undirbjóða landssmiðjuna og útiloka hana frá vinnu á þann hátt. En slíkt er ekki óþekkt dæmi.

Ég mun svo ekki ræða þetta frekar. Mér finnst vera farinn hér sanngjarn meðalvegur, sem ég mun halda mig við.

***Jakob Möller:** Hv. þm. Hafnf. vill koma því inn hjá mönnum, að breyt., sem gerð var á frv. í fyrra, hafi verið eftir ósk minni hl. fjhn. En það er mjög fjarri sanni, að minni hl. væri ánægður með þá breyt., því hann krafðist alveg þess sama þá og nú, en meiri hl. treysti sér ekki til að ganga alveg í berhögg við kröfur okkar og bjó út það orðalag, sem nú er á gr. Hv. þm. vill gera mikinn mun á gr. nú og áður, en sé efnið athugað, er það nákvæmlega það sama.

Í upphaflega frv. var svo fyrir mælt, að landssmiðjan skyldi annast þau verk, sem ríkisstj. þyrfti að láta vinna. Í þessu felst bein fyrirskipun að því er snertir ríkisfyrirtækin, en heimild að því er kemur til vinnu fyrir einstaklingana.

Nú er þetta alveg eins, nema ríkisstj. er ætlað að dæma um, að tilboð landssmiðjunnar séu sanngjörn. En hvaða aðstöðu hefir hann til þess, nema að láta fara fram útboð? Ekki getur ríkisstj. dæmt um það óséð. Hún hefir enga aðstöðu til þess að dæma um, hvort tilboðin eru sambærileg um verð og vörugæði við það, sem aðrir mundu bjóða, nema með útboði á verkinu. Þessi viðauki er því gersamlega þýðingarlaus og settur aðeins til þess að blekkja, þar sem alveg er þurrkaður út möguleikinn fyrir því að ganga úr skugga um, hverjir gera hagkvæmust tilboð, með því að koma í veg fyrir, að verkið sé boðið út.

Þá var hv. þm. Hafnf. að minnast á miður vinsamlega forstjóra, sem mundu undirbjóða landssmiðjuna með óeðlilegum tilboðum, ef þeir fengju aðstöðu til frjálsrar samkeppni. Ég sé ekki, að það væri neitt við það að athuga, ef þeim þóknaðist að skaða sjálfa sig. Þá fengi ríkið verkið unnið fyrir lægra verð, svo afstaða forstöðumannanna hefir engin áhrif í þessum efnum. En hv. þm. Hafnf. skoðar það sem fjandskap við stofnunina, ef farið er fram á að bjóða verkin út. Allt ber þetta að sama brunni, þar sem öll rök forsvarsmannanna sanna, að þeir telja fyrirtækið gersamlega óstarfhæft í frjálsri samkeppni. Það getur engin önnur ástæða verið.

ATKVGR.

Brtt. 161 felld með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK.

nei: ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

BÁ greiddi ekki atkv.

Þrir þm. (BJ, JJós, TT) fjarstaddir.

Brtt. 162 samþ. með 16:1 atkv.

— 152, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 163).

Á 28. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, SÁÓ, BSt, HG, IngP, JBald, JJ,[1]) EÁrna.

nei: ÞBr.

PM,[2]) ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (HermJ) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 163, n. 248 og 250).

***Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson):** Fjhn., sem hafði þetta mál til meðferðar, hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt um afgreiðslu þess, og hefir n. klofnað.

Um nokkur ár hefir landssmiðjan starfað, og á þeim tíma, þegar hún var stofnuð, var það álitið nauðsynlegt, að ríkið ætti slíka viðgerðarstofu, þar sem ríkið rekur margvíslega starfsemi, sem útheimtir ýmiskonar viðgerðir og smíði, sem þarf að láta verkstæði inna af hendi. Það hefir sýnt sig, að þessi smiðja hefir undanfarin ár getað framkvæmt fyrir ríkið þessa vinnu með betri árangri en einstök fyrirtæki hafa getað og auk þess hefir smiðjan gefið dálitinn arð síðustu ár. Nú er ætlunin með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að lögfesta ákvæði um þessa stofnun, og er það í rauninni það sama og gert er með

1) **JJ:** Af því að Jón Þorláksson kom þessu á, segi ég já.
2) **PM:** Ég ætla mér að nota þá kennslu, sem við fengum hjá stjórnarflokkunum í Sþ. í gær, og greiði ekki atkv.

önnur ríkisfyrirtæki, og er ekki sízt þörf á því að festa landssmiðjuna á pappírnum, þar sem hún hefir þegar verið lengi við lýði.

Við, sem erum í meiri hl. fjhn., höfum mælt með þessu frv., en það gæti vel hugsazt, að fram kæmu brtt., sem við gætum fellt okkur við. Hv. 1. þm. Eyf. hefir áskilið sér sérstöðu, og mun hann gera grein fyrir því, ef hann álítur þess þörf, við þessa umr.

Þetta frv. ætlast til þess, að landssmiðjan annist smíði fyrir einstaklinga og félög og auk þess alla smíði, sem hún getur tekið að sér fyrir starfrækslu, sem ríkið hefir með höndum, og svo er gert ráð fyrir því, að landssmiðjan geti skipt við önnur fyrirtæki, sem styrkt eru með fé úr ríkissjóði, en vitanlega er ætlazt til þess, að sú vinna verði boðin út á frjálsum markaði, en hinsvegar er ekki gert ráð fyrir því, að svo verði gert að því er snertir smíði fyrir ríkisstofnanirnar.

Í 3. gr. frv. er heimilað að leggja landssmiðjunni fé til starfrækslunnar, og auk þess er gert ráð fyrir að afhenda henni lóð, sem er ekki annað en formið eitt, því að hún hefir slíka lóð. Það á aðeins að lögfesta það. Svo er ætlazt til þess, að landssmiðjan byggi smátt og smátt yfir sig og verði það fyrirtæki, sem geti innt af hendi fullkomna smíði, svo að ekki þurfi annað að leita.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, þar sem enn liggja ekki brtt. fyrir, og legg ég til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en samt gæti ég, eins og ég tók fram áðan, hugsað mér að vera með í því að gera einhverja breyt. á frv., en það verður þá athugað til 3. umr. málsins.

*__Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)__: Eins og sjá má á nál. minu á þskj. 250, hefi ég ekki orðið sammála hv. meiri hl. n., heldur legg ég til, að þetta frv. verði fellt. Hv. meiri hl. n. virðist raunar ekki vera ákaflega sterkur í trúnni á þetta frv., því að báðir hv. þm. í hv. meiri hl. áskilja sér rétt til þess að vera með brtt., og annar þeirra gerir meira að segja fyrirvara um fylgi sitt við málið. Það má því segja, að einn sé með frv., annar á móti því og sá þriðji geri fyrirvara um málið sjálft. Eins og þingið er nú skipað, þykir mér það ekkert undarlegt, þótt mál eins og þetta fái slíka afgreiðslu, því að hér er um stefnumál að ræða, enda þótt það sé ekki mjög stórt, og það er óhætt að segja, að hér á þingi séu til allar afstöður til þessa máls. Einn flokkurinn er á móti því, að ríkið reki fyrirtæki, sem einstaklingar eru færir um að reka, annar flokkurinn er meðmæltur ríkisrekstri, og loks er einn flokkur, sem veit ekki, hvaða skoðun hann hefir í þessu máli, flokkur, sem er hlynntur ríkisrekstri að meira og minna leyti, án þess þó að vilja nokkru sinni taka það mál á sína stefnuskrá, og þessi flokkur er Framsfl. Hann hefir hringlað fram og til baka, þó að hann hallist oftar að ríkisrekstrinum, af því að hann hefir, eins og það er stundum kallað, dvalið langdvölum í flatsænginni, og það er eðlilegt, að það dragi hugina saman, þó að það kosti snurður við og við, eins og gerist og gengur.

Eins og ég hefi áður tekið fram, hefi ég tekið þá afstöðu til þessa máls, að þetta frv. beri ekki að samþ., og byggist sú afstaða fyrst og fremst á því, að ég er á móti því, að ríkið sé yfirleitt að reka slík fyrirtæki sem þetta, vegna þess að ég get ekki sannfærzt um, að hér sé um nokkurt verkefni að ræða, sem einstaklingar geta ekki annazt eins vel. En hinsvegar er ég á engan hátt svo mikill andstæðingur ríkisrekstrar, að ég geti ekki fallizt á, að ríkið taki að sér rekstur fyrirtækja, sem augljóst er, að einstaklingar geta ekki rekið eins vel, annaðhvort af því, að þeir hafa ekki bolmagn til þess eða af öðrum ástæðum, og má í því sambandi minna á póst og síma. Það er eðlilegt, að ríkið reki þau fyrirtæki, enda þótt því hafi farið það illa úr hendi, því að bæði póstur og sími eru illa rekin, og gæti ég tilfært mörg dæmi þess; það er ekki hægt að búast við því, að til séu einstaklingar, sem hafa bolmagn til þess að reka þessi umfangsmiklu fyrirtæki. Það getur borgað sig fyrir þjóðfélagið að reka póst og síma, þótt þau fyrirtæki út af fyrir sig beri sig illa, og því er eðlilegt, að slík fyrirtæki séu í höndum þess opinbera.

En þegar um er að ræða fyrirtæki eins og það, sem þetta frv. fjallar um, þá er ég og minn flokkur þeirrar skoðunar, að þetta sé bezt komið í höndum einstaklinga, því að á þann hátt teljum við, að reksturinn fari bezt úr hendi.

Það hefir stundum verið vitnað í það í blöðum stjórnarflokkanna, að landssmiðjan hafi upphaflega verið sett á fót af þeim manni, sem um árabil var fremsti maður Sjálfstfl., Jóni heitnum Þorlákssyni, þegar hann var landsverkfræðingur. Þetta er alveg rétt. En hitt er jafnvíst, að þessi sami maður taldi það fjarstæðu, að ríkið væri að reka þetta fyrirtæki eftir að komin voru upp fyrirtæki einstaklinga, sem gátu annazt þetta sama starf. Það var heilbrigt á sínum tíma, á meðan einstaklingana vantaði tæki og næga þekkingu í þessum efnum, að ríkið tæki að sér að fá unnin hér heima ýms verk, sem annars varð að sækja til útlanda, en það er allt annað en að setja upp slíka stofnun til samkeppni við innlendar verksmiðjur í sömu grein, eins og hér um ræðir.

Ef litið er á þetta mál frá mjög einföldu sjónarmiði, þá liggur það í augum uppi, að þau fyrirtæki, sem nú eru til í þessari grein, sérstaklega hér í Reykjavík, verða fyrir þungum búsifjum af slíku fyrirtæki, sem hér um ræðir. Það opinbera má ekki stuðla að því, að fyrirtæki, sem mikið fé hefir verið lagt í, geti ekki borið sig vegna samkeppni af hálfu þess opinbera, sem að sumu leyti er alveg óeðlileg, en að hér er um að ræða óeðlilega samkeppni liggur í augum uppi, ef litið er á nokkur ákvæði þessa frv. Eins og kunnugt er, verða þau verk, sem unnin eru fyrir það opinbera, yfirleitt arðvænlegri fyrir slík fyrirtæki, því að það opinbera hefir aldrei eins gott lag á að þvinga verðið niður eins og einstaklingarnir. Um það þarf ekki að deila. Auk þess er borgunin miklu vissari, þegar það opinbera á í hlut, en það kemur oft fyrir, að verzlanir og önnur fyrirtæki fara um koll vegna þess, að þau fá ekki greitt það, sem þau eiga útistandandi. En fyrir utan það, að með þessu frv. er

þannig sölsað undir þetta eina fyrirtæki betra verkefni, er því þar að auki sköpuð sérstaða samanborið við önnur fyrirtæki að því er snertir gjöld til bæjarins. Á móti þessu var borið í n. og sagt, að þetta fyrirtæki ætti lögum samkvæmt að greiða útsvar til bæjarins eins og aðrar ríkisstofnanir, en það er áreiðanlegt, að það gjald verður ekki nema lítill hundraðshluti af hreinum ágóða, og það kemst ekki nálægt því, sem samskonar fyrirtæki verða að greiða, ef þau eru rekin af einstaklingum.

Það er í rauninni mjög óákveðið, hvað landssmiðjunni er ætlað að fást við, en þó eru rakin hér nokkur atriði, t. d. viðgerð á skipum, en það geta stórar járnsmiðjur vitanlega vel leyst af hendi; svo er henni ætlað að annast smíði á öllum mögulegum munum úr járni, en svo er henni ætlað alveg nýtt verkefni, og það er smíði á mótorum, sérstaklega í báta, og ég hefi orðið var við, að því hefir verið haldið fram, að með þessu væri verið að draga nýja atvinnu í stórum stil inn í landið, þar sem hingað til hefðu verið fluttir til landsins mótorar fyrir 300—500 þús. kr. á ári.

Ég verð að segja það fyrir það fyrsta, að ég fæ ekki séð, hvaða yfirnáttúrlegan mátt þessi eina smiðja fær til þess að smíða mótora, af því að hún er landssmiðja. Ef þetta borgar sig á annað borð í höndum kunnáttumanna hér á landi, þá getur það alveg eins borgað sig fyrir önnur fyrirtæki, sem eru byggð upp á svipaðan hátt og landssmiðjan. Það skeður ekkert kraftaverk við það eitt, að sett verði upp landssmiðja.

Í öðru lagi vil ég minna á það, að það er ekkert annað en rannsóknaratriði, hvort það er yfirleitt nokkur gjaldeyrissparnaður í því að smíða mótora hér á landi. Þó að þessir mótorar verði smíðaðir hér, þá býst ég við, að ekki verði hjá því komizt að kaupa ýms stykki og hluta í mótorana, og auk þess getur orðið svo mikill munur á verði mótora, sem hér verða smíðaðir, og þeirra, sem nú eru keyptir frá útlöndum, að gjaldeyrissparnaðurinn verði enginn. Þessi liður, sem heitir mótorar, hverfur að vísu af verzlunarskýrslunum, en í þeirra stað kemur „ýmsir hlutir í mótora“ og „hráefni“, en það eina, sem hefst upp úr þessu, er, að þeir, sem nota þessar vélar, verða að borga svo svo mikið fé fyrir að útvega þessa nýju atvinnu. Vilji menn leggja þetta á sjávarútveginn, verður fiskframleiðslan dýrari, og afleiðingin af því verður sú, að nokkrir menn missa þar atvinnu. Það má náttúrlega alltaf setja upp svo og svo margar iðngreinir, ef það er bara hægt að leggja á þá, sem nota vörurnar, það aukagjald, sem þarf til þess, að hægt sé að framleiða þessar vörur. Hin gamla regla þessara alfrjálsu viðskipta var þannig, að hver þjóð ætti að framleiða það, sem henni hentaði bezt að framleiða, og kaupa svo hitt, en nú er reglan sú hjá öllum þjóðum, að stefna í þá átt að búa sem flest til sjálfar, en menn verða að gæta þess að iþyngja ekki þeim atvinnugreinum, sem fyrir eru, með hinum nýju iðngreinum.

Í sambandi við þessa fyrirhuguðu mótorsmíði má benda á eitt atriði enn, og það er gæði þessara mótora. Eru líkindi til þess, að þeir geti orðið eins góðir og mótorar, sem framleiddir eru erlendis af stórum fyrirtækjum, sem hafa á að skipa fjölda af verkfræðingum og uppfinningamönnum, sem starfa stöðugt að því að gera endurbætur á þessum vélum, sem hefir það í för með sér, að þessar vélar taka stöðugum framförum? Nú skilst mér eiga að senda einhverja menn og láta þá höggva inn í þessa framþróun og grípa einhvern mótor eins og hann er nú og byrja að framleiða hann hér fyrir hærra verð, en við verðum að nema staðar í þessari þróun, þó að henni fleygi áfram erlendis. Hvaða ráð hefir landssmiðjan á því að ónýta þá vélategund, sem hún hefir í meðförunum, eftir því, sem þróunin heldur áfram á þessu sviði hjá stóru verksmiðjunum erlendis? Afleiðingin af þessu verður sú, að hér verða notaðar vélar, sem eru á eftir tímanum.

Mér finnst einkennilegt, að menn skuli vera að leggja út í svona fyrirtæki áður en nokkur rannsókn hefir farið fram um það, hvort það er yfirleitt hægt að smíða slíkar vélar með sæmilegum kjörum.

Ég held, að það sé mjög vafasamt, hvort þjóðarheildin og sá atvinnuvegur, sem sérstaklega á að nota þessar vélar, sjávarútvegurinn, græði nokkuð á þessu. Ég hefi þá persónulegu skoðun í þessu máli, að sjávarútvegurinn skaðist á þessu. Undir þessa verksmiðju á að draga alla smíð, sem hún getur tekið að sér fyrir ríkið og þær stofnanir, sem eru ríkiseign. Upphaflega var þetta, að mig minnir, alveg skilyrðislaust, og sýnist með því hægt að setja upp sómasamlegt fyrirtæki. Samt sem áður var nú settur inn í Nd. sá varnagli, að þetta skyldi gert, ef vinnubrögð og verðlag ekki er óhagstæðara að dómi stjórnarinnar. Ekki er það nú smáræðis víggirðing, að ríkisstj., sem sett hefir upp þetta fyrirtæki gegn allharðri mótstöðu, á sjálf að meta alla verðleika þessa óskabarns síns, dæma ein, hvort kjörin eru aðgengileg eða ekki! En þegar það var sett inn í, að prófa skyldi þetta með útboði, þá fór það svo klaufalega, — eða þá að það var gert svo haglega með vilja — að það er lagt á vald ráðh., hvort útboð fari fram. Þetta er víst nóg frá sjónarmiði hv. þm., ef hann álítur alla nauðsyn á að hafa landssmiðju, jafnvel þótt hún þoli ekki útboð á móti einstaklingum. En ekki skil ég satt að segja, hvernig nokkur getur verið með að láta ríkið annast sjálft þau verk, sem einstaklingar þjóðfélagsins geta gert ódýrar og eins vel. Það er ljóst mál, að ráðh. er ekkert bundinn við að láta útboð fara fram. Og með því að ráðh. getur lagt svo fyrir, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna, þá er náttúrlega hægt að sýna góða útkomu, ef vill, hvað sem líður hag fyrirtækisins sjálfs. Ég verð að segja, að ég skil ekki, hvað meðhaldsmönnum þessarar stofnunar, getur gengið til þess að hlaða óeðlilega undir þessa stofnun. Ef ríkisrekstrarmenn hafa þá trú á þessu fyrirtæki, þá skil ég vel, að þeir vildu setja það upp, af því að það

myndi sigra í frjálsri samkeppni. Það væri virkilega fallegur og heiðarlegur málstaður. En hvað þeim gengur til að setja upp þetta fyrirtæki, sem þeir ekki treysta til að standa sig í samkeppni, svo að hlaða þurfi undir það með allskonar óeðlilegum lagaákvæðum, það er hálfóskiljanlegt, nema hrein ríkisrekstrarpólitík gangi til.

Eins og getið er um í nál. mínu, er náttúrlega ekki nema rétt að setja l. um fyrirtæki, sem hvort sem er er til. En frv. fer fram á meira en að lögfesta fyrirkomulag það, sem er. Það fer fyrst og fremst fram á að skylda ríkið til að láta þessa einu smiðju vinna fyrir sig, og þarf ekki að hafa gætur á, að kjör séu eins hentug og hjá einstaklingum. Sömuleiðis á að hlynna að fyrirtækinu með því að láta aðrar stofnanir, sem ríkið styður, skipta við það. Svo á að leggja fyrirtækinu fé til þess að færa út kvíarnar. Það á að verja til bygginga og vélakaupa allt að 100 þús. kr., leggja til lóð; og svo er ekki útilokað, að lána megi landssmiðjunni á fjárlögum — sennilega verður það með góðum kjörum — til þess að efla fyrirtækið.

Sem sagt, lögin ganga út á það að búa þessu fyrirtæki, sem hefir starfað að miklu leyti í frjálsri samkeppni, þá fullkomnu sérstöðu, af því að það hefir átt erfitt uppdráttar í samkeppni við einkareksturinn. Það var sagt í grg. með frv. í fyrra — nú er engin grg. —, að þetta fyrirtæki hefði ekki borgað sig vel, og ríkið hefði ekki alltaf getað haft næg verkefni En hvaða ástæða er til að vera með fyrirtæki, sem ekki borga sig? Ekki er það svo, að smiðjan skapi atvinnu, sem annars væri ekki til, því að aðrar smiðjur mundu annars þurfa starfskrafta hennar, sem nú eru. Ef þarna væru starfskraftar, sem annars væru ónotaðir, þá er það líka óeðlilegt.

Nei, það eina, sem gæti réttlætt, að ríkið setti upp slíkt fyrirtæki, er nefnilega sömu ástæður og fyrir hendi voru þegar Jón heitinn Þorláksson setti landssmiðju fyrst á stofn, að taka upp verkefni, sem borgaði sig að vinna innanlands, en menn þá ekki treystu sér til að taka að sér í privatrekstri. Það er nú verið að reyna að fóðra þetta frv. með mótorasmíði. Það gæti verið ástæða til að ríkið hlypi undir byrðina, ef um sérstaka nýja smíði væri að ræða. En ég tel mjög hæpið, að þessi nýsmíði gæti orðið til nokkurra hagsmuna.

Ég held það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram viðvíkjandi frv. Það, sem ég felli mig alveg sérstaklega illa við, er þessi sérstaða, sem landssmiðjunni er sköpuð með frv. Það er komið í veg fyrir allt heilbrigt mat á verðleikum fyrirtækisins og haldið til þess vinnu, sem það ekki myndi fá í frjálsri samkeppni. Því er lagt til rekstrarfé með ódýrari og hentugri kjörum en önnur fyrirtæki fá. Því er sköpuð sérstaða í skattagreiðslum með því að það komist undir skattgreiðsluákvæði ríkisstofnana. Og yfirleitt er því sköpuð sú sérstaða, sem gerir það að verkum, að ómögulegt er að dæma um það, hvort fyrirtækið tapar eða græðir. Því að þótt smiðjan sýni á sínum reikningum ágóða, getur í raun og veru alveg eins verið um tap að ræða fyrir þjóðarheildina.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Bernharð Stefánsson: Aðeins nokkur orð út af því, að ég hefi skrifað undir nál. meiri hl. á þskj. 248 með fyrirvara. Hv. frsm. meiri hl. boðaði það í n., að hann myndi flytja brtt. við frv. Ég vissi nú ekki, hvernig þær brtt. myndu verða eða hverja mynd frv. tæki á sig á síðustu stundu hér í d. Vildi ég því ekki binda atkv. mitt og skrifaði undir með fyrirvara, bæði að því er snertir einstök atriði og málið í heild. En þessi fyrirvari minn gaf hv. 1. þm. Reykv. í gær tilefni til ýmiskonar hugleiðinga um stefnumál flokkanna í sambandi við þetta mál. Mér þótti þessar hugleiðingar hans ærið kyndugar. Virtist hann líta svo á, að afstaða nm. til þessa máls sýndi afstöðu flokkanna til ríkisrekstrar, en hún væri sú, að Alþfl. væri með ríkisrekstri, Sjálfstfl. á móti, en Framsfl. vissi ekki, hvar hann ætti að vera í málinu, og það væri mín afstaða. Ég sé nú ekki, að þetta frv. komi við spurningunni um ríkisrekstur. Landssmiðjan hefir verið til í mörg ár. Maður, sem verið hefir leiðtogi sjálfstæðismanna, átti forgöngu að stofnun hennar. Hér er þegar til landssmiðja. Hér er því bara um það að ræða að setja l. um rekstur hennar, en ekki að stofna neitt að nýju. Hv. þm. hefir ekki flutt frv. um að leggja landssmiðjuna niður. Því stenzt ekkert af því, sem hann var að segja. Annars tel ég, að afstaða Sjálfstfl. til ríkisrekstrar sé ekki eins ákveðin og hann vill vera láta, og raunar heldur ekki jafnaðarmannaflokksins, svo að ég held, að það fari hjá öllum flokkum nokkuð eftir ástæðum, hvenær þeir eru með ríkisrekstri. Hann nefndi sjálfur tvö atriði, þar sem Sjálfstfl. vill hafa ríkisrekstur, sem sé í póst- og símamálum, og býst ég við, að það nái einnig til fleiri hluta. Ég býst t. d. ekki við, að nokkur sjálfstæðismaður vilji hafa áfengisverzlun landsins í einstaklingsrekstri. Eins býst ég við, að enginn sósialisti vildi hafa allt í ríkisrekstri. Svipað er þá að segja um Framsfl.

Ég er með ríkisrekstri, þegar starfsgreininni er þannig háttað, að ég tel hann hentugan, annaðhvort af því að koma þarf af stað nýjum atvinnugreinum, sem ekki er hægt að koma af stað á annan hátt, eða ekki líklegt að gert verði af einstaklingum. En með tilliti til þessa frv., sem hér liggur fyrir, vil ég taka það fram, að ég tel það sjálfsagt, úr því að landssmiðjan er komin upp og hefir verið starfrækt og gefizt vel, að hún þá haldi áfram og hafi það með höndum, sem ríkið þarf sérstaklega að láta vinna.

Að sjálfsögðu vil ég ekki leggja þann skilning í frv., og um það gildir meðal annars fyrirvari minn, að landssmiðjan eigi að keppa við atvinnufyrirtæki einstakra manna um smíði fyrir einstaklinga og félög. Ég finn heldur ekki neitt í frv., sem bendi á, að svo eigi að vera, þótt í 2. gr. sé svo ákveðið, að hún skuli annast smíði fyrir einstaklinga og félög, þegar þess er óskað,

sem yrði í þeim tilfellum, þegar aðiljar teldu sér það betur henta eða landssmiðjan ein gæti innt það verk af hendi, sem þeir þyrftu að láta vinna. Sá hv. þm., sem gaf mér tilefni til þessara orða, er ekki viðstaddur, en eigi að síður gat ég ekki verið af því að láta þessi orð niður falla. (**MJ**: Ég er viðstaddur). Nú, er hv. þm. viðstaddur? Hann var þó fjarverandi áðan þegar greidd voru atkv. að viðhöfðu nafnakalli.

***Jón Auðunn Jónsson**: Hv. 1. þm. Eyf. segir, að hér sé ekki um ríkisrekstur að ræða, en mér sýnist annað. Ég sé ekki annað en hér sé að ræða um einokun um bygging á mótorum. Ég skil ekki, að aðrir fari að setja á stofn slík fyrirtæki, þegar landssmiðjan fær slíkt leyfi sem farið er fram á í frv., og má það teljast sama og að veita einkarétt, þegar þannig er veitt leyfi til að verja fé til að byggja mótora og ríkisábyrgð er gefin fyrir fénu.

Nú mætti ef til vill segja, að þetta væri ekki mjög athugavert, ef ekki kæmu hér fleiri ástæður til greina á móti þessu. En ég er þess fullviss, að í kjölfar þessara ákvæða siglir það, að bannaður verður innflutningur á mótorum og landssmiðjan verður látin fúska við að smíða dýra og ónýta mótora, og sjómönnum verður sú leið ein opin að kaupa þá.

Þetta er reynslan hér á landi, að fjöldi manna hleypur til að stofna iðnaðarfyrirtæki án þess að hafa nauðsynlega þekkingu og vit á iðngreininni. Þetta verður svo þjóðinni til stórskaða, vegna þess að framleiðsla þessara iðnfyrirtækja verður bæði dýr og léleg, og svo er gripið til þeirra ráða að vernda þennan iðnað með háum tollum eða með því að banna innflutning.

Mér hefir sjálfum verið boðið að taka þátt í að koma á fót slíkum iðnfyrirtækjum, og mér hefir verið sagt, að þetta væru upplögð gróðafyrirtæki, af því að innflutningur á vörunni yrði bannaður eða hún yrði vernduð með háum tollum. En mig hefir vantað sannanir fyrir því, að framleiðsla þessara iðnfyrirtækja yrði nothæf, hvað þá heldur að hún þyldi samanburð við erlenda framleiðslu.

Það er sennilega ætlunin, að smíða megi mótora til þess að selja út úr landinu. En hvernig eru möguleikar til þess að standast samkeppni við aðrar þjóðir í þessari iðngrein? Ef svo á að fara að byggja mótora fyrir okkur sjálfa, mótora, sem eru allt frá 6 hö. og upp í 150 hö., þá þarf ekki að smíða marga af hverri tegund til þess að fullnægja þörfinni innanlands, en því dýrari verður framleiðsla þeirra og ómögulegri samkeppni með þá, sem fleiri tegundir eru smíðaðar og færri af hverri tegund, og ég er viss um, að í höndum þeirra, sem nú stjórna, verður þannig á þessu haldið, að keppzt verður við að fúska við framleiðslu á mótorum, sem eiga að koma í stað þeirra, sem fluttir hafa verið frá útlöndum, og að selja þá háu verði, og gæðin verða þannig, að þeir verða lítt nothæfir.

Hér mun sú raun verða á, ef að þessu verður horfið, að tekið verður fé úr ríkissjóði til að fúska við smíði á mótorum og að það verður til stórskaða og bölvunar fyrir útveginn.

Það var ekki þetta, sem Jón heitinn Þorláksson hafði í huga, þegar hann vildi, að landssmiðjan væri stofnuð í fyrstu. Hann stofnaði landssmiðjuna til þess, að hún skyldi vinna að brúargerð, og til þess var full ástæða, og til þess þurfti heldur ekki margbreytilegar vélar, eins og til þess t. d. að smíða mótora, og ekkert nema gott um það að segja, þótt í það væri ráðizt.

Auk þessa stefnir þetta frv. til að eyðileggja einstaklingsfyrirtæki þau, sem til eru í landinu og starfa að þessari iðn. Hv. 1. þm. Eyf. segir, að landssmiðjunni sé ekki ætlað að keppa við einkafyrirtæki, en honum er fullkunnugt um, að henni er einmitt ætlað það. Hann veit, að þannig er nú ástatt um vélsmiðjur, að þær hafa orðið að fækka mönnum. Það er auðvelt fyrir ríkisfyrirtæki, sem þurfa ekki að borga skatta eða skyldur, að taka verk frá einstaklingsfyrirtækjum, enda þótt því fylgi raunverulega stórtap; til þess þarf landssmiðjan á engan hátt að vera samkeppnisfær, en á þennan hátt er hægt að eyðileggja einstaklingsfyrirtækin, og ég er viss um, að það er takmarkið. Allur hans harmagrátur um, að hann vilji ekki fylgja ríkisrekstri, er algerlega út í hött; hér er beinlínis verið að vega að einstaklingsfyrirtækjunum, og er fullvíst, að ef að þessu ráði verður horfið, þá verður það *þröskuldur í vegi heilbrigðs atvinnulífs og framfara í þessari iðn.* Það kemur ekkert því við, hvaða skilning hv. þm. vill leggja í frv.; ég veit, að til þessa er stofnað. Það er vaninn hjá hv. framsóknarmönnum, þegar þeir ganga til samfylkingar með sósialistum um að koma á fót ríkisfyrirtækjum, að þeir krossa sig og segja: „Ég er ekki með ríkisrekstri.“ Ég held, að þeir ættu að hafa það í huga, þegar jafnaðarmenn nörruðu þá til að fylgja þeim að málum um síldareinkasöluna. Mér finnst, að þeir hefðu haft góða ástæðu til þess að afneita ríkisrekstrarstefnu jafnaðarmanna eftir þá herfilegu útreið, sem þeir fengu þar, enda vita þeir það ofurvel, að meginþorri kjósenda þeirra er algerlega andstæður þessu ríkisrekstrarbrölti. Það kom greinilega fram í minu kjördæmi, og framsóknarmenn þar lýstu því beinlínis yfir, að þeir væru eindregið andvígir slíku.

Það er svo ákveðið í frv., að ríkisstj. geti mælt svo fyrir, að engin stofnun, sem nýtur styrks frá ríkissjóði, megi láta fara fram aðgerðir annarsstaðar en í landssmiðjunni. Ég gæti trúað, að það yrði dálítið skrítið að sjá, þegar t. d. verður farið að senda alla koppa og kirnur, sem viðgerðar þurfa, frá sjúkrahúsum úti um land til landssmiðjunnar. Það væri ekki hægt að segja, að þar væri í næsta hús að venda. Þetta er að vísu sagt í gamni, en það, sem í stórum dráttum *er meint í frv., er* það að draga alla vinnu sem mest úr höndum einstaklinga, svo að landssmiðjan geti eftir fá ár orðið eina starfandi fyrirtækið í þessari iðngrein. Þótt byrjunin á slíku brölti leiði af sér mikið tap fyrir ríkissjóð, þá er hægt að ná því upp aftur, þegar við engan er orðið að keppa og enginn verðsamanburður getur komizt að, því þá er hægt að skrúfa upp verðið og láta landsmenn borga brúsann. Þetta er það, sem gert hefir verið, bæði við ríkisfyrirtæki og einkasölur. Það er kunnugt, að tóbakseinkasalan var sett á, þótt sannanlegt væri, að ef salan var

frjáls, þá var hægt að selja tóbakið ódýrara og fá samt meira fé í ríkissjóð af tóbakstollinum einum saman heldur en fékkst hjá einkasölunni bæði af tolli og verzlunarágóða, og síðan ríkið tók þessa sölu í sínar hendur, hefir verð á tóbaki hækkað að mun, þrátt fyrir það, að verð þess á erlendum markaði hefir lækkað. Þetta er að vísu ónauðsynleg vara, og má því segja, að það geri minna til, þótt henni sé haldið í háu verði, en það fer alveg eins með nauðsynlegu vörurnar, og það verður tilfinnanlegt fyrir almenning, þegar jafnaðarmenn hafa fengið Framsfl. með sér til þess að setja ríkiseinkasölu á allar vörur. —

En það væri ef til vill ekki úr vegi fyrir framsóknarmenn að athuga það, að flokkssjóður jafnaðarmanna fitnaði ekki svo, að þeir þyrftu ekki meira með. — Þetta væri ef til vill rétt að athuga, áður en jafnaðarmenn hafa selt allt, sem þeir hafa til að selja.

***Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson):** Hv. frsm. minni hl. hélt hér langa ræðu um þetta frv. í gær, og sagði hann þá nokkuð í þá átt, að hann væri á móti því að lögfesta nokkuð um landssmiðjuna, þótt hann hinsvegar væri því ekki mótmæltur, að sú landssmiðja, sem nú er, héldi áfram starfi sínu. Skoða ég þetta sem tryggð hans við hinn látna foringja sinn. — Í sjálfu sér er það engin breyt. á rekstri landssmiðjunnar, þótt ríkisstj. sé heimilað að festa handa henni lóð. —

Sú andstaða hv. þm., sem kom fram gegn þessu frv., er eðlileg frá sjónarmiði flokks hans, sem álítur, að öll slík verk, sem landssmiðjunni eru ætluð, eigi að vera unnin af einstökum mönnum og höfð um þau frjáls samkeppni. En ég hygg, að þessi frjálsa samkeppni fari nú að verða lítið annað en nafnið eitt, og að ekki sé hægt að benda á mikið af henni. Það er sama, til hverrar greinar af atvinnu er litið; allsstaðar eru samtök um verðlag. Prentsmiðjur hafa sameiginlegt verðlag, og ekki er líklegt, að þær fari að taka verk hver frá annari með því að undirbjóða. Sama er að segja um þær smiðjur, sem hér eru starfandi. Þær hafa sameiginlegt verð og bjóða saman, og er þar alls ekki um samkeppni að ræða. Sama er um smjörlíkisgerðirnar; þær hafa einnig sameiginlegt verð á framleiðslu sinni. Olíuverzlanirnar hafa sameiginlegt verð, og eins er um kolaverzlanir. Yfirleitt hvert sem litið er í atvinnugreinum eða verzlun er engin samkeppni, enda mundi þá vera þannig, að ef einhver lækkaði vöru sína í dag, þá yrðu aðrir búnir að lækka á morgun, og fyrir þessum sífelldu undirboðum hafa þeir einstaklingar, sem reka fyrirtæki, beinlínis tryggt sig með samkomulagi og samtökum um verðlag. Frjáls samkeppni er einskonar vígorð, sem sumum finnst láta vel í eyrum, en er hugtak, sem naumast þekkist í veruleikanum, svo þau rök að þetta frv. stefni að því að lama hina frjálsu samkeppni eru í sjálfu sér mjög léttvæg.

Hitt skal ég játa og hefi játað það áður, að það sé ástæða, sem hafi við rök að styðjast, sem þeir hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf. hafa fundið að frv., að það eigi að fara að ráðast í smíði á mótorum, og þeir hafa ekki trú á því, að landssmiðjan geti í þeirri grein orðið samkeppnisfær við útlend fyrirtæki, sem hafa margra ára reynslu á því sviði. Það var sérstaklega hv. þm. N.-Ísf., sem fór um þetta mörgum orðum, og að mínu áliti mörgum óþarfa orðum. Hann hélt, að þetta yrði fúsk, sem bæði yrði til stórskaða og skammar, og mundi leiða til þess, að útgerðarmenn yrðu að kaupa mótora fyrir margfalt hærra verð og fengju þar að auki lítt nothæfar vélar. Ég skal játa það, að ég tel ekki líklegt, að landssmiðjan geti um langt skeið fullnægt þörf landsmanna í þessari grein, en ég tel ekki útilokað, að hún gæti búið til einfaldar tegundir af mótorum, og takmarka sig þá við litlar vélar, og mér finnst ekkert fráleitt, að landssmiðjan gerði nokkrar tilraunir í þessu. Ég tel ekki líklegt, að það sé minni verklagni eða minna hugvit í mönnum hér á landi en annarsstaðar, og ef til vill gætu Íslendingar fundið upp einhverja þá vél eða breyt. á vél, sem gæti komið að notum. Íslendingar hafa fundið upp umbætur á vélum, og eins gæti orðið hér, ekki síst að eitthvað fyndist, sem hentugra væri fyrir þá staðhætti, sem við höfum við að búa.

Ég álít, að við verðum að byrja smátt og að við verðum að fá færa menn til þess að geta gert þessa hluti, en ég lít alls ekki svo á, að þessa hugmynd beri að dauðadæma, og ég er alls ekki hræddur við það, að sú smíði, sem landssmiðjan gerir, verði léleg eða illa nothæf.

Ég tók ekki eftir, hvort þeir hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf. sögðu það beinlínis, að við mundum ætlast til þess, að landssmiðjan smíðaði mótora til útflutnings, en eitthvað sögðu þeir í þá átt. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að við mundum standa illa að vígi í samkeppni á utanlandsmarkaði, og eitthvað svipað því fórust hv. þm. N.-Ísf. orð. Mér hefir aldrei dottið í hug, að mótorar væru hér smíðaðir til útflutnings og reynt að keppa með þá við útlend fyrirtæki, nema með því móti að einhverjum Íslendingi dytti eitthvað það í hug, sem yrði til svo mikilla endurbóta á vélunum, en það tel ég enga fjarstæðu að láta sér detta í hug, að slíkt geti komið fyrir.

Hv. þm. N.-Ísf. fór að rifja upp sögu síldareinkasölunnar og taldi, að mér skildist, að jafnaðarmenn hefðu narrað framsóknarmenn til þess að sameinast sér um það að koma henni á. Hvað segir þá hv. þm. um þá Björn Líndal og Ólaf Thors? Kallar hann þá jafnaðarmenn? Árið 1926 báðu þessir menn um, að tekin væri einkasala á síld, og töldu báðir, að hún væri mjög nauðsynleg. Það er rétt, síldareinkasalan fór illa og ríkissjóður tapaði stórfé á henni, en það er ekki mikill munur á því, hvort ríkissjóður tapar eða þjóðfélagið, og af því að hv. þm. N.-Ísf. er kunnugur fiskverzlun, þá minnist hann þess ef til vill, hvernig fór fyrir Copelandshringnum, sem hér starfaði um 1920, og að þjóðin tapaði þá mörgum tugum milljóna á saltfisksölunni. Þessi hringur og þau töp, sem hann varð fyrir, leiddu til þess, að margir menn, sem voru ríkir, urðu öreigar og búa að því enn þann dag í dag. Ég játa það, að síldareinkasalan fór illa, en í sjálfu sér sé ég ekki, að hún hafi verið neitt meira glæfrafyrirtæki heldur en þeir fiskhringar, sem hér hafa starfað og tapað stórfé. Og þótt síldareinkasalan gæfist illa, þá reyndist hún ekki verr en þeir

hringar, sem stofnaðir voru af einstökum mönnum, og þrátt fyrir það, að síldareinkasalan fór illa, þá eru útgerðarmenn svo forhertir að heimta einkasölu á ný og hafa nú komið henni á. Þetta fyrirkomulag virðist því eiga meiri ítök en ætla mætti af ræðum sjálfstæðismanna, og margir sjálfstæðismenn hafa lagt því lið sitt og talið það óhjákvæmilegt, að slíku fyrirkomulagi væri komið á, og að það væri óverjandi að láta allt afskiptalaust af löggjöf og ríkisstj. Það fer fyrir brjóstið á hv. þm. N.-Ísf., að ríkisstj. á að geta mælt svo fyrir, að stofnun sú, sem rekin er fyrir fé ríkissjóðs, skuli skipta við landssmiðjuna, og hann tók það í spaugi sem dæmi, að menn færu hingað með koppa og kirnur utan af landi frá ríkisspítölunum og kæmu með það til landssmiðjunnar. Hann sagði þetta nú í spaugi, en ég vil segja það í fullri alvöru, að það veitti ekki af, að okkar ágæti brimbrjótur í Bolungavík kæmi hingað til rækilegrar viðgerðar. Ríkið hefir alltaf verið að lappa upp á hann, og álít ég líka, að það sé nauðsynlegt. Ég skildi ekki, hvað hv. þm. átti við með þeim setningum í ræðu sinni, þar sem hann kom með aðvörun til framsóknarmanna um að gæta þess, að flokkssjóður jafnaðarmanna fitni ekki of mikið. Ég vona, að það hafi ekki falizt í þessum orðum nein aðdróttun um það, að jafnaðarmenn eigi að fá fé í sjóð hjá sér í sambandi við þetta fyrirtæki. Ég sé ekki, að það þurfi að vera nein vonzka út af því, þó þetta frv. um landssmiðjuna sé lögfest, því það gerir litla breyt. á því ástandi, sem nú er.

Ég man ekki, hvort það er fleira, sem ástæða er til þess að tala um í þessu sambandi. Ég skal geta þess út af nál. meiri hl., að ég hafði verið að íhuga og er enn að íhuga, hvort ég muni koma með brtt. við þetta frv. Þeirri athugun er ekki lokið enn, og mun ég fyrir 3. umr. koma með brtt., ef ég við að athuga frv. nánar tel þess þörf.

Bernharð Stefánsson: Það er fátt eitt, sem ég þarf að segja. Ég verð að segja, að mér þykja undarlegar ræður hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf. að því leyti, sem þeir hafa vikið að mér. Fyrst gerir hv. 1. þm. Reykv. grein fyrir því, hvað hann telji felast í mínum fyrirvara, áður en ég segi nokkurt orð sjálfur. Ég hefi vanizt því, að þm. gerðu þetta sjálfir, ef þeir á annað borð óska þess að gera grein fyrir honum. (**MJ:** Ég fór eftir nál.). En það var auðvitað ekki samhljóða því, sem hv. þm. sagði. Og svo kemur hv. þm. N.-Ísf. og svarar hér ræðu með miklum þjósti, sem hann segir, að 1. þm. Eyf. hafi haldið. Ég þekki engan annan 1. þm. Eyf. en sjálfan mig. En það er áreiðanlegt, að ég hefi ekki haldið þá ræðu, sem hv. þm. N.-Ísf. var að svara, og ég hefi heldur ekki heyrt hana haldna. Hv. þm. sagði meðal annars, að ég hefði sagt, að það væri ekki um ríkisrekstur að ræða í þessu máli. En mér hefir aldrei komið til hugar að segja slíkt. Það er auðvitað mál, að hér er um ríkisrekstur að ræða. En það, sem ég sagði, var, að hér væri ekki um neinn **nýjan** ríkisrekstur að ræða, því að landssmiðjan væri til. Og eins og hv. frsm. n. hefir tekið fram, þá er hér um það að ræða, hvort það eigi að vera l. um landssmiðjuna eða ekki, því að ég held, að það liggi ekki fyrir neinar till. um að leggja þessa starfsemi niður.

Hv. þm. talaði um það í ræðu sinni, að ég hefði sagt eitthvað út í hött. Ég veit ekki, hvað er að tala út í hött, ef ræður þessara tveggja hv. þm. hafa ekki verið út í hött. Ég skil ekki, hvers vegna þeir flytja ekki till. um það að skora á landsstj. að leggja landssmiðjuna niður. Ef þeir flyttu slíka till., þá gætu þessar ræður þeirra átt við, en hér eiga þær ekki við. Hér finnst mér, að það eigi að ræða málið eins og það liggur fyrir þinginu og þessum fundi. En hér er um það að ræða, hvort það fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv., sé heppilegra eða óheppilegra en það fyrirkomulag, sem nú er, að landsstj. reki þessa smiðju eins og henni þóknast án nokkurra l. Það er vitanlega ekki núv. landsstj., sem hefir sett þessa landssmiðju upp, heldur hugsa ég, að þau séu nokkuð margar landsstj., sem hafa látið hana starfa. Hv. þm. N.-Ísf. minntist á það, að Jón heitinn Þorláksson hefði komið landssmiðjunni upp til þess eins að byggja brýr. Mér er það óskiljanlegt, að ef það er ákaflega gott að hafa landssmiðju til þess að byggja brýr, hvernig það má þá vera, að það sé undir öllum öðrum kringumstæðum óheppilegt og að öll önnur verk, sem hún getur komið til með að vinna, séu til bölvunar. Ég sé engan mun á því að byggja brýr og ýmsa hluti til vita og svo aðra hluti, sem ríkið hefir með höndum. Hugleiðingar hv. þm. um það að það mundi verða bannað að flytja inn mótora í landið, munu varla vera í alvöru meintar, og álít ég ekki ástæðu til þess að svara slíkri fjarstæðu. (**JAJ:** Það var sagt í fullri alvöru).

Hvað því viðvíkur, sem hann nefndi, að landssmiðjan hefði ekki borgað skatta og skyldur, þá skal ég játa, að ég er ekki vel kunnugur því, hvernig það hefir verið með þetta fyrirtæki hingað til, en ég gæti hinsvegar trúað því, að landssmiðjan borgaði ekki neitt, en ég skal þó játa, að ég veit það ekki. En í þessu frv. er einmitt ákveðið, að hún skuli borga til bæjarsjóðs. Það getur verið álitamál, hvort það er sett hæfilegt eða ekki, en þá er hægt að koma með till. um það. Og ef mönnum þykir þetta gjald ekki hæfilegt, þá ættu þeir að koma með till. um að breyta því.

Svo var hv. þm. að tala um það, að kjósendur Framsfl. hefðu allt aðra skoðun á þessu máli heldur en þm. flokksins. Ég veit ekki betur en að nákvæmlega sömu brigzlyrðin í garð framsóknarmanna hafi heyrzt frá íhaldsmönnum og núv. sjálfstæðismönnum nú í meira en áratug, og það eru nokkuð margar kosningar, sem hafa farið fram á þessum áratug, svo að ég hygg, að ef þessir kjósendur taka nokkurt mark á því, sem þessir menn segja, þá hafi þeir kjósendur, sem hafa kosið núv. þm. Framsfl., lýst nokkurn veginn fylgi sínu við þeirra stefnu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Ég held, að það sé dálítið óvenjulegt þetta, sem ég nefndi í upphafi máls míns, að það sé gerð grein fyrir fyrirvara manns, áður en maður segir nokkurt orð um hann sjálfur, og svo þegar hv. þm. N.-Ísf. svarar hér ræðu, sem ég hefi alls ekki haldið. Hv. þm.

virðist vera í vondu skapi, og það er líklega eitthvað annað, sem hefir orðið til þess að róta við geðsmunum hans, og þetta bitnar svo á mér, en ég ætla ekki undan því að kvarta samt.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Ég vil víkja nokkrum orðum að ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem hafa hér andmælt því, sem ég sagði í gær. Mér virðist, að hv. 1. þm. Eyf. ætti ekki að vera að tala um það, að menn væru í vondu skapi, því að mér virtist hann vera hálfúrillur sjálfur. Hann var reiður yfir því, að ég hefði tekið af honum orðið og farið að gera grein fyrir hans fyrirvara. Mér er ómögulegt að gera við því, að hann sendi sjálfur frá sér grg. í prentuðu nál., og þurfti enga ræðu frá honum til þess að undirbyggja það, sem ég sagði um það, að hann væri tvíátta um það, hvort hann ætti að vera með eða móti málinu. Ég get ekki skilið það öðruvísi, sem segir í nál., að annar úr meiri hl. (BSt) hafi þó fyrirvara um fylgi sitt við málið. Það er ekki fyrirvari um það, að koma með brtt., heldur um það, hvort hann er með eða móti málinu. Hann geymir sér allan rétt til þess að vera með eða móti málinu eftir atvikum. Ég veit ekki, hvað þessi fyrirvari getur þýtt annað, enda gerði hann sjálfur á þann hátt grein fyrir honum. Mér finnst það afsakanlegt, þó ég taki eftir því, hvað þessi afstaða þm. er spaugilega lík afstöðu hans flokks í heild til ríkisrekstrar, því sá flokkur hefir aldrei getað stigið almennilega í annan fótinn eða hinn í þessu máli, heldur alltaf tvístigið. Þetta sér maður vel á því, að Framsfl. hefir undanfarin ár dregizt með út í ríkisrekstur á mörgum sviðum, sérstaklega ríkisverzlun. En hinsvegar hafa alltaf komið yfirlýsingar frá mönnum í Framsfl. og eins í málgögnum hans um það, að hann sé með einkarekstri og móti ríkisrekstri. (JJ: Já, alveg rétt). Já, „alveg rétt", segir þessi dæmalausi postuli flokksins. Það er gaman að fá játningu hans fyrir þessu, þó að enginn hæði hann hér orð til hneigja. Hv. þm. talaði um, að þær væru kyndugar þessar hugleiðingar mínar út af frv. um stefnur flokkanna almennt. Ég sé ekki, að þær séu kyndugar. Hér er um stefnumál að ræða. Og þar sem hv. 4. landsk., frsm. meiri hl. n., sagði, að ég tæki enga afstöðu til landssmiðjunnar yfirleitt, heldur til frv., þá er það rangt. Ég tilgreini það sem fyrstu ástæðu í minu nál., að ég sé á móti þessu fyrirtæki yfirleitt, svo að það er rangfærsla á hinu prentaða máli í nál. minni hl. Það er eðlilegt, að maður verði að taka afstöðu til fyrirtækisins í heild við umr. um slíkt frv. sem þetta. Ég er yfirleitt á móti því og tel það ekki hentugt, að ríkið fáist við þennan rekstur. Ég er á móti því að festa fyrirtæki með byggingum og löggjöf og lánsfé og öllu því, sem frv. fer fram á að festa þetta fyrirtæki með. Það er eðlilegt, að svona frv. komi fram. Báðir þeir hv. þm., sem hafa andmælt ræðu minni frá í gær, hafa talað um það, að ég ætti að bera fram till. um að leggja þennan rekstur niður. Það er engin furða, þó að þeir búist við því! En það eru til hér bæði verzlanir og önnur fyrirtæki, sem ég álít, að ættu ekki að vera til, en ég hefi ekki borið fram till. um að leggja þau niður, af því að ég veit, að meiri hl. í þinginu stendur á bak við þessar stofnanir, og það er því ekki annað en að eyða tíma þingsins og stofna til málalenginga að bera fram slíkar till. En ég hefi hinsvegar lýst minni afstöðu í því, að ég vil ekki festa slíkar stofnanir meira en nauðsynlegt er, svo að hvenær sem þeir menn kæmust að völdum, sem mér eru sammála um þetta, þá sé sem auðveldast fyrir þá að haga þessu eftir því, sem þeirra skoðun býður þeim. Það er ekki eins þægilegt, eftir að búið er að setja upp stórar byggingar og festa mikið fé í fyrirtækinu og búið að koma því þannig fyrir, að margir menn misstu atvinnu, sem yrði að segja upp, ef fyrirtækið ætti að hætta. En öll slík umrót eru óþægileg. Þar sem ég tel það óþarfa fyrir ríkið að eiga slíkt fyrirtæki, þá er ég á móti því að lögfesta það.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að stefna sjálfstæðismanna væri ekki mjög ákveðin um ríkisrekstur, og hann nefndi það, sem ég nefndi áður, bæði póst og síma, og svo nefndi hann þar að auki áfengisverzlunina. Það er náttúrlega gott og blessað, þegar andstæðingur vill búa til stefnur fyrir þann flokk, sem hann er á móti, ef hann er beðinn um að gera það. En við sjálfstæðismenn erum ekki andvígir ríkisrekstri í sumum tilfellum. Við erum með því, að ríkið reki það, sem á einhvern hátt er nauðsynlegt eða heppilegt, að ríkið reki, m. a. vegna þess að ágóðinn eða arðurinn af rekstrinum skilar sér ekki öðruvísi en til þjóðarheildarinnar óbeinlínis. Þannig er það t. d. með samgöngurnar. Ég sé ekki, hvernig hægt er að stofna hlutafélög til þess að byggja vegi. Það er auðvitað mikill gróði af slíku, en hann skilar sér til þjóðfélagsins. Þjóðfélagið sem heild verður að leggja peninga í það, sem þjóðfélagið sem heild fær ágóða af. Ef menn eru t. d. sannfærðir um, að það eigi að veita þjóðinni sem bezta menntun og að það eigi því ekki að taka fullt gjald af þeim, sem á skólana ganga, þá á auðvitað að gera þetta. En arðurinn af því skilar sér í aukinni þekkingu þeirra, sem á skólana ganga, en þetta skilar ekki strax peningum í aðra hönd. Þetta verður ríkið því að reka. Póst og síma mætti ef til vill reka af einstaklingum með árangri, en þó er hæpið, að nokkrir hefðu bolmagn til þess. Í Bandaríkjunum í Ameríku hefir talsíminn verið rekinn af Bellfélaginu, og það er viðurkennt, að sá talsímarekstur er hinn bezti í heiminum og jafnframt sá ódýrasti, og þaðan hafa komið allar uppfinningar og framfarir á því sviði. En það er líka stærsta fyrirtækið í heimi í þessari grein. Það hefir 400 þús. manna í sinni þjónustu og 3 eða 4 þús. verkfræðinga, sem gera ekkert annað en að finna upp eitthvað nýtt. Það þarf auðvitað geysilega mikið bolmagn til slíks. Í mörgum löndum eru járnbrautirnar reknar af ríkinu. Í Bandaríkjunum eru þær reknar af einstaklingum, og það hefir reynzt vel. Hinsvegar hefir verið talað um, að það væri eðlilegt, að ríkið ræki þetta hér, ef til þess kæmi. Sömuleiðis finnst mér það eðlilegt, að ríkið fari af stað með starfsemi, sem einstaklingar treysta sér ekki til að fást við. En þegar einstaklingarn-

ir eru farnir að geta tekið það að sér, þá á ríkið að hætta að fást við það. Þannig var það með landssmiðjuna. Það var þarft og gott að ná þessari vinnu inn í landið, sem eins og hv. þm. N.-Ísf. gat um, var hægt að vinna með tiltölulega einföldum verkfærum. Það var gott að fá þessa atvinnu við að byggja brýr inn í landið. En það er ekki ástæða til þess að halda áfram með þetta, þegar þegnar þjóðfélagsins geta annazt það. (SÁÓ: Fyrir hærra verð). En það verður að gæta þess, að þjóðfélagið er ekki fjandmaður einstaklinganna, sem byggja það upp. Það er ekki skaði, þó að í því séu nokkur stór og sterk fyrirtæki og að það sé arður af þeim. En það er eins og að sumir líti svo á, að þjóðfélagið annarsvegar og einstaklingarnir hinsvegar séu keppinautar og fjandmenn hvað gagnvart öðru.

Um áfengisverzlunina er það að segja, að ég álít, að hún gæti nákvæmlega eins verið í einstaklingsrekstri, og ég get ekki séð neitt á móti því. Ríkið gæti sett þeim, sem selja áfengið, allar þær reglur, sem nú eru um áfengisverzlunina. Ríkið gæti tekið allar sínar tekjur af vininu í tollum. En það er svo mikið af hræsni og viðkvæmni í kringum þetta mál, að ég get trúað því, að enga stj. langi til þess að reka höfuðið inn í það geitungahreiður. Það er því alveg eins gott, að ríkið hafi þetta með höndum. En ég efast ekki um, að reksturinn gæti farið eins vel úr hendi hjá einstaklingum.

Þetta vildi ég hafa sagt út af hinum almennu hugleiðingum hv. þm. um það, að Sjálfstfl. vissi ekki, hvað hann vildi í þessu efni.

Hv. þm. N.-Ísf. *sýndi fram á*, að þetta fyrirkomulag gæti leitt til einkasölu eða sérleyfisréttar, eins og t. d. á mótorum. Það má búast við því, að ef landssmiðjan á að fara að annast smíði á mótorum, kannske við lélega samkeppni, þá fari hún að bægja öllum öðrum bátamótorum frá. Þá getur landssmiðjan blómgazt, en sjómenn og fiskimenn verða að borga meira fé fyrir vélarnar, og það kannske fyrir ófullkomnari vélar. En landssmiðjan getur blómgazt við þetta.

Hv. þm. fór að tilgreina, undir hvaða kringumstæðum Framsfl. væri með ríkisrekstri, og sagði, að hann væri með honum, ef hann teldi þörf á því, að eitthvað nýtt kæmist á. En það er ekki, því hann er með ríkisrekstri, þar sem engin þörf er á slíku og einstaklingarnir eru færir um að gera þetta eins vel. „Eða af öðrum ástæðum", bætti hann síðan við, og það rýmkar þetta mjög mikið. Hv. þm. talaði um, að það væri eðlilegt, að ríkið vildi vinna svona verk fyrir sjálft sig, rétt eins og t. d. einstaklingur, sem hefir eitthvert fyrirtæki og þenur það síðan út og vill taka ágóðann af fleira, eins og t. d. ef maður, sem gefur út stórblað og á stóra prentsmiðju, eignast svo skóg og býr sjálfur til pappírinn, og er þetta mjög eðlilegt, þegar einstaklingar eiga í hlut. En þetta horfir öðruvísi við fyrir ríkið. Ríkið getur ekki fetað í fótspor einstaklinganna, því að það hefir í sjálfu sér engan keppinaut. Einstaklingurinn skarar til sín því, sem hann fær í ágóða af öllum þessum aukagetum, en ríkið skarar engu til sín, nema frá sjálfu sér eða frá skattþegnunum. Það er sama eins og þegar talað er um, að ríkið græði á verzlun, en það er auðvitað ekkert annað en vitleysa. Það græðir ekki á öðrum en sínum eigin þegnum. Ríkið græðir ekki á verzlun nema að því leyti, að það getur kannske fengið betri innkaup. En þó að sagt sé t. d., að það græði 100 þús. kr., þá er það allt falsreikningur. Það er aðeins skattur, sem ríkið heimtar inn af sínum þegnum, og það græðir þetta því aðeins af sjálfu sér. Þetta er aðferð til þess að safna fé af einstaklingunum í sameiginlegan sjóð, og það er eins með þessa margskonar starfsemi ríkisins, þegar það á að gera sjálft við sín skip og byggja sjálft brýr. Þó það taki að sér að byggja brýr, prenta sjálft það, sem það þarf að prenta, o. s. frv., þá hrifsar það slík verkefni aðeins frá sjálfu sér, eða m. ö. o. frá skattþegnum þjóðfélagsins. Einstaklingarnir geta grætt á slíkri innbyrðis samkeppni, en ekki ríkið. Þetta liggur ekki alveg á yfirborðinu, en er ljóst þeim, sem lengra hugsa. Það, sem hér er um að ræða, er ríkisrekstur eða einstaklingsrekstur. Hvort er hentugra að ríkið hafi reksturinn í sínum höndum eða einstaklingarnir beri sjálfir áhættu og hagnað af honum? Um þetta stendur deilan, og annað ekki.

Það voru ákaflega einkennileg rök, sem um þetta komu fram í hv. Nd. og einnig hér hjá hv. 1. þm. Eyf., að með landssmiðjunni væri ekki stofnað til samkeppni við einstaklinga. En mér er óskiljanlegt, að fyrirtæki eins og þetta, sem stofnað er til þess að taka að sér margskonar vinnu, hefji ekki samkeppni við aðra, sem hliðstæð verk vinna, ekki sízt þegar það er tekið fram í frv., að landssmiðjan eigi að taka að sér verk fyrir einstaklinga, eftir því sem tök eru á. Og þar sem hún stendur að ýmsu leyti öðrum betur að vígi vegna ódýrara kapitals, lægri opinberra gjalda o. fl., er ekki við því að búast, að nokkur þoli samkeppni við hana.

Ég heyrði í hv. Nd. vitnað til þess, að þó ríkisprentsmiðjan hefði verið sett á stofn, þá héldu allar hinar prentsmiðjurnar áfram. Það er alveg rétt, en það þarf enginn mér að segja, að þar hafi verið jafngóð forretning eftir, þar sem þær hafa misst beztu viðskiptin. Eins fer svo um landssmiðjuna, að þangað missa hinar smiðjurnar ýms beztu viðskiptin, ríkið o. fl. Ég efast ekki um að meðan núv. forstjóri stjórnar landssmiðjunni, þá gangi hún vel, en það er mín skoðun, að ekki sé heppilegt að mergsjúga önnur fyrirtæki, sem búið er að leggja í fé bankanna. Svo eru aðeins fá orð til frsm. meiri hl., hv. 4. landsk. Hann talaði um, að það væri óeðlilegt, að ég skyldi vera á móti frv., en þó með því að landssmiðjan starfaði áfram. En ég hefi tekið það skýrt fram, að ég vil ekki láta ríkið reka slík fyrirtæki, nema undir alveg sérstökum kringumstæðum. Hitt er alveg fjarstæða, sem hv. þm. sagði, að hér væri ekki um neina breyt. á landssmiðjunni að ræða. Hér er alveg um svo gagngerða breyt. að ræða, að þó önnur stj. tæki við, sem gjarnan vildi leggja fyrirtækið niður, þá er mjög hæpið, að það væri hægt, vegna þess að enginn einstaklingur væri fær um að kaupa.

Þá flutti hv. frsm. alllangan kafla, sem oft áður hefir verið fluttur úr þeim herbúðum um,

að hin frjálsa samkeppni væri nú ekki lengur til nema sem forngripur. Það er rétt, að frjáls samkeppni hefir beðið mikinn hnekki á síðustu tímum, vegna þess að einstaklingar og firmu, sem hafa þurft að selja, hafa reynt að komast framhjá henni og eyðileggja hana. Það hefir þess vegna verið gert til þess að hjálpa atvinnurekendum gegn neytendunum. Það eru því hin mestu öfugmæli, þegar okkur formælendum frjálsrar samkeppni er borið á brýn, að við séum á leigu hjá atvinnurekendum. Ég er með frjálsri samkeppni vegna neytendanna, því hún er eina tryggingin, sem hægt er að fá fyrir því, að neytandinn fái góða vöru fyrir rétt verð, eða a. m. k. fyrir hæfilegt verð.

Þá nefndi hv. frsm. sem dæmi, hvernig smjörlíkisgerðirnar, olíufélögin o. fl. mynduðu samtök um verðlag. Þetta er alveg rétt, og það gæti verið ástæða til þess að setja l. gegn því til verndar neytendunum. Það hefir verið gert í Bandaríkjunum. Hvernig er það t. d. með prentsmiðjurnar? Sé gert útboð, koma þær sér allar saman um tilboðin, en skrifa svo undir hver í sínu lagi og skipta svo bara verkefnunum.

En þrátt fyrir þetta er hin frjálsa samkeppni langt frá því að vera forngripur. Við skulum athuga t. d. verðið á smjörlíkinu og hvernig það myndast. Sá, sem bezt hefir staðið sig í samkeppninni og getur framleitt fyrir lægst verð, dregur alla hina með sér, auk þess sem hann alltaf þarf að vera viðbúinn að mæta nýjum keppinaut, ef framleiðslan sýnist sérstaklega arðvænleg. Verðið verður því nokkurskonar samnefnari fyrir skoðanir manna og getu.

Við höfum um þetta ágætt dæmi frá bílstjóraverkfallinu, þar sem knúð var fram lækkun á olíuverðinu, sem ríkisstj. hafði reynzt ómáttug að gera. En ástæðan til þess, að hægt var að koma lækkuninni fram, var sú, að eitt olíufélagið skarst úr leik og lækkaði verðið. Og það er haft fyrir satt, að hin félögin muni neyðast til að koma á eftir og lækka verðið líka. Þannig heldur samkeppnin verðinu alltaf á neðstu mörkum. En þegar ríkið er orðið eini aðilinn, getur það einokað vöruna og farið með verðið upp úr öllu hófi, eins og t. d. á tóbakinu og víninu, þar sem það er orðið hrein fjarstæða. En þótt allt sé gert af ríki og atvinnurekendum til þess að lama hina frjálsu samkeppni, er hún þó áreiðanlega við lýði og gerir meira gagn en nokkuð annað til þess að halda verðinu niðri.

Ég veit ekki, hvort ég á að minnast á fyrirhugaða mótorgerð landssmiðjunnar, en það er þó eina lífsmarkið með frv., ef það gæti orðið til þess, að smiðjan smíðaði þá vöru, sem aðrir ekki geta. En ég hefi bara svo ákaflega mikla ótrú á því út frá mínu leikmannsviti. Ég hefi vitanlega enga sérþekkingu á þessum málum fremur en aðrir hv. þm., en ég fæ ekki séð, hvaða ástæða væri til þess, að lítil smiðja með lítla þekkingu og lítla framleiðslu ætti að geta framleitt eins góða og eins ódýra vöru og gamlar verksmiðjur úti í heimi með margfalda sölu. Það er alveg ómögulegt. Þó gæti skeð, að það borgaði sig að gera tilraun í þessa átt, ef ekki væri um annað eins lífsspursmál að ræða fyrir smábátaútveginn. Ef tilraunin misheppnaðist, er svo mikið í húfi, að mönnum er alls ekki leyfilegt að tefla í þá tvísýnu fyrir aðra eins smámuni og hundrað þús. kr. í erlendum gjaldeyri. — Þá er ég hræddur um, að aðeins yrði smíðuð ein gerð og menn sætu svo með hana lon og don, löngu eftir að komin væru ný og betri model frá öðrum verksmiðjum.

Það er rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. benti á, að ef illa gengur með reksturinn, þá mundi ríkisvaldið vafalaust hlaupa undir baggann og vernda framleiðsluna. Það hefir verið gert fyrir einstaklinga, og væri þá sízt óeðlilegra, þegar ríkið ætti sjálft í hlut. En það mundi þá helzt verða gert með tollum og öðrum verzlunarþvingunum. En þá væri verr farið en heima setið, þó sparaðar væru 100 þús. kr., ef ein milljón eða e. t. v. meira misstist við minnkaða sölu á fiski. Þá færi verzlunin að verða lítið hentug. Þá var því slegið fram, að það hefðu verið þeir Ólafur Thors og Björn Lindal, sem einkum hefðu staðið að stofnun síldareinkasölunnar, og að svo væri nú komið, þrátt fyrir hennar gjaldþrot, að útgerðarmenn væru farnir að biðja um einkasölu aftur. En ég vil minna á, að hér er gálauslega farið með orðið „einkasala". Það, sem þeir Ólafur Thors og Björn Lindal fóru fram á, var aðeins það, að ef ákveðinn meiri hl. af síldarsaltendum mynduðu með sér samtök um söluna, þá skyldu hinir vera neyddir til þess að vera með. Ég var þá mjög efablandinn, þó ekki sé hægt að líkja því saman, að útgerðarmenn sjálfir myndi með sér slíkan félagsskap eða að stofnað sé til pólitískrar einkasölu. Þó taldi ég vafasamt, að heppilegt væri að lögþvinga menn inn í félagsskapinn, og að því leyti álít ég betra fyrirkomulag hjá fisksölusamlaginu, að lofa þeim, sem vilja, að standa utan við. (IngP: Var það frjálst?). Já, nema rétt í byrjun. — Þá var verið að líkja tapi síldareinkasölunnar við tap fiskhringsins gamla. Þó sá samanburður sé mjög villandi, skal ég ekki fara langt út í að leiðrétta hann.

Gjaldþrot fiskhringsins stafaði af því, að hann borgaði of hátt verð fyrir fiskinn, en það fé rann allt til íslenzkra verkamanna, svo það er engin ástæða til þess að atyrða kaupendur fisksins fyrir það, jafnvel þó að það hafi ekki verið heppilegt fyrir þjóðfélagið. En peningarnir glötuðust ekki. En gjaldþrot síldareinkasölunnar var svo rækilegt, að þó sjómennirnir hefðu ekkert fengið fyrir síldina, þá var hún samt gjaldþrota, án þess nokkur hefði hag af. — Ég hefi nú talað lengur en ég ætlaði í upphafi. Ég mun ekki blanda mér í teoretísk atriði, en læt máli mínu lokið.

*Forsrh. (**Hermann Jónasson**): Það mál, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru ekki annað en það, hvort heldur eigi að lögfesta það fyrirkomulag, sem nú er á landssmiðjunni, eða hvort ríkisstj. eigi að hafa ótakmarkað vald án l. til þess að reka hana eins og henni þóknast.

Eftir frv., ef að l. verður, eru ríkisstj. sett takmörk um, hvernig smiðjan skuli rekin. Ég skil þess vegna ekki í hv. 1. þm. Reykv. og öðrum þeim, sem ekki ætlast til, að landssmiðjan sé lögð niður, að vera á móti því, að sett séu með l. ákvæði um, hvernig ríkisstj. lætur reka

fyrirtækið. Það ætti ekki að vera verra en láta ríkisstj. reka það alveg eftir eigin geðþótta. (**MJ**: Ég skal leggja prófstein á það við 3. umr.). Ég skal ekki fara mikið út í það, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um frjálsa samkeppni. En hann minntist á eitt atriði, sem var athyglisvert, að atvinnurekendurnir gerðu allt, sem í þeirra valdi stæði, til þess að lama hina frjálsu samkeppni. Í því sambandi nefndi hv. þm., að í Ameríku hefði orðið að setja stranga löggjöf til þess að fyrirbyggja vald hringanna (trustanna). En það var ekki ihaldið, sem kom þeirri löggjöf á, heldur ákveðnasti andstæðingur þess. (**MJ**: Heldur hæstv. forsrh., að það hafi verið Roosevelt?). Ég vildi benda hv. þdm. á, að sá, sem stofnaði landssmiðjuna, var Jón Þorláksson, og að hann gerði það vegna þess, að hann fann til þess, að þegar þurfti að láta vinna verk fyrir ríkið, gerðu vélsmiðjurnar samtök um að halda verkinu svo dýru, að hann fann, að ekki varð komizt hjá að stofna landssmiðju til þess að fyrirbyggja slíka misnotkun á aðstöðu. Landssmiðjan er þess vegna sett á stofn í alveg sama tilgangi og l. í Bandaríkjunum — til þess að fyrirbyggja, að atvinnurekendurnir komi í veg fyrir samkeppni um þau verk, sem ríkið þarf að láta vinna. Það væri fróðlegt að heyra frá hv. 1. þm. Reykv., hvað annað muni hafa komið Jóni Þorlákssyni til að stofna landssmiðjuna en samtök atvinnurekenda um að nota aðstöðu sína til þess að eyðileggja samkeppnina. Og það, sem við erum að gera með þessu frv., er ekki annað en halda fyrirtækinu áfram í sama anda og til þess var stofnað af fyrrv. flokksform. hv. 1. þm. Reykv. og annara andmælenda frv., og koma í veg fyrir, að haldið sé uppi verðlagi, sem ekki nær nokkurri átt á verkum, sem ríkið þarf að láta vinna. En hitt er vitanlegt, að það þarf að reka svona fyrirtæki með allri gætni, og ég verð að segja, að ég get tekið undir með hv. 1. þm. Reykv. um það, að ég hefi ekki mikla trú á, að um verulega mótorsmíði verði að ræða fyrst um sinn, en ég skal jafnframt játa, að ég hefi ekki mikinn kunnugleika á þeim málum. Þó tel ég fulla ástæðu til að halda áfram tilraunum í þá átt. Ef rakið væri upp og skýrt fyrir hv. þm., hvernig gekk með þau verk, sem ríkið þurfti að láta vinna, meðan landssmiðjan lá niðri, mundi vera hægt að sannfæra þá um, að hún er nauðsynleg til þess að vernda ríkið gegn okri vélsmiðjanna. Því það er mjög auðvelt fyrir 2—3 verkstæði að koma sér saman um tilboð í verk, sem ríkið býður út, upp á fleiri tugi þús. kr., svo að þau geti öll tekið á því stórfelldan gróða, þegar ekki er neitt annað hægt að fara og ríkið verður að taka tilboðinu, þó það sé 50% yfir sannvirði, eins og stundum mun hafa komið fyrir. Eins og ég sagði, þá vakti þetta fyrir þeim, sem stofnuðu landssmiðjuna, og eru enn sömu rök fyrir því að halda henni áfram.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

***Þorsteinn Briem**: Ég vildi gegna minni þingmannsskyldu, þegar þetta frv. var til 1. umr. og greiða atkv. um það, en ég sá mér ekki fært að greiða atkv. með því. Ég vil gera grein fyrir þeirri atkvgr. minni, með því að hún mun marka afstöðu tina til frv. áfram, nema því aðeins, að fleiri breyt. komi til.

Í fyrsta lagi er ég ekki sannfærður um, að þörf sé á slíkum lögum sem þessum; þessi svonefnda landssmiðja hefir starfað í allmörg ár án sérstakrar löggjafar, og virðist ekki hafa verið þörf á neinni knýjandi löggjöf hingað til, svo að ég fæ ekki séð, að nú sé sérstök þörf á löggjöf um þetta efni. Hæstv. forsrh. gat þess að vísu, að ef landssmiðjan væri rekin, eins og nú á sér stað, án sérstakrar löggjafar, þá væri landssmiðjunni ekki nein takmörk sett um það, hvernig hún eigi að starfa, og vildi hann gera mikið úr því, að það væri þörf á því að reisa einhverjar skorður við því, að landssmiðjan færi ekki út fyrir rétt takmörk, og þess vegna væri þörf nýrrar löggjafar, skildist mér. Ég veit ekki, hvort þess hefir orðið sérstaklega vart, að núv. hæstv. landsstj. hafi verið svo ákaflega hvimpin fyrir því, þótt hún fylgi ekki nákvæmlega lögum um ýms atriði, og skal ég að þessu sinni ekki fara lengra út í það. En mig undrar, hvað hæstv. ríkisstj. er orðin viðkvæm í þessum efnum. Ég geri þess vegna ekki mikið úr þessari ástæðu hæstv. ráðh., en hinsvegar get ég ímyndað mér, að á bak við þetta hafi legið aðrar ástæður en þær, sem hann nefndi, og frv. sjálft sýnir að vísu, að svo er; frv. mun vera borið fram til þess að fá nýja lánsheimild fyrir landssmiðjuna. Viðvíkjandi því atriði má fyrst benda á það, að landssmiðjan hefir stundum, eftir því sem ég bezt veit, tekið lán eða a. m. k. fengið vélar að láni, án þess að hlutaðeigandi ráðh. og jafnvel hlutaðeigandi landssmiðjustjórn hafi verið að spurð, og virðist þá ekki hafa verið sérstaklega næm tilfinning fyrir því, að það þyrfti nýja lánsheimild í lögum til þess að taka lán fyrir landssmiðjuna. Það hefir jafnvel komið fyrir, að þegar landssmiðjan hefir þannig án heimildar frá landssmiðjustjórn og líka án heimildar frá hlutaðeigandi ráðuneyti tekið slík lán, sem ég nefndi, þá hefir ríkisstj. neyðzt til, sökum þess að erlend firmu áttu í hlut, að greiða þessi lán, til þess að bjarga sóma landsins, og hefir náttúrlega skrifað það að nafninu til sem framlagt stofnfé til þessa fyrirtækis. Eftir að slíkt hefir komið fyrir og auk þess jafnvel allbagalegir árekstrar, þá mun stjórn verksmiðjunnar hafa tekið rögg á sig til þess að reyna að bæta ýmislegt í rekstri smiðjunnar og kippa ýmsu í lag, sem aflaga hafði farið, svo að ég get ímyndað mér, að útkoman í þessu efni hafi farið eitthvað batnandi síðustu tíma. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. stj., hvort landssmiðjan hefir nú getað greitt vexti eða afborganir af þeim framlögum, sem henni hafa verið veitt. Það er nauðsynlegt að fá að vita það áður en ný lánsheimild verður lögleidd. Ég get ímyndað mér, að bak við þetta frv. liggi auk þeirrar ástæðu, sem ég hefi nefnt, einnig sú ástæða, að æskilegt þyki, að viss fyrirtæki, sem njóta einhvers stuðnings frá ríkinu, séu skyldug til þess að láta þessa verksmiðju vinna þau verk fyrir sig, sem þörf er á að láta vinna af slíku tægi.

Þetta getur út af fyrir sig haft nokkuð til síns máls, og ég tel rétt, að þau fyrirtæki, sem eru hálfopinber, skipti við landssmiðjuna að öðru jöfnu, þegar báðum aðiljum er það hagkvæmt, en ég legg áherzlu á það, að þess sé gætt í hvert sinn, að þetta sé báðum aðiljum hagkvæmt. Ég tel það t. d. ekki hagkvæmt fyrir landssmiðjuna sjálfa að taka að sér verk, sem hún getur ekki haft verulegan hag af, og ég tel það ekki hagkvæmt fyrir eitthvert hálfopinbert fyrirtæki að skipta við landssmiðjuna, ef svo stendur á, að það getur fengið verkið unnið fyrir lægra verð annarsstaðar. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, var í upphafi ekkert ákvæði um það, hvernig það skyldi sannprófað, hvort fyrirtæki þau, sem njóta að einhverju leyti opinbers stuðnings, geta fengið verk unnið fyrir lægra verð annarsstaðar en hjá landssmiðjunni, en í hv. Nd. var sett inn í frv. ákvæði, sem að vísu horfir í rétta átt, en er þó ekki nægilega ákveðið. Í 2. gr. stendur, að ráðh. geti látið sanna með útboði, hvort vinnubrögð og verðlag sé jafnhagstætt hjá landssmiðjunni eins og annarsstaðar. Ég tel því, að í þessu efni þyrfti að vera ákvæði í þá átt, að aðilja væri jafnan heimilt að láta sanna með útboði, að svo væri. Ég býst við, að það hafi verið þetta tvennt, sem hafi vakað fyrir þeim aðiljum, sem að þessu frv. standa. Það hefir og að sjálfsögðu vakað fyrir sumum þeirra, a. m. k. öðrum stjórnarflokknum, að stefna með þessu frv. meira í áttina til ríkisrekstrar heldur en verið hefir, og skal ég ögn víkja að því atriði. Það hefir nú á síðustu árum verið allmikið um það, að einstaka menn og félög hafa tekið sig fram um að byrja á ýmiskonar nýjum iðnaði hér innanlands. Og mundi það koma í ljós við athugun, að þessi iðnaður er meiri en margan grunar. En þessi vísir til vaxandi iðnaðar hefir, eins og nú er ástatt, reidda öxi yfir höfði sér. Og er það sú óvissa, sem yfir slíkum iðnaðarfyrirtækjum sífellt vofir, að ríkið komi fram sem keppinautur til að byrja með, og þegar ríkinu ekki tekst að halda velli með frjálsri samkeppni, þá eru sett lagafyrirmæli, sem veikja einstaklinginn svo, að hann verður undir í samkeppninni. Það getur orðið ríkissjóði erfitt að bæta það upp með opinberum framkvæmdum, sem atvinnulíf þjóðarinnar getur tapað á, að einstaklingsframtakið sé þannig heft og lamað. Og ég sé ekki, hvernig ríkissjóður hefir ráð á því að festa svo mikið fjármagn í atvinnufyrirtækjum, sem þyrfti til þess að bæta þann atvinnumissi, sem orsakast af þessu brölti ríkisins. Nú er einnig á það að líta, að um leið og stofnað hefir verið til ýmiskonar innlends iðnaðar, þá hafa verið keyptar oft og tíðum dýrar vélar og byggðar dýrar byggingar undir atvinnurekstrinn. Ef ríkið ætlar svo að stofna til samkeppni við þessi fyrirtæki, þá verður það að kaupa enn nýjar vélar og reisa ný hús, en það táknar, að með þessu móti er stofnað til tvöfalds kostnaðar við innkaup á vélum og tvöfalds byggingarkostnaðar. Ég hygg, að gjaldeyrismálum okkar sé þann veg komið, að ekki sé heppilegt, að ríkið geri mikið að slíku. Auk þess má gera ráð fyrir því, jafnvel þó allt gangi skaplega, að nokkur áhætta fylgi slíkum ríkisrekstri. Og það því fremur, sem þess má ekki vænta, að ráðh. þeir, sem með slík mál fara, sem jafnframt eru æðstu stjórnendur fyrirtækjanna, geti verið neinir sérfræðingar á því sviði. Þeir verða þar að sjá með annara augum. Þeir verða að hafa sína trúnaðarmenn og treysta þeim, og þeir geta sannarlega verið misjafnir. A. m. k. er hér alltaf meiri hætta á mistökum, jafnvel þó mennirnir séu allir að vilja gerðir, heldur en þegar kunnáttumenn taka sér slíkan rekstur fyrir hendur og reka sjálfir á eigin ábyrgð. Ég tala nú ekki um, ef það gæti skeð, sem ekki er nú útilokað í slíku landi sem Íslandi, að það kæmist pólitík inn í rekstur slíks fyrirtækis. Og við skulum hugsa okkur það t. d., að 2 flokkar stæðu að stjórn að einhverju leyti og annar flokkurinn hefði haft aðstöðu til að láta sína menn hafa forstjórn, en svo liti hinn flokkurinn svo á, að sér hefði verið fráskákað, og hann yrði óánægður og út af því risi hættuleg stjórnar-„krísa“. Það yrði náttúrlega að leysa „krísuna“ þannig, að báðir flokkarnir yrðu að hafa forstjórn. Og svo yrðu svo og svo margir menn að fá atvinnu og eftirlit eða sæti í stjórn og annað því um líkt. Og þá gætu orðið 2 tígulkongar í því spili. Það hefir verið um það hvíslað, að það hafi skotið upp 2 tígulkongum í vissi fyrirtæki, sem ríkið hefir með að gera. (**Forsrh.**: Er það í búnaðarfélaginu?). Ég á ekki við, þar sem 2 menn skipta með sér störfum líkt og ráðh. í stjórnarráðinu og búnaðarfélaginu, en ég býst við, að ráðh. geti litið miklu nær sér, ef hann vill finna dæmi. Þannig gæti ég hugsað mér, að fyrirtæki eins og landssmiðjan gæti orðið skuldbundin um allmiklu meira fólkshald heldur en þröf krefur. Það leiðir náttúrlega af sjálfu sér með slíkt fyrirtæki eins og landssmiðjuna, að það fer mikið eftir fjörinu í atvinnulífi þjóðarinnar, hvað mikið þar er að gera. Og þá má vel hugsa sér, að þegar bólga er í atvinnulífinu, þá séu þar ráðnir margir menn og teknir margir nemar, sem talið er þörf fyrir kannske á þeim tíma, þegar framkvæmdirnar eru á háöldutoppnum, en verður lítil þörf fyrir, þegar afturkippur kemur í atvinnulífið. Ég hygg, að það hafi komið fyrir jafnvel um landssmiðjuna, að hún hafi verið bundin miklu fleiri nemum heldur en ástæða hefir þótt til. Og svo er náttúrlega freistingin með hana eins og önnur fyrirtæki, sem ekki er nema eðlileg freisting, að þegar fyrirtæki eru búin að binda sér marga starfsmenn, nemendur og aðra, að verksmiðjan taki þá að sér að vinna verk fyrir lægra verð heldur en fyrirtækið getur staðið sig við. Og ég hygg, að reynslan hafi sýnt stj. landssmiðjunnar, að það er ekki varlegt fyrir landssmiðjuna að hafa fleiri verkefni með höndum heldur en þörf er á fyrir ríkið á hverjum tíma. Og ég hygg, að stj. landssmiðjunnar hafi talið það vafasamt, hvort ríkið ætti undantekningarlaust að láta landssmiðjuna vinna verk, sem aðrir geta unnið fyrir lægra verð og með jafngóðu afkasti og landssmiðjan. — Hv. 4. landsk. talaði um það, að með þessu frv. væri stigið stórt spor í þá átt að greiða fyrir íslenzkum hugvitsmönnum. Það er að vísu mjög lofsvert. En jafnvel um það atriði er nú ekki búið svo í frv. eins og æskilegt hefði verið. Um það

segir í 2. málsl. 2. gr. frv.: „Landssmiðjunni er heimilt að verja árlega af ágóða sínum nokkrum hluta, er ríkisstjórnin ákveður, til þess að vinna að smíðum, er íslenzkir hugvitsmenn hafa gert uppdrætti að. Þó skal jafnan leitað umsagnar kunnáttumanna, er ríkisstjórnin tilnefnir, um væntanlega nytsemi nýsmíðinnar, áður en hún er ákveðin.“ Ég hygg, að hér væri miklu betur um búið, að það væri ekki ríkisstjórnin, sem tilnefndi þessa kunnáttumenn, heldur væru það þeir aðiljar, sem hefðu bezta aðstöðu til þess á hverjum tíma að geta tilnefnt menn til þess að annast slíkt. Ég skal nefna aðilja eins og Verkfræðingafélag Íslands eða Landssamband iðnaðarmanna. Viðvíkjandi smíði nýrra véla þá finnst mér, þó ég beri ekki skyn á slíkt, að það muni ekki vera algerlega eins auðvelt eins og að borða matinn sinn. Það þurfa að fara fram allmargháttaðar tilraunir, áður en slíkt kemur að notum. Og það er mér kunnugt, að fiskibátaeigendur eru mjög tortryggnir á að kaupa nýjar tegundir af vélum (**SÁÓ**: Einmitt það!), nema það sé komin reynsla af þeim annarsstaðar. Enda er mér kunnugt um, að menn hafa orðið fyrir mjög þungum skakkaföllum af því að taka vélar, sem eru algerlega óreyndar annarsstaðar. Það er ekki litið í húfi, ef bátur fær þannig lélega vél, en náttúrlega er hér um svo miklsvert mál að ræða, að það er síður en svo, að ég vilji bregða fæti fyrir, að gerðar séu þær tilraunir, sem fært þykir í þessu efni, og íslenzkir hugvitsmenn örvaðir til að vinna í þessa átt. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að ríkisstj. hafi ein yfirstjórn landssmiðjunnar með höndum, heldur er gert ráð fyrir, að það sé ráð, sem eigi að inna af hendi eftirlit með þessu fyrirtæki, samkvæmt l. frá síðasta þingi. Ég veit nú ekki, hversu mikið á að leggja upp úr slíku eftirliti. Ég veit ekki betur en að í því ráði, sem ætlað er þetta eftirlit, eigi nú sæti einn fyrrv. verzlunarmaður og núv. blaðamaður, einn fyrrv. læknir og svo einn fyrrv. eða núv. bílstjóri. Ég veit ekki til, að neinn þessara manna hafi sérþekkingu á því efni, sem hér er um að ræða, og ég get þess vegna ekki talið svo ákaflega mikla tryggingu í eftirliti þessa ráðs. Og því síður, sem þetta ráð á, auk þess að hafa eftirlit með landssmiðjunni, að hafa eftirlit með vegamálunum og vitamálunum. Ég hygg nú, að þetta ráð, eins og það er skipað, hafi algerlega nóg á sinni könnu, þó ekki sé á það bætt. Ég get ekki, án þess að vilja nokkuð þessa menn dæma, borið það traust til þeirra, að þeir muni leysa allan þann vanda, sem á þeim kemur til með að hvíla.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)__: Hv. 10. landsk. spurðist fyrir um það, hvort landssmiðjan hefði nokkurntíma greitt vexti af því fé, sem ríkissjóður hefði lánað henni. Ég get svarað hv. 10. landsk. því, að landssmiðjan hefir greitt vexti frá byrjun af því fé, sem ríkissjóður hefir lánað henni. Ég skal ekki fullyrða, hvort það hefir fallið niður eitt ár, og þá sennilega 1932, en þá hafa þeir vextir verið greiddir næsta ár á eftir. Ég held það hafi ekki verið fleira, sem ástæða var til að gefa upplýsingar um út af ræðu hv. 10. landsk. En í sambandi við þetta frv. verð ég að segja það, að mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna svo mikið kapp er lagt á að reyna að hindra framgang þessa máls. Landssmiðjan er nú til, og ég hefi ekki heyrt neinar raddir um það, að ástæða væri til að leggja hana niður. Hinsvegar starfar þetta fyrirtæki nú ekki eftir neinum settum reglum, en það ætti tvímælalaust að vera vinningur. Og það ættu menn að sjá, hverrar skoðunar sem menn annars eru í pólitík. Mér finnst þetta svo eðlilegt og sjálfsagt, að ríkissjóður hafi sína eigin smiðju til þess að vinna fyrir þær stofnanir og fyrirtæki, sem hann hefir með höndum, og einmitt mikið af því smíði, sem einungis slík smiðja getur af hendi leyst. Og með þessu má jafna vinnu þeirra, sem hafa atvinnu hjá ríkissjóði, en aðeins stopula, því að sumu leyti fer ekki saman aðalvinnutími smiðjunnar og ýmis önnur starfsemi, sem ríkissjóður hefir með höndum, enda er samkv. þessu frv. ætlazt til, að meginstarf smiðjunnar verði að vinna fyrir ríkisfyrirtæki beint og óbeint, þau sem ríkið á eða njóta styrks af opinberu fé. Hitt er ljóst, að örðugt yrði að haga starfseminni þannig, að sem minnstar sveiflur yrðu um mannahald, ef bannað væri smiðjunni að taka að sér önnur verk; því er gert ráð fyrir, að hún taki af einstaklingum og félögum þau verk, sem hún getur unnið og býðst til að vinna fyrir ekki lakari kjör en annarsstaðar eru fáanleg, og segir sig sjálft, að því aðeins koma þessi verk til smiðjunnar, að kjörin séu ekki lakari en annarsstaðar. Fæ ég ekki séð, að neinn geti haft á móti því.

Í þessu frv. er einmitt ætlazt til, að landssmiðjan greiði tekjuskatt til ríkis og bæjarsjóði hliðstætt gjald við það, sem önnur ríkisfyrirtæki greiða. Ég skal játa, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að nokkurt fé sé lagt til smiðjunnar, en ekki er bundið, hvernig það skuli gert. Það fer eftir ýmsum aðstæðum. En það segir sig sjálft, úr því að ríkissjóður á fyrirtækið og rekur það, að það verður að vera svo úr garði gert, að það sé á allan hátt samkeppnisfært við önnur fyrirtæki hliðstæð. Það væri heimska að ætla ríkinu að smíða í sinni eigin smiðju og gera hana þannig úr garði, að verkið verði verr af hendi leyst og dýrara en annarsstaðar.

Í þessu sambandi vil ég drepa á það, að smiðjan hugsi sér að taka upp mótorasmíði. Um þetta hefir engu verið slegið föstu, og er eftir að rannsaka þetta mál mikið. En ég vil ekki segja fyrirfram, að slíkt sé útilokað. Ég get hugsað mér, að samningar næðust milli landssmiðjunnar og járnsmiðja erlendis um það, að sumt af smíði mótora geti orðið leyst af hendi hér heima. Aðalagnúinn er sá, eins og hv. andmælendur segja, að hér eru notaðar margar tegundir mótora og mismunandi stórar. En það er ekki sagt, að það sé heppilegt að nota önnur eins kynstur mismunandi mótora eins og nú er gert. Hygg ég, að flestum þætti fengur að, ef hægt væri að fækka þeim og ganga úr skugga um, hverjir væru heppilegastir. Hinsvegar verður ekki hjá því komizt, að þeir séu mismundi stórir eftir stærð skipanna. En að sumu leyti kostar það ekki — eftir því, sem ég heyri sagt, — ákaflega

mikla breyt. á smiðjunni, vegna þess að sumir mótorar er mér sagt að séu þannig samsettir — ég er hér að tala um það, sem ég hefi ekki vel vit á sjálfur —, að það megi auka við þá hestöflum, tvöföldum, ferföldum o. s. frv. En þetta mál er yfirleitt á undirbúnings- og rannsóknarstigi, og ég fullyrði ekki neitt, en tel ekki rétt að fordæma þessa hugmynd nú þegar.

Um rekstrarráðið hygg ég, að það sé skipað þeim mönnum, sem eru fullkomlega starfi sínu vaxnir. Um Halldór Steinsson veit ég ekki betur en hann hafi um langan aldur átt sæti á þingi og hafi fengið orð á sig fyrir að vera gætinn og glöggur í öllu, er að fjármálum lýtur. Það var talað um, að einn væri bílstjóri. Ég sé ekki, að hann sé óhæfari í þessu starfi, þó að hann þekki vel mótora þá, sem notaðir eru í bíla o. s. frv. Einn er fyrrv. verzlunarmaður, núv. blaðamaður, sagði hv. þm. Ég álít það mjög heppilegt, að maður, sem hefir verzlunarþekkingu, sé með. Þá var sagt, að enginn væri sérfræðingur í byggingu véla og járnsmíði, en í smiðjunni sjálfri er þó slíkri sérfræði til að dreifa alveg nægilega.

Ég held það séu ekki fleiri atriði, sem ástæða er til að taka fram. Ég hefi upplýst það, sem hv. þm. spurði um. Ég vænti, að hv. deild fallist á að setja l. um þetta efni og afgr. þau sem allra fyrst.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Sumt af því, *sem ég vildi minnast á, hefir hæstv. atvmrh.* þegar sagt. En ég vildi benda hv. 10. landsk. á það, að hann hefir ekki fært fram nein rök fyrir því, að þótt þetta frv. verði samþ., verði veruleg breyt. á landssmiðju frá því, sem var, eða a. m. k. frá því, sem getur verið, ef engin l. eru sett. Hann viðurkenndi það, að ríkisstj. gæti, ef engin l. eru sett um landssmiðjuna, hagað rekstri hennar svo að segja eftir geðþótta. En þau rök, sem hann færði fram í þessu efni, voru þau, að ríkisstj. hefði ekki farið eftir lögum, og hún gæti alveg eins brotið lög viðvíkjandi rekstri verksmiðjunnar eins og önnur lög! En hvað sem þessu skrafi líður, þá verður ekki komizt í kringum það, að rétt sé að setja lög, sem setji takmörk og reglur um rekstur þessa fyrirtækis, eins og annara fyrirtækja. Og þeir, sem eru á móti því að samþ. þessi l., hljóta að vera á móti því að reka þessa vélsmiðju. Þetta er það, sem allir verða að gera upp við sig. Andúð gegn því, að smiðjan væri yfirleitt rekin, kom líka fram hjá hv. 1. þm. Reykv. og 10. landsk. Vil ég þá minna hv. 10. landsk. á, að hann var einu sinni yfirmaður þessa fyrirtækis og átti þá sjálfur tök á því að leggja það niður. *En hann lét þetta fyrirtæki halda áfram* þau tvö ár, sem hann sat á ráðherrastóli. Það skýtur þess vegna nokkuð skökku við, þegar **þessi** hv. þm. er nú að færa fram rök fyrir því, að fyrirtæki þetta sé í raun og veru óþarft, gamla fyrirtækið, sem hann hreyfði ekki við sjálfur í sinni valdatíð, því að ekki er um að ræða að stofna nýtt fyrirtæki. Og ég vil spyrja þá, sem eru andvígir þessu máli, einnar spurningar: Hvernig á ríkisstj. að fara að, þegar tvær vélsmiðjur í bænum er reknar af einstaklingum og bjóða í eina brú 25 þús. kr., sem að réttu lagi kostar 15 þús. kr. að byggja? Þegar slíkir atvinnurekendur taka sig saman um að taka þannig af ríkinu 10 þús. kr. fyrir ekki neitt, hvað á ríkisstj. að gera í slíkum tilfellum og hliðstæðum? Það voru þessi miskunnarlausu samtök atvinnurekendanna, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um, sem komu því til leiðar, að landssmiðjan var byggð. Og það eru þau, sem koma því til leiðar, að það er nauðsynlegt að halda henni áfram, því að ríkisstj. stendur annars uppi *í algerum* vandræðum gegn ásælni einstaklingsfyrirtækjanna. Það þarf ekki að rekja þá sögu lengur. Manni dettur strax í hug eitt fyrirtæki í bænum, sem gaf ár eftir ár 50% ágóða af sínum hlutabréfum, og vissu allir, að mestur gróðinn var af að byggja fyrir ríkið fyrir okurverð. Og *allir vissu*, að það *fyrirtæki gat með naumindum* starfað, eftir að landssmiðjan tók til starfa og það hætti að græða af byggingu fyrir ríkið. Og það er þetta og þvílíkt, sem er verið að reyna að fyrirbyggja með landssmiðjunni.

***Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Mér þótti hæstv. *forsrh. snarast nokkuð fljótt út*, þegar hann var búinn með ræðu sína. Ég hafði hugsað mér að svara með fáeinum orðum því, sem hann sagði, sérstaklega í gær, því að hann beindi litlu til mín nú.

Hann sagði, að andstaðan gegn þessu frv. væri sér óskiljanleg, vegna þess að með þessum l. er ekki gerð önnur breyt. en að takmarka vald stj. og það hlyti stjórnarandstæðingum þó a. m. k. að þykja aðgengilegra heldur en ef ríkisstj. þyrfti ekki að fara eftir neinum lögum. Ég sé sannast að segja ekki, hvernig valdi ríkisstj. eru takmörk sett með þessum l. Það er bersýnilegt, að hvar sem um það er að ræða í l. að binda hendur ríkisstj. um það, að hún ekki misbeiti þessari stofnun til þess að skapa óeðlilegan gróða og til þess að riða niður samkeppni, þá eru veittar óteljandi smugur. Það hefði t. d. mátt segja, að það væri að *binda* hendur stj., ef staðið hefði í 2. gr., eins og ég held, að brtt. hafi komið um í Nd., að jafnan skyldi prófa með útboði, hvort tilboð landssmiðjunnar væri raunverulega það hentugasta, sem hægt er að komast að. Náttúrlega fékkst þessi brtt. ekki samþ., heldur stendur í 2. gr., að ráðh. *geti* látið sanna með útboði, að *tilboð landssmiðjunnar* sé aðgengilegt. Þetta eru nú engar smáræðis hömlur! Ríkisstj. getur sem sagt látið landssmiðjuna fá eitthvert verk, hvernig svo sem hún býður, og þó að hún bjóði líkt og það fyrirtæki, sem hæstv. ráðh. var að dylgja um, að tekið hafi óeðlilegan gróða. Ég sé ekki, að hendur ríkisstj. séu í raun *og veru á neinn hátt bundnar*. Ef til vill má segja, að votti fyrir einhverri takmörkun, þar sem um getur í 15. gr., að forstjóri landssmiðjunnar skuli vera maður vel að sér um vélfræði og smíði. En ef ríkisstj. er ein að dæma um það, þá býst ég við, að fara muni líkt og í mörgum embættaveitingum þessarar hæstv. stj., að hún bara segi: „Þessi maður er vel að sér og þar við situr.“ Ég hefi hvað eftir annað hváð eftir svörum um það, hvers vegna útvarpsstjórinn okkar væri svo sérstaklega fær um að

stjórna því fyrirtæki. Ég hefi aldrei fengið önnur svör en þau, að hann væri „ágætlega fær“ um það, en ekki hefir verið hægt að benda á neitt starf, sem hann geti unnið frekar en aðrir. Alveg eins má búast við um forstjóra fyrir þessu fyrirtæki, að það þyki mestu varða, að hann sé gæðingur stj., og segðu menn svo blákalt: „Hann er óskaplega vel fær“. Mér skildist líka á hæstv. ráðh., að maður, sem var kaupsýslumaður og síðar blaðamaður, hafi þess vegna alveg sérstaka „kvalifikation“ til að stjórna þessu fyrirtæki.

Samkv. þessu frv. er stj. bundin við að starfrækja landssmiðjuna, meðan þessi l. eru í gildi, hversu óhentugt sem það kynni að reynast. Það er líka skylt að leggja í ýmiskonar kostnað í fyrirtækinu, t. d. ef ríkisstj. dettur í hug að láta gera tilraunir um uppfinningar einhverra „snillinga“ í stjórnarherbúðunum, þá er landssmiðjan skyld til að smíða, svo framarlega sem ríkisstj. getur fengið meðmæli einhverra svokallaðra kunnáttumanna, sem ríkisstj. náttúrlega sjálf útnefnir.

Nei, það er þess vegna náttúrlega hreinn hégómi að tala um nein bönd á ríkisstj. í sambandi við þetta frv. Ekkert bindur það, að þeir, sem skipta skulu við landssmiðjuna, fái hin hentugustu kjör.

Hér segir, að það eigi að leggja til hliðar til endurgreiðslu á láni, sem landssmiðjunni er veitt. Það er byrjað með þessum orðum: „Nú verður ágóði af landssmiðjunni“. Það má skapa þennan ágóða á pappírnum, en það hefir sýnt sig, að þessu fyrirtæki hefir veitt erfitt að ná í raunverulegan ágóða. Það var halli 1933, eins og LR sýnir, lítilsháttar gróði 1932, þ. e. a. s. 6 þúsund og eitthvað, skapað með óeðlilegu móti. Þeir, sem höfðu eftirlit með rekstrinum, áttu að afskrifa meira af skuldum en gert var 1934; í þeim reikningi, sem ekki er enn birtur, er nokkur gróði, mig minnir um 30 þús. kr.

En eftir þessum l. hefir ríkisstj. óteljandi ráð til þess að láta þetta fyrirtæki bera sig á pappírnum. Og það er sú langhættulegasta aðstaða, sem hægt er að skapa opinberu fyrirtæki, að gefa því óeðlilega aðstöðu til að græða á yfirborðinu með því að taka peninga frá ríkissjóði í viðskiptum við fyrirtæki, sem eru lögþvinguð til að skipta við það.

Annars var ræða hæstv. ráðh. með svo miklum skekkjum og svo undarlegum barnaskap, að ótrúlegt var, t. d. út af því, sem ég sagði um hina frjálsu samkeppni og hvernig hún hefði takmarkazt yfirleitt, að atvinnurekendur hefðu yfirleitt í ýmsum löndum og líka hjá okkur reynt að takmarka hana. Þetta er vitanlegt, því að hin frjálsa samkeppni er fyrst og fremst til hagnaðar þeim, sem skipta við fyrirtækið, en ekki fyrir atvinnurekendur sjálfa. En þó tók út yfir, þegar hann var að vitna í það, að sum ríki, t. d. Bandaríkin, hefðu átt í stórkostlegri baráttu við auðvaldshringana, sem vildu gera samkeppnina að hégóma. Hann sagði, að núverandi Bandaríkjaforseti hefði staðið gegn íhaldinu öndverður í þeirri baráttu. En sannleikurinn er sá, að þessi „antitrust“-lög eru frá öldinni sem leið. Og sá, sem hóf bardagann við auðfélögin og kom þessum „antitrust“-lögum í kring og lagði líf sitt í hættu, var hinn voðalegi íhaldsmaður Theodor Roosevelt — því að mér skildist hann telja replublikana íhaldsmenn. Hann lagði sína krafta í þessa baráttu og líf sitt í hættu oft og einatt. Ráðh. hefir villzt á Rooseveltunum, en hér er um tvo menn að ræða með mjög ólíkum skoðunum. Hitt er annað mál, að núv. Roosevelt hefir einnig barizt á móti auðvaldshringum og slíku, en hinar nýju ráðstafanir hins nýja Roosevelts, sem hefir fengið nokkurskonar einræðisvald í Bandaríkjunum, eru miklu flóknari en svo, að við ræðum þær hér.

Nei, það er vitaskuld mikil tilhneiging í þá átt hjá atvinnurekendum og kaupsýslumönnum að draga úr þeirri samkeppni, sem neyðir þá á neðstu takmörk með verð, en á efstu takmörk með gæði. Þeir vilja gjarnan geta hirt eitthvað meiri ágóða, og þess vegna gera þeir samtök. En úr þessu á að bæta með því að setja upp lögverndað fyrirtæki við hliðina. Og það á að gera meira en þetta. Þetta fyrirtæki getur haft alla samkeppni gersamlega að engu. Það getur eyðilagt algerlega kosti hinnar frjálsu samkeppni með því að láta öll útboð undir höfuð leggjast. Ég verð að segja, að ég skil ekki röksemdafærslu þeirra, sem mæla með þessu frv. En það er sú blinda löngun til ríkisrekstrar, sem hefir komið mönnum til að skapa sér hin fávíslegustu falsrök.

Þá hafði ég ákaflega gaman að heyra hæstv. forsrh. segja, sérstaklega í gær, að Jón Þorláksson hefði komið landssmiðjunni á fót einmitt til þess að brjóta svona hringmyndanir meðal þeirra, sem höfðu starfrækt hinar stóru járn- og stálsmiðjur um þær mundir. Ég var nú ekki í Reykjavík um þær mundir, en ég held þetta hafi gerzt stuttu eftir aldamótin, þegar Jón Þorláksson var landsverkfræðingur. (SÁÓ: 1910). Ég efast um, að nokkur stór smiðja hafi verið þá hér, hygg það hafi verið venjulegar eldsmiðjur, og þó heldur hæstv. forsrh., að verið hafi hér einhver voðalegur vélsmiðjuhringur, sem Jón hafi þurft að brjóta á bak aftur. Þetta er svo einstakur barnaskapur, að ég er alveg hissa, að nokkur þm. sleppi slíku út úr sér og endurtaki dag eftir dag. Jón Þorláksson setti upp smiðjuna af því, að enginn gat tekið að sér að smíða þær brýr, sem hann vildi fá smíðaðar hér á landi. En eftir að einstaklingar settu hér upp vélsmiðjur, veit ég ekki til, að Jón Þorláksson fengi neina tilhneigingu til þess að drepa þessi fyrirtæki með landssmiðjunni.

Hæstv. forsrh. brýndi hv. 10. landsk. á, að hann hefði ekki lagt niður landssmiðjuna, þegar hann var ráðh., frekar en Jón Þorláksson. Ég veit ekki til, að hann þyrfti að leggja niður landssmiðjuna, því að hún var ekki starfandi þegar hann var við völd. Ég hygg, að lagt hafi verið að honum af vinum hans og kunningjum um að setja þetta fyrirtæki upp, en hann vildi ekki, því að hann taldi óheilbrigt að setja upp landsfyrirtæki, þegar einstaklingar í landinu gátu leyst viðkomandi verk vel af hendi. Og hann hafði enga tilhneigingu til þess að ríða þessi fyrirtæki niður. Ég býst því varla við,

að hæstv. ráðh. þurfi að brýna neinn á því. Annars þykir mér leiðinlegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera hér inni til þess að hlusta á þessa leiðréttingu, svo að hann fari ekki að endurtaka það enn á ný, að Jón Þorláksson hafi sett á stofn landssmiðjuna til þess að kveða niður einhvern samkeppnishring. Allt slíkt hjal er hin mesta fjarstæða, þar sem engin vélsmiðja var þá til í þessu landi.

Langsterkasta röksemdin, sem hann kom með, sú röksemd, sem hann æstist svo yfir, að hann rauk á dyr, þegar hann hafði hvæst henni fram úr sér, var sú, að vélsmiðjurnar gætu myndað *með sér hring gagnvart ríkinu, ef t. d. boðið* væri út smíði brúar, sem kostaði raunverulega 15 þús., en hún fengist ekki smíðuð fyrir minna en 25 þús., af því að smiðjurnar hefðu komið sér saman um að bjóða ekki lægra í byggingu hennar. Hæstv. ráðh. spurði, hvað ríkið ætti að gera í slíku tilfelli. Hæstv. ráðh. til hugarhægðar verð ég að segja honum, að ég held, að það sé óþarfi fyrir hann að óttast nokkuð slíkt. Það myndi varla koma fyrir, að slík samtök yrðu mynduð gegn ríkinu frekar en t. d., að allir embættismenn landsins fari að mynda með sér samtök og segja, að þeir taki ekki við embættum, nema fyrir hærri laun en ríkið býður. Nei, það eru alltaf nógu margir til þess að bjóðast til að taka að sér verk, sem sómasamlega er greitt fyrir. Annars virðist mér, eins og nú er komið háttum hjá okkur, að það væri ekki neinn voði fyrir þjóðfélagið, þó að eitthvert einkafyrirtæki græddi eitthvað lítilsháttar, því að það er nú búið að búa svo um hnútana, að allur obbinn af gróða einstaklinganna fer annaðhvort til ríkissjóðsins eða sveitarfélaganna í gjöldum og hverskonar álögum. En kæmi það hinsvegar fyrir, að stj. teldi, að einkafyrirtækin færu að gera samtök sín á milli, eins og hæstv. ráðh. benti á, að komið gæti fyrir, þá væri innan *handar fyrir hana að fá vinnuna fram*kvæmda erlendis fyrir rýmilegra verð, eða þá að öðrum kosti að hrófla upp landssmiðju, eins og Jón sál. Þorláksson gerði. Auk þessa gæti stj. haft ótal önnur ráð til þess að fá hin innlendu fyrirtæki til þess að vinna fyrir sanngjarnt verð. Annars get ég sagt hv. þdm. það, að ég hefi fengið upplýsingar um, að smíði hefir verið framkvæmd hér í hinum innlendu vélsmiðjum, sem teiknuð hefir verið erlendis og boðin út þar, fyrir nær alveg sama verð og hið erlenda tilboð var.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri enginn, sem andmælti því, að landssmiðjan væri starfrækt, en þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., því að ég segi t. d. í nál. mínu, að ég sé á móti frv., af því fyrst og fremst, að ég væri á móti því, að smiðjan væri starfrækt. Að ég ekki flyt brtt. í samræmi við þá skoðun mína, er sökum þess, að ég vil ekki tefja þingið með því. Þá sagði þessi hæstv. ráðh., að það væri sjálfsagt fyrir ríkið að hafa smiðju til þess að láta vinna þau verk, sem það þyrfti að láta framkvæma í smiðju. Þetta getur að sjálfsögðu hljómað vel í eyrum þeirra manna, sem telja einstaklingana fjandmenn ríkisins og jafnframt líta svo á, að þeir megi á engan hátt græða pening. En frá mínu sjónarmiði eru dálitlir gallar á þessu, sem geta leitt til þess, að það geti orðið nokkuð dýrt fyrir ríkið að binda alla þá smíði, sem það þarf að láta framkvæma, við sína eigin smiðju. Nú stendur t. d. svo á, að öll aðalviðgerð ríkisskipanna fellur á sama tíma, en til þess að framkvæma hana alla þarf stór hús og miklar vélar, auk margra verkamanna. Af því leiðir aftur, að ríkið verður að sjá öllum þeim mönnum, sem það þarf á að halda við aðgerðir skipanna, fyrir vinnu hinn tíma ársins, og það m. a. vegna þess, að það er dýrt fyrir ríkið að láta dýrar vélar og stórt húsrúm standa autt *og ónotað mikinn tíma* ársins. Mér skilst því, að þetta geti komið til með að hlaða á sig alveg eins og snjóbolti, sem velt er og alltaf þarf meira og meira átak til þess að velta áfram. En átakið til að velta smiðjunni áfram og halda henni gangandi allan tíma ársins á að gera með óeðlilegri löggjöf. Það á að grípa til þess að skipa fyrir með lögum, að landssmiðjan skuli hafa alla þá vinnu, sem hún getur innt af hendi og ríkið þarf að láta framkvæma, og ekki nóg með það, heldur á stj. einnig að vera heimilt að skylda öll þau fyrirtæki, sem styrks njóta úr ríkissjóði, að skipta við hana. Þannig getur stj. t. d. fyrirskipað, að Eimskipafélag Íslands skuli láta landssmiðjuna sitja fyrir allri þeirri smíði, sem það þarf að láta framkvæma hér á landi. Þannig getur stj. alltaf velt meira og meira yfir á þetta fyrirtæki, sem að sjálfsögðu útheimtir alltaf meira og meira fé, ef það á að verða samkeppnisfært um vinnugæði og vinnuhraða á móts við einkafyrirtæki.

Ég hefi nú þegar talað tvisvar við þessa umr. og mun mér því ekki gefast kostur á að ræða málið öllu frekar nú, en ég vil því geta þess nú, að ég mun við 3. umr. bera fram brtt., sem gengur í þá átt að færa málið í það horf, sem stj. segir, að fyrir sér vaki með frv., sem sé að *tryggja það, að fyrirtækið verði rekið áfram* sem svipaðast því, sem það er nú. Vænti ég því, að hv. þdm. taki vel í brtt. mína.

***Jónas Jónsson:** Ég hlustaði með blandinni ánægju á ræðu manns, sem eitt sinn var yfirmaður landssmiðjunnar, manns, sem þannig kom fram við það fyrirtæki, að með einsdæmum má kallast. Við andstæðingar þessa manns, sem er hv. 10. landsk., höfum verið að reyna að gleyma framkomu hans gagnvart þessu fyrirtæki, sem hann var settur yfir, en hann skilur alls ekki, hvílíkt miskunnarverk það er að gleyma hans fyrri verkum jafnt í þessu máli sem öðru. Ef hann hefði einhvern snefil af sómatilfinningu, myndi hann ekki tala eins og hann talar nú og endranær.

Háttv. 1. þm. Reykv. var að tala um afskipti Jóns sál. Þorlákssonar af þessu máli, en ekki á sögulegum grundvelli, þar sem hann taldi afskipti þessa látna flokksbróður síns af þessu nytjamáli mjög á annan veg en þau voru, því að um það verður ekki deilt, að það var íhaldsmaðurinn Jón Þorláksson, sem stofnaði landssmiðjuna, og enginn annar. Og þó að hann gerði marga hluti vel, þá mun stofnun þessa fyrirtækis samt jafnan verða með því þarfasta, sem hann gerði.

Ég er því hissa á því, ef flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Reykv., og fylgihnöttur hans, halda, að þeir auki á sæmd sína með því að stíga á þennan kvist, sem hinn látni maður gróðursetti í blóma lífs síns.

Það mun hafa verið rétt eftir að Jón varð landsverkfræðingur, að hann stofnaði landssmiðjuna. Hann varð hinn fyrsti kennari þar, og svo virðist sem hann hafi sýnt þessu fyrirtæki fullan skilning og rækt. Það lítur helzt út fyrir, að Jón Þorlákssón, sem alinn var upp í sveit, hafi tekið sér í þessu efni til fyrirmyndar þá gömlu og góðu búmannsreglu að láta smíða á heimilunum þá hluti, sem til búrekstrarins þurfti, til þess að þurfa að kaupa sem minnst að. Það má og líka vel vera, að hann hafi haft fyrir augum fordæmi menningarþjóðanna, sem þá voru þegar farnar að eiga verksmiðjur og vélsmiðjur til þess að framleiða vopn o. fl., sem þær töldu og telja enn ókleift fyrir sig að komast af án. En svo skiptir um, þegar Geir Zoëga tekur við stjórn vegamálanna, þá gerir hann það sama og Th. Krabbe, sem býr til gasið og selur ríkinu fyrir hærra verð en það kostar flutt hingað frá útlöndum, sem hann nú er orðinn stórríkur af. Geir gengur sem hluthafi í vélsmiðjuna Hamar og beinir öllum viðskiptum ríkisins þangað, en leggur landssmiðjuna niður í kreppunni eftir heimsstyrjöldina. Hann fær Klemenz heitinn Jónsson, sem þá var ráðh., til þess að gangast inn á þetta. Beztu smiðirnir eru fluttir í Hamar, en áhöldunum rænt og ruplað bæði þangað og annað. Þetta gekk allt eins og í sögu, eins og íhaldsmenn vildu. Nú leið nokkur tími, meðan íhaldið sat við völd, sem var á árunum 1924—'27. Landssmiðjan lá niðri. Hamar græddi. Hluthafarnir græddu, spillingin hafði fengið sína fullu framrás, og það þótti íhaldsmönnum gott. En nú komu kosningarnar 1927. Íhaldið varð að hrökklast frá völdum. Tryggvi sál. Þórhallson tók málið upp að nýju. Hann komst að gagnólíkri niðurstöðu og tengdafaðir hans, Kl. Jónsson. Hann sá enga ástæðu til þess að láta trúnaðarmenn ríkisins græða á Hamri, vegna þess að engin landssmiðja var til. Hann endurreisti því landssmiðjuna, og nokkrir af hinum góðu smiðum voru sóttir í Hamar, og smiðjan tók til starfa aftur. Þetta gekk nú allt sæmilega, tiltrú fyrirtækisins óx, vélarnar og verkfærin urðu fullkomin, og það endurtók sig, sem jafnan hefir verið viðurkennt, að öll vinna í landssmiðjunni þótti betri en annara hliðstæðra verkstæða. Það er rétt, að ég geti þess hér, að skömmu eftir þetta fóru brezkir togaraeigendur að láta gera við togara sína hér, þegar þess var þörf. Þeir lýstu því yfir, að þeir væru fegnir að geta verzlað við fyrirtæki, sem ekki tæki bak-„provision". Um þetta eru til bréf frá togaraeigendunum. Ég held nú, að það væri gott og sáluhjálplegt fyrir hv. 10. landsk. að athuga, hve yndislega kenningar Krists hafa verið praktiseraðar af núverandi samherjum hans í gegnum öll þessi mál.

Nú leið þar til þessi hv. þm., sem fyrir sína eigin sviksemi tókst að skríða inn í Framsfl., varð ráðh., sviksemi, sem hann hefir nú fengið sitt straff fyrir að verðleikum, m. a. með því að geta ekki haldið nema litlu broti af söfnuði sínum á Akranesi, eftir að hann kom úr þeirri útlegð. Strax og þessi auðvirðilegi flugumaður er kominn í ráðherrasessinn, fer hann að reka erindi íhaldsmanna í þessu máli sem öðrum. Hann byrjar strax að gera landssmiðjunni allt til ills. Hann lætur ekkert tækifæri ónotað til þess að níða hana niður, m. a. tekst honum að fá því til vegar komið, að trésmíðaverkstæði smiðjunnar er selt. Að honum tókst ekki alveg að gereyðileggja þetta þjóðþrifafyrirtæki var mest því að þakka, að í stjórn þess var duglegur og kunnugur maður, Pálmi Loftsson framkvæmdastjóri, sem beitti allri sinni lagni til þess að fá því til vegar komið, að ekki yrði með öllu gengið milli bols og höfuðs á fyrirtækinu, sem hafði þær afleiðingar, að það lifir enn og blómgast svo að kalla dag frá degi. Þetta ætti að vera lærdómsríkt fyrir hv. 10. landsk. að athuga nú eftir á, þegar hann er með öllu flosnaður upp í íslenzkri pólitík.

Annars er það furðulegt að heyra þennan hv. þm. tala um skuldir landssmiðjunnar. Að hann skuli leyfa sér slíkt, sýnir bezt hans andlega vanþroska. Hann ætti að spyrja vini sína bræðurna í „Kveldúlfi", hvað skuldir væru, menninа, sem hver um sig tekur 150 þús. kr. af rekstrarfé fyrirtækisins, sem þeir stjórna, til þess að byggja yfir sig óhófs„villur". Hann ætti að athuga þetta og vita svo, hvort hann undrast eins mikið á eftir yfir því, þó að landssmiðjan hafi kannske einhverntíma skuldað eitthvað fyrir plötur.

Þá var hann að undrast yfir því, að landssmiðjan skyldi þurfa að taka rekstrarlán. En hann talar ekki um það, þó að „Kveldúlfur" þurfi að taka 5 millj. króna rekstrarlán til síns mjög svo vafasama atvinnurekstrar. Út af þessum hugleiðingum hv. þm. vil ég segja honum það, að hver heiðarleg landsstj. hefði skilið það, að landssmiðjan þurfti að taka rekstrarlán. En þar sem um var að ræða stj. þá, sem þessi hv. þm. átti sæti í, var ekki að ræða um heiðarlega landstj., og því skyldi hún ekki jafneinfaldan hlut og þann, að landssmiðjan þyrfti að fá rekstrarfé, og þess vegna var Kveldúlfi leyft að taka fleiri millj. að láni. Svo er skemmst af því að segja, að þetta fyrirtæki hélt áfram að vaxa og dafna. — Alveg hliðstætt þessu fyrirtæki var það fyrirtæki, sem Pálmi Loftsson átti aðalþáttinn í að koma á fót, Slippurinn, sem sjálfstæðismönnum, Morgunblaðsmönnum, og varaliðinu hefði aldrei dottið í hug að líta við. Það er eftirtektarvert, að hugmyndin um það, að hér ætti að vera hægt að gera við skip, þurfti endilega að koma frá framsóknarmönnum. Nú fyrir nokkrum dögum var það sannað í Nýja dagblaðinu, að nú á næstu mánuðum myndu fara um 2 milljónir króna út úr landinu í viðgerðir á þessum „ryðkláfum", sem hv. þm. G.-K. hefir nefnt svo. Upp úr þessu var svo komið fram með frv., sem nú liggur fyrir þinginu, um að banna þessa hluti, og ég geri ráð fyrir, að gjaldeyrisnefnd hafi manndóm í sér til þess að banna, að þessi skip verði flutt úr landinu. En eins og allir vita, þá hafa

skipaútgerðarmenn hér fyrir umboðsmannmann, sem aftur á í vélaverksmiðju í Englandi og sendir þangað trollarana héðan úr landi frá þessum ágætu sjálfstæðismönnum, sem eru þó ekki sjálfstæðari en svo, að þeir hafa ekki haft manndóm í sér til þess að koma hér á skipaviðgerðum, heldur láta loddara, sem er í félagi við útlent firma, teyma skipin úr landi til þess að gera við þau þar. Er það ekki yndislegt fyrir sjálfstæðismenn að vita, hvað þeir eru sjálfstæðir og þjóðlegir? Þeir geta hrópað: „Ísland fyrir Ísland" o. s. frv., þegar síðasti ryðkláfurinn fer frá landi til þess að gefa prósentur umboðsmanni erlends trollarafélags. En einmitt þetta dæmi, að núv. stjórnarflokkar þurftu að taka fram fyrir hendurnar á þessum ryðkláfaeigendum til þess að missa ekki úr landinu allar skipaviðgerðir, er náttúrlega alveg í samræmi við það, að það eru framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn, sem líka beita sér fyrir því, að þessi hugmynd Jóns heitins Þorlákssonar fái sinn eðlilega þroska.

En þá ætla ég að víkja örfáum orðum að því, hvers vegna ástæða sé til að hafa þessa löggjöf. Þar sem hér er um að ræða merkilega viðleitni til þess að koma upp margháttuðum iðnaði, sem nú er eingöngu framkvæmdur erlendis og enginn hefir haft manndáð í sér til að koma hér á, þá er alveg nauðsynlegt að hafa um þetta sérstaka löggjöf. Þær verksmiðjur, sem hér eru fyrir, eru svo takmarkaðar í starfi sínu, að þeim dettur ekki einu sinni í hug að reyna að smíða borð og stóla og ýmsa aðra þarfa hluti. Aftur á móti hefir landssmiðjan tekið sig fram með að smíða ýmislegt, sem hinum smiðjunum, sem við hana keppa, hefir ekki dottið í hug að reyna, eins og t. d. vigtir af ýmsu tægi, skólaborð og bekki. Þar er sem sagt byrjuð tilraun með margskonar iðnað, sem hægt er að framleiða hér á landi, en sem hinum ágætu privatfyrirtækjum hefir ekki dottið í hug að líta við, vegna þess að það hefir ekki verið nógu gróðavænlegt. En það er annað, sem þessir karlar geta. Og það er það, sem hv. 10. landsk. var ákaflega laginn í, þegar hann var ráðh., sem sé að bjóða út fyrir landið, og svo komu smiðjurnar sér saman um að undirbjóða til skiptis. Það er náttúrlega ákaflega fínn siður til þess að drepa landssmiðjuna, og það er þess vegna sem Morgunblaðsmenn vilja endilega láta bjóða út fyrir ríkið. Það er alveg eins og ef t. d. hv. 1. þm. Skagf. væri stórbóndi í Skagafirði og hefði smiðju á sínum bæ, og svo væri sagt við hann, að hann skyldi bjóða út viðgerðir á amboðum og öðru slíku og vita, hvort þeir á hinum bæjunum vildu ekki gera það. En ég er viss um, að hv. 1. þm. Skagf. mundi ekki vera svo vitlaus, ef hann ætti sinn eiginn sjóð að verja. Hann mundi blátt áfram láta gera þetta í sinni eigin smiðju. — En illgirnin er nógu mikil hjá þessum herrum. Þó þeir hafi ekki manndóm til þess að reyna að fá hjá sínum flokksbræðrum viðgerð á ryðkláfunum, þá reyna þeir að spilla fyrir því, að landssmiðjan geti náð sinni eðlilegu þróun. Það er ákaflega „interessant" að athuga þetta, vanmáttinn annarsvegar og svo vöntun á góðgirni hinsvegar. Það er eins og aðalkrafturinn liggi í því að skaða keppinautana. Einn af þessum ágætu smiðjuhöldum hér í bænum hefir haldið því fram, að önnur smiðja hafi lagt 70 þús. kr. fram í undirboð til þess að setja keppinaut sinn á hausinn, sem að vísu ekki var landssmiðjan. Svona eru hyggindin og góðgirnin, tugum þúsunda er varið af þessum vesalingum aðeins til að skaða aðra.

Nú, verkaskiptingin er ákaflega glögg og eðlileg. Hér á landi er langsamlega mest gert á samkeppnisvísu. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að samkeppnismennirnir fari í sín fyrirtæki og skipti við þau, en aftur á móti er ómögulegt að fá menn, sem einhverja ábyrgðartilfinningu hafa fyrir því, hvernig ríkið er rekið, til að ganga inn á það, að það þurfi endilega að vera stórfelldar fjárflettingar í sambandi við annað eins og byggingar brúa og vita eða viðgerðir á skipum ríkisins. Það er eins og hæstv. forsrh. tók fram áðan, að þá hefir heiðarleg ríkisstjórn, eins og sú, sem nú er, og sem vill fara heiðarlega með ríkisfé, engin önnur ráð en að hafa sína eigin smiðju.

En ofan á þetta allt, sem ég hefi nú talið, þá er enn ein höfuðástæða, sem knýr mig til þess að óska þess og stuðla að því, að þetta frv. verði samþ., og hún er sú, hvað við í heild erum á eftir í þessu efni, bæði landssmiðjan og hinar smiðjurnar, af því að þær eru svo ungar og keppa við voldug erlend fyrirtæki. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt, að einhver af þessum verksmiðjum geti risið hærra en hinar og tekið að sér nýtt verk og stærri heldur en hinar gera.

Þá kem ég að hv. þm. N.-Ísf. Það er búið að reikna það út af verkfræðingi landsins, Þorsteini Loftssyni, að það sé ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að smíða hér einfaldar tegundir af mótorum og þannig skapa vinnu í landinu, sem nú verður að borga stórfé fyrir út úr landinu. En nú er því þannig háttað, að ýmsir íhaldsmenn eru umboðsmenn fyrir erlendar vélaverksmiðjur, og þeir reyna af öllum mætti að spilla fyrir því, að þetta sé gert, og ég er alveg viss um það, að það er frá þessum umboðsmönnum og hinum erlendu fyrirtækjum, sem kjarninn úr ræðu hv. þm. N.-Ísf. er runninn. Ég gæti bezt trúað, að hann hafi fengið ræðuna vélritaða frá einhverjum þessara umboðsmanna. Í þessari einstæðu ræðu sinni leyfði hv. þm. sér að ráðast á það, að Íslendingar reyndu að smíða mótorana í sína eigin báta. Þetta er nú svona álíka og að segja: „Hvílík vitleysa af okkur Íslendingum að vera að smíða bátana okkar sjálfir! Við erum ekki nógu sjálfstæðir til þess, við verðum að fá þá frá Dönum!" — Þetta er nú svipað því og þegar fyrirrennarar þessara manna gátu ekki hugsað sér íslenzkan fána; hann varð endilega að vera danskur. Þeir sögðust ekki geta lifað, ef hér væri íslenzkur fáni. En við, sem höfum lifað með þessu fólki, heyrt þess heimskulegu ræður og blaðagreinar og séð þeirra heimskulegu framkvæmdir í fánamálinu og mótormálinu, erum svo sem ekkert hissa. Við vitum, hvaða fólk við eigum við, og því er ekki um annað að gera en bara að framkvæma hlutina, alveg eins og að nota íslenzkan fána.

Það er bezt, að ég í þessu sambandi noti nú tækifærið til þess að gleðja hv. 10. landsk. með því að segja honum eina sjálfstæðissöguna úr hans eigin stjórnartíð. Það hafði verið stofnað félag á Stokkseyri til þess að koma upp 3 bátum. Og hvað gerir svo þessi prýðilega landsstjórn? Hún gengur í 2 ára ábyrgð fyrir þessum bátum í Danmörku, þar sem þeir eru að öllu leyti smíðaðir. En það kom vitanlega á daginn, eins og fyrirsjáanlegt var, að þessir blásnauðu menn, sem þessa báta áttu, gátu ekkert borgað á fyrsta ári, og það kom í hlutverk núv. ríkisstj. að framlengja víxilinn. Og það merkilega var, að á meðan á smíðinni stóð í Danmörku, sátu menn heima á Stokkseyri, sem voru bátasmiðir sjálfir og hefðu getað gert þetta, ef þeir hefðu fengið til þess efni. Þetta er ákaflega skemmtileg táknmynd yfir þeim hugsunarhætti, sem gegnsýrði allar framkvæmdir hv. 10. landsk. Það, sem því verður skorið úr með þessu frv., er það, hvort þingið vill hafa á sér þetta sama snið og landsstj. frá 1932—'34, sem sé það snið, sem kom fram í því að láta bátasmiði á Stokkseyri vera atvinnulausa á mölinni, á meðan Danir smíðuðu bátana.

Ég er alveg viss um það, að hinir lifrænu *kraftar í þjóðfélaginu munu ekki linna látum*, fyrr en landssmiðjan er orðin föst stofnun, eins og pósthúsið og síminn. Hinsvegar geta íhaldsmenn haft sín einkafyrirtæki. Þeir fara víst ekki að leita til rauðu smiðjunnar, eins og ég býst við, að þeir muni kalla hana. Þeir geta farið í sínar smiðjur, og við því er náttúrlega ekkert að segja.

Í sambandi við þetta mál er gaman að minnast á annað skylt mál, sem hér var á döfinni í fyrra, sem sé það, að ríkið tæki einkasölu á bifreiðum, rafmagnsvélum og mótorum o. fl. Það var samþ. á móti öllum atkv. íhaldsmanna og þess varaliðs, en með atkv. stjórnarflokkanna og eins manns, sem vildi styðja þetta mál. Ég lagði meira upp úr einu í sambandi við afgreiðslu þessa máls heldur en málinu sjálfu, sem sé því, að það var eins og spegill af því, hvernig okkar þing er, að það skyldi vera hægt að samþ. þetta mál, vegna þess að ef einhver maður úr þessum 26 manna meiri hl., sem samþ. frv., hefði verið fús til að taka framrétta hönd með peningum og stinga þeim í sinn vasa, þá hefði hann týnzt úr lestinni og frv. ekki gengið fram. Það hefir sagt mér skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, að það hafi einu sinni verið lagðar á borðið fyrir framan hann 20 þús. kr. Ég ætla ekki að segja, hvað hann átti að gera, en hann gerði það ekki. En það er fullvíst, að hver einasti af okkur, sem gekk á móti bifreiða- og rafmagnsumboðsmönnunum í fyrra, hefði getað orðið stórríkur maður. Svo mikið var kappið í þessu máli, og slík meðul voru brúkuð. Hvort hinir, sem á móti frv. voru, hafi fengið nokkuð, veit ég ekki, en það er víst, að síðasta atkv. hefði verið vel borgað. Einhver hefði viljað leggja fram 20 þús. kr. í síðasta atkv., alveg eins og lagt var á borðið fyrir framan skrifstofustjórann. Það er mjög ánægjulegt fyrir meiri hl. Alþingis að hafa sýnt það svart á hvítu, að slíkt frv. sem þetta gat gengið hægt og rólega í gegn, þrátt fyrir það að auðmenn og agentar reyndu með allri þeirri spillingu, sem hægt var að koma við, að hindra framgang þess. Það eru margir, sem leyfa sér að tala illa um þm. og álíta, að spillingin búi í þinginu. Og er það sérstaklega sá auðvirðilegi flokkur, sem stendur til annarar hliðar við Íhaldsflokkinn, hliðstætt við hv. 10. landsk., nefnilega nazistarnir. En það er mála sannast, að sá litli flokkur, sem talar eins og hér séu tómir mútuþrælar, er ekki tekinn hátíðlega. Og það liggur skjalleg sönnun fyrir því, að fyrir Alþingi Íslendinga er ekki hægt að brúka peninga, a. m. k. ekki núna. Það hefir kannske einhverntíma verið hægt, þegar þeir flokkar voru við völd, sem nú eru í stjórnarandstöðu.

Ég býst nú ekki við að taka til máls aftur um innihald þessa frv. En það getur vel verið, að ég muni seinna sjá ástæðu til þess að tala um lífsskoðun og ýms dæmi af framferði þeirra manna, sem hafa beitt sér gegn þessu frv., því að það er fullkomin ástæða til að halda eldhúsdag yfir slíku.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það hafa nú svo margir látið ljós sitt skína í þessu máli, að ég býst við, að *það verði fáir að lokum*, sem ekki hafa tekið til máls. En það hefir komið svo margt fram í þessum umr., að ég tel ekki rétt að sitja alveg hjá. Það hefir nú verið rifjuð hér upp saga þessa máls, og ég ætla að stikla örlítið á steinunum. Það mun hafa verið 1910, sem þáverandi landsverkfræðingur, Jón heitinn Þorláksson, kom á stofn smiðju, sem nefnd var landssmiðjan, og mun það hafa verið í sambandi við brúa- og vitabyggingar, sem þá voru í uppsiglingu hér á landi. Þetta hefir hér í umr. verið talið eitt af hans beztu verkum, og ætla ég ekki að draga úr því. Starf smiðjunnar virðist hafa verið jafnt og þétt fram til ársins 1920. Þá fer að kippa úr starfi hennar, og verkefnin, sem áður lágu fyrir henni, fóru að færast í annara hendur, sem sé vélsmiðjanna Hamars og Héðins, sem þá voru nýstofnaðar. Á því áraskeiði og fram til ársins 1927 var hér töluvert unnið að brúa- og vitabyggingum, og það, sem smíðað var hér innanlands, var unnið af þessum 2 vélsmiðjum, og þá sérstaklega Hamri. Það hefir verið bent á það í þessum umr., að mönnum hafi blöskrað sú mikla álagning, sem lögð var á þessa vinnu af hálfu smiðjanna og ríkissjóður látinn borga. Þess vegna var það, að 2 alþýðuflokksmenn, þeir Héðinn Valdimarsson og Jón Baldvinsson, fluttu till. í Sþ. 1927, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta smíða hér á landi brýr og vita, sem fyrirhugað er að byggja.

2. Að nota áhaldasmiðju ríkissjóðs til nýsmíða og aðgerða, er landið þarf að láta framkvæma."

Þessi till. var samþ., að ég hygg af mönnum úr öllum flokkum. Ég hefi ekki sérstaklega gáð að því, hverjir hafi greitt mótatkv., en það virðist svo, að hugir manna hafi hneigzt að því, að ótækt væri að láta einstök fyrirtæki græða svo mjög á verkefnum ríkisins.

Í öðru lagi vakti fyrir þessum mönnum, að

ekki bæri að láta þessa vinnu fara út úr landinu að því leyti, sem kleift væri að framkvæma hana hér. En skriður komst enginn á málið. Því hreyfði ég þessu nokkuð á þingi 1929 í umr. um fjárlögin, og ræddi þá við forsrh. Tryggva Þórhallsson um, hvað gengi með þetta mál. Þá hafði yfirleitt lítið sem ekkert verið gert. Upp úr því komst þó skriður á málið. Þáverandi stj. setti rögg á sig og hrinti smiðjunni nokkurnveginn í þann farveg, sem hún er nú komin í.

Þetta er í stuttu máli saga málsins. Ég sé ekki betur en að núverandi stjórnarflokkar óskiptir, og e. t. v. einhverjir úr Sjálfstfl., hafi á þessum þingum talið sjálfsagt, að ríkið sæi sjálft um smíði hinna stóru verkefna, sem það þarf að láta leysa árlega, og grundvöllurinn undir landssmiðjunni var þannig myndaður. Því kemur mér dálítið undarlega fyrir sjónir, þegar hér vill svo til, að tveir flokkar þingsins ráðast með frekju og andúð á móti því að lögfesta það, að þessi smiðja skuli fá að starfa og að hún geti búið þannig að sínu fólki og sínum verkefnum, að hún sé fyllilega starfhæf.

Það hefir verið farið hér inn á lífsskoðanir manna um það, hvort einkaframtakið á að haldast óskert eða hvort ríkið á að fá að hafa með höndum þau verkefni, sem hér er um að ræða, og einhver fleiri. Ég ætla alveg að leiða hjá mér þessa hlið málsins, en snúa mér að þeirri gagnrýni, sem fram hefir komið hjá sumum hv. ræðumönnum. Ég get alveg hlaupið framhjá þeim hv. þm. N.-Ísf. og hv. 1. þm. Reykv., þeim er í rauninni svarað um leið og ég svara hv. 10. landsk., því ég gat ekki betur fundið en að uppistaðan í hans ræðu væri nokkurn veginn sú sama og í þeim ræðum, sem áður voru fluttar. Hann vék að ýmsum framkvæmdaratriðum, eins og lántöku og því um líkt. Þessu svarði að vísu hv. þm. S.-Þ., en ég skal frá mínu sjónarmiði bæta því við, að sá hv. þm. er ekki einn um þá skoðun, að á meðan hv. 10. landsk. var í landsstj. og yfirmaður þessa fyrirtækis, sýndi hann fullkomna andúð á móti því, að þetta fyrirtæki gæti þrifizt og blómgazt. Hv. þm. S.-Þ. sannaði, að hv. 10. landsk. gekk þá vitandi og óvitandi erinda þeirra manna, sem vildu bægja verkefnum frá landssmiðjunni, sem hún að sjálfsögðu átti kost á að fá, hefði þess nokkuð verið leitað.

Það er vitanlegt um svona fyrirtæki, sem veltir hundruðum þúsunda, að það undir ýmsum kringumstæðum vantar fjármagn, því það er svo um svona verkefni, að þau fást ekki æfinlega greidd jafnóðum, og þá verður oft að fá lán til þess að geta haldið rekstrinum áfram. Er ekki nema sjálfsagt, að það sé gert, enda mun það hafa mætt mest á stjórn smiðjunnar að koma slíkum lántökum í framkvæmd. Ég verð að segja, að mér þykir undarlegt, þar sem hv. 10. landsk. var eitt sinn í flokki þeirra manna, sem vildu efla þetta fyrirtæki, að hann skuli nú vilja vinna á móti, að það þrífist og auki starfsemi sína á einn og annan hátt, að starfræksla þess sé lögbundin og þannig viðurkennd af því opinbera, svo fjandsamleg öfl geti ekki orðið til þess að leggja það niður einn góðan veðurdag.

Hv. 10. landsk. talaði um lántökur landssmiðjunnar og að þeir hefðu orðið vegna þjóðarmetnaðar að greiða kröfur, sem landssmiðjan hefði verið búin að stofna til erlendis. Þakkað skyldi honum, þó hann ekki gerði ríkisfyrirtæki ómerkt að skuldbindingum, sem það var búið að stofna til vegna nauðsynlegra tækja til starfrækslunnar. Hv. þm. kom inn á það, að með þessu frv. væri fyrst og fremst verið að stofna til aukins ríkisrekstrar. Ég er þeirrar skoðunar, að það stefni meira og meira að því, að það verði bæði á þessu sviði og öðrum að láta ríkið og bæjarfélögin hafa með höndum hin og þessi fyrirtæki, sem einstaklingarnir sumpart eru að gefast upp við að reka og sumpart skortir framtak til þess að koma upp og reka, svo að notum komi. Það er ekki nema eðlilegt, að þar sem einstaklingana skortir bolmagn, leggist ríkið á með sínu margfalda afli, til þess að þau verk séu unnin, sem ber að vinna í landinu sjálfu. Þetta mál hefir tvennskonar þýðingu. Í fyrsta lagi er það atvinnumál. Þegar atvinnuleysið gerir alstaðar vart við sig, er ekki nema sjálfsagt, að hnigið sé meir og meir að því að koma inn í landið ýmiskonar starfsemi, sem við getum leyst af hendi innanlands, en hingað til hefir verið greitt fé fyrir til útlanda. Nú hefir landssmiðjan sýnt sérstakt framtak í þessa átt. Hún hefir fitjað upp á mörgu nýju, sem engri annari smiðju hér hefir dottið í hug að reyna. Benti hv. þm. S.-Þ. á ýms dæmi, og mætti þó margt fleira telja. Í grg., er þessu frv. fylgdi á síðasta þingi, var minnzt á eitt og annað, sem er þessu til sönnunar. Ég veit til þess, að eftir að landssmiðjan hefir verið byrjuð á slíkum verkum, hafa hinar smiðjurnar farið að feta í hennar fótspor. Það sýnir bara, að einstaklingsframtakið er ekki nógu vakandi fyrir því, hvað gera má í þessum efnum. Og hvað spörum við svo mikinn gjaldeyri á þessum gjaldeyriseklutímum með því að færa inn í landið svo og svo mikið af vinnu við hluti, sem við getum ekki án verið? Svo segir hv. þm., að þetta dragi úr þrótti einstaklinganna, lami framtak þeirra o. s. frv. Nú er það svo, að það lætur nærri, að landssmiðjan hafi yfir að ráða nálægt ⅓ af því vinnuafli, sem hinar þrjár höfuðsmiðjur í járniðnaðinum hér hafa haft. Á síðastliðnu ári unnu í landssmiðjunni um 40—50 manns, en í hinum smiðjunum samanlagt 80—100 manns. Hér er þá um ⅓ af hinu fasta vinnuafli í járniðnaðinum að ræða, og það lítur ekki út fyrir, enn sem komið er, sem ég ekki harma, að það dragi nokkuð úr starfi hinna smiðjanna, þó landssmiðjan auki sína starfsemi, enda hallast aukningin að þeim verkefnum, sem öðrum hefir ekki dottið í hug að byrja á. Ég hygg því, að það sé engin hætta á því, að einstaklingarnir geti ekki haldið áfram með sínar smiðjur, þó landssmiðjan færi út kvíarnar, þar sem henni er ætlað að fara m. a. inn á ný svið, sem hinar smiðjurnar hafa alls ekki komið nærri. Þá kom hv. þm. inn á gjaldeyrisspursmálið. Ég get ekki skilið rökfærslur hans fyrir því, að það sé óhagur að því fyrir ríkið með tilliti til gjaldeyrismálanna, að landssmiðjan færi í aukana starfsemi sína og vinni eitt og annað, sem annars þarf að kaupa frá útlöndum. Hann hefir sennilega átt við, að það mundi þurfa að kaupa eitthvað af vélum til þessarar starf-

semi. En ég býst við, að í flestum tilfellum séu þær vélar, sem landssmiðjan kynni að þurfa að kaupa, alls ekki til í landinu áður, þannig að ef landssmiðjan ekki kaupir þær, þá þurfi hinar smiðjurnar að gera það, ef þeim annars dytti í hug að hreyfa hönd eða fót til þess að fást við smíði þeirra hluta, sem þessar vélar þarf við. Þá minntist hv. þm. á, að það mundu hafa orðið meiri mistök hjá landssmiðjunni heldur en hjá hliðstæðum smiðjum einstaklinga. Ég veit ekki, á hverju hann byggir þá skoðun sína. Það hefir yfirleitt verið viðurkennt, síðan landssmiðjan tók til starfa 1930, að smíði hennar hefir, ef það hefir ekki verið fullkomnara, þá a. m. k. ekki staðið verkum hinna smiðjanna að baki. Það er eins og betri kraftar hafi valizt til þess að vinna á þessum stað, og það verður að viðurkenna, að forstjóri landssmiðjunnar hefir fullkomna þekkingu á þeim verkum, sem hann á að stjórna, og stendur ekki að baki þeirra, er hinum smiðjunum stjórna, enda hefi ég ekki heyrt neina halda því fram, að vinna landssmiðjunnar væri lakari heldur en vinna hinna smiðjanna. En hitt hefi ég orðið var við, að verk hennar hafa reynzt ódýrari. Ég veit ekki, hvort það liggur í betri vinnubrögðum eða hagkvæmari innkaupum, en það hefir sýnt sig, að landssmiðjan hefir með góðum árangri getað selt sömu hluti miklu ódýrari en hinar smiðjurnar hafa gert. Þetta er einn af kostum hennar, en ekki ókostum. Þeir, sem þarna vinna, leggja að sjálfsögðu jafnt fram krafta sína og kunnáttu til þess að gera vinnu sína sem bezt úr garði, hvort sem þeir vinna fyrir ríkið eða einstaka menn.

Svo var hv. þm. hræddur um, að utan um þetta fyrirtæki mundi hlaðast óhæfilegur hópur manna, og vitnaði til þess, að þegar bólga væri í atvinnuvegunum, yrðu teknir svo og svo margir menn, sem yrði svo að halda, þótt verkefni minnkaði. Um þetta er það að segja, að yfirleitt komast ekki inn í þessa iðjugrein aðrir en þeir, sem hafa kunnáttu og þekkingu á því, sem þeir eiga að vinna. Menn verða að undirbúa sig svo og svo mörg ár til þess að vera taldir starfhæfir á þessu sviði. Þetta sigur allt saman hægt áfram. Því það er ekki rétt hjá hv. þm., að það sé hrúgað inn ótakmörkuðum fjölda nemenda. Samkv. samkomulagi, er nú gildir milli fyrirtækjanna í þessari grein og sveinafélagsins, má ekki hafa nema einn námssvein á móti hverjum 3 fullgildum sveinum, sem vinna á hverjum stað að staðaldri, svo útilokað er, að inn í þennan iðnað komist nema takmarkaður fjöldi starfsmanna. Það er spursmál, hvort þetta gerir meira en halda við starfsmannafjöldanum, svo ekki er hætta á, að það komi inn í þetta óhæfilegur fjöldi manna, sem yrði að halda föstum, þó minna yrði að gera. Og þegar byrjað er á fleiri og fleiri verkefnum, er ekki hætta á öðru en nóg verði með starfskraftana að gera. Það er hin mesta rökvilla hjá hv. þm., að hér sé aðeins að ræða um tímabundna vinnu, meðan fara fram viðgerðir þeirra skipa, sem nú eru til. Verkefnin falla alltaf til. Mér er kunnugt, að á síðasta ári, sem var ekkert uppgangsár, bar yfirleitt ekki á öðru en smiðjurnar hefðu allar nóg að gera, að undanteknum þeim tíma, sem Andradeilan stóð yfir. Hitt kann að vera, að meira sé að gera suma tíma árs heldur en aðra.

Hv. þm. vill meina, að það sé freisting fyrir svona fyrirtæki að segja ekki upp mönnum, þó verkefni minnki, og játa ég það. En til hvers eru þessi fyrirtæki? Eru þau ekki m. a. til þess, að menn, sem þurfa að vinna, hafi atvinnu? Þau eru ekki eingöngu til þess að skapa einhverjum arð, heldur eru þau ekki sízt til þess að skapa starfsmönnum sínum lífsframfæri. Þess vegna teljum við yfirleitt tryggara, að ríkið hafi a. m. k. hönd í bagga með svona fyrirtækjum, til þess að verkamennirnir séu ekki reknir út á gaddinn, þegar einhverjum atvinnurekanda dettur í hug að láta þá fara. Þetta er nú mín persónulega skoðun.

Það er nógu fróðlegt, þegar talað er um verkefni þessara smiðja, að athuga, hvað mikið verkefni liggur fyrir í viðgerðum allra okkar skipa og undirtektirnar, sem það hefir fengið að framkvæma þær innanlands. Það hefir einhver sniðugur maður reiknað út, að við mundum láta um ½ millj. kr. út úr landinu á ári fyrir viðgerðir skipa, sem allar væri hægt að framkvæma hér heima í okkar smiðjum. Verkefnið er því nóg, að ógleymdum þeim erlendu skipum, sem oft og tíðum þurfa að fá hér viðgerð, og hægt er að gera því betur við, sem við fáum betri tæki. Sjá allir, hvað það er hagkvæmara heldur en ef aðeins er hægt að klastra í þau til bráðabirgða og aðalaðgerðin þarf svo að fara fram í öðrum löndum. Tæki til slíkra viðgerða þurfa okkar vélsmiðjur að hafa, landssmiðjan ekki síður en hinar, að því er ég tel.

„Er þörf á því“, spurði hv. þm., „að láta landssmiðjuna vinna annað en það, sem ríkið þarf að láta vinna?“ Ég vil nú benda honum á, að það er ekkert smáræði, sem ríkið þarf að láta starfa að vitasmíði og brúasmíði, að ógleymdum öllum öðrum byggingum og verksmiðjum, sem ríkið lætur koma upp.

Þá kem ég að því, sem er eitt af aðalatriðum þessa máls, og það er, að ef landssmiðjan hefði ekki verið, hefðu einkafyrirtækin haft aðstöðu til þess að trekkja ríkið upp á þessari vinnu. Það mun hægt að sanna það, ef krafizt er, að álagning á vinnu fyrir ríkið var óeðlilega mikil, meðan einstaklingsfyrirtækin voru einráð. Það mun meira að segja vera dæmi til, að einkafyrirtæki hafi haft sinn arð að mestu leyti af viðskiptum við ríkið. Það fékkst miklu minna fyrir það, sem gert var fyrir einstaklingana, og þeir söfnuðu skuldum, en ríkið var einn af þeim fáu, sem greiddu kontant fyrir það, sem gert var. Það var því þjóðarhagur, þegar hnigið var að því ráði, að ríkið léti vinna þetta fyrir sannvirði, í stað þess að láta einstaklinga græða á að hafa það á hendi.

Ég ætla að geyma mér að tala um frv. sjálft, en það er hér ýmislegt, sem ég hefi punktað niður úr ræðu hv. þm. Hann dvaldi nokkuð lengi við mótorana. Það er mikið lagt upp úr því á-samt öðru, að landssmiðjan geti með auknum vélum ráðizt í smíði ýmsra hluta, sem nú eru keyptir frá útlöndum, en líkindi eru til, að hægt sé að vinna í landinu sjálfu. Hefir í því sambandi verið bent á mótorana. Hæstv. atvmrh. benti á, að ekki væri bundið við, að hún smíðaði

mótorana að öllu leyti; hún gæti e. t. v. keypt suma hlutana tilbúna frá viðkomandi verksmiðju erlendis, en smíðað aðra og sett mótorana saman. Það er vitanlegt, að það er ekki lítill gjaldeyrir, sem út úr landinu fer fyrir mótorvélar. Svo er annað merkilegt atriði í sambandi við vélarnar. Ég get ekki lagt fram nú, hvað margar tegundir mótora eru í landinu, en ég mun athuga það fyrir 3. umr. Það kemur einn umboðssalinn á fætur öðrum og gyllir þetta fyrir mönnum, hvað þeirra mótorar eru sparneytnir, ódýrir o. s. frv. Því miður hafa margir glæpzt á því að fara eftir þessum skrumauglýsingum og keypt mótora, sem eru lítt nothæfir til lengdar. Þvílík fásinna er ekki í því fólgin, að hrúga þannig inn í landið svo hundruðum skiptir af tegundum mótora, og svo eru engir varahlutar fyrir hendi, þegar þeir bila. Ef vél bilar á miðri vertíð, verða bátarnir oft að liggja margar vikur, meðan verið er að afla varahluta. Því telja margir, að að því beri að stefna að hafa vélategundirnar færri og tryggja það, að allir hlutar þeim tilheyrandi séu fyrirliggjandi í landinu, svo aldrei þurfi að verða stöðvun af þessum sökum. Eitt af því, sem til greina getur komið í þessu sambandi, er það, hvort við getum ekki sjálfir fetað okkur áfram í því að búa til þessar vélar. Ég geri ráð fyrir, að það yrði farið hægt á stað og reynslan látin skera úr, hvort þessi íslenzka vinna stæði hinni erlendu á sporði. Óttinn við það, að lokað mundi verða fyrir innflutning erlendra véla, er ekki annað en firra út í bláinn. En ég tel, að ef að þessu ráði væri hnigið, værum við miklu betur á vegi staddir en ella með að vera sjálfum okkur nógir. Hugsum okkur þann möguleika, að heimsstyrjöld væri að brjótast út og Þýzkaland og Norðurlönd lokuðust fyrir okkur. Hvert ættum við þá að leita eftir varahlutum? Við stæðum uppi með okkar vélar og yrðum að reyna að basla við að smíða varahluta í þær sjálfir. Mundi þá ekki koma í góðar þarfir, ef búið væri að koma hér upp litilli mótorverksmiðju, sem gæti hjálpað í þessu efni? Í þessu sambandi má benda á það, að á síðasta ári hafa verið fluttir inn mótorar bæði í skipum og lausir fyrir um 60 þús. kr. Og það ár var ekkert góðæri, eins og menn vita, heldur var þröngt um gjaldeyri.

Þá vil ég vikja með örfáum orðum að landssmiðjunni sem fyrirtæki. Hún hefir ekki þurft að knékrjúpa fyrir einum eða neinum fjárhagslega. Á ársreikningi hennar 1934 kemur fram rekstrarágóði af fyrirtækinu 49286 kr. Og eftir því, sem ég hefi fengið upplýsingar um rekstrarágóða hennar síðastliðið ár, þá nemur hann um 39 þús. kr.

Það er vitanlegt, að rekstrarfé landssmiðjunnar hefir verið mjög lítið. Lán, sem á henni hvíla, eru lítil, nema það, sem ríkissjóður lagði til hennar í upphafi vega, á fjórða hundr. þús. kr.

Á árinu, sem leið, voru vinnulaun, sem landssmiðjan greiddi starfsmönnum sínum, um 160 þús. kr., og ég vil segja, að það má nú finna minna grand í mat sínum en 160 þús. kr. Nú býst ég við, að hv. þm. segi, að hinar verksmiðjurnar mundu hafa tekið við þessum mönnum, sem þarna vinna, þó að landssmiðjan hefði ekki tekið þá í þjónustu sína. En ég svara: Nei, þær hefðu alls ekki tekið við þessum mönnum. Það hefði aðeins orðið þeim mun meira af atvinnulausum mönnum í landinu meðal þessarar stéttar, ef landssmiðjan hefði ekki verið til. Landssmiðjan hefir verið slyng að skapa sér verkefni, sem hinum smiðjunum hefir alls ekki dottið í hug að fitja upp á. Þess vegna get ég ekki séð, hvað það eiginlega er, sem 10. landsk. berst fyrir í þessu sambandi. Hann hefir margtekið það fram, að hann sé fulltrúi sveitabænda. Hvað getur það verið mótsnúið þeim, að hér sé rekin slík smiðja af ríkinu, sem færir landsmönnum ódýrari vinnu heldur en hægt er að fá sömu vinnu hjá einstökum mönnum, og sem skapar fjölda manna atvinnu og er að vinna sig upp, svo að ríkið eignist þar eignir, og sem tryggir það, að landsmenn þurfi miklu síður að leita til annara landa um viðgerðir á hlutum, sem landsmenn þurfa að nota? Ég skil ekki þann bónda, sem þarf að vera á móti þessu. Hvað varðar bóndann um það, hvort ein eða tvær slíkar smiðjur eru til hér í bænum? Það er ekki svo sem þjóðfélagið velti um koll, þó að fáeinar smiðjur skili minni arði en annars, — a. m. k. kemur slíkt ekkert við hagsmunum bænda. Hér er ekki um hagsmunamál bænda að ræða, heldur nokkurra manna, sem lagt hafa fé sitt í einkafyrirtæki, sem mun skila nokkru minni arði við það, að ríkið rekur samskonar fyrirtæki við hliðina á því.

Mun ég ekki hafa þessi orð mín fleiri nú. En e. t. v. gefst tækifæri til að ræða þetta mál síðar. Og ef hv. 10. landsk. áfram leggur kapp á að draga þetta mál, þá mun ég bæta ýmsu við þetta af fróðleik, sem gott væri fyrir hv. 10. landsk. að fá að vita í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 47., 48., 49. og 50. fundi í Ed., 8., 14., 15. og 17. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 20. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

*__Þorsteinn Briem:__ Það er nú orðið alllangt liðið síðan þetta mál var hér síðast til umr., ég ætla, að það sé nálega hálfur mánuður. Og má því vera, að ég sé búinn að gleyma mörgu af því, sem búið var að segja um frv. og ég þarf að svara.

Ég vil þá fyrst beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort landssmiðjan hefir greitt vexti af því fé, sem ríkið hefir lagt í hana eða lánað af varasjóði landsverzlunarinnar gömlu. Þegar frv. var hér til umr. síðast, kvaðst hæstv. ráðh. ætla að athuga þetta. Ég vona, að sú athugun hafi farið fram, og vænti, að hæstv. ráðh. gefi greið og góð svör við þessari fyrirspurn minni.

Ég þarf ekki að svara miklu af því, sem hæstv. ráðh. sagði, en get lýst ánægju minni yfir því, sem hann sagði, að það væri sjálfsagt að greiða fyrir því, að þeir smiðir, sem vinna í vegagerð hjá ríkinu, geti fengið vinnu í landssmiðjunni að vetrinum. Ég ætla að vísu, að vegamálastjóri geti

útvegað þeim atvinnu, en þetta er ákjósanlegast fyrir þá. — Hæstv. forsrh. sagði, að stj. væri ekki sérlega viðkvæm fyrir því, þó að andstæðingar hennar teldu, að hún tefldi á fremstu nöf laga í meðferð mála, og bað mig að nefna einhver dæmi þess. Ég skal nú verða við því og nefna það dæmi, sem hendi er næst, það mál, sem afgr. var hér í þd. þann sama dag, breyt. á þingsköpum Alþingis. Ég ætla, að það sé ekki ofmælt, að með þessari breyt. hafi hæstv. stj. teflt á fremstu nafir stjskr. — Annars svaraði hæstv. forsrh. allt öðru en því, sem ég hafði sagt, og taldi ósamræmi í því hjá mér, að ég skyldi vera á móti þessu frv. um ríkisrekstur á landssmiðjunni, en vilja þó, að hún væri látin halda áfram. Hæstv. ráðh. blandaði þessu alveg saman. Ég mælti ekki orð í þá átt, að ég óskaði, að landssmiðjan yrði lögð niður, og hygg, að það geti vel samrýmzt því, að vera á móti þessu lagafrv. Ég vil ekki, að landssmiðjan sé lögð niður, en ég vil heldur ekki, að þessi l. séu samþ. óbreytt.

Þá kom hæstv. ráðh. með þá fyrirspurn, hvort menn vildu t. d. setja ríkisstj. í þá aðstöðu, að hún yrði að greiða 25 þús. kr. fyrir smíði, í staðinn fyrir 15 þús. kr. Ég ætla, að þetta dæmi sé nokkuð langt sótt, því starfsmenn ríkisstj. gera nokkurn veginn réttar áætlanir um hvert verk fyrirfram, og á þetta sérstaklega við um brúargerðir.

Þá var hann, og ég hygg fleiri hv. þm., að álasa mér fyrir það, að ég hefði lagt trésmíðadeild landssmiðjunnar niður, þegar ég hafði með þau mál að gera. En hæstv. ráðh. hefir því miður verið of gleyminn í þessu efni, því ég hefi í höndum bréf frá stjórn landssmiðjunnar, sem hann átti þá sæti í, þar sem segir á þessa leið: „Þar sem það hefir komið í ljós, að trésmíði fyrir ýmsar ríkisstofnanir er of lítil til þess að borið geti uppi sérstaka trésmíðadeild, og þar sem ekki munu veruleg vandkvæði á því fyrir smiðjuna að hætta þeim rekstri, þá telur stjórn smiðjunnar rétt að leggja þá deild starfrækslunnar niður svo fljótt sem við verður komið, eða frá 1. marz næstkomandi, og reyna nú þegar að selja vélar og áhöld trésmíðjunnar, en það hvorttveggja er í bókum smiðjunnar talið tæplega 6000 kr. virði."

Þetta er skrifað 1933 og undir bréfinu stendur fyrstur formaður stj. landssmiðjunnar, Pálmi Loftsson, og síðastur núverandi hæstv. forsrh. Hermann Jónasson, sem þá átti sæti í stjórn landssmiðjunnar.

Eftir að ég hefi skýrt frá till. hæstv. forsrh., þegar hann var í stjórn landssmiðjunnar og hafði sérstaka aðstöðu til þess að fylgjast vel og nákvæmlega með öllum rekstri hverrar deildar landssmiðjunnar og landssmiðjunni í heild, og eftir að ég hefi sýnt fram á, að till. hans hefir verið þessi, þegar hann hafði sem bezta aðstöðu til þess að kynna sér þetta og skapa sér sjálfstæða skoðun um þetta, þá verður að telja, að ásökun í minn garð fyrir það að leggja þessa deild niður komi úr hörðustu átt. Og yfir höfuð væri honum betra að greiða kinnhestinn þann veg, að hann kæmi ekki í hans eigið andlit.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri mjög álitlegt fyrir landssmiðjuna að taka upp ýmsa nýsmíði, og það myndi verða væntanlega mikill gróði að því. Ég hefi hjá mér upplýsingar frá hæstv. forsrh., þegar hann var sjálfur í stjórn landssmiðjunnar og hafði flestum betur tækifæri til þess að fylgjast með rekstri hennar, því það segir í bréfi því, sem ég vitnaði í áðan: „Það kom stjórn smiðjunnar mjög á óvart af áðurgefnum upplýsingum forstjórans, að þá er rekstur smiðjunnar hefir nú verið nánar athugaður, kemur í ljós, að ýmsar nýsmíðar hafa gefið ýmist lítinn eða engan hagnað, og jafnvel beint tap."

Svo er sagt, að forstjórinn hafi ráðizt í þær til þess að forðast það að segja upp smiðum, og að kostnaður ýmiskonar hafi farið úr hófi fram, en ég skal ekki fara út í það frekar. En ég verð að telja, að það, sem hæstv. forsrh. segir núna um þetta, komi ekki sem bezt heim við það, sem hann hefir skrifað ráðuneytinu, þegar hann átti sæti í stjórn smiðjunnar og hafði þess vegna betri aðstöðu til þess að kynna sér, hvað liði rekstri smiðjunnar og hvað væri til hagnaðar í rekstrinum og hvað ekki. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að 1934 var gróði á rekstri landssmiðjunnar frá því, sem verið hafði áður. Raunar var þessi gróði ekki eins mikill og einn hv. þm. vildi telja. En þetta ár var gróði á rekstrinum, og hygg ég, að sá gróði hafi stafað að nokkru leyti af því, að árið 1933 voru eftir till. stj. gerðar ýmsar sparnaðarráðstafanir, rekstrarkostnaður var t. d. lækkaður um 4000 kr. á mánuði. Auglýsingakostnaður, sem oft hafði verið 2000 kr. á ári, hafði líka verið felldur niður og ýmisleg endurskoðun á rekstri landssmiðjunnar farið fram árið áður, og það kemur fram í gróða á næsta ári. Auk þess vildi svo til, að það þurfti að gera mjög mikið við eitt ríkisskipið, Esju, þar sem ketillinn í henni bilaði. Þó að gróði hafi orðið á landssmiðjunni, þá er það eðlilegt, að svo eigi að vera, en hann hefir því miður reynzt lítill sum árin, og meðan ekki kemur betur í ljós gróði á þeim rekstri, þá ætti ekki að vera ástæða til þess að gera sérstakar ráðstafanir með lögum til þess að auka þann rekstur. Það mun vera hollara að prófa sig áfram án sérstakra lagafyrirmæla.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði af allmiklum móði um þetta mál, og skal ég ekki lá honum það, því það er hans bjargfasta skoðun, að flest eða öll atvinnufyrirtæki eigi að vera rekin af ríkinu, og er það náttúrlega skoðun fyrir sig, og ég get borið virðingu fyrir þeirri skoðun, þegar hún er borin fram af jafneinlægum huga og kemur fram hjá hv. þm. Og þó að hann hafi kastað nokkru til mín, þá hefi ég ekki neina sérstaka tilhneigingu til þess að svara í sama tón um þetta, því þetta er ekki hans venja. En ég verð þó að gera aths. við nokkur atriði í ræðu hans. Hann sagði, að ég hefði sýnt landssmiðjunni fullkomna andúð, þegar ég hafði með þau mál að gera. Ég hygg, að ef hann kynnti sér þetta mál sjálfur, þá sé hann svo sanngjarn maður, að hann mundi taka þessi orð aftur, ef hann kynnti sér þetta nánar, og mun hann þá sjá, að í afgreiðslu stjórnarráðsins hefir fyllilega verið farið eftir till. stjórnar landssmiðjunnar, auk þess sem ég get frætt hann á því, að

ég gerði beinlínis nokkuð til þess, að landssmiðjan fengi verkefni. Ég gerði líka töluvert til þess, að hún gæti innheimt skuldir, sem hún átti útistandandi, að svo miklu leyti, sem því varð við komið, bæði gegnum mitt ráðuneyti og önnur. Það var reynt að gæta þess, þó það tækist ekki alltaf, að landssmiðjan næði skuldum sínum, og það oft vafasömum skuldum, af þeim styrkjum, sem veittir voru af ríkinu. Hv. þm. blandaði því og saman, eins og hæstv. forsrh., og talaði um, að það að vera á móti þessu lagafrv. væri það sama og að vera á móti landssmiðjunni, en það vil ég ekki kannast við. Ég er ekkert á móti henni og ég tel jafnvel rétt, að menn prófi sig áfram með landssmiðjuna, en ég tel ekki ástæðu til þess að setja um hana sérstök lög, þar sem hún hefir starfað án löggjafar hingað til.

Hann var að tala um, og virtist ekkert finna athugavert við það, að ég hefði verið að tala um erlendar kröfur, sem hefðu komið á ríkisstj. vegna landssmiðjunnar. Ég verð að segja, að í þessu tilfelli, þar sem svo stóð á, að vélar höfðu verið keyptar án samþykkis landssmiðjustjórnar, sem ég get sannað með bréfi, og líka án samþykkis hlutaðeigandi ráðh., sem ég hefi líka aflað mér vissu fyrir að því er snertir fyrirrennara minn, — að þegar svo erlendar kröfur komu eftir alllangan tíma á ríkisstj. fyrir þær framkvæmdir, sem gerðar höfðu verið bæði án samþykkis yfirstjórnar landssmiðjunnar og hlutaðeigandi ráðh., þá verð ég að telja það athugavert.

Hv. þm. talaði og um gjaldeyrissparnað í sambandi við þetta mál. Það má segja, að að einu leyti verði sparnaður, og það er að svo miklu leyti, sem hægt er að koma í veg fyrir, að vinna fari úr landinu. En hinsvegar ætla ég, að það sé vafasamur sparnaður að leggja mikið fé í að kaupa þær vélar, sem kosta allmikið fé, en eru til í landinu. Mér skildist á hæstv. fjmrh., þegar hann talaði opinberlega í útvarpið í vetur, að hann varaði atvinnurekendur við því að kaupa nýjar vélar, jafnvel til atvinnurekstrar, nema með sem lengstum gjaldfresti.

Hv. þm. vildi telja, að þau ummæli mín væru ekki á rökum byggð, að landssmiðjunni hætti til að binda of mikið við sig fasta starfsmenn og halda þeim of lengi, án þess að það væru arðberandi verkefni fyrir þá. Ég skal t. d. benda honum á það, að ég tel ekki rétt, að hafðir séu jafnmargir nemendur eins og voru á tímabili í landssmiðjunni. Það getur verið óþægilegt og kostnaðarsamt að binda sig þannig með mikinn kostnað, án þess að hafa nægileg verkefni. Hv. þm. sagði að vísu í öðru orðinu, að landssmiðjan gæti alltaf haft nægileg verkefni, en svo að ég vitni í það bréf, sem ég hefi hér meðferðis, þar sem hæstv. forsrh. er meðal annara undir, þá hygg ég, að út af því geti borið, því í þessu bréfi er einmitt á mörgum stöðum tekið fram, að kostnaðurinn hafi farið úr hófi fram vegna þess, að starfsmönnum hafi ekki verið fækkað í hlutfalli við þverrandi verkefni. Það er öllum kunnugt, að í slíkum framkvæmdum sem þessum er flóð og fjara eins og í öllu atvinnulífi, og það hlýtur því að vera upp og ofan með þetta eins og annað. Það kann að vera, að verkefnunum gæti fjölgað, og þau gætu aukizt nokkuð með því að stuðla meira að því, að viðgerð skipa færi fram innanlands, og ég get verið því meðmæltur að svo miklu leyti, sem það er ekki til stórra þyngsla fyrir atvinnureksturinn. Hinsvegar hefi ég tekið eftir því, að áætlanir manna um það, hversu hér mundi vera um mikla vinnu að ræða, eru mjög á reiki. Ég man ekki betur en þessi hv. þm. nefndi ½ millj. kr. á ári, og ég man ekki betur en hv. þm. S.-Þ. nefndi 2 millj. Í Nd. hefir þetta mál verið til umr., og ég held, að flm. frv., sem fjallaði um þetta, hafi talað um 1 millj. Ég hefi fyrir mér upplýsingar frá tveimur atvinnurekendum, sem ég ætla, að þekki þetta, en annar þeirra er líka bankastjóri; telja þeir, að venjulega muni þetta nema 250—300 þús. kr. á ári. Það er náttúrlega ekki víst, að öll þessi vinna komi í hlut landssmiðjunnar, nema þá að sérstök löggjöf komi til. Ég býst við, að hv. þm. hafi haft það á tilfinningunni, að þessar upphæðir, sem hann og fleiri hafa nefnt, væru ekki alveg áreiðanlegar, enda munar það allmiklu, þar sem sumir segja 200—300 þús., en aðrir 2 millj. Ég held, að hv. þm. hafi haft það á tilfinningunni, að þessi upphæð væri ekki mjög ákveðin, enda bætti hann því við, að vinna við brúarsmíði og vitabyggingar væri alltaf nóg. Ég vil nú spyrja hv. þm. að því, hvað mikið verði byggt af brúm og vitum í ár, því að ég ætla, að menn muni geta gert sér hugmynd um það. Hinsvegar er það öllum ljóst, að það er ekki nema nokkur hluti af brúarsmíði og vitasmíði, sem landssmiðjan getur unnið að.

Hv. þm. var að tala um, að það væri okrað á ríkinu af einstökum fyrirtækjum. Ég skal nú ekki bera blak af þeim, að þau hafi vilja til þess. En ég vil ætla, að landsstj. geti haft þeim verkfræðingum og kunnáttumönnum á að skipa, sem geti nokkurn veginn vitað, hvað sé sannvirði fyrir vinnu á hverjum tíma, auk þess sem til er nokkuð, sem heitir útboð, og hefir það þá stundum komið fyrir, að vinnan hefir verið tekin fyrir neðan það, sem kalla mætti sannvirði.

Hvað mótorana snertir, þá skýtur nú nokkuð skökku við í þessari hv. d. Ég man ekki betur þegar ég hlustaði á umr. í hv. Nd., en að þá væri talað um að fullsmíða mótora. En hér er talað um að hálfsmíða mótora, og lætur það að líkum, að verkefnið minnki að sama skapi. Hitt er rétt, sem hv. þm. tók fram, að það eru notaðar hér of margar tegundir af mótorum. En ég vil ætla, að þetta breytist, og það er þegar farið að breytast, og vil ég þakka það þeim tilraunum með mótora og gæði á þeim, sem fiskifélagið hefir komið á fót. Fiskifélagið getur gefið betri upplýsingar en aðrir um hinar ýmsu tegundir mótora, og ég ætla, að útgerðarmenn hafi yfirleitt notfært sér þær ráðleggingar, og það því fremur, sem það er vitað mál, að undanfarin ár hafa ýmsir útgerðarmenn orðið fyrir allmiklu tapi, vegna þess að þeir hafa tekið upp viðskipti við nýjar verksmiðjur og keypt tegundir, sem aðrir hafa ekki prófað áður. Og ég hygg, að útvegsmenn hafi síðan yfirleitt varazt að detta ofan í þann pytt. Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að þar af leiðandi væru báta-

eigendur að verða tortryggnir gagnvart nýjum mótoragerðum. Hv. þm. málaði það með sterkum litum, hvílk vandræði það yrðu, ef við fengjum ekkert frá útlöndum, og ef okkur vantaði þá mótora. En þarf ekkert frá útlöndum nema mótora? Jafnvel þó við gætum hálfsmíðað mótora hér heima, eins og hann sagði, þarf þá ekki að fá þessa hluti frá útlöndum, sem við getum hálfsmíðað þá úr, og þarf ekki jafnvel þó við gætum alsmíðað þá, að kaupa járn og stál?

Hv. þm. talaði um ágóðann á ári hverju. Ég veit ekki, hvernig hann les reikninga, en ég ætla, að ýmsir aðrir lesi reikninga öðruvísi. Á lið, sem talinn er taps- og ágóðareikningur landssmiðjunnar, ætla ég, að það sé ekki gróði á þetta eina ár, heldur samansafnaður gróði og tap að frádregnum töpum frá undanförnum árum, og þegar litið er til þess, að landssmiðjan hefir alllengi starfað, þá vex mér ekki í augum þessi upphæð, sem er á taps- og gróðareikningnum í árslok 1935. Ég ætla, að það væru 39 þús. kr. En það er upplýst, að þar af eru óinnheimtar skuldir, sem munu vera yfir 30 þús. kr. Ég ætla, að allmikill hluti af þeim sé næsta óviss, a. m. k. mun flestum atvinnufyrirtækjum reynast það svo, að þegar skuldalistinn er kannske margra blaðsíðna skrá yfir smáupphæðir, sem ef til vill eru innan við 100 kr., að þá vilji verða vanskil á slíkum skuldum, svo að ég hygg, að ef nákvæmlega væri farið yfir þetta, þá færi það að verða nokkuð vafasamt.

Hv. þm. spurði um það, hvað það gæti verið á móti bændum, að slík lög sem þessi væru sett, og hvort það snerti bændur nokkurn hlut. Ég hygg, að þó að járnsmíði snerti þá ekki beinlínis nema að litlu leyti, þá snerti það bændur nokkuð, hvort stöðugt er haldið áfram á þeirri braut að gera hvert fyrirtækið af öðru að ríkisrekstrarfyrirtæki. Þegar haldið er áfram stig af stigi og skriðunni hleypt af stað, þá ætla ég, að margur bóndinn fari að hugsa um það, hvar skriðan muni stöðvast, og svo mikið er víst, að þegar bóndi sér, að skriða hleypur ofan hlíðina fyrir ofan túnið hans, þá gefur hann því auga, hvort hún ætli að koma á hans eigið tún. Og ég hygg, að eins og nú er haldið áfram, að alltaf eru tekin fleiri og fleiri fyrirtæki undir ríkið, þá fari að verða ástæða til þess fyrir bændur þessa lands að athuga, hvort þessi skriða fer ekki að hlaupa nærri þeirra eigin túni, og ég vil fullyrða það, að enn séu margir bændur hér á landi, sem kæra sig ekki um að fá þá skriðu heim yfir sín eigin bú, þannig að þar komi ríkisrekstur í stað einyrkjabúskapar. Það má því segja, að þetta mál komi bændum landsins einnig nokkuð við.

Þá kem ég að þeim hv. þm., sem ég reyndar get sleppt að svara, því hann talaði ekkert um málið sjálft. En hann brá út af venju sinni að því leyti, að hann var eins og að afsaka það í ræðu sinni, að hann hefði ekki talað um málið, en þetta var óþarfi, því allir menn í þessari hv. d., og það er raunar þingkunnugt og landskunnugt, að hann gerir það ekki að jafnaði, sá hv. þm., að tala um málin, sem fyrir liggja. Hann hljóp vítt og breitt og komst jafnvel í önnur ríki. Minntist hann á, að þau rækju sínar vopnasmiðjur, sem vel getur verið, að til sé, en þó ætla ég, að það sé ekki almennt. Þá las hann upp heilmikið raus um vegamálastjóra, sagði m. a., að hann ætti hlutabréf í ákveðinni járnsmiðju hér í bænum. Ég skal ekkert um það segja, ég veit það ekki og hefi ekki aflað mér upplýsinga um það. En sami hv. þm. vildi gefa í skyn, að ég ætti einnig hlutabréf í slíku fyrirtæki, og ef það er jafnsatt, sem hann segir um vegamálastjóra, þá legg ég ekki mikinn trúnað á það, því ég hefi aldrei komið nærri neinu slíku fyrirtæki.

Þá var hann eitthvað að tala um, að ég hefði lánað áhöld o. fl. frá landssmiðjunni. Ég veit alls ekki, hvað hann á við, og vísa því algerlega frá mér.

Þá talaði hann um straff, sem ég hefði fengið við síðustu kosningar. Ég held, að það hafi nú ekki verið svo tilfinnanlegt. Ég veit ekki betur en í boði á móti mér hafi verið mætasti, starfhæfasti og þjóðkunnasti maðurinn, sem Framsfl. hafði á að skipa, þ. e. a. m. k. maður, sem ég vil ekki segja um annað en gott eitt, og ætla ég, að ég geri engum framsóknarmanni rangt til, þó að ég segi, að hann sé þeirra hæfasta þingmannsefni. Þennan mann sendi flokkurinn móti mér, og hann bar ekki sigur úr býtum, og svo langt frá því. Það var því ekki um neitt straff að ræða, heldur miklu fremur viðurkenningu.

Þessi sami þm. var og að átelja með sterkum orðum, að ég hefði lagt niður trésmíðadeild landssmiðjunnar. Ég ætla að biðja hann að beina geiri sínum móti öðrum manni, sem nær honum stendur. Ég las áðan upp kafla úr bréfi, þar sem þáv. stjórn landssmiðjunnar leggur til, að trésmíðadeildin verði lögð niður. Í þeirri stjórn átti sæti hæstv. forsrh., og þangað ætti hv. þm. að beina geiri sínum, þar sem hann lagði þetta til.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að ég hefði átt einhverja sök á um rekstur landssmiðjunnar, að þar hafi ekki allt gengið eftir snúru. Ég hefi svarað þessu með því, er ég beindi til hv. 4. þm. Reykv., og ég get bent á aðrar sannanir í því, að landssmiðjan hefir rétt við eftir ráðstafanir, sem gerðar voru að minni tilhlutun eftir till. landssmiðjustjórnar á árinu 1933. Þetta get ég sýnt með bréfum, sem fóru milli mín og stjórnarinnar.

Þá var hv. þm. með ýmsar skáldsögur, og m. a. komst hann inn á fánamálið, ef ég man rétt, og þá minntist hann ennfremur á ábyrgð fyrir bátum á Stokkseyri. Það var ekki ég, heldur þáv. fjmrh. En hv. þm. vill kannske ekki minnast á hann, þegar hann er kominn heim, en hann gat talað um hann, meðan hann var fjarverandi í annari heimsálfu.

Loks minntist hann á raftækjamálin. Ég ætla ekki að svara því, en vil benda honum á að lesa Alþýðublaðið. Þar kom í fyrravetur röggsamleg grein um þessi mál, og finnst mér óþarfi að svara honum nokkru, fyrr en hann hefir lesið hana.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Út af ummælum hv. 10. landsk. þm. um yfirlit það, sem ég gaf um efnahag eða rekstrarafkomu landssmiðjunnar, vil ég segja nokkur orð.

Landssmiðjan hefir fengið úr ríkissjóði frá byrjun til ársloka 1934 kr. 109215,82, eins og sjá má á LR fyrir árið 1934, bls. 70.

Vexti hefir smiðjan greitt öll árin af þessu fé, en henni hefir verið endurgreitt aftur. Árið 1934 greiðir hún í peningum kr. 6209,95 í vexti, en fær það endurgreitt upp í framlag ríkissjóðs, sem það ár var kr. 33 þús. Árið 1935 er ekki enn fulluppgert, en vextir verða greiddir það ár, en viðskipti landssmiðjunnar eru ekki enn uppgerð til fulls.

Fleiri upplýsingar þarf ég ekki að gefa fram yfir það, sem reikningarnir sýna. 31. des. 1934 eru eignir þessa fyrirtækis taldar á reikningi kr. 211243,88, skuldir við ríkissjóð 109 þús. kr., þ. e. höfuðstólinn, við banka 15 þús. kr., og hagnaður á árunum 1930—34 tæpar 50 þús. kr. Hygg ég, að reikningar þessir séu mjög nærri sanni, vil ég benda á, að fasteignir eru virtar um 39 þús. kr., og þó húsin séu gömul, eru þau þó alltaf þess virði; mun það og ekki orka tvímælis.

Vélar og áhöld eru afskrifuð eftir föstum og settum reglum, og eru skráðar á 50 þús. kr., og vörubirgðir metnar á 79 þús. kr.

Útistandandi skuldir eru færðar til reiknings 32800 kr. brúttó, eða að frádreginni afskrift skulda, 2400 kr., 30400 kr. Ég hefi ekki gengið gegnum skuldalistann, en mér er kunnugt um, að nokkur hluti þeirra er hjá ríkisstofnunum, ógreitt þegar reikningnum var lokað, en engin ástæða til að óttast, að þær séu tapaðar. Þó er ein skuld, að ég hygg um 5—6 þús. kr., sem að ég ætla í ráðherratíð hv. 10. landsk. þm. hafi verið gerðir samningar um, og tveir stjórnarmenn landssmiðjunnar tóku að sér greiðslu á. Ég held því, að það sé engin ástæða til að tortryggja, að það, sem talið er hagnaður, sé raunverulegur hagnaður.

Hitt er ekki óeðlilegt, að landssmiðjan, sem byrjaði algerlega fjárvana og engin lán hefir tekið hjá bönkunum, þurfi á nokkru fjárframlagi að halda frá ríkinu.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Nú er orðið svo langt um liðið, síðan orðaskipti fóru fram milli okkar hv. 10. landsk þm., að hafi verið hiti í þeim umr., þá er sá eldur liðinn hjá.

Ég get þó ekki látið hjá líða að svara aths. hv. 10. landsk. þm., þó að ég yrði í raun og veru ekki var við, að hann hnekkti neinu af því, sem ég hefi haldið fram. Hann byrjaði ræðu sína á því, að ég væri sanntrúaður á ríkisrekstur og lifði í þeirri trú, og sagðist hann virða það. Þetta er mér gleðiefni, því að það getur verið fyrr eða síðar, að hugur hans hneigist í þessa átt, og þá er gott að hafa sagt svona orð áður.

Ég skal ekki fara inn á skuldirnar. Hæstv. atvmrh. hefir gefið fullnægjandi skýrslu um það atriði.

En að hv. þm. skyldi lýsa því yfir, að hann væri ekki á móti því, að landssmiðjan væri rekin, tel ég allgóða játningu, það sem hún nær, þó að hann vilji ekki löggjöf í þessu efni. Því hefir verið lýst, hvílík nauðsyn væri á um fyrirtæki sem þetta að hafa löggjöf til stuðnings, svo ekki væri hægt að rífa það niður til grunna, án þess að brjóta lögin, eða þá að kæmi fyrst til meðferðar á löggjafarþingi þjóðarinnar. Þetta öryggi er það, sem við viljum fá, er hlynntir erum þessum rekstri, og mér skilst, að hv. 10. landsk. sé ekki á móti því.

Um það atriði, hvort rétt hafi verið að innleysa kröfu fyrir vélar, sem pantaðar voru í leyfisleysi stj. fyrirtækisins og ráðh., þá býst ég við, að hér verði eins og víðar, að framkvæmdarstjóri geti ekki alltaf komið því við að kalla saman stjórnarfund, hvað þá ráðuneytisfund, og hygg ég, að meiri hl. landssmiðjustj. hafi litið svo á, að þetta væri sjálfsögð ráðstöfun, eins og gert var. Enda sjálfsagt, að framkvæmdarstjóri hafi á hendi jafnsjálfsagðar ráðstafanir. — Þá minntist hann á gjaldeyrisspursmálið í þessu sambandi. Ég hygg, að það sé einn liður í okkar gjaldeyrisreikningi, enda viðurkennt af þinginu og gjaldeyrisnefnd, að okkur sé nauðsynlegt að fá öll þau tæki inn í landið, sem þarf til rekstrar atvinnuveganna og til að halda starfseminni gangandi. Ég hefi ekki orðið var við annað en bændur hafi fengið innflutning fyrir sínar landbúnaðarvélar, og að iðnaðurinn hafi fengið innflutning á sínum nauðsynjum að svo miklu leyti, sem þörf hefir krafið. Það, sem gerist í sambandi við landssmiðjuna, er ekki annað en að hún þarf að fé vélar, sem sumpart eru ekki til hjá öðrum smiðjum og sumpart eru nauðsynlegar til að halda rekstrinum gangandi. Mun gjaldeyrisnefnd segja til um það, hvort hún telur þann innflutning borga sig, þannig að með þessum vélakaupum sparist gjaldeyrir fyrir vörukaup, sem annars hefði orðið eða verður að gera.

Ég minntist á það í fyrri ræðu minni, að það væri margt í járniðnaðinum, sem gæti komið til greina að vinna í landinu sjálfu, þar á meðal skipaviðgerðir. Mér skildist, að hv. 10. landsk. þm. vildi draga í efa, að þar væri um verulegar upphæðir að ræða. Ég hefi ekki gögn til að sanna þetta til fulls, en ég hefi nefnt ½ millj. kr., og mun það sízt ofmælt, því okkar skipastóll þarf miklar viðgerðir, eins og skipin eru orðin gömul. Nauðsynlegt viðhald er mikið, og t. d. má þar nefna okkar 37 togara; mun klössun og viðhald á þeim skipta hundruðum þúsunda, og árlega mun þurfa í viðgerðir á okkar flutningaskipum 30—40 þús. kr., að svo miklu leyti sem unnt er að framkvæma þær viðgerðir hér heima. En það skal játað, að okkar tæki eru ekki svo fullkomin, að hægt sé að gera við þau stærstu. Þá vil ég í þriðja lagi benda á viðgerðir á erlendum skipum, sem verða fyrir sjótjóni hér við land og þurfa oft á stórfelldum viðgerðum að halda. Það er beinlínis fundin vinna inn í landið. Við höfum sorgleg dæmi um, að orðið hefir að lappa upp á skipin, svo þau með aðstoð annara skipa hafa getað flotið út yfir pollinn. En ef við hefðum aðstöðu til vandaðri viðgerða, værum við hér að skapa okkur vinnu, sem nú er framkvæmd af erlendum þjóðum, en þetta er ekki hægt, nema hafa þær vélar, sem álitið er sómasamlegt á skipaviðgerðarverkstæðum. Því hefir verið haldið fram af hv. þm., að aðrar smiðjur hefðu þessar vélar, en þær hafa það ekki nema að nokkru leyti. Ég er þeirrar skoðunar, að landssmiðjan, sem hefir ⅓ af járniðnaði bæði að mannafla og verkefnum, eigi að hafa aðstöðu til

þess að vera samkeppnisfær við aðrar smiðjur, eða a. m. k. ekki verri aðstöðu en aðrar smiðjur, og það ætti að vera þjóðarmetnaður, að ríkið hlypi undir bagga, svo unnt yrði að annast þessar viðgerðir.

Um starfsmannahald skal ég ekki deila við hv. þm. Hann játaði að vísu, að nú væri annað um nemendahald en hefði verið í hans ráðherratíð, enda eru nú, eins og ég hefi upplýst, komnar um þetta fastar reglur hjá sveinunum, hversu marga nemendur fyrirtækin megi taka í hlutfalli við sveinatölu, og með þessu er fyrirbyggð óeðlileg fjölgun. — Þá komst hann inn á, að viss tímabil þyrfti fleira fólk vegna mikilla verkefna. Því er til að svara, eins og ég hefi gert, að oft má haga því svo til, ef smiðjan getur fengizt við mörg verkefni, að þá er sumt látið bíða, meðan mesta annríkið er og lokið er því, sem mest er aðkallandi.

Skal ég þá víkja að því, sem vakir fyrir mörgum, að landssmiðjan komist að raun um, hvað býr í okkar lagtæku og hugvitssömu iðnaðarmannastétt, og í því sambandi hefir verið minnzt á mótorasmíði, sem er nú e. t. v. ekki eins mikið galdraverk og menn hafa haldið. Í fyrsta skipti er þeir sáust hér, fannst mönnum, að hér væri hið mesta völundarsmíði og hreint galdraverk, en nú þykir mönnum þetta ekki, því margir fást nú við viðgerðir á þessum hlutum. Hitt er annað mál, hvort við getum smíðað svo þessar vélar, að standist samkeppni; úr því verður reynslan að skera. En um það verður ekki deilt, að þetta mótorafargan er komið svo langt, að til stórvandræða horfir, og er til stórtjóns fyrir alla fiskimenn, jafnt þá, sem stunda þessa atvinnu, og hina, sem reka hana. Ég get upplýst hv. þm. um það, að í skipum, sem eru yfir 12 smál. að stærð, eru nú 405 tegundir, og er í mörgum tilfellum aðeins til ein vél; svo eru þar að auki öll smærri skip fyrir neðan 12 smál., bæði trillubátar og smámótorbátar, og segja mér kunnugir menn, að vélar í þeim skipti hundruðum tegunda. Nú er vitanlegt, að margar þessar vélar eru úreltar að gerð og eyðslu. Og er þeim laumað inn á menn með skrumauglýsingum um lágt verð, litla eyðslu, góða greiðsluskilmála o. s. frv. En svo þegar eitthvað bilar, þá standa menn uppi í vandræðum um miðja vertíð; engir varahlutar til. Gæti ég nefnt um það mörg sorgleg dæmi, ef ég vildi eyða tíma í það; jafnvel eru dæmi um vélar, sem taldar eru góðar teg., að þess hafi ekki verið gætt að hafa til varahluti í hlutfalli við vélafjöldann. Ég hefi m. a. tvö dæmi frá Ísafjarðardjúpi, þar sem svo stóð á, að leggja varð tveimur bátum um miðja vertíð af þessum sökum. Mundi mikið unnið, ef landssmiðjunni yrði gert kleift að hafa til nægilega varahluta. Annars þarf ég ekki að deila við hv. þm. um þetta; ég fann, að hann var að vakna til skilnings um þetta atriði. Taldi hann, að fiskifélagið væri á góðum vegi með að sannfæra menn um, hvert gildi val mótoranna hefði, en þó fræðsla fiskifélagsins hafi mikið að segja í þessum efnum og hafi e. t. v. vakið menn til umhugsunar, þá er það hvergi nærri nægilegt. Er hætt við, að menn fari ekki alltaf að ráði þeirra, sem bezta hafa þekkinguna.

Nú hefi ég orðið var við, að menn gera lítið úr þessari fyrstu tilraun; en einhverntíma verðum við að byrja. Það eru ekki mörg ár síðan allir þeir, sem vildu fá sér húsgögn, urðu að fá þau frá útlöndum. En reynslan hefir sýnt, að menn vilja heldur innlend húsgögn, ef þeir geta fengið þau.

Þá gerði hv. þm. gys að mynd þeirri, sem ég dró upp af heimsstyrjöldinni, og þeim orðum minum í því sambandi, að varasamt gæti verið fyrir okkur að standa uppi allslausir um vélar og annað slíkt, ef ný styrjöld skyldi brjótast út. Ég skal játa, að það er margt fleira en vélar, sem hér getur komið til greina. Og vitanlega verða vélarnar ekki búnar til af engu. En ef til vill gætum við þó náð í efnið frá öðrum þjóðum, sem gætu ekki látið okkur hafa sjálfar vélarnar.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á dæmið um túnið og skriðuna, sem hv. þm. kom með. Hann sagði, að þegar skriðan félli á túnið, færi allt í kalda kol. Mér finnst dæmið ekki vel valið. Ég sé ekki, að nein skriða sé að falla á túnið, þó að Alþingi samþ. að koma upp landssmiðju. Mér skilst hv. þm. álíta, að síðan eigi að fara inn á svið bænda og taka af þeim búreksturinn. Ég skal ekki neita því, að sumir menn álíta búskapinn betur rekinn af ríkinu en einstaklingum, og er ég þeirrar skoðunar. Býst ég við, að fjöldi bænda álíti það betra að vera leiguliði á ríkisjörð en að þurfa að streitast alla æfi við að festa kaup á ábúðarjörð sinni og takast það ef til vill aldrei. En ég get hinsvegar fullvissað hv. þm. um, að óttinn við það, að skjótlega dragi til þess, að búreksturinn verði tekinn úr höndum bænda, þó að þetta frv. verði samþ., er alveg ástæðulaus. Hann getur verið með málinu þess vegna.

Ég held, að ég hafi þá svarað megninu af því, sem hann beindi til mín. Hann dró þó í vafa, að það væri rétt hjá mér, að hann hefði alltaf verið andvígur þessu fyrirtæki. En ég hefi þó nokkur kynni af því, að ekki þóttu sérlega greiðlegar undirtektir við skeyti, sem landssmiðjan sendi í stjórnarráðið, þegar hann var ráðh., og bólaði jafnvel á því, að verk væru sabóteruð úr höndum smiðjunnar. Nú er það vitanlegt, að landssmiðjan hefir mjög haldið niðri verðlagi á ýmsu því, er járniðnaði tilheyrir. Og þegar reist var svokölluð stálsmiðja hér í bæ, sem hefir einkarétt á stálsmíði, af því að landssmiðjan hefir ekki samskonar tæki og þessi smiðja og getur ekki keppt við hana, þá hækkaði verðlag á slíkri vinnu um 50—100%, og verður að telja þetta mjög hættulegt.

Ef landssmiðjan er ekki til, þá er enginn keppinautur, sem býður niður þau verk, sem ríkið þarf að láta vinna. Landssmiðjan er bezti hemillinn á því, að verðið fari upp úr öllu valdi. Þegar „Héðinn“ og „Hamar“ voru hér einir um hituna, var álagningin gífurleg á þeim verkum, sem unnin voru fyrir ríkið a. m. k., þó að þeir hafi e. t. v. unnið fyrir aðra lægra verði. Nú hefir þetta breytzt nokkuð, enda sagði einn af hluthöfunum við mig, að nú væri svo komið um „Hamar“, að hann væri dauður. Ég spurði hann þá, hvort „Hamar“ hefði haft allan sinn gróða af ríkinu, og gat hann ekki neitað því. Þetta er

frá mínu sjónarmiði ekki sízt ástæðan til þess, að efla beri landssmiðjuna, svo að hún geti smíðað sem flest umfram aðrar smiðjur hér á landi.

Tel ég svo ekki ástæðu til að svara fleira af því, sem hv. þm. hélt fram.

Forseti (EÁrna): Ég tel nú umr. um málið farnar að dragast úr hófi fram, svo að ástæða sé til að takmarka þær nokkuð, sérstaklega þar sem hv. frsm. n. eru að miklu leyti horfnir úr umr. Mun ég því eftir næstu ræðu takmarka mjög ræðutímann.

***Jón Auðunn Jónsson:** Ég var ekki viðstaddur fyrra hl. umr. og heyrði því ekki andsvör þau, sem ræða mín vakti hjá hv. stjórnarliðum, en ég hefi þó farið yfir ræður þeirra í handriti.

Hv. 4. þm. Reykv. kvað það ekki vera meiningu þeirra, sem að frv. standa, að stofna til einokunar á mótorvélum. En hann sagði það þó vera svo, eins og gengur í frjálsri verzlun, að keyptar væru til landsins fleiri tegundir véla en þörf væri á, og að þetta fengist ekki leiðrétt nema með einkarétti á sölu véla. Hann færði nokkur rök að þessum orðum, m. a. þau, að skip lægju hér oft aðgerðalaus hálfa vertíðina, af því að vélarnar hefðu bilað og varastykki fengjust ekki. Hann sagði, að þetta hefði komið fyrir hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga. Þetta er rétt. En það var einmitt forstjóri félagsins, sem hafði umboð fyrir þessa tegund véla hér á landi. Hann hefði átt að vita, að stimplar þessara véla endast ekki nema svo sem 15 mánuði, og hafa þá á lager. Hv. 4. þm. Reykv. ætti að geta gert það fyrir þennan vin sinn að setja upp spjald á skrifstofu hans með áminningu um að hafa til þessa varahluta. Þá ætti ekki að þurfa að taka upp neina einkasölu á vélum.

Hv. þm. segir, að til þess að tryggja þessa einkasölu þurfi l., því að erfiðara muni að leggja niður aftur landssmiðjuna, ef slík l. væri búið að setja. Ég get nú í þessu sambandi minnt hann á, að hér voru l. um einkasölu á síld, en ráðh. sá, sem þá var, bjó aðeins til bráðabirgðal. og lagði hana niður.

Annars verð ég að segja, að eftir að hafa kynnt mér svolítið nýsmíðastörf hér á landi, býst ég ekki við að geta mælt með þessu máli, jafnvel þótt betri rök væru færð fram fyrir því. Ég veit t. d. ekki betur en að landssmiðjan hafi tekið að sér smíði á miðstöðvarkatli í safnahúsið hérna. Slíkur ketill kostaði í Danmörku 1300 kr., en landssmiðjan tók 4000 kr. fyrir hann, en þegar svo búið var að smíða ketilinn, reyndist hann ónothæfur. Forstjóri einkafyrirtækis eins leit á ketilinn og lýsti yfir því, að hann þyrfti mikilla endurbóta við og að slíkar endurbætur myndu kosta um 1800 kr., og myndi hann þó ekki verða jafngóður og útlendur ketill. Ég get þá þessu samkvæmt hugsað mér, að mótorvélar, sem við gefum nú fyrir 4—5000 kr., muni kosta svo sem 9000 kr. smíðaðar af landssmiðjunni, og verða þó e. t. v. ónothæfar.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hér vantaði vélar til almennra viðgerða á skipum. Þetta er ekki rétt. Vélar til ketilsmiða, logsuðu o. fl., sem gera þarf, eru til. En hér vantar slipp fyrir stór skip. Erlendir togarar, sem skemmzt hafa, láta sér vanalega nægja að láta lappa upp á sig hér, af því að þeir vilja láta gera verkið heima hjá sér að svo miklu leyti sem hægt er. En hér er hægt að gera við slit á skipum. Að vísu er hér ekki hægt að renna öxul í 2000 tonna skip, en þess þarf heldur ekki með, því að slík skip er ekki hægt að taka í Slippinn.

Hv. þm. sagði, að eftir að landssmiðjan hefði tekið til starfa, hefði hluthafi einn í „Héðni" eða „Hamri" sagt, að nú væri búið með þá, því að þeir hefðu haft allan sinn gróða frá ríkinu. Ég veit til þess, að „Hamar" hefir haldið áfram að starfa fram á þennan dag, og eru þó líklega nokkur ár síðan hv. þm. átti þetta samtal við hluthafann. Ég fyrir mitt leyti legg ekki mikinn trúnað á svona lagað, en vona þó, að hv. þm. lofi þessu að standa í þingtíðindunum, svo að viðkomandi geti leiðrétt það.

Annars hefi ég bent á, að ekki væru líkur til, að við gætum smíðað mótorvélar, nema þá að okkur tækist að framleiða nýjar tegundir, er rutt gætu sér til rúms erlendis. Sjálfir notum við ekki svo mikið af vélum, að það gæti borgað sig að smíða aðeins til innlends brúks. Ég þekki eitt vélaverkstæði erlendis, þar sem kunningi minn er forstjóri. Hann sagði við mig, að þetta verkstæði teldi sig ekki hafa hag af að framleiða vélar, sem það gæti ekki selt a. m. k. 300 stykki af á ári. Þeir selja sínar vélar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og eitthvað hefir ef til vill komið hingað. Líka selja þeir á Shetlandseyjum og Norður-Skotlandi.

Ég sé í ræðu hv. þm. S.-Þ., að hann er að víkja því að mér, að ég sé umboðsmaður mótorvéla, eigi í mótorverkstæði eða slíkt. Það er enginn fótur fyrir því. Ég hefi engra hagsmuna að gæta í þessu máli, nema almennra hagsmuna. En ég er viss um, að ef þessu máli verður komið fram, eru landsmenn skaðaðir um tugi eða jafnvel hundruð þúsunda.

Að halda því fram, að það snerti ekki bændur, þótt farið sé gálauslega með fé landsins og því hent á glæ, tel ég bera vitni um þröngan sjóndeildarhring alþm. Hv. 4. þm. Reykv. mun að vísu vera tamt að líta aðeins á hag einna eða tveggja stétta í landinu, en hann er þó engu að síður kosinn til að vernda hagsmuni allra stétta.

Enginn hefir lagzt á móti því, að ríkið hefði verkstæði til að annast störf, sem það þarf að láta vinna, svo sem brúarsmíði o. fl. Fer bezt á því, að öll slík störf séu saman komin á einum stað, því að leikni manna verður meiri í hverju einu, því lengur sem að því er unnið. Þetta viðurkenndi okkar ágæti maður Jón heitinn Þorláksson, og var hann þó enginn ríkisrekstrarmaður. En hann viðurkenndi, að mikið hagræði væri að fá hvert verk jafnan unnið á sama stað til þess að þroska leiknina sem mest. En að ríkisstj. fari að setja upp fyrirtæki aðeins til að sýnast eða þá til að skaða ímyndaða keppinauta í landinu, það verður að teljast utan við verkahring hennar.

***Þorsteinn Briem:** Það verður ekki auðvelt að svara á 5 mín. öllu því, sem að mér var beint.

Hv. 4. þm. Reykv. gat þess, að ég virti skoðun hans. Ég virði allar skoðanir, sem ekki eru keyptar. Og ég vænti þess, að hann hafi ekki látið kaupa sína skoðun.

Að því er vélakaupin snertir, minnti ég á það, að hæstv. fjmrh. hafði hvatt til þess í útvarpinu, að menn spöruðu þau sem mest við sig. Hv. þm. sagði nú í því sambandi, að það væri viðurkennt af ríkisstj. og gjaldeyrisn., að hin mesta nauðsyn væri á því að veita innflutningsleyfi á öllum þeim vélum, sem nota þyrfti til lands og sjávar. Ég vil nú spyrja hann: Er ekki hitaveitan mikið nauðsynjafyrirtæki? Og hvernig gekk að fá tilraunaborinn frá útlöndum? Er nú liðið meira en ár síðan sótt var um gjaldeyrisleyfi, en það er ekki fengið enn. Ef til vill er innflutningsnefnd nú búin að veita innflutningsleyfið, en gjaldeyrisleyfi ætla ég, að ekki sé enn fengið, og hygg ég, að þar hafi ekki verið nægilega góðar undirtektir hjá gjaldeyrisnefnd. Ég get nefnt minni hluti en vélar, sem illa hefir gengið að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir. Ég get minnt á þau hér — og hefi gert það oftar en einu sinni áður — netin, sem ekki fengust, þegar hægt var að ausa upp síldinni hér á Faxaflóa í haust, netin, sem ekki fengust til að veiða í þorskinn við Vestmannaeyjar. Og sömu sögu er að segja hér af Akranesi; þar hafa ekki fengizt net. Aðeins einn bátur var svo heppinn að eiga net, hinir hafa engin net fengið og ekki náð bröndu úr sjó. (**SÁÓ**: Hefir ekki Sigurjón á Álafossi net?). Sigurjón getur búið til net, ef hann fær innflutningsleyfi fyrir netagarni, en ég veit ekki til þess, að netagarn sé fyrirliggjandi, og fiskurinn bíður hvorki eftir Sigurjóni á Álafossi né innflutnings- og gjaldeyrisnefnd.

Svo er þetta, sem talað er um viðgerðir vegna skipaútgerðar. Þar eru engar ákveðnar tölur. Sumir tala um ¼ milljón, aðrir um ½ milljón, sumir um 1 milljón og enn aðrir jafnvel um 2 milljónir — og þetta er allt sagt um sama hlutinn. Vitanlega kosta viðgerðirnar mikið fé, en mikið af þeim er framkvæmt hér á landi. Ég hygg, að menn taki munninn fullan, ef þeir segja að fari árlega út úr landinu 40—50 þúsund krónur fyrir viðgerð á togara.

Hv. þm. viðurkenndi, að í þessari iðn væri flóð og fjara, og hann bar heldur ekki við að neita því, sem ég sagði og upplýst er orðið, að þegar átt hefði að halda landssmiðjunni við með smásmíði, þá hefði verið tap á þeim rekstri. Um smíði á mótorum er það að segja, að ég veit ekki til, að nokkurt einkaleyfi þurfi fyrir þeirri smíði, og sé ég ekki, að nokkur þörf sé á þessu frv. af þeirri ástæðu. Hinsvegar er það vitanlegt, að í fáum greinum eru framfarirnar eins örar eins og einmitt í þessari grein, og ef hætta er á því, að ekki takist að hafa mótorana fyllilega sambærilega við það allra nýjasta, sem til er í þeirri grein, þá er vitanlega verra en tilgangslaust að smíða þá. Ég benti á það í fyrstu ræðu minni, að fiskifélagið hefði haft með höndum merkilegar tilraunir á mótorum, og hefði þessi tilraunastarfsemi þegar borið nokkurn árangur, þótt ekki væri fengin full reynsla um allar vélar. Vænti ég, að þessi starfsemi félagsins haldi áfram og menn læri að velja sér eingöngu fullkomnar vélar, og láti ekki ginnast af skrumauglýsingum um óhentugar eða ónýtar vélar.

Þá talaði hv. þm. um þá húsgagnasmíði, sem nú er hér innanlands. Þurfti nokkurn ríkisrekstur eða nokkra einokunarlöggjöf til þess að koma þeirri smíði af stað? (**SÁÓ**: Er ekki innlenda húsgagnasmíðin vernduð með tolli?). Það eru margar aðrar innlendar vörutegundir tollverndaðar, og um það þarf enga sérstaka löggjöf. — Það hefir ekki verið talið, að hér þyrfti ríkishúsgagnaverksmiðju.

Hv. þm. efaðist um, að það dæmi, sem ég tók af skriðu, ætti hér við. Vildi hann telja, að þetta væri svo lítið atriði, að ekki ætti við að líkja því við skriðu. En er það ekki einmitt einkenni skriðunnar, að í fyrstu er hún smá? Fyrst losnar lítil tá, en svo tekur hún æ meira og meira með sér, og eftir því, sem lengra kemur niður hlíðina, verður skriðan geigvænlegri, og hleypur svo að lokum yfir tún og engjar, byggð og bæi, og eyðir því, sem fyrir verður. Ég get vel hugsað mér það, að þegar bóndinn sér ríkisreksturinn vaxa ár frá ári, þá fari hann að hugsa til skriðunnar, og að svo geti farið, að hún renni yfir sveitirnar, ekki eingöngu á þann hátt, að jarðir verði keyptar af bændum, heldur jafnvel líka þannig, að búreksturinn verði framkvæmdur af ríkinu. Það eru til þeir menn í þessum flokki, sem vilja það, að allir verði launamenn hjá því opinbera, og þegar svo er komið, þá fer nú víst að ganga vel með fjárhaginn.

***Sigurjón Á. Ólafsson**: Ég ætla engu að svara hv. 10. landsk., en beina örfáum orðum til hv. þm. N.-Ísf. Hann vildi draga það í efa, að ég hefði farið rétt með, að það hefði verið óeðlileg álagning hjá vélsmiðjunum á þau verk, sem ríkið hefði látið vinna þar, og að gróði þeirra hefði stafað af því. Hann dró það í efa, að nokkur hluthafi hefði haft þau orð við mig, sem ég sagði áðan, enda þótt „Hamar" hefði ekki gengið með eins glæsilegum árangri síðan ríkið hætti að láta vinna þar.

Ég hygg það efalaust, að bændur og búalið græði á því, að landssmiðjan geti tekið að sér fjölþætt smíði, og ríkið og aðrir þeir, sem slík verk þurfa að láta vinna, séu þannig losaðir undan því, að einstaklingsfyrirtækin geti lagt á þessi verk eftir eigin vild, eins og þau gátu, meðan enginn var til að bjóða á móti þeim. Ég hygg, að flestir muni sammála um, að ríkinu sé það skaðlegt að vera ofurselt geðþótta einstakra fyrirtækja um verðlag á því, sem það þarf að láta vinna, og óliku sé það heppilegra fyrir ríkið að hafa sjálft smiðju og losast þannig við, að okrað sé á því af einkafyrirtækjum, eins og áður var gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 163, 384).

*__Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)__: Þegar frv. þetta var til 2. umr. hér, eða a. m. k. við 1. umr., var því haldið fram af hæstv. stj. og öðrum, að hér væri um það að ræða að stofna til fyrirtækis, sem ríkið ræki svo í frjálsri samkeppni við önnur samskonar fyrirtæki til þess að tryggja, að ríkisstj. geti fengið verkin unnin fyrir sanngjarnt verð, en ekki til þess að skapa þessu fyrirtæki óeðlilega sérstöðu. Ég vefengdi, að með frv. væri landssmiðjunni sköpuð þessi aðstaða, og lofaði að bera fram brtt. við 3. umr., sem miðaði í þá átt að veita smiðjunni í raun og veru hliðstöðu við aðrar samskonar smiðjur. Er þó ekki lengra farið en svo, að smiðjan stendur alltaf vel að vígi um það að hafa aðgang að landsfé og er eftir sem áður ríkisfyrirtæki. Þessar brtt. mínar á þskj. 384 miða fyrst og fremst í þessa átt. A-liður brtt., við 2. gr. frv., gengur út á það, að ráðh. skuli jafnan láta prófa með útboði, hvort tilboð landssmiðjunnar geti talizt eðlileg, en eins og frv. er nú, er aðeins heimild til þessa. Og þar sem hæstv. stj. hefir lýst yfir því, að hún muni tryggja, að verðlag landssmiðjunnar haldist alltaf eðlilegt, skil ég ekki að hún verði því mótfallin, að þetta standi í l. B- og c-liðir brtt. við 2. gr. eru í raun og veru ein till. Í frvgr. stendur um nýsmíðar, sem íslenzkir hugvitsmenn hafa gert uppdrætti að, að um væntanlega nytsemi smíðanna skuli leita umsagnar kunnáttumanna, er ríkisstj. tilnefnir. Þarna er ekki nógu vel um búið. Mér finnst þurfa að tryggja þetta betur, því að það er ekki nógu vel tryggt með því, að hver ráðh. geti útnefnt svokallaða kunnáttumenn eftir sínum geðþótta til að meta nytsemi þessara verka. Ég legg því til, að þetta verði lagt undir dóm þriggja manna n. Og eru þá ekki aðrir aðiljar eðlilegri til að útnefna þessa menn en Landssamband iðnaðarmanna, Verkfræðingafélag Íslands og svo ráðh. Ég held, að ekki geti orðið ágreiningur um það, að heppilegra er að láta fagmenn útnefna þessa n., en ekki ráðh. einan, sem aldrei er að vita, hve mikla þekkingu hefir eða góðan vilja. Ráðh. eru alltaf pólitiskir menn.

Hinar tvær brtt. miða svo enn í sömu átt og sú fyrsta. Sú fyrri er þess efnis, að verð lóða þeirra, sem afhenda skal landssmiðjunni samkvæmt 3. gr., skuli reikna sem lán til smiðjunnar, og endurgreiðist það samkvæmt 4. gr. Liggur það í augum uppi, að lóð þessi er ekki annað en fé, sem til smiðjunnar er lagt. Fær ekkert fyrirtæki slíkt fé ókeypis, fremur en annað fé. Smiðjan verður að endurgreiða lóðina, en henni er hinsvegar hagur að því að fá þessa lóð. Verð lóðarinnar reiknast eftir fasteignamati, en lóðir í Rvík eru yfirleitt vel kaupandi fyrir fasteignamatsverð.

III. brtt. er svo við 7. gr. frv., og er hún mikilsverð. Miðar hún að því, að landssmiðjan greiði öll opinber gjöld til ríkis og bæjar, eins og einkafyrirtæki. Að vísu er í frv. gengið út frá því, að smiðjan greiði útsvör og skatt, en hún á að greiða þetta eftir öðrum reglum en einkafyrirtæki. En með brtt. minni er þessu svo komið fyrir, að ekki er hægt að vefengja.

Þessar brtt. mínar eru í samræmi við það, sem ég veit, að er álit allra hér, að landssmiðjan eigi að starfa hliðstætt öðrum samskonar fyrirtækjum.

*__Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)__: Ég verð að segja, að mér fellur ekki við brtt. hv. þm. Get ég heldur ekki fallizt á þá staðhæfingu hans, að það sé ætlun þeirra, sem að frv. standa, að landssmiðjan skuli starfa sem einkafyrirtæki í frjálsri samkeppni. Ætlunin er einmitt að tryggja henni nokkra sérstöðu.

Ég er mótfallinn 1. brtt., að ráðh. skuli jafnan sanna með útboði, að verð landssmiðjunnar sé eðlilegt. Álít ég ekki rétt að binda þetta svona fast, þar sem það getur skapað óheilbrigða samkeppni. Ég segi þetta af því að mér er kunnugt um, að ekki er ástæðulaust að óttast slíkt.

Nú er það svo, að settur er ákveðinn taxti um verðlag á vinnu þeirri, sem landssmiðjan framkvæmir, og er taxti þessi settur af forstjóra smiðjunnar og síðan endurskoðaður af stj. hennar. Er ætlazt til, að taxti þessi gildi um alla almenna vinnu, en þó getur hann breytzt og lækkað, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Ég álít ekki rétt að breyta þessu fyrirkomulagi. Ef lítið er að gera hjá smiðjum yfirleitt, verður landssmiðjan að halda að sér þeirri vinnu, sem ríkið lætur framkvæma. Slíkt hið sama myndi hver einstaklingur gera, ef hann ætti fyrirtækið. Þess vegna myndi ríkið líka láta smiðjuna vinna fyrir sig, jafnvel þótt verðlag hennar reyndist eitthvað ofurlítið hærra en hjá öðrum, enda gæti það vel komið fyrir, að aðrar smiðjur byðu óeðlilega lágt í hin og þessi verk til þess að sýna, að þær væru samkeppnisfærar, eða til þess að skapa landssmiðjunni álitshnekki, eða þá til þess að draga að sér vinnu, þegar lítið er að gera.

Við b- og c-lið I. brtt. finn ég ekkert athugavert annað en það, að undir vissum kringumstæðum gæti staðið svo á, að aðrir aðiljar væru dómbærari en verkfræðingafélagið og Landssamband iðnaðarmanna, t. d. ef um væri að ræða einhverja nýbreytni, er snertir landbúnaðarvélar. Þar býst ég við, að fulltrúar búnaðarfélagsins væru heppilegri dómendur.

Starfsmenn þessir, sem iðn stunda í útlöndum, sjá þar oft ýmsar nýjungar, og mönnum hér geta dottið í hug ýmsar nýjungar vegna auknar þekkingar. Ég tel, að brtt. skipti ekki miklu máli og sé í flestum tilfellum eðlileg, en ég sé ekki ástæðu til þess að láta hana tefja málið, svo ég mun greiða atkv. á móti henni.

Þá er brtt. við 3. gr., og mun ég einnig greiða atkv. á móti henni. Ég álít ekkert athugavert við það, þótt ríkissjóður hlynni nokkuð að þessari stofnun sinni, svo að hún hafi að einhverju betri aðstöðu heldur en einkastofnanir, sem við hana keppa, og mér finnst það ekki um of, þótt ríkissjóður láti þessa lóð af mörkum. Hún hefir ekki gefið ríkissjóði tekjur, og ég sé enga ástæðu til að breyta þessu. Ég játa það, að stofnuninni er ívilnað með þessu, en ég sé ekkert á móti því. Ríkið ívilnar þar sjálfu sér og sinni stofnun.

Þá er brtt. við 7. gr., og er um það, að landssmiðjan skuli greiða útsvar. Ég hefi sagt það áður, að með þessu frv. er stofnuninni sköpuð sérstaða, og er það eins með þeim ákvæðum, sem

um þetta gilda. Ég tel sjálfsagt, að fyrirtækið greiði tekjuskatt til ríkissjóðs, en útsvör aðeins vissa prósentu, eins og önnur slík fyrirtæki. Ég mun því einnig greiða atkv. á móti þessari brtt., og vænti ég þess, að frv. þetta nái framgangi í þeirri mynd, sem það nú hefir.

*Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Ég get í raun og veru unað mjög vel við svör hæstv. atvmrh. Ég bar þessar brtt. fram til að nota þær sem prófstein á sannleiksgildi þess, sem meðmælendur frv. höfðu haldið fram, að hér ætti svo sem ekki að vera um nein sérstök hlunnindi að ræða, heldur ætti að láta þessa stofnun starfa við sömu skilyrði eins og önnur fyrirtæki, sem eru í þessari iðngrein. Ég hefi nú, með því að nota þennan prófstein, sannað það, að þetta er ekki tilgangurinn, heldur er hann einmitt sá, að skapa þessu fyrirtæki sérstöðu, og með þessari prófun kemur það sama í ljós, sem alltaf kemur fram, að þeir, sem eru með ríkisfyrirtækjum og vilja láta ríkisvaldið gleypa sem mest af öllum atvinnurekstri, þeir treysta ríkisfyrirtækjunum aldrei til þess, þegar á það reynir, að starfa og þróast í frjálsri samkeppni. Þeir vita, að þau standast ekki, nema með því að hafa sérstök hlunnindi, og þar með eru þessi ríkisfyrirtæki í raun og veru dæmd af þessum mönnum. Þetta sama endurtekur sig vitanlega hér. Landssmiðjan á ekki að þurfa þess með, að hún sé samkeppnisfær, hún er gerð í öðrum tilgangi en þeim að stuðla að hagstæðum kaupum fyrir þá, sem við hana þurfa að verzla.

Þetta var mér reyndar fullljóst áður, og við erum orðnir of reyndir stjórnarandstæðingar til þess, að við búumst við því eða ætlumst til þess, að brtt. okkar nái framgangi, og þá auðvitað sízt þær, sem raska þessum grundvelli, sem þeir hv. stjórnarflokkar reisa ríkisfyrirtæki sín á. Hinsvegar var það mjög áberandi, hversu lítil rök hæstv. atvmrh. gat borið fram á móti þessum brtt. önnur en einmitt þau, að landssmiðjan ætti ekki að sæta sömu kjörum og aðrar smiðjur, heldur ætti hún að hafa sérstök friðindi og ívilnanir. Um 1. till., að sanna það með útboði, að landssmiðjan byði lægsta verð, sagði hæstv. atvmrh., að sú tilhögun gæti skapað óheilbrigða samkeppni. Ef alltaf ætti að meta það og vega, hvað ætti að teljast heilbrigð eða óheilbrigð samkeppni, þá býst ég við, að samkeppnin hyrfi úr sögunni. Samkeppnin er í því fólgin, að allir aðiljar gera sitt ýtrasta til þess og búa sig af alefli undir það að geta leyst verkin sem bezt og ódýrast af hendi.

Hæstv. ráðh. sagði, að landssmiðjan ynni eftir föstum taxta, sem svo mætti gefa afslátt frá. Þetta er hreint og beint orðagjálfur. Þau verk, sem þarna koma til greina, eru svo margþætt og margvísleg, að ekki er hægt að hafa á þeim fastan taxta. Hvaða fastan taxta er hægt að hafa um hús eða brýr eða virkjanir o. s. frv.? Ég veit, að það er hægt að hafa taxta um kaup manna og þess háttar. En það er ekki hægt að hafa fastan taxta á þeim verkum, sem enginn veit fyrirfram, hvað muni kosta. Þau þarf að reikna út, og til þess eru einmitt útboðin, og þá kemur það fram, þegar upplýsingar eru fengnar um verkið, hvað menn treysta sér til að gera þau fyrir lítið, og reynir þá auðvitað á hagsýni þeirra og dugnað með það, hvernig þeir komast frá verkinu. Ég skal í þessu sambandi benda á eitt dæmi. Það þarf að byggja fyrir atvinnudeild háskólans. Ég er í byggingarnefnd. Húsameistari ríkisins sagði n. frá húsi því, sem hann hefði teiknað, og taldi, að það mundi fást fyrir 200 þús. krónur, en alls ekki fyrir minna. Nú var húsið boðið út, og kom þá upp úr kafinu eins og húsameistari hafði sagt, að tilboðin voru 200 þús. krónur og sum þar yfir. En hinsvegar kom svo tilboð frá mönnum, sem húsameistari segir, að megi treysta og hægt sé að gera samninga við um byggingu hússins, að viðlögðum dagsektum, ef smíði verður ekki lokið fyrir ákveðinn tíma, þannig að húsið fæst uppkomið með öllum leiðslum og lögnum fyrir 130 þús. krónur. Það getur vel verið, að þetta falli undir það, sem hæstv. ráðh. kallar óheilbrigða samkeppni, en það er ekkert á móti því fyrir háskólann að spara þarna 70 þús. kr. á því, að það eru einstaklingar, en ekki ríkisstofnun, sem byggir. Því ef farið hefði verið að samkv. því, sem hér liggur fyrir um landssmiðjuna, þá hefði vitanlega byggingin verið gerð fyrir það verð, sem húsameistari ríkisins taldi eðlilegt. Ég sé ekki betur en að hér sé algerlega snúið við frá því, sem fyrst var látið í veðri vaka um landssmiðjuna, sem sé því, að hún ætti að tryggja það, að alltaf væri unnið fyrir lægsta verð, en þarna hefði það unnizt, að háskólinn hefði orðið að borga 70 þús. krónum meira fyrir bygginguna.

Ég er viss um það, ef þetta frv. verður að lögum, að það verður til þess að taka margar 70 þús. kr. frá ríkissjóði. Það má náttúrlega láta það falla undir óheilbrigða samkeppni. Ég veit ekki eftir hverskonar mælikvarða það er úrskurðað, en frá sjónarmiði þeirra, sem verkin láta gera, er þessi samkeppni hagkvæm.

Hæstv. atvmrh. sagði sjálfur, að það væri gott fyrir smiðjuna, þegar lítið væri að gera, að geta haldið vissum verkum. Þetta ber allt að því sama. Ríkissjóður verður að borga alveg sérstaklega fyrir þessa ágætu skemmtun, að eiga sjálfur smiðju, og verður svo að fleyta henni yfir daufu tímana með því að láta hana halda vissum verkum, þótt á annan hátt væri hægt að fá þau unnin fyrir minna verð, og útiloka samkeppni með því að láta landssmiðjuna taka verk, sem hægt væri að fá ódýrari, ef þau væru boðin út.

Ég skal ekki mikið um það tala, hver á að dæma um nýjungar. Mér finnst, að það eigi bezt heima hjá vélfræðingum. Hæstv. atvmrh. tók til dæmis landbúnaðarvél og fannst engin trygging fyrir því, að vélfræðingar gætu dæmt um hana. Mér finnst það alleinkennileg vélfræði, ef hún er rígbundin við það, til hvers vélin á að vera. Það þurfa að vera vélfræðingar, sem um vélar dæma. Það er vitanlega ekki meiningin, að þeir hafi allan sinn aldur verið lokaðir inni í búri og hafi aldrei séð íslenzka mýri eða móa. Það er alkunna, að það eru vélfræðingar, sem bezt standa að vígi í þessu efni, en auðvitað verða þeir, sem um uppgötvun eiga að dæma, að kynna

sér allt, sem að notkun vélarinnar lýtur, og bera skyn á fleira en fjaðrir og hjól.

Um 3. og 4. brtt. sagði hæstv. atvmrh. ekkert annað en að það ætti að skapa landssmiðjunni sérstöðu. Það er vitanlegt, að stór fyrirtæki verða að standa undir miklu lóðarverði, og er náttúrlega gott fyrir landssmiðjuna að fá ókeypis lóð, og skapar henni miklu betri aðstöðu en öðrum fyrirtækjum, en eðlilegt væri það að sjálfsögðu, að hún greiddi andvirði lóðarinnar. Eins er það með gjaldið. Að sjálfsögðu stendur landssmiðjan miklu betur að vígi með því að greiða 5% gjaldið heldur en að greiða útsvar eftir efnum og ástæðum, eins og einstaklingar. Eitt af því, sem gæti styrkt 5% gjaldið, en hæstv. atvmrh. ekki bar fram, er það, að eðlilegt væri, að landssmiðjan félli undir lög um útsvör ríkisstofnana. Að ég er með því, að einkasölur greiði ákveðið hundraðsgjald, stafar af þeim eðlismun, sem verður á viðskiptunum við það, að einkasölur eru stofnaðar, því þá safnast svo mikið á eina hönd, að stighækkandi skattur og útsvar, eins og lagt er á einstaklinga, gæti orðið óeðlilega hátt. En þetta á ekki við um landssmiðjuna, og hún ætti í þessu efni að standa jafnt að vígi eins og einstaklingsfyrirtæki.

Ég þykist nú sjá fyrir örlög þessarar Karthagóborgar, þótt hv. þm. séu að sjálfsögðu allir óbundnir með atkv. sitt. En ég þykist sjá, að tilgangurinn sé ekki sá, að landssmiðjan sé rekin á samkeppnisgrundvelli. En þar með er vitanlega fallin öll trygging fyrir því, að hún verði samkeppnisfær og að hún ekki skili sí og æ raunverulegu tapi, og verði til tjóns bæði fyrir ríkið og þá þegna ríkisins sem við hana þurfa að skipta. Það er sýnilegt, að landssmiðjan getur þá sýnt reikningslegan gróða, þótt ríkissjóður tapi á henni, þegar búið er að skapa henni þau skilyrði, að hún getur étið upp allt það, sem talið er gróði — og meira til. Það er ekkert annað en að leggja henni fé bæði beint og óbeint, að láta hana taka verk, þótt hægt væri að fá það ódýrari hjá öðrum, og láta bæjarsjóði blæða vegna ógreiddra gjalda, sem hann fengi, ef önnur fyrirtæki ættu hlut að máli. Það er þá fyrst, ef landssmiðjan er höfð hliðstæð við önnur fyrirtæki og rekin á hreinum samkeppnisgrundvelli, að hún getur sýnt það raunverulega, hvort hún skilar heldur tapi eða gróða.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér þykir mjög vænt um það, að hv. 1. þm. Reykv. skyldi verða svo glatt í geði, eins og hann sagði, að sér hefði orðið að þeirri játningu, sem hann þóttist fá frá mér áðan. En viðvíkjandi þeim samanburði, sem hann vildi gera á útboði á þeim verkum, sem landssmiðjan tæki að sér, og á þeirri byggingu, sem gerð er fyrir atvinnudeild háskólans, þá vil ég taka það fram, að sá samanburður er, eins og nú standa sakir, hrein fjarstæða. Hv. þm. veit það vel, að verkefni þau, sem smiðjur þurfa að leysa af höndum, eru mjög margvísleg, og að það eru mjög fáar smiðjur hér í Reykjavík, sem geta afkastað þeim verkum, sem til kunna að falla og útboð mundu verða gerð á. „Héðinn" og „Hamar" hafa nú slegið sér saman og munu geta tekið að sér margskonar verk, en mér er ekki kunnugt um, að hér séu til aðrar smiðjur, sem gætu tekið þau verk að sér. Hér er því ekki um neina slíka samkeppni að ræða sem er á milli húsameistara.

Hv. þm. fullyrti, að landssmiðjan yrði til þess, að ríkið yrði að borga við hærra verði þau verk, sem það léti gera þar. Ég skal nú ekki vera með neinar fullyrðingar, en ég tel mjög sterkar líkur til þess, að ef engin landssmiðja væri til, þá þyrfti ríkissjóður að greiða miklu hærra verð fyrir öll slík verk heldur en ella. Eins og nú er ástatt, þá er því alls ekki til að dreifa, að í þessari grein sé um nokkra almenna samkeppni að ræða. Það má fyllilega gera ráð fyrir því, að þær smiðjur, sem hér væru, mundu slá sér saman, eins og þær tvær stærstu smiðjur, sem ég gat um áðan, hafa þegar gert. Og ef ríkið ætti þá ekki sjálft smiðju, yrði það að sæta hverju sem væri frá þessum smiðjum, eða fá verkin unnin í útlöndum. En ef menn geta verið sammála um það, að ríkið eigi smiðju, þá þarf að búa henni þá sérstöðu, að ekki sé hægt með allskonar aðferðum að gera aðstöðu hennar verri en annara. Það þarf þá yfirleitt að gera henni mögulegt að halda starfi sínu áfram og fá tæki til að geta leyst þau af hendi eins vel og aðrar smiðjur.

Annars er það svo með þessa frjálsu samkeppni, að hún er orðin lítið annað en talsháttur hjá Sjálfstfl. Það mun að vísu rétt, að hennar gæti enn hjá húsameisturum, eftir því dæmi, sem hann nefndi um húsabyggingu, þar sem skakkar, að ég hygg, um 65 þús. kr. frá því áætlaða verði og á lægsta tilboði. Hinsvegar veit ég, að iðnaðarstéttir hafa gert með sér félög og sett ákveðinn verðtaxta. Ég hygg t. d., að veggfóðrarar hafi bannað félögum sínum að bjóða undir taxta, og það er ekki óhugsandi, heldur beinlínis líklegt, að framhald verði á því í fleiri og fleiri iðngreinum. En ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. um, að það hafi sýnt sig, t. d. við byggingu atvinnudeildarinnar, að það hafi verið sjálfsagt að bjóða hana út og hafa þann hagnað, sem af því hlauzt, en það má nánast skoða það sem undantekningu. En allir, sem ég hefi talað við um þá byggingu, telja, að verktakar geti ekki sloppið skaðlausir. Náttúrlega er það þeirra tap, en slíkt er ekki hægt til lengdar og ekki eðlilegt.

Önnur atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv. sé ég ekki ástæðu til að drepa á. Aðalatriðið er það, að væri landssmiðjan ekki til, þá væri ríkið ofurselt öðrum smiðjum, sem þá gætu selt því allt eftir eigin geðþótta, og úr því landssmiðja er til, og þarf að vera til, þá er sjálfsagt að búa svo um hana, að hún geti gert verkin á sem hentugastan og ódýrastan hátt.

***Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Við erum nú komnir hér inn á gamlar og troðnar brautir og þar af leiðandi ekki orðið mörgu að svara. Náttúrlega er það fjarstæða að koma með það, bæði áður og eins nú, að ef landssmiðja væri ekki til, þá væri það opinbera ofurselt samtökum smiðjanna. Ég sé ekki, að ríkið sé fremur ofurselt en einstaklingar þeir, sem þurfa að láta smiðjurnar vinna fyrir sig. Og ef allt er ofurselt þessum samtökum, þá er það sannarlega undarlega byggt þjóðfélag, ef ekki kemur inn nýr

keppinautur, sem kemur í veg fyrir okur, ef um okur er að ræða. Hin frjálsa samkeppni útilokast ekki af því, þótt einstök fyrirtæki hafi hátt verð, því þá koma ný fyrirtæki, sem keppa við þau gömlu, ef gróðavon er að því.

Hinsvegar ef um stórsamtök er að ræða í einstökum greinum og verðinu er haldið háu, þá gefur það ekki tilefni til að setja á stofn ríkisfyrirtæki, og slíkum samtökum verður ekki hnekkt með því, heldur með því að setja „anti-trust"löggjöf. Það hefir komið fyrir, að slík löggjöf hefir verið sett til þess að tryggja hina frjálsu samkeppni.

Ég verð að segja, að mér finnst ekki, að rök hæstv. atvmrh. komi nokkuð í veg fyrir það, að 1. brtt. sé samþ. og að það sé prófað með útboði, að landssmiðjan hafi réttmætt verðlag á því, sem hún gerir. Látum svo vera, að hætta sé á því, að aðrir ætli að okra, en landssmiðjan eigi að koma í veg fyrir, að það geti átt sér stað, en þá er líka alveg jafnsjálfsagt að tryggja sig gegn óeðlilega háu verði hjá landssmiðjunni, og það verður ekki gert nema með því að bjóða verkin út, svo að það geti alltaf staðið óhaggað, að sætt hafi verið beztu kjörum.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ekki mætti samþ. þessar brtt., af því að þá yrði að senda málið aftur til hv. Nd., finnst mér rétt að vekja athygli á því, að bæði eru nú svo margir dagar eftir af þingi, að nægur tími er til að afgr. málið, og auk þess er það á valdi hæstv. ríkisstj. að hraða málinu. Að því leyti er óhætt að samþ. þessar brtt. Það þarf ekki að verða málinu í heild að fótakefli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 384,I.a felld með 8:6 atkv.
— 384,I.b—c felldar með 8:5 atkv.
— 384,II felld með 9:5 atkv.
— 384,III felld með 9:4 atkv.

Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 619).

51. Bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Á 13. fundi í Sþ., 16. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 12. des. 1935, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum** (þmfrv., A. 330).

Á 51. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:7 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 57. og 58. fundi í Nd., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 330, n. 435).

*__Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors)__: Frv. þetta er flutt af hv. þm. Vestm., og með þeim rökstuðningi, að þar sem það þykir sýnt, að frv. það, sem borið hefir verið fram á þessu þingi um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, nái ekki fram að ganga, áður en þingi slítur, og að Vestmannaeyjabær megi ekki missa þær tekjur, sem hann hefir samkv. lögum um bæjargjöld í Vestmannaeyjum frá 12. des. f. á., þá verði ekki hjá því komizt að framlengja þessi lög til ársloka 1937. Í fjhn. voru þrír nm. fylgjandi framlengingu þessara laga. Hv. 2. þm. Skagf. taldi ekki fjarstæðu að framlengja lög þessi, og hefir því óbundið atkv. Einn nm., hv. 1. landsk., var aftur á móti frv. Við, sem viljum mæla með því, að frv. þetta verði samþ., gerum það með sömu rökum og hv. flm. færir fyrir því í grg. þeirri, sem því fylgir. Og ég vil bæta því við, að við, sem mælum með frv., sjáum ekki möguleika fyrir Vestmannaeyjakaupstað að komast af og standa undir þörfum sínum, ef hann fær ekki að halda þessum tekjustofni, eða fær þá ekki einhvern annan í staðinn.

*__Jónas Guðmundsson__: Eins og tekið er fram í grg. frv. og kunnugt er, þá liggur fyrir þinginu frv. um tekjuauka fyrir bæjar- og sveitarfélög. Frv. þetta var afgr. frá Ed. í dag. Einn liðurinn í frv., eins og það kom frá mþn., var svipaður lögum þeim, sem hér er verið að tala um að framlengja fyrir Vestmannaeyjakaupstað, en þar var ætlazt til, að hann næði til allra kaupstaða landsins, því að þeim er ekki síður þörf aukinna tekjustofna en Vestmannaeyjakaupstað.

Þegar þetta sama mál lá hér fyrir í fyrra, var ég því fylgjandi, en áleit þá, eins og ég tel enn, að allir kaupstaðir landsins hefðu þörf fyrir svipaðar tekjur. Nú hefir svo farið, að einmitt þessi kafli hefir fallið úr frv. um aukna tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarsjóði. Ég get því ekki fyrir mitt leyti gengið inn á það, að frv. þetta verði samþ., ef aðrir kaupstaðir landsins eiga ekki að fá sömu friðindi. Mér finnst það því vera skylda Alþingis að athuga það nú, hvort ekki sé hægt að afgr. frv. þetta þannig, að það verði sem heildarlög fyrir alla kaupstaði landsins, og sýna þar með, að það skilji þörf kaupstaðanna almennt eins vel og það skilur þörf Vestmannaeyja. Takist þetta ekki, þá ræður það atkv. mínu um frv. þetta, hvernig frv. um tekjuauka fyrir bæjar- og sveitarfélög reiðir af.

*__Jóhann Jósefsson__: Ég vil þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls, og ég hefi engu að bæta við rökstuðning þann, sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. Vestmannaeyjabær

má alls ekki missa þær tekjur, sem hér er um að ræða. Þær greiðast í peningum og hafa því reynzt drýgri en samskonar upphæð í útsvörum, sem venjulega gjaldast seint og illa.

Þegar ég flutti frv. þetta, þótti mér örvænt um, að frv. um aukna tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög næði að ganga fram á þessu þingi, en nú hefir því þokað nokkuð áfram síðan, en á því hafa nú orðið þær breyt., að ég tel, að það muni hafa minni möguleika til að styrkja bæjarfélögin en eins og það var í fyrra.

Hv. 6. landsk. sagðist hafa fylgt frv. þessu í fyrra, en væri óviss um, að hann sæi sér fært að fylgja því nú, a. m. k. ekki fyrr en útséð væri um frv. um tekjuauka bæjar- og sveitarfélaga, því að Vestmannaeyjar hefðu ekki frekari þörf fyrir auknar tekjur en önnur bæjarfélög.

Ég ætla mér alls ekki að fara að bera fjárhag Vestmannaeyjakaupstaðar saman við fjárhag annara sveitar- eða bæjarfélaga. En ég vil minna hv. 6. landsk. á það, að í stuðningsblaði hans var eitt sinn rætt allmjög um fjárhag þessa bæjarfélags og hann talinn þar verstur allra bæjarfélaga. Að þetta sé svo í raun og sannleika, skal ég ekkert segja um nú, en mér hefði virzt, að hv. 6. landsk. hefði mátt reka minni til þessara skrifa, ef hann hefði eitthvert mark tekið á þeim.

Orsökin til þess, að ákvæðið um vörugjaldið var tekið úr frv. um tekjuauka fyrir bæjar- og sveitarfélög í Ed., var sú, að vandkvæði þóttu á því að skipta þessu gjaldi, og ennfremur hitt, að það þótti koma ranglátlega niður. En Vestmannaeyjar hafa algerlega sérstöðu í þessu efni. Það vörugjald, sem þar er lagt á, kemur á bæjarbúana sjálfa og enga aðra. Ég fæ því ekki séð, að það þurfi að neita Vestmannaeyjum um þetta gjald til þess að halda fjárhag sínum á floti. Það er a. m. k. ekki hægt af þeirri ástæðu, að það komi niður á aðra en þá, sem þess eiga jafnframt að njóta.

Ég skal ekkert vera að fara dult með það, að Vestmannaeyjakaupstaður berst í bökkum með að geta staðið við þær skuldbindingar, sem á honum hvíla, bæði að því er snertir greiðslur af skuldum, og eins á hann erfitt með að risa undir hinu sívaxandi fátækraframfæri. Ég tel þess vegna, að það sé skylda fyrir Alþingi og sérstaklega fyrir hæstv. stj. að stuðla að því eftir megni, að tekjustofnum, sem svona bæjarfélög hafa haft og ekki hafa reynzt illa, þeim sé ekki svipt burt. Ég álít það mesta glapræði á svona tímum, nema hægt sé þá að fá aðra gjaldstofna, sem er ekki útlit fyrir, að reynist verr. En eins og lítur nú út með frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga í Ed., þar sem n. þríklofnaði og engir tveir nm. gátu orðið sammála, þá tel ég, að mjög lítið sé hægt að byggja á því og litlar líkur til, að þeir tekjustofnar, sem þar er gert ráð fyrir, komi að þeim raunverulegu notum, sem þar er til ætlazt.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta meira, en ég vona, að hv. d. leyfi þessu máli að fara til 3. umr. a. m. k. fyrst um sinn, meðan maður sér, hvað verður úr þessu þríklofna máli í Ed. Og fari svo, að það líti sérstaklega björgulega út fyrir því, þá geri ég ráð fyrir, að sé hægur nærri í Ed. að stöðva þetta mál, sem hér er til umr., ef það verður talið tryggt af stj., að bærinn þurfi ekki að komast á kaldan klaka.

*Páll Þorbjörnsson: Eins og kunnugt er, er þetta mál, sem hér liggur fyrir, ekkert nýtt fyrir hv. Alþingi, því að Vestmannaeyjar voru fyrsti bærinn, sem fór þess á leit að fá þennan tekjustofn, eða a. m. k. fyrsti bærinn, sem fékk slíkt samþ. hér á þingi. Á síðasta þingi var svo hér til umr. að framlengja þennan tekjustofn, og eins og kunnugt er, þá var það gert, þó að maður geti ekki nægilega skilið, með hvaða forsendum þeir menn greiddu því atkv., sem það gerðu, en stóðu svo á móti hliðstæðum tekjustofnum fyrir önnur bæjarfélög, því að eins og kunnugt er, þá lá fyrir þinginu í fyrra frv. um svipaðar tekjuöflunarheimildir fyrir Alþingi, en það féll, og samskonar frv. fyrir Sauðárkrók, en því var vísað til stj., með því að þá var ákveðið að skipa mþn. til þess að gera athuganir og till. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Í þriðja lagi var flutt hér á síðasta þingi frv. til hafnarl. fyrir Siglufjörð, og í því frv. var farið fram á að leggja á vörugjald, sem skyldi renna í hafnarsjóð. Ég hygg, að það muni vera einsdæmi í sinni röð, að frv. til hafnarl. sé fellt hér á þingi, en það sýnir, hvernig þingheimur hefir litið á þetta vörugjaldsfrv., þó að svo slysaðist til, að Vestmannaeyjar fengju þennan tekjustofn nokkur undanfarin ár.

Eins og kunnugt er, var sett mþn., sem hafði það starf með höndum að athuga tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfélög. Þessi n. gekk svo frá frv. Ég skal ekki segja með fullri vissu, hvort nm. hafa allir verið sammála um hina einstöku tekjustofna, en svo mikið er víst, að hæstv. stj. leizt ekki fært að bera þetta frv. fram sem stjfrv., og því varð það úr, að tveir af þessum nm. fluttu þetta frv. í Ed. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Vestm., hefir þetta frv. tekið allmiklum stakkaskiptum frá því, er það kom frá mþn., enda kom það fljótlega í ljós, er hv. þm. fóru að kynna sér innihald frv., að margir voru því mjög mótfallnir og beittu sér gegn ýmsum liðum þess, sérstaklega þó þeim lið, sem nú um nokkur ár hefir verið lögfestur sem tekjustofn fyrir Vestmannaeyjar, sem sé vörugjaldinu.

Þetta frv., sem er ennþá í Ed., nema það hafi verið afgr. þaðan í dag, það er í þeim búningi, að búið er að fella burt úr því þennan tekjustofn.

Hv. þm. Vestm. getur þess í grg. þessa frv., að það sé borið fram sökum þess, að ekki nái fram að ganga frv. um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga. Það mun hafa verið svo, þegar hann bar þetta frv. fram, að litlar líkur virtust fyrir því, að það frv. næði fram að ganga, en nú er að komast á það nokkurt skrið, og hygg ég, að það sé nú að komast út úr Ed., ef það hefir þá ekki verið afgr. þaðan í dag.

Ég get ekki séð, að Vestmannaeyjakaupstaður hafi einhverja sérstöðu fram yfir aðra bæi hér á landi, sem geri það að verkum, að hann skuli hafa þennan tekjustofn fram yfir alla aðra bæi, þar sem þingheimur hefir líka séð þann ann-

marka á þessum tekjustofni, að hann hefir ekki viljað samþ. hann til handa öðrum einstökum bæjum eða bæjum hér á landi í heild.

Maður heyrir því oft haldið fram af þeim mönnum, sem eru að tala um erfiðleika á að ná tekjum í bæjarsjóði, að ein höfuðástæðan sé sú, að útgerð sé nú svo víða rekin með samvinnusniði, og á hana sé ekki lagt útsvar, a. m. k. ekki neitt svipað því, sem lagt sé á einstaklingsrekstur. En í þessu bæjarfélagi er ekki þessu til að dreifa, a. m. k. ekki svipað því, sem gerzt hefir í öðrum bæjarfélögum á landinu. Mér er ekki kunnugt um, að það sé nema fisksalan, sem dregizt hefir úr höndum einstaklinganna og inn á nokkurskonar samvinnusnið. Í Vestmannaeyjum er ekkert kaupfélag, sem hefir ótakmarkaða ábyrgð og getur því komið undir skattfrelsi samvinnulaganna, eins og kunnugt er um marga bæi á landinu, svo sem Ísafjörð, Akureyri og Neskaupstað, þar sem samvinnufélög hafa verzlun með höndum og njóta skattfrelsis að mestu leyti. Þess vegna er ekki að þessu leyti ástæða til að veita þessu bæjarfélagi þennan tekjustofn fram yfir önnur bæjarfélög.

Hv. þm. Vestm. vill halda því fram, og mér er ekki grunlaust um, að það hafi ráðið nokkru um atkv. ýmissa hv. þm. að undanförnu, að Vestmannaeyjar hafi þá sérstöðu, að það vörugjald, sem þar er lagt á, komi eingöngu niður á vörur, sem notaðar séu í bænum sjálfum. Má að vísu segja, að Vestmannaeyjar hafi ekki mikil vöruskipti við utanbæjarmenn. Þó er það svo, að nokkur brögð munu vera að því, þó ekki mikil. Landmenn skipta lítið eitt við Vestmannaeyjar. Það er ekki heldur ótítt, að útflutningsvörur, t. d. frá Vík í Mýrdal, séu fluttar þar í land til geymslu. Ennfremur er þess skammt að minnast, að á síðasta hausti fór fram nokkur síldarsöltun í Vestmannaeyjum, bæði af mönnum, sem áttu þar heima, og eins af utanaðkomandi mönnum, og þeir, sem komu aðvífandi til síldarsöltunar, urðu að búa við ýmis gjöld þar, m. a. þetta vörugjald. Hér er um stórkostlegan mismun að ræða við það, sem er í ýmsum öðrum bæjum. Ég hygg, að bæjarstjórnin hafi líka séð sitt óvænna á síðasta hausti og létt þessu gjaldi af þessari vöru. Það er því ekki allskostar rétt, að það séu eingöngu vörur, sem neytt er eða notaðar í plássinu sjálfu, sem þetta gjald er lagt á. Og það er full ástæða til að ætla, að eftir því, sem stundir líða fram, verði hnigið að því, að í Vestmannaeyjum verði miðstöð fyrir flota árið um kring, bæði erlendan og innlendan, svo að í því tilfelli mundi þetta gjald lenda á utanbæjarmönnum. (**JJós:** Víkurvörurnar eru allar undanskildar). Er það ekki bara framkvæmdaratriði? Ég hygg, að hvergi sé stafur fyrir því. (**JJós:** Það leggst ekkert á landbúnaðarafurðir, sem þar er skipað upp).

Um leið og hv. þm. Vestm. var að svara ræðu hv. 6. landsk., þar sem hann hefði sagt, að sér væri ekki kunnugt um, að fjárhagur Vestmannaeyja væri svo illa kominn, að hann þyrfti á þessum skatti að halda, þá vildi hann segja, að í blöðum okkar hv. 6. landsk. hefði þessi kaupstaður verið rógborinn svo mikið, að enginn annar kaupstaður hefði orðið fyrir slíkum rógburði. Ég hygg, að hann hafi ekki skilið orð hv. þm. rétt. Ég hygg, að hv. þm. hafi átt við, að Vestmannaeyjar hefðu skilyrði frekar en margir aðrir bæir til að afla sér tekna án þess að fara inn á þessa braut.

Annars er ekki ástæða til að fara mikið inn á það, sem skrifað hefir verið og skrafað um fjárhag Vestmannaeyja og ýmislegt í sambandi við það. Ég býst við, að þar hafi ýmislegt annað komið til greina en aðstaðan til tekjuöflunar.

Þá kom hv. þm. Vestm. að hinum sívaxandi kröfum, sem áttu að réttlæta það, að Vestmannaeyjar ættu að halda þessum tekjustofni áfram. Hann minntist á fátækraframfærslu og sjúkrahjálp. Ég vil minna á, að á síðasta þingi voru samþ. l., sem eiga að hafa talsverð ábrif á sjúkrakostnað og fátækrahjálp og eiga að verða til hjálpar bæði bæjum og einstaklingum. Ég hygg því, að ekki sé ástæða til, a. m. k. ekki nú í ár, að samþ. slíkan tekjustofn sem þennan, meðan ekki er fengin reynsla um sívaxandi kröfur þrátt fyrir samþ. þessara l. (**JJós:** Þau l. þyngja útgjöldin fyrst í stað). Já, ef til vill fyrst í stað, en hv. þm. Vestm. veit eins vel og ég, að eftir að menn eru komnir inn í tryggingarnar, koma þessi l. til með að létta stórkostlega undir með mönnum, bæði hvað fátækrahjálp og sjúkrakostnað snertir. Og ennfremur er nú fyrir þinginu frv. um framfærslu sjúkra manna og örkumla, sem við vitum báðir að koma til með að létta undir í þessu efni.

Það, sem ég vil leggja höfuðáherzluna á í sambandi við þetta mál, er það, að hér í þinginu er á ferð frv. um heildarlög fyrir alla bæi landsins, og þegar tekin var ákvörðun um að undirbúa slíka löggjöf, var ætlazt til, að þar með væru úr sögunni sérákvæði um tekjuöflun fyrir einstök bæjarfélög. Þegar þetta frv. kom fram í Ed., kom fljótt í ljós, og sérstaklega sýndi það sig við atkvgr. þar, að mikill meiri hl. d. var nokkurnveginn ásáttur um afgreiðslu málsins, og nú mun það vera farið út úr d. Því sýnist ekki ástæða til að hraða því svo mjög að veita Vestmannaeyjum þessa heimild. Ég vil í því sambandi enn á ný vísa til þeirrar meðferðar, sem samskonar frv. fyrir bæði Akureyri, Siglufjörð og Sauðárkrók fengu á síðasta þingi. Þá var talið ástæðulaust að samþ. þau frv., þar sem bera ætti fram frv. um heildarlöggjöf um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Hinsvegar get ég sagt það sem mína skoðun, að það sé kannske skaðlitið, þó að málinu sé vísað til 3. umr., en mín skoðun um málið sjálft er óbreytt frá því sem áður. Ég álít, að þessi tekjustofn sé óheilbrigður og eigi ekki að vera í gildi, eins og hefir líka sýnt sig að vera álit Ed.

Ég legg því til, að þetta frv. verði fellt, a. m. k. við 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:9 atkv.
2. gr. samþ. með 15:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til. 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 330).
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:3 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 330, n. 553).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Vestmannaeyjakaupstaður hefir nú um nokkurt bil fengið leyfi til þess hjá Alþingi að afla sér tekna með vörugjaldi. En ætlazt var til, að gjald þetta félli niður um leið og samþ. yrðu lög um tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum. En í meðförunum hefir frv. þetta tekið miklum breyt., sem svipta kaupstaðina allt að ⅔ af því, sem bæjunum var ætlað í þeim kafla laganna, er hljóðaði um vörugjald. Auk þess má telja útséð um, að það frv. gangi fram á þessu þingi.

Vegna þess að beðið hefir verið eftir því að sjá, hversu um það mál færi, kemur þetta frv. svo seint fram, en það er borið fram í Nd. af hv. þm. Vestm. Vörugjaldið hefir numið um 30 þús. kr. á ári undanfarið, og má kaupstaðurinn vafalaust ekki við því að missa þær tekjur, allra sízt nú, er afli hefir brugðizt svo, að hann er ⅓ minni en hann var í fyrra. Ég legg því til, að frv. þetta verði samþ., a. m. k. til 2. umr. Við 3. umr. ætti að vera útséð um, hversu frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga reiðir af. — Einn nm. er andvígur frv. og annar hefir skrifað undir það með þeim fyrirvara, að hann fylgi því því aðeins, að frv. um tekjustofna bæja og sveita verði ekki samþ. Ég mun hinsvegar fylgja þessu frv., jafnvel þótt hitt frv. yrði samþ. Vestmannaeyjum veitir ekki af þessu gjaldi, og þær hafa alveg sérstöðu í þessum efnum, þar sem ekkert af þeim vörum, sem þangað flytjast, er flutt þaðan aftur. Þetta gjald lendir því aldrei á öðrum en eyjabúum sjálfum, nema hvað nokkuð er þar af aðkomumönnum síðara hluta vetrar.

Jón Baldvinsson: Ég greiddi atkv. gegn þessu máli í fyrra, og geri það ekki síður nú, þar sem hér er á leiðinni frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Mér finnst, að Vestmannaeyjar eigi ekki að hafa nein forréttindi til þess að leggja svo óvenjuleg gjöld á fólk. Hitt frv. er nú til umr. í Nd., og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál ekki á dagskrá hér aftur, fyrr en útséð er um það, hversu fer um hitt málið.

***Bernharð Stefánsson:** Ég mun fylgja því, að þessu máli verði vísað til 3. umr., en eins og getið er um í nál. á þskj. 553 og hv. frsm. n. einnig tók fram, þá er frekara fylgi mitt við málið nokkuð bundið við það, hvernig fer um frv. það, sem liggur fyrir hv. Nd. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

Ef það frv. verður samþ. og með þeim breyt., að viðunandi megi telja fyrir kaupstaði og kauptún, þá tel ég óþarfa að setja sérstök lög um þetta efni fyrir Vestmannaeyjar. En aftur á móti, ef það verður vitanlegt innan skamms, að frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga gengur ekki fram, þá tel ég óhjákvæmilegt að gefa svipaða heimild og hér er farið fram á á fleiri stöðum en fyrir Vestmannaeyjar.

En þar sem svo er orðið áliðið þingtímans, að frv., sem nú er borið fram, hefir engar líkur til þess að ná samþykki þingsins, þá er eini vegurinn til þess að afla tekna fyrir fleiri kauptún og kaupstaði, að bera fram brtt. við þetta frv. Ég vildi því taka undir ósk hv. formanns fjhn., að málinu verði frestað, þangað til séð verður, hvernig fer um frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga í Nd. Ef það fellur þar, eða það verður gert að hégóma einum. — (MJ: Eða samþ. óbreytt). Já, þá mun ég fyrir mit leyti bera fram brtt. við þetta frv., sem fela í sér samskonar réttindi fyrir a. m. k. einn kaupstað, sem stendur mjög svipað á um eins og Vestmannaeyjar, nefnilega að því leyti, að hann hefir mjög lítil viðskipti við aðra en borgarana í bænum og aðkomumenn, sem þar dvelja.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil aðeins benda hv. fyrra þm. Eyf. á það, að hann er með sinni afstöðu að setja þá gildru fyrir þetta mál, að það nái ekki afgreiðslu, þó að það hafi í raun og veru fylgi til þess. Því að mér er nær að halda, að eftir að búið er að afgr. frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga í Nd., þá verði ekki tími til þess að breyta þessu frv. og koma því í gegnum hv. Nd. öðruvísi en með afbrigðum, og þar með er tiltölulega fámennum hóp gefið tækifæri til þess að setja fót fyrir frv., af því að hér er ekki um stjórnarfrv. að ræða, en þau þurfa aðeins einfaldan meiri hl. Ég vil aðeins benda hv. þm. á þetta, því að Siglufjörður græðir ekkert á því, þó að Vestmannaeyjar verði sviptar þessu nauðsynlega gjaldi. Ég vil líka segja það viðvíkjandi Siglufirði, að aðstaðan er þar ekki sú sama að innheimta slíkt gjald. Svo vil ég benda hv. þm. á það, að í frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga er Siglufirði ætlaður mikill tekjustofn, þar sem hann hefir síldarverksmiðjurnar, sem eiga að gjalda 0,8%, svo að ef frv. verður samþ. óbreytt, fara Vestmannaeyjar lakar út úr þessu heldur en Siglufjörður,

En aðalatriðið er það, og ég vænti þess, að hv. þm. setji ekki fót fyrir málið, ef það hefir eðlilegan meiri hl. til þess að ná afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, MG, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, JAJ, EÁrna.
nei: JBald, SÁÓ, HG.
Tveir þm. (PM, ÞBr) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

***Ingvar Pálmason:** Þar sem þetta er 3. umr. um málið, vil ég leyfa mér að óska þess, að það verði tekið af dagskrá, ekki sízt þar sem eftir er að halda hér fleiri fundi í d. í kvöld. En í Nd. er til umr. frv. um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga, og afstaða mín til þessa máls fer nokkuð eftir því, hvaða úrslit verða um það frv. í Nd.

Jón Auðunn Jónsson: Ég leyfi mér að mótmæla því, að þetta mál verði tekið út af dagskrá nú. Mér virðist það nokkurnveginn augljóst, að tekjustofnafrv. muni falla í Nd., enda stendur þetta mál ekki í neinu sambandi við það.

Forseti (EÁrna): Ég vil ekki stofna þessu máli í hættu hér í d. og mun taka það fyrir á næsta fundi.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég óska, að frv. verði tekið sem fyrsta mál á dagskrá næsta fundar.

Forseti (EÁrna): Ég skal fresta umr. um stund.

Síðar á sama fundi var málið tekið fyrir að nýju.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Útbýtt hefir verið á fundinum brtt. við frv., á þskj. 608, og verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að þær geti komið til umr. og atkvgr.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Bernharð Stefánsson:** Við 2. umr. þessa máls boðaði ég, að ég mundi bera fram brtt. við þetta frv., þess efnis, að fleiri bæjarfélögum yrðu heimilaðir samskonar möguleikar til tekjuöflunar fyrir sig og felast í þessu frv. gagnvart Vestmannaeyjakaupstað. Þetta hefi ég nú gert, og er brtt. mín á þskj. 608. Þar er farið fram á, að inn í frv. verði bætt ákvæði um, að Siglufjarðarkaupstað heimilist að hækka hafnargjöld til bæjarsjóðs Siglufjarðar um 100% frá því, sem þau eru nú. Ég ætla, að það þurfi ekki að færa fram frekari rök fyrir nauðsyn þessarar till. en búið er að gera áður á þessu þingi.

Nú er í Nd. verið að ræða um tekjuöflunarfrv. sveitar- og bæjarfélaga, og þar sem ákveðið er, að þinginu verði slitið á morgun, þá er sýnilegt, að það frv. getur ekki orðið að lögum á þessu þingi, eða það verður þá ef til vill með þeim hætti, að mikið verður dregið úr þeim tekjum, sem því var ætlað að veita bæjarfélögum. Þess vegna er fallin sú ástæða, sem ég gat um í nál. að væri þess valdandi, að ég yrði á móti þessu frv., ef frv. um nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum næði fram að ganga á þinginu. Nú er sýnilegt, að það verður ekki. Ef brtt. mín verður samþykkt hér nú, þarf að endursenda frv. til Nd., og þá nær það heldur ekki fram að ganga á þessu þingi. Afleiðingin af því verður sú, að hvorki ég né Siglufjarðarkaupstaður verður betur settur eftir en áður; en Vestmannaeyjakaupstaður verður aftur á móti verr farinn. Ég mun því vegna þess öngþveitis, sem málin eru nú komin í, taka þessa brtt. mína aftur, svo að það mál, sem nú er hér til umr., verði ekki sett í hættu. Þó að hv. þdm. hljóti að sjá það á hinn bóginn, að það hefði átt að samþykkja frv. með þessari breyt., þá veit ég, að það verður ekki gert.

***Jón Auðunn Jónsson:** Þetta frv. er svo margkunnugt frá undanförnum þingum, að þarflaust er að gera grein fyrir því. Ég held, að það verði ekkert frambærilegt haft á móti frv. sem þessu, þar sem gjöldin til bæjarsjóðs eiga aðeins að greiðast af gjaldendum viðkomandi bæjarfélags. Það ætti því að vera öðrum óviðkomandi, hvernig Vestmannaeyjakaupstaður aflar tekna í bæjarsjóð hjá sínum eigin borgurum, ef ekki er af hálfu bæjarfélagsins ráðizt í óvenjulegar og vafasamar framkvæmdir. Hér er aðeins um að ræða innheimtu á tekjum til allrabrýnustu þarfa þessa bæjarfélags. Þetta frv. hefir verið samþ. hér í d. á undanförnum þingum, og vænti ég, að svo verði enn.

***Jón Baldvinsson:** Ég vil enn á ný vísa til þess, sem ég áður hefi sagt í sambandi við þetta mál, að úr því að ekki er enn útséð um örlög frv. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga í Nd., þá álít ég rétt að fresta afgreiðslu þessa máls, þangað til síðar á fundinum. Þó að teknir verði af Vestmannaeyjakaupstað tekjustofnar, sem hann áður hefir haft, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, þá mun ég samt greiða atkv. á móti því. — Hv. 1. þm. Eyf. hefir nú tekið aftur brtt. sína á þskj. 608. — Ég hefði greitt atkv. með þeirri brtt., þó að það hefði að vísu ekki verið gert í góðu skyni. En af því að ég er í raun og veru á móti þeirri breyt. líka, þá kann ég ekki við að taka hana upp.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég verð að segja það, að ég skil ekki afstöðu hv. 4. landsk. Hann lýsir því yfir, að hann sé á móti þessu máli yfirleitt, og þó vill hann fá frest á afgreiðslu þess. Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann ætlar að fylgja þessu frv., ef tekjuöflunarfrv. það, sem nú er til meðferðar í Nd., nær ekki fram að ganga. Þá fyrst getur hann átt rétt á því að fá frest á af-

greiðslu þessa máls. En annars er það tómur skrípaleikur hjá hv. þm. að vilja fresta afgreiðslu þessa frv. til næsta fundar.

*__Jón Baldvinsson:__ Hv. 1. þm. Reykv. virðist ekki hafa fylgzt vel með þessum umr. Þó að ég breyti ekki atkv. mínu um þetta frv., hvernig sem fer um tekjuaukafrv. í Nd., þá hafa aðrir þdm. lýst því yfir, t. d. hv. 2. þm. S.-M., að hann hagaði atkvæðagreiðslu sinni um þetta frv. eftir því, hver úrslit yrðu um tekjustofnafrv. sveitar- og bæjarfélaga í Nd. (__MG:__ Er það gert af velvilja til málsins?). Það skal ég ekkert um segja. En meðan ekki er útséð um, hvernig þetta fer í Nd., þá er vitanlega mjög óeðlilegt að ganga hér til atkv. um þetta frv. nú.

*__Frsm. (Magnús Jónsson):__ Ég var að bíða eftir því að hæstv. forseti gæfi mér leyfi til þess að standa upp, því það munu vera sérréttindi hæstv. forseta Sþ. að standa upp án þess að kveðja sér hljóðs. Það má segja um það, að það sem Júpiter leyfist, það leyfist ekki neinu meðalnauti.

Annars tók ég ekki eftir því, að hv. 2. þm. S.-M. lýsti neinu yfir um það, að hann myndi fylgja þessu frv., ef hitt fengi ófullnægjandi afgreiðslu. Ef svo hefði verið, þá var kannske ástæða til þess að fara fram á frest, en ég varð ekki var við, að svo væri. Og án þess að ég vilji leggja nokkra áherzlu á það, þá finnst mér það eðlilegt, að málið fái afgreiðslu á þeim fundi, sem það er tekið fyrir á. En það er auðvitað á valdi hæstv. forseta, hvernig hann hagar meðferð málsins.

ATKVGR.

Brtt. 608 tekin aftur.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

52. Nýbýli og samvinnubyggðir.

Á 63. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:

__Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir__ (þmfrv., A. 517).

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

__Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):__ Landbn. er sammála um að bera fram þetta frv. á þskj. 517, og er það gert í samráði við nýbýlastjórn.

1. gr. frv. er eingöngu um það, að þau verðbréf, er nýbýladeild gefur út samkv. l., skuli tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. Í nýbýlalögunum frá síðasta þingi er það tekið fram, að nýbýladeild skuli vera ein grein búnaðarbankans, sem er rekinn með ábyrgð ríkissjóðs. Þessi bréf voru því að áliti landbn. nægilega trygg, þó að ekki væri tekið fram um ábyrgð ríkissjóðs fyrir þeim sérstaklega. En við samningu reglugerðar um þetta atriði var litið svo á, að betur færi á því, að þetta væri tekið fram í l. Þess vegna er þetta ákvæði tekið upp í frv.

Þá er 2. gr. frv. A.-liðurinn fjallar um það, að á undan láni nýbýlasjóðs megi hvíla hæfilegt kaupverð óræktaðs lands býlisins að dómi nýbýlastjórnar, þó aldrei yfir 1500 kr. Það sýndi sig, þegar átti að fara að framkvæma þessi l., að flest af þeim löndum, sem átti að byggja á, voru veðsett, svo að ef ekki væri gerð breyt. á ákvæðunum um veðsetninguna, þá yrðu viðkomandi menn fyrst að greiða upp þau lán, sem hvíla á þeim löndum, sem á að reisa nýbýlin á, sem mundi vera þeim ókleift undir flestum kringumstæðum. Hér er því lagt til að breyta l. þannig, að lán skuli veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé það óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti, og að á undan láni nýbýlasjóðs megi aðeins hvíla hæfilegt kaupverð óræktaðs lands býlisins, þó ekki yfir 1500 kr. Þetta virðist því ekki vera hættulegt ákvæði, en nauðsynlegt, til þess að úr framkvæmd þessara mála geti orðið.

B.-liður 4gr. er sá, að á undan láni nýbýladeildar megi hvíla 50% af verðmæti varanlegra mannvirkja, er landinu kann að fylgja, og skuli lán úr nýbýladeild vera þeim mun lægra, er slíku láni nemur, þannig að það ásamt láni úr nýbýladeild fari ekki fram úr 3500 kr.

Það virðist ekki ástæða til, þar sem búið er að veita lán út á slíkar byggingar, að nýbýladeild fari að greiða þau upp með sínu láni, því að oft mundi það verða til þess, að slík lán færu út úr lánaveltu landbúnaðarins. Með því að borga upp ræktunarsjóðslán, sem kynnu að hvíla á þessum framkvæmdum, þá yrði það til þess, að það yrði að borga ræktunarsjóði, og bréf fyrir þessum upphæðum yrðu þá dregin út, og velta landbúnaðarins minnkaði að sama skapi.

Ég skal aðeins minnast á brtt., sem komin er fram frá minni hl. landbn., þeim hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf., um það að láta þessi l. ná yfir jarðir, sem eru í byggð og hafa ekki meiri hús en það, að fasteignamat þeirra er ekki yfir 800 kr., svo að þær gætu fengið styrk samkvæmt nýbýlalögunum.

Þetta var talsvert rætt í landbn., en eftir nánari athugun gat meiri hl. ekki fylgt þessari till. Þó að við viðurkennum, að full þörf sé á að létta undir með þeim mönnum, sem þannig er ástatt um, þá álítum við, að réttara mundi að setja sérstök ákvæði um þetta efni, og helzt þá í sambandi við l. um byggingar- og landnámssjóð. Ég vil líka benda á, að þótt þessi brtt. við nýbýlalögin væri samþ., þá gætu þau ákvæði ekki komið til framkvæmda á þessu ári, þar sem nú þegar er búið að ráðstafa til nýbýla öllu því fé, sem er ætlað til þessara framkvæmda á yfirstandandi ári.

Ég tel því réttara að samþ. ekki þessa brtt., en koma þá heldur með hana á næsta þingi, og þá helzt í sambandi við l. um byggingar- og landnámssjóð.

__Jón Pálmason:__ Ég hefi ásamt hv. þm. Borgf. borið fram brtt. við þetta frv., en af því að fundartími er nú að verða búinn og af því að þessi brtt. kemur ekki til atkv. fyrr en við 2. umr., get ég látið mér nægja að bíða með að

mæla fyrir henni þangað til. Landbn. er öll samþ. þessu frv., og þegar það kemur til 2. umr., gefst væntanlega tími til að þrátta um þessa brtt. okkar hv. þm. Borgf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, 529).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Pétur Ottesen:** Ég vil benda á það, úr því að þetta mál er nú tekið fyrir að öllum óvörum, að 1. flm. þess er ekki viðstaddur. Það er tæpast viðeigandi að taka mál fyrir án þess að þdm., eða a. m. k. flm., hafi nokkurt hugboð um það áður, og þar sem ég býst við því, að atkvgr. eigi að fylgja, vil ég benda hæstv. forseta á það, að úrslit málsins við atkvgr. geta orðið allt öðru vísi nú en ef það hefði verið boðað með dagskrá. (**Forseti:** Ég mun fresta atkvgr. til morguns).

Það er nú svo um ýmsar jarðir hér á landi, að byggð á þeim í framtíðinni veltur alveg á því, hvort hægt verður að bæta úr þeim húsnæðisskorti, sem þar er nú. En það er staðreynd, að þær lánsstofnanir, sem lána ættu fé til þessa, geta engan veginn fullnægt eftirspurninni. Því er fjöldi bænda úti um allt land, sem verður að láta vera að byggja upp hjá sér, af því að þeir geta ekki fengið lánsfé til þess. Útkoman verður því sú, að þeir, sem mesta þörfina hafa, en minnst í veltunni, verða útundan.

Á síðasta þingi voru gerðar til þess ráðstafanir með löggjöf, að menn, sem reistu ný býli, gætu bæði fengið til þess styrk og lán. En þótt gott sé og þarft að fjölga nýjum býlum í sveitum, verður vel að gæta þess, að ekki leggist jafnóðum gömul býli í eyði sökum húsaskorts. Eigi að vinna að því nauðsynjaverki að fjölga býlum í sveitunum, verður ekki síður að leggja áherzlu á það að halda við hinum gömlu býlum.

Brtt. okkar miðar að því, að þar sem hús eru nú ekki metin meira en 800 kr. eða 500 kr. við næsta mat, skuli menn fá styrk til bygginga samkv. lögunum um nýbýli. Við teljum það rétt, ef auka á býlin í landinu, að þeir, sem við verstan húsakost eiga að búa, njóti sömu hlunninda og þeir, sem fá nýbýlastyrk, svo að aukning nýbýla komi fram sem bein fjölgun íslenzkra sveitabýla, en ekki aðeins til að fylla í skarð þeirra býla, sem verið hafa í byggð, en lagzt í eyði sökum ónógs húsakostar.

***Bjarni Bjarnason:** Það er vitanlega alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að bændur eru yfirleitt í stökustu vandræðum með að endurbyggja á jörðum sínum. En hinsvegar verður að athuga það, að þetta frv., sem hér er flutt, er aðeins breyt. á lögum um nýbýli. Reynslan hefir nú þegar leitt það í ljós, að komnar eru til nýbýlastjórnar yfir 200 umsóknir um styrk og lán til nýbýla á þessu ári. Og af þeim verður ekki hægt að fullnægja í bili nema um 60 styrkbeiðnum.

Það er ekki hægt að segja um það ennþá, hversu háan styrk er hægt að veita út á hvert býli. En það er sýnilegt, að þó að á fjárl. sé ætluð rifleg fjárveiting til þessa, þá er erfitt að fullnægja þeim umsækjendum, sem vilja skipta jörðum og reisa nýbýli á þann hátt, hvað þá að leggja fram fé til samvinnubyggða. Þess vegna verð ég að líta svo á, þrátt fyrir vandræðin um að endurreisa bæina í sveitunum, þá sé ekki ráðlegt að taka þá með inn undir þessi lög. Hv. þm. skýrði ranglega frá því, hversu margar jarðir hefðu húsaverð undir 800 kr. eftir fasteignamati. En það er hinsvegar rétt, að ýmsir af þeim, sem byggt hafa á síðustu árum, hafa ekki getað risið undir kostnaðinum. En á sama hátt má vitanlega benda á, að þeir menn, sem reist hafa nýbýli á undanförnum árum, verða að berjast við skuldirnar og eru miklu verr settir en þeir, sem nú fá að njóta hinna nýju nýbýlakjara. — Ég held, að eina leiðin út úr þessum ógöngum um endurbyggingu sveitabæja sé sú að efla ræktunarsjóð og byggingar- og landnámssjóð til þess að veita bændum byggingarlán til endurhýsingar, svo að þeir verði ekki útundan í því efni. Eftir því, sem ég veit bezt, þá eru það nokkur hundruð jarðir á landinu, sem hafa undir 800 kr. virði í húsum samkv. fasteignamati. Þessar jarðir munu hafa verið allt að 1100 um 1930, þegar fasteignamatið fór fram, en þær eru ekki svo margar nú, eins og hv. þm. Borgf. sagði. Síðan 1930 hafa verið endurbyggð og bætt hús á svo mörgum jörðum, að nú munu vera um 6—700 jarðir, sem hafa undir 800 kr. húsaverð samkv. fasteignamati. Það mundi sannarlega reynast vandasamt að skera úr um, hvaða jarðir skyldu njóta byggingarstyrks, þó að teknar yrðu 4—6 jarðir á ári af öllum þeim fjölda, sem um sæktu, enda mundi það reynast lítil úrbót. Þessi brtt. hv. þm. A.-Húnv. og þm. Borgf. miðar aðeins í þá átt að dreifa þessum fjárstyrk, sem ætlaður er til nýbýla, þannig að hann komi hvergi að verulegu haldi. Ef á að halda áfram að skipta jörðum í fleiri býli og veita styrki til slíkra nýbýla, þá er ekki hægt að fullnægja þeim umsóknum með því fé, sem nýbýlasjóður hefir yfir að ráða, hvað þá að endurbyggja þá bæi, sem nú eru í sveitunum. Ég vil því beina því til hv. þdm. að leita annara ráða til þess að hjálpa bændum til að endurreisa bæi sína.

***Pétur Ottesen:** Ég er hræddur um, að það verði lítið úr þeim fyrirætlunum hv. síðasta ræðumanns að efla ræktunarsjóð og byggingar- og landnámssjóð til þess að veita lán til endurbyggingar á sveitabæjum. Ég veit ekki betur en að nú á þessu þingi sé verið að rýra framlög til ræktunarsjóðs og byggingar- og landnámssjóðs. Nú er einmitt verið að berja í gegnum þingið frv., sem dregur til muna úr tekjum ræktunarsjóðs. Og það er ekki sýnilegt, að öðrum stoðum verði undir hann rennt í staðinn. Þess vegna er það augljóst, að ýmsar af þeim jörðum, sem nú eru í byggð, munu innan skamms leggjast í eyði, af því að engin hjálp fæst til að endurreisa eða gera við hús þeirra. Það er náttúrlega rétt hjá hv. 2. þm. Árn., að fé það, sem til þess er ætlað á fjárl., hrekkur ekki til að fullnægja umsóknum um styrk til nýbýla. En þegar

litið er til þess, að ef jafnmörg býli leggjast í auðn og þau, sem reist eru af nýju, bara af því að ekki er á þeim búandi vegna húsaskorts, þá mun skammt sækjast um býlafjölgun í landinu. Þess vegna verður að stuðla að því, að þær jarðir, sem nú eru byggðar, haldi áfram að vera það. Ég hygg, að þeirri hugsun verði bezt náð með því, að bolmagn nýbýlasjóðs sé fyrst og fremst notað til þess að halda þeim jörðum í byggð, sem nú eru byggðar, og jafnframt til stofnunar nýbýla eftir föngum. Ég held líka, að þetta falli fullkomlega saman við tilgang nýbýlalaganna. Hv. þm. sagði, að þær jarðir, sem hefðu undir 800 kr. húsaverð samkv. fasteignamati, væru ekki eins margar og ég hélt fram. Hv. 1. flm. till., þm. A.-Húnv., hefir athugað þetta, en ég ekki, og komizt að þeirri niðurstöðu, er ég áður gat um. En vitanlega eru það sömu erfiðleikarnir, sem mæta þeim, er eiga að úthluta lánum og styrk til endurbyggingar á sveitabæjum, eins og að fullnægja umsóknum um framlög til nýbýla, sem hv. þm. sagði, að ekki væri hægt. Sú þörf er allra brýnust og mest aðkallandi að halda núverandi jörðum í byggð.

Þar sem aðalflm. brtt. er hér ekki viðstaddur nú og till. á að koma hér undir atkv. við þessa umr., þá virðist mér réttara að fresta afgreiðslu hennar, svo að hv. 1. flm. geti gert nánari grein fyrir henni síðar. Ég legg því til, að brtt. verði tekin aftur til 3. umr.

***Gísli Guðmundsson:** Ég verð að taka undir það með hv. 2. þm. Árn., að ég tel það mjög athugavert, ef það verður farið að rýra framlög til nýbýla og samvinnubyggða. Ég óttast, að ef þannig á að kljúfa starfssvið þessarar löggjafar, þá leiði það til þess, að hún verði báðum verkefnunum, nýbýlum og endurbyggingu sveitabæja, að mjög litlu liði. Hinsvegar verður ekki um það deilt, að það er mikil þörf á að gera eitthvað fyrir þá bændur, sem búa á þeim jörðum, þar sem kalla má, að húsin séu að falli komin, svo að þar er varla búandi. Ég hygg, að óhjákvæmilegt sé að gera eitthvað sérstakt til stuðnings þessum bændum. Og vil ég nota þetta tækifæri til að benda hv. þdm. á, að við hv. þm. A.-Sk. höfum flutt frv. á þessu þingi um stofnun byggingarsjóða í sveitum, og er því frv. ætlað að bæta úr þessari þörf. Þessu frv. okkar var snemma á þinginu vísað til allshn., í stað þess að við lögðum til, að því yrði vísað til landbn. Allshn. hefir svo setið á málinu yfir allt þingið og engu áliti skilað um það.

Ég hygg, að í þessu frv. sé bent á þá leið, sem réttast sé að fara í þessu efni. Við flm. frv. hugsuðum okkur, að hér yrði gerð hliðstæð löggjöf fyrir sveitirnar við þá löggjöf, sem nú gildir um byggingarsjóði verkamanna í kaupstöðum til þess að bæta úr húsnæðisþörf þeirra. Ég vildi aðeins minna á þetta frv., og geri ég ráð fyrir, að við beitum okkur fyrir, að það verði tekið til greina á næsta þingi.

***Pétur Ottesen:** Ég býst við, að það verði ekki til frekari úrlausnar á endurbyggingu sveitabæja, þó að bent sé á þessa leið, sem hv. síðasti ræðumaður drap á, heldur en að vísa bændum á ræktunarsjóð, þess heldur sem hv. allshn. hefir nú setzt svo rækilega á þetta frv. um byggingarsjóði í sveitum, að enginn ágreiningur virðist hafa verið um það í n. að láta ekki skjóta upp bólu á því framar, auk þess sem það liggur ljóst fyrir hverjum heilskyggnum manni, að það eru sem stendur litlir eða engir möguleikar til að afla þessum byggingarsjóðum fjár. Ég tel, að mestir möguleikar séu í því fólgnir, ef hægt er að efla ræktunarsjóð til að gegna þessu hlutverki, en á því munu vera miklir erfiðleikar. Þó er hitt verra, að fyrir því sýnist vera lítill vilji á meðal stjórnarflokkanna í þinginu, þar sem verið er með ýmiskonar ráðstöfunum að draga úr tekjum og möguleikum ræktunarsjóðs, til þess að hann geti gegnt þessu hlutverki framvegis.

ATKVGR.
Brtt. 529 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 517, 529).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Jón Pálmason:** Ég var ekki hér viðlátinn í nótt sem leið, þegar þetta mál var tekið á dagskrá til 2. umr., og átti því ekki kost á að mæla fyrir brtt., sem ég ásamt hv. þm. Borgf. á á þskj. 529. Eins og menn hafa sjálfsagt veitt eftirtekt, felur hún það í sér, að nýbýlastjórninni sé heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að láta heyra undir þessi lög þau býli, sem eru í eigin ábúð, en þar sem öll hús eru metin innan við 800 kr., og það er jafnframt tilskilið, að styrkupphæðin til hvers býlis fari ekki fram úr 1500 kr. og lán jafnhá upphæð. Þó að þessi brtt. hafi þó nokkuð víðtæk áhrif í för með sér, þá er það svo, að úr því að farið var á annað borð að breyta þessum lögum nokkuð frá því, sem gengið var frá þeim á síðasta þingi, þá vildi ég ekki láta þá breyt. fara svo í gegn, að ég gerði ekki tilraun til þess að koma að breyt., sem stefndi í þessa átt.

Sannleikurinn er sá, að um fjölda af þeim býlum, sem hér er um að ræða, er þannig háttað, að það veltur á því á næstunni, hvort þau fara í eyði eða ekki, að þeim mönnum, sem þar búa, verði veitt einhver aðstaða til þess að laga sín býli. Öllum hv. þm. má vera það ljóst, hvernig þeir bústaðir munu vera, þar sem öll hús á jörðinni eru metin innan við 800 kr. Þegar svo er komið, að það getur orkað því, hvort umrædd býli verði áfram byggð eða ekki, að þau fái einhvern styrk frá því opinbera í þessu skyni, þá er það augljóst mál, að það er eyðsla, en ekki sparnaður, að hamla á móti því, að Alþingi geri ráðstafanir til þess að veita styrk í þessu skyni. Ef fleiri eða færri af þessum býlum halda áfram að fara í eyði, þá verkar það á þann hátt, að annaðhvort bætist það fólk, sem hér á hlut að

máli, við atvinnuleysingjahóp kauptúna og kaupstaða, eða þá að fátækraframfærslan eykst frá því, sem áður var. Þó að maður verði að gera ráð fyrir því, að fé það, sem ætlazt er til, að veitt yrði í þessu skyni, væri tekið af því fé, sem fer til vegabóta í landinu, þá held ég, að það borgi sig fullkomlega að taka eitthvað af því til þess að anna því hlutverki, sem hér um ræðir. Í fjárl. er ætlað til vega nokkuð yfir ½ millj. kr. Það er athugandi, að fólkið lifir ekki á vegum, þó að þeir séu góðir. Það verður að byrja á því að styðja það og stuðla að því, að viðkomandi aðiljum sé unnt að draga fram lífið, án þess að neita sér um allar þær kröfur, sem almenningur í landinu gerir til lífsins.

Það var svo með þessa till., að meiri hl. landbn. var búinn að ganga inn á að samþ. hana, ef á annað borð yrði flutt frv. til breyt. á þessum l., en þeir hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. drógu sig til baka á síðustu stundu með það að láta þessa breyt. ná fram að ganga núna, og þetta byggðu þeir á þeirri forsendu, að það yrði að taka þetta mál til nánari athugunar á næsta þingi og á öðrum grundvelli en hér er farið fram á.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum að sinni. Ég vænti þess, að hv. þm. skilji það og sjái, að hér er um mál að ræða, sem Alþingi verður að taka afstöðu til á næstunni, á þann veg, að úr verði bætt.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það var ekki alls kostar rétt hjá hv. þm. A.-Húnv., að n. hefði verið búin að taka fullkomlega afstöðu með þessu máli. En hinsvegar var þetta, eins og ég skýrði frá við 2. umr. málsins, talsvert ýtarlega rætt innan n., og nm. voru flestir sammála um, að það væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þessu, sem hv. þm. talaði um og till. fjallar um. Við litum þannig á, og okkur var það ljóst við nánari umhugsun um málið, að það sé eðlilegra og réttara að bera þetta fram sem sérstakan kafla í sambandi við lögin um byggingar- og landnámssjóð. Við álítum ekki rétt að blanda þessu atriði viðvíkjandi eldri býlunum um of saman við lögin um nýbýli og samvinnubyggðir. Það yrði vitanlega mjög mikill áróður frá þeim mönnum, sem rétt hafa til þessa styrks, að fá af því fé, sem ætlað er til nýbýla, og það gæti orðið til þess að draga að miklum mun úr þeirri viðleitni, sem kemur fram í lögunum um það að fjölga býlum í landinu. Við höfum því óskað þess, að minni hl. dragi till. til baka, því samþykkt hennar núna myndi engu orka um það að bæta úr málinu á þessu þingi. Það hefir þegar verið ráðstafað því fé, sem fyrir hendi er til nýbýla og samvinnubyggða, og það hrekkur ekki til. Eins og ég skýrði frá á fundinum í gær, þá má taka þetta upp á næsta þingi, og vil ég því enn óska þess, að flm. till. sjái sér fært að taka hana aftur, því samþykkt hennar núna hefir engin áhrif í þessu máli á yfirstandandi ári. Meiri hl. n. leggur því á móti þessari tillögu.

***Emil Jónsson:** Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni í n. til málsins og til þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir. Ég hélt því fram þar, að það mætti ekki undir neinum kringumstæðum skerða það fé eða þá möguleika, sem lögin skapa til þess að fjölga nýbýlum í landinu, með því að ætla sér að nota hluta af því fé, sem veitt er í því skyni, til endurbyggingar jarða, þó þær kynnu að vera lélega húsaðar. Ég skal játa, að það er brýn nauðsyn á því að taka til athugunar, á hvern hátt bezt væri úr þessu bætt. En ég vil ekki gera það á þann hátt að skerða þá möguleika, sem þessi lög skapa til þess að auka nýbýlin í landinu.

Viðvíkjandi frv. sjálfu, þá var ég því fylgjandi, að það væri flutt eins og það er, þó ég hinsvegar verði að viðurkenna, að mér þykir ákaflega langt gengið, að það skuli vera leyft að veðsetja þau lönd, sem nýbýli eru byggð á, fyrir upphæð, sem kemur á undan þeirri stóru upphæð, sem nýbýlasjóður leggur til nýbýlanna, þar sem bæði lán og styrkur getur farið upp í 11/17 hluta af kostnaðinum, þá er það hart að verða að láta sér nægja 2. veðrétt. En nýbýlastjórnin segir, að þetta sé nauðsynlegt.

En ef till. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf. verður samþ., þá mun ég ganga á móti frv. eins og það verður í heild.

***Jón Pálmason:** Báðir þessir hv. nm., sem talað hafa hér, viðurkenna, að hér er um að ræða þörf á endurbót, sem yrði að taka til athugunar, enda er annað ekki hægt. Hv. þm. Mýr. lagði áherzlu á það, að þetta yrði tekið á þann veg, að borinn yrði fram á næsta þingi sérstakur kafli til breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, sem hefði það hlutverk með höndum, sem ætlazt er til með okkar brtt. Þetta er náttúrlega möguleiki út af fyrir sig. En í sjálfu sér finnst mér, að það sé einfaldast og eðlilegast að taka þessi býli, sem þarna er um að ræða, í sambandi við þessi lög, sem hér á að fara að gera breyt. á, af því að það er ákaflega óeðlilegt, að gangurinn í þessu sé sá, að jarðir þurfi að liggja í eyði í nokkur ár til þess að komast undir þau lög, sem hér um ræðir. Það er eðlilegra, að það sé komið í veg fyrir það, að þessi býli fari í eyði.

Þessi till. er nú ekki ákveðnari en það, að það er heimilt fyrir nýbýlastjórnina, þegar sérstaklega stendur á, að taka einstaka býli, sem byggð eru, undir þetta ákvæði. Það er auðvitað atriði út af fyrir sig hjá hv. þm. Mýr., sem ekki er ástæða til þess að rengja, að því fé, sem ætlað er til þessa á þessu ári, sé þegar ráðstafað, svo að ekki sé hægt að taka neitt af því núna. En ef þessi heimild er samþ. núna, þá er það auðséð, að það er frekar hvöt til þess, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, leggi hart að sér nú við þá lélegu kosti, sem þeir búa við, ef það er einhver von um það, að þeir fái úrbót á þessu sviði á næsta ári.

Hvað það snertir, sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Hafnf., sagði, að það mætti ekki taka neitt af því fé, sem ætlað er til nýbýla, til þessara hluta, þá get ég að mestu látið nægja það sama sem ég svaraði hv. þm. Mýr. En ég verð að halda því ákveðið fram, að það er óeðlilegt og ekkert vit í því að veita 100 þús. kr. til atvinnubóta

fyrir fólkið, sem hrúgast saman í kaupstaði og kauptún, þar sem ekki eru eðlileg atvinnuskilyrði fyrir hendi, jafnhliða því sem jarðirnar í sveitunum halda áfram að leggjast í eyði, þar sem skilyrði eru nægileg frá náttúrunnar hendi til þess, að fólkið geti unnið fyrir sínum þörfum. Það er ennfremur óeðlilegt, að það eigi sér stað, að lagðar séu stórar upphæðir í byggingu verkamannabústaða í stærstu kaupstöðunum fyrir fólk, sem þangað er komið, án þess að eðlileg atvinnuskilyrði séu fyrir hendi, jafnhliða því, sem ekkert er sinnt því brýna verkefni, sem er efni þeirrar till., sem hér um ræðir.

Ég held því, að það sé ákaflega varhugavert að þverskallast lengur við að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt er, að gerðar séu í þessu sambandi. Annars verður þessi till., eins og gefur að skilja, að sæta þeim örlögum, sem meiri hl. hv. dm. telur eðlilegt, að hún sæti.

ATKVGR.
Brtt. 529 felld með 14:13 atkv.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr. (A. 517).
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 622).

---

53. Viðbótarrekstrarlán handa Landsbankanum.

Á 64. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán handa Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 562).

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*__Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson)__: Grg. frv. ber það með sér, hvers vegna þetta frv. er hér fram borið. Það er gert eftir ósk Landsbanka Íslands, og sjálfsagt vegna þess ástands, sem nú ríkir í atvinnulífi þjóðarinnar og atvinnumálunum og búast má við, að haldi áfram. Það er kunnugt, að nú er fiskaflinn eftir aðalvertíðina hér sunnan og vestanlands miklu minni en hann hefir verið síðastl. 10 ár á sama tíma árs. Og þó hefir veiðitækjum fjölgað stórum á síðustu missirum. Aflamismunurinn frá því, sem var í fyrra, er um 17 þús. tonn, og samkv. verðlagi nemur það ca. 8 millj. kr. Þessi mismunur hlýtur að koma tilfinnanlega í ljós á sínum tíma í viðskiptum þjóðarinnar út á við. Þess vegna er það öruggara, að landsbankinn fái þessa lánsheimild, hvað sem að höndum kann að bera. — Meiri hl. fjhn. hefir flutt þetta frv. eftir beiðni ríkisstj. og landsbankans. Mér er ekki kunnugt um, að ágreiningur sé um þetta mál frá hálfu minni hl. fjhn., en hann mun þá gera grein fyrir afstöðu sinni við þessa umr. Frv. er flutt af meiri hl. fjhn., og leggur hann til, að það verði samþ.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)__: Ég ætla aðeins að bæta örfáum orðum við það, sem hv. frsm. sagði.

Þorskaflinn hefir brugðizt svo herfilega á þessari vetrarvertíð, sem nú er að enda, að slíks eru engin dæmi síðastliðin 10 ár. — Ég hefi snúið mér til Fiskifélags Íslands og fengið hjá því upplýsingar um fiskaflann, eins og hann var talinn á öllu landinu 1. maí síðastl. Fiskifélagið byrjaði að halda nákvæmar aflaskýrslur 1925 og hefir haldið því áfram síðan. Ég held, að það sé réttast, að ég lesi upp úr skýrslu fiskifélagsins hv. þdm. til fróðleiks samanburð á aflamagni síðastl. 10 ár og er þá miðað við tímabilið frá áramótum til 1. maí ár hvert. Það yfirlit sýnir bezt, hvað aflinn er óvenjulega lítill á fyrri hluta þessa árs.

Ár	1. maí	31. des.	Eftir 1. maí
1925	20267	51085	30818
1926	19082	38153	19071
1927	22461	50584	28123
1928	27476	65596	38120
1929	36630	66764	30134
1930	40301	70574	30273
1931	35072	64654	29582
1932	31985	56372	24387
1933	41870	68630	26760
1934	43441	61880	18439
1935	33565	50002	16640
1936	17666		

Þarf ekki að leggja út af þessu frekar, því að allir hljóta að sjá, hvaða áhrif þetta hefir á tekjur einstaklinga og gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Er yfirleitt mest treyst á þennan gjaldeyri. Sjá allir, að það getur orðið miklum vand-

kvæðum bundið að standa við greiðslur þær, sem inna verður af höndum. Því hefir það verið til umr. innan bankastj. og ríkisstj., að þar sem vertíð hefir brugðizt svo gersamlega, væri óráðlegt, að bankinn, sem ber mestan hitann og þungann af öflun gjaldeyrisins, hefði ekki möguleika til að útvega sér viðbótaryfirdrátt á við það, sem hann er vanur að hafa. Þessi viðbótaryfirdráttur er ekki nema lítið brot af þeim gjaldeyristekjum, sem missast við þetta aflaleysi. Þetta verður heldur ekki unnið upp með lántökum, heldur verður þjóðin að neita sér meira en verið hefir um varning, sem flutzt hefir til landsins. Ef aflinn bregzt líka síðara hluta ársins, er engin von til, að hjá þessu verði komizt. Hinsvegar getur nokkuð rætzt úr, ef síldin og þorskurinn bregðast ekki síðara hluta ársins, en þó hefir þótt vissara, að bankinn hefði þessa heimild, ef í nauðirnar skyldi reka. En þeir, sem ráða fyrir bankanum, og stj. eru sammála um, að ekki beri að gripa til þessarar heimildar, nema nauður reki til.

Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Allir, sem sæti eiga í bankaráði landsbankans, og allir bankastjórarnir eru sammála um þetta, ekki af því að þeir líti á það sem framtíðarúrræði, heldur vegna þess að þegar vertíð hefir algerlega brugðizt, eins og nú, telja þeir óvarlegt að leggja upp án þessarar heimildar.

Ég tek það fram, að bankinn mun ekki hafa grennslazt fyrir um möguleika fyrir svona láni, því að allir hafa verið að vona, að úr myndi rætast. En það hefir nú ekki orðið á þessari vertíð, og yrði það þá að verða í sumar á síldarvertíðinni.

*__Ólafur Thors:__ Við sjálfstæðismenn í fjhn. höfum ekki gerzt meðflm. þessa frv., eins og þskj. 562 ber með sér, þar sem stendur, að það sé flutt af meiri hl. fjhn. — ekki af því, að við viðurkennum ekki fyllilega, að alvöruástand ríki nú á sviði íslenzks atvinnulífs. Kunnugum þarf ekki að færa önnur rök að hinu erfiða ástandi en þau, sem komu fram í skýrslu þeirri, er hæstv. fjmrh. las upp um aflann árin 1925—'36 og sýndi, að þorskaflinn nú 1. maí náði ekki einu sinni 40% af því, sem veiðzt hafði 1. maí 1934. Liggur það í hlutarins eðli, að slíkur aflabrestur veldur miklum vandræðum, ekki bara útvegsmönnum, sjómönnum og verkalýð, sem á afkomu sína undir sjávarútveginum, heldur og allri þjóðinni, svo mjög sem hún á alla sína afkomu undir því, að skaplega veiðist úr sjónum. Þessi hlið málsins er því viðurkennd af Sjálfstfl., enda höfum við allgóð skilyrði til að vita, hvar skórinn kreppir. Við játum um leið þörfina á því, að hið opinbera hlaupi undir bagga og dragi úr þeim geigvænlegu afleiðingum þessa ástands, sem að steðja. Að við þó ekki gerðumst meðflm. frv., stafar af því m. a., að ég tel ekki líkur til, að þær ráðstafanir, sem farið er fram á í frv., nægi til að bæta að verulegu leyti úr vandræðunum. Er það sannmæli, sem hæstv. fjmrh. sagði, að með þessu væri ekki hægt að leysa nema lítið brot af því, sem nauðsyn bæri til. Við hefðum verið reiðubúnir að ræða um, með hvaða ráðstöfunum hægt væri að mæta örðugleikunum, svo að von gæti verið um verulega úrlausn. En við höfum ekki kosið að gerast meðflm. að þessu frv., því að okkur sýnist sem hér sé fyrst og fremst um það að ræða að gera ráðstafanir til þess, að núverandi gjaldeyrisskipan verði þess ekki valdandi, að ríkið verði í vanskilum með skuldir sínar. Ríkið á nú fyrir maí- eða júnílok að greiða vexti og afborganir af skuld, 1 millj. kr. eða meira, svo að líkur eru til, að þetta gleypi helming eða meira af þeirri upphæð, sem hér um ræðir. Og þó að við viljum ekki eiga hlutdeild í því, að ríkið verði í vanskilum, teljum við sem þingminnihl., að stj. eigi að ganga í fararbroddi um ráðstafanir þær, sem gera þarf til þess, að ríkið geti staðið í skilum.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að frv. er fram borið samkv. tilmælum bankaráðs landsbankans. Það er líka rétt, að bankaráð samþ. það með öllum atkv. Við sjálfstæðismenn, sem sæti eigum í bankaráði, gerðum þá grein fyrir atkv. okkar, að fyrir bankans hönd vildum við leggja lið þessari ósk, þó að við vildum ekki sem þm. hvetja til þess, að við henni væri orðið. Ég þori að fullyrða, að Sjálfstfl. mun ekki leggja stein í götu málsins, en ég get ekkert sagt um einstaka þm. En flokkurinn mun heldur ekki leggja málinu annað lið en það að sitja hjá við atkvgr.

Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann telji ekki slíka lántöku brjóta í bága við yfirlýsingu þá, sem hann og stjórnarflokkarnir gáfu haustið 1934 í tilefni af lántökunni, sem gerð var í London um þær mundir. Ég spyr hann, hvort hann telji slíka lántöku með ríkisábyrgð í samræmi við þá yfirlýsingu. Ef hann svarar neitandi, þá spyr ég, hvort hann ætli sér að leita til hins fyrra lánveitanda um samþykki fyrir þessari nýju lántöku. Því að þó að hæstv. fjmrh. hafi persónulega bundið sig til að leita ekki fleiri lána, getur hann auðvitað farið fram á samþykki lánveitandans til að taka nýtt lán.

Ég vil svo láta það í ljós sem mína persónulegu skoðun, þó að ég hafi ekki umboð til að lýsa yfir henni fyrir hönd Sjálfstfl., að það er varhugavert að halda áfram þessa braut, sem Ísland hefir gengið um mörg undanfarin ár, því að alkunnugt er, að ríkisbúskapurinn hefir verið rekinn með halla nú um 6—7 ár eða lengur. Það er vitað, að sumpart stafar þetta af því, að ríkisvaldið hefir með skattalöggjöf sinni seilzt of djúpt í vasa þjóðarinnar, en hinsvegar dugar ekki að neita því, að afrakstur framleiðslunnar hrekkur ekki til að standa undir kaupgreiðslunum. Afleiðingin af þessu hlýtur svo að verða sú, að íslenzk króna hrapar í verði.

Ég er nú þeirrar skoðunar, að langt sé síðan raunverulegt verðgildi íslenzkra peninga var orðið miklu minna en skráð var. Og eitt af því, sem ég hefi á móti þessum stöðugu lántökum, er það, að með þeim er verið að dylja þjóðinni þennan sannleika. Afleiðing slíkrar skráningar krónunnar hlýtur að verða gjaldeyrisvandræði, eins og líka gjaldeyrisörðugleikar á hverjum tíma segja til um það, hvort krónan er rétt skráð eða ekki. Með því að taka ný og ný lán er þessi áttaviti gengisskráningarinnar truflaður og þjóðin svipt nauðsynlegri leiðbeiningu í þessu efni.

Ég vil drepa á það, að ef krónan er of hátt skráð, þannig að framleiðendur gjalda fleiri íslenzkar krónur fyrir framleiðslu sína en þeir fá inn í staðinn, þá leiðir af því, að í umferð manna á milli verða fleiri íslenzkir peningar en erlendur gjaldeyrir, sem fyrir vörurnar fæst, getur staðið undir. Fleiri krónur leita á um kaup á erlendri vöru en við höfum gjaldeyri til að snara út fyrir þessa vöru.

Þessar hugleiðingar eru mæltar frá mínu persónulega sjónarmiði, án þess að ég hafi umboð frá Sjálfstfl. til að lýsa þeim sem hans skoðun. Sé ég svo ekki ástæðu til að fylgja frv. úr hlaði með fleiri orðum. Í grg. frv. stendur, að landsbankinn muni ekki nota heimildina nema viðskiptaástandið geri það óhjákvæmilegt. Gagnvart slíkri yfirlýsingu bankans vill Sjálfstfl. ekki leggja stein í götu málsins, þótt hann hinsvegar telji ekki ástæðu til að leggja málinu beint lið.

*__Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Hv. þm. G.-K. sagðist ekki vilja leggja málinu beinlínis lið, þótt hann vildi hinsvegar ekki leggja stein í götu þess. Fyrir það síðarnefnda er ég honum þakklátur út af fyrir sig. Hv. þm. færði nokkur rök fyrir sínu sjónarmiði og því, hvers vegna hann taldi sig ekki geta lagt frv. lið á þingi. Ein ástæðan var sú, að þessar ráðstafanir væru gerðar til þess að koma í veg fyrir, að ríkið lenti í vanskilum, og væri það hlutverk stjórnarflokkanna að sjá um það. Mér finnst hv. þm. ekki líta rétt á þetta atriði. Það er að vísu rétt, að ríkissjóður á að skila allhárri upphæð erlendis í júlí næstkomandi. Nemur hún riflega 1 millj. kr. Eru þetta sumpart eigin lán, en sumpart skuldir, sem ríkissjóður hefir á sinni könnu vegna bankanna. En ég vil benda hv. þm. á, að það eru fleiri en bankarnir, sem þurfa að yfirfæra fé í júní og júlí og á öðrum tímum. Er því rangt að hugsa sem svo, að ef gjaldeyririnn er takmarkaður, þá verði það krónur þær, er ríkið á að yfirfæra, sem útundan verði, og að það sé því að hjálpa ríkissjóði við yfirfærsluna að samþ. þetta frv. Þetta er til þess að hjálpa bönkunum að selja ríkissjóði og öðrum gjaldeyri og er því hagur ríkissjóðs og annara viðskiptamanna bankanna jöfnum höndum. Það greiðir almennt fyrir bönkunum að geta selt viðskiptamönnum sínum gjaldeyri. Hvernig fara skuli að, ef ekki er hægt að selja öllum gjaldeyri, er vandamál, sem ekki er tímabært að ræða hér. En það er hægt að hugsa sér, að ef ástandið versnar mjög, verði að skera frekar úr um það, hvaða greiðslur sitja skuli á hakanum.

Hinsvegar held ég, að hv. þm., sem er fulltrúi í bankaráðinu, hafi greitt atkv. með þessu þar, vegna þess að framkvæmdarstjórn bankans óskaði eftir því, að fá þessa heimild, og af því að hann hefir álitið, að það væri stofnuninni nauðsynlegt að hafa þetta úrræði, ef allt annað þryti.

Þá spurði hv. þm. að því, hvort ég teldi þessa fjáröflun með lántöku kleifa, eftir þær upplýsingar, sem ríkisstj. að gefnu tilefni gaf í sambandi við lántöku árið 1934, um að það væri hennar stefna að forðast allar erlendar lántökur og það að ganga í ábyrgð fyrir erlendum lánum. Eins og ég hefi getið um, þá voru þessar upplýsingar orðaðar þannig, að það væri stefna stj. að forðast allar erlendar lántökur, og það er stefna hennar enn. Ég tel ekki, að það komi á neinn hátt í bága við þessa stefnu, þó að landsbankinn leiti til þess, vegna stórkostlegra vandræða, að fara fram á yfirdrátt með ábyrgð ríkissjóðs. Hér eru óvenjulegar ástæður fyrir hendi, þó menn annars vildu forðast þetta. Þó við séum sammála um að forðast lántökur af þessu tægi, þá verður samt, þegar vandræði steðja að, að gera undantekningar. Hvort bankinn leitar til þeirrar stofnunar, sem stóð að lántökunni á árinu 1935 og fékk þessar upplýsingar um stefnu stj., get ég ekki gefið neinar upplýsingar um. Ég veit ekki til þess, að enn sé búið að taka ákvörðun um það, hvert hann leitar. En þar sem ég tel, að þessi framkvæmd væri ekki í ósamræmi við yfirlýsta stefnu, þá tel ég, að bankinn gæti gert tilraun með að afla sér þessa fjár á þeim stöðum, sem honum þættu líklegastir til árangurs.

Hv. þm. sagði, að hann væri því yfirleitt mótfallinn að leyna með lántöku skorti á gjaldeyri og koma þannig í veg fyrir það, að menn horfðust í augu við staðreyndirnar, eins og þær væru. Ég get tekið undir þetta með hv. þm. Ég lít svo á, að það eigi að forðast slíkar lántökur eins og kostur er á. Ég lít svo á, að það eigi áður að leita allra bragða í því að færa niður innflutninginn, áður en til slíkrar lántöku er gripið. Í sambandi við þau ummæli hv. þm., að allir yrðu að horfast í augu við það, ef gjaldeyrisvöntun yrði vegna aflaskorts, og það væri óráðlegt að vega hana upp með nýrri lántöku, þá vil ég benda honum á, að það mun láta nærri, að aflamismunurinn nú og í fyrra sé að verðmæti um 8 millj. kr., en sú heimild, sem landsbankinn fer fram á, er aðeins 2 millj. og 300 þús. kr., eða með öðrum orðum ekki nema brot af þeim gjaldeyrismun, sem kemur fram vegna þessarar lélegu vertíðar. Menn hafa auðvitað reiknað með því, að það yrði meðalvertíð. Vertíðin núna hefir brugðizt meira heldur en menn yfirleitt voru farnir að halda, að vertíð gæti brugðizt með þeim tækjum, sem menn nú hafa. Það er þannig, að gjaldeyrisskorturinn, sem hlýtur að koma af aflabrestinum, er ekki veginn upp nema að litlum hluta, þó þessi heimild sé notuð að öllu leyti.

Ég ætla ekki að fara langt út í það að ræða um gengismálið í þessu sambandi. Ég hefi á öðrum vettvangi gert grein fyrir þeirri afstöðu, sem Framsfl. hefir í því máli, og á hverju hún hefir byggzt. En ég get sagt það, að þó að genginu væri breytt, þá mundi ekkert minnka þörfin fyrir þessa heimild, sem hér er verið að tala um, því það skapar ekki gjaldeyri til þess að standa undir vöruinnflutningnum, þó að því yrði horfið. Ennfremur vil ég benda á, að það er ekki bezta ráðið til þess að standa á móti innflutningi umfram það, sem framleiðslan gefur af sér, þó það yrði horfið að því að fella gengi krónunnar, af þeirri einföldu ástæðu, að það mundi koma í ljós mjög fljótlega, að kaupið færi að hækka aftur eftir gengislækkunina, og menn myndu þannig skapa sér möguleika til þess að

kaupa þær neyzluvörur, sem annars ætti að útiloka frá landinu, með því að gera þær verðhærri en ella með gengislækkuninni. Það er svo, að innflutningurinn er nú kominn niður á þann grundvöll, að það er sáralítið flutt inn af vörum umfram það, sem þarf til framleiðslunnar og til þess, að ekki vanti nauðsynlegar neyzluvörur í landinu. Ég geri fastlega ráð fyrir því, þó að breytt yrði gengi krónunnar, að menn mundu fljótlega reyna að skapa sér þá aðstöðu aftur, þó þeir misstu hana um skeið, að þeir gætu keypt þessar neyzluvörur eftir sem áður. Ég held, að bezta leiðin til þess að bjargast við í þessum efnum séu innflutningshömlur, þó ég ætli ekki að fara langt út í það að ræða þetta almennt. Ég drep aðeins á þetta, af því að hv. þm. skaut því sérstaklega fram í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir.

***Ólafur Thors:** Ég held, að það hafi kennt nokkurs misskilnings hjá hæstv. fjmrh. á mínum orðum. Hann taldi mig hafa gefið í skyn, að ein af ástæðunum fyrir því, að Sjálfstfl. væri andvígur þessu frv., væri sú, að það ætti að forða ríkissjóði frá vanskilum. Þetta er misskilningur. Ástæðan fyrir því, að við sjálfstæðismenn teljum ekki nauðsynlegt eða eðlilegt, að við styðjum þetta frv. með atkv. okkar, er sú, að hér er í raun og veru svo lítið annað gert heldur en að hugsa um það, að ríkissjóður geti innt af hendi sínar greiðslur nú, þegar vextir og afborganir falla í gjalddaga 1. júlí. Við teljum, eins og ég áður gat um, að það sé eðlilegt, að ríkisstj. í fararbroddi fyrir sínu liði sjái þessu borgið.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það eru ýmsir aðrir en ríkissjóður, sem þurfa yfirfærslu á þessu tímabili eða á næstunni. En hverjir mundu það verða, sem þessar yfirfærslur fá? Að minni hyggju verða það í þessum gjaldeyrisskorti að sáralitlu leyti aðrir en framleiðendur, og þá gjaldeyrir til greiðslu á þeim hlutum, sem nauðsynlegir eru til þess, að framleiðslan geti haldið áfram. Það liggur í hlutarins eðli, að þessir menn verða í gjaldeyrisskortinum að ganga fyrir ríkissjóðnum, fyrst og fremst af því að án innflutnings þeirra nauðsynjavara, sem hér ræðir um, getur engin framleiðsla farið fram, og þar af leiðir auðvitað, að enginn gjaldeyrir gæti aflazt. Hitt má í þessu sambandi nefna, að það munu verða þessir sömu framleiðendur, sem á næstunni skulda fyrir sínum útflutningsvörum, þó þeir láti í té þann gjaldeyri, sem væntanlega fellur til. Það ætti því að vera sanngirniskrafa þeirra að fá í sína framleiðslu þann gjaldeyri, sem bankarnir ráða yfir.

Ég veit ekki, hvort það er alveg rétt skilið hjá hæstv. ráðh., að bankastjórn landsbankans hafi óskað eftir því, að bankaráðið samþ. þá till., sem borin var upp á bankaráðsfundi og var lögð til grundvallar fyrir flutningi þessa frv. (**Fjmrh.:** Ég skildi hv. þm. þannig, að hann hefði gert þetta vegna þess, að framkvæmdastjórnin óskaði eftir því). Ég er heldur ekki viss um, að það sé alveg rétt skilið hjá hæstv. ráðh., að hvatir bankastjóra landsbankans til þess að óska eftir þessari lántökuheimild hafi eingöngu verið þær, að sjá bankanum farborða. Mér þykir ekki ólíklegt, að bankastjórnin í samráði við hæstv. fjmrh. hafi ætlað sér að hlaupa undir bagga með þörfum ríkissjóðs.

Hæstv. ráðh. sagði, að slík lántökuheimild kæmi ekki í bága við þær upplýsingar, eins og hann orðaði það, sem hann hefði gefið brezkum lánardrottni í sambandi við lántökuna 1934. Ég kæri mig nú ekki um að vera sérstaklega að slá því föstu hér í þessum umr., sem fór raunverulega fram í sambandi við þá lántöku, þó að ég hinsvegar gangi út frá því, að það sé óhætt að tala um málið hér á þingi að því leyti, að það skaði ekki lántökubeiðni okkar nú. En það er ekki rétt orðalag, að tala um upplýsingar, sem ráðh. hefði gefið í þessu efni, heldur ætla ég, að það sé satt, að hann gaf yfirlýsingu, sem var krafizt af lánardrottninum. Þannig var þetta lagt fyrir Sjálfstfl., þegar ætlazt var til, að hann legði samþykki sitt á það, að ráðh. gæfi þessa yfirlýsingu, sem lánardrottinn gerði að beinu skilyrði fyrir því, að lánið fengist. Ef hæstv. ráðh. telur, að hann geti farið fram á það á peningamarkaðnum í London og annarsstaðar að fá slíkt lán, þrátt fyrir þessa yfirlýsingu, þá er það fagnaðarefni. En ég vil ekki leyna því, að ég hygg, að yfirlýsing hæstv. ráðh. sé þess eðlis, að hann sjái sér ekki fært að fara aðra leið en þá að leita þessa láns annaðhvort hjá sama lánardrottni eða þá með samþykki hans. Það er þá á færi þessa sama lánardrottins að leysa fyrst þennan hæstv. ráðh. frá þeirri yfirlýsingu, sem hann á sínum tíma gaf, og svo getur hann leitað láns á eftir.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að sá aflabrestur, sem nú er á orðinn, hlýtur að auka mjög á þörf bankans til þess að afla sér gjaldeyris með þessum óeðlilega hætti, sem lántaka er. En það er þó sannast sagna, að hér kemur fleira til greina, sérstaklega það sem ég áður gat um, sem sé sú áníðsla, sem atvinnurekstrinn hefir orðið fyrir af hendi ríkisvaldsins á undanförnum 10 árum, og sú röskun, sem skapazt hefir í atvinnu- og peningamálum landsins við skakka gengisskráningu undanfarinna ára. Ég vil leiða athygli hæstv. ráðh. að því, að enda þótt það sé þannig, að slíkur aflabrestur, þar sem nú liggja vörur í landi, sem eru 8 millj. kr. minna virði en í fyrra, hljóti að leiða af sér meiri þörf fyrir lántöku heldur en ef aflinn væri sami og í fyrra, þá er það nú samt svo, að ef við hefðum búið með skaplegum hætti á undan, þá hefði þessi gjaldeyrisskortur ekki sagt svo snögglega til sín. Þó fiskaflinn, sem lá í landinu í fyrra, hafi verið 8 millj. kr. meira virði en sá afli, sem liggur í landi núna, þá leiðir það ekki af sér það, að við á næstu mánuðum þurfum að lenda í gjaldeyrisskorti. Við höfum hér á landi nægan fisk til þess að fullnægja eftirspurninni a. m. k. allt þetta ár, og það lýsi, sem landsmenn eru búnir að bræða til sölu, nægir eftirspurn markaða þeirra, sem af okkur kaupa á næstu mánuðum. Það er þess vegna rétt, að menn geri sér það ljóst, að aflabresturinn á árinu skapar ekki nauðsyn til þess að taka lán til þess að greiða úr gjaldeyrisskorti af þessum ástæðum nú þegar. Sú nauðsyn mundi vitanlega skapast, þegar búið væri að selja þann afla, sem við þó fengum á

land, og í stað þess að geta haldið áfram aflasölunni, ef eðlileg aflabrögð hefðu verið, að verða þá að lúta að því að hafa ekkert til þess að selja og þar af leiðandi engar afurðir til þess að *standa undir gjaldeyrisþörfinni*, — þá fyrst er að skapast þörf fyrir lántöku, sem orsakast af aflabrestinum.

Ég álít ekki tímabært og eðlilegt að fara langt út í gengismálið, þar sem ég er sá eini af mínum flokksbræðrum, sem tek til máls, og Sjálfstfl. hefir ekki tekið ákvörðun um það að ræða gengismálið í sambandi við þessa lántökuheimild. Ég leiði þess vegna hjá mér frekari umr. um málið heldur en ég hafði í frammi og læt ósvarað því, sem hæstv. ráðh. sagði að gefnu tilefni frá mér í sambandi við gengismálið, að öðru leyti en því, að ég leyfi mér að leiða athygli hans að því, að það er mjög alvarlegur og veigamikill misskilningur í hans ummælum um gengismálið, ef hann heldur, að hægt sé að ráða bót á skakkri skráningu krónunnar aðeins með því að færa niður innflutninginn með innflutningshömlum, því að niðurfærsla innflutningsins er mjög þungbær afleiðing af skakkri gengisskrán., en hinsvegar ekkert úrræði til þess að bæta úr þeirri skekkju. Ég skal aðeins til leiðbeiningar drepa á það, að þetta lítur þannig út, að ef gengið hefði verið réttilega skráð, þannig að atvinnurekstrinn hefði verið rekinn með sæmilegri afkomu, þá hefði mátt hafa framleiðsluna á ýmsum sviðum miklu meiri heldur en nú er og þannig atla um leið miklu meira gjaldeyris heldur en nú er aflað og skapa betri aðstöðu til þess að *kaupa erlendar vörur*. *Það er mörg framleiðsla*, sem gæti borið sig, ef gengisbreyting væri komin á, sem útilokað er, að sé rekin eins og nú standa sakir. Með þeirri framleiðslu mætti svo afla gjaldeyris þjóðinni til handa til þess að standa undir auknum gjöldum, sem leiddu af auknum innflutningi.

Þetta er of flókið mál til þess að ræða um það í sambandi við þetta mál, og ég læt þess vegna nægja það, sem ég hefi tekið fram.

Ég býst svo ekki við að bæta neinu sérstöku við það, sem ég hefi sagt, nema mér gefist eitthvert nýtt tilefni til þess frá hendi hæstv. ráðh. eða annara, sem kunna að taka til máls.

*__Hannes Jónsson__: Það er nú sennilega ástæðulítið eða tilgangslaust a. m. k. að tala um þetta frv., því það mun verða samþ., og sennilegt, að það sé óhjákvæmilegt fyrir ríkisstj. að fá þetta frv. samþ. á þessu þingi.

Ég get ekki stillt mig um að benda á það, hvað óheppilega er komið fyrir þjóðfélaginu, þegar það verður að bjarga sér á því að taka skyndilán, sem litlar líkur eru til, að hægt sé að borga upp á þeim tíma, sem tiltekinn er, og þjóðfélagið verður þannig út á við sem hálfgerður óreiðumaður. Hér er um að ræða rúmlega 2 millj. kr., sem á að taka að láni að nýju í viðbót við þann erlendan gjaldeyri, sem bankinn hefir fengið til umráða, m. a. með Sogsvirkjunarláninu og þeim ríkissjóðslánum, sem tekin voru til þess m. a. að greiða upp lausaskuldir ríkisins við bankann, þar var um nýjan gjaldeyri að ræða, sem bankinn hafði yfir að ráða. Það er orðið innifrosið fé, og svo á enn að bæta við milljónum, sem litlar líkur er til, að það verði öðruvísi en að þær frjósi inni.

Allt stafar þetta af því, að ástæður atvinnuveganna *eru þannig*, að framleiðslan getur ekki borið sig hjá þjóðinni. Óhjákvæmileg afleiðing af því hlýtur að verða skuldasöfnun ár frá ári, sem ekki verður stöðvuð á þann hátt, sem hæstv. ráðh. ætlast til. Það er aðeins hægt að taka fyrir þessa skuldasöfnun með því að skera fyrir meinsemdina sjálfa, en það er sjálf rekstrarafkoma atvinnuveganna í landinu. Þetta verður Alþingi og ríkisstj. að gera sér ljóst, að það þýðir ekkert að blinda sig á því að taka skyndilán, sem á svo að greiða með von um betri afkomu, án þess að nokkuð sé breytt hinum raunverulegu ástæðum, sem liggja til grundvallar, en það er hin erfiða afkoma atvinnuveganna í landinu.

Það hefir verið minnzt á það í þessu sambandi, af hv. þm. G.-K., að ein aðalástæðan fyrir þessu öfugstreymi í atvinnulífinu hér á landi sé hin rangláta gengisskráning, sem hér hefir farið fram í mörg ár. Þetta er í raun og veru viðurkennt, og það af þeim mönnum, sem fræðilega geta bezt um þetta dæmt, og þetta á við um marga aðra, sem hafa þó kaldan veruleikann fyrir augum og hljóta því að geta myndað sér skoðun út frá því. En þrátt fyrir það, þó slík yfirlýsing komi nú frá hv. þm. G.-K., sem er formaður Sjálfstfl., þá hefir þó ekkert verið gert hvorki af ríkisstj., stjórnarflokkunum né Sjálfstfl., til þess að opna leið til lausnar á þessu stærsta *vandamáli þjóðarinnar*. Ég verð að segja það, að hér hefir ekki verið horfzt í augu við raunveruleikann. Það hefir verið reynt að horfa framhjá honum og reynt að smeygja sér framhjá orsökunum fyrir því ófremdarástandi, sem hér er og á að lækna með hreystiorðum hæstv. fjmrh., en þau hafa bara aldrei getað gert sjúkdóminn neitt bærilegri.

Um þörf bankans eða ríkisins til lántökunnar get ég ekki dæmt, því við bændaflokksmennirnir eigum þess ekki kost að kynnast utanríkismálunum, þar sem við höfum ekki fengið fulltrúa í utanrmn. og mér hefir verið synjað persónulega um að kynnast þeim málum, eins og t. d. samningum milli Íslands og annara ríkja, þó að það sé náttúrlega óneitanlega hart, að alþm. skuli ekki fá að kynnast þeim hlutum. En e. t. v. er það ekki verjandi, þó að maður verði fyrir slíkri útilokun, að bregða fæti fyrir þær ráðstafanir, sem ríkisstj. telur nauðsynlegt að gera til þess að landið standi í skilum.

En jafnframt finnst mér nauðsynlegt að benda á, að hér er stefnt út á hálan ís, svo hálan, að mér þykir ekki líklegt, að hæstv. fjmrh. verði stætt á honum. Ég hefi viljað nota tækifærið til að benda á, að möguleikinn til að standa í skilum er veikur, og ákvæðið um, að þessi lántaka skuli vera til eins árs, er í rauninni ekkert nema blekking, ef það ber að skoða sem loforð um greiðslu eftir ár frá því, að lánið er tekið. Því að ef ekki er gert neitt til að breyta um stefnu og reyna að bjarga atvinnuvegunum úr öngþveiti því, sem þeir eru í, þá eru engar líkur til, að slík greiðsla geti farið fram, því að eins

og oft hefir verið bent á hér á Alþingi, þá er fyrsta skilyrðið, að atvinnuvegirnir beri sig. En meðan þeir eru reknir með tapi og minnkandi framleiðslu, þá eru litlir og þverrandi möguleikar á að standa í skilum. En eftir því, sem atvinnuvegirnir standa betur fjárhagslega, þá verður aðstaðan betri, ekki aðeins um að standa í skilum um vaxta- og afborganagreiðslur, heldur kannske líka til þess að grynna ofurlítið á skuldasúpunni. En það er eins og það sé fyrsta og eina takmark ríkisstj. að slá peninga til þess að fljóta í augnablikinu, en slík starfsemi er algerlega óverjandi.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég þarf ekki að vera langorður eða svara mörgum einstökum atriðum í ræðu hv. þm. G.-K. En það er í tilefni af þeim ummælum hans, að ég hefði haft þau ummæli, að þetta lán væri til að bjarga yfirfærslum fyrir atvinnuvegina, en þetta væri eingöngu til að hjálpa ríkissjóði með hans yfirfærslur, þar sem enginn fengi gjaldeyri nema framleiðendur. Hann veit, þessi hv. þm., að atvinnuvegirnir verða að sitja fyrir. En ég vil líka benda á, að það eru fleiri en ríkið og framleiðendurnir, sem keppa um gjaldeyrinn, það eru fleiri, sem skulda erlendis, en þessir aðiljar, eins og t. d. bæjar- og sveitarfélög, verzlanir o. fl., sem eru lántakendur á erlendum peningamarkaði. Þessi lántaka gerir þjóðbankann almennt betur færan um að sinna kröfum framleiðenda og annara um gjaldeyri. Ég er líka viss um, að stjórn landsbankans hefir ekki aðeins haft hag bankans fyrir augum, er hún ákvað að leita eftir heimild til þessarar lántöku, heldur líka sinna viðskiptavina.

Út af því, sem hv. þm. talaði um þær upplýsingar, sem ég hefði gefið í sambandi við lántökuna 1935, en hann vill kalla yfirlýsingu, vil ég endurtaka það, að ég tel — þrátt fyrir þær upplýsingar eða yfirlýsingu, hvort sem menn vilja heldur kalla það, er ég gaf 1935 í sambandi við lántökuna þá —, að landsbankinn geti leitað fyrir sér hvar sem er og hvert sem hann vill, og ég tel, að þó lántaka sé gerð undir þeim erfiðu kringumstæðum, sem nú eru, að þá fari það alls ekki í bága við þær upplýsingar um stefnu stj., að hún vilji ekki og ætli sér ekki að safna nýjum og nýjum skuldum að ástæðulausu.

Þá minntist hv. þm. á, að það væri að vísu rétt, að nú væri aflabrestur, en þó væri margs að gæta, og ekki væri nauðsynlegt að afla gjaldeyris nú þegar, heldur sjá, hvernig færi um síldveiðina, og því kannske réttara að taka lánið síðar.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að þær vörur, sem helzt hafa gefið gjaldeyri á þessum tíma og fram til síldveiðitima, fram í júlímánuð, þær eru lýsi og blautfiskur. Er sýnilegt, að gjaldeyrir fyrir lýsi er stórum minni nú sökum aflabrests, en um blautfiskinn er það að segja, að þó markaður sé takmarkaðri en í fyrra og af þeirri ástæðu minna selt, þá held ég, að mér sé óhætt að segja það, að minna hefir verið sótt á að selja hann nú, sem er heldur ekki óeðlilegt. Og ég fullyrði, að þetta hefir nú þegar haft áhrif á gjaldeyristekjurnar. Þá hefi ég ekki fært fram þau atriði, sem koma líka þessu máli við, en það eru hin stórkostlegu vandkvæði á því að fá afurðirnar greiddar; einkum er það þó í Ítalíu, þar sem við höfum verið neyddir til að gera vöruskiptasamning, þannig að það, sem hefir verið greitt áður í frjálsum gjaldeyri, er nú fast og stendur inni á sérstökum reikningi í Ítalíubanka, þar til vörur eru teknar út á innstæðuna, sem ekki verður fyrr en kemur fram á árið. Það er því ekki aflabresturinn einn, sem veldur gjaldeyrisvandræðunum, heldur líka aðrar ástæður, og skýrir það betur erfiðleikana, sem nú eru.

Þá segir hv. þm. að það sé röng skoðun, sem kom fram hjá mér, að hægt væri að ráða bót á gengisskráningu með innflutningshömlum. Hv. þm. hefir eitthvað misskilið þetta. Það, sem ég sagði, var, að gengisbreyting gæti ekki komið í stað haftanna. En um gengisbreyt. frá mínu sjónarmiði er það að segja, að hún snertir aðallega eða hefir áhrif á, hvernig tekjurnar skiptast í landinu sjálfu, en stendur ekki í beinu sambandi við sjálft gjaldeyrismálið. Annars ætla ég, eins og hv. þm. G.-K., að leiða hjá mér almennar umræður um þetta mál.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði hér nokkur orð, og lagði hann sérstaka áherzlu á, að sér fyndist óreiðuvottur felast í afgreiðslu þessa máls. Hér væri gert ráð fyrir að taka skyndilán, sem fyrirsjáanlega væri ekki hægt að greiða á tilsettum tíma, og hefði það yfir sér allan blæ óreiðunnar. Ég vil benda á, að þó allir séu sammála um, að óefnilega horfi nú, bæði um slæma markaði og að rekstur sjávarútvegsins hafi gengið hrapallega, þá er á engan hátt leyfilegt að gera ráð fyrir því, að Ísland geti ekki bætt hag sinn í framtíðinni, svo að það verði fært um að standa við sínar skuldbindingar.

Og ég held líka, að það sé órökstutt að halda slíku fram, því að það hefir komið fyrir mörg lönd að lenda í slíku, að þau hafa orðið fyrir óhöppum eða áföllum, og að þau hafa rétt við aftur, og ég held, að svo muni fara fyrir okkur, að okkur muni takast að rétta við aftur. Ummæli hv. þm. um, að þessar ráðstafanir, þ. e. lántakan til að komast yfir þetta erfiða ástand, væru óreiðuráðstafanir, eru algerlega ósæmileg, þar sem þjóðin hefir nú hert mjög að sér, eins og sést á þeim vöruskorti, sem er í landinu. En það er ekki hægt fyrir neina þjóð að standa slíkt af sér, þegar hvorttveggja ber að í senn, að markaðir minnka og framleiðslan þverr. Þetta verður ekki komizt yfir, nema með bráðabirgðaráðstöfunum, sem menn gjarnan vildu vera lausir við, en eru neyðarúrræði, en enginn óreiðuvottur.

Hv. þm. var að kvarta um, að hans flokkur gæti ekki fylgzt með í utanríkismálum og gæti því ekki myndað sér skoðun. Ég held, að þetta sé einhver misskilningur, því að ég veit ekki betur en hans flokkur eigi fulltrúa í bankaráði — þó að þeir hafi unnið það sæti með prettum, þá kemur það ekki þessu máli við — og vegna þessa hlýtur þeim að vera kunnugt um þær ástæður, er liggja til þess, að farið er fram á þessa heimild af bankanum. Og mér er ekki kunnugt um, að þessi fulltrúi hafi gert ágreining í bankaráði, því að í skjali því, er stj. barst frá

bankanum, stendur, að enginn ágreiningur væri um þetta mál; kemur mér því þetta undarlega fyrir sjónir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

ÓTh, TT, GÞ, GSv, HannJ, JJ, JS greiddu ekki atkv.

Tólf þm. (PHalld, PO, SK, BJ, BÁ, EE, EmJ, GÍ, JakM, JÓl, JónP, MT) fjarstaddir.

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PO, SK, GÞ, GSv, GÍ greiddu ekki atkv.

Sex þm. (HV, JÓl, JG, PHalld, TT, BJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigfJ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, MT, PZ, JörB.

SK, TT, GÞ, GSv, HannJ, JJós, JónP, ÓTh, PO greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (PHalld, SE, BJ, EE, GÍ, HV, JakM, JÓl, JS, JG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 562).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég gat ekki verið hér við við 1. umr. þessa máls til þess að gera grein fyrir því, hvernig á þessu frv. stendur. Ég geri nú ráð fyrir því, að hv. dm. hafi heyrt óminn af umr. þeim, sem urðu um þetta mál í hv. Nd. En þær ástæður, sem fyrst og fremst eru færðar fyrir þessu máli, eru þær, að fiskaflinn er nú 16600 tonnum minni en hann var á sama tíma í fyrra. Það mun láta nærri, að þessi aflarýrnun sé að verðmæti um 8 millj. kr., ef miðað er við sama verðlag og nú er á fiskafurðum. Þetta gífurlega hrun við sjávarsíðuna mun vitanlega hafa í för með sér stórkostlega tekjuskerðingu fyrir fjölda manna. Það hefir líka í för með sér, að það mun koma inn minni gjaldeyrir heldur en menn hafa reiknað með, ef ekki rætist úr þessu stórlega þann tíma ársins, sem eftir er, annaðhvort með því að aflinn glæðist á ný eða þá að síldveiðin gengur vel í sumar og vegur upp það aflaleysi, sem núna er. Það var þess vegna samróma álit stjórnar landsbankans, og féll það saman við álit ríkisstj., að það væri óvarlegt að skiljast svo frá þessu þingi, að ekki væri til möguleiki fyrir bankann að fá ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni, ef svo skyldi fara, að það teldist óhjákvæmilegt að taka slíkt lán. Það má gera ráð fyrir því, að svo geti farið, að heimildin verði notuð, nema þá, að á einhvern óvæntan hátt rætist fram úr því ástandi, sem nú er. Þó að reiknað sé með því, að það verði hert að með innflutninginn eins og föng eru á, þá er vitanlega ekki þess að vænta, að öðru eins hruni og hér varð í vertíðarfiskaflanum verði að öllu leyti mætt á þann hátt. — Hvort þetta viðbótarlán fyrir bankann fæst, veit ég ekki. Það lágu ekki fyrir frá bankanum neinar upplýsingar um það, en ég býst við, að þær verði gefnar síðar, ef ástæða þykir til.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. séu ljósar ástæðurnar fyrir málinu.

***Magnús Jónsson:** Eins og sést á bréfinu frá stjórn landsbankans, sem prentað er í grg. frv., þá hefir sú ályktun, sem þar er prentuð, verið samþ. með samhljóða atkv. bankastjórnarinnar og þeirra, sem eiga sæti í bankaráði landsbankans. Þar sem ég var einn af þeim, sem greiddu atkv. með því, að bankinn færi fram á þetta, þá þykir mér ástæða til þess að gera grein fyrir minni afstöðu til frv. hér á þingi.

Við, sem erum kosnir af Sjálfstfl. í bankaráðið, greiddum atkv. með þessu, en við gerðum þá grein fyrir atkv. okkar, að þó að við teldum rétt, að bankinn færi fram á þetta, þá hefðum við óbundnar hendur með okkar þingmannsatkv., þegar til afskipta þingsins kæmi, og mun ég ekki greiða atkv. um málið.

Eins og sést af grg., og hæstv. ráðh. hefir líka minnzt á, þá er þessi aukalántökuheimild hvergi nærri fullnægjandi, ef ekki rætist úr um afla það sem eftir er ársins. Það er alveg auðsætt, að lántökuheimildin er að því leyti ófullnægjandi ein út af fyrir sig.

Það er líka dálítið, sem er athugandi í þessu sambandi, og það er, að þegar bankinn fær ofurlítið olbogarúm í svipinn, að menn freistist til þess að leita á hann í féleysi því, sem nú er, bæði einstaklingar og hið opinbera, t. d. bæjar-

félögin. Það er viss hætta í því fólgin fyrir bankann að fá slíka lánsheimild, og það mæðir á bankastjórninni að standast þær kröfur, sem til hennar kunna að verða gerðar í þessu efni. Hinsvegar hefir þetta verið samþ. út frá þeirri viðurkenningu, að það verði í lengstu lög að reyna að komast hjá því, að bankinn, aðallega í hans viðskiptum milli landa, komist í þrot um að geta yfirfært peninga. Nú má segja, að bankinn þurfi aldrei að komast í þrot. Bankinn mun geta varizt eftirspurninni um erlendan gjaldeyri með nógu harkalegum ráðstöfunum innanlands. Á hinn bóginn þyrfti til þess að beita svo harkalegum ráðstöfunum, að það væri lítt æskilegt, að það þyrfti að grípa til þeirra. Þess vegna hefir bankastjórnin tekið þann kost, að ríkisstj. aflaði sér þeirrar heimildar, sem hér um ræðir.

Ég vildi í þessu sambandi beina því til hæstv. fjmrh., hvort slík umleitun og slík ábyrgð, sem ríkið ætlar hér að ganga inn á, hvort það færi ekki í bága við þau ummæli, sem hann hafði við fjármálamenn ytra um það, að ríkisstj. mundi ekki taka frekari lán en þar var um að ræða, þegar yfirlýsingin var gefin. Það nær vitanlega engri átt, þegar hæstv. ráðh. hefir gefið slíka yfirlýsingu, að hann þá geri nokkuð, sem gæti litið út sem brigð þeirrar yfirlýsingar. Ég treysti þessu, þegar þetta var til umr. í bankaráðinu, en þá var þar enginn til svars, enda er það enginn nema hæstv. fjmrh. sjálfur, sem getur verið þar til svars. Ég þykist vita, að hann muni ekki telja sig bundinn af þessari yfirlýsingu, úr því að hann fór fram á, að slíkt frv. væri flutt. Hann mun ætla sér að taka á móti heimildinni, og nota hana, ef honum býður svo við að horfa. Ég vænti þess að fá að heyra skýlaus svör um þetta atriði.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það var út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. Í sambandi við lántökuna 1935 voru þær upplýsingar gefnar af hendi ríkisstj., að gefnu tilefni, að ríkisstj. mundi forðast allar erlendar lántökur og ábyrgðir og það að ganga í ábyrgð fyrir erlendum lánum. Hv. þm. spurði, hvort það kæmi ekki í bága við þessar upplýsingar, ef ríkisstj. notaði heimild þá, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég get sagt, að ég álít, að svo sé ekki, vegna þess að þessi ábyrgðarheimild og þessi lántökuheimild, sem hér er gert ráð fyrir, mun ekki verða notuð nema í ýtrustu nauðsyn, og ekki fyrr en bankastjórnin og ríkisstj. álítur, að til þess þurfi að koma. Fyrst munu verða reynd þau ráð, sem helzt þykja tiltæk um niðurfærslu innflutnings og eins til þess að draga úr gjaldeyriseftirspurn eins og hægt er, og forðast þannig eins og unnt er, að til þessa þurfi að koma. Ég lít svo á, að þetta fari á engan hátt í bága við áður gefnar upplýsingar um þessi mál.

***Magnús Jónsson:** Ég man nú ekki eftir því, hvernig ummæli hæstv. ráðh. voru í sambandi við lántökuna 1935, eða að talað væri um undantekningar, ef mikil nauðsyn væri fyrir hendi. En það er svo sem auðvitað og sjálfsagt, að erlendum fjármálamönnum hefir verið það ljóst, að loforð í þessa átt þýða ekkert, nema ríkisstj. ætli svo samtímis að gera þær ráðstafanir, sem þarf, til þess að ekki komi til þess, að slíkar lántökur þurfi. Það er til ákaflega lítils að lofa bót og betrun og halda hinsvegar áfram þeirri stefnu í fjármálum almennt, sem hlýtur að leiða til þess, að til slíkrar lántöku þurfi að koma.

Nú skildist mér á hæstv. ráðh., að ríkisstj. stefni að því marki að gera aðrar ráðstafanir, svo að til þessa þurfi ekki að koma. Ég býst við, að hann eigi þar við strangari innflutnings- og gjaldeyrishöft en þau, sem gilt hafa upp á síðkastið. En það er vitanlega fleira en slíkar ráðstafanir, sem þarf að gera. Slíkar ráðstafanir eru ekki annað en nokkurskonar ytri ráðstafanir og koma ekki að liði, nema fjármálastefnan í landinu sé á þann hátt, að til þess þurfi ekki að koma, sem hér um ræðir. Án þess að ég ætli að fara út í neinar fjármálaumræður, þá vil ég segja það sem mína skoðun, að því hefir farið fjarri, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafi stefnt í þá átt í fjármálastjórninni undanfarið. Eitt fyrsta skrefið í þá átt og það, sem stj. og þing hefir á valdi sínu, er vitanlega stjórn fjármála ríkissjóðs. En það hefir alltaf jafnt og þétt hert á sköttunum og aukið fjáreyðslu ríkissjóðs. Mér finnst, að hæstv. ráðh. hafi illa haldið að þessu leyti orð sín um það, að gera þær ráðstafanir innanlands, sem þarf til þess að jöfnuður geti komizt á. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að þetta rekur sig á þá reglu hans að auka kaupgetuna innanlands. En hann getur auðvitað með þessu haldið henni innilokaðri.

Ég vil hinsvegar benda á það, að ef það er talin ástæða í þessu máli, að hér sé ekki um annað að ræða en yfirdráttarlán, og því treyst, að slíkt lán verði borgað út í fyrsta gjalddaga, er hætt við, að þetta lán, ef það verður tekið, yrði að einhverju leyti fast.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla ekki að skipta mér af afgreiðslu þessa máls. En mér finnst satt að segja, að þetta frv. hljóti að vera nokkurskonar yfirlýsing frá stj. um það, að hún telji sig geta haldið viðskiptunum við útlönd gangandi, ef hún fær þessa heimild og notar hana. Ef svo væri, að stj. teldi, að hærri upphæð væri nauðsynleg til þess að geta haldið í horfinu, þá mundi hún fara fram á hærri upphæð, ef hún á annað borð álítur, að hægt sé að fá hana. Ég vil aðeins taka það fram, að ég skil framkomu og samþykkt þessa frv. á þann hátt, sem nú var frá skýrt. En ég tek það jafnframt fram, að mér sýnist, eftir því, sem nú horfir við, að þessi upphæð sé lægri heldur en búast má við, að hægt sé að komast af með. Það getur verið, að það sé af því, að stj. treystir sér ekki til þess að fá hærri upphæð.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla nú ekki á þessu stigi málsins og undir þessum kringumstæðum að fara að endurtaka þær umr., sem svo oft hafa farið fram milli mín og hv. 1. þm. Reykv. um þær fjármálastefnur, sem við teljum okkur vera fulltrúa fyrir, enda mun hv. þm. hafa fyrir löngu heyrt þau rök, sem ég færi fyrir mínu máli. Hvað því viðvíkur, að það sé kominn fram einhver dómur um það, að stefna sú, sem

ég hefi haldið fram, sé röng, þá vil ég vísa slíku alveg á bug. Það er ekki að búast við því, hvor aðferðin sem hefði verið viðhöfð, að hægt sé að standa af sér annan eins aflabrest og orðið hefir á þessari vertíð, án þess að leita til einhverrar lántöku til þess að komast yfir það versta. Það er alveg óhugsandi, að hægt sé að komast hjá því.

Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagðist taka sem yfirlýsingu stj. um, að hún treysti sér ekki til að halda öllu gangandi, þá vil ég taka fram, að ég veit ekki, hvað hv. þm. hefir átt við. En það getur þessi hv. þm., alveg eins og hver annar, gert sér ljóst, að það er ómögulegt að segja fyrirfram, hvort síldveiðin fer vel eða illa á árinu, eða hvort þorskveiðarnar, sem eftir eru, fari vel eða illa, en ef síldveiðin misheppnast og þorskveiðarnar misheppnast líka, þá verður þessi lántaka ekki nægileg til að bæta úr yfirfærsluvandræðunum.

Nú er það fjarstæða ein og sagt algerlega út í bláinn, að nokkur hafi tekið né geti tekið ábyrgð á því, að allt haldist gangandi. Hitt er annað mál, að skoðun stjórnar landsbankans fellur hér saman við skoðun ríkisstj., að ekki sé gerlegt að bæta við lánum meira en hér er gert ráð fyrir, en þetta er heimild, sem tryggara þykir að hafa, ef með þarf, en hún mun ekki verða notuð fyrr en í síðustu lög. Hvort þessi upphæð dugar eða ekki, eða hvort enn meiri hörmungar eiga eftir að dynja yfir þjóðina, um það getur enginn sagt, og enginn tekið ábyrgð á því, hvorki ríkisstj. né hv. 1. þm. Skagf.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. ráðh. gerði ekki annað en snúa út úr orðum mínum. Ég var ekki að heimta neina tryggingu eða ábyrgð af ríkisstj. Ég var aðeins að spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. treysti sér til að halda gangandi viðskiptum við útlönd með ekki hærri lántökuheimild en þetta. Ef það er talin óhjákvæmileg nauðsyn eftir útlitinu nú að dæma að fá lántökuheimild fyrir erlendu láni og leita eftir því, þá spurðist ég fyrir um, hvort ekki væri rétt að hafa heimildina hærri. Ef hægt er að fá hærra lán, eða stj. treystir sér til þess að fá það, þá er ekkert vit í öðru en hafa heimildarupphæðina hærri; það er þar fyrir engin þörf á að nota hana alla, enda hefir hæstv. ráðh. lýst yfir því, að hann muni ekki nota þessa upphæð alla, nema í ýtrustu nauðsyn, auk heldur aðra stærri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 623).

---

54. Atvinna við siglingar.

Á 9. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 38).

Á 11. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég get verið stuttorður um frv. þetta nú, því að eins og kunnugt er, lá mál þetta fyrir síðasta þingi, og var þá gerð grein fyrir efni þess og tilgangi. Sjútvn. flutti málið þá, eins og nú, að tilhlutun atvmrh., og hafði það einnig til athugunar og gerði á því ýtarlega athugun. Að málið komst ekki lengra þá en að n. skilaði áliti og brtt., var af yfirlögðu ráði. Hún taldi, að hér væri um svo mikið og nauðsynlegt mál að ræða, að rétt væri að gefa mönnum almennt kost á því að athuga frv. ásamt brtt. n. á milli þinga. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá flytur sjútvn. frv. enn að tilhlutun atvmrh., en nú hafa verið felldar inn í það brtt. þær, sem n. bar fram við það í fyrra. Þar sem nú er aðeins 1. umr. málsins, sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða einstakar gr. frv. og læt það því bíða til 2. umr., en þá mun ég skýra brtt. sjútvn. frá síðasta þingi, en þær má sjá á þskj. 797 frá þinginu í fyrra. Mér er kunnugt um, að mjög aðkallandi nauðsyn er á, að frv. þetta verði afgr. sem lög frá þessu þingi, því að það er á ýmsan hátt ekki ljóst, hvernig menn eigi að öðlast atvinnuréttindi í þessum atvinnugreinum, sem frv. ræðir um, eins og nú standa sakir, enda mun t. d. bæði stýrimanna- og vélstjórastéttinni vera mikið áhugamál að fá lög um þessi efni.

Við Íslendingar erum alls ekki einir um að setja fullkomna löggjöf hjá okkur um þessa hluti, því að Norðmenn hafa t. d. nýlega breytt lögum sínum um þessi efni í nýtízku horf. Það, sem hér er að ske, er ekkert annað en það, að kröfur tímans kalla á þekkingu skipstjórnarmanna bæði ofan þilja og neðan.

Þar sem nú sjútvn. athugaði mál þetta gaumgæfilega á síðasta þingi, þá sé ég enga ástæðu til að fara að vísa því til hennar nú og legg því til, að það fái að ganga áfram nefndarlaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, 89).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Eins og ég gerði grein fyrir við 1. umr. fyrir hönd n., er þetta frv. samið af sérstakri n., og fór sjútvn. vandlega í gegnum það á síðasta þingi og gerði ýmsar brtt. við það. Ég gat þess þá, að ég mundi við þessa umr. málsins skýra nánar þær brtt., sem n. gerði fyrir þinglokin síðustu og nú er búið að taka upp í frv. Á þann hátt hefir málið ekki enn verið rætt. Á síðasta þingi fylgdi frv. allýtarleg grg., en hún fylgir því ekki núna, og

getur því verið, að hv. þm. eigi örðugt með að glöggva sig á ýmsu, sem frv. hefir að geyma. 1. kaflinn er, eins og frv. ber með sér, inngangur og orðaskýringar, sem gerðar eru til þess að það geti ekki leikið á tveim tungum seinna, þegar um þessi mál verður fjallað, hvað í þeim orðum felst, sem oftast koma fyrir. Ég tel ónauðsynlegt að fara frekar út í það, því að það skýrir sig sjálft. Höfuðbreytingin, sem n. gerði á síðasta þingi á þessu frv., er í raun og veru brtt. á þskj. 797. N. sú, sem samdi frv., hafði gengið svo frá þessu, að réttur þeirra, sem heimild hefðu til þess að flytja skip, væri aukinn þannig, að samkvæmt ákvörðun n. höfðu þeir leyfi til þess að fara með 100 rúmlesta skip. Þessi till. á sína forsögu hér á Alþingi, m. a. þá. að á haustþinginu 1934 lá fyrir hv. Nd. till. um að veita þessum mönnum undanþáguheimild í lögum allt upp í 150 rúmlestir. Þessi krafa er sérstaklega runnin frá mönnum, sem búa fjarri Reykjavík og hafa tekið smáskipapróf úti um land, því að eins og kunnugt er, þá eru slík próf leyfð á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum, og þeir, sem hafa öðlazt þetta próf á seinni árum, hafa farið fram á það, að réttur þeirra yrði rýmkaður að miklum mun frá því, sem nú er, en nú er hann, eins og kunnugt er, miðaður við 60 rúmlestir. Á haustþinginu leit hv. Nd. svo á, að rétt væri að verða við þessum kröfum. Þetta frv. kom svo fyrir hv. Ed., svo sem kunnugt er, og var þá vísað til sjútvn., en n., sem skipuð var sömu mönnum og nú, vildi ekki fallast á þetta og taldi vera of langt gengið. Upp úr því spratt svo till. sú, sem n. gerði þá til þess að láta endurskoða þessa löggjöf um stýrimenn, skipstjóra og vélstjóra, og mér er óhætt að fullyrða, að þessi till. n. átti yfirleitt stoð í öllum þeim stéttum, sem hér eiga hlut að máli. Ég hefi áður sagt, að yfirleitt sé reynslan sú, jafnt í þessum efnum sem öðrum, að með breyttum tímum verði að breyta löggjöfinni. Nú hefir þessi till. n. mætt allverulegri mótstöðu, sérstaklega frá skipstjórum hér sunnanlands, og er mörgum hv. þm. kunnugt um þær röksemdir, sem þeir færðu fyrir máli sínu. Hinsvegar hefir legið fyrir sjútvn. álit annara stétta úti um land, og vilja þær toga í sinn rétt og auka jafnvel meira en mþn. hafði viljað gera. Sjútvn. komst að þeirri niðurstöðu til þess að brúa á milli þeirra, sem gera háværastar kröfur, og þeirra, sem vilja „status qvo", að heppilegast væri að fara meðalveginn og binda takmarkið við 75 rúmlesta skip. Þeir, sem um þetta mál fjölluðu í mþn., voru yfirleitt þeirrar skoðunar, að ef smáskipaprófsmenn kynnu vel það, sem af þeim er krafizt samkv. reglugerð skólanna, þá væri enginn vafi á því, að þessir menn væru að því, er bóklega þekkingu snertir, fullhæfir til þess að flytja skip meðfram ströndum landsins, og þótti hæfilegt að fara upp í 100 rúmlestir. N. studdist að nokkru leyti við það, sem tíðkazt hefir í þessu efni í nágrannalöndum okkar, t. d. í Noregi, en þar hefir þessu verið þannig háttað til skamms tíma, að menn, sem hafa a. m. k. öllu minna próf en krafizt er af þeim mönnum, sem taka smáskipapróf hér á landi, hafa haft leyfi til þess að flytja skip allt að 200 rúmlestir að stærð meðfram allri strönd Noregs og jafnvel inn í Kattegat, og þeim er líka leyft að fara norður í Íshaf og til Íslands, ef þeir losa aðeins aflann þar. Hinsvegar er því þannig farið hjá þeim, að menn, sem fara með skip upp í 25 rúmlestir að stærð, sem aðeins eru notuð við ströndina sjálfa, en fara ekki út á opið haf, þurfa í raun og veru ekkert próf. Það svarar til 12 rúmlesta hjá okkur. N. hefir rýmkað þetta nokkuð og gert till. um það, að ekki þurfi sérstakt skólapróf til þess að flytja skip, sem er allt að 15 rúmlestir að stærð, og hafði hún fyrir sér þá reynslu, sem fengizt hefir hér fyrir því, að skip af þessari stærð fara ekki til fjarlægra landa að jafnaði.

Um Dani er svipað að segja í þessu efni og Norðmenn: þeir hafa nokkuð rúm prófskilyrði fyrir þá menn, sem ætla að sigla á smærri fiskiskipum; það próf, sem til þess þarf, kalla Danir Kystskipperprøven, og svarar það til smáskipaprófsins hjá okkur. Mönnum, sem það próf hafa, er leyft að sigla á fiskiskipum, sem eru yfir 100 rúmlestir að stærð, en ekki yfir 200, til Færeyja og Íslands. Í Englandi gilda hinsvegar allt aðrar reglur í þessu efni; þar þarf raunverulega sama og ekkert próf til þess að geta siglt 25 lesta skipi og 50 lesta, ef um reknetaskip er að ræða. En svo hafa þeir allmikið próf fyrir þá, sem sigla togurum. Englendingar sigla skipum sínum, eins og kunnugt er, alla leið norður í Hvítahaf og til Grænlands, og af þeim mönnum, sem sigla þessum skipum, er heimtað próf, sem í öllum aðalatriðum svarar til fiskimannaprófs hins meira hjá okkur.

Þannig er þessu háttað hjá nágrannaþjóðum okkar, og með hliðsjón af þessu gerði n. þessa till., sem ég hefi lýst. Hjá okkur Íslendingum hafa verið gerðar harðari kröfur í þessu efni en hjá öðrum þjóðum. Það er afareðlilegt, þar sem land okkar liggur fyrir opnu hafi og úthafið tekur við jafnskjótt og siglt er eitthvað út frá landinu, má því gera ráð fyrir, að oft þurfi á allri sjófræðiþekkingu að halda til þess að vita með vissu, hvar menn eru staddir á hafinu.

En síðan lögin um smáskipapróf komu, og eftir að réttindin voru rýmkuð í því efni, þá virðist sú þekking, sem þeir menn að jafnaði hafa átt við að búa, er þetta próf hafa tekið, hafa orðið fullnægjandi til þess að stjórna okkar fiskiskipum umhverfis landið, en það skal tekið fram, að n. vildi ekki láta þetta ná til skipa, sem gera má ráð fyrir, að stundum verði siglt út yfir hafið, og hafði n. þá sérstaklega í huga allar tegundir botnvörpuskipa, sem eru stærri en þetta og reikna má með, að notuð verði til þess að flytja ísfisk til útlanda. En þau rök hafa verið færð gegn þessu, að skip, sem eru undir 100 rúmlestum að stærð, mundu jafnvel í ýmsum tilfellum verða notuð til siglinga milli landa, og skal ég ekki neita því, að dæmi eru til þess. Það var meðfram af þessari ástæðu, sem sjútvn. breytti hámarkinu og færði það niður í 75 rúmlestir, með það fyrir augum, að það væri einstök tilviljun, ef siglt væri héðan til annara landa á smærri skipum. Aðalhugsunin í þessu efni var sú sama hjá sjútvn. og hjá mþn., sem sé að binda þetta atriði nokkuð við þær leiðir, sem á að sigla.

Hefi ég þá nokkuð skýrt, hvað fyrir n. vakti með till. sínum. Hitt var henni vitanlega ljóst, að hér á þingi eru deildar meiningar um það, hvað réttast sé að gera í þessu efni, og mér er kunnugt um það, að í hv. Nd. eru skörp öfl fyrir því að auka þetta mark, sem sjútvn. þessarar hv. d. hefir lagt til, að sett yrði, og tel ég, eftir því sem efni standa til, ekki rétt að fara hærra en við höfum lagt til.

Þá kem ég að annari aðalbrtt. n., þar er gert ráð fyrir, að þessir smáskipaprófsmenn megi sigla 60 sjómílur út frá landi. Þessi brtt. kom frá sjútvn. Af brtt., sem ég hefi minnzt á, má sjá, hvaða skilyrði eru sett þeim, sem sigla til annara landa.

Þá kem ég næst að brtt., sem fjallar um hásetana. Í því efni er tekinn af allur vafi um það, að það er aðeins átt við þá, sem sigla á skipunum, en ekki, eins og átt hefir sér stað hér sunnanlands, menn, sem að vísu hafa verið lögskráðir hásetar á skip, en hafa hinsvegar ekkert siglt á skipunum, heldur verið í landi og beitt lóðir. Sá tími, sem þessir menn vinna slíka vinnu, nefnist ekki siglingatími þeirra.

Svo koma næst ýmsar orðabreytingar eða leiðréttingar. Það er efnisbreyting við 3. gr. frv.; n. þótt rétt að færa 16 ára aldurstakmarkið ofan í 15 ár.

Ég get nú farið fljótt yfir sögu héðan af, því að af þeirri breyt., sem gera þurfti við 4. gr. frv. viðvíkjandi rúmlestatölunni, leiddi ýmsar hliðstæðar breyt., sem eru að meira eða minna leyti bein afleiðing af þeirri fyrrnefndu. (**Forseti**: Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það liggja engar brtt. fyrir. Ég er að skýra þær breyt., sem sjútvn. hefir gert á frv. eins og það kom frá mþn.

Hvað snertir ákvæðin um siglingatímann í 3. gr., má segja, að þar sé um nýmæli að ræða að ýmsu leyti, þar er þessi tími lengdur frá því, sem gilt hefir í eldri löggjöf. Það vakti fyrir n. í þessu efni, að í nágrannalöndum okkar hefir þessum málum verið þannig háttað, að undirbúningstími þeirra manna, sem ætla sér að verða yfirmenn skipa, hefir verið lengdur.

Annar kafli þessa frv. er um skipstjórnarmenn, og er þar ekki ýkjamiklu breytt frá því, sem verið hefir í lögum í því efni, en þó er heimtuð dálítið meiri kunnátta af þeim en áður. Það er nýmæli í þessu efni, að þess er krafizt af þessum mönnum, að þeir hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota björgunartæki.

Ég hefi þegar skýrt út, hvaða breyt. hafa verið gerðar á 5. gr. af n. hálfu; það er sem sé lagt til, að miðað sé við 75 rúmlestir, en ekki 60.

6. gr. fjallar um skipstjóraskírteini og hefir verið mikið um það atriði deilt; út í það er ég þegar búinn að fara að nokkru leyti. Í fyrsta lagi er siglingatíminn aukinn upp í 36 mánuði úr 24 mánuðum. En svo kemur nýmæli, þar sem talað er um hin skipin; eru það skip, sem sumpart eru notuð til fólksflutninga og sumpart eingöngu til vöruflutninga. Er þar krafizt meiri sjófræðiþekkingar og meiri farmennsku og gert ráð fyrir, að þar komi aðeins til greina menn með meira fiskimannsprófi frá stýrimannaskólanum. Það mun víðast vera svo hjá nágrannaþjóðum vorum, að strangari kröfur eru gerðar til þeirra, sem sigla fólksflutningaskipum og skipum, sem flytja dýra farma, heldur en til þeirra, sem sigla venjulegum fiskiskipum. Þetta er ekki efnisbreyt. Þetta var 8. gr. Þar segir svo neðst: „Til þess að öðlast stýrimannaskírteini á flutningaskipi komi auk siglingatíma þess, er getur um í stafl. b., 6 mánaða siglingatími sem háseti á verzlunar- eða flutningaskipi yfir 30 rúmlestir.“ Það er gert ráð fyrir, að þeir, sem verði yfirmenn á þessum skipum, hafi fengið nokkra þekkingu í meðferð farms á verzlunarskipum.

Um 9. og 10. gr. er það að segja, að þar er um að ræða íslenzk fiskiskip af hverri stærð sem er, og með ákvæðum þeirra greina er átt við menn, sem hafa leyfi til að stýra hvaða íslenzku fiskiskipi sem er og hvert um heim sem vera skal. Að heimila skipstjórn í innanlandssiglingum á skipum allt að 300 rúmlestum að stærð hefir nú verið rýmkað þannig, að heimildarákvæðin ná nú til skipa, sem ekki eru yfir 400 rúmlestir, og var hugsað, að jafnvel flóabátar væru á þessari stærð, því frv. er hugsað fram í tímann, og er aðalefnisbreyt. sú, að stærð skipsins er aukin um 100 rúmlestir. Við 10. gr. er heldur engin veruleg efnisbreyt. frá n. hálfu, heldur leiðréttíng.

11. og 12. gr. eru um stýrimannsréttindi og þar nákvæmlega sama leið farin eins og ég hefi áður tekið fram. Það er tekið fram, hvaða kröfur séu gerðar til þess að fá stýrimannsskírteini. Þar er tekið fram, hvers prófs sé krafizt, hve lengi viðkomandi maður þurfi að hafa verið háseti og á hverskonar skipum. Við þessar gr. hefir n. ekki gert nokkrar brtt.

Svo er III. kafli, sem er um skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins. Um hann má í fáum orðum segja það, að aðalefnisbreyt. hans er sú, að lengdur er siglingatími sá, sem krafizt er; verða þeir hásetar, sem ætla sér að fá þar stýrimannsréttindi nú, að hafa siglt í 48 mánuði, en áður aðeins 36 mánuði. Er þetta fyrirkomulag nákvæmlega í samræmi við það, sem tíðkast annarsstaðar á Norðurlöndum, og stafar það bæði af því, að mikið er orðið til af þeim mönnum, sem hafa þessi réttindi, og líka af hinu, að aldrei er álitið, að of langur tími hafi verið ætlaður til þess að búa þá undir starf sitt, sem stjórna verzlunarskipum og stórum skipum, og er af þeim krafizt meiri þekkingar en áður, bæði bóklegrar og verklegrar. Þótt þessi kafli sé ekki í öllum verulegum atriðum nýr, þá er ein grein hans, 21. gr., alveg ný. Hún fjallar um þá menn, sem eiga að stýra varðskipum ríkisins. Er hér verið að reyna að skapa brú á milli þeirra, sem stjórna verzlunarskipum, og þeirra, sem eiga að stýra varðskipum ríkisins, en meginatriðið er það, að sá, sem hefir rétt til að stjórna varðskipi, geti ekki tekið að sér stjórn á íslenzku verzlunarskipi í utanlandssiglingum, nema hann hafi áður fengið æfingu sem stýrimaður í utanlandssiglingum, og nákvæmlega sama gildir um þann, sem hefir fengið meira skipstjóraskírteini, að hann verður að hafa siglt sem stýrimaður á varðskipi, áður en hann getur öðlazt rétt til skipstjórnar á því. Er þetta gert vegna þess,

að þær tegundir skipa, sem hér ræðir um, þurfa sérfróðra manna, sem kunnir eru þeim hlutverkum, sem skipin hafa, og er á þennan hátt skapaður sá grundvöllur, sem nauðsynlegur er til slíkrar sérþekkingar. Um þetta efni fjalla 21.—23. gr., og með þeim kröfum, sem þar eru gerðar, er hert á frá því, sem áður hefir verið. Vitanlega er það svo um skipherra á varðskipum annara þjóða, að af þeim er krafizt meiri þekkingar heldur en hjá oss. Á erlendum varðskipum eru oftast menn með svonefndu „lautinants"prófi.

Þá kem ég að IV. kafla, og er hann um vélamenn á eimskipum. Hér er steypt saman í eitt ákvæðum um rétt til að stjórna mótorvélum, sem eru yfir 400 hestöfl, og eimvélum yfir 300 hestöfl og tekin inn þau lög, að þeir einir hafi rétt til að stjórna slíkum vélum, sem auk annars nauðsynlegs undirbúnings hafa staðizt hið meira próf við vélstjóraskólann í Reykjavik. Er IV. kafli sérstaklega um vélamenn á eimskipum, en V. kafli um vélamenn á mótorskipum, og er það vendilega aðgreint, sem krafizt er af hvorum fyrir sig. Í þessum kafla er helzta nýmælið, að krafizt er lengri tíma af þeim mönnum, sem ætla að vinna sig upp, þar sem lengri þjónustu er krafizt í starfinu en áður var af þeim mönnum, sem stunda þetta nám. En það var n. ljóst, að það þarf að búa svo um hnútana, að þeir, sem koma út af vélstjóraskólanum, fái meiri tækifæri til verklegrar æfingar heldur en verið hefir, og kemur n. því fram með kröfu um, að fleiri menn séu hafðir á vissum skipum heldur en áður hefir verið. Er það gert til þess, að þeir, sem koma út af vélstjóraskólanum, fái mögu leika til að æfa sig nægilega við hin vandasömu störf og geti unnið sig upp samkv. þeim kröfum, sem um starfstíma eru gerðar í lögum. Ég sé ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í hverja grein í þessum kafla, en n. hefir yfirlitið þennan kafla frv. og gert á honum litilsháttar breyt. frá því, sem hann var í fyrra, þegar hann lá hér fyrir á þinginu. Ég skal því stikla á stóru yfir þennan kafla; ég veit, að hv. þdm. sjá, hvað í honum felst, og hann þarf ekki skýringar við.

Þá koma almenn ákvæði. Er þar ákveðið um, hve margir stýrimenn og vélstjórar skuli vera á skipum eftir stærð þeirra, og eru þar ýms nýmæli. En sjútvn. hefir alls ekki gert breyt. á þeim kafla, og er hann eins og hann var lagður hér fyrir á síðasta þingi. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta það, sem venja hefir verið, að tveir stýrimenn séu á togurum. Áður hefir ekki verið lögskráður nema einn stýrimaður á togara, en það hefir verið venja um langt skeið að hafa þá tvo, og sýnir það, að þess er full þörf. Ég hefi ekki heldur orðið var við, að þetta mætti nokkrum andmælum, og álít sjálfsagt, að það sé lögfest. Viðvíkjandi strandferðaskipum er krafan sú, að stýrimenn séu þrír, þó ekki á þeim, sem eingöngu flytja vöru; er þá krafan aðeins sú, þar sem skipið er innan 300 rúmlesta, að þar sé einn stýrimaður, en þau, sem stærri eru, hafi tvo. Er þetta í samræmi við kröfur Dana um þetta efni. Sama er að segja um varðskipin, að þar er krafan skilyrðislaust, að hafðir séu tveir stýrimenn á þeim skipum, sem eru frá 60—200 rúmlestir, en þrír á þeim, sem eru stærri. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það nánar, hvaða rök liggja að þessum kröfum, en ef andmælum verður hreyft, mun ég gefa betri skýringar um það efni. Ég hefi gert nokkra grein fyrir þeim nýmælum, sem eru í sambandi við vélgæzluna. Þessi ákvæði eru í 51. og 52. gr., og er þar skýrt tekið fram, hvernig vélstjórum skuli fjölgað eftir stærð vélanna. Í þessum kafla, 54. gr., er einnig skýrt frá því, hvað greiða skuli fyrir skirteini þau, sem um getur í frv., og er það svipað og áður var. Ég skal játa, að það eru fleiri stig og meira flokkað, en það er í samræmi við það, sem var fyrr. Lægsta gjald er 2 krónur, og getur farið upp í 30 krónur, og eru það þau skírteinin, sem veita rétt til þess starfa, sem hæst er launaður. Vitanlega leggst þar að auki á þetta stimpilgjald, svo að upphæðin verður nokkru hærri en hér er nefnt.

Svo er 59. gr., og er hún að verulegu leyti breytt frá því, sem hún var í fyrra, og taldi sjútvn. nauðsynlegt að breyta henni í sambandi við það að færa markið á stærð skipanna niður í 75 rúmlestir. Ég tel óþarft að lesa gr., en ef hv. þdm. lesa hana og bera saman við það, sem hún var í fyrra, þá sjá þeir greinilega breyt. Aðrar greinar VII. kafla eru bein afleiðing af því, sem ég hefi áður talað um, t. d. sektarákvæðin, og 60. gr., sem er að því leyti ný, að hún er miklu fyllri nú en áður, en efni hennar í aðalatriðum hið sama.

Í 59. gr. eru ákvæði um, að þeir, sem öðlazt hafa rétt samkv. eldri lögum, haldi þeim rétti áfram, og einnig um það, hvernig þeir, sem fengið hafa rétt með gömlu prófi, nái meiri réttindum. Er hér gert ráð fyrir vottorðum tveggja valinkunnra skipstjóra eða sjódómsmanna, sem dæmi um, hvernig viðkomandi aðilja hafi farizt skipstjórn, og að þeim dómi fengnum öðlist hlutaðeigandi maður rétt til að stjórna skipum, sem eru allt að 75 rúmlestum að stærð.

Ég býst ekki við, að það hafi mikla þýðingu að fara frekar út í þetta, en ég taldi mér að sjálfsögðu skylt að gera því nokkur skil við 2. umr. Ég hygg, að ef Alþingi getur fallizt á frv., þá sé betur séð fyrir öryggi en áður var, og í samræmi við ný lög fyrir vélstjóraskóla og stýrimannaskóla, og ekki sízt vegna þess að með skólalærdómnum verði aukið við eitt og annað, sem lýtur að starfslegri menntun, og því betur fyrir komið, og gæti það gert oss hæfari að stunda siglingar bæði hér við land og annarsstaðar. Það er ekki minnst um vert, að verklega þekkingin sé aukin, að hið verklega nám verði aðalskilyrði og það gert að prófsatriði. Ég vil ekki fara frekar út í það, en það hefir reynslan sýnt þeim, sem fylgzt hafa með, að skipstjóraefni okkar geta fylgzt með.

Sjómannseðli er annað en sjómannsverk eða sjómennska, sem svo er venjulega nefnt, og það getur í eðli sínu verið ágætur sjómaður, þ. e. haft ríkt sjómannseðli, þótt hann vanti verklega og bóklega menntun um það, sem að sjómennsku lýtur. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt, að sjómenn vorir fái sem beztan undirbúning, svo hæfni þeirra fái að njóta sín sem bezt, og þetta er eitt það markmið, sem fyrir augum er haft með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og ég tel þetta meginatriði frv.

Sú deila, sem virðist vera um það, hvort sáprófsmaður eigi að fá rétt sinn hækkaðan, má líka skoðast frá þessari hlið, og virðist mér, að sú verklega þekking, sem þeir verða að hafa aflað sér, eigi að gera þá hæfa til að stjórna þeim skipum, sem frv. gerir ráð fyrir, að þeir fái rétt til. Ég legg þess vegna eindregið til, að frv. verði að engu rýrt að þeim till., sem stefna í þá átt.

Ég skal svo ekki eyða löngum tíma í að minnast á brtt. hv. 1. þm. Reykv. Ég veit það og skil það, að skipstjórafélagið leggur mikla áherzlu á, að kröfurnar verði ekki auknar, og er ekki óeðlilegt, að það komi fram. En ég vil mælast til, að þessi hv. d. afgreiði frv. samkvæmt till. okkar. Ég veit, að um þetta atriði verða átök í hv. Nd., og óráðið, hvernig þetta fer þar. En ég get ekki greitt atkv. með brtt. hv. 1. þm. Reykv. Vænti ég þess fastlega, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað óbreyttu til 3. umr.

*__Magnús Jónsson:__ Eins og hv. þdm. hafa séð, flyt ég hér á þskj. 89 eina brtt., sem snertir tvær gr. frv., nefnilega 5. og 7. gr. Þessi brtt. mín fer fram á það, eins og hv. 4. þm. Reykv. gat um, að réttur þeirra, sem tekið hafa smáskipapróf, yrði látinn haldast óbreyttur. — Annars var dálítið erfitt að átta sig á því hjá hv. frsm. sjútvn., hvað ræða hans snerist aðallega um, því að hann talaði ýmist um það frv., sem nú liggur fyrir, eða um núgildandi lög, eða um frv., sem lagt var fram á síðasta þingi. Mátti því stundum skilja hann svo sem hér væri verið að herða á kröfunum um menntun skipstjóra og að réttur þeirra, sem hefðu smáskipapróf, væri minnkaður, þannig að hann hefði áður náð til skipa, sem eru 100 rúmlestir, en ætti nú að færast niður til skipa, sem eru 75 rúmlestir. En þetta er misskilningur. Með frv. er farið fram á að auka þennan rétt svo að hann nái nú til skipa, sem eru 75 rúmlestir, í stað þess að hann nær nú aðeins til þeirra, sem eru 60 rúmlestir. Hvað einhverntíma hefir komið fram í frv., sem aldrei hefir komið til umr., er allt annað mál. Þótt áður hafi legið fyrir óskir um að auka þennan rétt meira, þá er það málinu óviðkomandi. Kjarni málsins er sá, að hér er farið fram á að auka rétt þeirra, sem minni menntun hafa, láta þá fara með stærri skip, fara víðar yfir, flytja meiri og dýrari varning, hafa ábyrgð á fleiri mannslífum og yfirleitt að öllu leyti meiri rétt og meiri vanda. Það er þetta, sem er umræðuefnið.

Mér finnst það undarlegt af hv. frsm., að hann skuli tala um till. mína eins og hún sé til þess að rýra gildi frv., en lýsa því svo hátíðlega yfir, að stefna frv. sé að auka kröfurnar um menntun og undirbúning, og till. mín er því beinlínis í samræmi við þá yfirlýstu stefnu frv. að herða á kröfunum. Í þessu máli hefir þróunin því miður stefnt í öfuga átt, sem sagt er, og réttur þeirra, sem hafa notið minni menntunar, hefir verið aukinn. Ég er ekki svo kunnugur þessu máli, að ég geti rakið sögu þess lengra en til Ísafjarðar, en ég man ekki betur en að þessi réttur væri miðaður við skip, sem voru 30 rúmlestir, en þetta væri svo aukið vegna óska frá Ísfirðingum; ég man ekki, hvort aukningin var gerð öll í einu eða ekki, en nú er svo komið, að þessi réttur nær til skipa, sem eru 60 rúmlestir að stærð, og enn koma fram kröfur um aukin réttindi. Þetta kalla ég að þróast í öfuga átt.

Ég skal ekki dæma um, hvernig þetta er í öðrum löndum; mín menntun er á öðru sviði, og ég ætla ekki að keppa við þá, sem hafa sérþekkingu á þessu sviði og sérstaklega hafa kynnt sér þau mál. En ég vil aðeins ekki meta þessar röksemdir meira í þessu máli heldur en öðrum. Það þarf að kynnast svo mörgu til þess að vita, hvort þessi reynsla annara þjóða er til fyrirmyndar fyrir okkur. Fyrst og fremst þarf að athuga, hvort þessar þjóðir gera nógu strangar kröfur. Svo þarf að vita, að hvaða leyti þeirra aðstaða er önnur. Ég get ímyndað mér, að það, að sigla hér við land á öllum tímum árs, reyni fullt eins mikið á skipstjóra eins og í öðrum löndum, sem hafa annað tíðarfar. Svo eru það ýmsar aðrar ástæður, sem um er að ræða. Ég skal ekki segja um það, hvernig það er í Noregi, eða hvaða munur er á því, hvað skip afbera sjó þar og hér. Það er áreiðanlega mikill vandi að fara með skip hér við strendur landsins á hvaða tíma sem er. Það er því út frá minni leikmannsþekkingu séð ástæða fyrir okkur að gera strangari kröfur en aðrir gera. Það er auðvitað hægt að segja eins og hv. frsm. n. sagði, að sjómennskan sé hlutur, sem aldrei verði lærður beinlínis, og að góður sjómaður geti komizt langt með ekki mjög miklu námi og lengra en sá, sem ekki er sjómaður að eðlisfari, kemst með öllu sínu námi. En í löggjöfinni verður að gera ákveðnar kröfur um nám og undirbúning, og undantekningartilfellin duga ekki sem regla í nokkru máli. Ég verð að segja, að alveg án tillits til þess, hvort reynslan er rétt, þá ber að draga línu milli þess, sem heimtað er til meira og minna prófs, og mér finnst sú stefna vafasöm að fara alltaf lengra í þá áttina að láta undan kröfum manna, sem er eðlilegt, að geri þær, af því að þeir uppfylla þetta skilyrði og vilja, eins og allir röskir menn, fá sem mest fyrir sína peninga. Þeir, sem hafa haft réttindi, vilja, að þau nái sem lengst, og enginn lastar þá menn með smáskipaprófi, sem sækja um það á Alþingi, að þeir fái að nota þessa þekkingu sem mest og fara með skip sem allra stærst. En ef alltaf er látið undan, þá er hægt að halda áfram, og ef það verður nú fært upp í 75 rúmlestir, þá má spyrja, hvað langt verði þangað til, að tekin verður upp krafan um 100 rúmlestir, eins og mþn. ætlaði að leggja til, og eins og hv. frsm. n. hefir sagt, að muni koma fram kröfur um í Nd. Ef það verður samþ., hvað verður þá langt þangað til farið verður eftir þeim óskum, sem legið hafa fyrir þinginu um að veita undanþágu til þess að fara með skip, sem eru 150 rúmlestir? Ef ætlazt er til, að það séu að öðru leyti gerðar strangari kröfur, þá er ekki hægt að fara út í þessa breyt. Það má dæma mismunandi um það, hvaða þörf sé á því að auka þetta meira. Ég veit, að það er þörf á því fyrir dálítinn hóp manna, eða fyrir þá, sem hafa smáskipapróf. En engir aðrir hafa gagn af því. Það eru þeir, sem hafa það próf, og þeir, sem framvegis taka það, sem hafa gagn af því. En er það nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið? Er t. d. vandræði að fá menn með hina meiri þekkingu til þess að stjórna

þessum skipum? Eftir því, sem mér hefir virzt á plöggum þeim, sem liggja fyrir frá fulltrúum og stjórnendum í nokkrum skipstjórafélögum og stýrimannafélögum í Reykjavik og Hafnarfirði, þá hefir mér skilizt, að nóg væri af mönnum með hina meiri þekkingu til þess að fara með öll fiskiskipin, sem hér er um að ræða. Það er því ekki hægt að segja, að þessi þörf sé fyrir hendi. Ég skal ekki um það dæma, hvað kostnaðaratriðinu viðvíkur í sambandi við útgerðina. Ég vil segja, að ég met það mest á slíkum tímum, sem nú eru, þegar hvert fyrirtæki verður að berjast í bökkum, að menn gjaldi varhuga við því, jafnvel þó þeir viðurkenni, að einhver breyt. sé til batnaðar, og skoði huga sinn um það, hvort þeir eigi að samþ. breyt., ef hún verður til þess að afkoma fyrirtækjanna verður erfiðari. Ég veit ekki, hvort það liggur nokkuð fyrir um það, að þessir menn, sem hafa lokið stærra prófinu, yrðu dýrari fyrir útgerðina heldur en hinir. Ég held, að það liggi ekkert fyrir um það. Ég held ég þurfi annars ekki að fara lengra út í þetta, því málið græðir ekki á löngum umr. Þetta er stefnumunur. Á að fylgja þeirri stefnu, sem hv. frsm. n. sagði, að væri stefna frv., að herða á kröfunum til þess að auka öryggið bæði fyrir mannslífin og önnur verðmæti, eða á að láta undan síga í einstökum mikilsverðum atriðum, af því að einhver hópur manna er til, sem hefir sérhagsmuni af því, að vikið sé út af þessari stefnu? Mér skildist á hv. frsm. n., að það gæti jafnvel komið til mála, að menn með minna prófi gætu siglt til útlanda, og að hann væri að taka það fram, að þeir hefðu fært markið niður í 75 rúmlestir. En þeir geta það alls ekki. (**SÁÓ**: Ég sagði það alls ekki). Já, mér hafði líka áður skilizt, að hv. þm. segði, að það kæmi ekki til mála, þegar búið væri að færa þetta niður í 75 rúmlestir, að slík skip færu til útlanda. Þeir hafa rétt til að stjórna skipi í innanlandssiglingum, en það merkir fiskiveiðar við strendur landsins, allt að 60 sjómílur frá ströndinni. Enda næði slíkt engri átt, að löggjafinn léti það próf nægja til þess að sigla milli landa, fyrst verið er á annað borð að gera löggjöf um þetta. Þar sem hann talaði um, að auknar kröfur væru gerðar til þess, að menn mættu sigla með dýran farm og farþega, þá get ég ekki skilið á frv., að þekkingarskilyrðunum sé nokkuð breytt. Það er breytt siglingaskilyrðunum og siglingatímanum og hvar menn hafa siglt. En með minnaskipsprófi geta menn siglt með hvaða skip sem er að 75 rúmlestum í innanlandssiglingum, og það þó þau fari hlaðin af fólki og með hvað dýran farm, sem þau fara. Það er ekki heimtað annað próf en þann aukna tíma, sem þeir hafa siglt, og aukna þekkingu á því að fara með farm. Það er satt, að í 6 gr. er ákvæði um það, að ef skip eru flutningaskip, þá eru gerðar auknar kröfur um þroska manna og þekkingu, sem af því leiðir að hafa siglt á skipum, þar sem eru svipuð störf, en smáskipaprófið nægir. Ég verð að segja, að það er dálítið undarlegt eftir þeim umr. á síðasta þingi, sem fóru fram milli mín og þessa hv. þm. um loftskeytastöðvar í flutningaskipum, og eftir öll þau orð, sem hann lét falla um öryggi mannslífa, að hann skuli gera sig að talsmanni þess að auka rétt skipstjóra á þeim skipum, sem eru í mestri hættu af öllum skipum, sem sigla hér við land, en það eru hin mörgu fiskiskip, sem stunda veiðar hér við land. Ef það er hættulegt að sigla á skipum, sem eru ef til vill 1400—2000 smálestir, milli landa, undir stjórn vel lærðra manna í brú og við vél, og með miðunarstöðvar og tæki, sem þeirra þekkingu geta að gagni orðið til þess að stjórna skipinu, — ef það er lífshætta án loftskeytastöðva, hvað er þá um sjómennina á þessum litlu bátum, sem stunda fiskiveiðar hér við land? Eða eru mannslífin á þessum bátum eitthvað minna virði en hinna, sem eru á skipum, sem sigla milli landa? Ég er hissa á því, að hann skuli ekki hafa gert sig að talsmanni þess að gera þessar kröfur sem strangastar, eins og hann sagði, að væri tilgangur frv. Ég skal svo ekki segja fleira um þetta, og út í frv. almennt ætla ég ekki að fara. Ég vil aðeins geta um það, að mér finnst óviðkunnanlegt orðalag víða í frv., þó sérstaklega í 5. gr., þar sem segir: „Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi yfir 15 rúmlestir, en eigi yfir 75 rúmlestir að stærð, hefir sá einn, er fengið hefir hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi.“ En þetta er ekki rétt, því að þeir, sem hafa meira próf, hafa líka rétt til þess. Réttara væri að segja „sem hafa að minnsta kosti hið minna próf.“ (**SÁÓ**: Það kemur fyrir á öðrum stað). En það er mótsögn að taka svo fast til orða um það, að sá einn hafi rétt til þess, sem hefir minna próf. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um það að svo komnu. Ég skal aðeins geta þess, að ég hefi flutt þessa brtt. ekki einungis af minni litlu þekkingu á þessu máli, heldur að gefnu tilefni og í samræmi við óskir, sem hafa komið til Alþingis frá stjórnendum og fulltrúum nokkurra skipstjóra- og stýrimannafélaga í Rvík og Hafnarfirði. Og ég veit ekki, hverra kröfur á að taka til greina, ef ekki sérstaklega kröfur þeirra manna, sem við þessi lög eiga að búa og ekki hafa sérhagsmuna að gæta viðvíkjandi málinu. Hitt finnst mér aftur á móti, þó að það sé sjálfsagt að hlýða á mál þeirra, sem hafa sérhagsmuna að gæta, að þá verði að meta þá aðstöðu, að þeir eru að berjast fyrir sérhagsmunum, eins og þeir, sem hafa minna próf. Og verður hver þm. að meta það eftir því, sem hann lítur á málið.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)**: Ég finn ástæðu til að svara hv. 1. þm. Reykv. örfáum orðum, því að fyrir utan stefnumuninn kom fram misskilningur hjá honum á nokkrum atriðum. Hann vildi láta skína í það, að ég hefði haldið því fram, að hér væri verið að rýra öryggið. Ég vildi a. m. k. hafa sagt, að hér væri í engu atriði verið að rýra öryggið, enda er það líka svo. Það, sem um er deilt, er þessi aukning frá 60 rúmlestum upp í 75 rúmlestir. Það er 15 rúmlesta aukning. Hann vildi ennfremur láta skína í það, að hér væri verið að draga úr þekkingarskilyrðum þeirra manna, sem taka minna próf. Ég hafði getið þess og mun geta þess nánar, þegar frv. um stýrimannaskólann kemur fyrir, að kröfurnar um þekkingarskilyrði minnaprófsmanna eru auknar frá því, sem þær eru nú, og þó að sumum finnist það kannske vera í óverulegum atrið-

um, þá er það sumsstaðar í verulegum atriðum Og það á ekki sízt að tryggja með því frv., að það sé gengið svo frá við prófin, að þeir einir fái próf, sem kunna það, sem þeim er ætlað að kunna. En ég skal geta þess, að það hefir verið talinn nokkur misbrestur á því, að það væri gengið nógu rikt eftir því, að minnaprófsmenn kynnu það, sem ætlazt er til, að þeir kynnu. Prófið hefir ekki verið nógu strangt á ýmsum stöðum á landinu. En með frv. um stýrimannaskólann er ætlazt til, að 2 menn, kjörnir af skólastjóra stýrimannaskólans, eigi að vera prófdómendur úti á landi, svo að samræmi fáist í prófin og það sé ekki hleypt frá prófi öðrum en þeim, sem kunna það, sem þeim er ætlað að kunna. Það, sem af þessum mönnum á að vera heimtað, er talið af hinum færustu mönnum fyllilega nægilegt til þess að leiða skip með ströndum fram. Ég skal bæta því við, að sú þekking, sem menn afla sér með meira prófi, er þess eðlis, að menn eiga að geta siglt til annara landa, en reynslan hefir sýnt, að menn fá enga æfingu í að nota þann lærdóm við að sigla hér við strendur landsins, svo að sú þekking, sem menn afla sér með því að taka meira prófið, hverfur i timans djúp, ef menn sigla hér við strendur landsins, því að hún er ekki notuð nema að litlu leyti. Af þessu sést, að það er alveg nægileg þekking, sem þessir menn fá með hinu minna prófi. Ég hefi mína reynslu af þeim 20 árum, sem ég var til sjós, og var þessi lærdómur ekki notaður nema að mjög litlu leyti á þeim skipum, sem ég sigldi á. Það er annað mál, að ég álit, að menn, sem eru skipstjórar eða stýrimenn, þurfi að fá meiri almenna menntun en þeir hafa haft, sem ekki heyrir beint til sérfræðigreinar. Það, sem ég hafði líka haldið fram, var, að það, sem gert er til þess með þessu frv., er að auka verklega kunnáttu, lengja siglingatímann o. s. frv. Þetta á að auka öryggið. En við erum þeirrar skoðunar, að sú sérfræðilega þekking, sem veitt er með minna prófinu, sé nægileg. Út frá þessu sjónarmiði er það, sem fram hafa komið kröfur um það frá minnaprófsmönnum, að aukið sé við réttindi þeirra og að þeim verði að lögum leyft að sigla á stærri skipum. En hitt er álitamál, hvað langt eigi að ganga i þessu efni. Ef Alþingi hnígur nú að því að láta sitja við það, sem er, og auka ekki réttindi smáprófsmanna, þá er ég sannfærður um, að það verða alltaf uppi kröfur um það að rýmka frá því, sem nú er. Og reynslan verður sú, alveg eins og á þinginu 1934, að það verður hópur þm., sem fellst á þessar kröfur, eins og varð í Nd. á því þingi. Hitt er annað mál, sem hv. þm. minntist á, að það er til í landi núna hópur manna, sem hafa meira prófið. En það fer ekki alltaf saman að hafa meira prófið og vera eftirsóttur sem formaður á fiskiskipi. Og þessi krafa er oft sameiginleg sumum útgerðarmönnum og skipstjórunum sjálfum, að veita þeim rétt til þess að fara með stærri skip, og er það af því, að útgerðarmenn hafa reynt þessa skipstjóra hina beztu menn og góða i sínu starfi. Þetta frv. ætlast til þess, að hér sé loku fyrir það skotið, að menn með þessu prófi geti fengið undanþágu, eða þeim sé veittur réttur fram yfir þetta stærðarmark, og segir, að hingað skuli farið og ekki lengra, i eitt skipti fyrir öll.

Þá kem ég að þekkingarskilyrðunum. Ég verð að líta svo á, að sú reikningslega þekking, sem þessir menn fá, sé alveg nægileg fyrir þá, sem eru á fiskiskipum hér við land. Ég býst við, að það sé svo með hv. 1. þm. Reykv., að það, sem hann hefir numið, sé hann alltaf að nota i starfi sínu. En það er það, sem skipstjórar á fiskiskipum gera ekki, a. m. k. ekki á þeim skipum, sem eru staðbundin hér við land. „Hverjir hafa gagn af þessu?“, spyr hv. þm. Vitanlega þeir, sem nú þegar hafa öðlazt minna próf, því að ef þeir hafa reynzt heppnir formenn, þá á að auka réttindi þeirra, svo að þeir megi stjórna skipi, sem er 75 rúmlestir. Og svo eiga allir þeir, sem taka þetta próf hér eftir, að fá þessi sömu réttindi, ef þeir hafa fullnægt þeim skilyrðum og reglum, sem eru settar.

En þá komum við að öðru mikilsverðu atriði, en það er, hvort það eigi að hafa einn skóla eða fleiri. Það er skoðun sjútvn., og það eru fleiri þeirrar skoðunar, að það sé ekki gott að leggja niður smáskólana í þessum fræðum úti á landi. Kröfur landsmanna eru þær, að hafa skólana sem dreifðasta, svo að tilkostnaður við námið verði sem minnstur. Ég býst við, að hér sé um þá sanngirniskröfu að ræða, að við komumst ekki hjá því að hafa skólana fleiri en einn. Í Noregi er 21 skóli, sem undirbýr menn undir þetta starf. Ég man ekki, hvað þeir eru margir í Danmörku, en ég held, að þeir séu 5 eða 6. Ég held, að við komumst ekki hjá því atriði að leyfa þessa smáskóla í stærstu bæjum á landinu.

Um fjárhagslegu hliðina gagnvart útgerðinni i þessu efni er ekki að ræða, því að kostnaðurinn við námið lendir á einstaklingunum sjálfum. Og þar vil ég leggja sérstaka áherzlu á verklega námið, því það er ekki sama, hvort það er trassi eða hirðumaður, sem fer með skip. Það er verklegt, en ekki bóklegt. Það er hægt að veita undirstöðumenntun í því bóklega, en hitt er meira meðfætt, og það kemur útgerðinni að mestu gagni. Í þessu sambandi má geta þess, að þó að skipstjórastaðan geti verið vel launuð, þá má um hana segja, að hún er ákaflega stopul. Hún er ekki lífstíðarstarf. Það getur verið, að skipstjóri hafi ágætt próf og sé duglegur, en ef honum misheppnast að fiska, þá er hann dottinn úr tigninni og missir stöðuna. Þá er spurningin sú, hvað eigi að gera harðar kröfur til þeirra, sem fá þetta hnoss kannske 1 eða 2 ár, og svo ekki meir, en falla niður í það að vera hásetar. Þess vegna verða menn að athuga það vel, hvort það eigi að vera að gera óþarfa kröfur til þeirra eða ekki. Sumir tolla aftur á móti lengi i þessari stöðu, og ráða þar ýmsar aðstæður.

Ég hafði gert grein fyrir því, að hverju á að hníga i þessu efni, og er það m. a. af því, að ég óttast, að hvað sem hv. Ed. gerir við till. um aukninguna, þá muni hv. Nd. ekki sætta sig við það. Ég get auðvitað ekki sagt um meiri hl. þar, en það eru þar sterk öfl með því að auka þetta úr því, sem við leggjum til.

Það er ekki alveg þýðingarlaust að benda á önnur lönd, og í sambandi við þessa till. má benda á það, að við erum kröfuharðari en aðrar

þjóðir. Ég skal ekki dæma um Þýzkaland, en í samanburði við Noreg, Danmörku, Svíþjóð og England erum við kröfuharðastir um skilyrði okkar fiskimanna.

Þá kom hv. þm. að lokum inn á, að hann væri undrandi yfir afstöðu minni út af því, sem okkur hefði borið á milli áður hér á þingi um öryggismál sjómanna. Ég er nú búinn að skýra þá skoðun *mína*, en ég get endurtekið það enn, að ég álít, að öryggi manna á sjónum sé í engri hættu, og ég veit, að það er álit margra sérfræðinga, að það sé í engri hættu, og eru þeir á minni skoðun um það, að með þessu frv. sé það aukið frá því, sem er. Auk þess er vitanlegt, að með lögum þeim, er sett voru á síðasta þingi um talstöðvar í smáskipum, er þetta öryggi mikið bætt fyrir áhafnir smáskipanna, eins og ég hefi skýrt í umr. um það mál, og til þess að nota slík tæki þarf enga sérþekkingu, en þau geta komið að ómetanlegu gagni þeim skipum, sem aðeins sigla með ströndum fram, eða ekki lengra til hafs en svarar fiskimiðum. Að mannslífin á þessum skipum væru minna virði en á þeim stærri, hefir mér aldrei dottið í hug, því fer fjarri, enda hefði mér aldrei dottið í hug að ljá þessari till. fylgi mitt, ef ég teldi, að með samþykkt hennar væri öryggið skert. — Munurinn á 60 og 75 tonna skipum er ekki mikill, svo að í raun og veru er verið að deila um keisarans skegg. Það má alveg eins halda því fram, og er gert, að smáskipaprófsmaðurinn sé eins fær um að stýra 100 tonna skipi og 60 tonna í innanlandssiglingum; til þess hefir hann nægа þekkingu. Reynslan er sú, að fiskimaðurinn getur ekki komið við leiðarreikningi eða „navigation", vegna þess að hann er á eilífu ferðalagi með veiðarfæri sín og hefir ekki tíma eða tækifæri til að reikna slíkt í því veðri, sem sérstaklega krefst þess, og fer því meir eftir eðlisávísun en útreikningum, hvernig tekst að ná landi. Ég fer ekki frekar út í þetta hér, en þeir þekkja þetta bezt, sem við slíkt hafa átt að búa um áratugi. En mér er fyllilega ljóst, hvar ágreiningurinn er. Hann er um það, hvort þeir, sem hafa farmennskupróf, eigi að víkja fyrir þeim, sem hafa minna próf, eða ekki. Ég hefi ekki rannsakað, hvað mörg skip eru á stærðinni frá 60—75 tonn. en þau eru ekki ýkjamörg; sennilega mun ég geta upplýst hv. 1. þm. Reykv. um þetta atriði við 3. umr.

Þá vil ég drepa á aðra ástæðu, sem er nokkurs virði, og ég vil segja, að það sé mikils virði fyrir þá menn, sem hafa farmennskupróf, að Alþingi slái föstu í eitt skipti fyrir öll, hvar línan skuli dregin, því þá munu verða lægri raddirnar um rýmkun réttinda til handa smáskipaprófsmönnum, en eins og hv. þm. vita, hafa þær raddir verið allháværar undanfarið, sem krefjast rýmkunar.

Hv. þm. var að tala um, að öryggið á farþegaskipunum væri ekki meira samkv. þessu frv. en flutningaskipum nú eftir gildandi lögum. Nú er ekkert, sem bannar smáskipaprófsmönnum að stýra skipum, sem flytja farþega, en eftir þessu frv. er það ekki leyfilegt, heldur á þeim að vera stýrt af meiraprófsmönnum þeim, sem hafa æfingu í að fara með farm á skipum og reynslu um að sigla þeim. Þarna er því hert á kröfunum og öryggið bætt. (**MJ**: Þetta þykir mér einkennilegt, ekki er það eftir 6. gr.). Það stendur hér í frv. til l. um stýrimannaskóla, 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

1. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd. Kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum; á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.
3. Skyn á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.
4. Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu.
5. Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Að kunna að nota sextant til þess að geta fundið stað skips með jarðlægum athugunum.

(**MJ**: Það er alltaf átt við smáskipaprófsmenn, aðeins aukinn siglingatíminn). Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Ég bið afsökunar. Smáskipaprófið veitir réttindi, en það er gerð krafa um meiri verklega æfingu, sem hlýtur þó alltaf að teljast öryggisauki.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þörf sé á að karpa um þetta, en atkv. verði látin skera úr. En þó ég tíf samkomulags gæti sætt mig við, að takmarkið yrði sett við 60 smálestir, þá veit ég, að því yrði breytt í Nd., því svo mikil sókn er þar í þessu máli. En Alþingi á að vera sá sáttasemjari í þessu máli, sem slær föstu um takmörkin.

Jón Auðunn Jónsson: Það, sem sérstaklega þarf að athuga, þegar um löggjöfina um rétt til skipstjórnar á fiskiskipum er að ræða, er það, að þekking mannanna og verkleg kunnátta sé svo mikil, að ekki geti hlotizt slys af þekkingarskorti, jafnframt að þessir skipstjórnarmenn sem aðrir hafi fulla þekkingu á þeim veiðiaðferðum, sem skipunum er ætlað að stunda. Maður hefir rekið sig á, að þeir menn, sem tekið hafa meira próf, eru ekki gjarnir á að fara á smærri bátana, og þó að þeir fari á þessi minni skip, þá hefir þeim oftast mislánazt að fiska á þeim; það hefir ekki komið að gagni, þó duglegir og hæfir menn af togara hafi komið á línubát, af því að þeir eru ekki vanir línuveiðum, og þess vegna hafa þeir ekki getað gefið þann arð, sem atvinnuvegurinn þarfnast. Þegar skipin hafa svo stækkað, hafa vitanlega komið kröfurnar um að auka réttindi minnaprófsmanna, vegna þess að nálega allir minnaprófsmenn hafa yfirleitt alizt upp við línuveiðar, og þetta mun verða svo, meðan þessi framför helzt. þ. e. að línuveiðaskipin stækka. Ég held, að óhætt sé að fullyrða það, eins og hv. frsm. líka tók fram, að þessir menn hafa næg þekkingarskilyrði til að sigla skipum af þessari stærð með ströndum fram og eins langt út og fiskimiðin ná, þó að það skorti á, að þeir hafi tekið þau próf, sem þarf til að sigla milli landa.

Sá ljóður hefir hingað til verið á minna prófinu, að þessi próf hafa verið tekin á ýmsum

námskeiðum víða á landinu, og hefir skort á, að nægilegt eftirlit hafi verið með kunnáttu manna, sem fengið hafa þessi prófskírteini. Þetta viljum við nú koma í veg fyrir með því að láta skólastjóra stýrimannaskólans hafa aðalumsjón með prófunum og ráða prófdómara. Ég vona, að það muni takast með till. til breytinga, sem nú felast í frv. um stýrimannaskólann. Sannleikurinn er sá, að mennirnir, sem hafa alizt upp á vélbátunum, hafa reynzt miklu betur og verið hæfari skipstjórnarmenn á línuveiðum en þeir, sem hafa meira próf og hafa oftast stundað aðrar veiðiaðferðir. Ég held, að það sé því alveg hættulaust, að frv. nái fram að ganga.

Það hafa verið háværar raddir um það frá Norður- og Vesturlandi að hækka réttindi minnaprófsmanna til að færa skip upp í 200 smál. N. hefir nú ekki farið svo hátt, en tekið þann kostinn að fara milliveginn. Ég verð samt að líta svo á, að það sé hættulaust að leyfa smáskipaprófsmönnum að færa skip allt að 100 smál. stærð, eða gefa þeim undanþágu um það, sem búnir eru að sýna það með löngu skipstjórnarstarfi, að þeim sé treystandi að færa stærri skip. Býst ég við að bera fram brtt. í þá átt við 3. umr. Það er rétt, að það er leiðinlegt að hafa ekki pláss fyrir þá góðu menn, sem tekið hafa meira próf, en það vill oft verða svo, að jafnvel þó þeir geti komizt að til skipstjórnar á smábátum eða línuveiðurum, ef þeir eiga kost á togaraplássi, þó ekki sé nema sem bátsmaður eða háseti, þá vilja þeir ekki fara á smærri skipin. Afkoman á smærri skipunum er svo misjöfn, og að auki er alltaf vonin fyrir duglega menn að verða stýrimenn og skipstjórar á togara, og þess vegna eru litil brögð að því, að þeir sæki um eða vilji fara á smærri skip, eins og t. d. línuveiðara eða vélbát.

Menn verða að hafa þessi tvö sjónarmið í huga, annarsvegar að gæta leikni og þekkingar í starfinu, og hinsvegar að smærri útvegurinn fái þá menn, sem hafa sérþekkingu við hans hæfi, t. d. á línuveiðum, svo að afrakstur útgerðarinnar geti orðið sem mestur.

*__Magnús Jónsson__: Ég skal ekki verða langorður. Vitaskuld er mér þetta ekkert hitamál, eins og hv. þdm. ættu að geta skilið. En ég álít, að hér sé verið að víkja frá réttri stefnu, þar sem í stað þess að herða kröfurnar, er nú verið að gera tilraun til að rýra þær. Hv. frsm. n. sagði, að það hefði kennt misskilnings í minni ræðu áðan. Ég þarf ekki að fara út í það, því það kom aldrei fram í ræðu hans, í hverju misskilningurinn átti að vera fólginn.

Viðvíkjandi 6. gr. frv. reyndist ég nú lesa betur en sjálfur höfundurinn! En ég segi enn, að það er dregið úr kröfunum gagnvart smáskipaprófsmönnum í þessu frv., hvað sem kann að vera í frv. um stýrimannaskólann. Ég segi, að það sé að draga úr kröfunum, þegar á að auka réttindi þessara manna til að færa skip úr 60 í 75 smál. Þessu er ekki hægt að bera á móti, því að til þess að færa skip, sem eru þarna á milli að stærð, hefir áður þurft menn með meira prófi. Hv. frsm. segir, að það sé verið að herða á kröfunum til minnaprófsmanna, en það sé gert í allt öðru frv., sem rifið var nú út úr höndunum á honum og sett í allt aðra n. Hver segir, að það verði samþ.? Veit það nokkur, hvernig því reiðir af?

Hv. frsm. segir, að við séum kröfuharðari en aðrir og miklu strangari en nágrannar okkar. Ég veit, að það eru strangari kröfur í Þýzkalandi en hér og miklu harðari ákvæði um kunnáttu, skóladvöl o. fl. Ég vil líka segja það, að ekki er sama, hvernig kennslufyrirkomulagið er eða námstilhögun, án þess að ég vilji nokkuð dæma um þá hluti hér. Mér er t. d. sagt, að hér í stýrimannaskólanum séu menn látnir læra stjörnufræði og stærðfræði alveg jafnhliða, þó að vitað sé, að til þess að nema stjörnufræði þarf verulega stærðfræðikunnáttu. Ég þekki þetta úr guðfræðináminu. Þar eru ýms rit, sem lesin eru á grísku; það er óþægilegt, ef menn kunna ekki grísku, þegar þeir koma í skólann; það væri betra fyrirkomulag, að þeir kynnu málið, áður en þeir kæmu í skólann. Eins mun þetta vera annarsstaðar. Fyrst er að læra stærðfræðina, og þegar sá grundvöllur er fenginn, þá getur hitt námið byrjað, eins og t. d. stjörnufræði eða þá verkfræði. — Það er ákaflega mikill vandi að segja, hvað er strangara. Mér er t. d. sagt, að þó hér eigi að heita tveggja ára nám, þá sé fyrri veturinn oft endasleppur, og sé þá stundum farið snemma frá námi. Það er því margt, sem kemur til greina, þegar rætt er um, hvað séu strangar kröfur. Hitt er annað mál, að það er gott, ef meira öryggi fæst, t. d. með því að herða smáskipaprófið, og séð um, að menn fái þá þekkingu, sem þeir eiga að fá.

Um eitt atriði er ég alveg sammála hv. frsm., að fiskimennska og þekking á navigation — að það er sitt hvað og þarf alls ekki að fara saman. Ég hefi t. d. heyrt sagt um einn duglegan hákarlaformann, sem að vísu hafði kompás innanborðs, en hann þekkti ekki betur á hann en það, að hann vissi, að á honum var stór klessa, sem þýddi norður, samt var hann ágætur aflamaður. En þegar sett eru viss skilyrði, þá er viðkunnanlegra, að þau séu uppfyllt til fullnustu, en eftir síðari hluta 6. gr. á að afnema öll þau skilyrði, sem áður voru um kunnáttu og leikni þeirra manna, sem færa fólksflutningaskip af þessari stærð með ströndum fram. Hann segir, að þeir hafi ekki gagn af þekkingu. Ég vil nú út af því, að ég hafði réttara fyrir mér um 6. gr., spyrja hv. frsm., hvort það sé ekki skemmtilegra, að þeir þekki þó öll þau tæki, sem krafizt er, þó í innanlandssiglingum sé. Ég get tekið skip eins og t. d. Fagranes; það er hálfóviðkunnanlegt, að það sé gert að verkum með lögum, að því megi aðeins stýra minnaprófsmaður. Þetta er þó skip, sem flytur allskonar vörur og fjölda fólks milli hafna. Þetta er áreiðanlega ekki að stíga sporið áfram, heldur aftur á bak. Ef við ætlum hér að leggja hvað á móti öðru sem rök, þekkinguna og fiskisældina, held ég að það verði ákaflega erfið röksemdafærsla. Fyrst er þekkingin og svo er fiskisældin, því að slá af kröfunni um þekkingu nær engri átt.

Hv. frsm. sagði, að ég mætti ekki miða við

sjálfan mig, þó ég myndi hafa gagn af öllu, sem ég hefði lært, við mitt starf. Það er ákaflega langt frá því að svo sé. Ég get trúað, að láta muni nærri, að af 7 ára námi hafi ég ekki gagn af nema 1/10 hluta. Ég hefi ekki gagn af stærðfræðilærdómi mínum eða náttúrufræði, og ekki nema að litlu leyti af landafræðikunnáttu minni við mitt starf o. s. frv. En það er nú svo, að almenn þekking notast óbeint, hún eflir dómgreindina og kemur þannig óbeint að gagni. Það er því ekki rétt að segja, að þekking í ýmsum greinum sé gagnslaus.

Það dugar ekki, eins og hv. frsm. var að gera í síðari ræðu sinni, að vera alltaf að sanna, að það sé ósanngjarnt að auka réttindi smáskipaprófsmanna, í sömu andrá og hann vill verða við kröfum þeirra, þó með því sé slegið af frá því, sem nú gildir um þessi efni. Þeir hafa tekið smáskipaprófið með það fyrir augum, að þeir mættu fara með skip allt að 60 smálesta stærð. Ég er ekki að fara fram á, að þeirra réttur sé í nokkru skertur. Ef farið væri fram á, að svikizt væri aftan að mönnum, þannig að t. d. menn, sem hafa tekið próf með það fyrir augum að fá rétt til að fara með 60 smálesta skip, fái ekki að fara með nema 30 smálesta skip, þá skal ég játa, að það væri ósanngjarnt. Menn eiga að fá þann rétt, sem menn hafa lært til, og meira ekki. Ef menn hugsa til þess að fiska á stærri skipum en 60 smálesta, þá verða menn bara að leggja á sig þetta óttalega nám, sem tekur tvö ár.

Til þess að verða prestur með 200 kr. launum á mánuði þurfa menn að læra í 10 til 13 ár, og kennarar verða að stunda langt nám nú orðið. Ég vissi um einn mann, einhvern röskasta fiskimanninn á Ísafirði, þegar ég var þar, sem vildi fara með stærra skip en 60 smálestir. Hann var orðinn nokkuð fullorðinn, eitthvað 50 ára að aldri. Hann brá sér bara suður til Rvíkur og tók stærra fisimannaprófið, og fór síðan með línuveiðara og hvaða skip, sem hann átti kost á. Þetta er hinn eðlilegi gangur málsins, svo framarlega ef menn vilja á annað borð gera einhverjar kröfur til manna.

Hv. þm. sagði, að um þessa breyt. væru svo óendanlegar kröfur, að Alþingi mundi aldrei hafa frið, ef það léti ekki undan þeim. Hvernig á þá Alþingi að fara að í launamálunum? Það er sjálfsagt enginn launamaður á öllu landinu, sem ekki finnst, að hann hafi of lág laun. Á Alþingi að fara eftir öllum kröfum og bænaskrám sem fram koma um launahækkanir? Nei, Alþingi verður nú einu sinni að hafa kjark til að halda við sína stefnu, hverjar kröfur sem gerðar eru.

Það er bezt að athuga, hvað mörg skip það eru, sem standa á bak við þessar ógurlegu kröfur. Í grg. frv. stendur, að við höfum 24 skip af stærðinni frá 60 til 100 smálestir. Ég veit ekki, hvað mörg af þessum skipum eru frá 60 til 75 smálestir, en þau eru sjálfsagt talsvert færri en hin. Þetta er þá allur grundvöllurinn undir þeim ógurlegu kröfum, sem Alþingi sjálft á ekki að geta staðið fyrir, — svona ein 10 skip.

Hv. þm. hélt, að ef látið væri undan með að færa takmarkið upp í 75 smálestir, þá mundu kröfurnar stanza um skeið. Hvað mundi það verða lengi? Ég held, að liðið hafi 5 mínútur, þangað til upp stóð hv. þm. N.-Ísf. og kvaðst mundu bera fram brtt. við 3. umr. um að hækka takmarkið upp í 100 smálestir. Það má segja, það er friður. En ef fara á eftir nokkrum mannlegum reglum, þá fæst helzt friður með því að sýna ósveigjanlegan vilja og láta aldrei sinn hlut. Hvers vegna höfðu Danir aldrei frið fyrir Íslendingum í sjálfstæðisbaráttunni? Af því þeir voru alltaf smátt og smátt að láta undan síga. Ef Alþingi telur eitthvað rétt, er sjálfsagt, að það haldi því bara fast fram og láti ekki sveigjast frá því. Einmitt það, að láta undan, skapar sífellt nýjar og nýjar kröfur. Ég býst við, að gangurinn verði sá, að það verði samþ. við þessa umr. að færa markið upp í 75 smálestir. Við 3. umr. beri svo hv. þm. N.-Ísf. fram brtt. um að færa það upp í 100 smálestir, sem líklega verður fellt hér. Þá fer frv. til hv. Nd. og þar koma fram þessar sterku raddir, sem hv. frsm. talar um, fyrir því að fá markið upp í 100 smálestir, og fá það samþ. þar. Svo býst ég við, að fyrir næsta þingi liggi krafan, sem lá fyrir síðasta þingi, um að færa þetta takmark upp í 150 smálestir. Hvað segir hv. 4. þm. Reykv. þá? Hvernig getur hann talað á móti öllum sínum röksemdum nú og verið á móti þessu?

Eina röksemdin hjá hv. þm. N.-Ísf., sem í fljótu bragði gæti virzt benda til þess, að rétt væri að samþ. þessa breyt., var sú, að þeir, sem tækju meira prófið, væru yfirleitt ófúsir að fara á þessi skip, sem hér er um að ræða; þeir hefðu ekki búið sig undir það að stunda fiskiveiðar á litlum skipum, ekki alizt upp á fiskiflotanum né ætlað sér það starf í upphafi, og því gæti oft verið erfitt að fá menn á þessi skip. En það þarf ekki nema aðeins að líta á þessa röksemd til þess að sjá, hvað algerlega skökk hún er. Hér er ekki um annað að ræða en það, að þeir, sem ætla sér að vera með stærri fiskiskipin og hafa fengið alla leikni við veiðiskapinn, taka stærra fiskimannaprófið í stað þess minna, og þessir sömu menn koma vitanlega engu síður að notum fyrir flotann eftir sitt stutta tveggja vetra nám, hafa þá bara meiri þekkingu í sinni grein.

Ég held, að eftir standi þá aðeins ein röksemd, og það eru óskir þeirra manna, sem hafa minna prófið nú, um að mega fara með stærri skip heldur en nú er þeim heimilt. Og Alþingi verður að dæma um, hvort sérhagsmunakröfur þeirra örfáu manna, sem þarna er um að ræða, eru svo sanngjarnar, að undan þeim verði að láta.

*__Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)__: Það er nú e. t. v. ekki ástæða til að vera að elta ólar við þetta karp. En hv. þm. byrjaði á því að skjóta því til mín, hvort ég gæti nokkra hugmynd gert mér um það, hvort þær þekkingarkröfur, sem ég hefði talað um, að ætti framvegis að gera til þeirra, er taka minna fiskimannaprófið, næðu fram að ganga. Vildi hann sneypa mig fyrir, að ég hefði ekki haft meira vald á því máli en það, að það hefði farið til annarar n. heldur en ég óskaði eftir. Já, ég saknaði hans nú í d. við það tækifæri, því ég ber það traust til hans, hvað sem

líður ágreiningi okkar í þessu máli, að ekki hefði farið eins og fór, hefði hann verið í d. Hinsvegar ber ég það traust til hv. menntmn., að hún hafi ekki verið að heimta málið inn til sín til þess að rýra þær þekkingarkröfur, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég hygg, að það hafi fremur verið meining þess manns, sem vildi fá frv. til menntmn., að finna, hvort ekki vantaði í það eitthvað sem þekking héti. (**MJ**: Ég held, að enginn viti neitt um þetta efni í þeirri n., að þeim ólöstuðum).

Það er ekki rétt hjá hv. þm., að ég hafi sagt, að fiskimenn hefðu yfirleitt ekkert gagn af því, sem menn lærðu undir meira fiskimannaprófið. Ég sagði, að mikinn hluta af því, sem krafizt væri, notuðu þeir ekki við fiskiveiðarnar. Hann talaði um stjörnufræði í því sambandi. Ég held, að menn séu nú ekki yfirleitt að mæla gang himinhnatta á fiskibátum hér við land; það gera menn aðeins, þegar þeir þurfa að leiðrétta leiðarreikning úti á hafi. En þetta læra menn nokkuð undir meira fiskimannaprófið; það kemur bara ekki að verulegum notum á þeim skipum, sem hér er um að ræða.

Ég ætla nú með leyfi hæstv. forseta að lofa hv. þm. að heyra, hvað það er, sem heimtað er af þeim, er taka minna fiskimannaprófið. Þeir eiga að hafa:

1. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd. Kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum; á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.
3. Skyn á sjókortum, innhaldi þeirra og notkun.
4. Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu.
5. Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Að kunna að nota sextant til þess að geta fundið stað skips með jarðlægum athugunum.

Þetta er það, sem heimtað er af minnaprófsmönnum í navigation, og það er nákvæmlega það sama, sem meiraprófsmenn nota að jafnaði, ef þeir á annað borð nota navigation við strendur landsins; hitt gleymist. Eins og ég hefi margtekið fram, telja sérfróðustu menn þetta fullnægjandi þekkingu í sjómannafræði til þess að leiða skip með ströndum fram. Þessu námi er ætlað að taka minnst fjóra mánuði. Eins og nú er, geta menn búið sig undir meira fiskimannaprófið á einum vetri, en eftir þá aukningu á kennslu, sem nú er farið fram á, er gert ráð fyrir, að menn þurfti e. t. v. tvo vetur. Undir farmannaprófið, sem ég býst við, að hv. þm. blandi hér inn í, þarf aftur skilyrðislaust tveggja vetra nám.

Ég hefi þá leiðrétt það, sem hv. þm. hafði eftir mér, að menn hefðu ekkert gagn af náminu undir meira prófið.

Viðvíkjandi „Fagranesi“ get ég upplýst, að það er ekki nema 60 smálestir og getur því ekki komið til greina sem dæmi í þessu sambandi.

Hv. þm. sagði, að þeir, sem tekið hefðu minna prófið, hefðu aldrei vænzt þess að fá meiri réttindi heldur en til að fara með 60 smálesta skip. Það má náttúrlega segja um þá, sem búnir eru að taka þetta próf, en við erum hér að skapa reglur fyrir framtíðina, sem þeir, sem nema hér eftir, eiga að byggja á. Og ég held það hafi verið færð nokkurnveginn skýr rök fyrir því, að það sé ekki of langt gengið að leyfa þeim að fara með allt að 75 smálesta skip. Það er meðfram byggt á því, að af þessari stærð verður sennilega í framtíðinni hin minni tegund fiskiskipa okkar, mótorskipin, sem minna prófið er einmitt útbúið fyrir. Þau voru um langt skeið ekki mikið yfir 40 smálestir, en eftir að þau fóru að stækka, komu fram kröfur um að miða réttindin við 60 smálestir. Nú er farið að nota mótorskip til fiskiveiða, sem eru yfir 60 smálestir; geta þau jafnvel komizt upp í 100 smálestir. En eftir að komið er upp yfir 75 smálestir, er um skip að ræða, sem hægt er að nota til miklu lengri ferða heldur en þau minni, og er ekki ólíklegt, að slík skip yrðu notuð, ef við vildum fara að stunda veiðar norður í íshafi eða við Grænland. En enginn, sem dómgreind hefir um þessa hluti, vill leyfa mönnum með smáskipaprófi að sigla yfir opin höf.

Hv. þm. minntist á prestana í sambandi við þetta mál, hvað þeir yrðu að stunda langt nám til að búa sig undir sín láglaunuðu embætti. Ég veit nú ekki, hvort maður á að fara að bera saman kjör prestanna og fiskiskipstjóranna; þar er svo ólíku saman að jafna. En benda má á það, að eftir sitt langa nám fá prestarnir venjulega fast starf æfilangt, en skipstjórarnir geta ekki verið öruggir með atvinnu nema eina vertíð, — þá er þeirra dýrð ef til vill búin að vera.

Ég skal ekki spá neinu um, hvernig Alþingi kann að taka á þessu máli í framtíðinni. Mér þykir ólíklegt, að skoðanir þeirra, er nú sitja þingið, breytist svo, að þeir taki opnum örmum hverri kröfu um aukin réttindi smáskipaprófsmannanna. Hinsvegar er erfitt að sporna við rás tímans og þeim kröfum, sem sanngjarnar eru og rök má færa fyrir. Og ég verð að telja það sanngjarnt, að þessir menn fái að fara með 75 smálesta skip með þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. — Hvað það kunna að vera mörg skip nú, sem þessi breyt. nær til, skal ég ekki segja um. Ef það er rétt, að 24 skip séu af stærðinni 60 til 100 smálestir, býst ég við, að það sé eitthvað nálægt sanni, að ein 10 þeirra séu frá 60 til 75 smálestir. En við vitum bara ekkert, hvaða stærð skipa verður mest byggð í framtíðinni, og á því eru e. t. v. kröfur smáskipaprófsmannanna að einhverju leyti reistar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að karpa um þetta lengur. Þó hér komi fram krafa um að miða réttindin við 100 smálestir, verð ég að segja það, að hv. þm. N.-Ísf. hefir fyllilega viðurkennt, að það væri rétt að ganga að þeirri miðlunarleið, sem hér er stungið upp á. Vitanlega ber hann þessa kröfu fram af ásettu ráði til þess að sjá, hvaða fylgi hún hefir í d., og er það ekki nema gott. En ég held, að hann sé okkur sammála um það, að viturlegast sé að fara einhverja miðlunarleið, eins og sakir standa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 89,1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, GL.

nei: SÁÓ, ÞBr, BSt, HG, IngP, JAJ, JBald. EÁrna.

Tveir þm. (HermJ, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 89,2 tekin aftur.
5.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
13.—23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
24.—33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
34.—48. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
49.—56. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
57.—63. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 38, 100, 124).

Jón Auðunn Jónsson: Ég á nokkrar brtt. við þetta frv., sem þó eru ekki nema að mjög litlu leyti efnisbreytingar. — Við 4. gr. geri ég þá brtt., að e- og d-liður falli niður. Þessi gr. er um kunnáttuskilyrði formanna á 6—15 tonna bátum. Um þessa báta er nú það að segja, að þeir koma daglega að landi og liggja ekki úti. Ég tel ekki nauðsynlegt öryggis vegna, að formenn á þessum bátum kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort eftir seguláttum. Hinsvegar er ástæða til, að þeir kunni að nota handlóð, þó að varla sé það notað í sambandi við sjókort, nema þá á stærri bátum, yfir 20 tonn, sem hafa ástæður til að hafa sjókort um borð. Þar eru vanalega tveir klefar, annar fyrir yfirmenn, en hinn fyrir hásetana, en á litlu bátunum er ekki nema einn klefi fyrir alla skipverja, og því varla rúm til að hafa sjókort, enda treysta þessir menn á staðarkunnugleika sinn, er þeir nota handlóðið. Vegmæli nota þeir stundum, en þó fremur sjaldan, og því miður kemur vegmælir ekki að verulegum notum á svo litlum bátum, því að þegar sjór er, þá er ekkert á honum að byggja. Báturinn sígur aftur úr öldunni, og mælingin verður skökk.

Þá er önnur brtt. mín, við 6. gr. frv. Ég tel hættulaust að veita manni, sem verið hefir form. í 5 ár á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð og aldrei hefir hlekkzt á sakir vankunnáttu eða trassaskapar, og hefir auk þess vottorð tveggja kunnugra sjódómsmanna — að veita honum rétt til að taka við stærra skipi, allt að 100 rúmlestir að stærð. Það hefir sýnt sig fyrir vestan, að mönnum, sem verið hafa með 40 rúmlesta báta og farið hringinn í kringum landið eftir aflanum, þeim hefir yfirleitt ekki hlekkzt á vegna vanþekkingar og ekki nema um trassaskap hafi verið að ræða; það getur alla hent jafnt, hvort sem þeir hafa meiri eða minni þekkingu. En þessir menn hafa svo mikla praktíska reynslu, að ekki er ástæða til að óttast, að þeir færu sér eða öðrum að voða, þó að þeir fengju leyfi til að fara með skip upp í 100 rúmlestir. Hér er þó aðeins átt við fiskiskip, en ekki flutningaskip. Auðvitað verður það á valdi atvmrh. í hvert skipti, hvort maðurinn fær þessa undanþágu eða ekki.

Þá flyt ég brtt. við 51. gr. c., á þskj. 124. Í þeirri gr. eru ákvæði um það, hver tala vélamanna skuli vera á skipum, miðað við hestaflafjölda vélanna. Flokkunin er 300—800, 800—1200, 1200—2500 hestöfl. Finnst mér heppilegra, þegar byrjað er að flokka með 500 hestafla millibili, að halda því þá áfram um næsta flokk og láta hann ná frá 800—1300 hestafla. Sumir hafa haldið því fram, að þetta myndi geta breytt samningum, sem gerðir hafa verið milli eimskipafélagsins og Vélstjórafélags Íslands um kaupgjald á skipum. En það getur ekki verið rétt, því að slíka samninga má auðvitað miða við allar hestaflastærðir véla.

Þessi till. hefir verið flutt af því, að komið hefir fram, að á einu skipi eimskipafél., Gullfossi, ætti að fjölga vélstjórum um einn. Þetta skip er nú orðið gamalt og farið að ganga úr sér, og eru ekki líkur til, að það verði haft í förum mörg ár enn. Eru því talsverðir erfiðleikar og mikill kostnaður við að búa út sérstakan klefa handa aðstoðarmanni þessum. Í skipinu var reyndar áður fyrr slíkur klefi, en hann var tekinn handa þjónustufólki. Ef nú ætti að fara að útbúa annan slíkan klefa, hlyti því að fylgja mikill kostnaður, og við það myndi auk þess tapast pláss fyrir farþega. Hlyti því af þessu að leiða mikil útgjöld fyrir eimskipafélagið, sem yrðu öllu tilfinnanlegri, þegar þess er gætt, að þetta er 20 ára gamalt skip, sem líklega fer bráðum að hætta ferðum. Er ekki ástæða til að heimta meira af útgerðinni en þarf, og kunnugir segja, að á þessu skipi sé ekki þörf á að bæta við nýjum vélamanni, þar sem komizt hefir verið af án hans hingað til.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Innan n. hefir ekki orðið samkomulag um brtt. minni hl., hv. þm. N.-Ísf., á þskj. 100 og 124. Meiri hl. er þeim mótfallinn. En eftir því, sem fram kom við 2. umr., geri ég ekki ráð fyrir, að hv. flm. sé sérstakt kappsmál að koma till. þessum fram.

Í 4. gr. frv., c- og d-lið, er þeim mönnum, sem ekki hafa skólapróf, gert að skyldu, að þeir kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort eftir seguláttum og að þeir kunni að nota vegmæli og handlóð í sambandi við sjókort, ef þeir eiga að hafa rétt til að fara með báta undir 15 rúmlestum. Það er mjög fljótlært að setja stefnur á kort. En um það, að ónauðsynlegt sé að kunna þessa hluti, get ég ekki verið hv. þm. sammála. Eru mörg dæmi þess, að bátar, sem fara langt frá sinni veiðistöð, eiga erfitt með að átta sig, nema þeir hafi sjókort og kompás. Ég skal játa, að ef miðað er við einstaka staði á landinu, eins og t. d. Ísafjarðardjúp, þá sé ekki að jafnaði þörf á sjókortum. En þetta má ekki gera að reglu fyrir allt landið. Er því ekki mikið, þótt mönnum sé gert að skyldu að læra þetta. Hitt er annað mál, hvenær það yrði notað. Ég get bent á, að

þeir, sem róa á smábátum sunnanlands, þurfa oft að fara langt út á haf, og er þá oft brýn þörf á kompás. Myndi það því rýra öryggið, ef þessari kröfu yrði sleppt niður, svo lítinn kostnað sem hún hefir í för með sér, enda er ekki nema fárra daga verk að læra þessa hluti.

Þá er aðalbrtt. á þskj. 100, að veita formönnum undanþágu eftir 5 ára heppilega stjórn. Við höfum nú rætt nokkuð um þetta hér í d., og er ég ekki í vafa um, að þetta myndi mæta almennri andspyrnu. Held ég, að ekki sé rétt af Alþingi að veita svo mikilsverða undanþágu nú. Þetta er náttúrlega nokkuð svipaður grundvöllur og er í frv. eins og það nú liggur fyrir, þar sem þessum mönnum er leyft að færa skip upp í 75 smálestir. Ég tel það nægilega hátt takmark. Það hafa komið fram raddir hér í d. um það, að ekki ætti að auka þetta hámark úr 60 smálestum. Get ég hugsað mér, að þeir hinir sömu menn vildu því síður auka hámarkið í 100 smál. Meiri hl. sjútvn. er því mótfallinn þessari till., enda býst ég við, ef það væri samþ., að slíkt leiddi til nýrra skarpra mótmæla bæði innan þings og utan. Hitt get ég vel gengið inn á, að það kunni að finnast maður og maður, sem væri hæfur til að geta verið skipstjóri eftir þessari undanþágu, en slíkar undantekningar má ekki leggja til grundvallar fyrir aðalreglu, því þá mundi geta svo farið, að alveg óhæfir menn fengju undanþágu.

Í sambandi við brtt. hv. þm. á þskj. 124 verð ég að segja hið sama, að n. getur ekki fallizt á hana. Brtt. er við 51. gr., c-lið, og er um það að hækka hámarkið úr 1200 hestöflum í 1300 hestöfl. Tilefni þessarar brtt. mun vera það, að Alþingi hefir borizt bréf frá Eimskipafélagi Íslands, þar sem félagið óskar eftir því, að tvö af skipum þess, sem það telur hafa yfir 1200 hestafla vél, komist undir ákvæði c-liðs 51. gr. Við þetta er það að athuga, að annað það skip, sem hér um ræðir, Goðafoss, hefir ekki nema 1130 hestafla vél, svo það kemur ekki til greina. Um hitt skipið, Gullfoss, mun vera álitamál, hvort það heyrir undir ákvæðin um frá 800—1200 hestöfl. Það er að vísu rétt, að þetta skip er í öllum okkar siglingaalmanökum talið hafa 1200 hestafla vél, en við nánari athugun hefir komið í ljós, að hér mun líklega vera færð upp tala. Skipaskoðunarstjóri ríkisins hefir rætt um þetta við sjútvn. ásamt tveimur öðrum vélfræðingum, sem unnið hafa að samningu þessa frv., og þeir hafa haldið því fram, að yfirleitt mundi þurfa að lækka skráningu hestafla á vélum þeirra skipa, sem mæld hafa verið eftir hinni eldri reglu. En auk þess hefir það komið í ljós, að vélin í Gullfossi mælist nú ekki hafa nema 1190 hö. eftir þessari gömlu svokölluðu dönsku reglu, og virðist því, að þeir, sem upphaflega mældu vélina, hafi „rúnnað“ töluna. Skipaskoðunarstjóri ríkisins, sem hefir með þessar mælingar að gera, hefir tvívegis mælt vélina og komizt að þessari niðurstöðu, svo ef úrskurðar yrði leitað um stærð vélarinnar, þá telur hann, að hún yrði ekki talin nema 1190 hestafla vél. Hvað þetta skip snertir, skilst mér því, að till. sé einnig óþörf, en vegna þessara tveggja skipa mun till. vera fram komin. (PM: Og annara skipa, sem eru á þessum takmörkum). Já, alveg rétt.

Nú er það vitanlegt, að kröfurnar um aukna vélaorku í sambandi við starf skipanna eru alltaf að aukast, auk þess fjölgar ár frá ári hjálparvélum í skipunum, sem notaðar eru til að vinna hitt og annað, t. d. kælivélar, sem notaðar eru í skipum, er flytja kældar og frystar vörur, og ýmsar rafmagnsvélar til ljósa o. fl. En þessar vélar auka þörfina fyrir eftirlit, og allar þessar vélar eru undir umsjón vélstjóranna. Hér er því um meira að ræða en var, meðan ekki var nema ein vél aðeins til að drífa skipið, auk þess sem hinar minni vélar þarfnast enn nákvæmari umsjár en hinar, svo að ekki má augunum af þeim líta. Það er því ekki fært að draga úr eftirlitinu með vélunum. Hitt, sem hv. flm. drap á, að hér væri verið að skapa nýja atvinnumöguleika, er ekki rétt. Það er ekki verið að gera ráð fyrir neinu fyrir utan það, sem nauðsynlegt er, að á öllum stærri skipum sé fjórði maður við vélarnar til aðstoðar. Hinsvegar ætti ekki að draga úr því, að þeir menn, sem ætla að verða vélstjórar, hafi tækifæri til þess að öðlast þá æfingu í sínu starfi, sem þeim er nauðsynleg, og að þeir geti fylgzt með og tekið þátt í vélgæzlu allt frá lægstu störfum til hinna hæstu, áður en þeir takast á hendur þetta vandasama og ábyrgðarmikla starf, auk hins bóklega fróðleiks, sem áskilinn er, og það er einmitt það, sem frv. stefnir að, að gera vélstjórana sem öruggasta í sínu starfi, en það er ekki hægt nema með því að skapa mönnunum tækifæri til þess að öðlast æfingu í sínu starfi, og ég hygg, að með þessu frv. sé ekki óhóflega farið í þær sakir. Þessi brtt. hv. þm. á þskj. 124 er því óþörf, eins og ég þegar hefi sýnt fram á, þar sem þetta eina skip sem um er að ræða, lendir ekki undir þann flokk skipa, sem á að hafa aðstoðarvélamann.

Eins og lagt er til í frv., á að flokka skipin eftir krafti vélanna, þannig að í 1. flokki verði skip, sem hafa 250—500 hestafla vélar, í öðrum flokki 500—800 hestafla, í þriðja flokki 800—1200 hestafla vélar. Ef þessi flokkur yrði ákveðinn með 800—1300 hestöflum, þá mundi fljótt koma upp krafa um að skipta þeim flokki og mynda nýjan flokk af skipum með 1100—1300 hestafla vélum, og yrði þá að sjálfsögðu um hærri vélstjóralaun að ræða á þeim skipum heldur en gert er ráð fyrir í frv., að verði á skipum með 800—1200 hestafla vélum. Mér er kunnugt um það, að vélstjórar munu gera þá kröfu, ef þessi brtt. verður samþ., og mundi hún því verða til þess eins að rugla það samkomulag, sem þegar er fyrir hendi um þessa flokkaskiptingu, auk þess sem brtt. skýtur algerlega yfir markið viðvíkjandi þeim skipum, sem brtt. er fram komin vegna. Ég legg því í nafni meiri hl. n. á móti þessari brtt.

Jón Auðunn Jónsson: Við höfum nú rætt allmikið um þetta frv., og ætla ég ekki að fara lengra út í þær umr. að þessu sinni, en út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. sagði um minar brtt., vil ég gera nokkrar aths. Viðvíkjandi brtt. minum við 4. gr., um formenn á 6—15 rúmlesta bátum, þá skal ég taka það fram, að þegar slíkir bátar fara í langferðir milli landsfjórðunga, þá eru það alltaf meiraprófsmenn,

sem flytja þá. Viðvíkjandi bátum, sem koma daglega að landi, er því krafizt nauðsynlegs öryggis með minni brtt.

Hv. frsm. er hræddur við brtt. mína við 6. gr. og telur, að hún muni fá harða mótstöðu. Meiraprófsmenn eru nú alltaf mótfallnir því að auka réttindi minnaprófsmanna, en þó hefir n. gengið inn á að auka réttindi þeirra úr 60 rúmlestum í 75 rúmlestir, og jafnvel viðurkennt, að þeir ættu að fá rétt til að færa skip upp í 100 rúmlestir. Þess vegna hefi ég flutt þessa brtt. um undanþágu fyrir þá menn, sem fulltreysta má um meðferð þessara skipa og manna þeirra, sem á þeim eru. Það er rétt hjá hv. frsm., að ég mun ekki leggja það kapp á að fá þessa brtt. samþ., að ég greiði atkv. gegn frv., þó að hún verði felld, því að ég tel, að það feli í sér það veigamiklar umbætur frá eldri lögum, að frv. eigi fram að ganga. Að því er snertir brtt. mína á þskj. 124, þá sagði hann, að það þyrfti að skapa aðstöðu fyrir vélstjóraefni með því að stofna handa þeim aðstoðarmannspláss á þessum skipum, en hinsvegar talaði hann um, að skipið, sem hér var um að ræða, Gullfoss, mundi ekki mælast það stórt, að þar yrði skylt að hafa aðstoðarmann. Hér þykir mér kenna mótsagnar hjá hv. þm. Það má vel vera, að vélin í Gullfossi mælist ekki hafa 1200 hestöfl, en brtt. mín er miðuð við það, sem hann viðurkenndi, að að mundi verða stefnt, sem sé að auka kraft véla í skipum í hlutfalli við stærð frá því, sem nú er, þannig að jafnvel smærri skip en Gullfoss gætu komizt yfir hámarkið, 1200 hestöfl. Hinsvegar er það vitað, að engin vanræksla hefir átt sér stað um meðferð á vélinni í Gollfossi, þó að þar hafi ekki verið nema þrír vélstjórar og enginn aðstoðarmaður. Ég hygg, að það komi niður á yfirvélstjóranum aðallega, að ekki er aðstoðarmaður. Það mun vera reglan að skipta sólarhringnum í 8 tíma vaktir milli vélstjóranna, en þegar aðstoðarmaður er, mun hann aðallega létta starf yfirvélstjórans, en ég sé ekkert á móti því, að hann hafi meira starf en hinir vélstjórarnir, þar sem hann hefir talsvert hærra kaup en hinir. Með tilliti til þess, að vélastærð skipanna verði aukin, er brtt. mín einnig sanngjörn, því að ekki sýnist óeðlilegt, að tillit verði tekið til þess með starfsmannafjöldann, hvað mikið skipin geta innunnið sér í rekstrinum, án þess þó að skerða öryggi þeirra eða misbjóða starfsmönnunum. Við hv. þm. höfum deilt um það á öðrum grundvelli, hvað fært væri að leggja á íslenzka útgerð af kostnaði og hvort íslenzk útgerð bæri meiri kostnað en útgerð nágrannaþjóða vorra, einkum Norðmanna, og við höfum ekki orðið á eitt sáttir. Ég hefi ekki átt kost á því að bera kostnaðinn á farþegaskipum okkar saman við kostnað við slík skip með öðrum þjóðum, en á flutningaskipunum er kostnaðurinn við mannahald þriðjungi hærri hjá okkur en Norðmönnum, en við Norðmenn eigum við harðasta samkeppni á því sviði.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég nenni ekki að pexa meira við hv. minni hl. sjútvn., þm. N.-Ísf., um það, hvað bátsformenn eigi að kunna, en ég hygg, að réttara sé, að ákvæði 4. gr. frv. standi óbreytt, og tel það öruggara. Brtt. sína skilst mér hann miða helzt við sérstaka staðhætti í einum landshluta, á Vestfjörðum, eða við Ísafjarðardjúp eingöngu. Um hina brtt. á sama þskj. er það að segja, að hún gengur of langt. Kröfur um aukinn rétt fyrir minnaprófsmenn eru háværar, og n. hefir tekið þær nokkuð til greina, þar sem hún leggur til að auka réttindi þeirra til 75 rúmlesta skipa frá 60, en lengra er ekki rétt að fara. N. hefir hér miðlað málum og reynt að fara bil beggja.

Um brtt. á þskj. 124 má að sjálfsögðu deila. Hann vildi halda því fram, að ég hefði ekki verið sjálfum mér samkvæmur í því, sem ég sagði um þá brtt., en það er ekki rétt. Ég benti á vélafjöldann í skipunum sem eina höfuðástæðu gegn till. Hann var að tala um þriskipta vakt; ég hafði ekkert á það minnzt. Ég veit, að þegar skipin sigla milli landa, mun gilda þriskipt vakt, enda mun það vera orðin algild regla fyrir þá menn, sem undir þiljum vinna, og er víst óhætt að segja, að sú regla muni nú vera upp tekin í öðrum löndum. En það gerir þriskipta vakt auðveldari, ef mannafjöldinn verður eins og gert er ráð fyrir í frv. Það er rétt hjá hv. þm., að það er viðurkennt, að meðferð vélanna í Gullfossi hefir verið prýðileg, en ég skal honum til upplýsingar geta þess, að fyrstu árin, sem það skip sigldi, var á því aðstoðarmaður við vél auk þriggja vélstjóra, þó að hann færi vegna samninga, sem gerðir voru við vélstjórana, að vísu ekki nema til bráðabirgða, þó hann væri aldrei endurnýjaður.

En þar sem, eins og ég hefi tekið fram, að þetta skip, sem brtt. á þskj. 124 á að fría frá því að hafa aðstoðarmann í vél, er ekki það stórt, að það komi undir það ákvæði, eins og frv. nú er, þá tel ég brtt. ekki einasta alveg óþarfa, heldur muni hún verða til þess að valda ruglingi á máli þessu og spilla þeim friði, sem um frv. er nú, eins og það er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 100,1.a felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, MG, MJ, ÞÞ.

nei: JBald, JJ, PHerm, PM, SÁÓ, ÞBr, BSt, HG, HermJ, IngP, EÁrna.

GL greiddi ekki atkv.

Brtt. 100,1.b felld með 8:6 atkv.

— 100,2 felld með 8:2 atkv.

— 124 felld með 8:6 atkv.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr. (A. 38).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 372).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál.

Jakob Möller: Liggur þessu máli svo mjög á, að það þurfi nú að taka það fyrir með afbrigðum? Ég hafði ætlað mér að koma með brtt. um þetta mál, og ég vil því mælast til þess, að það sé ekki tekið fyrir á þessum fundi. Ég skal hafa brtt. til fyrir næsta fund, en ég mun greiða atkv. á móti afbrigðum, ef á að taka málið fyrir núna.

Forseti (JörB): Ég veit ekki, hvað þessu máli liggur mikið á, og get þess vegna ekki svarað því. En við höfum haft ærið mörg mál á dagskrá undanfarið og það er því búið að bíða eftir því, að þetta mál sé tekið fyrir, og þar sem ég bjóst við, að nál. væri ágreiningslaust, þá var það tekið fyrir núna. **(JakM:** En því fer fjarri, að málið sé ágreiningslaust). En ég sá ekki, að það væri ágreiningur á nál., og því var málið tekið fyrir. En ég get mjög gjarnan frestað að taka málið fyrir. En ég vil þó benda hv. 3. þm. Reykv. á það, að þetta er aðeins 2. umr. málsins.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Ég get ekki séð, að það sé ástæða til þess að fresta að taka málið til umr. núna. Þetta er annað þingið, sem það hefir verið borið fram á, og það er núna búið að ganga í gegnum hv. Ed., og þar sem þetta er 2. umr. málsins í þessari hv. d., þá er hægt að bera fram brtt. til 3. umr., ef menn vilja gera einhverja breyt. á málinu.

Forseti (JörB): Það er að vísu svo, að það má gera ráð fyrir því, þar sem þetta er 2. umr. málsins, að þó að henni verði lokið í dag þá er það tæpast, að það verði tekið á dagskrá á morgun. Þess vegna kemur það í sama stað niður, þó að þessari umr. sé frestað til morguns, ef það verður svo tekið til 3. umr. á föstudaginn. Að þessu leyti tapast því enginn tími, þó að þessi tilhliðrunarsemi sé sýnd. Ég vona, að menn geti orðið ásáttir um, að málið bíði til morguns.

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Ég skal ekki gera þetta að neinu kappsmáli, en ég sé ekki, að neitt mæli með því að ljúka ekki 2. umr. málsins núna. Ég geri ráð fyrir, að það verði ekki tekið til 3. umr. fyrr en skólamálið hefir verið tekið til meðferðar í Ed., og það mun því gefast góður tími til þess að koma með brtt. við 3. umr. En ég hygg, að ef menn eru ekki tilhúnir með brtt. núna, þá verði menn það tæplega heldur á morgun.

Forseti (JörB): Ég vil benda á það, að nál. var ekki útbýtt fyrr en í dag, og því ekki gefist mikill tími til athugunar. Og þar sem hv. frsm. tekur vinsamlega í það, að málinu sé frestað til morguns, þá geri ég það hér með.

Á 54., 55., 56. og 58. fundi í Nd., 22., 24., 25. og 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 38, n. 372, 410, 452).

Frsm. (Páll Þorbjörnsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af mþn. þeirri, sem sett var til þess að semja löggjöf um atvinnu við siglingar og skilaði frá sér þremur lagabálkum, sem lágu fyrir þinginu í fyrra, en ekki varð útrætt um, en liggja nú fyrir þessu þingi með nokkrum breyt., sem aðallega hafa verið gerðar fyrir tilmæli þeirra aðilja, sem þessi mál snerta. Eitt af þessum frv., frv. um vélstjóraskólann í Rvík, er nú þegar orðið að l. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú komið til 2. umr. Og frv. um stýrimannaskólann er annaðhvort að eins ófarið frá Ed. eða að komast til Nd.

Frv. þetta er flutt af sjútvn. Ed., og það hefir verið athugað í sjútvn. þessarar d. Fyrir n. lágu ýms plögg frá meðlimum ýmissa stéttarfélaga þeirra manna, sem við þessi l. eiga að búa. Og ég hygg, að það sé nokkuð almenn skoðun meðal þessara manna, að þetta frv. stefni til bóta frá því, sem nú er, þó að svo sé reyndar, að nokkurs ágreinings gæti á milli manna um einstök atriði frv.

Sjútvn. Nd. var það ljóst, að það er mjög brýn nauðsyn á, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna varð það að samkomulagi, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, þó að í n. væri til athugunar sérstaklega eitt atriði, sem snertir þá vélstjóra, sem hafa útskrifazt úr vélstjóraskólanum hér í Rvík, áður en rafmagnsdeildin var sett á stofn við skólann. Frv. gæti orðið þess valdandi, að þessir menn gætu ekki komizt lengra á þeirri braut sökum þeirra ákvæða, sem eru í þessu frv. Þetta mundi geta snert sárfáa menn, eitthvað 3 eða 4, sem reyndar mætti segja um, að hefðu verið svo ungir í skóla, að þeim væri kannske ekki ofætlun að bæta við þessu nýja aukanámi. Samt kom það álit fram innan n., að gjalda bæri varhuga við því að leggja stein í götu þessara manna, og hafa því tveir sjútvnm. flutt brtt., sem gengur í þá átt, að þeir geti haldið áfram á braut sinni þrátt fyrir hina nýju lagasetningu. Býst ég þó við því, að samkomulag geti orðið um það, að þeir taki brtt. sína aftur til 3. umr., svo að n. geti tekið hana til velviljaðrar athugunar og lagað frv. með tilliti til hennar, ef þurfa þykir.

Þá vil ég víkja nokkuð að tveim atriðum, sem hafa verið talsvert umdeild og snerta skipstjóra- og stýrimannaréttindi á smærri skipum. Önnur breyt. frá núgildandi lögum er sú, að í stað þess að hingað til hafa próflausir menn eigi mátt stjórna stærri bát en 12 smálesta, er nú smálestatalan hækkuð upp í 15 smál., ef vissum skilyrðum er fullnægt. En skilyrði þau, sem sett eru, eru svo ströng, að ég ætla, að þau jafngildi að miklu leyti þeim kröfum, sem áður voru gerðar við hið minna fiskiskipstjóraapróf, og með tilliti til þessa tel ég fullkomlega réttmætt að hækka smálestatöluna.

Þá kem ég að því atriðinu, sem mest er umdeilt, en það er, að rúmlestatala þeirra skipa, sem menn með smáskipstjóraprófi hafa rétt til að stjórna, verði færð úr 60 upp í 75. En jafnframt eru auknar mjög kröfur um undirbúning og menntun frá því, sem var. Til þess að menn geti orðið skipstjórar hefir stýrimannstími þeirra verið lengdur um 4 mánuði, og sé um

skipstjóra á flutningaskipi að ræða, verða þeir að hafa siglt sem stýrimenn áður á slíku skipi. Hásetatími þeirra, sem geta orðið stýrimenn, hefir verið lengdur um ár o. s. frv. Ég verð í þessu sambandi að víkja að frv. því um stýrimannaskólann, sem liggur nú fyrir þinginu. Þar eru gerðar þær kröfur til þeirra, sem taka smáskipapróf, að þeir stundi nám í 4 mánuði minnst. Þá hafa kröfur við smáskipapróf í ýmsum atriðum verið mjög auknar, einkum í siglingafræði. Menn verða að kunna að fara með sextant o. s. frv., sem ekki hefir verið krafizt við slík próf áður. Þá eiga menn að hafa kunnáttu í því að fara með segl og aðra skipshluti, kunna helztu lagaákvæði í sjórétti og geta veitt algengustu hjálp í viðlögum. Þetta eru allt nýmæli, enda var sjálfsagt að gera auknar kröfur með auknum réttindum. Ég sé, að hér liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Hafnf., um að færa smálestatöluna niður í 60 smálestir, eins og áður var. Ég vænti þess þó, að hann geti tekið þessa brtt. aftur til 3. umr., eins og sjútvnm. tveir munu gera um sína brtt., svo að n. gefist kostur á því að athuga hana.

Ég vil að lokum benda á það, að mikil áherzla er lögð á það, að þetta frv. nái nú fram að ganga. Ýms ákvæði, sem snerta vélastærðir o. þ. h., vantar nú alveg, eða eru svo óljós, að atvinnumálaráðuneytið er í vandræðum með, hvað gera skuli í hvert skipti. Auk þess er samþykkt þessa frv. nauðsynleg í sambandi við frv. þau um stýrimanna- og vélstjóraskólana, sem að lögum verða á þessu þingi.

Emil Jónsson: Þótt mér skildist á hv. frsm., að öðruvísi stæði á um brtt. okkar hv. 3. þm. Reykv. en brtt. sjútvnm. tveggja, og ekkert væri talað um „velviljaða athugun“ í sambandi við hana, mun ég þó ásamt meðflm. mínum taka brtt. okkar aftur til 3. umr. í þeirri von, að n. athugi hana og lagfæri frv. eftir henni.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil aðeins lýsa yfir því, að við hv. þm. Vestm. tökum brtt. okkar á þskj. 452 aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 410 og 452 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
13.—23. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
24.—33. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
34.—48. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
49.—56. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
57.—63. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. og 63. fundi í Nd., 2. og 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 7. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 38, 410, 452, 486, 542).

***Emil Jónsson:** Við hv. 3. þm. Reykv. höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 410, sem fer í þá átt, að réttindi þeirra manna, sem hafa minna fiskimannapróf, séu bundin við 60 smál., eins og verið hefir, en sé ekki hækkað upp í 75 smál., eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eftir því sem verkaskiptingin verður meiri í þjóðfélaginu, eftir því verða gerðar meiri kröfur til þess, að einstaklingurinn sé starfi sínu vaxinn, og að hann leggi meira í sölurnar til þess að fullnægja þeim. Sú regla gildir alveg eins um skipstjórastéttina og aðra, að þar þurfa menn langan undirbúning og verða að leggja á sig mikið erfiði við námið til þess að öðlast áskilin réttindi. Þess vegna er ekki rétt að skerða verksvið þeirra manna, sem búnir eru að kosta sig til náms, með því að veita öðrum, sem minna hafa í sölurnar lagt, sama rétt. Munur á minna og meira prófi er talsvert mikill, enda er námið ólíkt og miðað við, að það veiti mismunandi réttindi. En stefna hins háa Alþingis virðist hafa verið sú, að þoka lengra og lengra fram rétti minnaprófsmanna. Hefir þessu verið þokað frá 30 smál., eins og það var í byrjun, í 60 smál., og nú þegar frv. kom fram, var hámarkið miðað við 100 smál., en var kippt ofulitið í lag, svo að staðnæmzt var við 75 smál.

Okkur flm. till. finnst engin ástæða til þess að hækka hámarkið, því engin sanngirni mælir með því, fyrst og fremst vegna þeirra manna, sem lagt hafa á sig kostnað og erfiði til þess að öðlast full réttindi og vera mun meira en nóg til af í landinu til þess að fara með öll skip af þessari stærð. Það munu vera á annað hundrað fullærðra skipstjóra, sem ekki hafa atvinnu eftir því, sem þeir hafa nám til. Þess vegna er síður en svo, að hörgull sé á mönnum með full réttindi, heldur er það svo, að þeir hafa ekki nærri allir atvinnu.

Annað atriði málsins, sem ekki má gleyma, er hið minnkaða öryggi þeirra sjómanna, sem eru undir forsjá skipstjóranna. Auðvitað ríður sjómönnunum ekki á neinu eins mikið og því, að skipstjórinn sé öruggur og starfi sínu vaxinn. En það verður að ganga út frá því, að meiraprófsmenn séu færari um að fara með skip en hinir, og er því beinlínis skert öryggi sjómannanna með því, sem farið er fram á í frv. Ég verð að segja, að mér kemur það undarlega fyrir, að meiri hl. hv. sjútvn., eða jafnvel n. öll, skuli standa fyrir því að skerða öryggi sjómannanna.

Það hefir verið sagt, að að nokkru leyti sé séð fyrir þessu með frv. um stýrimannaskóla og aukinni kennslu þar. En eftir að hafa kynnt mér það frv., sé ég ekki, að þar sé gert ráð fyrir þeim réttarbótum, sem réttlæti þessa hækkun. Eins og ég sagði áðan, hefir þetta verið hækkað áður úr 30 smál. upp í 60, og nú upp í 75 smál. Ef svo verður haldið áfram, getur svo farið, að þetta verði fært alveg inn á svið fullærðra manna, og sé ég þá ekki ástæðu til þess að vera að hafa stýrimannaskóla, ef ólærðir menn fá öll sömu réttindi og þeir, er leggja á sig langt nám.

Vænti ég, að hv. þm. lagfæri þetta aftur og lækki hámarkið úr 75 smál. í 60 smál.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég ætlaði ekki að taka til máls, þó ég sé einn í sjútvn., sem haft

hefir málið til meðferðar. Ekki fyrir það, að ég sé þeirrar skoðunar, að frv. hafi ekki fengið góðan undirbúning. En þrátt fyrir það er enn ágreiningur um þetta atriði, hve réttindi minnaprófs eigi að ná til stórra skipa. Og ágreiningurinn er ekki um það, sem hv. þm. Hafnf. lagði áherzlu á, að mönnum þyki svo illa séð fyrir örygginu á sjónum. Hér er ekki um það að ræða. En skoðanamunurinn snýst um það, hvar eigi að vera skipting í þessu máli, hvort vera eigi, eins og frv. gerir ráð fyrir, einskonar milliskipstjórastétt, sem hafi rétt til að fara með skip í innanlandssiglingum, eða hvort þeir eigi að hafa réttindi, sem sigla skipi úr sinni heimahöfn aðeins, en verði að taka fullkomnara próf til þess að mega fara frá heimahöfninni eða vera í utanlandssiglingum. Skipstjórastaðan veitir mönnum slík fríðindi í kaupgreiðslum, að ekki er mikið, þótt heimtað sé tveggja ára nám fyrir hana. Það er ekki mikið, þegar það er athugað, að til þess að vera barnakennari þarf að eyða þrem vetrum á kennaraskólanum auk nokkurs framhaldsnáms. En þetta atriði verður að líkindum ekki leyst nú á þingi. Ef hv. d. breytir þessu atriði, kemst málið ekki gegnum þingið, því að svo mikill ágreiningur var um það í Ed. Hinsvegar er það ekki vansalaust að koma frv. ekki af nú, þar sem það hefir verið á ferðinni í tvö ár. Er það líka hér um bil víst, að hvernig sem frv. verður samþ. nú, þá verður því breytt bráðlega aftur. Getur verið, að markið verði fært allt niður í 30 smálestir og hafðar minni kröfur þar, en auknar aftur kröfurnar til þeirra, sem hafa stærri skip. En það er að minnsta kosti ekki hægt að álykta svo, að þeir, sem fylgja frv., hafi ekki áhuga á örygginu á sjónum.

Ég skal játa, að ég er ekki ánægður með frv. eins og það er nú. En ég er viss um, að frv. verður ekki að l., ef því er breytt nú, og mun ég því greiða atkv. með því eins og það er.

*__Frsm. (Páll Þorbjörnsson)__: Hv. þm. Hafnf. taldi það hart, að frá sjútvn. sameinaðri, að því er virtist, skyldi koma till., sem færi í þá átt að rýra öryggi þeirra, sem á sjónum starfa. Það er misskilningur, ef hann heldur, að það rýri öryggið á sjónum, þótt þessi smálestatala sé aukin úr 60 upp í 75. Ég sé ekki, hvernig það getur rýrt öryggið, að maður, sem hefir fært 60 smálesta skip með ströndum fram, fái að fara með 75 smálesta skip. Hinsvegar er það ljóst, að æskilegt er, að hver sem er njóti sem beztrar kennslu í því starfi, sem hann tekur að sér. Væri bezt, að enginn fengi að vera með skip, sem hefði minni menntun en þarf til svokallaðs fiskiskipstjóraprófs. En Alþingi hefir ekki séð sér fært að gera meiri kröfur til þessara manna en gerðar hafa verið.

Hv. þm. Hafnf. talaði um, hvernig það hefði gengið til, að réttindi þessi voru fyrst miðuð við 30 smálestir, en síðan hafi þessi tala verið hækkuð upp í 60, og að nú sé jafnvel rætt um 100 smálestir. En honum láðist að geta þess, hvaða kröfur hafa um leið verið gerðar á hverjum tíma. Áður voru ekki gerðar meiri kröfur til þeirra, sem fóru með 30 smálesta skip, en þeirra, sem nú fara með 15 smálesta báta. Samán saman hafa þessar kröfur verið auknar, jafnframt því sem menn hafa fengið aukin réttindi. Nú hafa kröfurnar verið mjög auknar að því er snertir háseta og stýrimannastörf, og krefjast þau nú meiri menntunar. Á meðan ekki eru alveg strikuð út þessi smáskiparéttindi, skaðar það ekki, þó að maður, sem farið hefir með 60 smálesta skip, fái að fara með 15 smálestum stærra skip, sem bæði er traustara og öruggara, án þess þó að vera vandasamara að stjórna.

Þá benti hv. þm. á það, að hér væri nokkuð á annað hundrað manna með fiskiskipstjóranpróf, sem gengju atvinnulausir. Þetta er líklega rétt. En allur fjöldi þessara manna hefir stundað sjómennsku á skipum, þar sem undirbúningur í því verklega er ekki þannig, að hann geri þá hæfa til að vera formenn á mótorbátum, sem fiska á línu. Mikill fjöldi þessara manna hefir ekki komið á mótorbát né kynnt sér veiðar með línu.

Á meðan krafizt er fyllri þekkingar af mönnum, um leið og réttindi þeirra eru aukin, er ekki hægt að segja, að þar sé um öryggistap að ræða. Og yfirleitt hlýtur öryggið að vera því meira, sem skipið er stærra, og 15 smálestum stærra skipi er ekki vandasamara að stjórna.

*__Emil Jónsson__: Ég get viðurkennt það með hv. 6. þm. Reykv., að málið hafi fengið óvenjugóðan undirbúning. En hér hafa þó komið fram tvö gagnólík sjónarmið. Annað sjónarmiðið er á þá leið, að þar sem til er í landinu meira en nóg af mönnum, sem færir eru um að fara með þessi skip, beri að láta þá hafa skipin, en ekki einhverja aðra, sem síður eru til þess fallnir. Hitt sjónarmiðið er, að það hljóti að minnka öryggið, þegar skipstjórn er tekin úr höndum fullærðs manns og fengin í hendur ólærðum. Fær enginn mig til að skilja, að það dragi ekki úr örygginu. Hv. 3. landsk. talaði um, að skipið væri öruggara, ef það væri 15 smálestum stærra. Samkvæmt því mætti þá auka öryggið ótakmarkað, bara með því að auka tonnatöluna. Áður var þetta takmarkað við 30 smálestir. Nú er takmarkið komið upp í 60 smálestir, og enn á að hækka það upp í 75. Mér skilst, að þetta sé til þess að minnka öryggið. Því stærri sem skipin eru, því víðar fara þau, og því minna er vitanlega öryggið.

Hv. þm. sagði, að það væru allt aðrar og meiri kröfur, sem gerðar væru til manna nú en áður. En þegar litið er á frv. um stýrimannaskóla, sem verið var að samþ. hér, þá virðist það ekki mikið, sem krafizt er til burtfararprófs úr þeim skóla. Er sumt þannig, að hvert barn í barnaskólum þarf að vita það. Samt þótti þessari hv. d. of mikið að samþ. það eins og það var, því að hún fann ástæðu til að lækka námsefnið í íslenzku úr 100 bls. niður í 50 bls.

*__Frsm. (Páll Þorbjörnsson)__: Hv. þm. Hafnf. lauk máli sínu með því að ítreka, að til væri í landinu nóg af fullærðum mönnum. Ég býst við, að hann hafi einhverntíma heyrt talað um svokallaða leppa. Það eru menn, sem einhverntíma hafa haft réttindi, en hafa svo komizt á stærri skip, sem þeim hefir þó ekki verið trúað fyrir, svo að þurft hefir að fá mann með þeim.

— Fjöldi manna, sem verið hafa hér á stýrimannaskólanum, hafa ekki lagt fyrir sig þá sjómennsku, sem línuveiðarnar krefjast. Þegar ég var á stýrimannaskólanum fyrir 6 árum, var þar 21 nemandi, en aðeins 1 eða 2, sem höfðu, svo að nokkru næmi, verið á línubátum.

Þá talaði hv. þm. um öryggistap, sem fólgið væri í því að taka skipstjórn úr höndum fulllærðra manna og fá hana í hendur ólærðum mönnum. Ég býst við, að hvorttveggja sé svipuð fullyrðing, um fulllærðu mennina og þá ólærðu. Ef hann læsi frv. um stýrimannaskólann, kæmist hann að þeirri niðurstöðu, að maður með fiskiskipstjóraprófi getur ekki talizt fulllærður, frekar en hægt er að segja um hina, að þeir séu ólærðir.

Þá sagði hann, að það væru ekki miklar kröfur, sem gerðar væru til smáskipaprófsmanna. Ég tók það fram, að ég myndi telja æskilegra, að þetta smáskipapróf félli burt. En reynslan hefir sýnt, að menn þurfa hér við land ekki að nota öllu meira en það, sem krafizt er til þess prófs.

Þá minntist hv. þm. á lækkun þá, sem gerð var á blaðsíðufjölda íslenzkukennslunnar í stýrimannaskólanum. Ef hann hefir verið hér í d., þegar um þetta var rætt, hlýtur hann að muna, að ég gerði grein fyrir, hvernig á þessari breytingu stæði. Var hún gerð samkvæmt tilmælum íslenzkukennarans, því að hann taldi ekki hægt að fara yfir meira en 50 bls. á námstímanum. Og ég held, að hægt sé að læra eins mikið með því að fara vel yfir 50 bls. eins og með því að fara illa yfir 100.

***Jakob Möller:** Í rauninni er mér ekki þörf að taka til máls, því að hv. meðflm. minn hefir gert svo rækilega grein fyrir brtt. okkar, að ég þarf þar engu við að bæta. Ég vil þó benda á, að þessi stækkun þeirra skipa, sem þessir minnaprófsmenn eiga að hafa rétt til að stýra, fer í öfuga átt við allt það, sem gert hefir verið í þessu efni á síðustu tímum. Við vorum rétt áðan að afgreiða frv. um stýrimannaskólann, sem hækkar mjög kröfur til þessara manna, en svo kemur þetta frv., sem gerir aftur minni kröfur og ónýtir það, sem byggt var upp með hinu. Það munar að vísu ekki mikið um þessar 15 smálestir út af fyrir sig. En hér er líka að ræða um 40 smálesta hækkun, því að sumir hafa barizt fyrir hækkun takmarksins úr 60 smálestum upp í 100. Þessi barátta fellur ekki niður, þó að þetta sé samþ. Hún hefir staðið hér á þingi eins lengi og ég man til. Koma þarna til greina vissir hagsmunir, sem munu gera það að verkum, að þessi barátta heldur áfram. Því verður þingið að taka afstöðu til málsins í eitt skipti fyrir öll. Þó að ekki sé að þessu sinni um meira en 15 smálestir að ræða, er víst, að það verður meira síðar.

Hv. 6. þm. Reykv. viðurkenndi, að þessi hækkun takmarksins væri hálfgerð vandræði, en hann huggaði sig við það, að prófkröfur þær, sem gerðar væru til þessara skipstjórnarmanna, væru auknar frá því, sem áður var. En þess ber að gæta, að kröfurnar hafa ekki aðeins verið auknar fyrir þessa menn, heldur alla, sem við skipstjórn fást. En þessar hækkuðu kröfur hafa verið gerðar ónýtar að nokkru leyti með því að veita um leið þessi auknu réttindi.

Hv. formælendur málsins, þeir sem eru á móti brtt. okkar hv. þm. Hafnf., bera því við, að frv. komist ekki í gegnum þingið vegna ágreinings um þetta atriði, ef þessi brtt. verður samþ. Hinsvegar hafa þeir lagt mikið út af því, hve gott mál hér sé um að ræða og hve miklar umbætur það feli í sér að öðru leyti. Það er því mikil vantrú á góðvild hv. Ed., ef hún á að láta þetta atriði stöðva svo gott mál, og ég þverneita því, að þetta sé frambærileg ástæða til þess að standa á móti þessari breyt. Hún er gersamlega óframbærileg, og það er hægt að eyðileggja hvert gott mál með slíkum grýlum. Ég vil aðeins vekja athygli á því, þótt hv. meðflm. minn hafi bent á það, út í hve miklar öfgar hv. 3. landsk. fór, þegar hann sagði, að það væri misskilningur, að það yki öryggi sjómannanna, ef brtt. okkar væri samþ., því að það væri svo mikið öryggi í því, að skipin væru stærri. Hvert komumst við með því að halda þessari hugsun rökrétt áfram? Að því, að það sé gersamlega óþarft að vera að gera nokkrar strangar kröfur um þekkingu þeirra manna, sem eiga að stjórna skipum. Það er ekkert annað en að hafa skipin nógu stór! Og ef haldið er áfram, þá endar það með því, að það verður breytt til á þann hátt, að stærstu skipin, millilandaskipin, verða sett undir stjórn þeirra manna, sem hafa minna próf, eða stýrimannaskólinn verður lagður niður og aðeins haft lítilsháttar námskeið, svo það verði sem allra rýmst og þægilegast að komast að. En skipin verða þá auðvitað að vera mjög stór! Þeir, sem hafa verið svo óheppnir að hafa lært mikið, verða þá líklega settir á einhverjar smákænur. Það verður ekkert annað handa þeim að gera.

***Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Ég hefi aldrei haldið því fram, að ekkert þurfi annað en að stækka skipin, en ég hefi haldið því fram, að það væri aukið öryggi að því að hafa skipin stærri, ef um sömu siglingar væri að ræða. Ef um er að ræða 60 smálesta skip, sem siglir vissa leið, þá hlýtur að vera fullt eins mikið öryggi í því að öðru jöfnu, að skipið sé 75 smálestir.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að ég hefi ekki orðið þess var, að meira prófs væri krafizt af þeim bílstjórum, sem stýra stóru bílunum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, heldur en öðrum bílstjórum.

Hinsvegar eru kannske einhverjir, sem halda, að það sé nóg að stækka hlutina. Hv. 3. þm. Reykv. hefir kannske einhverja reynslu í því að bæta úr ágöllum með því að stækka þá. (**JakM:** Ég skil ekki þessa rökfærslu hv. þm.). Ég sé ekki, að það sé nokkurt öryggistap í því, þótt þeir, sem hafa smápróf, fái að sigla 75 smálesta skipum, í staðinn fyrir 60 smál. skipum, á sömu siglingaleið. Þetta er eingöngu miðað við fiskiskip, sem sigla við strendur landsins, en hvortveggja notuð við sama starf og hafa nákvæmlega sömu siglingaleið.

***Jakob Möller:** Það vill nú svo til, að misjafnar kröfur eru gerðar til bifreiðarstjóra eftir því, hve mikils þykir vert um öryggi, eða eftir

því, hve sá flutningur, sem þeir flytja, er talinn dýrmætur. Það eru gerðar meiri kröfur til þess bifreiðarstjórans, sem á að fá leyfi að flytja fólk, heldur en til þess, sem stjórnar vöruflutningabifreið. Það sama á við um stærri og minni skip. Það eru gerðar meiri kröfur til þeirra, sem stjórna stóru skipunum, vegna þess að þeim er ætlað að sækja verri sjó og lengri leiðir og erfiðari, og þau hafa fleiri menn.

Ég vísa því algerlega frá að svara því, að hér sé aðeins um 15 tonna stækkun að ræða. Það er búið smásaman að auka réttindi smáprófsmanna frá því að hafa rétt til að sigla 12 tonna bát og upp í það að mega sigla 60 tonna skipi. Það er búið að fara fram á, að þeir fái rétt til að stjórna 100 smálesta skipum. Að vísu fór það svo, að ýmsum blöskraði sú krafa, og henni fékkst ekki framgengt, en þá var gengið á hitt lagið, að ná því takmarki í smærri skrefum, og það er engin hætta á, að ekki verði haldið uppteknum hætti og reynt að læðast áfram í stærri eða smærri skrefum eftir því, sem getan leyfir.

Hv. þm. sagði líka, að þetta skipti ekki miklu máli, þegar haldið sé sömu siglingaleiðum. En þetta er ekki rétt. Jafnóðum og skipin eru stækkuð, breytast siglingaleiðirnar, og þá breytist öryggið meira en hv. þm. vill vera láta.

Ég geri ráð fyrir, að öllum þeim, sem um þetta mál hugsa, sé það þegar svo ljóst, að ég bæti ekki um það með lengri ræðu.

***Pétur Ottesen:** Ef um er að ræða öfgar í sambandi við þessar umr., þá er erfitt að gera mun á, hvoru megin þær eru meiri, — hjá þeim, sem að frv. standa, eða hinum, sem vilja breyta því.

Hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Hafnf. tilfæra sem öfgar þau orð hv. 3. landsk., að skipin séu því öruggari, sem þau eru stærri og betur úr garði gerð, en sjálfir byggja þeir afstöðu sína á því, að ef nógu oft sé bætt við 15 smálestum, þá verði þetta svo eða svo. Hér er ekki um annað að ræða en ein 15 tonn, og ef ummæli hv. 3. landsk. stefna út í ófæru, þá lenda þessi orð ekki síður á kafi í þeirri keldu.

Það, sem hér á að gera upp með sér, er ekkert annað en það, hvort sú bóklega fræðsla og verklega þekking, sem kröfur eru gerðar um við smápróf, sé nægjanleg til þess að fela þeim mönnum, sem það próf hafa tekið, stjórn á þeim skipum, sem eru 75 smálestir að stærð. Allt það, sem fer út fyrir þetta, er til þess eins að kasta ryki í augu fólks og gera málið tortryggilegt.

Það er yfirleitt álit sjómanna, að sú verklega og bóklega þekking, sem þessir menn þurfa að hafa, sé nægileg til þess, að þeim sé trúað fyrir að stjórna skipum af þessari stærð, og það því fremur sem þessi skip sigla alveg eins eftir því, hvernig stendur á með fisk hér við strendur lands á hverjum tíma árs. Þar á er enginn munur, hvort sem skipin eru 60 eða 75 smálestir að stærð.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um, að siglingaleiðirnar breyttust, ef skipin væru höfð stærri. Nei, síldin og fiskurinn halda sinni göngu jafnt fyrir það, hvort skipin eru stór eða lítil, og við sækjum fiskinn og síldina nákvæmlega á sömu mið á 60 og 75 tonna skipunum. Það, sem hér er um að ræða, er ekkert annað en það, hvort það sé ekki full sanngirniskrafa, að þeir menn, sem hafi þessa bóklegu og verklegu þekkingu, hafi leyfi til að stjórna þessum skipum. Það er þess vegna engin fjarstæða, sem hv. 3. landsk. hefir haldið fram, og það á ekki að spilla fyrir þessari sanngirniskröfu, þótt skipin séu þessu stærri.

Ég vænti þess, að hv. d. líti svo skynsamlega á þetta mál, að hún geti orðið við kröfum sjómanna og útgerðarmanna, sem standa að smærri útgerðinni, og samþ. frv. Við verðum þess oft varir hér á þingi, að skólagengnir menn, og þá einkum þeir langskólagengnu, gera lítið úr þeirri þekkingu, sem er fengin með reynslu í daglegu lífi, í samanburði við þá bóklegu fræðslu. Því ber ekki að neita, að bókleg fræðsla er góð, en ef henni fylgir ekki sú þekking, sem fengin er í skóla reynslunnar, þá verður sú fræðsla oft haldlítil. Þess vegna má ekki gera of lítið úr þeirri þekkingu, sem aflað hefir verið með reynslu, og það er raunalegt, hve illa gengur að fá þessari þekkingu fulla viðurkenningu, og hér kemur það glögglega fram. Í þessu sambandi má ef til vill benda á þær siglingaþjóðir, sem eru í nágrenni við okkur; t. d. Danir gera ekki meiri kröfur um nám fyrir þá, sem sigla innanlands, þótt skipin séu 100 smálestir að stærð. Ég hygg, að þetta sé svipað í Noregi. Þetta er sönnun þess, að það, sem hér er farið fram á, getur ekki talizt óforsvaranlegt, þegar bæði er lítið á álit sjómannastéttarinnar sjálfrar og á það, hvernig með þetta er farið hjá jafnmiklum siglingaþjóðum eins og Norðmönnum og Dönum.

***Jakob Möller:** Það er meira en svo, að ég dragi það í efa, að hv. þm. Borgf. hafi sjómannastéttina að baki sér í þessu máli. Ég þverneita því. Ég er viss um, að það er algerlega tilhæfulaust. Það, sem sjómennirnir krefjast fyrst og fremst, er öryggi.

Aðrar fullyrðingar hv. þm. er auðvelt að hrekja. Hann heldur því fram, að siglingaleiðin sé hin sama, hvort sem skipin séu stór eða lítil. Hvers vegna hafa menn þá verið að smíða stærri og stærri skip? Hvers vegna var nokkurntíma farið að smíða önnur skip en litla árabáta? Var það eingöngu til þess að auka öryggið? Það vita allir, að þetta er gert til þess að geta komizt víðar yfir, til þess að geta breytt siglingaleiðunum og geta sótt betur sjó. En hvað fylgir þessu? Eftir því, sem skipin hafa orðið stærri, hafa þau verið lögð í meiri hættu, en því meiri kröfur um þekkingu hafa líka verið gerðar til þeirra, sem skipunum stjórna. Það er þess vegna augljóst, að það, sem hv. þm. Borgf. fer með í þessu sambandi, er ekkert annað en þvættingur, enda getur hver maður sagt sér það sjálfur, að skipin eru höfð stærri og stærri af því, að þau eiga að fara víðar yfir, og þau eru lögð í því meiri hættu, sem þau eru stærri og betur útbúin, og þess vegna þarf þekking og leikni skipstjórans að vera því meiri.

Í sambandi við það, sem hv. þm. sagði, að þetta væru aðeins 15 smálestir, sem hér væri talað um, skal ég aðeins geta þess, að þetta eru a. m. k. þriðju ef ekki fjórðu 15 smálestirnar, sem bætt er við stærð þeirra báta, sem smáprófs-

menn hafa rétt til að stjórna. Ég man eftir því, þegar um þetta sama atriði var deilt á þingi 1922, hvernig þá söng í hv. þm. Borgf. og þeim öðrum, sem honum fylgdu þá, og þeir hafa ekki dregið af sér við að auka rétt þeirra manna, sem hafa minnstu þekkinguna, og ég veit, að þeir halda áfram á sömu braut svo langt sem þeir komast. En það er þetta, sem þarf að stöðva, og það nú þegar, vegna öryggis sjómannanna.

Pétur Ottesen: Það þýðir ekkert fyrir hv. 3. þm. Reykv. að mótmæla því, að sjómannastéttin standi á bak við þetta frv., og ég vil benda honum á það, að þeir menn, sem valdir hafa verið til þess að sjá um hag sjómannastéttarinnar bæði í hv. Ed. og eins í þessari hv. d., þ. e. a. s. sjútvn. báðar, standa óskiptar að þessu frv.

Þegar hv. 3. þm. Reykv. talar um þvætting, þá á það mest við um hans eigið orðbragð.

Viðvíkjandi því, að skipin sigli á mismunandi siglingaleiðum eftir því, hver stærð þeirra er, þá vil ég aðeins benda á það og undirstrika, að það stendur óhrakið, að allir þessir bátar, 50, 60 og 75 tonn, stunda allir þorsk- og síldveiðar og aðra veiði á sömu slóðum hér við strendur landsins.

Þetta stendur allt saman óhrakið, þrátt fyrir stóryrði hv. 3. þm. Reykv.

ATKVGR.

Brtt. 410,1 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GP, HV, JakM, JÓl, ÓTh, PZ, PHalld, StJSt, TT, BÁ, BB.

nei: EystJ, FJ, GG, HannJ, JJós, JónP, JS, MT, PÞ, PO, SigfJ, SK, ÞorbÞ, ÁÁ, JörB.

GSv greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (GÍ, JG, SE, BJ, EE) fjarstaddir.

Brtt. 486 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 452, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

— 410,2 samþ. með 14:6 atkv.

— 542 felld með 17:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 598).

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 598, 600).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 600. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jón Auðunn Jónsson: Það vildi svo til í Nd., að við 59. gr. frv. var borin fram brtt., og þar sem það vantaði í d. svo marga af þeim, sem voru andstæðir henni, þá náði hún samþykki. En þessi brtt. gerir frv. gagnslaust, því þá fá menn ekki réttindi til þess að fara með 75 tonna skip, eins og ætlazt var til í þessari d., með þeim skildögum, sem fyrir því eru settir.

Ég vænti því, að hv. d. samþ. brtt. á þskj. 600 og málið fari aftur til Nd., því það er enginn vafi á því, hver afdrif frv. verða þar, þó svo óheppilega vildi til, að þetta væri fellt úr gr.

ATKVGR.

Brtt. 600 samþ. með 9:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 609).

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 609, 610).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 610. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Finnur Jónsson:** Mál þetta hefir tekið þeim breytingum í Ed., að 59. gr. hefir verið sett inn aftur eins og hún var upphaflega í frv., en hún veitir mönnum með smáskipaprófi samkv. l. nr. 40 1922 rétt til þess að stýra skipum allt að 75 smálestum að stærð. Nd. hafði fellt brtt. um það að lækka smálestatölu þeirra skipa, er menn með minna skipstjóraprófi hefðu rétt til að stjórna, úr 75 smálestum í 60, ef þeir taka próf eftir að lögin um stýrimannaskólann hafa öðlazt gildi. En þar var jafnframt gerð sú álappalega breyt., að þeir, sem hafa tekið hið minna skipstjórapróf áður, gætu ekki fengið þessi réttindi, nema með því að setjast aftur á skólabekk. Ég held, að ýmsum hv. þm. hafi alls ekki verið ljóst, hvað fólst í brtt. þeirra hv. þm. Hafnf. og hv. 3. þm. Reykv., er þeir samþ. hana. Ed. hefir nú aftur fært þetta til betri vegar, og vænti ég þess, að Nd. samþ. frv. óbreytt eins og það er nú. Lögin um stýrimannaskólann og vélstjóraskólann eru svo nátengd þessu frv., að nái það ekki fram að ganga nú, er ekki hægt að veita þeim mönnum, sem útskrifast eftir hinum nýju lögum, nauðsynleg réttindi. En ef Nd. samþ. ekki frv. eins og það nú liggur fyrir, er hætta á, að málinu sé siglt í strand og hin lögin þar með gerð ónýt. Ég vænti því þess, að hv. d. samþ. frv. óbreytt, en felli brtt. þeirra hv. þm. Hafnf. og hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 610.

***Emil Jónsson:** Ég gerði ljósa grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, er það var rætt hér í d., og skýrði þá, hvað fyrir okkur hv. 3. þm. Reykv. vekti með brtt. okkar. En ég vil þó benda á það nú, hve mjög það, sem hv. þm. Ísaf. heldur fram nú, stingur í stúf við þá röksemdafærslu, sem áður var höfð hér fyrir hækkuninni á smálestatölunni úr 60 upp í 75. Þá var það aðalröksemdafærslan, að kennsla yrði aukin stórum undir hið minna próf, og því ættu að fylgja því aukin réttindi, og því þótti ekki fært að samþ. þetta fyrr en búið væri að samþ. frv. um stýrimannaskólann. Rökin fyrir hinum auknu réttindum voru þá aðeins, eins og ég hefi sagt, aukin fræðsla, en nú á að færa þessi auknu réttindi yfir á menn, sem notið hafa miklu minni fræðslu í hinum gamla skóla, og láta þá njóta sama réttar og þá menn, sem eftirleiðis útskrifast úr nýja skólanum. Ég verð að mótmæla slíkum blekkingum harðlega. Það var sýnt fram á það við umr. hér í d., hversu hæpið væri að veita þessi auknu réttindi, en ég vænti þess, að þeir, sem vildu miða þau við hið nýja próf, haldi fast við skoðun sína á þessu atriði a. m. k. og samþykki því brtt. okkar hv. 3. þm. Reykv.

***Finnur Jónsson:** Síðast er atkvgr. fór hér fram um þetta mál, stóðu flestir þeir þm., sem greiddu atkv. með brtt. hv. þm. Hafnf. og hv. 3. þm. Reykv., í þeirri trú, að þeir væru að sam-

þ. till., sem væri í samræmi við till., sem hafði verið samþ. hér áður, en var það alls ekki ljóst, að með samþykkt brtt. þeirra væru þeir að gera þeim mönnum, sem tekið hafa hið eldra próf, órétt. Það er með öllu víst, að sú aukna kennsla, sem gert er ráð fyrir í stýrimannaskólanum, gerir ekki betur en vega upp á móti þeirri 5 ára reynslu, sem ætlazt er til, að þeir menn með eldra prófinu hafi, sem öðlazt geta þessi réttindi. Það, sem mestu varðar, er að þekkja og kunna að fara með áhöld þau, sem nauðsynleg eru til siglinga á þessum skipum, og geta áttað sig á landtöku. Til þess þurfa menn að þekkja á áttavita, logg og sjókort. Hver maður með smáskipaprófi lærir allt, sem hann þarf til að kunna á þetta. Ég fullyrði það, að maður með hinu eldra prófi er færari um að taka að sér stjórn á 75 smálesta skipi eftir fimm ára skipstjórn heldur en maður, sem nýskroppinn er úr skóla. Það er því aðeins rangfærsla, að þessi breyting Ed. dragi úr öryggi fyrir skip og skipshafnir. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að hv. þdm. vilji láta þetta frv. daga uppi, svo að bæði hin lögin um skólana verði ónýt.

***Emil Jónsson:** Hv. þm. Ísaf. heldur því fram, að reynsla eldraprófsmanna jafnist á við hina auknu þekkingu, sem krafizt verður af mönnum með smáskipaprófi framvegis. En þessi reynsla er oftast aðeins bundin við takmörkuð svæði og grundvölluð á þeirri takmörkuðu fræðslu, sem áður var veitt undir próf. Nú eiga menn samkv. lögunum að læra að handleika ný verkfæri, og það kennir þeim engin reynsla á 5 árum, ef þeir hafa ekki lært það frá grunni af þeim mönnum, sem með slík verkfæri kunna að fara. Starfsvið þeirra færist út með hinum auknu réttindum og þeir fara víðar kringum landið en áður. Því er aukin kunnátta nauðsynlegt skilyrði fyrir þeim.

Ég get ekki séð, að nein hætta þurfi að vera á því, að málið dagi uppi, þótt brtt. okkar verði samþ. Enn verða fundir í Sþ., og þar er hinn rétti vettvangur til að gera út um málið, úr því að d. koma sér ekki saman.

ATKVGR.

Brtt. 610 felld með 15:6 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 625).

55. Iðja og iðnaður.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og l. nr. 85 19. júní 1933, um breyt. á þeim lögum (þmfrv., A. 180).

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Emil Jónsson):** Með l. frá 1927, nr. 18 31. maí það ár, var gerð fyrsta tilraunin til þess að setja löggjöf um réttindi og skyldur iðnaðarmanna hér á landi. Þetta mál á sér nokkuð langa sögu, því að þótt iðnaðarmannastéttin hér á landi sé ekki mjög gömul, þá er hún þó nokkuð gömul, og meðal iðnaðarmanna hafa verið uppi ýmsar uppástungur að þessari lagasetningu, áður en lögin voru staðfest. Þessi lög frá 1927 fóru aðallega í þá átt að gera grein fyrir því, hvaða skyldur iðnaðarmenn eiga að uppfylla og hvaða réttindi þeim verða síðan áskilin í staðinn. Síðan þetta gerðist hefir margt breytzt hér á landi. Iðnaðarmönnum hefir fjölgað, sennilega meira en nokkurri annari atvinnustétt landsins, og henni hefir meira að segja fjölgað á sama tíma, sem einni aðalatvinnustéttinni hefir fækkað. Við þessa fjölgun, og eins við sköpun á ýmsum nýiðnaði í landinu, hafa kröfur iðnaðarmanna breytzt, svo að afleiðingin af því verður nauðsyn á því, að þessum lögum verði breytt.

Það var að vísu svo í upphafi, þegar lög þessi voru sett 1927, að iðnaðarmenn voru þá þegar nokkuð óánægðir með eitt atriði laganna. Þeir tóku að vísu fegins hendi við því, sem þeir fengu, en strax árið eftir, 1928, hóf iðnaðarmannafélagið og iðnráðið hér í Rvík undirbúning til þess að fá þessum lögum breytt. Það, sem þeir voru aðallega óánægðir með, var það, að lögin gilda aðeins fyrir kaupstaðina. Eins og nú er, nær þessi lagasetning ekki lengra, en nú eru, eins og kunnugt er, hafðar um hönd ýmiskonar þýðingarmiklar iðngreinar fyrir utan kaupstaðina, bæði í kauptúnum og sveitum, og það er náttúrlega ekki síður ástæða til þess, að þessi lagasetning nái líka til þeirra staða. Þess vegna var það þegar í upphafi fyrsta krafa iðnaðarmanna, að lögin næðu til alls landsins. Þessi breyt. er tekin upp í þetta frv., sem hér liggur fyrir, og er hún höfuðbreyting frv. Annað aðalatriðið í aðfinnslum iðnaðarmanna á gömlu lögunum var það, að samkv. þeim getur hver sem er unnið hvaða iðnaðarvinnu sem er, án þess að þurfa til þess nokkurt prófleyfi eða kunnáttu, ef hann ekki tekur aðstoðarmenn við vinnuna. Viðleitni iðnaðarmanna hefir frá upphafi gengið í þá átt að fá þetta ákvæði, sem er í 13. gr. gömlu laganna, fellt burt, og er það fellt niður með þessu frv.

Að öðru leyti var í lögunum frá 1927 gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnir gætu veitt mönnum, sem hafa ekki fullkomin iðnréttindi, leyfi til þess að stunda iðnvinnu, en hér er þetta fellt niður. Aftur á móti eru gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að nægilegur vinnukraftur sé til iðnaðarvinnu, þótt fullkomlega faglærðir menn séu ekki til á viðkomandi stað; er ætlazt til þess, að meistarafélög og sveinafélög komi sér saman um þetta, þar sem þess gerist þörf.

Þessi breyt. er ekki ókunn hér í þingi, því að hún hefir verið flutt af ýmsum allt frá árinu 1930, en þá fluttu hana 3 þm. úr öllum aðalflokkunum, og síðan var hún flutt 1931, en náði í hvorugt skiptið fram að ganga. Aftur á móti náðu nokkrar breyt. fram að ganga 1933, en engin af þessum, sem ég nú nefndi. Það eru nokkrar fleiri breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, eins og t. d. að gera greinarmun á því, hvað er að reka

iðnað og hvað er að stunda iðnað og hvað þurfi til hvors fyrir sig. Iðnbréfin eiga að falla niður eftir frv. Iðnréttindi verða hér eftir, ef frv. nær fram að ganga, eingöngu bundin við sveinsbréf og meistarabréf. Ennfremur gerir frv. ráð fyrir því nýmæli, að heimila ráðh. að ákveða, að meistarapróf séu haldin að sínu leyti eins og sveinspróf. Þetta er gert til þess að tryggja, að meistararnir séu álíka vel færir í sínu starfi eins og sveinarnir eftir að þeir taka sín sveinspróf. Það hefir komið fram óánægja yfir því meðal iðnaðarmanna, að menn geta fengið meistararéttindi 3 árum eftir sveinspróf, án þess að uppfylla nokkur skilyrði. Ég þarf ekki að taka það fram, það er sjálfsagt öllum hv. þm. ljóst, hver nauðsyn er á, að til séu iðnaðarmenn, sem kunna sitt verk, og um leið sé tryggt, að aðrir ólærðir menn geti ekki farið inn á þeirra verksvið. Það er þýðingarmikið fyrir iðnaðarmennina sjálfa, en það er engu síður mikils um vert fyrir þjóðina í heild sinni, að henni sé tryggt, að það séu kunnáttumenn, sem vinna þau verk, sem hún þarf að láta vinna, en ekki fúskarar, sem lítið kunna. Það hefir margur glæpzt á því að kaupa ólærða menn til að vinna ýms handverk, en það reynist oft ódýrast, þegar frá líður, að nota iðnaðarmennina. Þó að það líti svo út, að hér sé fyrst og fremst verið að vinna fyrir iðnaðarstéttina, þá er langt frá því, að það sé eina sjónarmið þessa frv. Ég vil að lokum geta þess, að að þessu frv. standa allir iðnaðarmenn í landinu án tillits til flokkaskiptinga, og það hafa verið samþ. frv. í svipaða átt og þetta á hverju ári í iðnaðarmannafélögunum hér í Reykjavík, síðan l. voru sett 1927. Það hafa líka á 3 iðnaðarþingum, sem háð hafa verið síðan, verið samþ. frv. í mjög svipaða átt, og loks var á síðasta iðnþingi, sem haldið var á Akureyri í fyrra, samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, svo að segja óbreytt eins og það kemur hér fram. Iðnaðarmenn sjálfir vita það náttúrlega bezt, hvar skórinn kreppir, og þess vegna er eðlilegast, að frumkvæðið komi frá þeim. Ég flutti þetta frv. fyrir eindregin tilmæli þeirra sjálfra. Ég þarf svo ekki við þessa umr. að fara frekar út í þetta mál, en vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 180, n. 438, 445).

*Frsm. (Emil Jónsson): Iðnn., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, leggur í aðalatriðum til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. Einn nm., hv. þm. Ak., hefir þó skrifað undir nál. með fyrirvara og borið fram sérstaka brtt. á þskj. 445.

Ég skal þá með örfáum orðum gera grein fyrir þeim breyt., sem meiri hl. n. er sammála um að flytja, en þær eru allar á þskj. 438. Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv., og er hún aðeins orðalagsbreyt., um það, að þegar einhver einstaklingur rekur iðnað, en hefir ekki rétt til þess, þá skuli annar vera til þess að veita honum forstöðu, eða sá, sem er meistari í iðninni. N. leggur til, að í stað orðanna „veiti honum forstöðu“ komi: hafi þar alla verkstjórn á hendi. Þetta er orðalagsbreyt., sem nær betur en orðalag frv. sjálfs þeim tilgangi, sem átti að felast í frv. upphaflega.

Þá er brtt. við 3. gr. frv., og er það önnur brtt. n. og sú brtt., sem olli ágreiningnum milli meiri hl. n. og hv. þm. Ak. Meiri hl. n. leggur til, að aftan við gr. bætist svo hljóðandi ákvæði: „Í sveitum og kauptúnum með 500 íbúa eða færri mega óiðnlærðir menn þó vinna að minni háttar byggingariðnaðarstörfum við verk, sem kosta undir 3000 kr., þegar um steinsteypubyggingar er að ræða, en 4000 kr., þegar byggingarnar eru úr timbri. Sé verkið dýrara, skal það unnið af iðnaðarmönnum.“

Tilgangur frv. er, eins og ég lýsti við 1. umr. þessa máls, tvennskonar. Í fyrsta lagi að tryggja það, að iðnaðarvinna sé unnin af iðnaðarmönnum, til þess að þeir, sem hafa lært þessi verk, fái atvinnu við þau, og í öðru lagi, að þeir, sem þurfa að láta vinna þessi verk, fái þau unnin af kunnáttumönnum.

Eins og l. eru núna, þá gilda þau aðeins fyrir kaupstaðina, en með þessu frv. er ætlazt til, að þau nái til alls landsins. En til samkomulags, þá féllst meiri hl. n. á að undanskilja byggingarverk upp að þessu marki, 3000 kr. steinsteypubyggingar og 4000 kr. timburbyggingar í sveitum og kauptúnum með 500 íbúa eða færri. Þetta er gert með tilliti til þess, að það geta verið ýmsar smáar byggingar í sveitum, sem ekki þykir ástæða til að hafa fulllærða menn við. Hér er það, sem hv. þm. Ak. og n. greinir á. Hann vill ekki hafa þá skyldu á, að iðnlærða menn þurfi við neinar byggingar í sveitum og kauptúnum með 500 íbúa eða færri. Hann vill heimila öllum mönnum að vinna að þessum verkum, þó þeir kunni ekkert til þeirra, ef það er aðeins utan kaupstaða og kauptúna með yfir 500 íbúa.

2. brtt. n. er samkomulagstilraun milli okkar 4 nm., en mér sem flm. frv. þótti of skammt gengið, að ekki skyldu iðnlærðir menn látnir vinna alla vinnu, en til samkomulags var gengið inn á þessa miðlunartill.

3. brtt. n. er við 4. gr. frv., en við hana eru tvær brtt. Í fyrsta lagi sú, að sá hafi iðnréttindi, sem hefir félagsréttindi í sveinafélagi fyrir 1. janúar 1936, en í frv. var miðað við 1. janúar 1930. Það er sjálfsagt rétt að færa þetta fram til þessa tíma, svo að þeir, sem nú hafa réttindi, fái að halda þeim áfram, en ekki að miða þetta við 1. janúar 1930. — N. leggur til, að aftan við 4. gr. bætist ákvæði um það, að menn utan kaupstaða, sem hafa stundað iðnaðarvinnu að staðaldri síðustu 10 árin áður en lög þessi öðlast gildi, fái að ganga undir próf í iðn sinni, án þess að stunda iðnaðarnám frekar en þeir hafa þegar gert, og öðlist þannig sveinsréttindi í iðninni, ef þeir standast prófið. Þetta er gert með tilliti til þess, að l. er ætlað að gilda fyrir landið allt. En það er vitað, að úti um land eru ýmsir menn, sem hafa fengizt við þetta og geta það að nokkru leyti, þar sem þeir hafa kannske feng-

izt við þetta um langt skeið, en þeim er með þessu tryggður réttur til þess að sýna kunnáttu sína og ganga inn í iðnina, ef þeir standast próf-ið. Að vísu kemur þetta í bága við l. um iðnaðar-nám, sem ekki gera ráð fyrir því, að neinn geti öðlazt réttindi sem iðnaðarmaður, nema hann hafi lært sína iðn svo og svo lengi, en það er ekki hægt að komast framhjá því, að þegar l. eru látin ná til miklu stærra svæðis en áður, þá verða þessir menn, sem hafa stundað þessa iðnaðarvinnu, að fá tækifæri til þess að sýna kunnáttu sína, enda er það sama og iðnaðarmenn höfðu rétt til í kaupstöðum landsins eftir að iðnaðarlögin gengu fyrst í gildi 1927.

Þá er við 5. gr. frv. sú brtt., að þegar talað er um, hvað langan tíma sveinn þurfi til þess að vinna sér inn meistararéttindi, þá er í frv. talað um, að hann þurfi til þess 3 ár, annaðhvort við sjálfstæða vinnu eða með meistara. En n. þótti rétt við athugun málsins að láta nám á tekn-iskum dagskóla jafngilda vinnu hjá viðurkenndum meistara eða sjálfstæðri vinnu, og hefir því lagt til, að nám í tekniskum dagskóla sé tekið með í þessum undirbúningstíma fyrir meistara-réttindi, þó þannig, að það þurfi alltaf að vera eitt ár með meistara til þess að öðlast meistara-réttindi, annaðhvort með meistara eða vinna sjálfstætt eftir sveinsprófið.

Þá er brtt. við 6. gr., þar sem ráðh. er heim-ilað að ákveða, að enginn skuli fá meistararétt-indi án þess að ganga undir próf. Í frv. er þetta orðað þannig, að ráðh. skuli þetta heimilt að fengnum tillögum Landssambands iðnaðar-manna, og er það eðlilegt, þar sem það er sá aðili, sem á að innibinda í sér öll iðnaðarsamtök í landinu. En það hefir verið á það bent, að enn eru ekki öll iðnfélög í því, og þeim gæti dottið í hug að gera slíkar tillögur til ráðh. N. féllst því á að breyta gr. þannig, að ráðh. sé almennt heimilt að ákveða, að þetta skuli gert, eða að meistararéttindi skuli bundin við próf, hvort sem till. koma um það frá öðrum eða að hann tekur það upp hjá sjálfum sér, en ekki bundinn við það, að það sé þetta eina félag, sem gerir till. um það.

Þá er brtt. við 8. gr., sem er leiðrétting. Það stendur í frv., að í byggingarsamþykktum kaup-staða megi ákveða, að enginn megi veita hús-byggingum forstöðu, nema hann hafi til þess lög-gildingu, enda sé hann meistari í húsasmíði eða múrsmíði. Þetta átti að gilda fyrir alla staði, sem byggingarsamþykktir hafa, en það var ekki athugað, að það eru fleiri en kaupstaðir, sem hafa byggingarsamþykktir, og þótti því rétt, að það yrði einnig heimilað, að í þeim kauptúnum, sem hafa byggingarsamþykktir, verði löggiltir byggingarsmiðir við hverja húsbyggingu. Um þetta er enginn ágreiningur.

Þá er brtt. við 15. gr. frv., þar sem eru sektar-ákvæðin. Þar er lágmarkið fært niður í 100 kr. úr 500 kr., en hámarkið er eins og áður 2000 kr. Þetta er vegna þess, að n. þótti það fullstrangt ákveðið, að fyrir smávægileg brot gætu sektir ekki orðið minni en 500 kr.

Þá er loks brtt. við 17. gr., um það, að l. öðl-ist þegar gildi fyrir kaupstaðina, en ekki fyrr en 1. júlí 1937 fyrir alla aðra staði á landinu. Í kaupstöðum landsins hafa gilt l. um þetta efni í aðalatriðum mjög svipuð þessum l., en nú er þetta fært svo út, að l. eiga að gilda fyrir allt landið, og þá þótti rétt að hafa þetta með nokkr-um fyrirvara, svo að það yrði a. m. k. eitt ár, sem fólkið á þessum stöðum hefði til þess að undirbúa sig undir gildistöku l. Þessi breyt. er því ekki veruleg.

Aðalbreyt. er sú, sem er við 3. gr. frv., að heimila undanþágu fyrir byggingarvinnu upp í 3000—4000 kr., og var þetta gert til samkomu-lags í nefndinni.

Með þessum breyt. leggur svo meiri hl. n. til, en það eru allir nm., nema hv. þm. Ak., að frv. verði samþ. Hv. þm. Ak. ber fram brtt. um það, að l. nái aðeins til kaupstaða og kauptúna með meira en 500 íbúa.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta frv., en vonast til, að það fái að ganga áfram hina venjulegu leið.

*__Guðbrandur Ísberg:__ Hv. frsm. iðnn. gat þess réttilega, að ég hefi skrifað undir nál. viðvíkj-andi því máli, sem hér liggur fyrir, með fyrir-vara. Fyrirvari minn er um afgreiðslu 2. gr. þessa frv. Eftir frv., eins og það var flutt hér í fyrstu, er gert ráð fyrir því, að hvarvetna þar sem reistar eru byggingar, hvort sem það er úr timbri eða steini, þá verði fagmenn að vinna við þær, svo framarlega sem sá maður, sem bygg-ingu ætlar að reisa, vinnur ekki verkið sjálfur. Og menn verða að hafa það hugfast, að hér er ekki aðeins um einn fagmann að ræða, heldur getur verið um mjög marga að ræða. Ef um steinhús er að ræða, þá eru það múrarar, en ef um tréverk er að ræða, þá er það trésmiðir, sem verkið eiga að vinna. En ef á að leggja mið-stöð, þá verða fagmenn á því sviði að gera það, og ef raflýsa á húsið, þá verða fagmenn á því sviði að gera það, og ef lagt er vatn í húsið, þá verður enn að kalla einn fagmann til þess. Þetta er ekkert nýmæli hvað kaupstaðina snertir. Þessi verkaskipting er alveg komin á þar. En í kaup-túnum og sveitum þekkist þetta ekki, og ég álít, að það sé ekki tímabært að fyrirskipa þetta þar. Við vitum, þetta frv. er flutt af hendi iðnaðarmanna, og það er ekkert við því að segja, þó þeir geri kröfur til verndar sinni stétt. En það má ekki gleymast, að þó að við viljum iðn-aðarmönnum allt hið bezta, þá erum við full-trúar hér á þingi fyrir fleiri stéttir en þá. Við verðum líka að taka tillit til annara. Það er mín skoðun, að ef gengið er mjög harkalega til verks í þessu efni, eins og iðnaðarmenn hafa lagt til, þá sé það ekki sízt þeim sjálfum til ógagns. Þeir ná ekki því, sem þeir vilja ná, en afla sér óvinsælda, sem þeir gátu komizt hjá með því að fara hóflega í sakirnar.

Mér finnst ekki úr vegi í þessu sambandi að minnast á starfsemi bindindismanna, áður en bannlögin voru samþ. Þá held ég, að engum hafi blandazt hugur um það og það hafi verið almennt viðurkennt, að þessi starfsemi naut vel-vilja og virðingar allrar þjóðarinnar. En ég held mér sé óhætt að fullyrða það, að eftir að búið var að þvinga bannlögin í gegn með þeim of-stopa, sem unnið var að þeim málum með, þá

hafi ekki verið hægt að segja eftir það, að þessi starfsemi eða þessi hreyfing nyti sama velvilja eða sömu virðingar og áður.

Ég vil minna á annað dæmi í þessu sambandi. Barnakennarar hafa á síðasta þingi og nú aftur borið fram kröfur um það, að það mætti ekki einu sinni segja til smábörnum, nema kvaddur væri til fagmaður úr þeirra hópi. Þetta er að ganga of langt. Ég veit, að ef iðnaðarmenn hefðu haldið til streitu þeirri kröfu, sem þeir upphaflega settu fram, að í smærri kauptúnum og úti í sveitum landsins mætti ekki reisa svo mikið sem hænsnahús án þess að kveðja til fagmann, að þá hefðu þeir áreiðanlega gengið lengra en fært hefði verið fyrir þá til þess að halda áfram vinsældum sínum. En það skal viðurkennt, að meiri hl. iðnn. hefir stillt nokkuð í hóf í þessu efni með því að undanþiggja steinsteypubyggingar, sem kosta allt að 3000 kr., og timburbyggingar, sem kosta 4000 kr. Ég verð að telja, að þarna sé nokkuð stillt í hóf, en þó hvergi nærri til hlítar. Ég álít, að úti um sveitir landsins og í smærri kauptúnum sé engin nauðsyn á því að setja löggjöf um þetta efni. Hingað til hafa menn þar leitað til fagmanna eftir því, sem þeim hefir þótt þurfa. Við opinberar byggingar má það telja undantekningarlítið, að fagmenn hafi verið notaðir, og það er engin hætta á því, að það verði farið að breyta til í þessu efni. Hinsvegar eru úti í sveitunum menn, sem má telja, að hafi unnið sem fagmenn að húsasmíði, enda þótt strangt tekið verði þeir ekki taldir fagmenn, nema að einu leyti, en það er sem *trésmiðir. Þessir menn hafa oft í gegnum langt* starf fengið mikla æfingu á sínu sviði. Og þó að þessum mönnum sé eftir 3. brtt. n. nú opnuð leið til að taka próf á gamals aldri, þá hygg ég, að flestir þeirra muni ekki hlíta þeim kostum, svo að það komi ekki til, að þeir sætti sig við slíkt. Ég vil benda á það, að hér er ekki um það að ræða að taka rétt manna til að vinna verkið sjálfir af þeim. Ég fullyrði, að með því að takmarka rétt manna til þess að velja sér aðstoð í þessu efni, verði að því stuðlað, að menn fúski við það sjálfir *meira en nú er og leiti ekki nema* út úr neyð til kaupstaðanna til að sækja þangað fagmenn, nema þá til opinberra bygginga. Menn gera það ekki vegna þess, að þar er kaupgjaldið hærra, og svo hitt, að menn hafa reynslu fyrir því, að ferðakostnaður til vinnu og frá vill verða tilfinnanlega mikill að auki. Eg þar sem byggt er af vanefnum, eins og víðast er í sveitum, þá skera menn kostnaðinn við neglur sér eins og mögulegt er og reyna þó jafnframt að hafa bygginguna eins vandaða og þeir sjá sér fært. Það er *alveg rangt, þegar frsm. n. sagði sem svo*, að ég vildi heimila mönnum að vinna þessi verk án þess að þeir kunni nokkuð til þess. Það er ekki um neitt slíkt að ræða. Ég vil aðeins gefa þeim mönnum, sem vilja byggja í sveitum og kauptúnum, frjálsar hendur til þess að velja sér aðstoð. Ég vil láta þá halda sömu aðstöðu til þess að velja sér aðstoð, hvort sem þeir þá velja sér tóma fagmenn eða aðeins að nokkru leyti. Það verða þeir að eiga við sjálfa sig og sníða sér stakk eftir vexti. Menn verða að hafa það í huga, að úti um sveitir og í *smákauptúnum er ekki* hægt að láta byggingar renta sig eins og í bæjunum, þar sem mun þykja hæfilegt, að hús gefi af sér 12 til 15 prósent í rentur. Ég veit, að í smákauptúnum mun það þykja gott, ef hús gefur af sér 5 til 8 prósent, og þegar um sveitir er að ræða, getur það farið allt niður í 2 prósent, og þess vegna *geta menn séð, að mönnum í sveit*um ber nauðsyn til þess að stilla kostnaðinum í hóf. Það er fyrir þessar sakir, að ég hefi borið fram þessa brtt. við brtt. n., þannig að síðari hluti hennar falli niður og aðeins fyrri hlutinn standi, sem er svo: „Að mönnum sé skylt að nota fagmenn við byggingar í sveitum og kauptúnum með 500 íbúum og þar yfir, en í sveitum og minni kauptúnum sé heimilt að láta ófaglærða menn vinna þessi störf og ráða sjálfir, hvaða hjálp þeir nota.“ Ég vil endurtaka það, að ég tel mjög illa farið, ef þessar tvær brtt. verða samþ. eins og þær liggja fyrir á þskj. 438. Ég fullyrði, að það verði iðnaðarmönnum ekki til framdráttar, heldur þvert á móti til að gera þá óvinsæla, því að meðan menn hafa frjálsar hendur til að vinna verkið sjálfir, þá verður aldrei hægt að hafa fullkomið „kontrol“ með því, hvaða menn þeir taka sér til aðstoðar, og menn munu heldur „fúska“ sjálfir við byggingarnar en að láta kúga sig.

***Frsm. (Emil Jónsson)**: Það er hvorttveggja, að hér í d. eru ekki orðnir margir til að hlusta, og líka hitt, að þessi ágreiningur milli meiri og minni hl. n. liggur svo ljóst fyrir, að ég tel ekki, að um hann þurfi að fara mörgum orðum. *Mig furðar stórlega á því*, að þessi háttv. þm., sem er fulltrúi Akureyrarkaupstaðar, þar sem ég hefi vitað, að utan Reykjavíkur hafi mest og bezt skynbragð verið borið á góða iðnaðarvinnu og metið starf iðnaðarmanna að verðleikum, að hann, fulltrúi þessa iðnaðarbæjar, skuli einn í n. snúast á móti frv., því að þótt hann fullyrði, að þetta verði ekki iðnaðinum til framdráttar, þá get ég eins fullyrt hið gagnstæða. Það verður kannske hvorugt sannað, en það má leiða líkur að því, að það verði aldrei iðnaðarmönnum til *gagns að hleypa ólærðum mönnum* inn á verksvið þeirra og láta „fúska“ í því og vinna verkið á þann hátt, að iðnaðarmönnum sjálfum sé skömm að því, því að það get ég sagt þessum háttv. þm., að ég hefi mörg iðnaðarverkin séð unnin svo mislukkuð af mönnum, sem eru að vinna þetta meira af vilja en mætti, að það væri betur ógert látið. Það væri betra bæði fyrir þann, sem vann verkið, og þann, sem unnið var fyrir. Háttv. þm. taldi upp þá fagmenn, sem þyrfti að fá til bygginga. Hann sagði, að það þyrfti að fá steinsmiði. *Þetta er ekki fyllilega rétt, en það þarf náttúr*lega að fá múrsmiði, trésmiði, raflagnamenn og miðstöðvamenn. Það er eðlilegt, því þetta eru verk, sem þurfa að kunnast. Það getur enginn unnið þessi verk, svo í lagi sé, nema hann kunni þau, en ef hann kann þau, þá er honum opnuð leið með brtt. til þess að sýna kunnáttu sína og fá hana viðurkennda.

Þessum mönnum er opnuð leið til þess að ganga undir próf án nokkurs aukanáms, og geta þar með sannað kunnáttu sína og öðlazt *sömu réttindi og iðnaðarmenn* geta öðlazt með

löngu námi, svo ég sé ekki, að þessir menn hafi yfir neinu að kvarta. Það er misskilningur, þótt hann sé nokkuð útbreiddur, að ef einhver maður getur klaufazt við að byggja einhverja byggingu, leggja svo í hana mislukkaða miðstöð og raflögn, sem kannske kviknar út frá, að þá sé það hagnaður. Tryggingin fyrir því, að þetta sé unnið eins og vera ber, fæst aðeins, þegar verkið er unnið af manni, sem eitthvað hefir lært til þess. Hann undirstrikaði það, háttv. þm., að byggingarnar mættu ekki vera of dýrar. Ég er honum sammála um það, en það er engin sönnun fyrir því, að þær verði dýrari, þótt fulllærðir menn vinni að þeim. Ég hefi þá reynslu persónulega, að það borgar sig miklu betur að borga fulllærðum manni hærra tímakaup fyrir verk, sem hann kann, heldur en ólærðum manni fyrir að burðast við að vinna verk, sem hann ekki kann. Því vil ég halda því fram, að það borgi sig í flestum tilfellum, jafnvel þó um smá verk sé að ræða, að fá fulllærðan mann til að vinna verk, sem einhver kunnátta útheimtist við. Ég skal taka það fram að gefnu tilefni, að það er ekki meiningin með þessu frv. að hindra verkamenn eða ólærða menn í að vinna þau verk við byggingar, sem ekki þarf neina kunnáttu til. Það eru ýms störf við byggingar, sem verkamenn geta auðvitað haldið áfram að vinna, þótt þeir séu ekki iðnlærðir, þó að þetta frv. verði samþ. Háttv. þm. sagðist vilja gefa eigendum byggingganna frjálsari hendur en áður um framkvæmd þessara verka, en sannleikurinn í þessu máli er sá, að hann vill ekki gefa þeim frjálsari hendur, heldur fullkomlega frjálsar hendur. Mér þótti vænt um það, að háttv. þm. gerði að lokum samanburð á bindindishreyfingunni og smábarnakennslunni annarsvegar, og þessari stefnu iðnaðarmanna hinsvegar. Ég er ánægður með þennan samanburð, því að það verða allir að viðurkenna, að ef bindindisstarfsemin á rétt á sér í kaupstöðum og stærri kauptúnum, þá á hún ekki síður rétt á sér í sveitum og minni kauptúnum. Þá þótti háttv. þm. það ámóta furðulegt, að kennarastétt landsins væri að gera kröfu til að fá smábarnakennsluna í sínar hendur, eins og að iðnaðarmenn væru að gera kröfu til að fá alla iðnaðarvinnu úti um sveitir í sínar hendur. Ég hefi heyrt kennara segja, að einhver þýðingarmesta kennslan sé smábarnakennslan og það ríði mest á henni. Ég get sagt það sama um iðnaðarmenninna, að það ríður ekki hvað minnst á því, að a. m. k. einhver iðnaðarmaður fáist út í landsbyggðina, þar sem fáir hafa kunnáttu á þeim málum. Það er almennt sú skoðun uppi, að þegar um frumatriði einhverrar kennslu er að ræða, þá geti allir kennt byrjunaratriðin, en fróðir menn segja, að það geti verið hvað mestur vandinn að gera það vel. Eins er það úti um landsbyggðina, þar sem eru hvað fæst tæki og skortir góð efni, og þar sem þess þarf að gæta með sérstakri kostgæfni, að ekki sé tekið óþverraefni, þá er einmitt nauðsyn, að valdir séu til þess menn, sem vit hafa á. Ég get t. d. ímyndað mér, að það sé öllu hægara að fá steypt upp hús hér í Reykjavík af ólærðum manni en úti um land. Hann fer bara inn í sandgryfju og fær þar harpað efni, sem hann sér, að notað er við húsabyggingar, og gerir yfirleitt eins og hann sér að hinir gera, en þegar komið er út á landsbyggðina, þar sem ekkert er til samanburðar, þá verða menn að nota sína kunnáttu. Þetta er svo augljóst mál, að það er óhæft að láta þetta ekki eins ná til sveitanna og kauptúnanna eins og stærri kaupstaðanna, sem lögin eiga nú að ná til.

*Pétur Ottesen: Mér virðist það alveg óþarflega langt seilzt til að fá röksemdir fyrir þeirri skoðun, sem hv. þm. Ak. heldur hér fram, að vera að seilast til bindindisstarfseminnar fyrr og nú. Mér finnst, að það renni, bara frá málefnisins sjónarmiði, nægar stoðir undir þá skoðun, sem fram kemur hjá hv. þm. Ak., að það geti verið töluvert varhugavert gagnvart sveitum landsins og smærri kauptúnum að setja svo strangar skorður sem hér er gert við því, hvaða menn megi nota til að bæta úr þeirri þörf, sem er á endurbótum á húsabyggingum í sveitum landsins. Því að það, sem veldur því, að svo fá góð hús eru til í sveitum þessa lands, það er vitanlega fyrst og fremst fjárskortur þeirra, sem þar búa, til þess að bæta úr þessari brýnu nauðsyn. Og eftir því sem þessir menn geta fengið þessa nauðsyn leysta með ódýrari hætti, þess fleiri eiga þá kost á að geta komið upp bættum húsakynnum. Nú er það vitanlegt, eins og hv. þm. Ak. benti á, að það leiðir af því aukinn kostnað að því er allt verkakaup snertir, ef menn úti í sveitum þurfa að hafa faglærða menn til þess að framkvæma þessa byggingu, í stað þess að geta fengið menn, sem heima eiga í sveitinni og eru færir um að vinna þessi verk. Og munurinn á kaupi þessara manna er ekki 5—10 aurar á hverja klst., heldur er hann miklu meiri. Það er alkunnugt, að þeir faglærðu, sem að þessu vinna, hafa með sér félagsskap um kaupkröfur fyrir sína vinnu, og það er alkunna, að þeir verðleggja sína vinnu nokkuð hátt samanborið við almennt verkakaup, sem goldið er a. m. k. í sveitum þessa lands. Ég veit, að það veltur mikið á því fyrir sveitamenn, hvort þeim verða nú settir þeir kostir, að þeir þurfi að nota faglærða menn til þess að vinna þessi verk eða megi nota menn, sem hafa með því að stunda þessi verk meira eða minna, fyrst undir handleiðslu fagmanna, aflað sér þeirrar þekkingar og lagni, sem með þarf til þess að koma slíkum byggingum upp. Ég veit, að það veltur mikið á þessu, hvað bændum verður ágengt í því að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem er á því að auka góð húsakynni í sveitum þessa lands. Svo mikill munur er á þessu tvennu, að geta komið upp byggingum með þeim mannafla, sem fyrir er í sveitunum til þess að geta leyst þetta af hendi, og hinu, að verða að fá faglærða menn til þess að gera þetta. Ég vil skjóta því til hv. þm. Hafnf., hvort það sé ekki rétt skilið, að það verði að vera sérstakur fagmaður í hverri grein. Við hverja byggingu verði að vinna bæði faglærður múrari og trésmiður. Það mun vera sú stefna í iðnaðinum, að hver maður snúi sér sem mest að ákveðinni grein iðnaðarins. Þetta, að þurfa að fá þannig 2 faglærða menn, þegar um er að ræða t. d. ekki meira en peningshúsbyggingu, er út af fyrir sig mikill ókostur samanborið við það að geta not-

að við það mann, sem fyrir er og getur leyst hvorttveggja verkið af hendi. Hv. þm. Hafnf. og þeir, sem að þessu frv. standa, hafa vitanlega mikið til síns máls um það, að það skiptir miklu máli fyrir þann, sem á að njóta þessara bygginga, að þær séu vel gerðar. En spurningin er þetta, — er meiri trygging fyrir því, að þessir faglærðu menn inni þetta betur af hendi heldur en t. d. þeir menn, sem undir handleiðslu faglærðra manna hafa unnið að þessu verki, þó það sé ekki nema ólærður verkamaður, ef hann er verkséður og hefir með því að vinna að þessu tileinkað sér þá þekkingu og þá lagni, sem nauðsynleg er? Það getur náttúrlega verið misbrestasamara en þetta.

En ég ætla, að margur maðurinn úti um sveitir landsins, sem hefir haft byggingar með höndum, hafi leyst það starf af hendi alveg sambærilega við marga iðnlærða. Og ég tel það mjög varhugavert að ætla að meina bændum að hafa hagræði af því að geta notað verklagna menn, og einskorða þetta við iðnlærða menn. Enda er það svo, að iðnn. hefir gengið inn á þá skoðun, að ekki væri fært að ganga þessa braut, að heimta eingöngu faglærða menn, og hefir því gert till. um, að nota megi ófaglærða menn við þær steinsteypubyggingar, sem að kostnaðarverði nema lægri upphæð en 3000 kr., og við timburbyggingar, en þó því aðeins, að kostnaður sé undir 4000 kr. Ég vil nú benda á, að venjuleg peningshús, t. d. sambygging eins og fjós og hlaða, hvort heldur sem hún er reist úr timbri eða steini, kosta miklu meira en þessari upphæð nemur; sama má segja um fjárhús og hlöðu. Það felur ekki í sér út af fyrir sig auknar kröfur um byggingarkunnáttu, þó flatarmál byggingarinnar sé meira eða minna. Þess vegna finnst mér, úr því gengið er inn á tilslökun á annað borð, þá eigi að miða við venjulega byggingu af þessari gerð. Ég vildi því mælast til þess, að svo framarlega sem till. hv. þm. Ak. nær ekki fram að ganga, að iðnn. vilji ganga inn á að hækka þessa upphæð. Ég skal fúslega ganga inn á, að það er allt annað, þegar um dýr hús er að ræða, þar sem loft og gólf er úr steinsteypu, járnbentri, sem krefur þekkingar að byggja, svo vel sé, og tel ég ekki rétt að spyrna móti því, að þar vinni faglærðir menn að. Þó að það geti haft fjárhagslega þýðingu fyrir bændur að gera mjög harðar kröfur í þessu efni, þá er það þó réttlætanlegt, þegar um stærri byggingar er að ræða. Ég vildi því mjög mælast til þess, að iðnn. athugaði, áður en mál þetta kemur til 3. umr., hvort ekki væri rétt vegna hinnar brýnu þarfar fyrir bættan húsakost í sveitum, bæði hvað snertir íbúðarhús og peningshús, að taka til rækilegrar íhugunar, hvort ekki sé þrengt um of að bændum, svo að af leiði töf eða frestun á framkvæmdum, ef bændur þurfa að kosta miklu meira til vegna þeirrar vinnu, sem leiðir af byggingum. Það er svo í sumum héruðum þessa lands, að það skortir ákaflega mikið á, að húsakostur sé viðunandi, og eru jafnvel heilir hreppar, sem enn búa við torfbæi, og þó hlýindi séu þeirra kostir, þá hafa þeir mikla ókosti í jafnóþurrkasömu landi og hér er.

Þetta er það, sem ég vildi láta koma fram, að ég mun greiða till. hv. þm. Ak. atkv. mitt, en ef hún nær ekki samþykki, þá vildi ég leita eftir samvinnu við iðnn. um að hækka þá fjárupphæð, sem ganga má til hverrar byggingar, er ófaglærðir menn mega byggja, eða er leyft að vinna að. Mér finnst allt of harður dómur, er mér virtist hv. þm. Hafnf. kveða upp, að enginn óiðnlærður maður hefði verkkunnáttu til að inna af hendi jafngott verk og faglærður maður, sem er alrangt, a. m. k. um allmarga. Að því leyti, sem hv. þm. Hafnf. minntist á, að þekkingu þyrfti til að velja steypuefni, þá er það alveg rétt, en það eru margir menn í sveit, sem unnið hafa við húsbyggingar í mörg ár og hafa fengið næga reynslu til að velja steypuefni, og þó þeir hafi ekki próf, þá kunna þeir full skil á blöndun efnisins.

Þá er svo ákveðið í till. iðnn., að þeir, sem hafa stundað þessa vinnu í 10 ár, eigi rétt á að ganga undir próf. Nú geri ég ráð fyrir, að þeir menn, sem unnið hafa bæði að trésmíði og múrverki, þurfi þá að ganga undir próf í báðum þessum greinum. En ég ætla, að gerðar séu fleiri kröfur til prófs en þarf til að standa fyrir slíkum byggingum fyrir þá menn, sem fengið hafa verklega reynslu. Ég ætla, að nokkur kunnátta sé heimtuð í dráttlist, þ. e. að þeir geti gert teikningu af húsum, og sennilega fleiri kröfur, sem eldri mönnum t. d. að taka væri ekki fært að uppfylla, þó að þeir hefðu fullkomna leikni í þessum störfum. En þá vantar þá bóklegu fræðslu, sem krafizt er í sambandi við iðnaðarnám, og hafa því ekki aðstöðu til að standast prófið, þó að þeir hafi fullkomlega aðstöðu til að byggja eins vel og margir þeirra, sem iðnlærðir eru kallaðir, og séu eins góðir smiðir. — Þó að ég búist við, að lítil lausn fáist á þessu með brtt. hv. þm. Ak., þá vildi ég láta þetta koma fram, en það er ekki af neinni andúð við þá stefnu, sem uppi er í landinu, að ala upp sem bezta fagmenn í hverri iðngrein, en hinsvegar vil ég, að þeir menn, sem beztir eru til þessara verka í sveitum landsins, fái að njóta leikni þeirrar, er þeir hafa aflað sér með langri reynslu, en verði ekki að þarflausu skákað út af þessu sviði.

*__Guðbrandur Ísberg__: Hv. þm. Hafnf. gerði ráð fyrir, að ég mundi standa höllum fæti gagnvart iðnaðarmönnum á Akureyri. Ég hygg nú, að það sé óþarfi fyrir hann að hafa áhyggjur út af mér í þessum efnum. Ég þekki marga iðnaðarmenn á Akureyri; þeir eru margir stilltir og skikkanlegir menn, sem skilja, að þeim er bezt að gæta hófs. Einmitt í kringum Akureyri hefir verið mikið byggt, og við það hefir verið leitað aðstoðar faglærðra manna af Akureyri. Það er því kannske sízt þar ástæða fyrir iðnaðarmenn að óttast breyt. Hitt veit ég, að iðnaðarmönnum á Akureyri og annarsstaðar er ljóst, að á meðan menn geta sjálfir byggt sín hús, hvort heldur sem er peningshús, íbúðarhús eða hænsnahús, með aðstoð verkamanna, þá standa þeir varnarlausir, en því hefir verið gengið framhjá. Hv. þm. Hafnf. hefir ekki, þrátt fyrir ákafa sinn í þessum málum, gengið svo langt að taka réttinn til húsabygginga alveg af öllum nema iðnaðarmönnum. Ég vil taka undir það með hv. þm. Borgf., sem

hann benti rækilega á, en ég gerði ekki nógu vel, að úti um sveitir landsins er mikið til af mönnum, fjöldi af lærðum smiðum, sem um leið eru múrarar, þó þeir séu aðeins fagmenn á einu sviði. Þessir menn, sem sumir hafa byggt fjölda húsa, yrðu að gera svo vel hér eftir, ef fylgt yrði frv., að kveðja með sér fagmenn til annara starfa en trésmíði, en þetta verður bara ekki gert. Hv. þm. Hafnf. hafði algerlega rangt fyrir sér, þegar hann var að tala um, að ég vildi heimila mönnum að vinna slík störf, sem ekki hafa fagþekkingu. Það, sem ég vil, er ekki nein heimild, því það er engu breytt; ég vil aðeins halda því, sem er hvað snertir sveitir og kauptún, en hann vill banna þessum mönnum að vinna þessi störf. Hv. þm. benti á, sem mun vera rétt, að það er mikilsvert að kenna mönnum að mála af hæfum mönnum, og ýmislegt fleira er gott, að kennt sé af hæfum mönnum. En hann vildi telja það hina mestu firru, sem ég var að gefa í skyn, að ekki þyrfti lærða menn til að kenna börnum að stafa, en hélt því fram, að ungbörnum mætti ekki kenna að stafa af öðrum en kennurum. En er ekki til hópur manna, sem kann að lesa? Og það er alveg hliðstætt að kenna börnum að stafa eins og þegar málari kennir fyrstu sporin í dráttlist.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta og ekki viðhafa neinar málalengingar, fremur en ég er vanur í málum, sem ég tala um. En ég get ekki annað að síðustu en kvittað fyrir sendingu hv. þm. Hafnf. eða þau ummæli hans, að það gilti einu, þó að einu sinni kæmi maður með viti út í sveitirnar, og þakka fyrir þau bæði fyrir mína hönd og annara, sem úti á landsbyggðinni búa.

*__Frsm. (Emil Jónsson)__: Ég skal ekki fara um þetta mörgum orðum, en það voru sérstaklega síðustu orð hv. þm. Ak., sem gáfu mér tilefni til andsvara. Hann sagði, að ég hefði viðhaft þau ummæli, að einu gilti, þó einu sinni kæmi maður með viti út á landsbyggðina. Þetta hefi ég ekki sagt. Hitt hefi ég sagt, að það gilti einu, þó að þangað kæmu menn, sem kynnu iðnaðarstörf, eða eitthvað í þá átt, eða svo að ég noti samlikingu þessa hv. þm., sem var svo ágæt, að það sé sama um iðnaðarmenn og bindindismenn, að þeir eigi minni rétt á sér í sveitum; þar sé allt annað, sem gildi. (__GÍ__: Þetta er bara bull). Þá sneri hann út úr þeim ummælum mínum, er ég sagðist undrast, að hann, sem kæmi frá næststærsta iðnaðarbæ landsins, skyldi snúast svo við málefnum iðnaðarmanna, og vildi hann telja, að ég bæri kviðboga fyrir, hvernig fara mundi fyrir honum þar. Þetta er mesti misskilningur og rangsnúningur; ég óttast ekkert um velferð hans þar, því mér er alveg sama, hvernig þar fer fyrir honum, og gildir það einu. En mig furðar, að maður frá næststærsta iðnaðarbæ landsins skuli ekki kunna betri skil á fúskurum og fulllærðum iðnaðarmönnum en hann kann.

Þá skal ég víkja fáum orðum að hv. þm. Borgf. Hann taldi, að verðmunur gæti orðið allt of mikill á byggingum, sem iðnaðarmenn stæðu fyrir, og hinum, sem byggðar væru af mönnum á staðnum, að það gæti orðið til þess, að fátækari hluti bændanna biði þess ekki bætur og gæti ekki haldið út í byggingarstarfið.

Þetta er, eins og ég drap á í fyrri ræðu minni, byggt á misskilningi og röngum forsendum, því að þótt lærðir iðnaðarmenn taki hærra tímakaup en ófaglærðir, þá er það ekki það, sem dregur, heldur hver er heildarkostnaðurinn. Og það þori ég að fullyrða, að iðnaðarmenn geta í mörgum tilfellum unnið verkið fyrir lægri upphæð en hinir.

Mér leiddist, að þessi útbreiddi misskilningur skyldi koma fram bæði hjá hv. þm. Ak. og hv. þm. Borgf., því sannleikurinn er sá, að það getur verið og er í mörgum tilfellum hagkvæmara að fá iðnaðarmenn til byggingarstarfanna, þó að tímakaup þeirra sé eitthvað hærra, því heildarútkoman miðast ekki við tímakaupið eitt. — Hann sagði líka, að ég teldi engan kunnáttumann finnast í sveit. Þetta hefi ég alls ekki sagt, heldur er einmitt gert ráð fyrir því í till. okkar að gefa mönnum úti í sveitum landsins kost á að staðfesta kunnáttu sína.

Hv. þm. Borgf. fór þess á leit við iðnn., að hún athugaði nánar um að hækka kostnaðarhámark á þeim byggingum, sem ætlazt er til, að ófaglærðir menn megi vinna að. Ég skal upplýsa um, að sú upphæð, sem við í n. höfðum fyrst í huga, var 2 þús. kr., sem við nánari athugun var hækkað í 3 og 4 þús. kr. Ég get vel gengið inn á að athuga þetta betur, því upphæðin er ekkert aðalatriði, heldur að fara ekki hærra en forsvaranlegt er, enda viðurkenndi hv. þm., að við dýrar byggingar ættu faglærðir menn að vinna. Það, sem þessi hv. þm. sagði, að flatarmál skipti ekki svo miklu máli, þá er það ekki allskostar rétt, því að eftir því sem sambyggingar eru stærri, þá er meira um loft og þ. h., sem hv. þm. komst einmitt inn á, að væri vandameira. Þar sem um járnbenta steypu verður að ræða. Er t. d. vitað, að oft er fjós byggt áfast við hlöðu og haughús undir fjósinu, og má öllum vera ljóst, að það krefur meiri vandvirkni og kunnáttu, þegar járnbenda þarf slík gólf og jafnvel súlur undir o. s. frv. Þá skal ég og taka það fram, að þessi upphæð er miðuð við upplýsingar um, að þetta væri byggingarkostnaður 10 kúa fjóss, sem varla getur talizt smábygging, en ef það getur orðið til samkomulags að hnika eitthvað til, þá vil ég gjarnan taka þetta enn til athugunar, og er fús til að ræða það atriði, og geri ég ráð fyrir, að svo sé um aðra nm. Hitt tel ég afarvarhugavert að sleppa beizlinu alveg lausu og láta allt óbundið, og því er ég algerlega mótfallinn.—

*__Guðbrandur Ísberg__: Hv. þm. Hafnf. fór í einu atriði með vísvitandi blekkingar, og er þetta í annað sinn, sem ég verð að standa upp til að leiðrétta það sama. Ég hefi bent á, að í frv. þessu, sem hér er um að ræða, eru kröfur iðnaðarmanna, og við verðum að líta á það sem einhliða kröfur þeirra manna, og ég gat þess, að við það væri ekkert að athuga. Ég tók hliðstætt dæmi af bindindismönnum hér á landi, sem gerðu svo óbilgjarnar kröfur, að þeir glötuðu aðstöðu sinni og velvild, sem þeir nutu í sveitum landsins. Ég benti eingöngu á, að oft hefðu kom-

ið fram kröfur af hendi barnakennara, þar sem þeir hefðu skýlaust heimtað alla tilsögn smábarna, jafnvel að kenna þeim að stafa, í hendur lærðra kennara. Og ég benti á þetta sem hliðstætt dæmi um, að hér mundi eins fara, ef iðnaðarmenn færu of langt í kröfum sínum, þá yrði það þeim ekki til hagsbóta, heldur hins gagnstæða.

Það er vísvitandi blekking, þegar hv. þm. Hafnf. kemur hér með slúður um, að ég vilji gera mun á bindindisstarfseminni í kaupstöðum og í sveitum. Hann endurtók þetta. Ég áleit, að þetta væri af misgáningi sagt, er hann sagði það í fyrri ræðu sinni. En nú endurtekur hann það. Þetta er að vísu utan við efni þess máls, sem er til umr. En ég gat ekki látið hjá líða að minnast á þetta, til þess að leiðrétta þessa vitleysu.

Hv. þm. Hafnf. fór lofsamlegum orðum, og það að verðleikum, um iðnaðarmenn á Akureyri. Ég viðurkenni fúslega, að þar er dugandi iðnaðarmannastétt og margir dugandi iðnaðarmenn. En hv. þm. Hafnf. hefir komið þar, og hann mun hafa athugað sjálfur og heyrt getið um tvær eða þrjár húsbyggingar, sem byggðar voru af meisturum í iðninni, en hrundu þó saman eftir örfá ár fyrir fúsk þessara manna. Þó að við höfum marga ágæta iðnaðarmenn á Akureyri, þá höfum við einnig dæmi þess, að meistara í vissri iðn hefir mistekizt svona herfilega. Þar fyrir má ekki hv. þm. Hafnf. né aðrir taka orð mín svo, að ég vilji kasta rýrð á kunnáttumenn. Síður en svo. Ég viðurkenni, að að öðru jöfnu má vænta þess af þeim, að þeir leysi verk sín vel af hendi, og enda betur en ólærðir menn. En við hv. þm. Borgf. höfum bent á, að úti um sveitir er fjöldi manna, sem eru fagmenn í eina átt, en ekki fagmenn þannig, að þeir geti hér eftir sem hingað til innt af höndum byggingarstörf, ef ströngustu ákvæði þessa frv. verða lögfest, þó að þessum mönnum væri óhætt að fela þessi byggingarstörf. Ég vil benda hv. þm. á, að það er einatt svo í héruðunum í kringum Akureyri, að þaðan hefir verið mikið leitað aðstoðar faglærðra manna um húsbyggingar á þann hátt, að aðeins hefir verið leitað leiðbeininga þeirra, m. a. á þann hátt, að þeir hafa verið sóttir til þess að athuga efni og segja til um blöndun í steypu. Þessum mönnum hefir verið borgað fyrir þessar ferðir, en bóndinn í hverju tilfelli hefir hinsvegar ekki þurft að borga fagmanni allan tímann á meðan á byggingunni stóð. Þegar búið er að sýna mönnum, hvernig á að blanda tiltekna steypu, þá geta menn gert það, því að úti um sveitir landsins er fullt af þeim mönnum, sem vanir eru að vinna þá vinnu.

Ég vil endurtaka það, að það er alls ekki af andúð gegn iðnaðarmönnum — síður en svo — að ég beiti mér gegn því, að 2. brtt. n. verði samþ. eins og hún liggur fyrir. Það er miklu fremur af umhyggju fyrir iðnaðarmönnum, til þess að þeir vindi ekki snöru að sínum eigin hálsi með því að gera allt of frekar kröfur.

*__Pétur Ottesen:__ Það er aðeins örstutt. Hv. þm. Hafnf. dró það í efa, sem ég sagði um þann mun, sem væri á kostnaði við það að nota faglærða menn og hinsvegar að nota byggingarfróða menn, sem lært hafa aðeins eða mest af reynslu við að byggja hús í sveitum. Hann sagði, að það mætti ekki líta á kaupgreiðsluna á tímann, heldur bæri að líta á heildarkostnaðinn. Ég ætla nú, að ef miðað er við reynslu í þessu efni, þá verði ekki síður óbærilegur munur á heildarútkomunni heldur en á tímakaupinu, sem þessir menn taka hvorir fyrir sig. Þetta er náttúrlega mismunandi í ýmsum tilfellum, eftir því hver maðurinn er. En þegar litið er á heildarútkomuna í framkvæmdinni í sveitunum, a. m. k. þar sem ég þekki til, þá ætla ég, að það, sem ég sagði um þetta, fái fullkomlega staðizt.

Skal ég svo ekki fara frekar út í þetta, en hugsa hinsvegar gott til um samvinnu við hv. iðnn. um að færa nokkuð út það mark, sem sett er fyrir því, að ófaglærðir menn megi fást við þessi störf.

*__Frsm. (Emil Jónsson):__ Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls aftur. En hv. þm. Ak. rétti að mér það, sem ég get ekki látið kyrrt liggja. Hann sagði, að ég ekki einasta hefði farið með blekkingar, heldur vísvitandi blekkingar, tvisvar sinnum. Áður hefir þessi hv. þm. látið sér sæma að kalla mig flugumann iðnaðarmanna hér á þingi. Ætla ég, að hvorttveggja sé jafnrétt, bæði þessi síðari fullyrðing og hin fyrri, og honum einum sæmandi. Hann getur þá reynt að sanna sínar fullyrðingar. Hann sagði, að það væru vísvitandi blekkingar hjá mér, þegar ég sagði, að hann hefði gert samanburð á starfsemi bindindismanna og iðnaðarmanna. Hann gerði nú þennan samanburð. En ég sagði aftur á móti, að þessi samanburður hans væri álíka gáfulegur eins og ef hv. þm. héldi því fram, að bindindisstarfsemi ætti að einskorðast við kaupstaðina, eins og hann heldur því fram, að þessi l. um iðnaðinn ættu að gildi aðeins fyrir þá. — Að tala um, að ég hafi farið með vísvitandi blekkingar í sambandi við þetta mál, finnst mér ósæmilegt. Ég vil ekki bera hv. þm. Ak. það á brýn, að hann sé neinn flugumaður. En ég hefði kunnað betur við, að hann hefði fært orðum sínum frekari stað heldur en hann hefir gert í þessu efni.

*__Gísli Sveinsson:__ Herra forseti! Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í umr. um þetta mál að þessu sinni, enda þótt ég hafi veitt því eftirtekt, að þetta frv. er að nokkru leyti með því marki brennt, sem ég tel miður farið í löggjöf. Ég tel sem sé, að í þessu efni sé hér á landi — og reyndar í fleiri efnum svipuðum — ekki svo ástatt enn, að hægt sé að gera ráð fyrir, að sömu reglur geti gilt allsstaðar um margt þessu líkt, hvort sem er í kaupstöðum eða sveitum. Annarsstaðar í löndum, sumsstaðar fyrir fleiri árum, og má segja, að allsstaðar í þéttbyggðum löndum sé það svo, að sömu reglur gildi um margt í þessum efnum, hvar sem er í landinu. Þó veit maður dæmi um undantekningar frá þessu, þar sem aðrar reglur gilda um stórborgirnar heldur en um landsbyggðina, sem svarar til sveitarinnar hjá okkur.

Þetta frv. er steypt í því móti, sem mikið hefir borið á, og er að nokkru leyti vorkunn, þó að fram komi, þar sem stéttir eru að myndast í

þjóðfélaginu, því að vitanlega skarar hver eld að sinni köku. En menn mega bara vel gæta þess, að viðgangur eins þjóðfélags er ekki fyrst og mest undir því kominn að skipta því í stéttir sem mest. Og í okkar þjóðfélagi er enn svo háttað, að mikill hluti þess er annaðhvort utan við allar stéttir eða þá ein stór stétt fyrir sig. Þessi hópur manna er sveitafólkið. Það er á engan hátt tilhlýðilegt né í raun og veru hægt að taka sveitamenn þannig, eins og þeir eigi að beygja sig undir fámennar stéttir í bæjunum. Iðnaðarmannastéttin tilheyrir bæjunum svo sem eingöngu. Það er réttmætt og sjálfsagt að tryggja henni alla þá vinnu, sem þar til fellur, og sérstaklega þau af þeim verkum, sem undir hana heyra, sem eru að allra dómi svo vandasöm, að lærðir menn hljóta að gera þau betur en ólærðir. En upp til sveita er hér um allt öðru máli að gegna. Hús eru þar tiltölulega sjaldan byggð, sem eru viðlíka eins stór og mikilfeng eins og á sér stað í kaupstöðum. Og þó að það sé rétt, að vanda eigi til allra bygginga, þá er þarna mismunandi mál að bera saman, byggingar í kaupstöðum og í sveitum. Það er ekki nærri eins mikill vandi að gera hús í sveitum sæmilega viðunandi eins og í kaupstöðum.

Nú stendur í 3. gr. þessa frv., þar sem ætlazt er til, að 15. gr. l. frá 1927 orðist um og verði á þá leið, að það sé heimilt sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn, að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega standi á og brýn þörf sé á auknum vinnukrafti í iðninni. Hv. iðnn. hefir séð, að hér var allt of harkalega af stað farið í 2. og 3. gr. frv. og þess vegna borið fram brtt. við þessa gr. Þó að þessi ákvæði 2. gr. frv., sem litilfjörlegar undantekningar eru gerðar frá í 3. gr. þess, geti gilt í kaupstöðum og stærri kauptúnum, þá nær vitanlega ekki nokkurri átt, að menn megi ekki úti um sveitir landsins vinna að byggingum, nema þeir séu faglærðir. Hv. iðnn. hefir viljað breyta þessu þannig, að undantekningar megi veita frá þessu í sveitum og kauptúnum með 500 ibúum eða færri, þannig að þar megi óiðnlærðir menn vinna að minni háttar byggingariðnaðarstörfum við byggingar, sem að kostnaði ekki fara fram yfir visst hámark. Nú vil ég spyrja hv. iðnn. að því, hvort hún með sinni brtt. á við það, að að stærri byggingum en í brtt. er tiltekið megi ekki vinna neinir óiðnlærðir menn, t. d. þó að yfirmaður eða menn væru iðnlærðir, sem ábyrgðina bæru á verkinu. Eftir orðalagi frv. og brtt. er heimilt við stærri byggingar í sveit en þær, sem í brtt. er til tekið, að banna mönnum að vinna að þeim, sem ekki eru faglærðir. Ég vil fá svar við því, hvort þetta er virkilega meiningin. — Við þessa brtt. iðnn. hefir hv. þm. Ak. komið með aðra brtt., sem gerir það að verkum, að maður, að henni samþ., getur fyllilega sætt sig við, þó að frv. að öðru leyti næði samþ., þó að það gangi reyndar nokkuð mikið á rétt almennings til hagsbóta fyrir iðnaðarmannastéttina. Með þeirri brtt. væri þó sú réttarbót fengin til handa sveitum og smærri kauptúnum frá því, sem í frv. er gert ráð fyrir, að á þessum stöðum mætti nota starfskrafta þeirra mörgu góðu og gegnu manna, sem næga reynsluþekkingu hafa á þessum hlutum, enda þótt próflausir séu, til þess að geta innt vel af höndum byggingarstörf á þessum stöðum, en með miklu ódýrara hætti. Því að það ber mjög á sér blekkingarblæ — svo mikið vil ég segja — er hv. þm. Hafnf. er að tala um það, að þó að þessir aðfengnu menn úr kaupstöðum, faglærðu mennirnir, séu vitanlega miklu kaupdýrari á tímann, þá muni heildarkostnaður við byggingar, sem þeir vinna að, verða miklu minni en við hinar, sem ófaglærðir menn vinna að. Mér er nú raunar óskiljanlegt, hvaðan hann hefir þessa vizku, að svo sé í hverju einasta tilfelli. Þetta er alls ekki algild regla, síður en svo, því að í mörgum tilfellum er þetta einmitt öfugt, þó að hinsvegar megi vænta þess, að í sumum tilfellum verði verkið betur gert af faglærðum mönnum.

Ef ekki væri svo bundið og fyrirfram einskorðað við það í þessu máli, að frv. skuli keyra í gegn eftir fyrirlagi sósialista, þá vildi ég mælast til þess, að brtt. hv. þm. Ak. yrði samþ., því að hún mundi verða til að bæta talsvert úr.

Í sambandi við þetta mál hefi ég dálitið gaman af að minnast á atvik, sem kom fyrir fyrir nokkrum árum. Það var samþ. einu sinni hér á hæstv. Alþingi löggjöf um rafvirkja og rafmagnseftirlit og síðan samkvæmt þeim l. gefin út reglugerð um það efni, þar sem í voru ýms fáránleg ákvæði. Er það ekki sagt að neinu leyti í óvirðingarskyni við þá stétt, sem þessu fékk fram komið. En samkv. þeim ákvæðum máttu ekki nema faglærðir menn gera ýmsar smávægilegar viðgerðir á rafmagnsáhöldum, eins og t. d. að taka á loftneti við útvarpstæki. Þessi l. og reglur eru brotin á hverjum einasta degi um landið þvert og endilangt. Og nú kem ég að þessu atviki, sem ég ætla að færa fram um þá broslegu hlið þessa máls. Það bar til eitt sinn austur í Vík í Mýrdal, að loftnet bilaði kl. ellefu. Þar var nú enginn maður, sem eftir landsins l. og reglugerðum mátti gera við spottann. Viðkomandi símar þá sem snarast til Reykjavíkur á þá leið: „Já. Það bilaði nú loftnet hjá mér og það á að vera útvarpsmessa kl. 12, sem ég vildi mjög gjarnan fá að hlusta á. Gætuð þér gert svo vel að senda mann sem snöggvast til að færa þetta í lag?“ — Maðurinn, sem viðtækið átti, skrapp út og gerði við loftnetið í snatri. — Svona fáránlegar og vitlausar reglugerðir eru ekki til bóta. Og þessi löggjöf, sem hér er um að ræða, ber allt of mikinn svip af slíkri vitleysu.

*__Guðbrandur Ísberg:__ Ég hefði nú óskað að beina orðum minum til hv. þm. Hafnf., en hann sést nú ekki hér innan veggja. Ég þurfti að bera af mér sakir. (__Forseti:__ Hann heyrir. — __TT:__ Hann hlerar). Er ekki hægt að fá hann inn í d. á meðan? — Nú, jæja. Mér er þetta nóg, hann er kominn í dyrnar.

Hv. þm. Hafnf. sló því hér fram, að ég hefði einhverntíma kallað hann flugumann iðnaðarmanna hér á þingi. Ég vænti, að hv. þdm. hafi heyrt þetta líka. Ég get ekki skilið þetta á annan veg en þann, að ég hafi átt að bera það, að hann væri sendur hér inn á þing sem flugu-

maður af hendi iðnaðarmanna. (EmJ: Þetta er vísvitandi rangfærsla líka). Hv. þm. Hafnf. getur þá sagt, hvað hann meinti með ummælum sínum. Ég hefi aldrei sagt þetta, heldur sagði ég við umr. um landssmiðjuna hér á dögunum, þegar rætt var um að setja á stofn heilmikið ríkisverksmiðjubákn í samkeppni við iðnaðarmenn á vissu sviði, og hv. þm. Hafnf. barðist fyrir þessu, þá sagði ég, að ég harmaði það, að hann kæmi fram í því máli sem flugumaður í herbúðum iðnaðarmanna. Ég sagði ekki, að hann væri, heldur að hann kæmi fram eins og flugumaður í herbúðum iðnaðarmanna. En ég gat ekki skilið hans orð áðan þannig, að þau og mín orð gætu samrýmzt. En ef hv. þm. Hafnf. hefir meint eitthvað annað en ég hélt, eins og mér nú skilst á honum, þá er náttúrlega ekkert sérstakt við því að segja. En þetta þurfti í öllu falli að leiðréttast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 438,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 445 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TT, ÞorbÞ, EystJ, GP, GSv, GÍ, JJós, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, JörB.
nei: ÁÁ, BB, EmJ, FJ, HV, JakM, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SK, StJSt.
EE, GG greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (BJ, BÁ, HannJ, JÓl) fjarstaddir.
Brtt. 438,2, svo breytt, samþ. með 17:3 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 438,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 438,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 438,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 438,6 samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 438,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 438,8 (ný 17. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 468, 487).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 487. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:1 atkv.

***Frsm. (Emil Jónsson):** Ég skal ekki hafa hér um mörg orð. En þegar frv. var hér til 2. umr., voru samþ. við það nokkrar brtt., en eftir urðu ákvæði, sem ástæðulaust er að hafa í frv. eftir þær breyt. Er því lagt til í brtt. á þskj. 487, að síðasta málsgr. 4. gr. falli niður, þar sem próflausir menn mega vinna áfram í sveitunum próflaust. Hitt atriðið, sem brtt. fjallar um, er að aðeins þau kauptún, sem hafa 300 íbúa eða færri, megi hafa óiðnlærða menn við byggingariðnaðarstörf, en þetta var bundið við 500 íbúa.

***Guðbrandur Ísberg:** Hv. þm. Hafnf. vildi leggja aðaláherzlu á 2. brtt. við 4. gr., um að síðasta málsgr. falli niður, enda er hún sjálfsögð. En frá mínu sjónarmiði er aðalbreyt. við 3. gr., um að færa úr 500 niður í 300 íbúatölu þeirra kauptúna, sem skilyrðislaust þurfa að hafa faglærða menn við allar byggingar. Sjálfur stakk hann upp á 500 og þótti það hæfilegt þá, og gerði það með tilliti til þess, að sveitirnar og kauptún með undir 500 íbúa þyrftu ekki að nota fagmenn við byggingar, sem ekki færu yfir 3000 kr. Ég er algerlega á móti brtt. um þessa lækkun nú og vænti, að hv. þm. leyfi sveitunum og kauptúnum með allt að 500 íbúum að halda undanþágu frá að sækja smiði til Reykjavíkur, þó að reistur sé hænsnakofi.

ATKVGR.
Brtt. 487,1 samþ. með 13:8 atkv.
— 487,2 samþ. með 17:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 501).
Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 501, n. 585).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

***Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Svo sem um er getið í nál. og hv. þdm. mun vera kunnugt, þá hefir iðnn. ekki haft langan tíma til að athuga þetta mál. Tveir nm. komu þó á fund til að yfirlíta frv., en einn þeirra gat ekki mætt á fundinum. Aðalbreyt., sem þetta frv. gerir á gildandi lögum um þetta efni, eru þær, að þau ákvæði, sem nú eru í lögum og gilda fyrir kaupstaði, er ætlazt til, að gildi einnig eftirleiðis fyrir þorp, sem hafa 300 íbúa og þar yfir. Ennfremur fellur niður það undantekningarákvæði 1., sem í gildi hefir verið síðan 1927. Meiri hl. n. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.; að öðru leyti vísast til grg. frv. um ástæður fyrir því. Eins og ég áður gat um, þá var 1 nm. ekki á fundi, þegar n. afgr. frv., og hefir hann því óbundið atkv. um það.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að hv. dm. geti orðið ásáttir um að láta það ná fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 5:8 atkv.

Á 71. fundi í Ed., 9. mai, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 630).

Önnur mál.

I. Afgreiðsla þingmála.

Á 55. fundi í Nd., 24. apríl, utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Ég hefi ekki veitt því eftirtekt, að meðal þeirra mála, sem á dagskrá hafa verið undanfarið, hafi verið frv. til l. um fiskimálanefnd. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hverju það sæti, að þetta mál er svo mikið olnbogabarn, þar sem hann hefir lýst yfir því, að hann vilji ekki, að sýnd sé hlutdrægni um afgreiðslu mála.

Hannes Jónsson: Ég er meðflm. að frv. (um loðdýrarækt), sem ég hafði búizt við, að yrði tekið á dagskrá á morgun. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái um, að þetta mál komi a. m. k. einu sinni á dagskrá, svo að það geti komizt til n. Það verða varla svo miklar umr. um þetta mál, að það tefji mikið störf þingsins.

Forseti (JörB): Að því er fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. snertir, vil ég taka það fram, að það hefir dregizt miklu lengur en ég ætlaðist til, að þetta mál yrði tekið á dagskrá; ætlun mín var, að málið yrði tekið fyrir á miðvikudaginn, svo að málið gæti þá fengið afgreiðslu, en af því varð nú samt ekki í það skiptið. Ég býst við, að um þetta mál verði miklar umr., svo að það er tilgangslaust að hafa það á dagskrá með mörgum öðrum málum, en ég mun við fyrsta tækifæri taka málið fyrir og ætla því góðan tíma. Ástæðan fyrir því, að ég tek þetta mál ekki á dagskrá á morgun, er sú, að ég veit, að hv. þm. er lítið um það gefið að hafa langa fundi á laugardögum.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. vil ég taka það fram, að það var fyrir vangá mína, að þessu máli var ekki bætt á dagskrána. Það hefir verið nokkrum sinnum á dagskrá, þó að ekki hafi unnizt tími til þess að taka það fyrir, og þó að búið sé að tilkynna dagskrána að vísu, en þar sem ekki er búið að slíta fundi, vil ég verða við ósk hv. þm. og taka málið á dagskrá á morgun í þeirri von, að heppnast megi að koma því umræðulítið til n.

Á 20. fundi í Sþ., 8. maí, utan dagskrár, mælti

Thor Thors: Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann haldi fund í Sþ. í kvöld. Margt af málum, sem liggur fyrir, er til 1. umr., og það er auðsætt, að þeim málum verður ekki lokið, nema fundur verði haldinn í kvöld. Svo er t. d. um þáltill. um undirbúning löggjafar um vinnudeilur, sem framsóknarmenn flytja. Eigi hún að ná samþykki og sé þeim alvara með hana, verður hún að ræðast á fundi í kvöld.

Forseti (JBald): Ég get fallizt á það, að nauðsyn beri til að hraða þingstörfum sem mest. En kl. 5 verða deildafundir, og eru þar mörg mál og stór á dagskrá. Ég mun þó, ef tími leyfir, boða til fundar í Sþ. á eftir og láta hv. þm. vita af því í tæka tíð.

Á 22. fundi í Sþ., 9. maí, utan dagskrár, mælti

Thor Thors: Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann ætli sér að leggjast á 5. málið á dagskránni (till. um mþn. til undirbúnings löggjafar um vinnudeilur), sem þarf tvær umr., eða hvort hv. þm. eiga að fá að láta í ljós álit sitt á því. Það er búið að liggja mánuðum saman fyrir þinginu. Ég vil líka minna á, að hæstv. forsrh. tók vel í það, að málið fengi framgang á þinginu.

Forseti (JBald): Hv. þm. er vel kunnugt um, hvernig það hefir verið þessa síðustu viku þingsins, að mjög mikið hefir verið að gera, og sérstaklega þennan síðasta dag þingsins. Hv. þm. er líka vel kunnugt um það, að það er talsverður ágreiningur um þetta mál, en ég hefi þennan síðasta dag viljað sneiða hjá að taka þau mál, sem óvíst er um, hvernig fara, en deilur hljóta að verða um.

***Jakob Möller:** Það er utan dagskrár, en það er annað mál, sem ég ætla að gera að umtalsefni.

Við atkvgr. um fjárl. í gær beindi ég þeirri aths. til hæstv. forseta, að hann mundi hafa ólöglega úrskurðað till. samþ., sem borin var undir atkv., en till. var um heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja fé til útgáfu sálmabókar, en till. þessi var samþ. með atkv. minni hl. viðstaddra þm., og ég taldi, að samkv. þingsköp-

um væri sú till. ekki löglega samþ. Þessu til stuðnings vil ég vekja athygli hæstv. forseta á 44. gr. þingskapanna, 2. málsgr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Engin ályktun er lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.“

Nú er það svo, að ákvæði alveg sama efnis hefir með breyt. þeirri, sem gerð var á þingsköpunum á þessu þingi, verið fellt niður úr 47. gr., en það er síðari málsl. þeirrar greinar, og hljóðar hann svo, með leyfi hæstv. forseta: „En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita.“

Þetta sýnir, að það hefir vakað fyrir hæstv. forseta Nd., sem gerði úr garði frv. um þingsköpin, að slíkt ákvæði yrði fellt niður úr þingsköpunum, en það er ekki gert með öllu, því ákvæði 44. gr. stendur enn óbreytt, en það er líka nægilegt til þess að slík afgreiðsla máls, sem fór fram í gær, er ólögleg, og sú till., sem þar um ræðir, hefir þannig ekki verið löglega samþ. í þinginu.

Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. forseta og hv. þm. á þessu, því þó að það sé að vísu svo, að þingsköp og stjórnarskrá séu í litlum metum, þá tel ég ekki gersamlega vonlaust, að einhver vilji sé fyrir því að fylgja skýrum lagastaf, sem ekki verður um deilt, hvað á að merkja. En að öðrum kosti er þá náttúrlega sjálfsagt, fremur en að brjóta lög, að gera á þingsköpunum fullnægjandi breyt. til þess að hægt sé að fylgja lögunum.

*__Forseti (JBald)__: Ég hélt nú, að þetta sálmabókarmál væri úr sögunni, því ég hafði látið í ljós skilning minn á því, þegar hv. 3. þm. Reykv. vakti máls á þessu. Till. var löglega samþ. samkv. þingsköpunum, og það var viðhaft nafnakall, og þeir, sem ekki greiddu atkv., voru taldir hafa tekið þátt í atkvgr. Þetta viki öðruvísi við fyrir hv. 3. þm. Reykv., ef greidd hefðu verið atkv. með handauppréttingum og ekki hefði verið hægt að sanna, hverjir voru viðstaddir á fundinum. En nú er hægt að gera það eftir nafnakallinu.

*__Jakob Möller__: Hæstv. forseti ruglar saman lögunum og sinni skoðun, því þó að úrskurðir forseta séu mikils virði, þá gilda þeir ekki, ef þeir eru í ósamræmi við lögin. Úrskurður hæstv. forseta í þessu tilfelli var tvímælalaust rangur. Það er ljóst, að skilyrði þessarar málsgr. 44. gr. er ekki fullnægt, því það var ekki meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna, sem greiddi atkv. með till. Það var minni hluti atkvæðisbærra fundarmanna, svo að till. hefir ekki fengið nægilegt atkvæðamagn.

Hæstv. forseti ruglar því saman ef til vill, að eftir núgildandi þingsköpum er tekið svo til orða, að þeir, sem ekki greiða atkv. við nafnakall, skuli taldir hafa tekið þátt í atkvgr., en þar með er auðvitað ekki sagt, að þeir skuli teljast til meiri hlutans.

Það er líka ljóst, eins og ég benti á, að með því að fella niður síðari málsl. 47. gr. þingskapanna, sem er alveg shlj. að efni til, þá hefir höfundi þeirra lagabreyt., sem gerðar voru á þessu þingi, verið það ljóst, hvað í þessu fólst. En ef hinsvegar á að leggja þá meiningu í úrskurð hæstv. forseta, að hann muni hafa talið þá, sem ekki greiddu atkv., óatkvæðisbæra, þá er það líka rangt, því um það hefir ekkert komið fram. Til þess að úrskurða það þurfti hæstv. forseti að krefja þessa þm. skýringa á því, hvers vegna þeir greiddu ekki atkv., og skera úr um það, hvort þeir hefðu lögmætar ástæður eða ekki. En það gerði hann ekki. Það er þess vegna ekki upplýst annað en að þeir hafi verið atkvæðisbærir, en ekki notað atkvæðisrétt sinn, og því er það tvímælalaust rétt, sem ég sagði, að þessi samþykkt er ólögleg.

*__Jörundur Brynjólfsson__: Ég held, að hv. 3. þm. Reykv. leggi fullmikið upp úr því orðalagi, sem er á 44. gr. þingskapanna, og honum skjótist yfir það, að sá þm., sem hefir neitað þátttöku í atkvgr., þegar nafnakall er viðhaft, hefir um leið afsalað sér hlutdeild í atkvgr. um málið. Það má að vísu, eins og hv. 3. þm. Reykv. minntist á, segja, að forseti ætti ef til vill að krefja þm. sagna, þegar hann neitar að greiða atkv., til þess að heyra ástæðurnar fyrir því. En ósjaldan hefir það borið við undir slíkum kringumstæðum, að þm. neitar að færa ástæður fram fyrir því, að hann greiðir ekki atkv. Þá á forseti ekki annars úrkost undir slíkum kringumstæðum en að láta meiri hl. af þeim atkv., sem koma fram, hvort sem þau eru með eða móti málinu, ráða úrslitum og telja afdrif málsins fara eftir því. Og samkv. ákvæðum þeim, sem nú koma inn í okkar þingsköp, þá gefst forseta enn fyllri réttur heldur en áður, einmitt til þess að álykta eins og hæstv. forseti Sþ. hefir gert í þessu efni. Það er einmitt af því að þm. færast undan að gera grein fyrir því, af hvaða ástæðum þeir neita að greiða atkv., að það hefir verið svo í seinni tíð, að forsetar hafa ekki krafið þm. sagna um það, hvers vegna þeir neituðu að greiða atkv.

Ég tel þess vegna, að hæstv. forseti Sþ. hafi farið hér fullkomlega löglega að, eftir því sem málavextir voru til, og að sú samþykkt, sem hann lýsti, og afgreiðslan á þessari till. hafi verið fullkomlega lögmæt.

*__Jakob Möller__: Ég ætla nú ekki að tefja fyrir því, að þingið geti lokið störfum í dag. En ég vil þó vekja athygli á því, að ég hafði rétt fyrir mér síðast. Ég gerði mér vonir um, að hæstv. forseti vildi beygja sig fyrir skýrum lagaákvæðum í þessu efni, en hann vill það ekki. Hans málstaður batnar ekkert við það, þó hann fái hæstv. forseta Nd. til þess að taka í sama strenginn. Það er jafnólöglegt fyrir því. Það er skylda forseta að krefja þm. sagna um það, hvers vegna þeir greiði ekki atkv., og þó að þetta hafi ekki verið uppfyllt undanfarið, þá er það þeim ekki til málsbóta. En þegar atkvgr. fer eins og í þessu tilfelli, þá á forseti að endurtaka atkvgr. og krefjast réttar af þeim þm., sem ekki hafa greitt atkv., til þess að úrskurða um það, hvort þeir eru atkvæðisbærir eða ekki,

Ég skal svo láta rökræður um þetta falla niður. Ég geri ráð fyrir, að öllum, og eins báðum þessum hæstv. forsetum, sé það ljóst, að það er rétt, sem ég hefi haldið fram.

Jón Pálmason: Ég er flm. að tveimur till., sem eru á dagskránni, 4. og 12. málinu (till. um skylduvinnu og till. um afgreiðslu ábyrgðarstyrks kreppulánasjóðs). — 4. málið er búið að draga mjög lengi, og það sjálfsagt af ásettu ráði, en það þarf tvær umr., svo því verður tæplega lokið. Hinsvegar vil ég leyfa mér að skora á hæstv. forseta að taka 12. málið fyrir, því það stendur þannig á, að þar er um stórt fjárhagsmál að ræða, og tel ég, að þinginu megi ekki slíta svo, að það fái ekki afgreiðslu. Ég vona þess vegna, að þessi till. verði tekin fyrir og greidd um hana atkv.

Finnur Jónsson: Sjútvn. á till. á dagskránni um rekstrarlán síldarútvegsins, sem ég vil mælast til við hæstv. forseta, að hann taki fyrir. Hún er ágreiningslaus, svo ég býst ekki við, að hún taki langan tíma.

Eiríkur Einarsson: Það eru fleiri, sem eiga till. á dagskránni og þurfa að bera fram svipaðar óskir, og undir þetta vildi ég taka mína till., sem er 10. málið á dagskránni (till. um íhlutun sveitarstjórna við stofnun nýbýla og samvinnubyggða). Ég vildi spyrja hæstv. forseta að því, hver fyrirætlun hans er með dagskrána og hvort eigi að slíta fundi kl. 3 eða hvort það muni verða eftirmiðdagsfundur til þess að ræða dagskrána áfram.

Páll Þorbjörnsson: Úr því að farið er að ræða einstaka liði dagskrárinnar, þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann hafi ekki hugsað sér að taka 7. lið dagskrárinnar fyrir (till. um undirbúning byggingar stýrimanna- og vélstjóraskóla).

Forseti (JBald): Það verður að fara eins og auðið er með allt þetta, sem hv. þm. hafa verið að minnast á. Ég mun gera það, sem hægt er, til þess að taka þessi mál fyrir, en ég hefi lofað að láta fara fram atkvgr. í mikilsvarðandi málum.

Jörundur Brynjólfsson: Ég óska eftir því, að 5. dagskrármálið sé tekið fyrir, ef unnt er að koma því við.

II. Hlutleysi útvarpsins.

Á 16. fundi í Sþ., 2. maí, utan dagskrár, mælti

***Ólafur Thors:** Herra forseti! Ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að hreyfa því hér á Alþingi, að ég tel í gær hafa farið fram misbrúkun á hlutleysi útvarpsins í sambandi við 1.-maí-hátíðahöld Alþýðuflokksins. Ræður þeirra Jónasar Guðmundssonar og Haralds Guðmundssonar hefðu vel fallið í rammann, ef um hefði verið að ræða útvarpsumræður milli stjórnmálaflokka. Ég tel þetta brot á hlutleysi útvarpsins og atriði, sem mjög fer illa á. Ég tel þetta að vísu ekkert svipað hneyksli og símanjósnirnar, en samt er þetta mjög fjarri því að vera afsakanlegt. Af þessu leiðir, að hver stjórnmálaflokkur í landinu gæti krafizt þess að fá útvarpið til sinnar þjónustu eitt kvöld á ári. Er furðulegt, að Alþfl. skuli taka sér þetta bessaleyfi án þess að nokkrir samningar fari fram við aðra aðilja. Ég viðurkenni, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem Alþfl. hefir notað útvarpið sér til framdráttar, en hann hefir þó aldrei misbeitt því eins og í gær, og á ég þar þó eingöngu við ræðu Jónasar Guðmundssonar, sem var með hörðustu ádeiluræðum, sem þessi annars hógværi og sanngjarni þm. hefir flutt. Ég leyfi mér að mótmæla þessu.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil leyfa mér að leiðrétta það, sem hv. þm. G.-K. sagði. Hann hélt því fram, að Alþfl. hefði fengið útvarpið til afnota. Það er ekki rétt. Það var Alþýðusambandið eða verkalýðsfélögin, sem höfðu afnot af útvarpinu þennan dag.

Þá get ég tekið það fram, að ég hlustaði á mestan hlutann af ræðu Jónasar Guðmundssonar, og get ég ekki fallizt á, að hún hafi verið hneykslanleg. Það er vitanlega rétt, að málin voru þar flutt frá ákveðnu sjónarmiði, en það mátti útvarpsráðið líka vita, þar sem verklýðsfélögin fluttu.

***Jónas Guðmundsson:** Mig furðar á þessari framkomu hv. þm. G.-K. út af saklausu erindi, sem ég flutti í útvarpið. Ég vil spyrja hv. þm., hvað það hafi verið í ræðunni, sem hneykslaði hann. Ég man ekki til, að ég hafi t. d. nefnt Sjálfstfl. á nafn. Annars getur hann fengið ræðuna hjá mér, því að ég hafði hvert orð skrifað. Ég sagði ekki annað en það, sem á blöðunum stendur. Ég skal láta honum ræðuna í té, til birtingar, yfirlestrar eða gagnrýni, ef hann óskar þess.

***Ólafur Thors:** Ég vek athygli á því, að það hefir verið nokkurnveginn föst venja alþflþm. að gera ekki verulegan greinarmun á Alþýðuflokknum og Alþýðusambandinu. Nú vill hæstv. atvmrh. halda því fram, að þetta sé tvennt mjög ólíkt, líklega í því skyni að geta meinað öðrum þingflokkum samskonar afnot af útvarpinu. Hv. 6. landsk. hefir boðið mér að afhenda mér ræðu sína, og þigg ég það. Dettur mér ekki í hug að væna hann um, að hann muni breyta þar einu orði. Ef hann hefir ekki sagt annað en það, sem í handritinu stendur, þá hlýtur það að koma í ljós, að hann minntist á Sjálfstfl. Hann sagði, að Sjálfstfl. vildi rífa niður allt hið gagnlega, sem rauðu flokkarnir hefðu gert. (**HV:** Kallaði hann þá rauðu flokkana?). Nei, það gerði hann að vísu ekki, en þó að mér finnist yfirleitt ræður hv. 6. landsk. rökréttari og vitibornari en ræður hv. 2. þm. Reykv., þá er ég ekki svo gáfaður, að ég læri þær utan að.

Ég mótmæli þessu, sem þarna hefir farið fram, og tel, að eftir þetta geti aðrir flokkar í landinu

krafizt þess að fá að gera hið sama, því að það verður að teljast óverjandi að taka útvarpið í þjónustu eins stjórnmálaflokks.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Það er ekki rétt hjá hv. þm. G.-K., að ég haldi því fram, að Alþýðuflokkurinn og Alþýðusambandið sé tvennt ólíkt. Hitt er rétt, að það voru félögin í Alþýðusambandinu, sem sáu um hátíðahöldin 1. maí. Ég vil því ekki fallast á, að með þessu sé skapað fordæmi fyrir því, að pólitískir flokkar geti fengið umráð yfir útvarpinu kvöld og kvöld. Því fer fjarri. Hinsvegar hefi ég orðið var við það, að útvarpið hefir stundum verið notað öðruvísi en ég hefði kosið, og á ég þar við umr. háskólastúdenta nú fyrir skömmu.

*Ólafur Thors: Ég tel það ekki mitt hlutverk að svara fyrir útvarpið. Ég tel ekki óliklegt, að fram fari margskonar misnotkun á því, þar sem Jónas Þorbergsson og Sigfús Sigurhjartarson eru þar æðstu menn. Get ég því fallizt á, að þetta sé ekki eina hlutleysisbrotið, sem það hefir á samvizkunni. En hinu er ég ekki sammála, að þetta skapi ekki fordæmi. Þetta skapar einmitt alveg tvímælalaust fordæmi. Símanotendur og útvarpsnotendur munu ekki sætta sig við, að í símann sé hlerað og að útvarpið sé notað í þjónustu ákveðins stjórnmálaflokks.

III. Mannaskipti í nefndum.

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., skýrði forseti frá, að Sjálfstfl. hefði tilkynnt, að hann óskaði að hafa mannaskipti í fjárhagsnefnd, þannig að þm. V.-Sk. (GSv) tæki sæti í nefndinni í stað þm. Ak. (GÍ).

Voru þau mannaskipti samþ. án atkvgr.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, mælti

forseti (JörB): Af hálfu Framsfl. hefir þess verið óskað, að mannaskipti færu fram í allshn., þannig að í stað þm. Barð. (BJ) komi 1. þm. Árn. (JörB). Skoða ég þau mannaskipti samþ. án atkvgr., fyrst enginn mælir því í gegn.

IV. Minning Ingólfs Bjarnarsonar.

Á 12. fundi í Sþ., 8. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JBald): Áður en tekið verður til fundarstarfa vil ég minnast nokkrum orðum merkismanns og fyrrverandi alþingismanns, Ingólfs Bjarnarsonar í Fjósatungu, sem andaðist í nótt í landsspítalanum eftir holskurð, sem á honum var gerður fyrir nokkrum dögum.

Ingólfur Bjarnarson var fæddur 6. nóv. 1874 að Haga í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu, en foreldrar hans voru báðir þingeyskir, Björn bóndi Guðmundsson frá Fagranesi í Aðaldal og kona hans, Ingibjörg Jónsdóttir, bónda á Fornastöðum í Fnjóskadal Jónssonar. Hann stundaði nám í Möðruvallaskóla og útskrifaðist þaðan 1892, stundaði síðan kennslu, verzlunarstörf og ýmsa aðra vinnu á árunum 1892—1901. Um 5 ára skeið, 1901—1906, var hann bæjarfógetaskrifari á Akureyri og oft settur bæjarfógeti á eigin ábyrgð í fjarveru þess embættismanns. Árið 1905 reisti hann bú í Fjósatungu í Fnjóskadal og bjó þar til dauðadags.

Á Ingólf Bjarnarson hlóðust snemma hin mestu trúnaðarstörf í héraði, enda báru menn til hans óvenjulegt traust. Hann var hreppstjóri frá 1907 til dauðadags, hreppsnefndarmaður 1906—1923, sýslunefndarmaður 1909—1923, safnaðarfulltrúi frá 1908 og formaður og framkvæmdarstjóri kaupfélags Svalbarðseyrar frá 1906.

Hann var einn af frumkvöðlum og forustumönnum samvinnuhreyfingarinnar hér á landi og var í stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga frá stofnun þess 1917 til dauðadags, en formaður sambandsins frá 1925. Suður-Þingeyingar kusu hann á þing 1922, og sat hann samfleytt á Alþingi til 1933, en gaf ekki kost á sér til þingmennsku við kosningarnar árið eftir.

Þótt hann léti ekki mjög á sér bera á opinberum þingfundum, starfaði hann ótrauðlega að þingmálum og þótti jafnan tillögugóður, átti lengst af sæti í fjárveitinganefnd og var formaður hennar síðari árin og framsögumaður um skeið. Hann var höfðingi og prúðmenni í allri framgöngu, enda naut hann vinsælda og virðingar í öllum flokkum, þótt hann væri hinn eindregnasti flokksmaður.

Með Ingólfi Bjarnarsyni er í valinn hniginn á góðum aldri einn af drengilegustu og beztu samvinnumönnum landsins. Ég vil biðja háttv. alþingismenn að votta minningu hans virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

Allir þm. stóðu upp.

V. Alþingissjóður.

Á 15. fundi í Sþ., 30. apríl, áður gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JBald): Hinn 22. apríl síðastliðinn tókum vér forsetar Alþingis við úr vörzlum Bjarnar Bjarnarsonar hreppstjóra í Grafarholti, til varðveizlu og umsjónar, sjóði þeim, er hann hefir gengizt fyrir að koma á stofn til minningar um þúsund ára afmæli Alþingis 1930 og nefnist Alþingissjóður. Nemur sjóðurinn nú 2397,99 kr. auk vaxta 1935 af 2242,99 kr. Þá tókum vér einnig við skrá á 3 blöðum um stofnendur sjóðsins og tillög þeirra, svo og skipulagsskrá sjóðsins, og er hún á þessa leið:

1.

Til minningar um 1000 ára afmæli Alþingis er stofnað til sjóðs, er nefnist „Alþingissjóður“.

2.

Stofnendur sjóðsins eru þeir, sem fé leggja til hans árin 1929—1930.

Styrkjendur sjóðsins eru þeir, sem síðar efla hann með tillögum eða gjöfum.

3.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 1000000 — milljón — krónur, en eftir að hann hefir náð þeirri upphæð má Alþingi verja hálfum vöxtunum árlega til styrktar eða framkvæmdar stofnun eða fyrirtæki, sem þingið álítur þess verðugt. Annan helming vaxtanna ber ávallt að leggja við höfuðstólinn.

Vér forsetar tökum fúslega við Alþingissjóðnum og vitum, að þingheimur tekur einhuga undir þakkir vorar til Bjarnar Bjarnarsonar í Grafarholti fyrir áhuga hans og athafnir í þessu máli.

VI. 500 ára afmæli sænska ríkisþingsins.

Á 8. fundi í Sþ., 30. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JBald): Háttvirtum þingmönnum er hér með tilkynnt, að í skrifstofu Alþingis verður til sýnis næstu daga:

1. Frumrit á pappír með öllum litum af ávarpi því, er Alþingi sendi á bókfelli til sænska ríkisþingsins á 500 ára afmæli þess á síðastliðnu vori, skrautritað af Tryggva Magnússyni málara.
2. Nokkrar ljósmyndir af ávarpinu.
3. *Ljósmynd af Þingvallamynd Ásgríms Jónssonar*, sem send var ríkisþingi Svía að gjöf frá Alþingi við sama tækifæri, í umgerð Ríkarðs Jónssonar.
4. Gullpeningur sá, er sænska ríkisþingið sendi Alþingi í tilefni af afmælinu. Peningurinn er úr sænsku gulli frá Boliden.

VII. Kosningar.

1. Landsbankanefnd.

Á 5. fundi í Sþ., 16. marz, var tekin til meðferðar

kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd, allra til 6 ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar, og voru á þeim samtals nöfn jafnmargra aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. þeir menn, sem á listunum voru tilnefndir, en þeir voru þessir:

Aðalmenn:
Páll Hermannsson alþm. (af A-lista),
Jakob Möller alþm. (af B-lista),
Sigurjón Á. Ólafsson alþm. (af A-lista),
Sigurður Kristjánsson alþm. (af B-lista),
Finnur Jónsson alþm. (af A-lista).

Varamenn:
Hannes Jónsson dýralæknir (af A-lista),
Garðar Þorsteinsson alþm. (af B-lista),
Sigurður Ólafsson gjaldkeri (af A-lista),
Thor Thors alþm. (af B-lista),
Emil Jónsson alþm. (af A-lista).

2. Þingfararkaupsnefnd.

Á 17. fundi í Sþ., 5. maí, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram kom einn listi með nöfnunum: IngP, JG, PZ, PO, JakM. Þar sem nöfnin voru jafnmörg og kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í þingfararkaupsnefnd

Ingvar Pálmason,
Jónas Guðmundsson,
Páll Zóphóníasson,
Pétur Ottesen,
Jakob Möller.

3. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á 21. og 22. fundi í Sþ., 9. maí, var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1935, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 38. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust þrír listar, A, B og C, með samtals nöfnum þriggja manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Páll Þorbjörnsson alþm. (af A-lista),
Hannes Jónsson dýralæknir (af B-lista),
Magnús Jónsson alþm. (af C-lista).

4. Endurskoðendur síldarverksmiðja ríkisins.

Á 21. og 22. fundi í Sþ., 9. maí, var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda síldarverksmiðja ríkisins til eins árs, frá 1. jan. 1936 til 31. des. s. á., samkv. 4. gr. l. nr. 14 9. jan. 1935, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, A og B, með sinu nafninu hvor. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Einar Árnason alþm. (af A-lista),
Hannes Jónsson alþm. (af B-lista),

5. Utanríkismálanefnd.

Á 4. fundi í Sþ., 10. marz, utan dagskrár, mælti

Hannes Jónsson: Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvað líði meðferð hv. stjórnarfl. á þeim tilmælum mínum, sem ég bar fram snemma á þinginu, að bæta tveimur mönnum í utanríkismálanefnd. Flokkarnir óskuðu þá eftir að fá tíma til að hugsa um þessa vandasömu ákvörðun. Mér skilst nú, að sá tími hljóti að vera liðinn, sem þurft hefir til þess að ákveða það, hvort þessi ósk Bændafl. yrði tekin til greina. — Ég óska eftir svari frá hæstv. forseta um það, hvað gert hefir verið í þessu vandamáli. Ég trúi því ekki, að margar vikur þurfi að líða áður en hægt er að gefa svar við þessum tilmælum Bændafl.

Forseti (BÁ): Það mun hafa verið hæstv. aðalforseti, sem hafði þetta mál til meðferðar, en hann tjáði mér, að hann gæti ekki mætt á þessum fundi og bað mig að vera hér fyrir sig. En hann bað mig engu að skila um þetta mál, og mér er ókunnugt um, hvað því líður.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Það hefir því miður ekki ennþá verið tekin nein ákvörðun um það frá mínum flokki, hvort við getum fallizt á þessi tilmæli, en það mun verða gert fljótlega.

Hannes Jónsson: Mér þykir það miður, að hæstv. utanrmrh. skuli ekki hafa séð sér það fært í sínum flokki að taka ákvörðun um þetta. En úr því það hefir nú dregizt úr hömlum, þá verður ekki við því gert, en þá er komið mál til að bæta fyrir það og beita sér fyrir, að þessi ákvörðun verði tekin sem fyrst. Ef hæstv. ráðh. finnst hann þurfa einhverra upplýsinga um þetta mál og ég get veitt þær, þá er ég fús til þess. Eins vænti ég þess, að hv. Framsfl. komist sem fyrst að niðurstöðu um það, hvaða afstöðu hann tekur til þessara tilmæla Bændafl. Mér finnst það nokkuð einkennilegt, hve langan tíma það kostar að taka ákvörðun um þessi tilmæli. Áður hafa verið bornar fram samskonar óskir, og hefir það ekki þurft langrar umhugsunar við, heldur hafa þær verið uppfylltar með ljúfu geði.

Magnús Torfason: Ég stend aðeins upp til þess að lýsa því yfir, að mér kemur alveg á óvart þessi mikli áhugi Bændafl. fyrir því að taka þátt í utanríkismálum og fá mann í utanrmn. Mér kemur þetta því fremur á óvart, þar eð ég mun vera bezt kunnugur því, hve mikil áherzla var lögð á það af Bændafl. hálfu að koma mér út úr þeirri nefnd á sínum tíma.

Hannes Jónsson: Það mun engum þykja undarlegt, þótt hv. 2. landsk. sé ókunnugt um það, sem fram fer í Bændafl., og um hans áhugamál, vegna þess að hv. 2. landsk. telst ekki til þess flokks og ekki heldur til nokkurs annars flokks, þótt honum hafi nú á síðustu tímum verið á misjafnan hátt hnýtt aftan í hv. stjórnarflokka.

Þótt við bændaflokksmenn höfum í eitt skipti beitt okkur á móti því að skipa sæti í utanrmn., þá er það ekki vegna þess, að við viljum ekki taka þátt í störfum hennar, heldur voru það mótmæli gegn því einræðisvaldi, sem við vorum beittir, er við fengum ekki skipaðan mann í lögjöfnunarnefnd. Þessi ástæða er nú ekki fyrir hendi, og það er ósk okkar að fá mann í nefndina.

Á 6. fundi í Sþ., 18. marz, utan dagskrár, mælti

Hannes Jónsson: Ég leitaði hér véfréttar um daginn á fundi í Sþ. viðkomandi tilmælum mínum um að auka við mönnum í utanríkismálanefnd. Varaforseti Sþ. sat þá í forsetastól, og kvaðst hann ekki kunna að segja neitt frá þeim ákvörðunum, sem stjórnarflokkarnir hefðu tekið í því máli. Nú spyr ég enn hins sama, því mér virðist vera kominn tími til þess fyrir hæstv. forseta að vera búinn að leita sér upplýsinga hjá stjórnarflokkunum um það, hvaða afstöðu þeir ætla að taka gagnvart þessum tilmælum mínum. Mér virðist, að ekki muni þurfa öllu lengri tíma til undirbúnings um atkvgr. um þessi tilmæli mín. Ég vil því vænta þess, að hæstv. forseti láti það koma sem allra fyrst til atkv. á sameinuðum þingfundi, hvort eigi að bæta við í n. eða ekki.

Forseti (JBald): Mér er kunnugt um, að stjórnarflokkarnir hafa ekki gert endanlega ákvörðun um þetta. Og þess vegna verður ekki hægt að taka þetta til atkvgr. nú. **(HannJ:** Hvenær mundi það verða hægt?). Forseti ræður ekki einn um það, en ég get vikið því til flokkanna, að þeir hraði ákvörðun um þetta.

Á 21. og 22. fundi í Sþ., 9. maí, var tekin á dagskrá

kosning 7 varamanna í utanríkismálanefnd samkv. 10. gr. l. frá 10. apríl 1936, um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Hannes Jónsson: Snemma á þessu þingi bar ég fram þá ósk, að Bændafl. fengi þátttöku í nefnd þessari. Flokkar stjórnarinnar voru þá ekki reiðubúnir að svara þessu. Nú er þingið á þrotum og ég vænti þess, að svar þeirra sé reiðubúið.

Forseti (JBald): Mér er kunnugt um, að flokkarnir hafa ekki fallizt á þetta.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru ÁÁ, EmJ, á B-lista PZ, GG, og á C-lista GÞ, JakM, MG. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr. alþingismennirnir

Garðar Þorsteinsson,
Páll Zóphóníasson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Jakob Möller,
Gísli Guðmundsson,
Magnús Guðmundsson,
Emil Jónsson.

6. Eftirlitsráð með opinberum rekstri.

Á 23. fundi í Sþ., 9. maí, utan dagskrár mælti

Jakob Möller: Ég vil leyfa mér að fara þess á leit f. h. Sjálfstfl., að flokknum gefist kostur á að skipta um fulltrúa í rekstrarráði 2. flokks samkv. lögum um eftirlit með opinberum rekstri. Vænti ég, að hæstv. forseti vilji leita samþykkis til þeirra afbrigða frá þingsköpum, sem til þess þarf, að kosning geti farið fram á þessum fundi. Ég lít svo á, að sjálfsagt sé, að Sjálfstfl. fái að skipa í það sæti, sem losnar, er ég nú afhendi þetta veglega starf í hendur þingsins.

Forseti (JBald): Samkv. beiðni hv. 3. þm. Reykv. mun ég leita samþykkis þingsins til þess að taka inn á dagskrá þessa fundar kosningu eins fulltrúa á rekstrarráð 2. flokks samkv. l. um eftirlit með opinberum rekstri.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv. og kosningin tekin á dagskrá fundarins sem 13. mál.

Síðar á fundinum var svo tekin til meðferðar **kosning eins manns til ársloka 1937 í rekstrarráð 2. flokks samkv. l. um eftirlit með opinberum rekstri, nr. 31 9. jan. 1935.**

Kosningu hlaut, samkv. þeirri einu uppástungu, sem fram kom,

Jóhann Ólafsson stórkaupmaður.

VIII. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna á kostnað Alþingis skyldu vera þeim takmörkunum bundin, að hámarkseyðsla hvers þingmanns færi ekki fram úr 150 kr. alls um þingtímann. Jafnframt væri þó ákveðið að krefjast ekki endurgreiðslu af einstökum þingmönnum, þeim sem lengst ættu að eða væru þingmenn hinna fjarlægustu kjördæma og hæst yrðu því að greiða fyrir hvert viðtalsbil, þó að símanot þeirra færu nokkuð fram úr þessu hámarki.

IX. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Lárus H. Blöndal, Svanhildur Þorsteinsdóttir. Theodóra Thoroddsen.[1])

Skjalavarzla og afgreiðsla:

Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:

Pétrína Jónsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskriftir:

Teknir strax: Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Jóhann Hjörleifsson, Kristinn Sigmundsson, Ólafur Tryggvason, Ólafur H. Kristjánsson, Guðrún Sigurðardóttir, Björn Franzson, Björn Haraldsson, Þórólfur Sigurðsson.

Teknir síðar eftir þörfum: Hermann Guðbrandsson, Jón Simonarson, Magnús Ásgeirsson, Pétur Jónsson, Guðjón B. Baldvinsson, Kristján Thorlacius.[2])

Dyra- og pallavarzla:

Jakob Jónsson, Sigurður Marteinsson, Hjálmtýr Sigurðsson, Jón Bjarnason, Ágúst Jóhannsson.

Símavarzla:

Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Fatagæzla:

Hulda Runólfsdóttir, Ragna Þorvarðsdóttir, Vigdís Torfadóttir.

Þingsveinastörf:

Ólafur Haukur Flygenring, Snorri R. Gunnarsson, Lárus Björnsson, Pálmi Möller, Friðrik Jónsson, Gestur Þorgrímsson, Egill Hjörvar.

X. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 71. fundi í Ed., 9. maí, mælti

forseti (EÁrna): Þá er lokið störfum d. á þessu þingi, og nú þegar við erum að skilja og ljúka samstarfinu að þessu sinni, þá finn ég sérstaka ástæðu til að þakka hv. dm. fyrir góða samvinnu á þessu þingi. Mér er þetta sérstök ánægja vegna þess, að samvinna hefir verið með afbrigðum góð í þessari d., og ég vildi óska, að svo yrði lengur, því að þá munu málin ljúkast vel.

Ég vil óska öllum hv. dm., sem leggja af stað heim til sín og heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar ferðar og heimkomu, og öllum hv. dm. þakka ég fyrir samveruna og óska þeim í framtíðinni árs og friðar.

Jónas Jónsson: Ég vildi leyfa mér sem einu af dm. að þakka hæstv. forseta fyrir sína vinnu með okkur í vetur. Ég hygg, að það mundi vera heillavænlegt fyrir Alþ. í framtíðinni, ef jafnákjósanleg sambúð væri milli forseta og dm. eins og verið hefir á þessu þingi. Ég óska honum svo góðrar heimferðar. **(Forseti:** Ég þakka).

1) Skömmu síðar var Björgvin Magnússon einnig ráðinn til prófarkalestrar.

2) Í veikindaforföllum þriggja innanþingsskrifara var síðar ráðinn Kristmundur Þorleifsson.

b. Í neðri deild.

Á 71. fundi í Nd., 9. maí, mælti

forseti (JörB): Þetta er síðasti fundur þessarar d. að þessu sinni. Hæstv. forseti Sþ. mun rekja sögu og afgreiðslu mála, og tel ég því óþarft að víkja nokkuð að því.

Ég vil þakka hv. þdm. fyrir einkar góða samvinnu og óska þeim allrar blessunar; utanbæjarþm. óska ég góðrar ferðar og heimkomu.

Thor Thors: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir röggsamlega og óhlutdræga fundarstjórn.

Forseti (JörB): Ég vil þakka hv. þm. Snæf. fyrir einkar hlýleg orð í minn garð og árna honum allra heilla.

XI. Þinglausnir.

Á 24. og síðasta fundi í Sþ., 9. maí, mælti

forseti (JBald): Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf Alþingis að þessu sinni.

Þingið hefir staðið frá 15. febr. til 9. maí, eða **samtals 85 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

í neðri deild	71
- efri deild	71
- sameinuðu þingi	24
Alls	166 þingfundir

Þá er yfirlit yfir úrslit þingmála og hversu með þau hefir verið farið:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. lögð fyrir neðri deild	3		
b. — — efri deild	2		
c. — — sameinað þing	3		
		—	8
2. Þingmannafrumvörp:			
a. borin fram í neðri deild	80		
b. borin fram í efri deild	26		
		—	106
			114
Þar af:			
a. Afgreidd sem lög			
stjórnarfrumvörp	8		
þingmannafrumvörp	47		
		— alls	55 **lög**
b. Fellt			
þingmannafrumvarp			1
c. Afgr. með rökst. dagskrá			
þingmannafrumvörp			2
d. Vísað til stjórnarinnar			
þingmannafrumvarpi			1
e. Ekki útrædd			
þingmannafrumvörp			55
			114

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í neðri deild	7		
b. borin fram í efri deild	1		
c. bornar fram í samein. þingi	16		
		—	24
Þar af:			
a. Þingsályktanir:			
1. ályktanir Alþingis	7		
2. ályktanir neðri deildar	2		
3. ályktun efri deildar	1		
		— alls	10 **þál.**
b. afgr. með rökst. dagskrá			1
c. vísað til stjórnarinnar			1
d. tekin aftur			1
e. ekki útræddar			11
			24

III. Fyrirspurnir:

Bornar fram í neðri deild	2
Annari þeirra var svarað.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	140

Þetta Alþingi, sem nú er að ljúka störfum, er hið fimmtugasta síðan Alþingi fékk löggjafarvald árið 1874, en hið sextugasta og fimmta síðan Alþingi var endurreist.

Það er eðlilegt, að eigi sé gert neitt sérstakt til þess að minnast þessara tímamóta í sögu Alþingis, þegar vér erum nýbúnir að halda hátíðlegt þúsund ára afmæli þess. Vert er þó að minnast þess, að á þeim fimmtíu löggjafarþingum, sem háð hafa verið síðan 1874, hefir verið lagður grundvöllur hinna mörgu og merkilegu framfara í atvinnu- og menningarmálum þjóðarinnar, er síðan hafa orðið. Eftir því, sem útlenda valdið missti tökin á íslenzkum málefnum fyrir eindregna baráttu hinna ágætustu manna, eftir því varð þjóðinni meira gagn að löggjafarvaldinu.

Vér alþingismenn getum eigi óskað annars en að hin virðulega og gamla stofnun Alþingi megi verða sverð og skjöldur þjóðarinnar í sókn til nýrra framkvæmda og í vörn gegn erfiðleikum þeim, sem að okkur steðja, og að því takist, eins og því hefir tekizt á síðastliðnum fimmtíu löggjafarþingum, að búa svo í haginn fyrir þjóðina, að hún á erfiðleikatímum geti varizt áföllum og í hinum bjartari tímum geti sótt fram til nýrra dáða fyrir land og lýð.

Vér höfum á þessu þingi afgreitt ýms merkileg lög, en starf þingsins hefir þó aðallega mótazt af því að reisa skorður við hinum ískyggilegu örðugleikum, sem að þjóðinni steðja, bæði að utan og innan.

Vér vonum, að störf Alþingis megi ná þeim tilgangi sínum að verða þjóðinni til gagns og farsældar.

Ég óska alþingismönnum, sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar ferðar og farsællegrar heimkomu og öllum alþingismönnum, að vér megum hittast heilir á næsta Alþingi.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil leyfa mér í nafni okkar þingmanna að þakka hæstv. forseta fyrir góða samvinnu og ágæta fundar-

stjórn, og vil biðja alþingismenn að taka undir það með mér með því að standa upp.

Allur þingheimur stóð upp.

Þá las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að segja Alþingi slitið. Síðan mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Það eru nú liðin 1006 ár síðan Alþingi Íslendinga var stofnað, og þetta er fimmtugasta löggjafarþingið síðan Alþingi var endurreist. Ég leyfi mér í umboði konungs og í hans nafni að segja Alþingi slitið. Ég vil biðja alþingismenn að minnast ættjarðar vorrar, Íslands, og svo konungs vors, með því að rísa úr sætum sínum.

Allur þingheimur stóð upp.

Var síðan af þingi gengið.

Viðauki.

[Þegar lokið var að mestu prentun B-deildar, kom það í ljós, að fallið hafði niður svarræða fjármálaráðherra við útvarpsumræður um fjárlagafrumv. við fyrri hluta 1. umr. 19. febr. Ræðuhandritið hafði misfarizt og aldrei borizt skrifstofunni, en þingskrifari sá, er hlut átti að máli, átti frumrit sitt að ræðunni, og er hún því prentuð hér aftan við B-deild. – Ræðan á að koma næst á eftir ræðu 10. landsk. þm., sem endar á 46. dálki.]

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hefi ekki nema 15 mínútna ræðutíma og get því ekki svarað nema litlu af því, sem fram hefir komið í ræðum hv. stjórnarandstæðinga. Ég ætla að byrja á að svara nokkrum atriðum í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 10. landsk. Hann valdi sér það hlutskipti, sem honum var líkast, að flytja eina þá óheiðarlegustu ræðu, sem ég hefi heyrt fram koma innan þessara veggja. Hv. þm. vildi láta líta svo út og var að læða um það dylgjum til útvarpshlustenda, að aðstaðan til áfengismálanna skipti stefnum á milli stjórnmálaflokkanna í landinu, — að stjórnarflokkarnir hefðu innleitt sterku drykkina í landið og vildu ausa brennivíni til almennings, en andstöðuflokkar stjórnarinnar hefðu verið því andvígir. Ég hygg, að það verði tæplega lengra komizt í flátt skap í málaflutningi en hér er gert.

Eins og allir vita, þá voru bannlögin afnumin samkv. þjóðaratkvæðagreiðslu og sterku drykkjunum veitt inn í landið. Og hafi sá meiri hl. kjósenda, sem ákvað að gera þetta, tilheyrt einhverri sérstakri pólitískri stefnu annari fremur, þá hefir hann að miklu leyti verið skipaður úr andstöðuflokkum stjórnarinnar. Mér er ekki heldur kunnugt um, að hv. 10. landsk. hafi, þegar hann var í stjórninni, kligjað við að taka á móti tekjum af ágóða áfengiseinkasölunnar, heldur þvert á móti, þó að hann fyllist nú heilagri vandlætingu og ætli næstum því að tapa sér af reiði og öfundsýki út af því, að fjárhagsútkoma ríkissjóðs skuli þó vera eins góð og ég lýsti eftir síðastl. ár.

Þá fjasaði hv. þm. mikið um það, að fjárlagafrv. væri nú stórum hærra en áður. En af hverju stafar það? Vill hv. þm. halda því fram, að það sé vegna aukinnar eyðslu við rekstur ríkisins, og að framlög til verklegra framkvæmda séu nú minni en áður, þegar hann var í stjórninni? Hann var eitthvað að dylgja um, að framlög til verklegra framkvæmda væru nú lækkuð í þessu fjárlagafrv. Þannig er málflutningur þeirra manna, sem byggjast að fleyta sér á blekkingunum.

Í fyrri hluta ræðu sinnar réðst hv. þm. á stjórnina fyrir það, að í fjárlagafrv. væru lækkuð framlög til verklegra framkvæmda, en síðar í ræðu sinni ásakar hann stjórnina fyrir, að hún hafi ekki lækkað útgjöld ríkissjóðs. En hvaða gjaldaliði vill hv. þm. lækka? Hann hefir ekki getað bent á nokkurn lið í útgjöldum ríkissjóðs, sem fært væri að lækka. — Andstöðuflokkar stj. hafa aldrei borið fram nýtilega till. um lækkun á beinum rekstrarkostnaði ríkisins. Ágreiningurinn er ekki um það, hvort fé ríkissjóðs skuli varið í sukk og óþarfa, heldur um hitt, hversu mikið skuli veitt til verklegra framkvæmda.

Hv. 10. landsk. sagði — og lagði áherzlu á orðin —, að ríkisstj. hefði tekizt að „skriða yfir metið". En af hverju eru útgjöld fjárlagafrv. hærri nú en á síðustu fjárl.? Meðal annars og einkum fyrir það, að þessi hv. þm. tók, þegar hann var í stjórninni, stórlán til akvega og brúagerða, án þess að fyrir því væri séð, hvernig þau yrðu greidd. Vegna afborgana af þessum lánum varð eigi hjá því komizt að hækka útgjaldaáætlunina. Á fjárlagafrv. hefir því orðið að áætla 230 þús. krónur til afborgunar á þessum lánum, en þeirri upphæð hefði annars mátt bæta við framlög til verklegra framkvæmda, ef hv. 10. landsk. hefði ekki verið búinn að taka þessi lán. Og svo leyfir þessi hv. þm. sér að koma hér fram með ásakanir til stj. fyrir það, að hún skuli gera ráðstafanir til að greiða þær skuldir, sem hann hafði sjálfur til stofnað sem ráðherra.

Þá var hv. þm. V.-Húnv. að finna að fjárlagafrv. og saknaði þar m. a. 3000 kr. tillags til Vesturhópsvegar. Ég býst ekki við, að hv. þm. verði nein skotaskuld að bæta úr því; hann hefir áður gert „kontant"-verzlun við sósíalista um þann veg, og geri ég ráð fyrir, að hann vilji ekki fyrir sér að reyna það aftur.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Skagf. Hann hélt því fram, að hækkun sú, sem orðið hefir á tekju- og eignarskattinum, kæmi eingöngu niður á atvinnuvegunum, En þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. Ágreiningurinn á milli flokkanna í skattamálum er um það, að hve miklu leyti eigi að afla ríkissjóði tekna með beinum sköttum og hvernig beri að leggja þá á skattþegna ríkisins. Ég álít, að stefna stjórnarflokkanna í því efni sé heppilegri fyrir framleiðendur í landinu heldur en stefna stjórnarandstæðinga.

Hv. þm. sagði, að skattahækkunin kæmi öll að lokum niður á framleiðslunni; en það er ekkert annað en blekking. Skattar koma niður á öllum landsmönnum yfirleitt, og ekki síður á þá, sem búa í kaupstöðum, en hina, sem í sveitum búa. Eða dettur nokkrum manni í hug, að hækkunin á tekjuskattinum, sem lendir einkum á launamönnunum í landinu, komi tilfinn-

anlega niður á bændum? Það er algerlega rangt hjá hv. þm., að hækkun tekjuskattsins komi niður á framleiðendum, eins og högum þeirra er nú háttað hér á landi.

Þá talaði hv. 1. þm. Skagf. um það, að útgjaldahlið fjárl. færi sífellt hækkandi. En það var mjög eftirtektarvert, að hann gekk algerlega framhjá þeim upplýsingum, sem ég gaf til samanburðar um meðaltal á niðurstöðum landsreikninganna og áætlun fjárlaga síðastl. 5 ár. En samkv. þeim samanburði er gjaldaáætlun fjárlagafrv. ekki hærri en útgjöldin hafa orðið til jafnaðar á þessum árum. Hv. þm. sneiðir algerlega hjá þessu, en ber þetta fjárlagafrv. hinsvegar saman við fjárlagafrumvörp fyrri ára. Slíkur samanburður á engan rétt á sér, því að í fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1936 og 1937 eru hinar ólögbundnu greiðslur ríkissjóðs áreiðanlega ríflegar áætlaðar og nær því raunverulega en áður tíðkaðist. Og það verða mér mikil vonbrigði, ef mismunur á fjárlögum og landsreikningi reynist ekki til muna minni nú en áður. Ég vil því skjóta því til hv. þm., að hann láti þennan samanburð sinn bíða þangað til reynslan hefir skorið úr í þessu efni. Annars legg ég ekki mikið upp úr því, sem hv. þm. sagði um það, að útgjöld fjárlagafrv. væru áætluð 15,4 millj. kr., því að þar telur hann með 1 millj. kr. rekstrarhagnað, sem færður er með gjöldum. Meðan hv. þm. vandar ekki málflutning sinn betur en svo, að hann álítur það boðlegt útvarpshlustendum að telja rekstrarhagnaðinn á fjárlagafrv. 1937 með útgjöldum, þá getur hann ekki vænzt þess að vera tekinn alvarlega af þeim, sem hafa lesið frv.

Hv. þm. talaði mikið um, að starf innflutnings- og gjaldeyrisnefndar hefði ekki borið mikinn árangur, þar sem vöruinnflutningur á árinu 1935 hefði orðið nokkru meiri en 1932. Það er að vísu rétt, að innflutningurinn var meiri síðastl. ár, en það raskar ekki því, sem ég hefi haldið fram, að árangur innflutningshaftanna síðastl. ár var góður. Það er ekki sanngjarnt að bera saman vöruinnflutninginn 1935 og 1932, vegna þess að í ársbyrjun 1932 voru margfalt meiri vörubirgðir í landinu heldur en í ársbyrjun 1935. Af þeirri ástæðu var miklu auðveldara að draga úr innflutningnum 1932. — Í öðru lagi verður að benda á það, sem síðar gefst kostur á að upplýsa nánar, að innflutningur á vélum til iðnaðar og atvinnufyrirtækja og byggingarefni hefir farið ört vaxandi síðan 1932. Þess vegna þurfti nú miklu meira átak til þess að halda vöruinnflutningnum niðri síðastl. ár til jafns við það, sem hann var 1932 og 1933. Auk þess er vöruverðið á erlendum markaði hærra nú en þá, m. a. af því, að við erum nú neyddir með samningum til þess að kaupa vörur frá Miðjarðarhafslöndunum með óhagstæðum kjörum.

Þá vildi hv. 1. þm. Skagf. færast undan því að bera ábyrgð á afkomu ársins 1934, og hélt því fram, að núv. stjórn bæri ábyrgð á því ári. Ég ætla ekki að fara langt út í að svara honum nú, en ég vil þó benda á, að þetta er ekki rétt. Þó að núv. stjórn, eins og ég sýndi fram á í síðustu fjárlagaræðu minni, beri ábyrgð á vissum liðum landsreikningsins 1934, raskar það í engu því, sem ég sagði áðan. Það er vitanlegt, að í byrjun árs eru jafnan ráðin þau ráð, sem mest áhrif hafa á fjárhagsafkomu ársins. Ég held, að engum hafi dottið í hug að neita því, að íhaldsstjórnin hafi borið ábyrgð á fjárhag ríkisins árið 1927. — Að vísu legg ég ekki mikið kapp á að þræta um þetta, en vil aðeins benda á, að það er rétt að gera samanburð við árið 1934. Þá sést, hvernig fjárhagsafkoman og viðskiptajöfnuðurinn var í ársbyrjun 1935, og hversu miklu hefir verið áorkað um takmörkun innflutnings á því ári.